Fornleifaskráning í Flóahreppi

Áfangaskýrsla I



Ritstjóri: Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Höfundar efnis: Ágústa Edwald, Orri Vésteinsson og Ragnheiður Gló Gylfadóttir

FS444-07171

Fornleifastofnun Íslands

Reykjavík

2010

Forsíðumyndin er af Mómýri ÁR-059:019 í landi Laugardæla.

© Fornleifastofnun Íslands 2010
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

1. INNGANGUR 4

2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF 6

3. FORNLEIFASKRÁ 8

ÁR-039 Hraungerði 10
ÁR-040 Móakot 38
ÁR-041 Heimaland 39
ÁR-042 Starkarhús 40
ÁR-043 Lambastaðir 41
ÁR-044 Skeggjastaðir 44
ÁR-045 Bollastaðir 48
ÁR-046 Langstaðir 51
ÁR-047 Voli 54
ÁR-048 Hellir [Miklaholtshellir] 57
ÁR-049 Imbutópt 61
ÁR-050 Lækur 62
ÁR-051 Bár 67
ÁR-052 Arnarstaðir 71
ÁR-053 Arnarstaðakot 79
ÁR-054 Krókur 84
ÁR-055 Krókskot 92
ÁR-056 Tún 95
ÁR-057 Sölvholt 105
ÁR-058 Glóra 116
ÁR-059 Laugardælir 121
ÁR-060 Reykjavellir 137
ÁR-061 Þorleifskot 142
ÁR-062 Ósgerði 145
ÁR-063 Uppsalir 147
ÁR-064 Svarfhóll 153
ÁR-065 Stóra Ármót (Ármót) 156
ÁR-066 Litla Ármót (Minna Ármót) 167
ÁR-067 Halakot 173
ÁR-068 Langholt 176
ÁR-070 Lángholts-Partur 192
ÁR-071 Oddgeirshólar 198
ÁR-072 Höfði 209
ÁR-073 Austurkot 211
ÁR-621 fornleifar á fleiri en einni jörð 215

4. FORNLEIFAR OG BYGGÐ 219

Byggð í gamla Hraungerðishrepp 219
Bæjarhólar, bæjarstæði og býli 222
Kirkjur, bænhús, kuml og legstaðir 227
Útihús 228
Tún- og kálgarðar 231
Mannvirki í úthögum tengd sauðfjárrækt 235
Landamerki 241
Mógrafir og torfrista 242
Samgönguminjar 244
Þjóðsögur, álagablettir og huldufólksbústaðir 247
Aðrar minjar 248

5. VERNDUN OG KYNNING MINJA Á SKRÁNINGARSVÆÐINU 249

HEIMILDIR 255

VIÐAUKI 1: HNITASKÁ Í ISN93 259

VIÐAUKI II: MINJAKORT 267

1. Inngangur

Árið 2007 gerðu Fornleifastofnun Íslands ses og Flóahreppur[1] samning um svæðis- og aðalskráningu í sveitarfélaginu á næstu árum. Svæðisskráningu lauk í árslok 2007 og sumarið 2008 hófst svo fyrsti áfangi af níu í aðalskráningu fornleifa á svæðinu. Heimildaúttekt leiddi í ljós að í sveitarfélaginu leynast að líkindum um 2700 fornleifar. Samningur kveður á um að um að um 300 fornleifar verði skráðar á vettvangi ár hvert og samkvæmt því ætti vettvangsskráningu í sveitarfélaginu öllu að ljúka árið 2016. Stefnt er á að gefa út 5 skýrslur um skráninguna, þ.e. að skýrslur fyrir hverja tvo áfanga verði útgefnar annað hvert ár. Þessi skýrsla er sú fyrsta í röðinni og er hún niðurstöður vettvangsvinnu áranna 2008-2009 er skráðar voru 618 fornleifar í hreppnum. Svæðið sem var skráð tilheyrði áður gamla Hraungerðishrepp. Skráningarsvæðið náði frá mörkum sveitafélagsins Árborgar, frá Ölfusá og Hvítá til norðurs og vesturs og suður fyrir þjóðveg 1. Til austurs var numið staðar við þau lögbýli sem áður tilheyrðu Hraungerði. Samtals voru skráð 35 lögbýli og 618 fornleifar eða að meðaltali h.u.b. 17 fornleifar á jörð.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt eins og aðrar skýrslur Fornleifastofnunar um fornleifaskráningu. Í skýrslunni er fyrst sagt í stuttu máli frá löggjöf um minjavernd og sögu fornleifaskráningar (2. kafli) og í kjölfarið fylgir ítarleg skrá yfir fornleifar (3. kafli). Í henni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á *Jarðatali Johnsens* frá 1847. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er annars vegar gert grein fyrir því hvenær jarðanna var getið fyrst í heimildum og í hvaða fornritum öðrum þeirra er getið, auk þess sem fjallað er um afbýli, hjáleigur, bænhús og kirkjur ef einhver eru, til að varpa ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Hins vegar er fjallað um landslag á jörðunum, gróðurfar og túnasléttun og aðra þætti sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er fjallað sérstaklega um hvern minjastað, sagt frá staðsetningu minjanna og aðstæðum og þeim lýst. Í 4. kafla eru samantektir um helstu minjaflokka. Að lokum eru svo helstu niðurstöður skráningarinnar dregnar saman og settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á því svæði sem skráð hefur verið (5. kafli). Aftast í skýrslunni eru fornleifakort sem sýna dreifingu minjastaðanna.

Við skráningu var farið á allar jarðirnar, rætt við staðkunnuga og gengið á alla þekkta minjastaði. Á hverjum minjastað var staðháttum lýst, gefnar leiðbeiningar um hvar staðinn var að finna og minjum lýst. Þar sem tóftir eða önnur mannvirki var að finna voru þær teiknaðar

[1] Flóahreppur er sameinað sveitarfélag Hraungerðis- Gaulverjabæjar- og Villingaholtshrepps.

upp og af þeim teknar myndir. Ástand allra minjastaðanna var metið og sömuleiðis hvort þeir teldust í hættu, og þá hvers vegna. Allir staðsettir minjastaðir voru hnitsettir og merktir inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf sem Flóahreppur lagði til.

Ágústa Edwald gerði svæðisskráningu (heimildakönnun) fyrir Flóahrepp veturinn 2007-2008. Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Ágústa Edwald unnu vettvangsskráningu sumarið 2008 en Ragnheiður Gló Gylfadóttir skráði minjar sumarið 2009. Orri Vésteinsson hafði áður skráð kirkjur og bænhús á svæðinu, þ.e. á Oddgeirshólum, Laugardælum, Langholti og Hraungerði. Skrásetjarar vilja koma á framfæri þökkum til heimildamanna sinna fyrir dygga aðstoð og hlýjar móttökur.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja …“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 13. gr. Þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er… Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.


Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætta á að áður óþekktar minjar finnist við jarðrask

3. Fornleifaskrá

Sumrin 2008-2009 voru skráðir 607 minjastaðir á 35 lögbýlum í Flóahreppi auk 11 minjastaða sem ekki tilheyra einstökum jörðum heldur flokkast sem fornleifar á fleiri en einni jörð.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra.[2] Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-191:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur sjálf fornleifaskráin þar sem upplýsingar er að finna um allar þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund.



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar


[2] Gott dæmi er jörðin Hraungerði og hjáleigur hennar. Það var ekki fyrr en um 1930-40 sem jörðinni var skipt upp og hjáleigurnar fengu land til eingar. Því falla allar minjarnar utan heimatúna ennþá undir Hraungerði.

en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Byggt á túnakortum frá 1906 og 1918

1708, jarðadýrleiki óviss, Skálholtsstaðareign. Kirkjustaður sem var annecteraður með Laugardælum og Oddgeirshólum. JÁM II, 133.

Jarðarinnar er getið í Landnámu: "Bræðr tveir bjöggu í landnámi þeira Finns ok Orms, Hróðgeirr enn spaki í Saurbæ, en Oddgeirr at Leirá ... Þeir Hróðgeirr bræðr námu sían lönd í Flóa, Hraungerðingahrepp: bjó Hróðgeirr í Hraungerði, en Oddgeirr í Oddgeirshólum" ÍF I, 68. Jarðarinnar er einnig getið í Hungurvöku: "Ísleifur kom svá til Íslands ... hann kvángaðist Döllu Þorvaldsdóttur ór Ási. Þau gátu þrjá sonu ... Þriðji hét Þorvaldr, er bjó í Hraungerði, mikill höfðingi." Bysk. GJ, I, 3 og í Árna sögu byskups, Bysk. GJ, I, 390. Hennar er getið í dómi frá 1459, DI V, 187 og í sölubréfum Oddgeirshóla frá 1463, DI V, 388 og 1466, 467-8. Árið 1470 færði Ólöf Loptsdóttir Sigðurði Jónsyni jörðina Mosfell í Kjalarnesþingi og fær í staðinn Hraungerði í Flóa, DI V, 583. Jarðarinnar er einnig getið í skiptabréfi Ólafar Loptsdóttur frá 1480, DI VI, 255 og í kaupbréfi nokkurra jarða,

m.a. Langholts, frá 1502, DI VII, 623. Þá er hennar getið í dómi frá 1528, DI IX, 474 og í sölubréfi Ölvaðsholts frá 1546, DI XI, 455 og í kærubréfi þriggja klera um kærur séra Þórðar Pálssonar frá sama ári, DI XI, 456. Jarðarinnar er einnig getið í dómi um fjallaskil Flóa og Skeiða frá 1567, DI XIV, 627 og í jarðaskiptabréfi vegna Gneistastaða frá 1567, DI XV, 33. Hjáleigur 1708: Hellir [Ár-048] þá í byggð, Skeggjastaðir [Ár-044] þá í byggð, Lambastaðir [Ár-043] þá í byggð, Starkarhús [Ár-042], þá í byggð, Voli [Ár-047] í byggð, Lángstaðir [Ár-046] þá í byggð, Bollastaðir [Ár-045] þá í byggð, Heimaland [Ár-041] þá í eyði frá um 1703 og að síðustu Móakot [ÁR-040] sem var í eyði frá um 1690. Hjáleigur Hraungerðis 1847 voru Móakot [Ár-040], Heimaland [ÁR-041], Starkarhús [Ár-042], Lambastaðir [Ár-043], Skeggjastaðir [Ár-044], Bollastaðir [Ár-045], Lángstaðir [Ár-046], Voli [Ár-047], Hellir [Ár-048], Imbutópt [Ár-049]. Jarðarinnar er getið á nokkrum stöðum í fornritum vegna kirkjunar á bænum 1382-91: ä halfa heimajord. Þangad liggia .xvij. bæer ad tyunumm oc lysitollumm oc groptur ad auk vr Hialmhollti. Oddgeirsholum oc Reykium. portio Ecclesiæ vmm .xx. är .xc. Jtem eitt hundrad fornt. fiell aptur firir halld aa kirkiu .vjc. olukt .vc. Þar er tveggia presta skylld.1397: Hun a ad auk Þess er maldagi Herra Michels vottar [kvikfé og ornamenti] portio Ecclesiæ vmm .x. är næstu .v. hundrud oc .x. aurar oc .v. hundrat forn; Máld DI IV 52-53
[1491-1518]: Máld DI VII, 44. [um 1500]: Máld DI VII, 453. [1553-54]: Máld DI XII 659. 1575: Máld DI XV 654. 1754: Sýslumaður Brynjólfur Sigurðsson lét gjöra kirkju í Hjálmholti í Flóa, en Oddgeirshólakirkja var lögð af, Hraungerði beneficium og prestssetur framvegis, en Laugardælir stólsjörð. Ölfusvatnsannáll IA IV, 372.
1708: "Enginu grandar vatn, sem jetur úr grasrótina. Engið spillist og af Hróarsholtslæk, sem ber uppá sand, leir og ókárindi, og so blæs það upp sumstaðar í hrjóstur," JÁM II, 133
1918: "Tún: 8.83 ha. Túnmói 1.78 [samasem] 10.61 ha. sljett ca. 60% girt með gaddavír. Matjurtagarðar. 15.29 arar" Túnakort 1918.

ÁR-039:001 *Hraungerði* bæjarhóll bústaður 63°56.921N 20°49.355V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 voru átta hús á bæjarhól Hraungerðis. Kirkjan stendur nú í suðausturhorni bæjarhólsins en núverandi íbúðarhús er vestan við hann. Vel sér enn fyrir gamla bæjarstæðinu norðan við það. Sagnir eru um að bærinn hafi hugsanlega staðið á öðrum stað á fyrri öldum (sjá 065).
Vegur liggur yfir hólinn endilangan en að öðru leyti er hann grasi gróinn. Mjög bratt niður til norðurs og er hóllinn þar um 4-5 m hár. Mun meira aflíðandi til suðurs.
Grundvöllur gamla bæjarhólsins er 45x15 m stór og sést hann vel - grónar hleðslur um 1 m háar eru enn þar sem framhlið bæjarins var. Húsaskipun sést þó ekki enda bæjarstæðið sléttað að ofan. Gámur hefur verið grafinn inn í austurenda hólsins og er það eina jarðraskið sem hægt er að sjá á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918

ÁR-039:002 kirkjugarður kirkja 63°56.908N 20°49.335V
Hraungerðiskirkja: 1382-91: ä halfa heimajord
Þangad liggia .xvij. bæer ad tyunumm oc lysitollumm oc groptur ad auk vr Hialmhollti. Oddgeirsholum oc Reykium.
portio Ecclesiæ vmm .xx. är .xc.
Jtem eitt hundrad fornt. fiell aptur firir halld aa kirkiu .vjc. olukt .vc.
Þar er tveggia presta skylld.
1397: Hun a ad auk Þess er maldagi Herra Michels vottar [kvikfé og ornamenti]
portio Ecclesiæ vmm .x. är næstu .v. hundrud oc .x. aurar oc .v. hundrat forn; Máld DI IV 52-53
[1491-1518]: jordina hrygg I floa I hraungerdis kirkiusokn. Máld Snæfuglsstaða DI VII, 47
[1553-54]: Máld DI XII 659
1575: Máld DI XV 654
1754: Sýslumaður Brynjólfur Sigurðsson lét gjöra kirkju í Hjálmholti í Flóa, en Oddgeirshólakirkja var lögð af, Hraungerði beneficium og prestssetur framvegis, en Laugardælir stólsjörð. Ölfusvatnsannáll IA IV, 372. Kirkjugarður og kirkja eru merkt á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918 um 10 m sunnan við bæ 001.
Sléttaður kirkjugarður, í honum aðeins tvö grenitré.
Ein fornleifarannsókn hefur farið fram við Hraungerðiskirkju og stjórnaði Mjöll Snæsdóttir henni. Könnunin var gerð í janúar 1992 eftir að mannabein fundust við viðgerðir á undirstöðum norðurhliðar kirkjunnar. Við framkvæmdirnar voru grafnar átta holur og höfðu fundist mannabein í nokkrum þeirra. Kom í ljós að hér var um fornar kristnar grafir að ræða en ekki var hægt að staðfesta aldur þeirra nánar. Í einni holunni kom einnig fram torfhleðsla, líklega úr eldri kirkju. Svo virðist sem eldri kirkjur í Hraungerði hafi verið minni en núverandi kirkja og líklega staðið sama stað. Frekari rannsóknir þarf til að hægt sé að staðfesta frá hvaða tíma torfhleðslan er og hvenær kirkja var fyrst byggð á þessum stað. Núverandi kirkja var byggð árið 1902 og er 12 x 7 m að stærð. Nýlegur grjóthlaðinn kirkjugarðsveggur er að vestan og norðan en vírgirðing að sunnan og austan. Garðurinn

hefur líkast verið stækkaður til vesturs (við sáluhlið) og suðurs. Að minnsta kosti einn gamall legsteinn er við austurgafl, frá fyrri hluta 19. aldar. Kirkjan er á hlöðnum grunni.
Hættumat: hætta, vegna líkagraftar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918; DI IV, 52-53; DI VII, 47; DI XII, 659; DI XV, 654; IA IV, 372; MS: Athugun á kirkjugarði Hraungerðiskirkju í Hraungerðishreppi, í Árnessýslu.


ÁR-039:003 heimild um kálgarð 63°56.915N 20°49.359V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 var kálgarður um 10 m sunnan við bæ 001 og rúma 10 m norðvestan við kirkjugarð 002.
Malarvegur að kirkju 002, og steyptum útihúsum austan við hana, liggur þvert yfir áætlaða staðsetningu kálgarðsins. Malarplan fyrir kirkjugesti er einnig á svæðinu.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirboði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918

ÁR-039:004 heimild um traðir 63°56.913N 20°49.396V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 lá heimreið að bæ 001 úr vestri. Núverandi malarvegur að Hraungerði liggur á sama stað og heimreiðin gerði. Heimreiðin er sýnd um 150 m löng á túnakortinu.
Grasivaxin og slétt tún eru beggja vegna malarvegarins.
Engin ummerki heimreiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-039:005 tóft útihús 63°56.969N 20°49.391V



Mynd 1 Útihúsið horft til austurs



Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 var útihús tæpa 100 m NNV við bæ 001 og um 100 m norðan við kálgarð 003. Tóft hússins er enn merkjanleg í túninu.
Tóftin er í sléttu og grasivöxnu túni. Þýfður móa er til austurs og norðausturs.
Tóftin er 12 x 9 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er tvískipt og gerð úr torfi og grjóti. Hólf I er vestar, snýr austur-vestur og er 11 x 6 m að stærð. Inngangur er á miðri vesturhlið en ekki virðast vera op á milli hólfa. Grjóti hefur verið komið fyrir í innganginum eða það hrunið úr hleðslum. Veggirnir eru 0,7 m á hæð og sjást fimm umför af grjóthleðslum í þeim. Þeir eru að mestu grónir en víða glittir víða í grjót. Bæði hefur hrunið úr veggjum og þaki inn í hólfið. Hólf II er austar, er 2,5 x 3,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Inngangur er á miðri norðurhlið og veggirnir um 0,3 m á hæð. Eitt umfar af grjóthleðslum sést í þeim og ekki virðist hafa verið þak yfir því. Timburleifum og steypujárni hefur verið hrúgað inn í hólfið eftir að það féll úr notkun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-039:006 náma mógrafir 63°56.324N 20°52.730V



Mynd 2 Mógrafirnar horft til norðurs

Mógrafir eru um 700 m vestan við Langstaði 046:001 og um 3 km suðvestan við bæ 001. Mógrafasvæðið er skammt austan við landamerki Arnarstaðakots ÁR-053. Náttúrulegur hóll, um 2 m hár er norðvestan við mógrafirnar og má vera að mórinn hafi verið þurrkaður þar.
Mógrafirnar eru í þýfðum móa með blautum dælum.

Mógrafirnar eru á svæði sem er um 40 x 45 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Mógrafirnar eru um 0,5 m djúpar og blautar. Hér eru um 20 mógrafir sem flestar renna saman. Tvær stakar grafir sjást og eru þær um 2 x 1 m á stærð.
Hættumat: engin hætta

ÁR-039:007 heimild um útihús 63°56.751N 20°49.500V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 320 m sunnan við bæ 001 og tæpa 50 m vestan við Heimaland 042:001. Útihúsið er ekki merkt á túnakort frá 1918 og því líklega fallið úr notkun þá.
Þar sem útihúsið var er nú slétt og gróið tún. Líklegt er að tóftin hafi verið á náttúrulegum, lágum hól sem er þar að finna.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-039:008 heimild um útihús 63°56.755N 20°49.584V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús rúma 330 m suðvestan við bæ 001 og tæpa 70 m norðvestan við útihús 007. Það er nú horfið. Útihúsið er ekki merkt inn á túnakort frá 1918 og því líklega fallið úr notkun þá.
Þar sem útihúsið var er nú slétt og gróið tún. Líklegt er að tóftin hafi staðið á náttúrulegum hól á svæðinu og horfið við túnasléttun. Þar glittir í toppinn á nokkrum hleðslusteinum en ekki sjást skýrar hleðslur.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-039:009 heimild um útihús 63°56.852N 20°49.648V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna var útihús rúma 250 m vestan við bæ 001 og tæpa 120 m suðvestan við útihús 010. Vegur að Oddgeirshólum ÁR-071 er um 50 m til VNV. Líklegt er að útihúsið hafi horfið við túnasléttun. Það er ekki merkt inn á túnakort frá 1918 og því líklega fallið úr notkun þá.
Þar sem útihúsið var er nú slétt og grasivaxið tún. Þar eru einnig náttúrulegir hólar og dældir.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-039:010 heimild um útihús 63°56.904N 20°49.573V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús rúmum 180 m vestan við bæ 001 og rúmum 300 m norðvestan við útihús 007. Vegur að Hraungerði ÁR-039 er um 70 m til austurs og vegur að Oddgeirshólum ÁR-071 um 100 m til vesturs. Útihúsið er ekki merkt inn á túnakort frá 1918 og því líklega fallið úr notkun þá.
Þar sem útihúsið var er slétt og gróið tún. Útihúsið hefur líklega verið á lágum hól en horfið við túnasléttun.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-039:011 *Faxavarða* heimild um landamerki 63°57.336N 20°47.747V
"Í útnorður frá Hraungerði [001] er hóll einn stakur, er Álftaból heitir; hann er utasta mark á Sortanum, þaðan í austur í þúfu í Tittlingsholti, þaðan í helluna, sem stendur í Bleikholti þaðan í Föxuvörðu þaðan í Gráhellu, þaðan í fremra hornið á Skaufa í Miklaholti, svo beint yfir holtið í vörðu [040], sem stendur austan á því," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Bjarni Eiríksson, heimildamaður, kannaðist hvorki við örnefnið né vörðu á þessum slóðum. Föxur eru slægjulandið austan við aðalskurð Flóaáveitunnar og sunnan við Smalaskálaskurð. Föxur eru nú norðvestasti jarðarinnar Miklaholtshellis ÁR-048. Varðan var um 1,5 km norðaustan við bæ 001 og um 500 m austan við rennu 052.
Þar sem Föxuvarða var er nú blaut mýri með hraunhólum sem standa víða upp úr sverði. Mjög grunnt er niður á hraun.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 1

ÁR-039:012 heimild um landamerki 63°56.940N 20°45.572V

"Í útnorður frá Hraungerði [001] er hóll einn stakur, er Álftaból heitir; hann er utasta mark á Sortanum, þaðan í austur í þúfu í Tittlingsholti, þaðan í helluna, sem stendur í Bleikholti þaðan í Föxuvörðu [011] þaðan í Gráhellu, þaðan í fremra hornið á Skaufa í Miklaholti, svo beint yfir holtið í vörðu [040], sem stendur austan á því, Þaðan í Garðlagsvörðu [013] í mýrinni fyrir austan það, þaðan sjónhendingu í Vaðhelluna [014], þar sem Mókeldan fellur í Hróarsholtslæk," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Bjarni Eiríksson, heimildamaður, kannaðist ekki við garðlag á þessum slóðum né hafði heyrt um það talað. Garðlagið var tæpa 300 m austan við mógrafir 085 og um 3 km austan við bæ 001.
Þar sem garðlagið var er nú grasivaxin og þýfð mýri.
Engin ummerki garðlagsins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 1

ÁR-039:013 *Garðlagsvarða* heimild um landamerki 63°56.965N 20°45.602V
"Í útnorður frá Hraungerði [001] er hóll einn stakur, er Álftaból heitir; hann er utasta mark á Sortanum, þaðan í austur í þúfu í Tittlingsholti, þaðan í helluna, sem stendur í Bleikholti þaðan í Föxuvörðu [011] þaðan í Gráhellu, þaðan í fremra hornið á Skaufa í Miklaholti, svo beint yfir holtið í vörðu [040], sem stendur austan á því, Þaðan í Garðlagsvörðu í mýrinni fyrir austan það, þaðan sjónhendingu í Vaðhelluna [014], þar sem Mókeldan fellur í Hróarsholtslæk," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Bjarni Eiríksson, heimildamaður, kannaðist ekki við að varða hefði verið í mýrinni fyrir neðan Miklholtin eða örnefnið Garðlagsvörðu. Varðan var um 250 m ANA við mógrafir 085 og um 3 km austan við bæ 001.
Þar sem varðan var er nú grasivaxin og þýfð mýri.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 1

ÁR-039:014 *Vaðhella* örnefni vað 63°56.743N 20°45.557V


Mynd 3 Vaðhella horft til suðausturs

"Í útnorður frá Hraungerði [001] er hóll einn stakur, er Álftaból heitir; hann er utasta mark á Sortanum, þaðan í austur í þúfu í Tittlingsholti, þaðan í helluna, sem stendur í Bleikholti þaðan í Föxuvörðu [011] þaðan í Gráhellu, þaðan í fremra hornið á Skaufa í Miklaholti, svo beint yfir holtið í vörðu [040], sem stendur austan á því, Þaðan í Garðlagsvörðu [013] í mýrinni fyrir austan það, þaðan sjónhendingu í Vaðhelluna, þar sem Mókeldan fellur í Hróarsholtslæk," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Vaðhella er rúma 3,1 km ASA við bæ 001 og um 1,3 km austan við Neistastaðavað 024. Þjóðvegur 1 er fast norðan við Vaðhellu og brú yfir Mókeldu.
Brött brekka er beggja vegna við Hróarsholtslæk og Mókeldu. Svæðið er gróið fjölbreyttum gróðri.
Á svæðinu rennur Mókelda til suðurs en Hróarsholtslækur til vesturs. Báðir lækirnir ná svo langt sem augað eygir í báðar áttir. Hraunhella er í Mókeldu, um 5 m frá lækjarmörkunum, og gæti það verið umrædd Vaðhella. Mókelda er um 0,1 m á dýpt og 1 m á breidd þar. Þó verður að teljast líklegt að vaðhella hafi horfið við gerð þjóðvegar 1. Vaðið var m.a. notað á leiðum 621:001, 621:005 og 621:007.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 1


ÁR-039:015 heimild um landamerki 63°56.927N 20°52.557V
"Ræður svo lækurinn allt fram á móts við Berghól (í Hróarsholtslandi ÁR-028), þaðan sjónhending á Klofstein, þaðan í Strokkhól fyrir norðan Arnarstaðakot [ÁR-053], þaðan eftir vörðunum milli Króks [ÁR-054] og Bollastaða [ÁR-045] í Krossvörðu [016], og þaðan loks í Álftaból," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Vörðurnar milli Bollastaða og Króks sjást ekki lengur en Ólafur Guðjónsson, heimildamaður, man eftir þeim. Þær voru þá aðeins norðar en núverandi landamerki en hann mundi ekki hversu margar þær voru. Vörðurnar voru tæpa 400 m austan við Bollastaði 045:001 og rúma 2,6 km vestan við bæ 001.
Þar sem vörðurnar voru er þýfður og kjarrivaxinn mói. Skurður er nú á mörkum Bollastaða og Hraungerðis en engin ummerki um vörður sjást lengur.
Engin ummerki varðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 1

ÁR-039:016 *Krossvarða* heimild um landamerki 63°57.540N 20°52.046V
"Ræður svo lækurinn allt fram á móts við Berghól (í Hróarsholtslandi ÁR-028), þaðan sjónhending á Klofstein, þaðan í Strokkhól fyrir norðan Arnarstaðakot [ÁR-053], þaðan eftir vörðunum [015] milli Króks [ÁR-054] og Bollastaða [ÁR-045] í Krossvörðu, og þaðan loks í Álftaból," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Krossvarða var tæpa 2,5 km norðvestan við bæ 001 og tæpa 400 m norðan við Kúfhólavað 046. Smalaskálaskurður rennur nú á landamörkum Hraungerðis, Króks og Langholtsparts ÁR-
070, líklegt er að Krossvarða hafi horfið þegar Smalaskálalækur var ræstur fram við gerð Flóaáveitunnar milli 1920-1930. Smalaskálaskurður er á sama stað og Smalaskálalækur rann áður og fylgir farvegi hans. Skurður á mörkum Hraungerðis og Króks er fast til vesturs.
Þar sem Krossvarða var er þýfður móa og Smalaskálaskurður sem er um 2 m breiður og álíka djúpur.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 1

ÁR-039:017 *Borgarvik* örnefni fjárskýli 63°57.328N 20°49.638V
"Milli Tittlingsholts og Hraungerðisheiðar eru Heimalandsengjar; er þar nefnt Borgarvik dæl ein, er skerst inn í heiðina úr engjunum, en hóllinn þar hjá Borgarvikshóll," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Guðmundur Stefánsson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið Borgarvik. Hin örnefnin þekkti hann og hægt var að staðsetja Borgarvik út frá þeim. Borgarvik er tæpa 800 m norðan við bæ 001 og gata 621:011 er tæpa 250 m til suðausturs.
Á svæðinu er gróin hraunbrún Hraungerðisheiðar. Þar eru nokkrir grónir hraunhólar en ekki sést til mannvirkja á þeim. Fyrir vestan og norðan hraunbrúnina er nokkuð víðlend dæl. Ekki er hægt að geta sér til um hvaða hóll nákvæmlega er Borgarvikshóll.
Engin ummerki fjárborga sjást nú á þessum slóðum. Ekki er óhugsandi að tóft sú sem skráð er undir númerinu 063 gæti verið sú borg sem Borgarvik dregur nafn sitt af en ekkert er hægt að fullyrða um það án frekari rannsókna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 1

ÁR-039:018 *Bjarnatóft* tóftir óþekkt 63°56.971N 20°48.698V
"Fyrir sunnan þær [Föxur] er Föxuhóll, þar hjá er Kríuklettur, þar suðvestur af Móakotsengjar. Vestast í þeim er Bjarnatóft fyrir austan mýrina við Hraungerði," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Tóftirnar eru um 230 m






Mynd 4 Tóft A horft til norðurs og tóft B horft til austurs

suðaustan við mógrafir 041 og tæpa 550 m austan við bæ 001. Aðalskurður Flóaáveitunnar 621:014 er um 100 m til austurs.
Tóftirnar eru á náttúrulegum hól í þýfðum móa. Mýrarfláki er fyrir norðan þær en malarvellir koma víða uppúr sverði.
Bjarnatóft er á svæði sem er 30 x 20 m að stærð og snýr norður-suður. Á svæðinu eru tvær tóftir og garðlag sem fá bókstafi í lýsingu þessari til aðgreiningar. Tóft A er 10 x 5 m að stærð og snýr norður-
suður. Hún er þýfð, gróin og nokkuð sigin. Hún er tvískipt. Hólf 1 er nyrst í tóftinni, er 5 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,6 m háir og sést glitta í eitt umfar af grjóti í þeim. Að öðru leyti eru veggirnir grónir. Inngangur er á miðri norðurhlið en ekki er innangengt úr því í hólf II. Hólf II er er 5 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 1,3 m á hæð og sjást fimm umför af grjóti í þeim. Hólfið er mun greinilegra en hólf I. Inngangur er á miðri suðurhlið en hrunið hefur úr veggjum og þaki inn í hólfið. Tóft B snýr norður-suður, einföld og er 5 x 3 m að stærð. Tóftin er um 10 m suðvestan við tóft A og er mosavaxin. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og alveg grónir. Víða glittir þó í grjót án þess að hægt sé að greina skýrar hleðslur eða hversu mörg

umför hafa verið í veggjum. Inngangur er í norðvesturhorni tóftarinnar, á austurvegg. Tóft B er á sama náttúrulega hól og tóft A. Garðlag C er rúmum 10 m norðan við tóft A. Það snýr norður-suður og beygir síðan nánast í 90° til vesturs. Ekki mótar fyrir skýrum hleðslum í garðlaginu en víða glittir í grjót. Garðlagið er 0,4 m á hæð og þýft. Tilgangur tóftanna er óþekktur en líklegt að þetta hafi verið beitarhús eða stekkur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 1





Mynd 5 Grænatóft horft til norðurs

ÁR-039:019 *Grænatóft* tóft óþekkt
"Í landsuður af Bjarnatóft [018] er Grænatóft, þar í milli eru Skeggjastaðaengjar. Í þeim er Stóradæl, Hnausdæl og Álftadæl, í landnorður af henni eru Sauðatæftur [020]," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Í örnefnaskrá Hraungerðishrepps stendur: "Grænatóft heimri. Austur frá bænum, [044:001]". Að sögn Skeggja Gunnarssonar, heimildamanns, eiga báðar lýsingar við sömu tóft, þá er hér er skráð. Grænatóft er rúma 900 m austan við bæ 001 og um 430 m norðaustan við Skeggjastaði 044:001.
Tóftin er í grónum og smáþýfðum móa. Náttúrulegir hólar eru víða í móanum.
Tóftin er á um 3 m háum hól sem er um 20 m í þvermál. Tóftin er í suðurhluta hólsins og er 6 x 5 m að stærð. Hún snýr norður-suður og er tvískipt. Hólf I er vestar, er 4 x 3 m að að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,4 m á hæð, þýfðir og grónir. Það sést glitta í stein á einum stað í hólfinu. Það er opið til suðurs og inngangur hefur verið þar. Ekki virðist hafa verið innangengt á milli hólfa. Hólf II er 5 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólfið er opið til suðurs og veggirnir eru um 0,4 m á hæð. Þeir eru þýfðir og hvergi sést glitta í grjót. Hóllinn sjálfur er flatur í toppinn og dældóttur. Jafnframt glittir víða í grjót á hólnum sem er annars grasivaxinn. Líklegt er að frekari mannvistarleifar sé að finna undir sverði á hólnum. Þetta hafa líklega verið beitarhús eða stekkur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 1; Ö-Hraungerðishreppur, 30.

ÁR-039:020 *Sauðatæftur* tóftir beitarhús


Mynd 6 Sauðatæftur horft til norðurs



63°56.921N 20°47.643V
"Í landsuður af Bjarnatóft [018] er Grænatóft [019], þar í milli eru Skeggjastaðaengjar. Í þeim er Stóradæl, Hnausdæl og Álftadæl, í landnorður af henni eru Sauðatæftur," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. "Sauðahústættur við Þórðardæl," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Að sögn Skeggja Gunnarssonar, heimildamanns, eiga báðar lýsingar við sömu tóftir, þær sem hér eru skráðar. Tóftirnar eru um 1,1 km NNA við Skeggjastaði 044:001 og um 1,4 km austan við bæ 001. Skurður á mörkum Skeggjastaða og Miklaholtshellis ÁR-048 er tæpa 50 m til austurs. Hér er ekki um Sauðhúsatættur 043 að ræða.
Tóftirnar eru í þýfðum, grónum móa með náttúrulegum hæðum og grónum hraunbreiðum.
Tvær tóftir eru á náttúrulegum hól sem er um 1,5 m á hæð og 14 x 9 m að stærð. Tóft A er austar. Hún snýr norður-suður, er einföld og er 9 x 6 m að stærð. Inngangur er á miðri suðurhlið og veggirnir eru 0,4 m háir. Þrjú umför af steinum sjást í þeim en nokkuð hefur hrunið af grjóti inn í tóftina, líklega bæði úr veggjum og þaki. Tóft B er fast vestan við tóft A, um 1 m er á milli þeirra. Tóftin er 8 x 6 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Inngangur er á miðri vesturhlið. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og hvergi sjást skýrar hleðslur. Víða glittir þó í grjót í tóftinni og á hólnum sem báðar tóftirnar eru á. Tvær dældir eru í hólnum sunnan við tóft B og mögulegt

að mannvistarleifar leynist þar undir sverði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 1: Ö-Hraungerðishreppur, 30-31.


Mynd 7 Gíslastokkur horft til norðurs

ÁR-039:021 *Gíslastokkur* renna áveita 63°56.57
"Úr Álftadæl, sem áður er nefnd, rennur Gíslastokkur í Krakalæk við myllnu [022] hjá Myllnuvaði [023]," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Gíslastokkur er handgrafinn skurður en ekki er vitað hvenær hann var gerður að sögn Skeggja Gunnarssonar, heimildamanns. Hann liggur undir þjóðveg 1 og sést vel beggja vegna við hann. Hann er um 1,1 km austan við bæ 001 og tæpa 350 m norðan við Mylluvað 023.
Gíslastokkur er í sléttu og grasivöxnu túni. Náttúrulegir hólar eru á svæðinu og mýrlendi.
Gíslastokkur er skurður sem liggur norðaustur-suðvestur. Skurðurinn er um 650 m langur, 1 m á breidd og um 0,4 m djúpur. Skurðurinn er þráðbeinn en beygir til austurs norðan við þjóðveg 1. Skurðurinn var þurr (júní 2008). Skurðurinn sést vel til beggja átta og á loftmynd.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 1

ÁR-039:022 heimild um myllu 63°56.433N 20°48.471V
"Kornmylla var áður við Myllulæk," segir í Sunnlenskum Byggðum II. "Úr Álftadæl, sem áður er nefnd, rennur Gíslastokkur [021] í Krakalæk við myllnu hjá Myllnuvaði [023]. Þar fyrir neðan er Hallnýjarhylur," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Myllan var tæpa 10 m austan við vað 023 og tæpa 1,2 km sunnan við bæ 001. Líklegt er að myllan hafi horfið við túnasléttun á svæðinu.
Þar sem myllan var er slétt og grasivaxið tún. Krakalækur hlykkjast austur-vestur á svæðinu og stóð myllan fast sunnan við hann.
Engin ummerki myllunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:SB II, 440; Ö-Hraungerði ÓS, 1

ÁR-039:023 *Myllnuvað* gata vað 63°56.431N 20°48.481V
"Úr Álftadæl, sem áður er nefnd, rennur Gíslastokkur [021] í Krakalæk við myllnu [022] hjá Myllnuvaði. Þar fyrir neðan er Hallnýjarhylur," segir í örnefnaskrá Hrungerðis. Nú liggur malarvegur suður frá þjóðvegi 1 að Mylluvaði í Krakalæk. Vaðið er um 1,2 km suðaustan við bæ 001 og tæpa 350 m norðan við Tjaldhól 027.
Vaðið er nú í sléttu túni. Krakalækur rennur eins langt og augað eygir í báðar áttir.
Krakalækur rennur til vesturs eftir sléttu og grasivöxnu túni. Lækurinn er um 5 m breiður og 0,15 m djúpur á Mylluvaði sem enn í dag er notað fyrir dráttarvélar og önnur farartæki. Lág og aflíðandi brekka er til suðurs að vaðinu. Á korti í bók Jóns Eiríkssonar, Jarðabók Skeiðahrepps, er Póstleiðin 621:009 sýnd fara yfir á Mylluvaði og liggja til austurs að Neistastaðavaði 024. Engin ummerki gatna sjást nú á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 1; Jón Eiríksson: Jarðabók Skeiðahrepps, 544-45


Mynd 8 Vaðið horft til suðurs

ÁR-039:024 *Neistastaðavað* heimild um vað 63°56.427N 20°46.937V
"Í landsuður af Miklaholti heitir Mótangi [057], en næst Hróarsholtslæk heita þar Skeggjastaðabakkar, þá Svunta að Neistastaðavaði," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Þorvaldur Sveinsson, heimildamaður, taldi líklegt að umrætt vað hafi verið á svæði sem var raskað með beltagröfu fyrir nokkrum árum í þeim tilgangi að stöðva landbrot. Hróarsholtslækur braut mikið úr bökkum á svæðinu. Vaðið er tæpa 300 m norðan við hrútakofatóft 059 og tæpa 2,2 km suðaustan við bæ 001. Vaðið var meðal annars notað á Póstleið 621:009 sem lá á þessum slóðum yfir í gamla Villingaholtshrepp.
Þar sem vaðið var rennur Hróarsholtslækur til vesturs. Til suðurs er grasivaxin hlíð en gróinn mói til norðurs. Ekki sést til gatna á svæðinu.
Engin ummerki vaðsins sáust á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 2

ÁR-039:025 *Stífluvað* heimild um vað

" ... þá Svunta að Neistastaðavaði [024] þá Grafarteigur [026], þá Heimalandsstykki, þá Mjóubakkar. Þar er Silungapyttur, rétt við vað á læknum [Hróarsholtslæk], er Stíflu vað heitir, en Stíflur eru þar steinar nokkrir í læknum nefndir, er stikla má á yfir lækinn," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Skeggi Gunnarsson, heimildamaður, kannaðist hvorki við örnefnið Stífluvað eða hvar það gæti verið að finna. Ekki reyndist því unnt að staðsetja vaðið eða "stífluna" og ekki er ljóst á hvaða leið það var.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 2

ÁR-039:026 *Grafarteigur* náma mógrafir 63°56.531N 20°47.413V



Mynd 9 Mógrafirnar horft til norðausturs

"... þá Svunta að Neistastaðavaði [024] þá Grafarteigur, þá Heimalandsstykki, þá Mjóubakkar," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. "Grafateigur. Vestur frá bænum [Kjartansstöðum]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Nú er Grafarteigur í landi Kjartansstaða sem er nýbýli frá Hraungerði. Búskapur hófst á Kjartansstöðum 1939. Grafarteigur er um 1,7 km suðaustan við bæ 001 og tæpa 900 m austan við Mylluvað 023.

Mógrafirnar eru í þýfðum móa og standa hraunklappir og -hólar víða upp úr sverði. Grasivaxnar dælar eru víða í móanum.

Svæðið er um 40 x 16 m að stærð og snýr svæðið austur-vestur. Þar eru tvær mógrafir og eru um 20 m á milli þeirra. Mógrafirnar eru þurrar, um 0,3 m djúpar og grónar. Hvor mógröf er um 15 x 8 m að stærð og greinilegar í móanum og grónu hrauninu. Svæðið er innan túns sem tilheyrir nú (2009) Kjartansstöðum og afmarkast af þjóðvegi 1 til norðurs og Hróarsholtslæk til suðurs. Stakar mógrafir af svipaðri stærð er að finna víðar í sama túni en þær voru ekki skráðar sérstaklega þar sem örnefnið Garfarteigur á við allt þetta tún.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 2; Ö-Hraungerðishreppur, 18.

ÁR-039:027 *Tjaldhóll* örnefni tjaldstæði 63°56.270N 20°48.613V



Mynd 10 Tjaldhóll horft til norðausturs

"Er Mjóubökkum sleppir tekur við Syðri-Seigla meðfram læknum, þá Heimri-Seigla. Milli Seiglanna er Tjaldhóll," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Tjaldhóll er rúmum 300 m suðvestan við Mylluvað 023, tæpum 650 m sunnan við Skeggjastaði 044:001 og rúmum 1,3 km sunnan við bæ 001. Hróarsholtslækur rennur fast vestan við Tjaldhól.

Grasivaxin og slétt tún eru allt umhverfis hólinn nema til vesturs þar sem Hróarsholtslækur rennur. Búið er að ræsa svæðið fyrir sunnan hólinn fram og gera skurði.

Tjaldhóll er grasivaxinn og um þrír metrar á hæð. Hóllinn snýr austur-vestur og er 40 x 15 m að stærð. Ekki mótar fyrir mannvirkjum á hólnum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 2

ÁR-039:028 *Bolakrókur* heimild um vað 63°56.157N 20°48.682V



Mynd 11 Vaðið horft til vesturs

"Bolakrókur heitir vað á læknum, móts við Syðri-Seiglu miðja," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Bolakrókur er rúma 200 m suðvestan við Tjaldhól 027 og rúma 1,5 km sunnan við bæ 001. Raflína liggur þvert yfir vaðið. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var notað.

Þar sem vaðið var hlykkjast Hróarsholtslækur til suðurs. Hann er um 5 m breiður og um 1,5 m á dýpt. Það er greinilegt að lækurinn hefur grafið sig niður og vaðið horfið. Ekki sést til gatna við lækinn.

Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 2

ÁR-039:029 *Skeggjastaðavað* heimild um vað

"Suðvestur af Skeggjastöðum [ÁR-044] er Skeggjastaðavað, þá Holtshalavað [030], þá Volavað fyrir austan Vola [031], en Brynjólfsvað [032] fyrir vestan, " segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Skeggi Gunnarsson og Guðmundur Stefánsson, heimildamenn, könnuðust hvorugir við örnefnið Skeggjastaðavað. Vaðið hefur þó greinilega verið austan við Holtshalavað 030 og vestan við Bolakrók 028 en ekki reyndist unnt að staðsetja það nánar.
Á því svæði sáust engin ummerki um götur eða leiðir, bakkar Hróarsholtslækjar eru þar um 1 m á hæð og hann grafið sig niður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 2

ÁR-039:030 *Holtshalavað* heimild um vað 63°56.194N 20°49.262V
"Suðvestur af Skeggjastöðum er Skeggjastaðavað [029], þá Holtshalavað, þá Volavað fyrir austan Vola [031], en Brynjólfsvað [032] fyrir vestan," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Guðmundur Stefánsson, heimildamaður, kannaðist ekki við vaðið en vissi hvar örnefnið Holtshala er að finna. Það er norðurendi holts sunnan við Hróarsholtslæk. Guðmundur taldi líklegt að vaðið hefði verið við bugðu við norðurenda Holtshala. Holtshalavað er rúmum 1,3 km sunnan við bæ 001 og tæpa 500 m norðvestan við Bolkrók 028. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var.
Hróarsholtslækur er um 10 m breiður norðan við Holtshala og 0,2-0,3 m djúpur. Engar götur sjást á svæðinu, þar er nú slétt og grasivaxið tún. Mögulega eru götur yfir Holtshala en það verður að skoða nánar þegar jarðirnar Hurðabak ÁR-034 eða Dalsmynni (ekki lögbýli 1847) verða skráðar sem eru að öllum líkindum sunnan lækjarins.


Mynd 12 Vaðið horft til suðurs

Engin ummerki vaðsins sáust á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 2

ÁR-039:031 *Volavað* heimild um vað
"Suðvestur af Skeggjastöðum er Skeggjastaðavað [029], þá Holtshalavað [030], þá Volavað fyrir austan Vola, en Brynjólfsvað [032] fyrir vestan," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Talað var við þrjá heimildamenn, þá Skeggja Gunnarsson, Guðmund Stefánsson og Tryggva Bjarnason, en enginn þeirra kannaðist við Volavað. Vaðið hefur þó verið á milli Holtshalavaðs 030 til austurs og Brynjólfsvaðs 032 til vesturs. Tæpir 500 m eru á milli Holtshalavaðs 030 og Brynjólfsvaðs 032. Ekki reyndist unnt að staðsetja vaðið og ekki er vitað á hvaða götu það var.
Engin ummerki vaðsins sáust á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 2


ÁR-039:032 *Brynjólfsvað* heimild um vað 63°56.077N 20°50.583V
"Suðvestur af Skeggjastöðum [ÁR-044] er Skeggjastaðavað [029], þá Holtshalavað [030], þá Volavað fyrir austan Vola [031], en Brynjólfsvað fyrir vestan," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Guðmundur Stefánsson, heimildamaður, taldi að Brynjólfsvað væri þar sem gamla brúin yfir Hróarsholtslæk er á Villingaholtsvegi. Brúin er vestan við núverandi veg og sést vel þaðan. Brynjólfsvað er tæpa 1,9 km suðvestan við bæ 001 og tæpum 200 m vestan við Vola 047:001. Vegur að veiðihúsi í Vola er um 10 m fyrir sunnan brúnna. Vaðið var notað á leið 621:001 sem gekk undir nafninu Vegurinn um Vola. Farið var yfir í Villingaholtshrepp á Brynjólfsvaði.
Steypt brú er yfir Hróarsholtslæk þar sem Brynjólfsvað var en hætt er að nota hana. Gamall vegur liggur norðan og sunnan við brúnna og ekki sést til annarra gata á svæðinu.


Mynd 13 Brynjólfsvað horft til norðurs

Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 2

ÁR-039:033 *Volastekkur* tóft stekkur 63°56.052N 20°51.206V






Mynd 14 Volastekkur horft til norðausturs

"Volastekkur er á mýrinni fyrir vestan Vola [ÁR-047] ," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Volastekkur er um 700 m vestan við Vola 047:001 og 2,2 km norðvestan við bæ 001. Skurður á merkjum Langstaða ÁR-046 og Vola ÁR-047 er um 50 m norðan við stekkinn.
Volastekkur er í þýðum móa með blautum dælum víða.
Stekkurinn er á náttúrulegum hól sem er um 30 x 25 m í þvermál og 1,5 m á hæð. Stekkurinn er 6 x 5 m að stærð, er einfaldur og snýr austur-vestur. Veggir stekkjarins eru um 0,6 m háir. Inngangur er í vesturhorni. Veggirnir eru grónir og mest sést glitta í tvær umferðir hleðslusteina. Hleðslurnar eru signar og svo virðist sem stekkurinn hafi verið grjóthlaðinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 2

ÁR-039:034 *Gunnustekkur* tóft stekkur 63°56.322N 20°49.967V





Mynd 15 Gunnustekkur horft til norðurs

"Fyrir austan Vola [047:001] er Volaholt, þaðan í norður Gráhella, þar hjá er Blesapyttur þaðan í útnorður Gunnustekkur," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Gunnustekkur er um 1,2 km norðan við bæ 001 og um 400 m norðan við tóft 074. Blaut mýrardæla er um 20 m fyrir austan stekkinn.
Stekkurinn er í þýfðum móa með mýrlendisflákum.
Gunnustekkur er 7 x 4 m að stærð, er einfaldur og snýr norður-suður. Stekkurinn er alveg gróin og hvergi sjást skýr umför. Víða sést þó glitta í grjót. Veggirnir eru um 0,4 m á hæð og inngangur er á miðri suðurhlið. Tóftin er byggð á lágum, náttúrulegum hólrima. Mosavaxinn steinn er í miðri tóftinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 2

ÁR-039:035 *Skeggjastaðastekkur* heimild um stekk
"Fyrir austan Vola [ÁR-047] er Volaholt, þaðan í norður Gráhella, þar hjá er Blesapyttur þaðan í útnorður Gunnustekkur [034], þá Skeggjastaðastekkur," segir í örnefnaskrá. Hraungerðis Heimildamennirnir Guðmundur Stefánsson, Skeggi Gunnarsson og Tryggvi Bjarnason könnuðust ekki við örnefnin hér að ofan nema Vola og Volaholt. Skeggjastaðastekkur er þó líklega í landi Lambastaða en nákvæm staðsetning hans er ekki þekkt.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 2

ÁR-039:036 *Þórðarstekkur* tóftir stekkur 63°56.814N 20°50.067V
"... þá Skeggjastaðastekkur [035], þaðan í norður Þórðarstekkur," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Guðmundur Stefánsson, heimildamaður, kannaðist ekki við Þórðarstekk né önnur örnefni í lýsingunni hér að ofan en taldi líklegt að tvær tóftir nærri Kjötmjölsverksmiðjunni væru umræddur stekkur. Tóftirnar eru rúma 600 m vestan við bæ 001 og rúma 350 m norðvestan við stekk 042.



Mynd 16 Tóft A og B horft til norðurs

Tóftirnar eru í þýfðum móa. Grónir hraunhólar koma víða upp úr sverði.
Tvær tóftir eru á svæði sem er um 40 x 35 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Fengu þær bókstaf til aðgreiningar í eftirfarandi lýsingu. Tóft A er austar. Hún er 9 x 5 m að stærð, snýr norður-suður og er á náttúrulegum hól. Hún er tvískipt. Hólf I er sunnar, er 6 x 5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru um 0,6 m háir og eitt umfar af grjóti sést í þeim. Að öðru leyti eru þeir grónir. Inngangur er á miðri suðurhlið og annar á norðurhlið, inn í hólf II. Ekki sést til jötu eða garða. Hólf II er 4 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru grjóthlaðnir, um 0,2 m á hæð og sést eitt umfar í þeim. Steinar hafa verið settir inn í hólfið eftir að það féll úr notkun. Ekki virðist hafa verið þak á tóftinni. Tóft B er 26 m norðaustan við tóft A. Tóftin er 7 x 4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er tvískipt. Hólf I er sunnar. Það er 4 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og alveg grónir. Ekki sjást hleðslur heldur glittir í steina hér og þar. Inngangur er á miðri suðurhlið og annar á norðurhlið í hólf II. Hólf II er 4 x 3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Norðurveggurinn er sigin og ógreinilegur en aðrir veggir eru um 0,2 m háir. Engar hleðslur sjást heldur glittir í steina hér og þar. Líklegast er að tóftirnar séu af stekk.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 2

ÁR-039:037 *Loftshús* þúst óþekkt 63°56.923N 20°50.493V
"... þá Skeggjastaðastekkur [035], þaðan í norður Þórðarstekkur [036], þaðan í norður Loftshús, hóll vestast í Hraungerðisheiði," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Loftshús eru tæpum 950 m vestan við bæ 001 og tæpum 500 m suðvestan við Sauðhústættur 043. Fast sunnan við Loftshús liggur raflína.
Loftshús eru í þýfðum móa með hraunhólum sem standa víða uppúr sverði. Mýrarflákar eru víða á svæðinu.
Loftshús er grænn hóll í þýfðum móa. Hann er að a.m.k. að hluta náttúrulegur en mannvist gæti vel leynst þar undir sverði. Ekki sjást í hleðslur í hólnum en víða glittir í grjót. Hóllinn er um 5 m á hæð, 10 m í þvermál og stendur á hólrima sem snýr austur-vestur. Fleiri hólar eru fyrir sunnan hólinn en þeir eru lægri. Guðmundur Stefánsson, heimildamaður, man ekki eftir tóftum í hólnum.


Mynd 17 Þústin horft til austurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 2

ÁR-039:038 *Kerlingagrafir* örnefni mógrafir
"Þaðan í vestur [frá 037] Digrihóll, skammt fyrir sunnan hann Hvíldarhóll [077], þaðan í vestur fyrir norðan þjóðvegin Kerlingargrafir," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Hvorki Guðmundur Stefánsson né Ólafur Guðjónsson, heimildamenn, könnuðust við örnefnið Kerlingagrafir né hin sem koma fyrir í lýsingunni hér fyrir ofan. Telja verður líklegt að Kerlingagrafir hafi verið austarlega innan núverandi landamerkja Bollastaða ÁR-045, nærri Þjóðvegi 1. Ekki var hægt að staðsetja grafinar nákvæmlega en líklegt er að þær hafi horfið vegna vegagerðar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 2

ÁR-039:039 *Marktóft* heimild um óþekkt
"Þaðan í vestur [frá 037] Digrihóll, skammt fyrir sunnan hann Hvíldarhóll [077], þaðan í vestur fyrir norðan þjóðveginn Kerlingargrafir [038], þar norður af Markatóft," segir í örnefnaskrá. Hvorki Guðmundur Stefánsson né Ólafur Guðjónsson, heimildamenn, könnuðust við örnefnið Marktóft né önnur í lýsingunni hér fyrir ofan. Örnefnið Marktóft er dregið af tóft sem líklega hefur verið á eða við landamerki. Ekkert er þó nánar vitað um staðsetningu hennar en líklegt er að hún hafi verið innan núverandi merkja Bollastaða ÁR-045.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 2

ÁR-039:040 heimild um landamerki 63 57.067N 20 45.950V
"Í útnorður frá Hraungerði [001] er hóll einn stakur, er Álftaból heitir; hann er utasta mark á Sortanum, þaðan í austur í þúfu í Tittlingsholti, þaðan í helluna, sem stendur í Bleikholti þaðan í Föxuvörðu [011] þaðan í Gráhellu, þaðan í fremra hornið á Skaufa í Miklaholti, svo beint yfir holtið í vörðu, sem stendur austan á því," segir í örnefnaskrá. Bjarni Eiríksson, heimildamaður, kannaðist ekki við vörðu á þessum slóðum en hún hefur líklega verið háholtinu fyrir austan Miklaholtshelli 048:001. Varðan var um 2,8 km austan við bæ 001 og um 500 m austan við Miklaholtshelli 048:001.
Þar sem varðan var er um 2 m hátt klettabelti sem liggur um 10 m til vesturs. Girðing á mörkum Miklaholtshellis ÁR-048 og Ölvisholts ÁR- 079 er fast til norðurs.
Engin ummerki vörðunnar sjást lengur á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 1

ÁR-039:041 náma mógrafir 63°57.037N 20°48.936V
Mógrafir eru rúma 400 m austan við bæ 001 og tæpa 400 m austan við útihús 005. Gróið tún er um 30 m til suðurs frá mógrafasvæðinu. Að sögn Guðmundar Stefánssonar, heimildamanns, var fyllt upp í mógrafirnar en enn mótar fyrir þeim á stóru svæði.




Mynd 18 Mógrafirnar horft til suðvesturs og suðausturs

Mógrafirnar eru í þýfðum móa með hraunhólum hér og þar.
Mógrafirnar eru á svæði sem 105 x 35 m að stærð og nánast L-laga. Það svæði skiptist í tvö minni svæði. Stærra svæðið, sem er rúmlega 100 m langt, snýr austur-vestur en liggur síðan í sveig til suðurs yfir í gróið tún. Þar er minna svæðið, um 35 m að lengd. Hvort svæði fyrir um sig er milli 5-10 m breitt. Mógrafirnar virðast renna saman en hafa líklega verið yfir 50 talsins. Ekki er hægt að giska að öðru leyti um fjölda þeirra. Inn á milli mótar fyrir stökum gröfum sem eru 2 x 2 m að stærð. Mógrafirnar eru um 0,4 m djúpar, þurrar og grasivaxnar.
Hættumat: engin hætta

ÁR-039:042 *Heimalandsstekkur* tóft stekkur 63°56.746N 20°49.651V
"Heimalandsstekkur. Suðaustur frá Sauðahústóft [043]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Tóftin er tæpa 400 m suðvestan við bæ 001 og tæpa 50 m vestan við útihús 008. Gróið tún er tæpa 50 m til austurs.



Mynd 19 Stekkurinn horft til norðausturs



Tóftin er í þýfðum móa með náttúrulegum hólum.
Tóftin snýr austur-vestur og er 8 x 4 m stór. Hún er tvískipt. Hólf I er austar í tóftinni. Það er 3,5 x 3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,8 m háir og alveg grónir. Það glittir í grjót á stöku stað án þess að skýr umför sjáist. Inngangur er í suðurhorni á vesturvegg yfir í hólf II. Hólf II hefur líklega verið kró. Hólfið snýr austur-vestur og er 4 x 3 m að innanmáli. Veggirnir eru 0,2 m á hæð, grjóthlaðnir og eitt umfar af grjóti sést í þeim. Hólfið er opið til vesturs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 15.

ÁR-039:043 *Sauðhúsatættur* tóftir beitarhús 63°57.146N 20°50.179V





Mynd 20 Tóft A horft til austurs og tóft B horft til vesturs

"Sauðahústættur. Í vestur frá Hraungerði," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Suðhúsatættur eru tæpa 800 m norðvestan við bæ 001 og rúma 450 m norðvestan við Þinghústóft 047.
Tóftirnar eru í þýfðum móa. Vegslóði liggur úr austri að tóftunum. Grónir hraunhólar eru á svæðinu.
Tvær tóftir eru á svæði sem er um 50 x 25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær fengu bókstaf í þessari lýsingu til aðgreiningar. Tóft A er 10 x 14 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er gerð úr torfi, grjóti, timbri og bárujárni. Hún skiptist í þrjú hólf. Hólf I er vestast í tóftinni. Það er 13 x 7 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 1 m á hæð og fjögur umför af grjóti sjást í þeim. Hófið er opið til suðurs. Ekki hafa verið dyr í annað hólf né ummerki um garða eða jötu. Hólf II er norðan við hólf I og III. Það er 12 x 7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,7 m á hæð og þrjú umför af hleðslu sjást í þeim. Þakið hefur hrunið niður og hólfið er fullt af bárujárni. Ekki sést neinn skýr inngangur í hólfið og gólfið virðist vera lægra en í hinum hólfunum. Líklegt er að þetta hafa verið hlaða. Hólf III er austan við hólf I. Austur- og suðurveggur hólfsins eru nánast horfnir, einungis sést móta fyrir grunni þeirra. Einnig sést móta fyrir grænum bakka á suðurhlið. Hófið virðist hafa verið 13 x 7 m að innanmáli og snúið norður-suður. Ekki sést inngangur inn í hólfið en líklega hefur hann verið á suðurhlið. Tóft B er um 30 m vestan við tóft A. Hún er á náttúrulegum hól og snýr suðaustur-norðvestur. Tóftin er 5 x 3 m að stærð, einföld og veggirnir eru þýfðir. Þeir eru 0,2 m á hæð og alveg grónir. Hvergi mótar fyrir hleðslu en glittir í grjót á stöku stað. Inngangur er á miðri norðurhlið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 15.

ÁR-039:044 *Hvíldarhóll* heimild um áfangastað
"Hvíldarhóll. Á gönguleið [621:003] frá Laugum [ÁR-080] að Hraungerði," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Hvíldarhóll var áningarstaður á götu 621:003 en Guðmundur Stefánsson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið. Telja verður líklegt að hóllinn sé sunnar en skurður 052 og norðar en mógrafir 041. Á milli skurðar 052 og bæjar 001 eru þrír hólar sem eru áberandi í landslaginu og gætu þeir allir verið Hvíldarhóll. Það er ekki hægt að staðfesta að fullu hver þeirra gekk undir þessu nafni. Annar Hvíldarhóll var skráður innan merkja Hraungerðis (sjá 077) en ekki er um sama staðinn að ræða.
Ekki er vitað nákvæmlega hvaða hóll er Hvíldarhóll. Svæðið er þýft og kjarrivaxið með náttúrulegum hólum og mýrarflákum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 15.

ÁR-039:045 *Sauðaborg* örnefni fjárskýli
"Sauðaborg. Fyrir norðan Lúsadæl," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Hvorki Skeggi Gunnarsson, né Bjarni Eiríksson, heimildamenn, könnuðust við Sauðaborg eða örnefnið Lúsadæl. Sauðaborg er líklega nú í landi Skeggjastaða ÁR-044 eða Miklaholtshellis ÁR-048. Þeir könnuðust hvorugir við tóft á þessum slóðum. Ekki var unnt að staðsetja örnefnið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 31.

ÁR-039:046 *Kúfhólavað* heimild um vað 63°57.334N 20°51.939V




Mynd 21 Vaðið horft til suðurs

"Kúfhólavað. Í Rauðalæk norðan við hólinn," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Vaðið var norðan við náttúrulegan hól og yfir Rauðalæk sem ekki hefur verið grafinn fram á þessu svæði að sögn Guðmundar Stefánssonar, heimildamanns. Svæðið er kallað Sorti og var mýrlent slægjuland áður fyrr. Nú (2008) hefur svæðið verið ræst fram með skurðum. Vaðið var um 2,2 km norðaustan við bæ 001 og tæpa 400 m fyrir sunnan Krossvörðu 016. Vaðið var notað á leið 621:004.
Þar sem vaðið var er Rauðilækur uppþornaður en farvegurinn hlykkjast til vesturs yfir í land Bollastaða ÁR-045. Farvegurinn er um 1 m á breidd og 0,3 m djúpur. Líklegt er að vaðið hafi verið um 10 m fyrir norðan náttúrulegan hól en þar er moldarflag sitt hvoru megin við farveginn. Þar er hefur lækurinn verið um 2 m breiður og grunnur.
Engin ummerki vaðsins sjást lengur á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 15.

ÁR-039:047 *Þinghústóft* tóft þingstaður 63°57.029N 20°49.726V




Mynd 22 Þinghúsið horft til norðvesturs



"Þinghústóft. Vestan við túnið, var aflagt sem þinghús laust fyrir síðustu aldamót," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Tóftin er rúma 350 m norðvestan við bæ 001 og rúma 250 m norðan við tóft 010. Malarvegur sem liggur meðfram túni Hraungerðis liggur um 60 m til austurs frá tóftinni. Að sögn Guðmundar Stefánssonar, heimildamanns, vildi þáverandi prestur losna við fólkið sem fylgdi þinghaldi og byggði það fjarri bæ 001. Ekki er vitað hvort að eldri tóftir voru þar fyrir.
Tóftin er í þýfðum móa þar sem hraunklettar standa víða upp úr sverði.
Tóftin snýr norður-suður, er einföld og er 11 x 7 m að stærð. Hún er þýfð og gróin. Inngangur er á miðri suðurhlið, veggirnir eru um 1 m á hæð og alveg grónir. Víða glittir í steina án þess að skýr umför sjáist. Hrunið hefur úr veggjum og þaki inn í tóftina. Tóftin er á náttúrulegum hól og ekki sést til annarra mannvirkja á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 16.

ÁR-039:048 tóftir mógrafir 63°57.055N 20°48.914V
Móstæði eru tæpa 450 m austan við bæ 001 og tæpa 40 m norðaustan við mógrafir 041. Þau eru á gróinni hraunbrún sem liggur meðfram mógröfum 041 og eru á lágum náttúrulegum hólum.





Mynd 23 Móstæði A horft til suðausturs og móstæði D horft til suðvesturs

Móstæðin eru í þýfðum móa, náttúrulegir hraunhólar og -klettar koma víða upp úr sverði. Á svæðinu er mikið um mosa og kjarrgróður.

Fjórar tóftir sem allar eru eins að gerð og lögun, eru á svæði sem er um 80 x 20 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóft A er austust. Hún er 4 x 2 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Tóftin er þýfð og eru veggirnir að hluta til sokknir í gras.Tóftin er grjóthlaðin og eru veggirnir gerðir úr einfaldri steinaröð. Eitt umfar af grjóti sést í veggjum. Veggirnir eru 0,2 m háir og er tóftin á náttúrulegum hól, um 0,5 m háum. Ekki er neinn inngangur inn í tóftina enda hún notuð til þess að stafla mónum upp. Tóft B er er um 15 m norðvestan við tóft A. Hún er 4 x 2 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Hún og er á náttúrulegum hól. Tóftin er nánast eins og tóft A nema að hún er þýfðari og veggirnir eru 0,3 m háir. Tóft C er um 30 m suðaustan við tóft B. Hún er um 5 x 2 m að stærð, er einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er eins og hinar fyrrnefndu, grjóthlaðin og veggirnir eru 0,15 m á hæð. Tóftin er mjög gróin og nánast sokkin í gras. Tóft D er tæpum 50 m suðvestan við tóft C. Tóftin snýr NNV-SSA og liggur þvert yfir náttúrulegan hól. Tóftin er í halla til norðurs og gróin. Hún er af sömu gerð og fyrrnefndu móstæðin og veggirnir eru 0,3 m á hæð.
Hættumat: engin hætta

ÁR-039:049 *Sauðahúshóll* heimild um fjárhús
"Volabrautin [621:001] liggur yfir frá þjóðvegi niður á mýrina, er jaðarinn á Hraungerðisheiði. Hóllinn niður við mýrina til hægri, þegar maður fer niður að læknum, heitir Sauðahúshóll. Þar litlu vestar er Sauðahústóft (frá Skeggjastöðum ÁR-044)," segir í Umferðarleiðum um Villingaholtshrepp. Ekki er vitað nákvæmlega hver þessi hóll er, hans er ekki getið í örnefnaskrá Hraungerðis né nokkurra af gömlu hjáleigunum. Heimildamenn minntust heldur ekki á þetta örnefni. Hægra megin við Villingaholtsveg, þar sem vegur 621:001 lá áður, er nú slétt og grasivaxið tún og líklegt að þar hafi þessi hóll verið. Ekki er hægt að staðsetja Sauðahúshól án frekar heimilda.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Umferðaleiðir, 2.

ÁR-039:050 heimild um brunn 63°56.904N 20°49.395V
Brunnur var tæpum 50 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 20 m sunnan við traðir 004 að sögn Guðmundar Stefánssonar, heimildamanns. Fánastöng er um 10 m vestan frá áætlaðri staðsetningu brunnsins.
Þar sem brunnurinn var er nú grasivaxin og aflíðandi brekka til suðurs.
Telja má líklegt að fyllt hafi verið upp í brunninn eða hann horfið við jarðrask á svæðinu. Engin ummerki hans sjást nú á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-039:051 brunnur brunnur 63°56.926N 20°49.304V
Brunnur er tæpa 50 m austan við bæ 001 og tæpum 100 m austan við brunn 050 að sögn Guðmundar Stefánssonar, heimildamanns. Brunnurinn sést enn (2009) um 10 m norðan við veg að núverandi fjósi. Gömul olíudæla er tæpa 10 m til suðvesturs.
Brunnurinn er í gróinni brekku sem hallar norðurs.
Brunnurinn hefur verið um 2 m í þvermál en fyllt hefur verið upp í hann með grjóti. Torfi hefur verið hlaðið umhverfis op brunnsins, suðaustur hluti þeirrar hleðslu er nú horfin. Hleðslan er 0,1 m á hæð. Ekki er hægt að segja hversu djúpur brunnurinn var. Brunnurinn er orðin ógreinilegur vegna mikils gróðurs á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd 24 Brunnurinn

ÁR-039:052 renna áveita 63°57.386N 20°48.335V
Handgrafinn skurður liggur fyrir sunnan Smalaskálaskurð, aðeins eru um 20 m á milli þeirra. Skurðurinn var gerður af Framskurðafélagi Hraungerðishrepps og gerður einhvern tíma á árunum 1847-1857 að sögn Guðmundar Stefánssonar, heimildamanns.
Skurðurinn liggur í grónum og kjarrivöxnum móa.
Skurðurinn liggur austur-vestur, er þurr og grasivaxinn. Hann er um 1 m á breidd, 0,4 m djúpur og rúmlega 500 m langur. Skurðurinn er gróinn og við það að hverfa í gróður og kjarr.
Hættumat: engin hætta


Mynd 25 Skurðurinn horft til austurs

ÁR-039:053 tóftir mógrafir 63°56.938N 20°50.535V

Móstæði eru rúma 950 m vestan við bæ 001 og tæpa 50 m suðaustan við Loftshús 037. Raflína liggur um 50 m sunnan við móstæðin. Þau hafa verið notuð til þess að þurrka mó úr mógröfum 054.



Tóftirnar eru í þýfðum móa með mýrarflákum og hraunklettum sem standa víða upp úr sverði.

Þrjú móstæði eru á svæði sem er um 25 x 5 m að stærð, og snýr austur-vestur. Var þeim gefin bókstafur til aðgreiningar í eftirfarandi lýsingu. Móstæðin eru öll eins að gerð og lögun. Tóft A er austust. Hún er 3 x 3 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Hún er gerð úr einfaldri steinaröð og sést eitt umfar af grjóti. Veggirnir eru 0,15 m á hæð. Í vesturhluta tóftarinnar hefur grjóti verið staflað, greinilega eftir að hætt var að nota móstæðið. Tóft B er 15 m vestan við tóft A. Hún er 3 x 2 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Tóftin er grjóthlaðin og gerð eins og tóft A. Tvenn umför af grjóti sjást í veggjum en vesturhluti tóftarinnar er raskaður. Veggirnir eru 0,15 m á hæð. Tóft C er 9 m vestan við tóft B. Hún er 3 x 2 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Tóftin er signari en hinar tvær og veggirnir eru 0,1 m á hæð. Austurveggur tóftarinnar er nánast sigin að fullu í mosa. Tóftin er gerð úr grjóti eins og hinar tvær.



Mynd 26 Móstæði A, B og C

Hættumat: engin hætta

ÁR-039:054 náma mógrafir 63°56.919N 20°50.567V



Mynd 27 Mógrafirnar horft til suðurs

Mógrafir eru tæpan 1 km vestan við bæ 001 og rúma 50 m vestan við Loftshús 037. Raflína liggur þvert, austur-vestur, yfir svæðið. Mögulegt er að mór úr mógröfum 053 hafi verið þurrkaður hér.

Mógrafirnar eru í þýfðum og grasivöxnum móa. Malarflákar koma víða uppúr sverði.


Mógrafirnar eru á svæði sem um 50 x 30 m að stærð og snýr austur-vestur. Á svæðinu eru um 20 mógrafir en ekki var hægt að telja þær nákvæmlega, þær renna saman. Mógrafirnar eru þurrar, grasivaxnar og um 0,4 m djúpar. Svæðið afmarkast af þýfðum bakka í móanum og ekki sést til grafa fyrir utan hann.

Hættumat: engin hætta

ÁR-039:055 tóftir beitarhús 63°56.383N 20°50.622V

Að sögn Hjálmars Ágústssonar, heimildamanns, eru beitarhús um 1 km austan við Langsstaði 046:001 og um 1,4 km suðvestan við bæ 001.





Mynd 28 Tóft A horft til norðvesturs og tóft B horft til austurs

Beitarhúsin eru í þýfðum móa með blautum mýrardælum hér og þar.

Tvær tóftir eru svæði sem er 24 x 11 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Var þeim gefin bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er norðar. Hún er 20 x 10 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í fjögur hólf. Hólf 1 er vestast og er 4 x 2 m að innanmáli. Hólfið snýr austur-vestur og er alveg gróið. Það glittir þó í steina hér og þar. Ekki sést skýr inngangur inn í hólfið. Gólfflöturinn er niðurgrafinn um 1,5 m sem bendir til þess það hafi verið


hlaða. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það er 10 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Inngangur er á miðjum austurvegg og standa þær enn uppi að hluta. Veggirnir eru um 1,2 m á hæð og það sjást fjögur umför af grjóti í þeim. Garði hefur legið eftir hólfinu endilöngu og eru undirstöður hans úr grjóti. Töluvert hefur hrunið inn í hólfið úr veggjunum og líklega þaki. Hólf 3 er sunnan við hólf 2. Það hefur verið rétt eða einhverskonar aðhald. Hólfið er 5 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru grjóthlaðnir og inngangur er í norðausturhorni. Þeir eru um 0,3 m á hæð og eitt umfar af grjóti sést í þeim. Hólf 4 er fyrir austan hólf 2 og hefur verið aðhald. Það er 7 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólfið er grjóthlaðið og veggirnir eru 0,4 m á hæð. Tvenn umför af grjóthleðslum sjást í þeim. Hólfið er opið til suðurs og annar inngangur er er til vesturs yfir í hólf 2. Tóft B er um 2 m fyrir sunnan tóft A. Tóftin er 6 x 2 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Veggir tóftarinnar eru grjóthlaðnir og eru 0,3 m á hæð. Eitt umfar af grjóthleðslum sést í þeim. Líklegt er að tóftin hafi verið heystæði.
Hættumat: engin hætta


ÁR-039:056 heimild um mógrafir
"Grafirnar. Vestan við Miklholt," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Bjarni Eiríksson, heimildamaður, kannaðist ekki við mógrafir á þessu svæði né hafði heyrt þeirra getið. Honum fannst líklegt að hér væri átt við mógrafir 057 en þær eru austan við Miklholtin.
Grasivaxin og slétt tún eru vestan við syðra Miklholtið. Ef mógrafir voru þar verður að teljast líklegt að fyllt hafi verið upp í þær.
Engin ummerki mógrafa sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur 26.

ÁR-039:057 *Mótangi* náma mógrafir 63°56.695N 20°45.788V
"Mótangi. Liggur austur að Mókeldubrú [brú á þjóðvegi 1]" segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Mógrafirnar eru um 200 m fyrir vestan við Vaðhellu 014 og 2 km fyrir austan Gíslastokk 021. Þjóðvegur 1 er um 20 m til norðurs.
Mógrafirnar eru sunnan við gróna hraunbrún.
Mógrafirnar eru á svæði sem er um 300 x 40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Til vesturs hefst mógrafasvæðið við Hróarsholtslæk, sveigir síðan til norðausturs og endar við Mókeldu (lækur). Þjóðvegur 1 liggur þvert yfir svæðið og hefur raskað því að hluta. Mógrafirnar eru í þýfðum móa og eru þýfðir bakkar á milli grafanna sem renna lítið saman. Á svæðinu eru á milli 50 - 100 mógrafir en erfitt er að meta nákvæman fjölda þeirra. Grafirnar eru flestar um 0,5 m djúpar og blautar. Vatnið er um 0,2 m á dýpt.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur 19.


Mynd 29 Mógrafirnar horft til SSA


ÁR-039:058 *Skilarétt hreppsins* tóftir rétt 63°56.508N 20°49.043V
Tóftir eru rúma 800 m sunnan við bæ 001 og um 550 m suðaustan við veg 621:011. Þetta var svokölluð Skilarétt hreppsins og líklega byggð um 1937 að sögn Guðmundar Stefánssonar, heimildamanns. Fólk stoppaði við réttina á hestum áður er bílar urðu almennir. Tóftirnar eru á svæði sem er afmarkað að skurðum til austurs og vesturs. Þjóðvegur 1 er um 40 m til norðurs.
Tóftirnar eru á grónu og sléttu svæði fast vestan við aðalskurð Flóaáveitunnar. Svæðið er vaxið hvönn og öspum hefur verið plantað um 30 m til suðurs.
Svæðið er 80 x 30 m stórt og snýr norður-suður. Þar eru tvær tóftir sem fengu bókstaf til aðgreiningar í lýsingunni hér á eftir. Á milli þeirra kemur lægð úr austri. Tóft A er sunnar. Hún er 18 x 11 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er gerð úr torfi og grjóti. Hún skiptist í fjögur hólf. Hólf I er syðst. Það er 12 x 3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1,8 m á hæð og sex umför af grjóthleðslum sjást. Hrunið hefur úr þeim inn í hólfið. Inngangur er á miðri suðurhlið og dyr í hin hólfin á miðri norðurhlið. Hólf II er norðan við hólf I. Það er ennþá undir þaki. Gangur frá hólfi I liggur að hólfi II og innangengt í hin hólfin þaðan. Ekki var hægt að komast inn í hólfið þar sem þakið er sigið. Einungis 1 m lofthæð var inni í hólfinu. Dyrnar eru 1 m á hæð og eru trékarmar umhverfis dyraopið. Inngangur er í hólf III til austurs úr fyrrnefndum gangi. Hólfið snýr





austur-vestur og er 6 x 3 m að innanmáli. Jata er eftir miðju hólfinu og ekki virðist hafa verið þak yfir hólfinu, ekkert hrun er inni í því. Veggirnir eru 2,1 m á hæð og sjö umför af grjóti sjást í þeim. Hólf IV er vestan við hólf III. Það er 4 x 3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Inngangur er til vesturs frá ganginum sem áður var minnst á. Veggirnir eru 1,8 m á hæð og fimm umför af grjóti sjást í þeim. Hólfið er grasivaxið og slétt að innan. Ekkert hefur hrunið inn í hólfið. Tóft B er um 55 m norðaustan við tóft A. Þetta er rétt, gerð er úr grjóti og steypu. Réttin er 13x12 m að stærð og alveg opin til norðurs. Í norðausturhluta hennar er steypt gólf, 8 x 5 m að stærð. Þar er nú trégirðing umhverfis og notað sem hestagerði enn í dag. Annars eru veggirnir um 1 m á hæð og fimm umför af grjóti sjást. Þó að tóftirnar séu ekki nógu gamlar til að teljast fornleifar í lagalegum skilningi eru þær teknar með á fornleifaskrá vegna forns byggingarlags.
Hættumat: engin hætta

ÁR-039:059 tóft hrútakofi 63°56.560N 20°47.089V






Mynd 30 Tóftin horft til austurs

Tóft er tæpa 2 km ASA við bæ 001 og rúma 900 m austan við Gíslastokk 021. Þjóðvegur 1 liggur um 30 m til norðurs. Þorvaldur Sveinsson, heimildamaður, telur tóftina vera hrútakofa.
Tóftin er í grasivöxnu og þýfðu túni. Það er stutt í hraun undir grassverðinum og malarvellir eru hér og þar í túninu.
Tóftin er 10 x 6 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Veggir tóftarinnar eru 0,4 m á hæð og alveg grónir. Hvergi sést skýr hleðsla eða umför, aðeins glittir í grjót á stöku stað. Tóftin er opin til vesturs. Tóftin verður fyrir ágangi hrossa og er hún moldarflag að innan. Einnig virðist hrossum vera gefið hey í tóftina.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-039:060 tóft óþekkt 63°56.551N 20°47.369V



Mynd 31 Tóftin horft til vesturs



Tóft er tæpa 1,8 km suðaustan við bæ 001 og rúma 250 m vestan við hrútakofa 059. Þjóðvegur 1 er rúma 50 m til norðurs.
Tóftin er í þýfðum og mosavöxnum móa. Stutt er á hraun undir gróðri og standa hólar víða upp úr sverði.
Tóftin er 6 x 5 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Hún er gerð úr torfi og grjóti. Veggirnir eru 0,5 m háir og fjögur umför af grjóthleðslum sjást í þeim. Tóftin er mosavaxin og inngangur í suðausturhorni. Ekki virðist hafa verið þak á tóftinni né fleiri hólf. Þetta hefur mögulega verið stekkur, lítil rétt eða aðhald.
Hættumat: engin hætta

ÁR-039:061 garðlag túngarður 63°56.982N 20°49.332V





Mynd 32 Túngarðurinn horft til austurs og vesturs

Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 var túngarður umhverfis heimatúnið í Hraungerði. Á túnakorti frá 1918 afmarkaði túngarðurinn svæði sem er um 460 x 420 m stórt og snéri austur-vestur.Túngarðurinn er varðveittur á tveimur stöðum, norðaustan og austan við bæ 001.
Túngarðurinn liggur í grónu túni til suðurs og vesturs en til norðurs og austurs er þýfður mói með hraunhólum.
Túngarðurinn er horfinn að mestu, enn sjást þó tveir hlutar hans. Var þeim gefinn bókstafur til aðgreiningar.


Hluti A er rúmlega 160 m langur og liggur norðaustan við bæ 001. Túngarðurinn liggur norðaustur-suðvestur. Hann er 0,5 m hár, 0,3 m breiður og grjóthlaðinn. Tvenn umför af grjóti sjást í vesturenda túngarðsins en sá eystri er verr varðveittur. Þar er hann 0,2 m hár og rétt glittir í eitt umfar. Hluti B er austan við bæ 001 og Imbutóft 049:001. Hann er rúmlega 100 m langur, um 0,3 m á hæð og liggur í vikil í boga. Hann liggur norður-suður en beygir til suðvesturs skammt frá Imbutóft. Að sögn Guðmundar Stefánssonar, heimildamanns, sást til túngarðsins í grasivöxnu túni fyrir austan bæ sem búið er að ræsa fram með skurðum. Það er skammt norðan við hluta B.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-039:062 náma mógrafir 63°56.646N 20°50.346V
Mógrafir eru rúma 950 m vestan við bæ 001 og tæpa 400 m suðvestan við tóftir 055. Þjóðvegur 1 er um 70 m sunnar.
Mógrafirnar eru í þýfðum og grónum móa. Moldarflög sjást hér og þar á svæðinu. Náttúrulegir hólar eru umhverfis mógrafirnar.
Mógrafasvæðið er 20 x 18 m að stærð og nánast hringlaga. Þar eru um 15 mógrafir. Þær eru grasivaxnar, þurrar og um 0,4 m djúpar. Vel sést móta fyrir gröfunum og þær virðast renna lítið saman. Grafirnar eru flestar um 2 x 1 m að stærð. Ekki virðist hafa verið fyllt upp í grafirnar.
Hættumat: engin hætta


Mynd 33 Mógrafirnar horft til suðvesturs

ÁR-039:063 tóft fjárskýli 63°57.338N 20°48.898V
Tóft er 215 m austan við götu 621:003 og rúmum 850 m norðaustan við bæ 001.
Tóftin er í þýfðum mosa- og kjarrivöxnum móa. Stutt er niður á hraun.
Tóftin er 5 x 3 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,2 m háir og hvergi sést glitta í grjót. Inngangur er á miðri vesturhlið. Tóftin er mjög þýfð og útlínur hennar óskýrar. Grjót hefur hrunið inn í tóftina, líklega úr veggjum. Tóftin er á hól sem er um 1 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en fjarlægð frá bæ, staðsetning og lag tóftar bendir helst til að hún sé fjárskýli.
Hættumat: engin hætta


Mynd 34 Tóftin horft til austurs



ÁR-039:064 *Grafirnar* náma mógrafir 63°56.368N 20°49.260V
"Grafirnar. Norðaustur frá Vola [ÁR-047]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Mógrafir eru rúmum 1 km sunnan við bæ 001 og rúmum 300 m norðan við Holtshalavað 030. Mógrafirnar eru um 130 m sunnan við félagsheimilið Þingborg, innan svæðis sem var deiliskipulagt árið 2005 en voru ekki skráðar þá. Girðing liggur þvert yfir mógrafasvæðið, norður-suður.
Mógrafirnar eru á sléttu og grasivöxnu svæði. Svæðið er nokkuð þýft og mýrlent.
Mógrafasvæðið er um 180 x 20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þar sjást um 40-50 mógrafir, flestar um 8 x 3 m að stærð en einnig eru minni og stærri mógrafir að finna á svæðinu. Þær eru þurrar og um 0,4 m á dýpt. Nokkrar mógrafanna renna saman. Mógrafirnar liggja í nokkurs konar beinum "línum" eða "ræmum" eftir túninu. Þær raðast hver við hliðina á annarri og mjög stutt er á milli þeirra.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 19; Margrét Hallmundsdóttir, Fornleifaskráning , vegna deiliskipulags í landi Hraungerðis.



Mynd 35 Mógrafirnar horft til norðausturs

ÁR-039:065 *Kot* tóftaþyrping bústaður 63°57.042N 20°51.136V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Í Hraungerðislandi sjást á einum stað fornar girðingar og byggðarleifar. Það eru nú kölluð Kot. Þar segir almenníngsrómur að bærinn Hraungerði hafi áður staðið, en brunnið af voðaeldi til kaldra kola. Finnast þar og enn í dag í jörðunni bæði kol og brunnin ryðjetin járn, sem þessari sögu bera líkindavitni. Eftir bæjarbrunann segja menn Hraungerðisbær hafi þángað fluttur verið, sem nú stendur hann. Skaði væri það heimajörðunni skyldi á þessum Kotum bygð aftur reisa, því það vildi gjörða henni landkreppu því meiri,". Í fornleifaskýrslu Benedikts Sveinssonar frá 1821 segir ennfremur: "Skamt fra Hraúngérdi standa margir hólar sem kallaðir eru Kot, og sá stærsti þeirra gamla Hraúngerdi; er mælt að Bærin hafi þar ádur stadid, en aflagst fyrir reimleíka sakir, og so híngad fluttur verid. Fyrir 40 árum sást glöggt til allra tótta og gyrdínga kríngum túnid - og enn i dag er aúdséd að þar hefir mikil bygging verið - Opt hafa fundist í þessum tóttabrotum plötur af járni og eir og látúni; Og bóndi nockur Olafur Þorkelsson sem bjó i ungdæmi minu á næsta bæ vid hóla þessa fann eittsinn þar skeid af látúni,". Þá segir í örnefnalýsingu: "Fyrir austan Bollastaði



Mynd 36 Kot horft til norðurs, suðurs og suðvesturs

[ÁR-45] eru hólar margir samfastir, er Kot heita einu nafni; stærsti hóllinn heitir Gamla-Hraungerði, og er sagt að Hraungerði hafi staðið þar upphaflega, en verið flutt þaðan fyrir reimleika sakir, og er hvorttveggja trúlegt, því bæði er það, að víða sér móta fyrir gömlum garði í kringum Kotin og, að enginn fer sá um Kotin, er húma tekur, að hann villist ekki." Í örnefnaskrá Hraungerðishrepps segir ennfremur: "Gamla-Hraungerði. Þrír hólar. Gamlar tóftarrústir norðaustur frá Bollastöðum." Túnstæðin á þessum Kotum eru nú engjar frá hjáleigunni Bollastöðum. Sögur herma einnig að eitt sinn þegar kirkjan í Skálholti hafi brunnið því góssi sem bjargað varð verið flutt í Hraungerði. Þar hafi líka orðið bruni og bærinn því fluttur tímabundið í Gamla-Hraungerði. Önnur saga er sú að í Hraungerði hafi verið skemma er nefndist Skálholt. Þar hafi vörur verið geymdar á leið frá Eyrarbakki til Skálholts. Sú skemma hafi brunnið og bærinn tímabundið verið fluttur í Gamla-Hraungerði. Hólarnir eru um 600 m austan við Bollastaði 045:001 og um 1,5 km vestan við bæ 001.
Umhverfis Gamla-Hraungerði er gróið tún. Austan við það er mýrlendi en annars þýfður mói.
Gamla-Hraungerði var, þar sem nú eru, fjórir grasivaxnir hólar sem skera sig úr umhverfinu í annars þýfðum móa. Hnit voru tekin á þremur hólum, A, B og C á svæði sem er um 210 x 80 m stórt. Hólarnir eru á svæði sem snýr austur-vestur og mynda sveig. Þeir eru grasivaxnir og á bilinu 2-3 m á hæð. Rimabarð tengir þá að saman að hluta. Fyrir suðaustan hólana er mýrlendi sem hefur verið þurrkað upp og breytt í tún. Bæjarstæðið er sennilega á stærsta hólnum, hól A, sem er um 40 m í þvermál og nánast hringlaga. Hóllinn er með dældum að ofan en ekki mótar fyrir hleðslum né skýrum hólfum. Einn og einn hleðslusteinn stendur upp úr grassverðinum. Mannvirki hafa ekki verið sjáanleg í hólunum síðan um 1930 og vafalaust lengur. Túnin við hólana voru stækkuð um 1950 og reynt að slétta þá. Aska og hleðslugrjót kom fljótlega upp í vesturhluta hóls A og verkinu þá hætt. Túnin voru þó slegin og notuð til beitar að sögn Ólafs Guðjónssonar, heimildamanns. Túngarður á að hafa verið í kringum hólana, mögulega mótar fyrir honum í lágum hól austan við hól A. Því er ekki hægt að halda fram með vissu þar sem öllu yfirborði svæðisins var raskað við sléttun. Túngarðurinn kemur aftur í ljós vestan við hól A og sést á um 20 m kafla. Þar sést einföld steinaröð sem er mjög sokkin. Mögulega mótar fyrir garðlagi meðfram allri norðvesturhlið núverandi túns, sem Gamla-Hraungerði er innan, í framhaldi af þessum 20 m sem áður sáust. Það er þúfubakki sem liggur frá austri-vesturs og er 0,2 m hár. Ekki mótar fyrir hleðslu en víða glittir í grjót. Er þó mjög ógreinilegt. Garðlag er úr hól B í hól C og er það mjög ógreinlegt og sigið. Þetta eru líklega ekki leifar túngarðsins sem var umhverfis hólana. Einn og einn steinn stendur upp úr grasinu þar núna og sést hann vel á 30 m kafla og liggur hann frá austri til vesturs.




Túngarðurinn er gerður úr einfaldri steinaröð og er 0,15 m hár þar sem hann sést vel.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM II, 137; Ö-Hraungerðishreppur, 6; FF, 203; Ö-Hraungerði ÓS, 2

ÁR-039:066 *Smiðjuhóll* heimild um smiðju 63°56.619N 20°51.617V
"Smiðjuhóll. Við þjóðveg [621:005]: Vestan við Völlinn," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Smiðjan var tæpa 1,9 km vestan við bæ 001 og um 500 m sunnan við Bollastaði 045:001. Þjóðvegur 1 er 30 m sunnar. Þegar gamli þjóvegurinn 621:005 var gerður á milli 1890-95 var smiðja í laut fast upp við smiðjuhól. Þar var gert við verkfæri og annað slíkt. Hóllinn var jafnaður út og jarðvegi ýtt ofan í lautina þegar núverandi þjóðvegur var lagður, sem liggur þó á sama stað og sá gamli.
Hér er nú sléttur grasbali í þýfðu túni. Þar standa nú þúfur upp úr grasinu.
Engin ummerki smiðjunnar né lautarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 6.

ÁR-039:067 náma mógrafir 63°56.935N 20°51.589V
Mógrafir eru rúma 200 m austan við Bollastaði 045:001 og um 1,8 km vestan við bæ 001. Útihús frá Bollastöðum 045:004 er um 180 m vestan við mógrafirnar. Nýlegt hesthús/fjárhús er 80 m austar á náttúrulegum hól.
Mógrafirnar eru í þýfðum móa með náttúrulegum hólum.
Mógrafirnar eru 50 x 35 m að stærð og snýr svæðið norður-suður. Mógrafirnar eru þurrar, grónar og um 0,4 m djúpar. Mógrafirnar eru um 20 talsins en renna saman að miklu leyti. Búið er að fylla upp í mógrafirnar og setja rusl í flestar þeirra.
Hættumat: engin hætta

ÁR-039:068 *Sauðatóft* tóft beitarhús 63°56.364N 20°51.188V
"Sauðatóft. Sunnan við Hólmaflóð," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Sauðatóft er um 600 m suðaustan við Langstaði 046:001 og um 1,8 km suðvestan við bæ 001. Fast austan við tóftina liggur raflína. Beitarhúsin hafa líklega verið notuð frá Langsstöðum ÁR-046.
Tóftin er er í þýfðum móa með blautum dælum hér og þar.
Sauðatóft er 17 x 6 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er vestar og er 9 x 3 m að innanmáli. Vesturhlið þess er opin. Veggir hólfsins eru um 0,5 m á hæð og sjást tvenn umför af grjóthleðslum sjást í þeim. Grjóthlaðnir garðar eru meðfram norður- og suðurvegg. Ekki virðist vera innangengt á milli hólfa. Hólf 2 er 5 x 3 m að innanmáli og grunnflötur þess um 1 m lægri en í hólfi 1. Hólfið hefur líklega verið hlaða. Hvergi mótar fyrir inngangi inn í hólfið. Veggirnir eru 1,5 m á hæð og sjást fjögur umför af grjóthleðslu í þeim. Austurveggur hólfsins er best varðveittur, hann virðist vera grafinn inn í náttúrulegan hól sem er austan við tóftina.


Mynd 37 Sauðatóft horft til austurs



Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur 20.

ÁR-039:069 náma mógrafir 63°56.957N 20°52.313V
Mógrafir eru tæpa 420 m suðaustan við Bollastaði 045:001 og um 2,4 km vestan við bæ 001. Tveir náttúrulegir hólar eru fast austan við mógrafirnar og mórinn líklega verið þurrkaður þar.
Mógrafirnar eru í þýfðum, frekar sléttum mýrlendum móa.
Mógrafirnar eru á svæði sem er um 200 x 60 m stórt. Ekki er um samfellt svæði að ræða heldur stakar grafir sem eru flestar um 1,5 x 1,5 m að stærð. Mógrafirnar eru 0,3 m djúpar, þurrar og dreifðar. Ekki er hægt að áætla hversu margar grafirnar eru sökum þýfis, þær eru líklega um 15-20 talsins.
Hættumat: engin hætta

ÁR-039:070 tóftir fjárskýli 63°57.099N 20°52.035V
Tvær tóftir, óþekktar úr heimildum, eru um 415 m norðan við Bollastaði 045:001 og um 2,2 km vestan við bæ

001. Núverandi landamerki Bollastaða og Hraungerðis eru um 20 m norðar.



Mynd 38 Tóft A og B, horft til norðurs

Tóftirnar eru í þýfðum móa með malarþembum á víð og dreif. Grasivaxnar lautir eru inn á milli í þýfðum móanum.
Tvær tóftir, á sitthvorum náttúrulegum hólnum, eru á svæði sem er um 40 x 30 m að stærð og snýr norður-suður. Tóft A er norðar. Hún er 8 x 5 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,4 m háir og glittir víða í grjót. Hleðslurnar eru ógreinilegar en tvenn umför af grjóthleðslum sjást. Inngangur er á miðri suðurhlið. Tóft B er tæpum 40 m suðvestan við tóft A. Tóftin er 5 x 4 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,3 m á háir og eitt umfar af grjóthleðslum sést. Inngangur er á austurhlið, líklega í austurhorni. Tóftin er sigin og veggir nokkuð ógreinilegir. Líklegt er að þetta séu tóftir fjárskýla vegna fjarlægðar frá bæ og lögunar. Ekki er vitað hvort þau voru nýtt frá Hraungerði eða Bollastöðum.
Hættumat: engin hætta

ÁR-039:071 *Ráðleysa* tóft beitarhús 63°56.980N 20°51.390V



Mynd 39 Ráðleysa horft úr norðri

Beitarhús er um 190 m austan við mógrafir 067 og um 1,7 km vestan við bæ 001. Nýlegt hesthús/fjárhús á Bollastöðum ÁR-045 er 20 m vestan við beitarhúsin. Beitarhúsin voru í notkun fram til um 1970. Tóftin gengur einnig undir nafninu Ráðleysa en sögur herma að hér hafi býli með því nafni staðið eitt sinn en þess er hvergi getið í heimildum. Beitarhúsið var nýtt frá Bollastöðum ÁR-045.
Beitarhúsið er í þýfðum móa og er á náttúrulegum hól. Höllin er gróinn og aflíðandi.
Tóftin snýr norður-suður og er 20 x 11 m að stærð. Hún skiptist í þrjú hólf. Hólf 1 vestast í tóftinni, snýr norður-suður og er 10 x 6 m að innanmáli. Hólfið er opið til suðurs og innangengt í hólf 3 á norðurvegg. Veggirnir eru 0,7 m háir og þrenn umför af grjóthleðslum sjást. Hólfið var notað sem hesthús undir lokin. Hólf 2 er austan við hólf I. Það er 11 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 1,2 m og sex umför af grjóthleðslum sjást í þeim. Hólfið var opið til suðurs og innangegnt í hólf 3 á norðurvegg. Norðurveggir á hólfi 1 og 2 eru eingöngu úr grjóti. Hólfið var notað sem fjárhús. Hólf 3 er norðan við hólf I og II. Það er 12 x 8 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Gólfflöturinn er lægri en í hinum hólfunum en fyllt hefur verið upp í hólfið með rusli. Veggirnir eru 0,5 m háir og þrjú umför af steinum sjást. Enginn skýr inngangur sést en það voru inngangar úr hinum hólfunum. Hólfið var notað sem hlaða.
Hættumat: engin hætta

ÁR-039:072 þúst óþekkt 63°56.727N 20°52.622V




Mynd 40 Þústin horft til NNA

Þúst er um 50 m austan við núverandi landamerki Króks ÁR-054 og Bollastaða ÁR-045. Þústin er rúma 720 m fyrir vestan bæ 001 og tæpum 750 m VSV við Bollastaði 045:001.
Þústin er í þýfðum móa með náttúrulegum malarvöllum og mýrlendi.
Þústin, eða rústahóllinn, er um 14 x 10 m að stærð og 4 m á hæð. Hóllinn snýr norður-suður. Hann er brattur og glittir í grjót í öllum

hliðum hans. Hvergi sést þó skýr hleðsla eða móta fyrir hólfi. Mjög líklegt er að mannvistarleifar leynist hér undir sverði. Hóllinn er flatur en jafnframt ójafn að ofan. Þúfubarð er á vesturhlið hólsins. Í suðurenda hólsins hefur grjóti verið hlaðið upp án sjáanlegs tilgangs.
Hættumat: engin hætta

ÁR-039:073 tóft óþekkt 63°56.086N 20°51.868V
Tvískipt tóft er um 2,6 km suðvestan við bæ 001 og um 600 m sunnan við Langstaði 046:001. Skurður á merkjum Langstaða og Vola er um 20 m norðar
Tóftin er í þýðum móa með blautum dælum.
Tóftin er 7 x 6 m að stærð, er tvískipt og snýr norður-suður. Hólf 1 er sunnar og snýr austur-vestur. Það er 5 x 4 m að innanmáli og inngangur í norðurhorni á vesturhlið. Veggirnir eru grjóthlaðnir og um 0,4 m á hæð. Það sjást tvenn umför af grjóthleðslum í þeim. Hólf 2 er um 1 x 1 m að innanmáli. Hólfið hefur verið fyllt af stórgrýti og erfitt er að átta sig á inngangi. Veggirnir eru grjóthlaðnir og sjást tvenn umför. Ekki hefur verið innangengt á milli hólfanna . Tóftin er á hól sem er 30 x 20 m að stærð.






Mynd 41 Tóftin horft til norðurs

Hættumat: engin hætta

ÁR-039:074 tóft fjárskýli 63°56.112N 20°50.043V
Tóft er rúmum 250 m austan við Vola 047:001 og um 1,6 km sunnan við bæ 001. Tóftin er upp við kletta í vesturhlíð Volaholts.
Tóftin er í þýfðum móa með mýrlendisflákum.
Tóftin er byggð upp við kletta og mynda þeir austurvegg hennar. Vesturveggur tóftarinnar er einungis varðveittur og er hann um 4 m á lengd. Hann er grjóthlaðinn og sést eitt umfar af grjóthleðslum í honum. Veggurinn er um 0,2 m á hæð en tóftin sjálf er um 3 m á breidd. Tóftin snýr norður-suður og stærð hennar, lega og gerð bendir til þess að hér sé um fjárskýli að ræða.





Mynd 42 Tóftin horft til suðurs

Hættumat: engin hætta

ÁR-039:075 náma mógrafir 63°56.463N 20°50.347V
Mógrafir eru í þýfðum móa á milli tveggja vega. Grafirnar eru um 10 m fyrir vestan við Villingaholtsveg og um 4 m fyrir austan veg sem liggur að sumarbústað sem stendur um 230 m fyrir norðan Hróarsholtslæk. Mógrafirnar eru um 1,2 km suðvestan við bæ 001 og tæpa 300 m suðvestan við stekk 083.
Mógrafirnar eru í þýfðum móa með náttúrulegum hólum.
Mógrafirnar eru um 60 x 40 m stórar og snúa austur-vestur. Á svæðinu eru milli 20 og 30 mógrafir. Svæðið er eins og hálfhringur í laginu en því hefur líklega verið raskað þegar Villingaholtsvegur var lagður. Grafirnar eru bæði blautar og þurrar, djúpar og grunnar og stórar og litlar. Þær grafir sem eru yst eru blautar en þær sem eru í miðjusvæðinu þurrar. Grynnstu grafirnar eru um 0,2 m en þær dýpstu um 0,7 m. Grafirnar renna flestar saman en inn á milli eru stakar grafir. Sú minnsta er 2 x 2



Mynd 43 Mógrafirnar horft til SSA

m en sú stærsta 10 x 10 m.
Hættumat: engin hætta

ÁR-039:076 náma mógrafir 63°56.474N 20°49.173V
Mógrafir eru um 50 m austan við félagsheimilið Þingborg og tæpa 850 m sunnan við bæ 001.
Þær eru á grasivöxnu svæði, fast austan við veg að félagsheimilinu.
Mógrafirnar eru um 50 x 45 m að stærð og snýr svæðið norður-suður. Grafirnar liggja í sveig umhverfis grasivaxið holt sem afmarkar þær til austurs. Hægt er að greina yfir 30 stakar mógrafir sem flestar eru blautar. Vatnið er um 0,3 m djúpt. Mógrafirnar eru á bilinu 0,5 - 1 m á dýpt. Flestar mógrafirnar eru um 4 x 2 m að stærð en einnig eru stærri og minni grafir hér að finna. Mógrafirnar renna ekki mikið saman.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Mynd 44 Mógrafirnar horft til vesturs


ÁR-039:077 *Hvíldarhóll* örnefni áfangastaður
"Þaðan í vestur Digrihóll [frá 037], skammt fyrir sunnan hann Hvíldarhóll, þaðan í vestur fyrir norðan þjóðveginn Kerlingargrafir [038]," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Hér er að öllum líkindum ekki um sama Hvíldarhól og 047 að ræða. Þessi hóll er mun vestar en hvorki Guðmundur Stefánsson né Ólafur Guðjónsson, heimildamenn, vissu hvar hann gæti verið að finna. Telja verður þó líklegt að hann hafi verið nærri einhverri leið.
Ekki reyndist unnt að staðsetja minjastaðinn nákvæmlega.
Heimildir:Ö-Hraungerði ÓS, 2

ÁR-039:078 *Bollastaðakot* tóftir+garðlag býli 63°56.885N 20°52.121V
Í Sunnlenskum byggðum II segir: "Hraungerði fylgdu 11 hjáleigur; 6 þeirra hafa verið lagðar undir heimajörðina [...] Bollastaðakot (tómthúskot): Síðasti ábúandi, Kristján Þorvaldsson, dó þar skömmu fyrir 1930 [...] Bollastaðakot mun hafa verið í byggð um 50 ára skeið,." Bollastaðakot er merkt á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 um 200 m vestan við Bollastaði 045:001, utan túns. Bollastaðakot er um 2,3 km vestan við bæ 001.
Bollastaðakot er á náttúrulegum hól í þýfðum móa. Móinn er grasivaxinn með moldarflögum.



Mynd 45 Bollastaðakot horft til vesturs og tóft B horft til norðvesturs

Bollastaðakot er á svæði sem er um 40 x 35 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þar eru tvær tóftir og garðlag sem fengu bókstaf til aðgreiningar. Tóft A er 16 x 16 m að stærð og skiptist í fimm hólf. Þetta er bæjartóft kotsins Tóftin er á 3 m háum náttúrulegum hól. Hólf 1 er austast í tóftinni, er 7 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Inngangur er á miðri suðurhlið og ekki er innangengt úr því í önnur hólf. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og sést í tvö umför af hleðslugrjóti í þeim. Hólf 2 er vestanvið hólf 1. Þar er 5 x 5 m að stærð. Veggirnir eru 1 m á hæð og sjást fjögur umför af hleðslugrjóti í þeim. Inngangur er á miðri suðurhlið og ekki innangengt úr því í önnur hólf. Hólfið er fullt af bárujárni og spýtnabraki og var notað í seinni tíð sem reykhús að sögn Ólafs Guðjónssonar, heimildamanns. Hólf 3 er vestast í tóftinni. Það er 4 x 4 m að stærð. Veggirnir eru 1 m hæð en gólfflöturinn er 0,7 m lægri en í hólfum 1 og 2. Inngangur er á miðri suðurhlið og fjögur umför af grjóthleðslum sjást í veggjum. Ekki virðist vera innangengt úr því í önnur hólf. Hólf 4 er á milli hólfa 2 og 3. Þar er 4 x 5 m að stærð og snýr austur- vestur. Göng (bæjargöng?) liggja inn í hólfið frá miðjum suðurvegg tóftarinnar. Göngin liggja norður-





suður og sjást á 1 m kafla. Ekki virðist vera innangengt í önnur hólf frá hólfi 4 nema þá mögulega úr göngunum. Þrjú umför af grjóthleðslu sjást í veggjum sem eru 0,5 m háir. Hólf 5 er norðan við hólf 4. Þar er 8 x 5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Inngangur er á norðurvegg, í austurhorni. Ekki virðist vera innangengt frá þessu hólfi yfir í önnur hólf. Veggirnir eru 1 m á hæð og þrjú umför af grjóti sjást í veggjum. Tóft B er um 20 m fyrir norðan tóft A, á lágum náttúrulegum hól. Hún snýr norðvestur-suðaustur og er 8 x 8 m að stærð. Tóftin er gróin og hleðslur signar. Tóftin skiptist í þrjú hólf. Hólf 1 er vestast í tóftinni. Það er 5 x 4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Inngangur á á miðri suðurhlið og innangengt er úr því í hólf 2 á miðjum norðurvegg. Veggir eru 0,4 m á hæð en ekki sjást skýrar hleðslur heldur glittir í grjót hér og þar. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er 3 x 3 m að stærð. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og fjögur umför af grjóti sjást í þeim. Hólf 3 er austan við hólf 1. Það er 4 x 4 m að stærð. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og sjást tvö umför af grjóti í þeim. Inngangur er á miðri suðurhlið. Leifar af garðlagi C eru norðan og austan við tóft A, það liggur í hálfhring umhverfis hana. Garðlagið liggur á milli tófta A og B, inngangur er í vesturhorni á suðurhlið. Garðlagið er úr einfaldri steinaröð og eitt umfar hleðslu sjáanlegt. Garðlagið er sigið og ógreinilegt á köflum. Hér er líklega um kálgarð eða túngarð að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; SB II, 437

ÁR-039:079 *Hurðarbakshlöð* heimild um vað 63°56.066N 20°48.290V
"Hurðarbakshlöð. Vað á Hróarsholtslæk," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Vaðið er um 1,8 km norðaustan við bæ 001 og um 900 m sunnan við Stekkjatúnshól 080. Fyrir norðan Hróarsholtslæk er grasivaxið tún en þýfður mói sunnan hans. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var notað en líklegt er að hún hafi legið að Hurðabaki ÁR-034.
Hróarsholtslækur rennur til vesturs á þessu svæði og er um 5 m breiður og djúpur.
Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði né sést til gatna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur 30.



Mynd 46 Vaðið horft til suðurs

ÁR-039:080 *Stekkjartúnshóll* heimild um stekk 63°56.502N 20°48.805V
"Stekkjartúnshóll. Suðaustur frá bænum [044:001]" segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Stekkatúnshóll er um 200 m sunnan við Skeggjastaði 044:001 og tæpa 900 m norðaustan við bæ 001. Hróarsholtslækur rennur fast sunnan og vestan við Stekkatún. Stekkurinn var að öllum líkindum notaður frá Skeggjastöðum.
Þar sem Stekkatúnshóll var, er slétt tún þar sem fóðurkál er ræktað.
Engin ummerki stekkjar sjást nú á yfirborði. Hann hefur líklega horfið við túnasléttun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 31.

ÁR-039:081 *Stóravarða* heimild um samgöngubót
"Stóravarða. Austan við Krakalæk," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Ekki er vitað nákvæmlega hvar Stóravarða var né kannaðist Guðmundur Stefánsson, heimildamaður, við að hafa heyrt hennar getið. Krakalækur kemur upp vestarlega í landi nýbýlisins Kjartansstaða og rennur í Hróarsholtslæk innan núverandi merkja Skeggjastaða ÁR-044. Guðmundur taldi líklegt að varðan hefði verið í landi Kjartansstaða og verið vegvísir á leið 621:009.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur 19.

ÁR-039:082 *Torfvík* heimild um ristu 63°56.921N 20°48.306V
"Torfvík. Í norður frá heimri Grænutóft [019]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Að sögn Skeggja Gunnarssonar, heimildamanns, var torf tekið sunnan við Smalaskálaskurð og norðan við Skeggjastaði 044:001. Hann vissi samt ekki hvar nákvæmlega en það hefði getað verið á stóru svæði. Torfristan var um 850 m austan við bæ 001 og um 700 m NNA við Skeggjastaði 044:001.
Þar sem torfið var rist er þýfður, gróinn mói með náttúrulegum hæðum, grónum hraunbreiðum og blautum mýrarflákum.
Engin ummerki torfristunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 31.

ÁR-039:083 *Stekkatún* tóft stekkur 63°56.602N 20°50.178V






Mynd 47 Stekkurinn horft til vesturs

"Stekkatún. Hóll í horninu við þjóðveg frá Volaveg [621:001]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Stekkurinn er um 150 m norðvestan við mógrafir 062 og tæpum 900 m suðvestan við bæ 001. Þjóðvegur 1 er um 20 m til norðar. Stekkurinn hefur líklega verið notaður frá Lambastöðum 043:001.
Stekkurinn er í þýfðum móa með grónum hraunhólum á stöku stað.
Stekkurinn er í vesturhlið náttúrulegs hóls sem er um 40 m í þvermál. Norðurhlið hólsins hefur verið raskað, líklega vegna framkvæmda við Þjóðveg 1. Stekkurinn er um 5 x 4 m að stærð, er einfaldur og snýr norður-suður. Veggirnir eru um 0,7 m á hæð og alveg grónir. Það glittir í grjót hér og þar en engar skýrar hleðslur. Inngangur er í vesturhorni stekkjarins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 19.

ÁR-039:084 *Stekkjarholt* tóft stekkur 63°56.697N 20°46.450V



Mynd 48 Stekkurinn horft til SSV



"Stekkjarholt. Í austur frá Strákateig," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Stekkurinn er tæpum 700 m sunnan við Miklaholtshelli 048:002 og um 2,4 km austan við bæ 001. Stekkurinn var notaður frá Miklaholtshelli. Hann er sunnan undir klettabelti í suðvesturhorni syðra Miklaholtsins.
Fyrir sunnan stekkinn er gróið tún en til norðurs er þýft holt með klettabeltum.
Stekkurinn er sunnan við klettabelti sem myndar norður- og vesturhlið hans. Klettarnir slúta yfir stekkinn að hluta og hann hefur verið á skjólsælum stað. Stekkurinn snýr austur-vestur, er um 11 x 8 m að stærð og er einfaldur. Veggir stekkjarins eru um 0,5 m á hæð og alveg grónir. Aðeins sést glitta í grjót hér og þar. Inngangur er á austurhlið, fast upp við klettana. Fyrir sunnan stekkinn er brekka til suðurs niður á slétt grasivaxið tún. Brekkan er um 2 m há og fremur brött.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur 27.

ÁR-039:085 *Mómýri* heimild um mógrafir 63°56.922N 20°45.912V
"Mómýri. Milli Miklholta," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Mógrafirnar voru um 2,8 km austan við bæ 001 og um 600 m suðaustan við Miklaholtshelli 048:002.
Þar sem mógrafasvæðið var eru nú grasivaxin og slétt tún, í halla til austurs niður á milli holtanna.
Engin ummerki mógrafa sjást á yfirborði. Að sögn Bjarna Eiríkssonar, heimildamanns, var þarna mikil mór. Hann mundi þó ekki hversu margar stungur hefðu verið niður á móinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur 26.

ÁR-039:086 *Byrgisholt* örnefni
Örnefnið Byrgisholt er á lista yfir örnefni í Miklaholtshelli ÁR-048, sagt í landsuður [suðaustur] af bænum. Bjarni Eiríksson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið né vissi um byrgi á holtinu fyrir suðaustan bæinn. Það eru tvö holt, Miklaholtin (fyrir sunnan bæ 048:002) og upp úr þeim hólar og hæðir. Byrgisholt var líklega á öðru þessara holta. Uppi á Miklaholtunum er nú búið að gera slétt tún og byrgið mögulega horfið við það.
Á þessum slóðum eru slétt og grasivaxin tún með steinum og klettabeltum til suðurs, norðurs og austurs.
Miklaholtin voru skoðuð á vettvangi án þess að nokkuð sæist til byrgisins.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Ö-Hellir, 1.

ÁR-039:087 frásögn óþekkt 63°56.855N 20°46.349V
Aska fannst þegar túnin suðaustan við Miklaholtshellli 048:002 voru sléttuð um miðja 20. öld. Þetta var vestan við þar sem brekkan skiptist, austan við malarveginn sem liggur að bænum að sögn Bjarna Eiríkssonar, heimildamanns. Askan var uppi á brekku, á láréttu svæði rétt við veginn. Askan fannst um 450 m sunnan við Miklaholtshelli 048:002 og um 2,5 km austan við bæ 001.
Þar sem askan fannst eru nú slétt og grasivaxin tún þar sem Miklaholtin koma niður til vesturs.
Ekki voru tóftir sjáanlegar á yfirborði að sögn Bjarna þegar svæðið var sléttað. Ekki komu upp hleðsluleifar við þessa framkvæmd.
Hættumat: engin hætta

ÁR-040 Móakot

1708 og 1847, hjáleiga frá Hraungerði. 1708: "Móakot, níunda hjáleiga, í eyði næstu 20 ár, bygð á hesthússtæði í heimatúninu hjer um fyrir 30 árum." JÁM II, 138
1708: "Ekki vita menn með hverjum kostum þetta býli hafi bygt verið, en þó ætla menn þá alllitla veriðhafs, bæði landskuldarhæð og kúgildafjölda. Fóðrast kunni eftir því lítið eða mikið sem heimabóndinn aflagði. Ekki má hjer aftur byggja nema til meins og skaða heimajörðunni." JÁM II, 138.

ÁR-040:001 *Móakot* bæjarhóll bústaður 63°56.921N 20°49.316V



Mynd 49 Bæjarhóllinn horft til vesturs

Þrjú hús eru merkt á bæjarhól Móakots á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bæjarhóllinn er um 30 m austan við Hraungerði 039:001, fast norðan við traðir 039:004. Bærinn er einnig sýndur á túnakorti Hraungerðis frá 1918. Engin ummerki bæjarhólsins sjást nú en öllu svæðinu hefur verið raskað síðan bærinn fór í eyði nálægt 1870.
Þar sem bærinn var er nú aflíðandi, 5 m löng brekka til norðurs. Vegarslóði liggur niður brekkuna til austurs að steinsteyptu fjósi. Líklegt er að bærinn hafi lent undir honum.
Engin ummerki bæjarhólsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-041 Heimaland

1708 og 1847, hjáleiga frá Hraungerði.
1708: "Heimaland, áttunda hjáleiga, bygð fyrir manna minni í heimatúninu, hefur nú í eyði legið næstu 6 ár." JÁM II, 137.
1708: "Fóðrast kunni v kýr, x ær, viii lömb, ii hestar. Þessa grasnautn brúkar nú heimajörðin og er henni áður talin. Aftur má hjer byggja, en þó rýrir það alt heimajörðina, sem hjáleigan hefur, og er henni til skaða." JÁM II, 137.

ÁR-041:001 *Heimaland* bæjarhóll bústaður 63°56.775N 20°49.460V
Heimaland er merkt á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1918, tæpum 280 m sunnan við Hraungerði 039:001, syðst í gamla heimatúninu. Bæjarhóllinn er tæpa 250 m suðvestan við Starkarhús 042:001. Bærinn fór í eyði árið 1902.
Norðan, sunnan og vestan við bæjarhólinn er slétt grasivaxið tún. Til austurs er þýfður mói með mýrarflákum.



Mynd 50 Bæjarhóllinn horft til suðausturs, suðurs og austurs

Bæjarhóllinn er 4 m hár, 17 m í þvermál og nánast hringlaga. Hann er þýfður og sléttur að ofan. Bærinn hefur snúið austur-vestur og framhliðin vísað til suðurs skv. túnakorti frá 1918 og bæjateikningum danskra landmælingamanna frá 1906. Engar hleðslur sjást á hólnum. Í norðurhorni hólsins hafa kindur raskað hluta hans og er þar opið moldarflag. Þar sést hleðsla sem liggur norðaustur-suðvestur og sjást tvö umför af grjóti þar. Í moldarflaginu sést hvorki aska né aðrar mannvistarleifar fyrir utan fyrrnefnda **Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-041:002 heimild um kálgarð 63°56.768N 20°49.463V
Kálgarður er merktur á bæjateikningu danskra landmælingamanna, fast sunnan við bæ 001. Kálgarðurinn var um 10 m suðvestan við bæ 001 og tæpa 50 m suðaustan við útihús 039:007. Beinn stallur, 0,30 m á hæð, er á suðurhlið bæjarhólsins 001 og gæti hann hafa markað norðurenda kálgarðsins.
Norðan, sunnan og vestan við bæjarhólinn er slétt tún og gróið tún. Til austurs er þýfður mói með mýrarflákum. Fast sunnan við bæ 001 er þýfður og sléttur grasblettur, þar var kálgarðurinn líklega.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-042 Starkarhús

1708 og 1847, Hjáleiga frá Hraungerði. 1708: "Starkarhús, fjórða hjáleiga, bygð í heimatúninu fyrir manna minni." JÁM II, 135.
1708: "Fóðrast kann v kýr, i úngneyti, xv ær, viii lömb, ii hestar. Kostir og ókostissem á hjáleigunni Lambastöðum [sjá ÁR-043], nema vatn þrýtur hjer ekki." JÁM II,136.

ÁR-042:001 *Starkarhús* bæjarhóll bústaður 63°56.906N 20°49.398V




Mynd 51 Bæjarhóllinn horft til norðurs og suðausturs

Tvö hús eru merkt á bæjarhól Starkarhúsa á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bæjarhóllinn var um 40 m vestan við Hraungerði 039:001, fast sunnan við heimreið 039:004. Bæjarhóllinn er einnig sýndur á túnakorti Hraungerðis frá 1918. Vegur að kirkju 039:002 er fast til norðurs frá bæjarstæðinu. Núverandi íbúðarhús í Hraungerði sem var byggt eftir 1980, stendur fast vestan við bæjarstæðið. Þegar það var byggt kom upp aska, mögulega úr öskuhaug Starkarhúsa. Bærinn fór í eyði árið 1902.
Þar sem bærinn var, er nú, slétt grasivaxin brekka sem hallar til suðurs niður af náttúrulegu holti. Brekkan er 7 m löng og 3 m há. Þetta er sama holt og Hraungerði 039:001 stóð á.
Engin ummerki bæjarhólsins sjást á yfirborði
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-042:002 heimild um kálgarð 63°56.903N 20°49.397V
Kálgarður er merktur á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906, um 5 m sunnan við bæ 001. Brunnur 039:050 er tæpa 10 m til austurs. Kálgarðurinn er nú horfinn, líklega vegna túnasléttunar.
Kálgarðurinn var fast sunnan við náttúrulegan holt sem Hraungerði 039:001, Móakot 040:001 og bær 001 eru á. Þar er nú slétt tún.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-043 Lambastaðir



1708 og 1847, hjáleiga frá Hraungerði
1708: "Lambastader, þriðja hjáleiga, bygð fyrir manna minni skamt frá heimatúninu." JÁM II, 135.
1708: "Fóðrast kann iii kýr, ii úngneyti, xii ær, x lömb, ii hestar. Kostir og ókostir sem segir um hinar hjáleigurnar, nema hvað engjarnar eru meir úr sjer gengnar af lækjum, sem borið hafa leir og slý. Vatnsból bregst og stundum á vetur, og er þá mjög erfitt til að sækja." JÁM II, 135.
1918: "Tún: 2,15 ha. girt með áfastri spildu vestn við túnið. ca 75% sljett. Matjurtagarðar. 10 arar" Túnakort 1918.

ÁR-043:001 *Lambastaðir* bæjarhóll bústaður 63°56.733N 20°49.191V
Fjögur hús eru merkt á bæjarhól Lambastaða á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig sýndur á túnakorti frá 1918. Öll ummerki bæjarhólsins eru nú horfin. Að sögn Tryggva Guðmundssonar, heimildamanns, var gamli bærinn norðan við núverandi íbúðarhús á Lambastöðum sem var byggt var um 1980. Annað íbúðarhús var að öllum líkindum byggt ofan í bæjarhólinn 1944 en það hefur nú verið rifið. Þetta hús sést á ljósmynd í Sunnlenskum byggðum II. Vegarslóði liggur nú út á gróin tún vestan við núverandi íbúðarhús.
Bærinn var á náttúrulegu holti, sem núverandi einbýlishús stendur á. Fyrir norðan það er nokkuð brött brekka til norðurs, líklegt er að bærinn hafi staðið þar á brekkubrúninni. Ekki er hægt að greina uppsöfnuð mannvistarlög á þessum slóðum og svæðinu líklega öllu verið raskað.
Engin ummerki bæjarhólsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918; SB II, 442

ÁR-043:002 heimild um útihús 63°56.739N 20°49.190V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 var útihús um 15 m norðan við bæ 001 og um 90 m sunnan við útihús 003.
Svæðið þar sem útihúsið var hefur verið fyllt upp af taði og heyi. Svæðið hefur eflaust verið mýrlent en er nú innan slétt túns.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði. Útihúsið hefur líklega horfið vegna túnasléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-043:003 þúst útihús 63°56.789N 20°49.227V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 var útihús um 100 m norðan við bæ 001 og um 90 m norðan við útihús 002. Skurður á merkjum Lambastaða og Hraungerðis ÁR-039 er um 5 m vestar.
Þar sem útihúsið var er nú slétt grasivaxið tún með náttúrulegum hólrimum.
Tvær dældir eru svæði sem er 6 x 2 m og snýr norðaustur-suðvestur. Dældirnar eru um 5 m háum hól. Þær eru báðar 2 x 2 m að stærð og 2 m grasivaxið haft á á milli þeirra. Telja verður líklegt að útihúsið hafi verið á þessum stað og að það hafi skipst í tvö hólf.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-043:004 heimild um kálgarð 63°56.729N 20°49.187V
Kálgarður er merktur á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1918. Kálgarðurinn var sambyggður bæjarhúsunum.
Þar sem kálgarðurinn var er nú (2009) slétt, malarborið svæði austan við núverandi fjárhús og eru m.a. geymdar heyrúllur á þessum slóðum.
Kálgarðurinn var um 20 x 20 m að stærð samkvæmt túnakortinu. Líklegt er að kálgarðurinn hafi horfið við rask á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-043:005 heimild um kálgarð 63 56.725N 20 49.194V
Kálgarður er merktur á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1918, um 5 m sunnan við bæ 001 og rúmum 15 m norðan við útihús 007. Kálgarðurinn var í nokkuð brattri brekku til norðurs niður náttúrulegt holt sem bær 001 var. Þar er nú búið að setja niður rotþró og líklegt að svæðinu hafi öllu verið raskað.
Þar sem kálgarðurinn var vex nú rabarbari.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-043:006 heimild um útihús 63 56719N 20 49.203V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 30 m suðvestan við bæ 001 og um 10 m norðan við útihús 007. Þar sem útihúsið var er nú sléttur bakgarður vestan við núverandi íbúðarhús. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklegt að það hafi þegar verið fallið úr notkun þá.
Útihúsið var á náttúrulegu holti, sunnan við bæ 001.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-043:007 heimild um útihús 63 56.717N 20 49.193V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 40 m suðaustan við bæ 001 og um 10 m suðaustan við útihús 006. Útihúsið var undir norðvesturhorni núverandi einbýlishúss á Lambastöðum. Líklegt er að öll ummerki útihússins hafi horfið þegar einbýlishúsið var byggt. Útihúsið er ekki merkt inn á túnakort frá 1918 og líklegt að hafi verið fallið úr notkun þá.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.


ÁR-043:008 hleðsla traðir 63°56.801N 20°49.109V
Traðir eru merktar á túnakort frá 1918 við norðausturbrún gamla heimatúnsins. Ummerki traðanna sjást enn og liggja þær norðvestur-suðaustur og eru um 140 m langar. Ekki sést hvar þær hafa komið að bæ 001 en þær hafa líklega legið að Hraungerði ÁR-039 til norðvesturs og áfram suður að Skeggjastöðum ÁR-044. Á þessum slóðum mótar fyrir hleðslu í grasivöxnu og sléttu túni.
Hleðslan er á mörkum þýfðs móa til austurs og ræktaðs túns til suðurs.
Um 40 m löng hleðsla sést þar sem mörk gamla heimatúnsins voru og líklegt að traðirnar hafi afmarkað norðurhlið túnsins. Hleðslan liggur norður-suður, er um 0,2 m á hæð, 0,4 m á breidd og mosavaxin. Hún er sigin en það glittir í grjót hér og þar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918.


Mynd 52 Hleðslan horft til SSA

ÁR-043:009 *Hulduhóll* heimild um útihús 63°56.751N 20°49.130V
"Í Lambastaðatúni er Hulduhóll, hóll með háum klettum; þaðan má oft heyra strokkhljóð, og þar sést oft ljós í myrkri, en enginn veit hver kveikt hefur," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús um 60 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 50 m sunnan við útihús 003. Útihúsið var í norðurhlið Hulduhóls. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega verið fallið úr notkun þá.
Norðurhliðar Hulduhóls eru grasivaxnar og lágar steinklappir koma hér og þar upp úr sverði.
Hulduhóll er um 3 m hár og er efsti hluti holts sem gengur norðvestur frá bæ 001. Í norður- og vesturhlið hólsins er stuðlaberg. Hóllinn er grasivaxinn að ofan en vesturhlið hans er þýfð. Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Ö-Hraungerði ÓS, 1


Mynd 53 Hulduhóll horft til suðurs

ÁR-044 Skeggjastaðir



1708 og 1847, hjáleiga frá Hraungerði.
1708:"Skeggiastader, önnur hjáleiga, bygð fyrir manna minni í úthögum." JÁM II, 134.
1708: "Fóðrast kann iii kýr, vi ær, vi lömb, ii hestar. Kostir og ókostir sem segir um hjáleiguna Hellir [sjá ÁR-048], nema hjer grandar ekki túninu, en vatnsból sæmilegt. Hættur eru hjer meiri fyrir kvikfjenað en annarstaðar." JÁM II, 135.
1918: "Tún: 2.46 ha. Náttha. 0.63 + 0.13 ha [samasem] 3.27 ha. girt. ca. 95% sljett. Matjurtagarðar: 12.71 arar" Túnakort 1918.

ÁR-044:001 *Skeggjastaðir* bæjarhóll bústaður 63°56.606N 20°48.813V

Fjögur hús eru merkt á bæjarhól Skeggjastaða á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bæjarhóllinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Núverandi vegur að bænum, liggur beint upp á bæjarhólinn sem var ofarlega á náttúrulegu holti. Á því er nú íbúðarhús byggt 1967 og tvenn steinsteypt útihús.

Svæðið vestan við íbúðarhúsið er malarborið og notað m.a. sem bílastæði og vélageymsla. Bratt er niður holtið til suðurs, vesturs og norðurs.

Núverandi íbúðarhús stendur þar sem torfbærinn var áður. Engin ummerki eldri bæjarhúsa sjást þar nú og líklegt að stórum hluta þeirra hafi verið raskað við byggingu hússins. Bæjarhóllinn virðist hafa verið sléttaður en um 30 m langur og 2 m hár bakki er fyrir sunnan íbúðarhúsið, í aflíðandi brekku til suðurs. Það eru mögulega útlínur bæjarhólsins. Ekki er hægt að geta sér til um stærð bæjarhólsins en hann hefur snúið austur-vestur.



Mynd 54 Bæjarhóllinn horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-044:002 gerði kálgarður 63°56.603N 20°48.789V

Kálgarður er merktur á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918, skammt suðaustan við bæ 001. Einungis traðir 005 hafa verið þar á milli. Fyrir sunnan og austan kálgarðinn er gróið tún, heimreið 005 að bænum er til vesturs og íbúðarhúsið til suðurs. Kálgarðurinn er nú nýttur sem lóð sunnan við núverandi íbúðarhús á Skeggjastöðum.

Kálgarðurinn er í halla til suðausturs niður af náttúrulegu holti sem bær 001 stóð á.

Kálgarðurinn er um 40 x 25 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er einfaldur og allar hliðar eru varðveittar nema til norðurs. Grenitrjám og öspum hefur verið plantað í alla gerðisveggina. Steinn er notaður sem skraut í miðju hans og rólur eru í suðausturhorni. Austurhlið kálgarðsins hefur verið raskað í norðurenda en að öðru leyti er hún um 0,5 m á hæð og glittir víða í grjót. Suðurhlið kálgarðsins er 1-1,5 m á hæð og í henni sjást fjögur umför af grjóthleðslu. Vesturhliðin er um 0,9 m há og sjást þrenn umför af grjóthleðslu í henni. Hleðsla gengur til vesturs úr norðvesturhorni kálgarðsins og er hún 10 m löng og um 1 m á hæð. Í henni sjást tvenn umför af grjóthleðslu og hefur hún legið að tröðum 005 til vesturs.



Mynd 55 Kálgarðurinn horft til norðausturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-044:003 heimild um kálgarð 63°56.610N 20°48.842V

Kálgarður er merktur á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918, um 8 m suðvestan við bæ 001 og um 80 m austan við útihús 009. Kálgarðurinn var við vesturenda traða 005, þar sem þær komu upp á holtið.

Þar sem kálgarðurinn var er nú malarplan á milli einbýlishússins til austurs og fjóss til vesturs.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-044:004 heimild um útihús 63°56.630N 20°48.754V

Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 50 m norðaustan við bæ 001. Útihúsið var um 130 m suðvestan við útihús 009. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.

Útihúsið var austan við holtið sem bær 001 var á. Þar er nú grasivaxið og slétt tún.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði. Það hefur líklega horfið vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-044:005 heimild um traðir 63°56.597N 20°48.844V
Traðir eru merktar á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918 að bæ 001 úr suðri. Heimreiðin kom upp holtið sem bær 001 stóð á og er um 80 m löng á kortinu frá 1918. Á bæjateikningu dönsku landmælingamannanna liggur heimreiðin þvert norður-suður yfir holtið sem bær 001 var á en á túnakortinu frá 1918 eru hún einungis sýnd sunnan við bæ 001. Heimreiðin fyrir norðan bæ 001 hefur því líklega verið fallin úr notkun árið 1918.
Núverandi vegur að Skeggjastöðum liggur þar sem heimreiðin var áður.
Engin ummerki heimreiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-044:006 heimild um útihús 63°56.579N 20°48.916V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 90 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 80 m suðvestan við kálgarð 003. Líklegt er að útihúsið hafi verið fallið úr notkun þegar túnakortið er gert 1918, a.m.k. er það ekki sýnt á því korti.
Útihúsið var á náttúrulegum rima. Þar er nú (2009) grasivaxið og slétt tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-044:007 heimild um fjárhús 63°56.605N 20°48.594V
"Fjárhúsdæl. Norðaustur frá fjárhúsunum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús innan sértúns, um 90 m ASA við bæ 001. Samkvæmt Skeggja Gunnarssyni, heimildamanni, var þetta tún austan við bæ 001 og Fjárhúsdæl er við það. Þar voru tóftir en yngri fjárhús voru byggt upp á sama stað á 20. öld. Fjarlægðir eru ekki réttar á túnakorti, nær væri að segja að fjárhúsið hafi verið um 180 m austan við bæ 001 og rúma 260 m ANA við útihús 006.
Þar sem fjárhúsið var er nú steinsteypt útihús, malarplan fyrir rúllur og grasivaxin tún til vesturs, austurs og norðurs. Þjóðvegur 1 er um 20 m sunnan við fjárhúsið.
Engin ummerki fjárhúsinns sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918; Ö-Hraungerðishreppur, 30.

ÁR-044:008 heimild um útihús 63°56.607N 20°48.556V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús innan sértúns, um 100 m ASA við bæ 001. Fjarlægðir eru ekki réttar á túnakorti, nær væri að segja að útihúsið væri um 190 m suðaustan við bæ 001 og um 10 m sunnan við útihús 007. Það er nú horfið, mögulega vegna sléttunar.
Þar sem útihúsið var, er nú, fjárhús og malarplan sunnan við það.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918.

ÁR-044:009 heimild um útihús 63°56.600N 20°48.912V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús utan við vesturmörk heimatúnsins, um 80 m vestan við bæ 001 og um 60 m suðvestan við kálgarð 003. Útihúsið er ekki sýnt á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og líklega byggt á tímabilinu 1907-1918.
Þar sem útihúsið var, er nú, grasivaxið tún með náttúrulegum hólum.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918.

ÁR-044:010 brunnur brunnur 63°56.581N 20°48.871V



Mynd 56 Brunnurinn horft til suðurs

Brunnur er suðvestan við bæ 001, nálægt heimreið 005. Brunnurinn er tæpum 70 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 30 m austan við útihús 006.
Brunnurinn er á grasivöxnu svæði, fast vestan við núverandi heimreið að Skeggjastöðum. Trjám hefur verið plantað fyrir vestan brunninn.
Brunnurinn hefur verið innan gamla heimatúnsins. Nú er járnlok

yfir brunninum svo ekki sést ofan í hann. Lokið er um 0,5 m í þvermál og ekki sést í hleðslu umhverfis opið. Op brunnsins hefur því að öllum líkindum verið minna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-044:011 frásögn brunnur 63°56.616N 20°48.613V
Að sögn Skeggja Gunnarssonar, heimildamanns, var brunnur skammt norðan við fjárhús 007. Þar er nú dæld, líklega svonefnd Fjárhúsdæld. Þetta svæði er grasivaxið og nokkuð slétt. Ekki var hægt að átta sig að fullu hvar dældina var að finna en fyllt hefur verið upp í brunninn. Hann var rúma 150 m austan við bæ 001 og um 25 m norðan við fjárhús 007.
Þar sem brunnurinn var, er nú grasivaxið tún.
Engin ummerki brunns sáust á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 31.

ÁR-045 Bollastaðir



1708 og 1847, hjáleiga frá Hraungerði. 1708: "Bollastader, sjöunda hjáleiga, bygð í úthögum fyrir manna minni." JÁM II, 137.
1708: "Fóðrast iiii kýr, ii úngneyti, xv ær, xii lömb, iii hestar. Kostir og ókostir sem segir um Lángstaði [sjá ÁR-046], nema þessi hjáleiga mætir stórum átroðningi af búfje heimajarðarinnar og hjáleiganna framar öðrum í hverfinu, því þetta býli stendur við beitilandið." JÁM II, 137.
1918: "Tún: 2.58 ha. girt með gaddavír. ca 55% sljett. Matjurtagarðar 10.33 arar" Túnakort 1918.

ÁR-045:001 *Bollastaðir* bæjarhóll bústaður 63°56.896N 20°51.819V

Fjögur hús eru merkt á bæjarhól Bollastaða á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig sýndur á túnakorti frá 1918. Ekki mótar fyrir lengur fyrir eiginlegum bæjarhól né hleðslum á Bollastöðum. Eldri bær stóð á sama hól og núverandi bæjarhús en þau raska þó ekki bæjarhólnum, hann var sunnar. Telja má líklegt að skafið hafi verið ofan af bæjarhólnum við framkvæmdir á bænum og ekki er hægt að geta sér til um stærð uppsafnaðra mannvistarleifa undir sverði í hinum náttúrulega hól.



Mynd 57 Bæjarhóllinn horft til norðurs

Bærinn stóð á milli núverandi íbúðarhúss til austurs og núverandi hesthúss til vesturs á allstórum náttúrulegum hól. Þar er nú slétt malarplan og nýleg hleðsla til suðurs. Bærinn hefur væntanlega snúið austur-vestur.

Engin ummerki bæjarhólsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-045:002 gerði kálgarður 63°56.890N 20°51.807V

Kálgarður er merktur á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1818, suðaustan við bæ 001. Kálgarðurinn var sambyggður bæjarhúsunum. Kálgarðurinn er um 20 m fyrir sunnan núverandi íbúðarhús á Bollastöðum og um 80 m suðvestan við útihús 003. Náttúruleg dæld er um 15 m austar.



Mynd 58 Kálgarðurinn horft til vesturs



Þar sem kálgarðurinn var, er nú, slétt og gróið tún.

Austurhluti kálgarðsins er varðveittur. Hann er 9 x 15 m að stærð, er einfaldur og snýr austur-vestur. Ekki mótar fyrir skýrum hleðslum en grjótdreif sést í túninu sunnan við kálgarðinn. Nú er girðing þar sem hliðar kálgarðsins hafa verið. Í austurhluta kálgarðsins er rabarbari en að öðru leyti er hann grasivaxinn. Kálgarðurinn hefur áður náð lengra til austurs samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-045:003 heimild um útihús 63°56.924N 20°51.775V

Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 var útihús um 60 m ANA við bæ 001. Útihúsið var um 30 m norðan við brunn 007.

Þar sem útihúsið var er tjörn, eða dæl, og er hún ennþá vot. Tjörnin er líklega merkt inn á túnakortin og útihúsið stóð á norðurbakka hennar. Hún er um 30 m í þvermál, blaut og vaxin mýrargróðri. Umhverfis tjörnina er gróið tún.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-045:004 heimild um útihús 63°56.880N 20°51.762V

Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918, var útihús um 50 m suðaustan við bæ 001 og um 40 m suðaustan við kálgarð 002.

Útihúsið var á hól sem snýr norðaustur-suðvestur. Ofan á hólnum eru dældir sem gefa staðsetningu útihússins til kynna. Umhverfis hólinn er nú slétt, grasivaxið tún.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.


ÁR-045:005 heimild um traðir 63°56.901N 20°51.818V
Heimreið er merkt á túnakort frá 1918 og lágu hún að bæ 001 úr NNV. Núverandi hesthús er um 15 m vestar og núverandi íbúðarhús 20 m austar frá þeim stað sem heimreiðin kom upp á bæjarholtið. Engin ummerki heimreiðar sjást nú en á túnakorti frá 1918 eru hún sýnd um 90 m löng.
Fyrir norðan og sunnan þar sem heimreiðin lá eru gróin tún. Aflíðandi brekka er til norðurs. Þar sem heimreiðin lá er nú malarplan.
Engin ummerki heimreiðar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-045:006 heimild um legstað 63°56.906N 20°51.804V
Í bók Bjarna Harðarsonar, Landið, fólkið og þjóðtrúin, er sagt frá beinafundi á Bollastöðum. Þar stendur: "Á Bollastöðum var líka reimleiki sem talinn var eftir mann sem dáið hafði voveiflega á þessu svæði og verið huslaður við kofa á bæjarhlaðinu. [...] Svo segir í handriti Páls Lýðssonar: "Elínu fannst vera mikill reimleiki þarna, mikill umgangur á nóttunni, þótt enginn sæist maðurinn. Þegar hún tók að sér barn á nóttunni frá öðrum bæ, þá gat hún ekki látið það sofa. Það var svo hrætt. Eftir þau Elín voru farin þá var rifinn kofi á hlaðinu og þar fannst nýleg heilleg beinagrind af manni. Giskað var á að þar hefði verið um að ræða mann sem fór eitt inn yfir Ölfusá á Laugardælaferju [059:013] og var með mikla peninga á sér. En maðurinn gat eins hafa fundist látinn og huslaður þarna."" Beinagrindin fannst rúmum 20 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 30 m norðaustan við kálgarð 002, undir vesturhluta núverandi íbúðarhúss, þar sem er eldhús í kjallaranum. Beinagrindin kom í ljós þegar grafið var fyrir húsinu á árunum 1945-46. Í Sunnlenskum Byggðum II er húsið sagt byggt árið 1946 en það var líklega einu ári fyrr að sögn Ólafs Guðjónssonar, heimildamanns. Ólafur sagði að beinin hefðu verið úr einum einstaklingi. Beinin höfðu ekki verið lögð til, heldur var hún sitjandi eða í fósturstellingu. Fundurinn var tilkynntur til Þjóðminjavarðar sem sinnti málinu ekki. Sr. Sigurður Pálsson, þá prestur í Hraungerði, jarðaði beinin þar að lokum. Að sögn Hreggviðs Hermannsonar, heimildamanns, fannst beinagrindin stungin ofan í öskuhaug gamla bæjarins klædd samtímaklæðnaði. Sögur gengu um það að hér hefði loksins fundist maður sem hvar á leið sinni frá Eyrarbakka um 1920. Hestar hans fundust við Þjórsá en maðurinn aldrei. Mikil leit fór fram í öllum Flóanum að honum án árangurs. Mjög líklega ekki um kristinn grafreit að ræða né kuml miðað við lýsingar á beinafundinum.
Þar sem beinagrindin fannst er nú eldhús, í kjallara núverandi einbýlishúss.
Engin ummerki legstaðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bjarni Harðarson, Landið, fólkið og þjóðtrúin, 133; SB II, 443. Hreggviður Hermannson bætti við frásögnina.

ÁR-045:007 frásögn brunnur 63°56.883N 20°51.790V
Brunnur var tæpa 40 m suðaustan við bæ 001 og um 20 m suðaustan við kálgarð 002 að sögn Ólafs Guðjónssonar, heimildamanns. Hann var fast sunnan við náttúrulegan hól, þann sama og bær 001 stóð á. Brunnurinn var eingöngu notaður fyrir skepnur og fyllt hefur verið upp í hann.
Brunnurinn var í laut í sléttu, grasivöxnu túni.
Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-045:008 frásögn brunnur 63°56.910N 20°51.757V
Brunnur var rúma 50 m austan við bæ 001 og tæpa 60 m NNA við brunn 007 að sögn Ólafs Guðjónssonar, heimildamanns. Vegur að núverandi íbúðarhúsi er 10 m norðar. Fyllt hefur verið upp í brunninn en hann var eingöngu notaður fyrir heimilisfólk.
Brunnurinn var í náttúrulegri lægð í grónu túni. Það er nú grasivaxið og með sóleyjum.
Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-046 Langstaðir



1708 og 1847, hjáleiga frá Hraungerði. 1708: "Lángstader, sjötta hjáleiga, bygð í úthögum fyrir manna minni." JÁM II, 136.
1708: "Fóðrast kann iiii kýr, ii geldnaut, xiiii ær, x lömb, ii hestar. Kostir og ókostir sem segir um næstu 3 hjáleigur [Bollastaði ÁR-045, Heimaland ÁR-041 og Móakot ÁR-040], nema þessar engjar spillast ekki af grjóti og túnið er grýttara á þessari heldur en hinum. Vatnsból bregst um vetur og í lángvarandi frostum." JÁM II, 136.
1918: "Tún: 2.65 ha. ógirt, 25% sljett ca. Matjurtagarðar: 10.50 arar" Túnakort 1918.

ÁR-046:001 *Langstaðir* bæjarhóll bústaður 63°56.407N 20°51.905V



Mynd 59 Bæjarhóllinn horft til norðurs

Þrjú hús eru merkt á bæjarhól Langstaða á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig sýndur á túnakorti frá 1918. Einbýlishús var byggt í austurhluta bæjarhólsins árið 1934 og útihús skammt vestan við það. Ekki er vitað hvort að það hús var byggt ofan í torfbæinn sem þar var áður. Þessi hús voru rifin eftir 1975. Á bæjarhólnum er nú (2009) nýlegur sumarbústaður og stendur hann skammt vestan við gamla bæjarstæðið. Fyrir austan hann er malarplan en ruðningur úr útihúsunum sést víða.
Bæjarhóllinn er nú malarborinn og lítið gróinn. Malarvegur liggur norður-suður, yfir austurhluta bæjarhólsins. Til norðurs og suðurs fjarar bæjarhóllinn út.
Bæjarhóllinn er um 33 x 28 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er um 2 m að hæð en hefur verið raskað mikið. Til austurs hefur honum verið raskað með vegagerð en til vesturs hefur bygging og niðurrif steinsteyptra útihúsa raskað hólnum. Leifar útihúsanna sjást vel í skurði sem gerður fyrir rotþró. Hann liggur til vesturs frá sumarbústaðnum. Skurðurinn er um 1 m á dýpt og sjást steypuleifar og bárujárn í honum. Hleðsla sést í suðurmörkum bæjarhólsins. Þar eru fjögur umför af hraungrýti á um 2 m löngum kafla. Hleðslan er um 1 m á hæð. Ekki er hægt að geta sér til um tilgang hennar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-046:002 heimild um kálgarð 63°56. 399N 20°51.918V
Kálgarður er merktur á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918, fast sunnan við bæ 001.Kálgarðurinn var sambyggður bænum. Íbúðarhús sem byggt var skömmu eftir 2000 er um 50 m sunnar.
Þar sem kálgarðurinn var er nú slétt, grasivaxið svæði. Hleðslan sem sést í suðurhluta bæjarhólsins (sjá 001) gæti mögulega verið leifar kálgarðsins.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-046:003 heimild um útihús 63°56.428N 20°51.849V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 var útihús um 60 m ANA við bæ 001 og um 170 m norðvestan við útihús 004. Fjárhús er nú (2009) um 20 m norðar.
Þar sem útihúsið var, er nú, afgirt malarplan þar sem meðal annars heyrúllur eru geymdar.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-046:004 heimild um útihús 63°56.342N 20°51.768V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 var útihús um 160 m suðaustan við bæ 001 og um 175 m sunnan við útihús 003. Þar sem útihúsið var, er nú, grasivaxinn hóll um 0,8 m hár. Telja verður líklegt að útihúsið hafi verið á honum.
Svæðið sem útihúsið var á er grasivaxið, með náttúrulegum hólum og dældum.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-046:005 garðlag túngarður 65°56.345N 20°51.611V
Á bæjateikningu danskra landmælingamanna og á túnakorti frá 1918 er sýndur túngarður umhverfis bæ 001. Túngarðurinn afmarkaði um 200 x 150 m stórt svæði sem snéri norður-suður. Hlutar hans eru ennþá varðveittir.
Túngarðurinn skilur á milli gamla heimatúnsins sem enn er grasivaxið og slétt, og þýfðs móa umhverfis það.

Hluti túngarðsins hefur varðveist á þremur stöðum. Þeir eru mjög signir og mótar aðeins fyrir einni steinaröð í þeim öllum. Hér verður hverjum búti gefinn bókstafur til aðgreiningar.Túngarðurinn er 0,2 - 0,3 m hár og grjóthlaðinn. Hann er yfirleitt um 0,5 m á breidd. Bútur A liggur norðan við íbúðarhús sem byggt var um 1980 og endar til austurs við malarveg heim að því. Hann er rúmir 140 m að lengd og liggur í hálfhring. Bútur B byrjar suðaustan við núverandi fjárhús og liggur til suðurs inn á grasivaxið tún. Hann er tæpir 250 m a lengd og um 1 m á breidd. Bútur C byrjar suðvestan við gamla heimatúnið og endar vestan við íbúðarhús sem bar byggt um 2000. Hann er um 200 m langur og liggur í 90°horn. Þá hluta sem vantar hefur verið raskað með framkvæmdum og túnasléttun.



Mynd 60 Túngarðurinn horft til vesturs og suðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-046:006 þúst óþekkt 63°56.349N 20°52.060V

Um 60 m fyrir suðvestan bæ 001 og rúmum 230 m vestan við útihús 004 er þúst, eða hóll. Skammt suðvestan við hana eru blautar dælar og gaddavírsgirðing er um 10 m austan við þústina. Þústin er í þýfðum móa.

Þústin, eða hóllinn, er 27 x 20 m að stærð og snýr norður-suður. Hóllinn er um 2 m hár og ofan á honum glittir í hleðslugrjót á nokkrum stöðum. Einnig er víða grjót undir sverði, það er greinilegt þegar gengið er yfir þústina. Þústin, eða hóllinn, líkist einna helst bæjarhól og líklegt er að uppsöfnuð mannvistarlög leynist undir sverði.



Mynd 61 Þústin horft til suðurs

Hættumat: engin hætta

ÁR-046:007 hleðsla óþekkt 63°56.406N 20°51.898V

Hleðsla er um 20 m suðaustan við bæ 001 og um 140 m norðvestan við útihús 004. Um 2 m fyrir vestan hleðsluna er vegur að íbúðarhúsi sem byggt var árið 2000. Mýrardæl, sem sýnd er á túnakorti frá 1918, er fyrir austan hleðsluna.

Hleðslan er á grasivöxnu svæði, á bakka blautar dælar. Svæðið fyrir framan hana er slétt og grasivaxið.

Hleðslan snýr norður-suður og er um 10 m löng og um 1 m á breidd. Hún er á suðvesturbakka dælarinnar. Hún er um 1 m á hæð og það sjást fimm umför af grjóti í henni. Hleðslan er mosavaxin og gróin. Svæðið fyrir vestan hleðsluna er mun hærra en fyrir austan, það munar alls um 1 m. Ekki er vitað hvaða hlutverki hleðslan hefur gengt en mögulegt er að hún hafi verið hluti af upphlöðnum vegi eða aðhald.



Mynd 62 Hleðslan horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918


ÁR-046:008 frásögn útihús 63°56.372N 20°51.886V

Samkvæmt Ingibjörgu Einarsdóttur og Hjálmari Ágústssyni, heimildamönnum, var tóft þar sem yngsta íbúðarhúsið á Langstöðum (byggt skömmu eftir árið 2000) er nú. Líklega var tóftin af útihúsi. Það var tæpum 70 m sunnan við bæ 001 og um 110 m NNV við útihús 004.

Þau mundu ekki gerð né lögun útihússins en svo virðist sem það hafi verið horfið þegar bygging íbúðarhússins hófst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-047 Voli



1708 og 1847, hjáleiga frá Hraungerði. 1708:"Vola, fimta hjáleiga, bygð í úthögum fyrir manna minni." JÁM II, 136.
1708: "Fóðrast kann v kýr, i úngneyti, x ær, v lömb, ii hestar. Kostir og ókostir sem áður segir um Starkarhús [ÁR-042]" JÁM II, 136.
1918: "Tún: 1.55 ha. ógirt. 15% sljett. Matjurtagarðar: 5.35 arar" Túnakort 1918.

ÁR-047:001 *Voli* bæjarhóll bústaður 63°56.107N 20°50.371V

"Voli. Gamalt bæjarstæði við Hróarsholtslæk," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Tvö hús eru merkt á bæjarhól Vola á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Bæjarhúsunum á Vola var rutt út á seinni hluta 20. aldar, þegar átti að rækta þar upp tún að sögn Tryggva Bjarnasonar, heimildamanns. Bæjarhóllinn er um 100 m austan við Villingaholtsveg og um 40 m norðan við Hróarsholtslæk.Bærinn fór í eyði árið 1919.



Mynd 63 Bæjarhóllinn horft til suðausturs

Bæjarhóllinn er í þýfðum móa með grónum hraunklettum á víð og dreif.

Bæjarhóllinn er um 30 x 30 m að stærð og 2 - 3 m á hæð. Hann er grasivaxinn en engin ummerki bæjarhúsa sjást þar lengur. Hóllinn er flatur í toppinn og líklegt að töluvert af mannvistarlögum hafi verið skafið ofan af hólnum. Víða sést glitta í hleðslusteina sem hafa komið upp úr sverði þegar húsin voru rifin. Hóllinn er smáþýfður og hvergi mótar fyrir dældum né öðru sem getur gefið nánari upplýsingar um gerð bæjarhúsanna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 19; Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-047:002 hleðsla kálgarður 63°56.100N 20°50.369V

Kálgarður er merktur á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918, fast suðvestan við bæ 001. Hróarsholtslækur rennur fast sunnan við kálgarðinn.

Kálgarðurinn er í slakka til suðurs niður bæjarhólinn, í átt að Hróarsholtslæk.

Á svæði sem er 14 x 12 m og snýr austur-vestur eru tvær hleðslur. Hleðslurnar liggja í slakka til suðurs, niður að Hróarsholtslæk. Hleðsla A er vestar og er 14 m löng og 0,7 m á hæð. Hún liggur norður-suður og er alveg gróin. Þetta er mögulega austurveggur kálgarðsins. Hleðsla B er 10 m austar og er 11 m löng, liggur norður-suður og er 0,8 m há. Hún er einnig alveg gróin. Hleðslan sýnir mögulega einhverja skiptingu innan kálgarðsins.



Mynd 64 Hleðslan horft til suðurs

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-047:003 heimild um útihús 63°56.130N 20°50.406V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 50 m vestan við bæ 001. Útihúsið var um 170 m norðvestan við Brynjúlfsvað 039:032. Útihúsið er nú horfið, að öllum líkindum vegna túnasléttunar. Útihúsið er ekki sýnt á bæjateikningu dönsku landmælingingamannanna frá 1906 og því líklega byggt á árunum 1907-1917.

Þar sem útihúsið var er nú þýfður mói.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1918.

ÁR-047:004 *Volabúið* þúst 63°56.070N 20°50.653V

"Haustið 1903 stofnuðu bændur í Hraungerðis- og Villingaholtshreppum með sér samtök um rjómabú til smjörgerðar með útflutning smjörsins fyrir augum. [...] Hús yfir þessa starfsemi - rjómaskáli - eins og það var nefnt í daglegu tali var reist við Hróarsholtslæk í landi jarðarinnar Vola. [...] Volabúið, eins og það var oftast nefnt, var töluverð lyftistöng fyrir efnahag bændanna [...] Volabúið var fyrsta nýtízkustofnunin, er reisti hús fyrir starfsemi sína og notaði vélar við starfið, svo sem strokk og smjörhnoðara," segir í viðbótum við Umferðaleiðir í Villingaholtshreppi. Volabúið var rifið árið 1929 samkvæmt Umferðaleiðum í Villingaholtshreppi. Rjómabúið var um 250 m vestan við Vola 001 og fast norðan við Hróarholtslæk.


Þar sem rjómabúið var er nú þýfður mói með dælum hér og þar.

Þar sem búið stóð er nú sléttur flötur í þýfðum móa. Flöturinn er 8 x 6 m og snýr austur-vestur. Umhverfis flötinn er nú þýfður bakki úr öllum áttum nema að sunnan. Engin önnur ummerki mannvistar sjást á svæðinu.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Umferðaleiðir, viðb., 1; Ö-Umferðaleiðir, 2.

ÁR-047:005 heimild 63°56.075N 20°50.619V
"Til að knýja þessi tæki [í Volabúinu 004] var vatnsaflið beizlað. En vegna þessara framkvæmda og stíflugjörðar urðu þrjú vöð á Hróarsholtslæk ófær: Brynjólfsvað [039:032], er var þarna við Volabúið; Volavað [039:052], er var rétt austan Volabæjar og Holtshalavað [039:030]," segir í viðbótum við Umferðarleiðir í Villingaholtshreppi.
Stíflan var um 30 m austan við Rjómabúið 004 og rúma 200 m vestan við Vola 001.
Þar sem stíflan var rennur Hróarsholtslækur til vesturs og er um 10 m breiður.
Engin ummerki stíflunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Umferðaleiðir, viðb.,1.

ÁR-048 Hellir [Miklaholtshellir]



1708 og 1847, hjáleiga frá Hraungerði. 1708: "Heller, hjáleiga, bygð hjer um fyrir 60 árum. NB. Býlið tekur nafn af því, að þar eru engin bæjarhús nema einasta fjós og eldhús, og býr fólkið hjer í einum hraunhellir sjálfgjörðum." JÁM II, 134
1708: "Fóðrast kann ii kýr, x lömb, xii ær, ii hestar. Torfristu og stúngu hefur hjáleigumaðurinn óskamtaða í landinu. Móskurður brúkast ekki frá þessari eður hinum hjáleigunum. Skógarhögg til kolgjörðar í almenníngi brúkar hjáleigan so sem heimajörðin. Túninu spillir sandfok. Engið spillist af vatni, sem jetur úr rótina. Hagana brúkar hjáleigumaðurinn óskamtaða. Hætt er kvikfje ut supra á heimajörðinni. Vatnsból erfitt fyrir fannlögum ut supra" JÁM II, 134
1918: "Tún: 1.81 ha. girt með gaddavír, ca 97% sljett. Matjurtagarðar: 5.50 arar" Túnakort 1918.

ÁR-048:001 *Hellir* hellir bústaður 63°57.072N 20°46.554V



Mynd 65 Hitaveituskúr ofan á hellinum, horft til vesturs og austurs eftir hellinum sjálfum

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: " Býlið tekur nafn af því, að þar eru engin bæjarhús nema einasta fjós [009] og eldhús [010] og býr fólkið hjer í einum hraunhellir, sjálfgjörðum. Í Friðlýsingaskrá segir ennfremur: "Hellir. Hellar tveir manngjörvir, annar við bæinn, heyhellir nú, hinn suður frá bænum, nú fjárhellir [005]." Í Manngerðum hellum á Íslandi segir: "Fyrir mörgum árum var grafinn brunnur í hellisendann, sett dæla í hann og dælt vatni til fjóss og íbúðarhúss [...] Til viðbótar brunninum var síðar boruð hola niður í gegnum hellisþakið og 9 m niður í gólfið. Holan er tengd við brunndæluna. [...] Kartöflur geymast vel í hellinum enda er snjó mokað niður í hann um borholugatið í loftinu á vorin. Bráðnandi snjórinn heldur þar svala fram eftir sumri. ... Hellirinn er raflýstur. Yfir honum er vel byggður og einangraður steinskúr á steyptri plötu. Gengið er niður í hellinn um langan tréstiga niður um op á loftinu [...] Sumarið 1877 var bærinn í Miklaholtshelli byggður upp og á meðan á því stóð bjó heimilisfólkið í hellinum um hríð." Hellinum hefur mikið verið raskað. Útganginum til vesturs út í brekkubrúnina hefur verið lokað og hitaveituskúr byggður ofan á opið í loftinu. Mjög dimmt var er í hellinum og erfitt að átta sig á aðstæðum og sjá risturnar sem þar eiga að vera. Hellirinn er nú notaður undir mannfögnuði á vegum heimilsfólksins. Ljósmynd af forskála hellisins er í grein Matthíasar Þórðarsonar í Arbók hins íslenska fornleifafélags frá 1930-31. Hellirinn er um 10 m fyrir vestan íbúðarhús sem byggt var 1941.
Hellirinn er sléttu grasivöxnu svæði sem liggur fram að gróinni brekkubrún. Inngangurinn var í brekkunni. Í grein Matthíasar Þórðarsonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1930-31 segir: "Í Miklaholtshelli er hellir, útnorðan-undir bænum, sem sem hann er kenndur við. Er hellirinn eina húsið, sem fylgir þessari jörð [...] Hellirinn hefur aðeins verið hafður fyrir heyhús í manna minnum og ekki til varanlegrar íbúðar, en þó er fædd í honum að sögn, Kristín Árnadóttir [...] Forskáli er fyrir hellinum og eru 5 óregluleg og skáhöll þrep ofan að ganga. Er hæðin undir loft nú 4 m., en núverandi ábúandi, Sigurður Magnússon, dýpkaði hellinn að mun, gólfinu hallaðir fram áður, en nú er það lárétt; varð dýpkunin um 60-100 cm. Forskálann hlóð Sigurður upp fyrir 8 árum (1909), en áður var hér gamall forskáli og var **Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM II, 134; ÁG, Friðlýsingarskrá, 63; MÞ, Árbók 1930-31, 39-40; Manngerðir hellar, 113-14.

ÁR-048:002 *Miklaholt* bæjarhóll bústaður 63°57.069N 20°46.569V



Mynd 66 Bæjarhóllinn horft til norðausturs

Tvö hús eru merkt á bæjarhól Miklaholts á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn/bæjarhóllinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Að sögn Bjarna Eiríkssonar, heimildamanns, stóð bærinn [003] áður vestan við helli 001, þar frammi á brekkubrúninni. Hann hafi síðan verið fluttur lengra til suðurs og fæddist hann í þeim bæ. Yngri bærinn, sá sem hér er skráður, er að öllum líkindum sýndur á túnakortinu frá 1918. Um 5 m til vesturs af bæjarstæðinu er brött brekka niður af Miklaholti, 8 m há. Íbúðarhús sem byggt var 1941 er um 25 m austar.
Þar sem bærinn var er nú slétt og grasivaxið svæði.
Leifum bæjarins var rutt niður holtsbrúnina en Bjarni mundi ekki hvenær það var gert. Niður vesturhliðar Miklaholts má sjá grjót og aðrar mannvistarleifar sem tilheyrðu bænum. Ekki sést til uppsafnaðra mannvistarleifa þar sem bærinn stóð enda mikið búið að raska svæðinu. Neðst undir holtinu sagði Bjarni að mætti sjá ösku í rofi eftir kindur og hefur það líklega verið öskuhaugur bæjarins. Þar er einnig ruðningur innan úr helli 001. Þetta sást ekki þegar svæðið var skoðað, jarðvegurinn var þurr og kindur ekki lengur á bænum sem liggja utan í rofinu. Bjarni vissi ekki hvenær flutt var úr helli 001 og bæjarhús byggð á jörðinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-048:003 frásögn bústaður 63°57.075N 20°46.574V
Að sögn Bjarna Eiríkssonar, heimildamanns, stóð bær vestan við helli 001, fremst á holtbrúninni áður en bær 002 var byggður. Bærinn er ekki sýndur á bæjateikningu dönsku landmælingamannanna né túnakorti frá 1918 og sem bendir til þess að tóftir bæjarins hafi ekki verið endurnýttar. Þar er nú ruðningur steinsteypts útihúss sem stóð um 10 m austar en bær 003 gerði. Suðurmörk Miklaholts eru skammt sunnar og ruðningur þar niður. Bjarni vissi ekki hvenær bærinn var byggður eða rifinn.
Á svæðinu vex hvönn og annar gróður upp úr mold og steypuklumpum.
Engin ummerki bæjarins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-048:004 kuml legstaður
Í Kumlum og haugfé er getið um kumlfund í Miklaholtshelli. Þar segir: "Brynjúlfur Jónsson hefur skrásett frásögn um fornleifafund í Árnessýslu eftir Solveigu nokkurri Helgadóttur (fæddri 1800), en hún hafði eftir finnandanum, Bjarna Bjarnasyni í Miklaholtshelli. Orðrétt er frásögnin á þessa leið: "Sagði Bjarni frá því, að einu sinni, þegar hann leitaði að kindum föður síns frá Miklaholtshelli, kom hann þar að, sem bakki var nýbrotinn, og komu í ljós mannabein; fann hann þar tveggja manna bein, önnur stór, önnur lítil; þar var og sverð næstum heilt með handhlíf á, spjótsoddur og járnhattur með kverkaspennu af járni (hjálmur? [Br. J.]) og brot af ýmsu fleiru. Þá var í Hjálmholti Brynjólfur sýslumaður Sigurðsson; honum sagðist Bjarni hafa fært fund sinn og þegið krónu fyrir". Því miður vissi Solveig ekki, hvar Bjarni fann fundinn. Frásögn þessi virðist eiga rætur að rekja til raunverulegs kumlfundar, þó að lýsing haugfjárins geti ekki verið rétt í smáatriðum. Sverð með handhlíf og hjálmur hafa áreiðanlega ekki fundizt í fornu kumli, en gamlar forngripalýsingar eru oft mjög ónákvæmar. Finnandinn vildi setja fundinn í samband við sögusögn um dráp tveggja feðga frá Steinastöðum í Þjórsárdal á leið fram á Bakka (þ.e. Eyrarbakka). Sennilegast er, að kumlið hafi verið í landi Miklaholtshellis eða næstu grennd, úr því að finnandinn var að leita að kindum þaðan," segir í Kumlum og haugfé. Bjarni Eiríksson, heimildamaður, hafði ekki heyrt um þetta fyrr og fannst erfitt að átta sig á staðháttum, sérstaklega þar sem nú er engin lækur í landi Miklaholtshellis. Hann taldi líklegra er að þetta hafi verið með bökkum Hróarsholtslækí landi Hraungerðis.
Heimildir:KEKH 2000, 77.

ÁR-048:005 *Fjárhellir* hellir bústaður 63°56.944N 20°46.741V
Í Friðlýsingarskrá segir: "Hellir. Hellar tveir manngjörvir, annar við bæinn [001], heyhellir nú, hinn suður frá bænum, nú fjárhellir" Í Manngerðum hellum á Íslandi segir: "Vitað er um tvo aðra hella [en 001] í Miklaholtinu. Þeir eru 200-300 m suður af bænum ... Báðir eru þeir lokaðir nú og mótar lítið fyrir þeim ... Annarhvor þessara hella nefndist Króahellir eða bara Króin. Runólfur Guðmundsson í Ölvesholti [ÁR-
079] og Guðmundur Einarsson frá Miklaholtshelli hafa skrifað um þennan helli. Þeir segja að Gamalíel Gamalíelsson frá Efri-Gróf [ÁR-017] í Flóa hafi búið í hellinum og stundað þar smíðar eftir að hann hætti búskap árið 1904. Þá var farið að kalla hann Gamla í Króginni ...Hellirinn var svo aftur kallaður Krógahellir (eða Króahellir)." Hlaðið hefur verið fyrir op hellisins, honum lokað og engin ummerki hans sjást á yfirborði. Ekki var hægt að átta sig á hvar hellirinn var, öll hlíðin er grasivaxin og ekki nein ummerki um niðurfallinn helli þar að sjá. Hellirinn var um 280 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 500 m norðvestan við stekk 039:084.
Vesturhlíðar sama holts og bærinn stendur á eru brattar og um 15 m háar. Þær eru grasivaxnar með moldarflögum og klettum.
Í grein Matthíasar Þórðarsonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1930-31 segir: "Í suður frá bænum í Miklaholti er fjárhellir, sem rúmar vel 44 ær nú, er 13 m. að lengd og 3 m. að breidd, nokkurn veginn manngengur allur og hvelft loft. Fyrrum voru dyr upp úr vesturenda, en upp í þar hefur verið hlaðið fyrir ca. 12 árum. Rétt innan við þær var strompur, sem nú er byrgður. Annar strompur var hér um bil á miðjum hellinum, og þar er nú gerður gangur upp-(suður)úr. Ofan í gegnum miðjan hinn gamla framhluta hellisins hefur nú verið höggvið, og gerð ferhyrnd heyhlaða og hlaðið yfir, og sett bárujárnsþak á. Hlaðið hefur verið fyrir yzta, gamla hlutann, og tré-skjaldþil sett á milli hlöðunnar og hellisins austur-
af. - Fyrir ca. 40 árum er sagt að búið hafi í helli þessum gömul hjón; Guðmundur hét karlinn. Þá var hellirinn óbreyttur og höfðu þau að sögn rúm sitt undir innra strompinum. Fáar kindur er og sagt að þau hafi haft. - Þá var og annar hellir jafnhliða þessum, fyrir norðan hann, og inngangur í hann til vesturs, skammt frá, fyrir norðan innganginn í þennan helli, sem nú er. Á milli hellanna var gangur, um 4 álnir að lengd, og stóð opinn, norður úr hlöðunni, þangað til fyrir ca. 15 árum, að hlaðið var upp í hann, er hlaðan var gerð. Nú er nyrðri hellirinn hruninn, og er sagt, að hann hafi hrunið í landskjálftanum (hræringunum) miklu. Nú er strompur á hellinum, fjárhellinum, innst, upp af endanum (austast), gerður af Sigurði Magnússyni fyrir ca. 12 árum." Engin ummerki hellisins sjást á yfirborði
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:ÁG, Friðlýsingarskrá, 63; MÞ, Árbók 1930-31, 40-41; Manngerðir hellar, 113-114

ÁR-048:006 heimild um kálgarð 63°57.069N 20°46.578V
Kálgarður er merktur á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918, fast vestan og sunnan við bæ 002. Kálgarðurinn náði frá bæjarhúsunum í vestri og að brekkubrúninni til suðurs.
Á svæðinu þar sem kálgarðurinn var, vex hvönn sem gæti hafa verið sáð í kálgarðinn. Að öðru leyti er svæði fremur slétt og grasivaxið.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði en hvönnin gæti markað stærð hans gróflega. Hún vex á um 20 x 5 m stóru svæði fyrir sunnan bæjarhólinn en einnig lengra til norðurs meðfram holtsbrúninni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-048:007 heimild um kálgarð 63°57.087N 20°46.524V
Kálgarður er merktur á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 við norðausturmörk gamla heimatúnsins, um 50 m norðaustan við bæ 002 og rúma 30 m norðaustan við helli 001. Hann er ekki sýndur á túnakorti frá 1918 og líklega fallinn úr notkun þá.
Þar sem kálgarðurinn var er nú steyptur stallur vestan við hesthús sem byggt var um miðja 20. öld.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-048:008 heimild um fjós
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: " Býlið [001] tekur nafn af því, að þar eru engin bæjarhús nema einasta fjós og eldhús [009], og býr fólkið hjer í einum hraunhellir [001], sjálfgjörðum," Ekki er vitað hvar fjósið var nákvæmlega en líklega var það nærri helli 001, annað hvort fyrir neðan holtið eða þar sem bæir 002 og 003 voru síðar. Ekki er hægt að hnitsetja fjósið án frekari heimilda.
Engin ummerki fjóssins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM II, 134

ÁR-048:009 heimild um eldhús
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: " Býlið [001] tekur nafn af því, að þar eru engin bæjarhús nema einasta fjós [008] og eldhús, og býr fólkið hjer í einum hraunhellir [001], sjálfgjörðum,". Ekki er vitað hvar eldhúsið var nákvæmlega en líklega var það nærri helli 001, annað hvort fyrir neðan holtið eða þar sem bæir 002 og 003 voru síðar. Ekki er hægt að hnitsetja minjastaðinn án frekari heimilda.
Engin ummerki eldhússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM II, 134


ÁR-049 Imbutópt

1847, hjáleiga frá Hraungerði, JJ, 56. Ekki getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708.

ÁR-049:001 *Imbutópt* bæjarhóll bústaður 63°56.871N 20°49.165V
"Imbutóft. Í suðausturhorni túnsins," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Í örnefnalýsingu Hraungerðis segir ennfremur: "Í Móakotstúni [ÁR-040] er Imbutóft,". Bærinn Imbutóft er merktur rúma 170 m suðaustan við Hraungerði 039:001 inn á Bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Þar virðist aðeins hafa verið eitt hús. Raflína er nú um 20 m fyrir vestan hólinn. Ekki er vitað hvenær bærinn fór í eyði.
Bæjarstæðið er í sléttu, grasivöxnu túni.
Þar sem bæjarstæðið var sést nú aðeins lágur hóll sem er um 11 x 11 m að stærð og um 1 m á hæð. Ekki mótar fyrir tóftum né dældum þar og líklegt að hóllinn hafi verið sléttaður út. Hóllinn er grasivaxinn og sléttur.
Hættumat: hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 15; Ö-Hraungerði, 2; Bæjateikning danskra landmælingamanna 1906


Mynd 67 Bæjarhóllinn horft til austurs

ÁR-050 Lækur



Byggt á túnakortum frá 1906 og 1918

1708: Jarðardýrleiki óviss. Skálholtsstólseign. 1847: 16 2/3 hdr. Bændaeign. Jarðarinnar er getið í dómi frá 1528 um ákærur Ögmunds biskups til séra Þórðar Pálssonar um að hann hefði yrkt og nautnad á jörðunni, DI IX, 474.
1708: " Fóðrast kann á allri jörðunni viii kýr, iiii úngneyti, xx lömb, sss ær, vii hestar. Hvað sem meira er af kvikfje hjá Eyjólfi framfærist á tilfengnum heyjum sumpart. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast eyddur. Skógur í almenníngi ut supra. Túninu grandar Hróarsholtslækur í leysíngum og vatnagángi um vetur með möl, leir og slýi, tekur ogso tað af vellinum allvíða þegar so ber að. Engjunum grandar sami lækur með broti leirs og sands áburði til stórskaða og eyðileggíngar. Hætt er kvikfje stórlega fyrir þessum sama læk, sem oft verður mein að. Vatnsból í sama læk er mjög erfitt á vetur fyrir fannlögum, hálku og ágangi, sem sami lækur gjörir þess á milli, verður þá ekki vatni náð fyrir utan stórerfiði." JÁM II, 132.
1918: "Tún: 3.72 ha. girt með engjum. ca 8.5% sljett. Matjurtagarðar: 9.76 arar" Túnakort 1918.

ÁR-050:001 *Lækur* bæjarhóll bústaður 63°55.213N 20°51.947V

Sex hús eru merkt á bæjarhól Lækjar á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig sýndur á túnakorti frá 1918. Bæjarhóllinn er um 100 m austan við íbúðarhúsið á Læk sem byggt var 1959. Vírgirðing er um 10 m fyrir vestan bæjarhólinn.



Mynd 68 Bæjarhóllinn horft til austurs

Bæjarhóllinn er innan grasivaxins og slétts túns.

Bæjarhóllinn er um 30 x 25 m, snýr norðaustur-suðvestur og er 1-1,5 m á hæð. Bæjarhóllinn er sléttur og grasivaxinn. Engin ummerki bæjarhúsanna sjást á yfirborði en þeim hefur verið rutt út. En það glittir í hleðslusteina víða á hólnum. Greinilegt er að hér leynast uppsöfnuð mannvistarlög undir sverði. Hóllinn er grasivaxinn eins og áður sagði og sést vel í annars sléttu umhverfi sínu. Á túnakorti frá 1918 sést að bæjarhúsin hafa þá snúið austur-vestur, með framhlið til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-050:002 heimild um kálgarð 63°55.210N 20°51.926V

Kálgarður er merktur á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918, fast austan og sunnan við bæ 001. Kálgarðurinn og bæjarhúsin voru sambyggð.

Þar sem kálgarðurinn var, er nú, slétt grasivaxið tún.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði. Á túnakortinu er kálgarðurinn L-laga.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna frá 1906; Túnakort 1918

ÁR-050:003 heimild um traðir 63°56.915N 20°49.359V

Traðir eru merktar á túnakort frá 1918, fast við vesturmörk túns. Vírgirðing er fast austan við þar sem heimreiðin lá. Samkvæmt túnakorti frá 1918 virðist heimreiðin hafa verið um 180 m löng og legið norður-suður.

Þar sem heimreiðin var, er nú, slétt og grasivaxið tún.

Engin ummerki heimreiðar sést á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-050:004 kuml legstaður 63°55.485N 20°51.788V

Í Kumlum og haugfé er fjallað um kumlfund að Læk í Flóa. Kumlið fannst rúma 600 m norðan við bæ 001 og um 350 m ANA við Kúarétt 006.

Þar sem kumlið fannst eru náttúrulegir og mosavaxnir hraunhólar með graslendi og blautum flákum.

Í Kumlum og haugfé segir: " Í ágúst 1969 var tilkynnt um beinafund að Læk í Flóa. Mannabein og hluti af beizlismélum höfðu komið í ljós eftir rigningartíð í flagi þar sem jarðýta hafði brotið land til ræktunar haustið áður. Þór Magnússon og Halldór J. Jónsson rannsökuðu staðinn í ágústlok. Í óprentaðri skýrslu Þórs segir svo frá þessum fundi: "Bærinn að Læk stendur á bökkum Hróarsholtslækjar og liggur túnið, sem er alllangt, á vestri lækjarbakkanum. Þarna er mikið sléttlendi vestur frá læknum og jarðvegur grunnur ofan á Þjórsárhrauninu, sums staðar aðeins um ein skóflustunga. Mjög víða eru eins konar hraundrýli með jarðvegi, sem standa eins og hólar í landslaginu, en á milli þeirra eru votlendissund. Kumlið reyndist vera á einu slíku hraundrýli. Það er rétt norðan við túnið, um 60 m vestan lækjarins og um 600 m norðan núverandi bæjar. Þarna hafði verið unnið flag haustið 1968 og sáð höfrum sl. vor, en kumlstæðið er rétt utan við sjálft flagið. Þó hafði jarðýtan farið yfir hraundrýlið með herfi og jafnframt beitt tönninni og skafið og skorið jarðveginn ofan af því, þannig að aðeins voru um 25 sm niður á hraunið. Er að var komið lágu beinaleifarnar ofanjarðar, aðallega höfuðkúpubrot. Nokkrar tennur lágu þarna einnig, en bleizlismélin höfðu verið um 2 m vestar á hólnum. Við hreinsuðum frá beinunum, en þrátt fyrir ítarlega leit tókst okkur ekki að finna tangur né tetur af beinagrindinni sjálfri, utan smávegis leifar í moldinni hjá beinunum. Það var aðallega um að ræða höfuðkúpubrot og tennur, og part af neðri kjálka. Ekki sást á neinn hátt marka fyrir gröfinni og grófum við þó niður á hraunið, og hið eina, sem þarna fannst af hlutum var lítil tinnuflís, líklega eldtinna. Um 2 m vestar, þar sem mélin höfðu verið, varð vart örfárra hrossbeina. Þetta voru leggbein og hófbein og þar fannst einnig hinn hluti mélanna, en hausbein né tennur fundust alls ekki né búkbein, utan einn hryggjarliður. Okkur virtist auðsætt, að jarðýtan hefði ekki hreyft við þessum beinum og hefði þeim verið umrótað endur fyrir löngu. Líklegt er því, að kumlið hafi verið rænt snemma á öldum, eins og mörg dæmi eru um. Það er þó greinilegt, að þarna hefur verið kuml manns og hests. Að líkindum hefur maðurinn verið heygður

austantil á hólnum og hesturinn vestantil, en ekki var hægt að sjá af beinunum, hvernig maðurinn hafði legið né heldur, hvort hesturinn hefur verið heygður til fóta honum. Í sambandi við þetta sagði Gísli [Högnason] bóndi okkur frá athyglisverðum hlut. Árið 1946 var jafnaður út rústahóll [010] í túninu á Læk, austur við Hróarsholtslækinn og um 200 m sunnan við kumlið. Þarna voru kofarústir, en neðst sagði hann, að komið hefði í ljós skálatóft með eldstæði á gólfi og einni ef ekki tveimur útbyggingum." Þór nefnir einnig í skýrslu sinni að Lækur sé sennilega ekki gömul jörð, en að vel megi vera að kumlið sé frá bæ sem hafi staðið þarna við Hróarsholtslækinn í fyrndinni og farið snemma í eyði. Hildur Gestsdóttir hefur rannsakað beinaleifarnar og telur ógjörning að greina aldur þeirra eða kyn,". Þar sem kumlið var er nú ræktarsvæði í sléttu og grasivöxnu túni. Á þessu ræktarsvæði eru fyrr nefnd hraundrýli og blautir flákar. Ekki er vitað með vissu hvar kumlið var en ræktarsvæðið er um 130 x 120 m stórt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:KEKH 2000, 79


ÁR-050:005 *Eyvindatóft* tóft beitarhús 63°56.969N 20°49.391V
"Eyvindartóft. Er í vestur frá bænum, kennd við Fjalla-Eyvind sem ólst upp á Læk," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Eyvindartóft er rúma 350 m norðvestan við bæ 001 og tæpum 100 m vestan við Lambhúshól 007. Áttahorf í örnefnaskrá er ekki rétt og tóftin mun norðvestar en þar er lýst.



Mynd 69 Tóftin horft til norðurs

Tóftin er í þýfðu og grasivöxnu túni.
Tóftin er 18 x 6 m og snýr norðvestur-suðaustur. Hún skiptist í þrjú hólf. Hólf 1 er syðst í tóftinni. Það snýr norðvestur-suðaustur og er 5 x 2 m að innanmáli. Inngangur er á miðjum suðurvegg og annar í vesturhorni, yfir í hólf 2. Veggirnir eru um 0,4 m á hæð og sjást fjögur umför af grjóthleðslum í þeim. Veggirnir eru grónir og glittir í grjótið. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er 2 x 1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1 m á hæð og sjást þrenn umför af grjóthleðslum í þeim. Tveir inngangar eru inn í hólfið, annar úr hólfi 1 sem áður var lýst en hinn er andspænis honum, á norðurvegg inn í hólf 3. Hólf 3 er nyrst í tóftinni og er 4 x 3 m að innanmáli. Hólfið snýr norðaustur-suðvestur og eru veggirnir um 1,1 m á hæð. Það sjást fjögur umför af grjóthleðslum í þeim. Tóftin er alveg gróin að utan. Tóftin er á lágum hól og byggð þvert á náttúrulegan, grasivaxinn hrygg.Tóftin hallar beggja vegna niður af hryggnum. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt, en líklegast hefur hún verið beitarhús.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 20.

ÁR-050:006 *Kúarétt* tóft rétt 63°55.354N 20°52.088V
"Kúarétt. Vestur frá bænum. (Veðraborg til forna)," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Tóftin er um 30 m sunnan við Lambhús 007 og tæpum 300 m NNV við bæ 001. Vírgirðing er um 20 m norðan við tóftina.





Mynd 70 Tóftin horft til suðurs

Tóftin er í þýfðu, grónu og afgirtu túni.
Tóftin er 10 x 7 m og snýr norður-suður. Hún er tvískipt. Hólf 1 er sunnar og er um 4 x 3 m að innanmáli. Ekki sést móta fyrir inngangi en mikið hrun er inni í tóftinni. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og sést tvenn umför af grjóthleðslu í þeim. Hólf 2 er 4 x 2 m að innanmáli. Veggirnir eru um 0,4 m á hæð og sést eitt umfar af grjóthleðslu í þeim. Tóftin er öll gróin og sigin. Merki um

tvö byggingarstig eru að sjá í tóftinni. Minni tóft hefur að öllum líkindum verið byggð inni í réttinni eftir að hún féll úr notkun.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 20.

ÁR-050:007 *Lambhúshóll* tóft lambhús 63°55.366N 20°52.102V
"Lambhúshóll. Í túninu vestur frá bænum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Lambhúsið er rúma 300 m NNV við bæ 001 og rúma 90 m austan við Eyvindartóft 005.
Tóftin er í þýfðu, afgirtu túni.
Tóftin er 15 x 12 m og snýr austur-vestur. Tóftin skiptist í þrjú hólf. Hólf 1 er í miðri tóftinni. Það snýr austur-vestur og er 8 x 2 m að innanmáli. Veggirnir eru 0,5 m háir og sjást tvenn umför af grjóthleðslum í þeim. Hólfið er þýft að innan og ekki hægt að sjá hvort að garðar hafi verið þar. Inngangur í hólfið er á miðjum austurvegg og á miðjum vesturvegg, inn í hólf 2. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 7 x 1,5 m að innanmáli, snýr norður-suður og eru veggirnir um 1,2 m á hæð. Það sjást mest í fjögur umför af grjóti í þeim. Hrun úr veggjum er inni í tóftinni. Hólf 3 er sunnan við hólf 1. Það er grjóthlaðið, 2 x 1 m á hæð og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,4 m háir og sést eitt umfar af grjóthleðslum í þeim. Ekki mótar fyrir opi inn í hólfið.



Mynd 71 Tóftin horft til norðurs



Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 20.

ÁR-050:008 heimild um býli
Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1905 segir: "...Tók eg þá eftir því, að þar, sem nú er tún þess bæjar (Lækjar) eru uppgrónir farvegir eftir lækinn. ... Sunnan megin lækjarins taka þar við grösugar hæðir inn af Hróarsholtsklettum. Hefir lækurinn hætt að brjóta, er hann kom að hæðunum, því þar er berg undir jarðvegi. En jarðvegurinn þykkur vel, malarborinn, og sendinn að ofan. Þar hefir norðanvindur rofið bakkann og myndað uppblástur, sem þó nær ekki vítt út. Þar tók eg í sama sinn eftir grjótdreif mikilli, aflangri, sem við uppblásturinn hafði komið í ljós. Virtist mér auðsætt, að þetta væri byggingargrjót þangað flutt af mönnum. Sumt af grjótinu lá utan í rofum, er eftir stóðu, og sást á því, að áður en upp blés hafði það legið nokkru ofarlega í jarðveginum. ... Nú fór eg að hugsa um, hvaða bygging þetta hefðir getað verið. Það gat aðeins verið um tvennt að tala: beitarhúsi eða bæ. En nú er sjaldgæft á Suðurlandi, að sjá merki til fornra beitarhúsa ... Komst eg því að þeirri niðurstöðu, að þetta mundu vera leifar af bæ,". Ekki kannaðist Gauti Gunnarsson, heimildamaður, við þessa lýsingu né hvar þetta gæti mögulega verið að finna. Telja verður líklegt að öll ummerki þessarar tóftar séu nú horfin vegna landbrots Hróarsholtslækjar, suðvestan við bæ 001.
Engin ummerki býlisins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:BJ, Árbók 1905, 21.

ÁR-050:009 tóft beitarhús 63°55.554N 20°51.852V
Tóft er tæpa 600 m NNA við bæ 001 og um 450 m suðvestan við Eyvindartóft 005.
Tóftin er í grasivöxnu túni með náttúrulegum hraundrýlum og mýrum.
Tóftin snýr suðaustur-norðvestur, er 21 x 21 m að stærð og liggur í 90°horn. Hún skiptist í þrjú hólf. Hólf 1 er syðst í tóftinni. Það snýr suðaustur-norðvestur og er 8 x 3 m að innanmáli. Veggirnir eru 1,2 m á hæð og sjást fjögur umför af grjóthleðslu í þeim.





Mynd 72 Tóftin horft til norðurs

Jata ligur eftir endilöngu hólfinu, hún er alveg gróin. Þakið hefur líklega hrunið inn í hólfið, það er fullt af spýtnabraki og bárujárni. Inngangur er á miðri austurhlið og ekki virðist hafa verið hægt að fara í hin hólfin. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 11 x 5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru um 0,6 m á hæð og sjást 4 umför í þeim. Bárujárn er inni í hólfinu. Norðurhlið hólfsins er grjóthlaðin og þar virðist hafa verið innangengt úr hólfi 3. Hólf 3 er norðan við hólf 2. Það er 6 x 4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru um 0,7 m á hæð og glittir á nokkrum stöðum í bárujárn. Fjögur umför af grjóti sjást í þeim. Inngangur er í á vesturhlið, líklega í bæði hólf 2 og 3. Hér að öllum líkindum um beitarhús að ræða, fjarlægð frá bæ og gerð tóftarinnar gefur það til kynna. Beitarhúsin eru sjálfsagt byggð á fyrri hluta 20. aldar en skráð með fornleifum sökum byggingarhefðar.
Hættumat: engin hætta

ÁR-050:010 heimild um bústað 63°55.372N 20°51.694V
Í Kumlum og haugfé segir: "Í sambandi við þetta [004] sagði Gísli [Högnason] bóndi okkur frá athyglisverðum hlut. Árið 1946 var jafnaður út rústahóll í túninu á Læk, austur við Hróarsholtslækinn og um 200 m sunnan við kumlið [004]. Þarna voru kofarústir, en neðst sagði hann, að komið hefði í ljós skálatóft með eldstæði á gólfi og einni ef ekki tveimur útbyggingum." Þór nefnir einnig í skýrslu sinni að Lækur sé sennilega ekki gömul jörð, en að vel megi vera að kumlið sé frá bæ sem hafi staðið þarna við Hróarsholtslækinn í fyrndinni og farið snemma í eyði." Gauti Gunnarsson, heimildamaður, kannaðist ekki við þessa lýsingu né vissi hvar minjarnar gætu hafa verið. Þær hafa líklega verið um 350 m norðaustan við bæ 001 og um 200 m sunnan við kuml 004.
Þar sem skálinn var, er nú slétt og grasivaxið tún.
Engin ummerki tóftanna sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:KEKH 2000, 79.

ÁR-050:011 náma mógrafir 63°56.060N 20°53.319V
Við yfirferð loftmynda komu í ljós mógrafir um 1,9 km NNV við bæ 001 og um 1,5 km NNV við Eyvindartóft 005.
Mógrafirnar eru í þýfðum og grónum móa.
Mógrafirnar eru um 40 x 30 m að stærð og snýr svæðið norðaustur-suðvestur. Ekki er hægt að segja til um nákvæman fjölda mógrafanna eða ástand sökum þess að ekki var farið á vettvang. Á loftmyndum sést þó ein stök mógröf, 9 x 3 m að stærð og mögulega mótar fyrir nokkrum minni.
Hættumat: engin hætta

ÁR-051 Bár



Byggt á túnakortum frá 1906 og 1918

1708:Jarðardýrleiki óviss, Skálholtsstólseign. 1847: 4 1/3 hdr. Bændaeign. Jarðarinnar er getið í máldaga hálfkirkjunar á Öndverðarnesi frá 1570, DI XV, 645.
1708: "Fóðrast kann vi kýr, iiii úngneyti, iii hestar og þó meira ef ábúandi væri so efnaður að hann fengi uppunnið, eður kannske annað þvílíkt eður tvöfalt, væri vel að sókt. Afrjett brúkar þessi jörð ekki, því hjer hefur ei sauðfje verið í manna minni; verður og ekki haft fyrir hagaleysi og ísalögum á vetur. Torfrista og súnga fúin og lítt nýtandi. Silúngsveiðivon lítil og valla teljandi í smálækjum. Tún er ekkert að segja, nema í kríngum sjálfan bæinn mjög lítið. Engar nærri óþrjótandi að segja, nema ábúandi megnaði að vinna, sem ekki hefur verið alt til þessa, en allar eru þær vatnssóktar með forröðum" JÁM II, 147-8.
1918: "Tún: 2.04 ha. ógirt. ca 65% sljett. Matjurtagarðar: 9.33 arar" Túnakort 1918.

ÁR-051:001 *Bár* bæjarhóll bústaður 63°54.204N 20°54.745V




Mynd 73 Bæjarhóllinn horft til norðausturs

Þrjú hús eru merkt á bæjarhól Bárar á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Bærinn stóð á eina holtinu á jörðinni. Þar er nú íbúðarhús sem var byggt var 1930, beint ofan í bæjarhólinn. Tryggvi Bjarnason, heimildamaður, vissi ekki hvort eitthvað af mannvistarleifum komu fram þegar húsið var byggt.
Umhverfis bæjarholtið eru slétt, gróin tún til norðurs, vesturs og austurs en þýfður mói til suðurs.
Bæjarhúsin hafa verið byggð á náttúrulegu holti en lítið sést af uppsöfnuðum mannvistarleifum þar nú. Bæjarhóllinn snýr austur-vestur og er um 17 x 12 m að stærð. Íbúðarhúsið er á miðjum hólnum og var byggt ofan í gamla bæinn en tóftum hans hefur líklegast verið rutt út. Kjallari er undir íbúðarhúsinu. Í suðvesturhorni hólsins sjást um 0,8 m há uppsöfnuð mannvistarlög en hóllinn hefur verið sléttaður til suðurs og austurs. Holtið sem hóllinn er á er um 3 m hátt og fjarar bæjarhóllinn út til norðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-051:002 gerði kálgarður 63°54.202N 20°54.763V





Mynd 74 Kálgarðurinn horft til austurs

Kálgarður er merktur fast vestan við bæ 001 á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakorti frá 1918. Á bæjateikningunni eru tvö útihús sýnd austast í honum, eitt þeirra eru mögulega kvíar 013. Útihúsin eru ekki sýnd á kortinu frá 1918 og líklega fallin úr notkun þá. Kálgarðurinn er nú notaður sem lóð við íbúðarhúsið. Vírgirðing liggur eftir suður-, vestur- og norðurhliðum hans.
Kálgarðurinn er grasivaxinn og sléttur.
Kálgarðurinn er 21 x 18 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er L-laga. Allur suðurveggur kálgarðsins er varðveittur og er hann 0,6 m hár. Tvö umför af grjóthleðslum sjást í þeim vegg. Það sést móta fyrir norðurvegg en hann er lægri, eða 0,4 m að hæð og alveg gróin. Hinum hliðum hefur verið raskað. Í norðvesturhluta garðsins er afgirt rabarbarabeð. Engar leifar húsanna sem voru innangarðs sjást lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-051:003 heimild um kálgarð 63°54.200N 20°54.728V

Kálgarður er merktur fast sunnan við bæ 001 á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakorti frá 1918. Á báðum kortunum eru þrjú útihús sýnd innan kálgarðsins, tvö við suðurvegg og eitt við austurvegg. Útihúsið við austurvegg er ekki sýnt á kortinu frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá. Þar sem kálgarðurinn var, er nú steyptur grunnur útihúsa sem byggð voru á 20. öld og hafa verið rifin.
Þar sem kálgarðurinn var er nú möl og steyptur grunnur. Hér er slakki til suðurs niður bæjarholtið.
Engin ummerki kálgarðsins né útihúsanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-051:004 heimild um útihús 63°54.215N 20°54.722V

Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 30 m austan við bæ 001. Þar sem útihúsið var eru nú leifar fjóss og hlöðu sem byggð voru á 20. öld. Þessi hús eru ekki sýnd á túnakorti frá 1918 og því líklega fallin úr notkun þá.
Þar sem húsin voru er nú grunnur húsa sem reist voru á fyrri hluta 20. aldar. Þau voru gerð úr torfi, grjóti steypu og bárujárni.
Engin ummerki eldri útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-051:005 heimild um traðir 63°54.184N 20°54.814V
Heimreið er merkt að bæ 001 úr vestri á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Heimreiðin er ekki sýnd á túnakorti frá 1918 og þá mögulega fallin úr notkun. Samkvæmt bæjateikningu frá 1906 var heimreiðin um 70 m löng.
Núverandi vegur heim að Bár liggur nú þar sem heimreiðin lá áður.
Engin ummerki heimreiðar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-051:006 heimild um útihús 63°54.187N 20°54.740V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna var útihús um 30 m sunnan við bæ 001 og rúma 55 m suðvestan við útihús 004. Það hefur líklegast horfið við túnasléttun. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Þar sem útihúsið var er nú slétt og grasivaxið tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-051:007 *Bárargerði* heimild um kvíar 63°54.130N 20°55.062V
"Bárargerði. Norðan vegarins er heim að bænum liggur," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Bárargerði er tæpa 300 m vestan við bæ 001 og tæpum 100 m norðan við mógrafir 012. Gaulverjabæjarvegur er um 30 m vestar.
Á þessum slóðum er nú (2009) slétt grasivaxið tún.
Að sögn Tryggva Bjarnasonar, heimildamanns, var á þessum stað stöðull fyrir kýr, fjárhús og garðbrot. Tóftirnar hurfu við túnasléttun að sögn Tryggva. Engin ummerki um fjárhúsin, stöðulinn né garðbrotið sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 2.

ÁR-051:008 *Torfrimi* heimild um ristu 63°54.319N 20°54.883V
"Torfrimi. Fyrir norðan túnið," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Tryggvi Bjarnason, heimildamaður, vissi ekki nákvæmlega hvar torf var rist en það var um 250 m norðan við bæ 001 og um 400 m norðaustan við Bárargerði 007.
Þarf sem ristan fór er nú grasivaxinn og smáþýfður mói.
Engin ummerki ristunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 2.

ÁR-051:009 *Gerði* heimild um óþekkt
Örnefnið Gerði er á lista yfir örnefni í landi Bárar. Tryggvi Bjarnason, heimildamaður kannaðist ekki við örnefnið. Mögulegt er að Gerði sé í raun sama örnefni og Bárargerði 007 en það er ekki hægt að staðfesta án frekari heimilda.
Heimildir:Ö-Bár, 1.

ÁR-051:010 *Kálgarðsrimi* þúst kálgarður 63°54.290N 20°54.631V
Örnefnið Kálgarðsrimi er á lista yfir örnefni í landi Bárar. Hann er um 180 m norðaustan við bæ 001 og rúma 450 m norðaustan við Bárargerði 007. Að sögn Tryggva Bjarnasonar, heimildamanns, var kálgarður á þessum stað á hólrima. Riminn sést enn og endar skurður skammt vestan við hann.
Riminn er í sléttu og grasivöxnu túni.
Rofabarð er nú á þessum slóðum. Það er um 3 x 2 m stórt, 1 m á hæð og sést steinadreif í því. Ekki sést móta fyrir kálgarðinum eða öðrum mannvirkjum, en líklegt er að rofabarðið sé tilkomið úr tóftum kálgarðsins. Líklegast hefur kálgarðurinn verið sléttaður út.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bár, 1.


Mynd 75 Kálgarðsrimi horft til vesturs

ÁR-051:011 frásögn rista 63°54.316N 20°54.245V
Að sögn Tryggva Bjarnasonar, heimildamanns, var torf rist í mýrinni fyrir austan bæ 001. Ristan var um 450 m ANA við bæ 001 og um 300 m austan við Kálgarðsrima 010.
Þar sem torf var rist er nú (maí 2009) þýfður mói með blautum dælum.
Engin ummerki ristunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta


ÁR-051:012 frásögn mógrafir 63°54.082N 20°55.079V
Að sögn Tryggva Bjarnasonar, heimildamanns, voru mógrafir vestan við Gaulverjabæjarveg. Þær eru rúma 350 m vestan við bæ 001 og tæpa 100 m suðvestan við Bárargerði 007. Tryggvi fyllti þarna upp í tvær stórar mógrafir, um 10 m voru á milli þeirra. Önnur þeirra var djúp og blaut. Þær eru nú horfnar og engin ummerki þeirra sjást á yfirborði.
Mógrafirnar voru í mýrlendum og þýfðum móa.
Engin ummerki mógrafanna sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta

ÁR-051:013 frásögn kvíar 63°54.198N 20°54.778V
Að sögn Tryggva Bjarnasonar voru kvíar um 30 m vestan við bæ 001 og tæpum 40 m NNV við útihús 006. Þetta voru svokallaðar færikvíar en hann mundi ekki hvenær þær féllu úr notkun. Þær voru í vesturhluta kálgarðs 002 og mögulega eitt þeirra útihúsa sem þar er sýnt.
Þar sem kvíarnar voru er nú hlið á afgirtu og grasivöxnu túni til norðurs.
Engin ummerki kvíanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-051:014 frásögn kvíar 63°54.110N 20°55.023V
Kvíar og fjárhús voru um 50 m beint sunnan við Bárargerði 007 og tæpum 300 m vestan við bæ 001 að sögn Tryggva Bjarnasonar, heimildamanns. Tóftirnar voru fallnar úr notkun áður en hann fór að muna eftir sér.
Þar sem tóftirnar voru er nú (2009) slétt og grasivaxið tún.
Engin ummerki kvía/fjárhúsa sjást á yfirborði. Telja má líklegt að minjarnar hafi horfið við túnasléttun.
Hættumat: engin hætta

ÁR-051:015 tóft útihús 63°54.250N 20°54.800V
Við yfirferð loftmynda kom í ljós tóft um 100 m norðan við bæ 001 og rúmum 150 m norðaustan við Kálgarðsrima 010.
Tóftin er á lágum, grónum hól. Allt umhverfis hann er þýfður mói.
Tóftin er um 10 x 8 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er vestar. Það er um 4 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það virðist vera opið til suðurs. Hólf 2 er um 5 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólfið er opið til suðurs. Þetta er að öllum líkindum útihús vegna nálægðar við bæ 001.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-052 Arnarstaðir



Byggt á túnakortum frá 1906 og 1918

1708, jarðardýrleiki óviss, Skálholtsstólseign. 1847, 22 hdr., bændaeign.
1708: "Arnarstadakot [ÁR-053], bygð fyrir manna minni við heimatúnið." JÁM II, 131
1981: "Oft var þar tvíbýli á síðustu öld. Jörðinni fylgdi hjáleigan Arnarstaðakot sem nú hefur verið sameinuð við jörðina Læk" SB II, 447.
1708: "Fóðrast kann vi kýr, iii úngneyti, xx ær, xii lömb, iiii hestar. Afrjett ut supra. Torfrista engin teljandi, og fær ábúandi torf til af nábúum sínum oftlega fyrir óákveðinn góðvilja. Stúnga bjargleg. Móskurður hefur verið, meinast eyddur. Skóg til kolgjörðar í almenníngi ut supra. Túninu grandar grjótsuppgángur, og er þar fyrir mjög erfitt að vinna túnið. Landþröng er mikil, og kaupir ábúandi haga af Hróarsholti ... Hætt er kvikfje fyrir holgryfjulæk nálægt túninu, og verður oft mein að, og verður að brúa þenna læk fyrir kvikfje á sumur." JÁM II, 131.
1918: "Tún: 3.76 ha. girt með grjótg. og vír. ca. 85% sljett. Matjurtagarðar: 13.28 arar" Túnakort 1918.

ÁR-052:001 *Arnarstaðir* bæjarhóll bústaður 63°56.163N 20°53.675V



Mynd 76 Bæjarhóllinn, horft til norðurs

Tveir bæir eru merktir á Arnarstöðum á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Rúmir 30 m eru á milli bæjanna. Fimm hús eru sýnd í vestari bæjarþyrpingunni á bæjarteikningunni sem hér er skráð. Gamli vesturbærinn stóð fast norðan við núverandi hesthús og upprunalega byggður á náttúrulegu holti. Fjárhús stóðu austarlega á bæjarhólnum en brunnu fljótlega eftir 1970. Rústum fjárhússins var rutt vestur yfir bæjarhólinn eftir brunann. Hundahótel er um 100 m fyrir sunnan bæjarhólinn og malarplan til austurs. Núverandi íbúðarhús er um 100 m austar og var það byggt 1953.

Þar sem bæjarhóllinn var er nú slétt og gróið svæði. Vegslóði liggur þvert yfir svæðið og trjám verið plantað í suðurhlíðar bæjarhólsins. Vestari bærinn er líklega eldri enn sá eystri. Eystri bærinn var ekki í byggð þegar jarðabók Árna og Páls var gerð 1703 né talað um að svo hafi verið. Skógræktin setur þann hluta bæjarhólsins sem hefur varðveist í stórhættu og er jafnvel meiri ógn en ábúðin.

Bærinn hefur upprunalega verið byggður á náttúrulegu holti og þar ofan á bæst uppsöfnun. Svæðið er samtals um 30 x 50 m og snýr austur-vestur og er um 3 m á hæð. Bæjarhólnum hefur verið raskað, byggt ofan í hann og sléttað. Hann er því ógreinilegur og aðeins varðveittur að litlum hluta. Vesturhluti bæjarhólsins er sá eini sem er greinilegur. Þar er um 10 m langur og 3 m hár bakki en til suðurs er um 5 m löng aflíðandi brekka. Þar hefur trjám verið plantað sem raskar hólnum mikið. Ofan á bæjarhólnum sjást ekki reglulegar hleðslur en víða sést glitta í grjót. Hóllinn hefur skemmst nokkuð þegar fjárhúsinu var rutt yfir hólinn og niður þar til vesturs. Hóllinn er einnig horfinn til norðurs, þar er nú hesthús og gerði. Þó má ætla að talsverðar mannvistarleifar leynist undir sverði.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-052:002 *Arnarstaðir* bæjarhóll bústaður 63°56.174N 20°53.642V

Tveir bæir eru merktir á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Eitt hús er sýnt á eystri bæjarhólnum á bæjarteikningunni og er það skráð hér. Eystri bærinn var rúma 30 m frá þeim vestari. Bæjarhóllinn er alveg horfin undir skemmu og malarveg að íbúðarhúsi sem er um 70 m austar. Aflíðandi brekka er til suðurs frá skemmunni niður af náttúrulegu holti sem bærinn hefur staðið á. Annar malarvegur liggur til suðurs niður holtið. Holtið sem eystri bærinn stóð á er hluti af sama holtrana og vestari bærinn 001 var á og snýr það norðvestur-suðaustur. Bærinn snéri norðvestur-
suðaustur og var um 30 m að lengd.

Þar sem bæjarhóllinn var áður er nú skemma og garður á milli hennar og íbúðarhússins. Hnit var tekið á malarvegi vestan við skemmuna.

Engin ummerki uppsöfnunar/bæjarhólsins sjást á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-052:003 heimild um kálgarð 63°56.157N 20°53.660V

Kálgarður er merktur örfáum metrum suðaustan við vestari bæinn 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Kálgarðurinn var tæpa 15 m suðvestan við bæ 002. Hundahótel er um 15 m til suðurs.

Þar sem kálgarðurinn var hefur trjám verið plantað, mest öspum. Trjánum virðist hafa verið plantað í allan kálgarðinn og svæðið umhverfis hann. Svæðið er í halla til suðurs.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-052:004 heimild um kálgarð 63°56.170N 20°53.637V

Kálgarður er samfastur suðurhlið eystri bæjarins 002 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918.

Þar sem kálgarðurinn var er nú skemma.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-052:005 heimild um traðir 63°56.172N 20°52.676V
Traðir eru merktar að bæjum 001 og 002 úr norðri á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Bær 001 er 20 m norðvestar og bær 002 er um 30 m austar frá suðausturenda heimreiðarinnar. Lengd hennar á túnakortunum er um 50 m.
Þar sem heimreiðin lá er nú hesthús. Malarvegur að íbúðarhúsi er fast norðan við hesthúsið.
Engin ummerki heimreiðar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-052:006 heimild um útihús 63°56.118N 20°53.778V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 var útihús um 130 m vestan við vestari bæinn 001 og rúma 150 m suðvestan við bæ 002.
Þar sem útihúsið var er slétt, grasivaxið tún með náttúrulegum hólum. Útihúsið var mögulega á lágum hól á svæðinu.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-052:007 heimild um útihús 63°56.095N 20°53.812V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 var útihús um 170 m vestan við vestari bæinn 001 og rúma 50 m suðvestan við útihús 006.
Þar sem útihúsið var er slétt, grasivaxið tún með lágum hólum. Til vesturs, suðurs og norðurs er þýfður mói.
Engin ummerki útihússins sjást nú (2008) á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-052:008 heimild um útihús 63°56.102N 20°53.716V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 var útihús um 120 m suðvestan við vestari bæinn 001 á Arnarstöðum og um 60 m suðaustan við útihús 006.
Þar sem útihúsið var er nú slétt, grasivaxið tún suðvestan við núverandi íbúðarhús á jörðinni.
Engin ummerki útihússins eru sjáanleg á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-052:009 heimild um útihús 63°56.104N 20°53.797V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 130 m vestan við vestari bæinn 001og um 10 m vestan við útihús 006. Lágur hóll er 30 m vestar og líklegt að þar hafi útihúsið staðið og verið um 150 m vestan við bæ 001. Braggi er um 100 m norðvestar. Húsið er hins vegar ekki merkt inn á túnakort frá 1918 og hefur líklega verið fallið úr notkun þá.
Þar sem útihúsið var er slétt, gróið tún með lágum, náttúrulegum hólum.
Engin ummerki útihússins eru sjáanleg á yfirborði.
Hættumat: engin hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-052:010 *Erlendartóft* heimild um stekk
"Erlendartóft. Vestur frá Vöðlahól, sennil. stekkur," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Gunnar B. Gunnarsson og Guðríður Valgeirsdóttir vissu ekki hvar Erlendartóft var að finna né könnuðust við örnefni í lýsingunni. Þau töldu samt líklegt að tóftin hefði verið fyrir sunnan eða vestan bæ. Á þessu svæði eru nokkrar tóftir (023, 025 eða 027) og er vel mögulegt að einhver þeirra sé í raun Erlendartóft, það er þó ekki hægt að staðfesta án frekari heimilda.
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 1.


ÁR-052:011 *Grafhólar* náma mógrafir 63°56.021N 20°53.432V
"Grafhólar. Suður frá Kvíatóft [012], þar hefur áður verið mótak," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Mógrafirnar eru tæpa 330 m sunnan við bæ 001 og um 100 m vestan við landamerki Arnarstaðakots ÁR-053.



Mynd 77 Mógrafirnar horft til suðurs

Mógrafirnar eru í þýfðum móa með mýrarflákum.
Mógrafasvæðið er um 50 x 20 m stórt að stærð og snýr austur-vestur. Dýpstu mógrafirnar eru um 0,5 m en flestar eru þær um 0,2 m að dýpt. Mógrafirnar renna saman og eru um 30 talsins. Inn á milli sjást stakar grafir, um 2 x 1 m að stærð. Mógrafirnar eru þurrar og fyllt hefur verið upp í þær.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 1.

ÁR-052:012 *Kvíatóft* tóft kvíar 63°56.106N 20°53.593V
"Kvíatóft. Suðaustur frá Arnarstöðum, í túninu," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Kvíarnar sjást enn um 130 m sunnan við bæ 001 og rúmum 100 m austar en útihús 008. Gata 021 liggur fyrir austan túnið sem tóftin er í og fer yfir túngarðinn 018 í átt að bæ 001 og 002. Kvíarnar eru rétt sunnan við túngarðinn, utan túns. Túngarðurinn er horfinn á þessu svæði.



Mynd 78 Kvíarnar horft til norðausturs

Tóftin er í grónu, sléttu túni. Það er vaxið sóleyjum og nokkuð þýft. Mýrlendisflákar eru þar inn á milli.
Tóftin snýr norður-suður, er einföld og er 9 x 4 m að stærð. Hún er sigin, þýfð og orðin ógreinileg. Tóftin sker sig úr umhverfi sínu, hún virðist vera grasivaxinn hóll í þýfinu. Veggirnir eru 0,5 m háir og sjást tvenn umför af grjóti í þeim. Inngangur er á miðri suðurhlið. Nokkuð hrun er fyrir utan tóftina úr veggjunum. Tóftin snýr austur-vestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 1.

ÁR-052:013 *Kartöfluhólar* heimild um kartöflugarður
"Kartöfluhólar. Vestur frá Erlendartóft [010]. Þar hafa kartöflugarðar verið. Sést þar móta fyrir garðhleðslu," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Gunnar B. Gunnarsson og Guðríður Valgeirsdóttir vissu ekki hvar kartöflugarðinn var að finna né könnuðust við örnefni í lýsingunni. Hvergi sást til mannvirkja sem gætu verið umræddir Kartöfluhólar á jörðinni og líklegt að öll ummerki um kartöflugarðinn séu horfin.
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 1.

ÁR-052:014 *Móhólar* náma mógrafir 63°55.965N 20°53.981V
"Móhólar. Vestur frá tóftarrima [016]. Dregur nafn af mógröfum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Mógrafirnar eru tæpa 50 m norðaustan við tóft 025 en tæpa 450 m suðvestan við bæ 001. Um 40 m vestar en mógrafirnar er sumarbústaður inn á litlum afgirtum jarðskika.



Mynd 79 Mógrafirnar horft til vesturs

Mógrafirnar eru í þýfðum valllendismóa. Melur og mýrarflákar eru hér og þar um móann.
Mógrafasvæðið er um 40 x 20 m að stærð og snýr austur-vestur. Svæðið er nánast hringlaga og stakar mógrafir innan þess. Mógrafirnar eru í lægð í valllendismóa og afmarkast af henni. Þær eru flestar um 0,4 m djúpar, þurrar og grónar. Einstaka gröf er rök með mold í botninum. Mógrafirnar renna ekki saman og eru um 30 talsins. Flestar þeirra eru um 2 x 1 m að stærð. Líklega hefur verið fyllt upp í mógrafirnar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 1.

ÁR-052:015 *Stóravarða* varða óþekkt 63°55.387N 20°54.115V
"Stóravarða. Suðvestur frá Einbúa," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Varðan er um 1,1 km suðaustan við mógrafir 014 og um 1,5 km suðaustan við bæ 001.
Varðan er í þýfðum valllendismóa.
Varðan er þannig gerð að grjóti hefur verið hlaðið upp að náttúrulegum kletti. Varðan er um 2 m í þvermál, 1 m á hæð og grasivaxin. Hvergi eru reglulegar hleðslur en víða glittir í grjót sem hefur verið staflað upp. Grjóthrun

úr vörðunni er í móanum umhverfis hana. Ekkert er vitað um í hvaða tilgangi þessi varða var hlaðin. Hún gæti einna helst hafa verið vegvísir á leið sem nú er horfin eða ekki þekkt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 1.


Mynd 80 Stóravarða horft til vesturs

ÁR-052:016 *Tóftarrimi* heimild um óþekkt
"Tóftarrimi. Vestur frá Gráhellu. Í mörkum milli: Túns [ÁR-056] og Arnarstaða. Mótar fyrir tóftarbroti," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Gunnar B. Gunnarsson og Guðríður Valgeirsdóttir vissu ekki hvar örnefnið Tóftarrima var að finna né könnuðust við tóftir í kringum þau örnefni sem hér koma fram. Túnið fyrir norðaustan og norðan Gráhellu var allt skoðað í leit að tóftum en þær fundust ekki á þessu svæði. Svæðið sem hér um ræðir er á landamerkjum Túns og Arnarstaða og engin mannvirki var þar að sjá. Miðað við örnefnalýsingu ætti Tóftarrimi að vera í landi Túns sem er vestur frá Gráhellu en þar var heldur ekkert mannvirki að sjá á þessum slóðum.
Þýfður valllendismói með mýrarflákum og hrauntoppum er á landamörkum Túns og Arnarstaða.
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 1.

ÁR-052:017 *Vaðhóll* örnefni vað 63°56.532N 20°53.889V
"Vaðhóll. Norður frá Móhólum [014]. Landamerkjahóll milli: Króks [ÁR-054], Túns [ÁR-156] og Arnarstaðakots [ÁR-053] og Arnarstaða," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Vaðhóll var rúmum 700 m norðan við bæ 001, þjóðvegur 1 er um 20 m norðar og vegur að Arnarstöðum er 10 m vestar. Örnefnið, Vaðhóll, bendir til þess að hér hafi verið vað en nú (2008) er enginn lækur á svæðinu. Vaðið gæti hafi verið yfir Krókskeldu sem rann á þessum slóðum en svæðið hefur allt verið ræst fram með skurðum og þurrkað upp. Vaðið var líklega notað á gamla þjóðvegi 621:005 og póstleið 621:009 sem liggja á þessum slóðum.
Engin ummerki vaðsins eru á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 1.

ÁR-052:018 garðlag túngarður 63°56.095N 20°53.825V
Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 sést túngarður umhverfis Arnarstaði og Arnarstaðakot. Samkvæmt túnakorti frá 1918 var hluti túnsins þá girtur af með grjótgarði. Túngarðurinn sést enn að hluta. Hann er rúma 10 m vestan við útihús 007 og tæpa 180 m suðvestan við bæ 001. Um 100 m til NNV frá túngarðinum er braggi.
Túngarðurinn liggur í grasivöxnu túni með lágum hólum vestan við bæ.
Túngarðurinn er gróinn, um 0,4 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Hann liggur norður-suður vestan við bæ og sést á tæplega 40 m kafla. Ekki sjást skýrar hleðslur í túngarðinum heldur glittir í grjót í grassverðinum. Gunnar B. Gunnarsson segir að fyrir vestan og norðvestan bæ glitti víða í steina sem gætu tilheyrt túngarðinum, erfitt var að greina það á vettvangi vegna mikils gróðurs. Einnig er mögulegt að túngarðurinn komi upp rétt vestan við leið 021 og liggi þar austur-vestur yfir í land Arnarstaðakots. Þetta var þó mjög óskýrt og hnit ekki tekið þar. Þó að túngarðar Arnarstaða og Arnarstaðakots hafi tengst var þeim hluta garðsins sem var umhverfis kotið gefið sérstakt númer 053:007. Túngarðurinn lá upphaflega umhverfis allt heimatúnið sem og heimatún Arnarstaðakots. Það svæði hefur verið um 380 x 135 m stórt. Á túnakorti frá 1918 er hins vegar komin túngarður utan um heimatún Arnarstaða sem virðist liggja á svipuðum slóðum, nema til austurs þar sem mörkin við Arnarstaðakot liggja. Þar var túngarði bætt við. Flestar hliðar túngarðsins eru horfnar í landi Arnarstaða nema til vesturs. Til norðurs og austurs hefur hann líklega verið sléttaður vegna framkvæmda en til suðurs og vesturs sokkið í túnið eða grjótið tekið borðið úr honum.


Mynd 81 Túngarðurinn horft til NNV

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-052:019 tóftir mógrafir 63°56.062N 20°53.450V
Móstæði eru rúma 200 m frá bæ 001 og tæpa 80 m norðan við mógrafir 011. Girðing á landamörkum Arnarstaða og Lækjar ÁR-050 er um 150 m austar.

Móstæðin eru í þýfðum móa með mýrarflákum.



Mynd 82 Móstæði A og B horft til suðurs

Við Grafarhóla 011 eru móstæði. Svæðið er 40 x 20 m að stærð og þar eru tvær tóftir. Tóft A er 5 x 2 m að stærð, einföld, 0,2 m á hæð og grjóthlaðin. Hún snýr NNV-SSA. Tóftin er gerð úr einfaldri steinaröð og sést eitt umfar. Veggirnir eru mosavaxnir og óljósir þar sem grjót hefur verið sett inn í tóftina. Tóft B er 6 x 2 m og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er tæpa 35 m fyrir suðvestan tóft A. Hún er grjóthlaðin og gerð nákvæmlega eins og tóft A. Veggirnir eru 0,15 m á hæð og mosavaxnir. Grjót hefur verið sett ofan í tóftina og hún er mjög sigin.
Hættumat: engin hætta

ÁR-052:020 frásögn útihús 63°55.960N 20°54.022V
Gunnar B. Gunnarsson man eftir tóft þar sem nú er sumarbústaður sem tengdafaðir hann reisti fyrir all mörgum árum. Sumarbústaðurinn er fallinn úr notkun og ónýtur. Hann stendur á náttúrulegum hól og víða glittir í grjót. Engar hleðslur eða torf er að sjá þar. Tóftin hefur verið um 40 m vestan við mógrafir 014 og tæpa 500 m vestan við bæ 001.
Tóftin var þar sem nú er þýfður móí með mýrlendisflákum.
Engin ummerki tóftarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta

ÁR-052:021 vegur leið 63°56.096N 20°53.421V



Mynd 83 Leiðin horft til norðurs

Leið lá suður frá bæjum 001 og 002, út heimatúnið, og yfir þýfðan móa að beitarhúsum 026.
Vegurinn liggur í þýfðum og kjarrivöxnum móa.
Vegurinn liggur norður-suður eftir túni sunnan við bæ 002. Vegurinn sést bara í því túni og hverfur í þýfðum móa sunnan við það. Hann sést á um 180 kafla. Vegurinn er um 2 m á breidd en engar rákir sjást þar, aðeins för eftir vinnuvélar. Leiðin hefur verið hlaðin upp á köflum en það sést fremur illa vegna þess hversu þýfður móinn er. Vegurinn er um 0,15 m á hæð þar sem hann er upphlaðinn. Vegurinn liggur yfir túngarð 018 og lílkega yngri en hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-052:022 *Álfahóll* álagablettur huldufólksbústaður 63°56.203N 20°53.513V



Mynd 84 Álfahóll horft til NNA


Álfahóll er rúma 150 m austan við bæ 001 en um 100 m norðan við leið 021. Göngustígur á milli Arnarstaða og Arnarstaðakots ÁR-053 er um 100 m til norðausturs og girðing á mörkum jarðanna fast austan við hóllinn. Trjám hefur verið plantað fyrir norðan og sunnan hólinn. Fyrrverandi ábúandi sagði Gunnari B. Gunnarssyni og Guðríði Valgeirsdóttur þegar þau tóku við búskap að ekki mætti slá hólinn, þá myndi síga á ólukkuhliðina.
Álfahóll er í sléttu og grónu túni til vesturs og norðausturs. Til suðausturs er þýfður móí.
Álfahóll er tæplega 15 m í þvermál og nokkuð hringlaga. Hann er um 3,5 m á hæð og grasivaxinn. Hvergi sést glitta í

grjót í hólnum og er líklega náttúrulegur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-052:023 tóft óþekkt 63°56.079N 20°53.863V

Tóft er rúma 50 m suðvestan við útihús 007 og tæpa 220 m suðvestan við bæ 001. Skurður er um 30 m til norðurs. Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna er teiknað opið hólf á svipuðum slóðum en herforingjaráðsmenn hafa líklega merkt hana of norðarlega og þetta ein og sama tóftin.





Mynd 85 Tóftin horft til NNV

Tóftin stendur á grónu svæði fyrir sunnan slétt og grasivaxið tún.
Tóftin snýr austur-vestur, er einföld og hefur mjög líklega verið sambyggð túngarði 018. Tengslin á milli þessara mannvirkja eru þó ekki skýr, túngarðurinn hvefur rétt norðvestan við tóftina. Hún er 14 x 5 m að stærð og veggirnir eru 0,15 m á hæð. Tóftin er gerð úr einfaldri steinaröð og sést eitt umfar af grjóti. Norðurveggurinn er er ógreinilegur og líklega verið túngarðurinn. Tóftin er opin til austurs, og hefur líklega verið rétt, aðhald eða kvíar. Einnig gæti þetta mögulega verið Kartöfluhólar 013, þó að ekki sé hægt að staðfesta það.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906


ÁR-052:024 tóft óþekkt 63°56.101N 20°53.880V

Tóft er rúma 200 m suðvestan við bæ 001 og 200 m norðan við tóft 025. Girðing er tæpa 10 m fyrir vestan tóftina.
Tóftin er á grónu svæði fyrir vestan slétt og grasivaxið tún. Þar sem tóftin er vex gras og fíflar.
Tóftin er um 5 x 3 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru alveg grónir en víða glittir í grjót. Ekki sjást skýrar hleðslur né inngangur í tóftina. Að öllum líkindum hefur þetta verið kálgarður eða lítið aðhald. Ekkert hrun er á svæðinu né virðist hafa verið þak á tóftinni. Veggirnir eru um 0,25 m á hæð og grasivaxnir.
Hættumat: engin hætta

ÁR-052:025 tóft óþekkt 63°55.989N 20°53.957V

Tóft er tæpum 400 m suðvestan við bæ 001 og um 400 m vestan við túngarð 018.
Tóftin er í þýfðum móa með mýrarflákum og malarblettum sem koma upp úr sverði hér og þar.





Mynd 86 Tóftin horft til vesturs

Tóftin er 6 x 3 m að stærð, snýr austur-vestur og er einföld. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og grónir. Tvö umför af grjóti sjást í veggjunum. Ekki sjást skýrar hleðslur en víða glittir í grjót. Vesturveggur tóftarinnar er ógreinilegur en hún er sigin og þýfð. Tóftin stendur á náttúrulegum hól sem er um 1 m á hæð.
Hættumat: engin hætta


ÁR-052:026 tóft+garðlag beitarhús 63°55.668N 20°53.307V

Tóft er tæpa 800 m suðaustan við mógrafir 014 og tæpan 1 km suðaustan við bæ 001. Að sögn Gunnars B. Gunnarssonar voru þetta beitarhús.

Tóftin er í þýfðum móa og stendur melur upp úr sverði á stöku stað.








Mynd 87 Beitarhúsið horft til norðurs

Svæðið er 15 x 15 m, snýr norður-suður og þar er tóft og sambyggt garðlag. Tóftin snýr norður-suður og er 15 x 10 m að stærð. Hún skiptist í fjögur hólf og er gróin. Hólf I er syðst í tóftinni og er 9 x 5 m að innanmáli. Hólfið snýr norður-suður. Veggirnir eru um 0,7 m háir og sést í fjögur umför af hleðslum í þeim. Inngangur er á miðri suðurhlið og garði liggur eftir hólfinu endilöngu. Mögulega hefur verið innangengt í hólf III. Hólf II er austan við hólf I og er 7 x 5 m að innanmáli. Hófið snýr norður-suður. Inngangur er á miðri suðurhlið og veggir eru um 1,3 m á hæð. Sex umför af steinum sjást í þeim. Í norðurenda hólfsins er einföld steinaröð með óljósan tilgang, mögulega hefur þetta verið jata eða tengst inngangi í hólf III sem liggur fyrir norðan bæði hólf I og II. Hólf III snýr austur-vestur og er nyrst í tóftinni. Hólfið er 11 x 6 m að innanmáli. Þetta hefur líklega verið hlaða þar sem gólfflöturinn er um 0,4 m lægri en í öðrum hólfum tóftarinnar. Veggirnir er um 1,5 m á hæð og sjást fimm umför af grjóti. Ekki mótar fyrir inngangi sem hefur að öllum líkindum verið úr hólfum I og II. Garðlag IV hefur verið rétt eða aðhald vestan við beitarhúsið. Það er sambyggt því og liggur meðfram allri vesturhlið hólfa I og III. Garðlagið liggur norður-suður og beygir til vesturs inn í mitt hólf III. Hólfið er grjóthlaðið og gert úr einfaldri steinaröð. Tvö umför af grjóti sjást í veggjum sem er um 0,4 m á hæð. Hólfið er opið til suðurs.
Hættumat: engin hætta

ÁR-053 Arnarstaðakot



Byggt á túnakortum frá 1906 og 1918

1708 og 1847, hjáleiga frá Arnarstöðum. 1708: "Arnarstadakot, bygð fyrir manna minni við heimatúnið." JÁM II, 131. 1981: "Arnarstaðakot var áður fyrr hjáleiga frá Arnarstöðum og var þriðji partur þeirrar jarðar. ... Árið 1970 var jörðin lögð undir Læk." SB II, 448.
1708: "Fóðrast kann áðurtalið kvikfje [iii kýr, i kvíga að fyrsta kálfi, i kálfur, vi ær, iiii sauðir veturgamlir, vi lömb, i hestur]. Kostir og ókostir sem á heimajörðunni segir [sjá ÁR-052]" JÁM II, 131-2.
1918: "Tún 1.27 ha. girt. ca 70% sljett. Matjurtagarðar. 8.33 arar" Túnakort 1918.
1981: "Þar standa nú engin hús." SB II, 448

ÁR-053:001 *Arnarstaðakot* bæjarhóll bústaður 63°56.254N 20°53.425V
Fjögur hús eru merkt á bæjarhól Arnarstaðakots á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bæjarþyrpingin er einnig merkt (í einu lagi) á túnakort frá 1918. Bærinn stóð um 250 m norðaustan við Arnarstaði 052:001 og var hjáleiga frá þeirri jörð. Jörðin fór í eyði 1917 en hefur verið nytjuð síðan m.a. af ábúendum á Læk ÁR-050 og Arnarstöðum. Nú er eitt hús á bæjarhólnum. Sumarbústaður er á miðjum bæjarhólnum og hefur valdið töluverðu raski á tóftum bæjarins sem eru þar enn. Mynd af gamla bænum er í SB II á bls. 448.



Mynd 88 *Bæjarhóllinn horft til norðurs og suðurs*

Bæjarhóllinn er að hluta til náttúrulegur hóll þar sem mannvistarlög hafa síðar safnast upp. Til suðurs er slétt grasivaxin flöt, þýfð tún eru til austurs og norðurs en til vesturs er malarplan sem mögulega hefur raskað bæjarhólnum eitthvað.
Sjálfur bæjarhóllinn er um 20 x 23 m stór og snýr austur-vestur. Bærinn hefur verið byggður á náttúrulegum hólrima sem er um 4 m á hæð. Sumarbústaður er nú á suðvesturhluta bæjarhólsins og hefur bygging hans valdið miklu raski. Bæjarhóllinn hefur verið sléttaður fyrir sunnan sumarbústaðinn. Norður- og austurhluti bæjarhólsins er hins vegar lítið verið skemmdur og má enn sjá hluta af gamla bænum, líklega baðstofuna. Tvær tóftir eru sjáanlegar á bæjarhólnum og eru þær báðar skráðar hér. Tóft A er líklega sjálf bæjarrústin, snýr norður-suður og skiptist í þrjú hólf. Hólf I er syðst í tóftinni og er 9 x 9 m að stærð. Það snýr norður-suður og veggirnir eru mest um 2,2 m á hæð og sjö umför sjást. Inngangur á það er á miðri suðurhlið. Norðurvegg hólfsins hefur verið raskað en mögulegt er að þar hafi verið inngangur í hólf III. Hólf II er austan við hólf I. Það snýr norður-suður og er 8 x 2 m að innanmáli. Inngangur er á miðri austurhlið. Innangengt er í hólf I í suðvesturhorni hólfsins. Á þeim vegg ,sem einungis er grjóthlaðin, sjást þrjú umför af grjóti og er hann um 0,6 m á hæð. Aðrir veggir í hólfinu eru 0,7 m á hæð og fjögur umför af grjóti sjást í þeim. Hólf III snýr austur-vestur og nyst í tóftinni. Það er 12 x 8 m að innanmáli og gólfflöturinn er um 0,4 m hærri en í hinum hólfunum. Hluti vesturveggs er steinsteyptur en annars er tóftin að öllu leiti úr torfi og grjóti. Steypti veggurinn er um 1,7 m á hæð en að öðru leiti sjást fimm umför af grjóti í veggjum sem eru um 1 m á hæð. Þegar ljósmyndin í SB II er skoðuð sést að þekjan á þessu hólfi er hærri en á hinum tveimur. Tóft B er 2 m fyrir norðan tóft A og er líklega af útihúsi eða kálgarði. Hún er einföld, snýr austur-vestur og 8 x 7 m að stærð. Veggirnir eru um 0,2 m á hæð og mjög grónir. Inngangur er í norðvesturhorni tóftarinnar. Norður- og vesturveggir **Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918; SB II, 448.

ÁR-053:002 heimild um kálgarð 63°56.248N 20°53.424V
Kálgarður er merktur tæpa 15 m sunnan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Á ljósmynd í SB II sést kálgarðurinn vel fyrir sunnan bæjardyrnar og mögulega er tóft eða heystæða fyrir sunnan hann.
Nú er slétt grasflöt þar sem kálgarðurinn var áður. Flötin er notuð sem bakgarður sunnan við sumarbústað.Til austurs er grasivaxinn skjólgarður.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918; SB II, 448.


ÁR-053:003 heimild um útihús 63°56.264N 20°53.380V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 40 m austan við bæ 001 og um 20 m suðaustan við útihús 004. Gaddavísrsgirðing er nú um 30 m norðar.
Þar sem tóftin var er nú (2008) gróið en þýft tún. Sléttur grasbali er á því svæði sem útihúsið var.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-053:004 heimild um útihús 63°56.267N 20°53.403V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna var útihús um 30 m norðaustan við bæ 001 en rúma 60 m suðvestan við túngarð 007.
Þar sem útihúsið var er nú gróið en nokkuð þýft tún. Hólrimar eru í túninu og þurr mýrarsund á milli þeirra.
Engin ummerki útihússins eru sjáanleg á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-053:005 *Grænatóft* tóft beitarhús 63°56.195N 20°52.967V
"Grænatóft. Austur frá Strokkhól. Greinileg merki fjárhúss og hlöðu," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Grænatóft er tæpa 170 m suðaustan við tóft 011 og tæpa 400 m suðaustan við bæ 001.
Tóftin er í þýfðum móa og malarvellir standa upp úr sverðinum á stöku stað. Blautir mýrarflákar eru hér og þar í móanum sem er að verða kjarrivaxinn. Tóftin sker sig úr, er mun grænni en svæðið í kring.





Mynd 89 *Tóftin horft til vesturs*

Tóftin er 13 x 6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin skiptist í þrjú hólf og er á lágum hól. Veggirnir eru um 1 m á hæð og sjást mest fjögur umför af hleðslum. Hólf I er austast í tóftinni og er 5 x 3 m að stærð. Hólfið snýr norðaustur-suðvestur og inngangur er á miðri austurhlið. Innangengt er í hólf II í norðvesturhorni. Hólf II er vestan við hólf I og er 2 x 1 m að innanmáli. Hólfið snýr norðuraustur-
suðvestur og einungis innangengt úr hólfi I. Hólf III er vestast í tóftinni og er 4 x 3 m að stærð. Það snýr norðaustur-suðvestur og gólfflöturinn er um 0,5 lægri en í hinum hólfunum tveimur. Líklegt að þetta hafi verið hlaða. Inngangur er í norðvesturhorni en ekki hefur verið inngangur í hin hólfin tvö. Engin ummerki um garða eða jötu voru sjáanleg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 1.

ÁR-053:006 *Stekkatúnshóll* heimild um stekk
"Stekkatúnshóll. Suður frá Ráðleysu [012]. Nafnið dregið af rústum stekks, sem er þar skammt frá," segir í örnefnaskrá Hraungerðirhrepps. Ekki er vitað nákvæmlega hvar Stekkatúnshóll var. Ekki tókst að hafa upp á heimildamanni sem þekkti til á jörðinni enda fór hún í eyði 1917.
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 1.

ÁR-053:007 garðlag túngarður 63°56.295N 20°53.483V
Túngarður er tæpa 90 m fyrir sunnan bæ 001, rúma 80 m fyrir suðaustan útihús 004 og um 80 m norðan við veg að sumarbústað. Þetta er líklega túngarðurinn umhverfis Arnastaðakot (og Arnarstaði ÁR-052) sem sést á korti danskra landmælinga manna frá 1906 og á túnakorti frá 1918.
Garðlagið liggur í þýfðum móa.
Túngarðurinn er um 130 x 150 m langur og 0,3 m breiður. Hann er sigin og grjóthlaðinn. Hann er mosavaxinn og eitt umfar af grjóti sést í honum. Túngarðurinn hlykkjast austur-vestur og beygir síðan til suðurs. Þar hverfur hann og kemur líklega upp aftur í landi Arnarstaða við veg 052:021. Túngarðurinn er um 0,3 m á hæð og best varðveittur til norðurs og í norðausturenda. Mögulega hefur verið rétt eða aðhald þar sem hann endar í suðri. Það er greinilegt að sami túngarðurinn hefur verið í kringum Arnarstaði og Arnarstaðakot.



Mynd 90
Túngarðurinn horft til austurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-053:008 náma mógrafir 63°56.412N 20°53.020V
Mógrafir eru rúma 400 m norðaustan við útihús 003 og tæpa 450 m norðaustan við bæ 001. Stokkhóll er um 55 m til austurs en þar koma merki Króks ÁR-054, Arnarstaðakots og Læks ÁR-050 saman.
Mógrafirnar eru í þýfðum móa með stöku malarvöllum og hólum.
Svæðið er um 25 x 26 m og snýr norðaustur-suðvestur. Mógrafirnar eru um 0,3 m djúpar og renna saman. Stakar





Mynd 91 *Mógrafirnar horft til norðausturs og norðvesturs*

mógrafir sjást líka og eru þær um 2 x 1 m að stærð. Að öllum líkindum hafa verið um 15-20 mógrafir á svæðinu. Þrír náttúrulegir hólar eru fyrir austan mógrafirnar og liggja þær meðfram þeim. Stór mógröf, um 17 x 17 m er 160 m fyrir suðaustan við það svæði sem þegar er lýst. Hún er þurr, um 0,4 m á dýpt og nánast ferköntuð. Hóll er fast norðan við hana. Telja má líklegt að hólarnir hafi verið notaðir til þess að þurrka móinn. Þess má geta að hér og þar um landareign Arnarstaðakots voru stakar, óljósar mógrafir sem ekki voru skráðar sérstaklega enda mjög umfangslitlar og e.t.v. bara tekinn mór í 1-2 skipti á hverjum stað.
Hættumat: engin hætta

ÁR-053:009 náma mógrafir 63°56.096N 20°53.171V
Mógrafir eru um 350 m suðaustan við bæ 001 og um 230 m suðvestan við Grænutóft 005. Mógrafirnar eru skammt norðan við skurð sem liggur á mörkum Arnarstaðakots og Læks ÁR-050.
Mógrafirnar eru í þýfðum, kjarrivöxnum móa með malarþembum sem standa upp úr sverðinum hér og þar. Blautir mýrarflákar eru á víð og dreif um móann.
Mógrafasvæðið er við suðurmörk Arnarstaðakots og er um 30 x 30 m stórt. Þar sem mógrafirnar voru skráðar eftir loftmynd vantar upplýsingar um hversu djúpar þær voru, hvort þær hafi verið blautar og áætlaðan fjölda. Samkvæmt loftmyndinni eru þær um 20 talsins en þær eru eflaust fleiri.
Hættumat: engin hætta

ÁR-053:010 tóft óþekkt 63°56.225N 20°53.331V
Tóft er um 100 m suðaustan við bæ 001 og rúma 100 m sunnan við útihús 004.
Tóftin er í þýfðu og grónu túni. Malarvellir standa víða upp úr túninu.
Tóftin er 8 x 5 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1,2 m á hæð og sjást fjögur umför af steinum í þeim. Tóftin er tvískipt. Hólf I er austar, 5 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Inngangur er í


Mynd 92 *Tóftin horft til vesturs*

norðausturhorni. Einhverra hluta vegna er gólfið ógróið en veggirnir eru grasivaxnir og með sóleyjarbreiðum. Úr hólfi I er innangengt í hólf II. Hólf II er vestan við hólf I. Það er 5 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Jata er meðfram suðurhlið en inngangurinn hefur verið í norðausturhorni.

Hættumat: engin hætta

ÁR-053:011 tóft óþekkt 63°56.226N 20°53.145V
Tóft er tæpa 250 m suðaustan við bæ 001 og er á miðri landareign Arnarstaðakots.
Tóftin er í þýfðum, kjarrivöxnum móa með malarþembum sem standa upp úr sverðinum hér og þar. Blautir mýrarflákar eru á víð og dreif um móann.






Mynd 93 *Tóftin horft til norðvesturs*

Tóftin er 4 x 5 m, einföld og snýr NNA-SSV. Veggirnir eru um 0,7 m á hæð og sjást þrjú umför af steinum í þeim. Inngangur er í suðausturhorni. Tóftin er á náttúrulegum hól og er áberandi í flötum móanum. Veggirnir eru alveg grónir að utan en að innan glittir í grjót hér og þar. Býlið Ráðleysa 012 var á svipuðum slóðum en stærð tóftar og útlit bendir ekki til hér sé býlið fundið.
Hættumat: engin hætta

ÁR-053:012 *Ráðleysa* heimild um býli
"Ráðleysa. Suðaustur frá bænum. Sjást þar greinilega tóftarbrot (eyðibýli)," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Landareign Arnarstaðakots er aðeins tvö tún og frekar lítil. Túnin eru slétt og þýfð og allar tóftir skera sig nokkuð úr og sjást vel. Á svæðinu sást ekki til annarra tófta en þeirra sem fyrr hefur verið greint frá (sjá númer 010 og 011). Hvergi sér til rústa á svæðinu sem teljast líklegar býlisrústir. Þó er erfitt að útiloka að einhverjar af þeim tóftum sem skráðar eru hér að framan gætu ekki hafa verið reistar í tóftum býlisins. Um þetta er hins vegar ekkert hægt að staðhæfa nú.
Á svæðinu er þýfður móa með malarvöllum og mýrarflákum.
Engin ummerki tóftanna sáust á svæðinu.
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 1.

ÁR-054 Krókur



Byggt á túnakortum frá 1906 og 1918

1708, 10 hdr., bændaeign. 1847, 10 hdr., bændaeign.

1708: "Krókskot, eyðihjáleiga, bygð fyrir manna minni laust frá heimatúninu. Varaði byggðin inn til næstu 2 ára, síðan í auðn." JÁM II, 130. 1981: "Þar var hjáleigan Krókskot sem var lögð undir heimajörðina árið 1906." SB II, 449.

1708: "Fóðrast kann áðurtalið kvikfje [v kýr, ii kvígur að fyrsta kálfi, i veturgömul, ii kálfar, xviii ær, v suaðir tvævetrir og eldri, xiiii veturgamlir, xx lömb, ii hestar, i hross, i folil veturgamall]. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga sæmileg. Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast eyddur. Skóg til kolgjörðar brúkar þessi jörð í almenníngi ut supra. Túnið þykir mjög grýtt og torsókt. Enginu grandar vatn, sem jetur úr grasrót, og er mjög erfitt að vinna, þett engi fyrir vatni, nema í mestu þerrum. Landþröngt er, so jafnan þarf að sitja hjá búsmala um daga ... Hætt er kvikfje fyrir einu foræði, sem liggur kríngum túniðog jetur sig niður með holgryfjupyttum. Verður og þetta forað að brúa með stórerfiði undir hey og aðra hluti, sem menn þurfa heim að flytja." JÁM II, 130.

1918: "Tún: 4.59 ha. girt með gaddavír, ca 90% sljett. Matjurtagarðar: 16.76 arar" Túnakort 1918.

ÁR-054:001 *Krókur* bæjarhóll bústaður 63°56.908N 20°53.032V
Sjö hús eru merkt á bæjarhól Króks á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Bæjarhúsin voru á miðjum bæjarhólnum og framhliðin snéri til suðurs. Ekki er vitað hvenær torfbærinn var rifinn en það íbúðarhús [030] sem nú stendur á jörðinni, suðaustan við gamla bæinn, var að hluta byggt 1911 og sést á túnakorti frá 1918. Jörðin fór í eyði fljótlega eftir 1980. Ekki er lengur ábúð á jörðinni né er hún nytjuð.


Mynd 94 Bæjarhóllinn horft til norðurs

Sléttur, grasivaxinn hóll. Vegslóði liggur upp suðurhlið hans.
Bæjarhóllinn er 42 x 34 m og snýr austur-vestur og virðist að stórum hluta náttúrulegur hóll. Hann er samtals 2-3 m á hæð en af því virðist aðeins örlítill hluti uppsöfnuð mannvistarlög enda óvíst að jörðin hafi komist í byggð fyrr en á 18. öld. Norðurhluta bæjarhólsins hefur verið raskað af byggingum. Ekki sjást nein ummerki um hleðslur né byggingar úr torfi og grjóti í hólnum. Á suðaustanverðum hólnum er íbúðarhús 009 sem að stofninum til var byggt 1911. Fast norðvestan við það stendur útihús, mögulega fjós eða fjárhús, á þeim slóðum sem gamli bærinn var. Ekki er vitað hvenær útihúsið var byggt. Um 0,3 m hár bakki er fast sunnan við útihúsið sem mögulega gæti verið leifar gamla bæjarins. Bakkinn er 5 m á lengd, 3 m á breidd og snýr norður-suður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-054:002 heimild um kálgarð 63°56.905N 20°53.030V
Kálgarður er merktur um 10 m sunnan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Kálgarðurinn var beint vestan við íbúðarhús 009 sem byggt var 1911.
Slétt, gróið plan ofan á miðjum bæjarhólnum. Þar vaxa sóleyjar og hundasúrur. Svæðið var e.t.v. notað sem bílastæði af síðustu ábúendum en er nú grasivaxið.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði. Stærð kálgarðsins á túnakorti frá 1918 er 30 x 32 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-054:003 heimild um útihús 63°56.901N 20°53.052V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 var útihús um 20 m vestan við bæ 001 og tæpum 20 m norðvestan við brunn 018.
Útihúsið var þar sem nú er steinsteypt hús fast vestan við núverandi íbúðarhús. Þetta er í austurenda bæjarhólsins.
Engin ummerki útihússins eru sjáanleg á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-054:004 heimild um útihús 63°56.865N 20°53.105V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna var útihús tæpa 100 m suðvestan við bæ 001, rúmum 50 m suðvestan við útihús 003 og um 15 m norðan við náttúrulegan hól með kletti. Útihúsið er ekki merkt inn á túnakort frá 1918 og hefur líklega verið hætt að nota það fyrir þann tíma.
Þar sem útihúsið var er nú (2008) slétt og grasivaxið tún.
Engin ummerki útihússins eru sjáanleg á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-054:005 heimild um útihús 63°56.841N 20°52.981V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 var útihús um 130 m sunnan við bæ 001. Malarvegur að bæ 001 er um 30 m austar. Útihúsið var hins vegar að öllum líkindum lengra frá bæ eða um 150 m sunnan hans. Mjög mýrlent er þar sem útihúsið er staðsett á túnakortunum og ólíklegt að það hafi verið þar.
Þar sem útihúsið var er nú (2008) slétt og grasivaxið tún.
Engin ummerki útihússins eru sjáanleg á yfirborði.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-054:006 heimild um útihús 63°56.879N 20°52.907V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 100 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 110 m suðaustan við kálgarð 002. Túngirðing er 15 m austar. Útihúsið var á náttúrulegum hól sem er um 0,4 m á hæð. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 sem bendir til að það hafi verið fallið úr notkun þá.
Útihúsið var á lágum, grasivöxnum hól. Fast sunnan við hann er mýrarfláki.
Engin ummerki útihússins eru sjáanleg á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-054:007 heimild um traðir 63°56.896N 20°53.023V
Traðir eru merktar að bæ 001 úr suðvestri á túnakorti frá 1918. Heimreiðin lá að bænum frá suðvesturhliði á túngarðinum og í gegnum mitt heimatúnið. Samkvæmt túnakorti var heimreiðin um 120 m löng. Heimreiðin lá fast vestan við íbúðarhús 030 þar sem núverandi vegur að Króki kemur upp suðurhlið bæjarhólsins. Vegurinn liggur á sama stað og heimreiðin og hún alveg horfin.
Allar hliðar bæjarhólsins eru sléttar og grasivaxinar.
Engin ummerki heimreiðarinnar eru sjáanleg á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1918.

ÁR-054:008 *Grafir* náma mógrafir 63°56.986N 20°52.942V


Mynd 95 Mógrafirnar horft til vesturs

"Grafir. Gamlar mógrafir, austur frá bænum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Mógrafirnar eru rúmum 150 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 170 m norðaustan við brunn 018. Tveir hólar (Móhólar) eru um 80 m sunnar.
Mógrafirnar eru í stórþýfðum og kjarrivöxnum móa.
Mógrafasvæðið snýr norðvestur-suðaustur og er um 175 x 80 m stórt. Mógrafirnar eru um 0,4 m djúpar og þurrar. Þær eru grónar og renna mikið saman. Fáeinar stakar grafir er að finna inn á milli stórra mógrafa. A.m.k. 100 grafir eru á svæðinu. Mógrafirnar liggja í tveimur röðum og er um 0,3 m á milli þeirra. Stöku grafirnar eru flestar 3 x 2 m á stærð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 17.

ÁR-054:009 hús bústaður 63°56.905N 20°53.010V
Íbúðarhús, byggt 1911, er merkt um 10 m suðaustan við bæ 001 á túnakorti frá 1918. Húsið hefur verið stækkað síðan og stendur enn. Húsið er suðaustast á sama hól og bæjarhóllinn.
Húsið er á gasivöxnum hól ásamt fleiri 20. aldar byggingum.
Húsið er 15 x 9 m að stærð og er á tveimur hæðum. Núverandi vegur að bæ endar fyrir framan (vestan) húsið. Ekki er lengur ábúð á jörðinni og húsið í niðurníðslu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-054:010 *Hornvarða* heimild um landamerki 63°57.489N 20° 52.529V
"Hornvarða. Hlaðin úr hnausum, stendur á bökkum Smalaskálaskurðar. (Landamerkjahornmark)," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Hornvörðurimi er austasti hluti sortans sem er í norðurhluta jarðarinnar. Telja má líklegt að varðan hafi verið á landamörkum Króks, Langholtsparts ÁR-070 og Langholts ÁR-068. Á þessu svæði var ekki að sjá nein ummerki vörðu en Krossvarða 039:016 er á mörkum Hraungerðis og Króks á bökkum Smalaskálaskurðar. Mögulega gæti verið um sömu vörðu að ræða en heiti hennar ekki hið sama. Ólafur Bjarnason, heimildamaður kannaðist ekki við örnefnið Hornvarða né vörðu á þessu svæði.
Þýft og þurrt mýrlendi er þar sem varðan var.
Engin ummerki vörðunnar voru sjáanleg á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 18.


ÁR-054:011 *Lambhúsrimi* örnefni lambhús
"Lambhúsrimi. Fyrir austan túnið, í honum miðjum er grjótvarða [012]," segir í örnefnaskrá Hraungeðrishrepps. Engar tóftir né mannvirki eru í túninu fyrir austan bæ 001. Svæðið austan við bæ, alla leið að mörkum Bollastaða ÁR-045 var skoðað án þess að nokkuð fyndist sem benti til tófta. Örnefnið bendir þó til að á þessum slóðum hafi áður verið lambhús. Ólafur Bjarnason, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið.
Þýft, kjarrivaxið tún er þar sem Lambhúsrimi á að vera.
Engin ummerki lambhússins eru sjáanleg á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 18.

ÁR-054:012 heimild um varða
"Lambhúsrimi [011]. Fyrir austan túnið, í honum miðjum er grjótvarða," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Engar tóftir né mannvirki eru í túninu fyrir austan bæ 001. Svæðið austan við bæ, alla leið að mörkum Bollastaða ÁR-045 var skoðað án þess að nokkuð fyndist sem benti til vörðu. Ólafur Bjarnason, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið.
Þýft, kjarrivaxið tún er þar sem varðan var.
Engin ummerki vörðunnar eru sjáanleg á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 18.

ÁR-054:013 *Krossþúfa* heimild um óþekkt
"Krossþúfa. Vestur frá Hornvörðurimum. Þar sést fyrir mannvirki," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Svæðið frá norður frá bæ 001 og að Smalaskálaskuði var skoðað án þess að nokkur ummerki mannvirkja fyndust. Svæðið er flatt, mýrlent og kjarrivaxið. Einn náttúrulegur hóll er á þessu svæði en ekkert sem benti til mannvirkja á honum. Ólafur Bjarnason, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið.
Slétt og kjarrivaxið mýrlendi er þar sem Krossþúfa á að hafa verið.
Engin ummerki mannvirkisins sjáanleg á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 18.

ÁR-054:014 *Stekkar* tóftir stekkur 63°57.252N 20°52.878V
"Stekkar. Vestur við garð 3 (sjá Áveitukort). Þrír grænir balar og eru tóftarbrot í tveimur þeirra. Þar eru einnig tvær gjár rétt hjá og þrýtur aldrei vatn í annarri þeirra," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Stekkar eru um 650 m NNA við bæ 001 og tæpum 150 m SSA við Torfdælar 016. Tvær dælar, líklega gjárnar sem talað er um í örnefnalýsingu, eru á svæðinu. Önnur á milli tóftanna en hin skammt norðan við þær.
Tóftirnar eru í þýfðri, rakri og kjarrivaxinni mýri.
Tvær tóftir eru á svæði sem er um 70 x 15 m stórt og snýr austur-vestur. Tóft A er austar. Hún er 6 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er mjög þýfð og sést móta fyrir einu hólfi. Þau hafa líklega verið fleiri en skipting þeirra illgreinanleg vegna þúfna. Veggir tóftarinnar eru grasivaxnir, um 0,5 m á hæð og hvergi sést glitta í hleðslur eða grjót. Tóft B er um 65 m NNV við tóft A og er mjög þýfð. Hún er 4 x 3 m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er sigin og ekki er hægt að greina hversu mörg hólf eru í henni. Veggir tóftarinnar eru um 0,4 m á hæð og alveg grónir.


Mynd 96 Tóftirnar horft til austurs og suðausturs.



Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 18; Áveitukort Króks.

ÁR-054:015 *Stórarétt* heimild um rétt
"Stórarétt. Grænn hóll í Dokkunum, mótar fyrir mannvirkjum úr grjóti," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Ólafur Bjarnason, heimildamaður, þekkti ekki örnefnin og mundi ekki eftir rétt í landi Króks. Miðað við lýsingar í örnefnaskrá má ætla að Stórarétt hafi verið norðan eða norðvestan við bæ 001 þó erfitt sé að ákvarða það. Það svæði er flatt, mýrlent og kjarrivaxið. Hvergi var mannvirki þar að sjá á yfirborði.
Engin ummerki réttarinnar voru á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 18.

ÁR-054:016 *Torfdælar* örnefni rista 63°57.292N 20°53.118V
"Torfdælar. Vestast í Sortanum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Svæðið er rúmum 700 m norðan við bæ 001 og tæpum 750 m austan við beitarhús 022. Ekki sást móta fyrir ristum né mógröfum þar. Allt svæðið er mýrlent og eru stórir mýrarflákar víða.
Þýfð, rök og kjarrivaxin mýri er þar sem ristan fór fram.
Engin ummerki ristunnar eru sjáanleg á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 18.

ÁR-054:017 *Móakot* tóft fjárhús 63°56.739N 20°53.164V
Tóft er tæpum 350 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 300 m suðvestan við brunn 018. Núverandi malarvegur að bæ 001 liggur um 30 m norðvestar. Fjárhúsið var enn í notkun í minni Ólafs Bjarnasonar, heimildamanns, en hann mundi ekki hvenær notkun þess var hætt.
Tóftin er í sléttu, grónu túni. Litlir mýrarflákar eru víða í túninu.
Tóftin er 23 x 15 m og snýr NNV - SSA. Hún er gerð úr torfi, grjóti, steypu og bárujárni. Tóftin skiptist í fjögur hólf. Hólf I er vestast í tóftinni, það er 10 x 6 m að innanmáli og snýr NNV - SSA. Veggirnir eru 1 m á hæð og sjást þrjú umför af grjóti í þeim. Þakið hefur hrunið ofan í hólfið og það er fullt af timbri og bárujárni. Inngangur er í vesturhorni suðurveggjar. Hólf II er austan við hólf I, það er 10 x 11 m að innanmáli og snýr NNV - SSA. Veggirnir eru 1 m á hæð og fimm umför af grjóti sjást í þeim. Tvær steyptar jötur liggja eftir endilöngu gólfinu og eru um 2 m eru á milli þeirra. Inngangur er á miðri suðurhlið og líklega hefur verið op yfir í hólf III á norðurvegg. Ekkert brak er innan í hólfinu. Hólf III er norðan við hólf II, er 11x7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggir eru 2 m á hæð og 7 umför af grjóti sjást í þeim. Gólfið er 1 m lægra en í hólfum 1 og 2 og hólfið var líklega hlaða. Ekki sést inngangur í hólfið en líklega hafa op verið á suðurvegg úr hólfum 1 og 2. Hólfið er fullt af bárujárni og braki. Hólf IV er norðan við hólf III, það er steypt og ekki virðist vera innangengt þaðan í önnur hólf. Það er 8 x 6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólfið er steinsteypt. Tveir inngangar eru á norðurhlið, um tveir metrar á milli þeirra. Veggirnir eru einungis um 0,3 m á hæð. Að sögn Ólafs Bjarnasonar, heimildamanns, var brunnur við Móakot en ekki sást til hans á vettvangi. Ólafur mundi ekki nákvæmlega hvar brunnurinn var.



Mynd 97 Tóftin horft til norðvesturs og suðausturs

Hættumat: engin hætta

ÁR-054:018 brunnur brunnur 63°56.897N 20°53.028V
Brunnur er tæpum 20 m sunnan við bæ 001 og tæpum 10 m norðan við kálgarð 002. Rör stendur 1 m upp úr grasinu um 8 m fyrir sunnan brunninn.
Brunnurinn er á suðurenda bæjarhólsins þar sem aflíðandi brekka til suðurs endar. Brekkan er slétt og gróin.
Brunnurinn er hulinn stálplötu svo ekki sést hvernig hann var gerður eða hvort að vatn sé þar enn. Stálplatan er 2 x 1 m og hylur allan brunninn.
Hættumat: engin hætta


Mynd 98 Brunnurinn

ÁR-054:019 heimild um brunn

Að sögn Ólafs Bjarnasonar, heimildamanns, var brunnur miðja vegu milli bæjar 001 og Móakots 017. Svæðið frá bæ 001 að Móakoti 017 var skoðað án þess að brunnur sæist. Telja verður líklegt að fyllt hafi verið upp í brunninn eða hann fallið saman.
Engin ummerki brunns sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta

ÁR-054:020 þúst óþekkt 63°56.737N 20°53.076V

Þúst er mitt á milli Móakots 017 og Krókskots 055:001. Nánar tiltekið er hún um 120 m vestan við bæ 001 og rúmum 70 m austan við Móakot.
Þústin er í grónu túni með náttúrulegum hólrimum og mýrarflákum.
Þústin er 7 x 4 m stór og snýr austur-vestur. Hún er um 1 m á hæð, þýfð og ógreinileg. Telja verður mjög líklegt að mannvist leynist hér undir sverði. Einn steinn sést greinilega í suðausturhluta þústarinnar.
Hættumat: engin hætta



Mynd 99 Þústin horft til norðurs

ÁR-054:021 *Timburhvíluhóll* frásögn áningarstaður 63°57.151N 20°52.412V

Timburhvíluhóll er rúmum 500 m suðvestan við Kúfhólavað 039:015 og tæpum 700 m ANA við bæ 001. Ólafur Guðjónsson, bóndi á Bollastöðum ÁR-045, taldi að menn hefðu áð á hólnum þegar verið var að flytja timbur í Skálholtskirkju á veturna. Timbrið var dregið á ís og svæðið var blautt áður en mýri var ræst fram.
Þýfður og grasivaxinn mói er umhverfis Timburhvíluhól . Kjarrgrróður vex einnig á stöku stað.
Timburhvíluhóll er náttúrulegur hóll sem er 5 í þvermál og 1 m á hæð. Ekki mótar fyrir hleðslum en glittir í steina hér og þar. Hóllin er flatur að ofan en ekki er líklegt að mannvistarleifar gætu leynst undir sverði.
Hættumat: engin hætta




Mynd 100 Áningarstaðurinn horft til suðvesturs

ÁR-054:022 tóft beitarhús 63°57.254N 20°54.015V

Tóft er um 1 km NNV við bæ 001. Smalaskálaskurður er 100 m til norðurs. Samkvæmt Ólafi Bjarnasyni, heimildamanni, voru þetta beitarhús en hann vissi ekki hvænær þau féllu úr notkun.
Þýfður, grasivaxinn mói með malarvöllum víða er umhverfis tóftina. Mýrlend svæði eru inn á milli malarvallanna.
Tóftin er 23 x 18 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er á náttúrulegum hól, 1,5 m háum, og skiptist í fimm hólf. Hólf I suðaustast í tóftinni, er 13 x 9 m að innanmáli og snýr norður-suður.
Inngangur er á miðri suðurhlið og opið til norðurs inn í hólf III. Veggirnir eru 1 m á hæð og þrjú umför af steinum sjást í þeim, strengur er á milli umfaranna. Garði liggur eftir austurhlið hólfsins. Hólf II er vestan við hólf I, það er 9 x 13 m að innanmáli og snýr norður-suður. Inngangur er á miðri suðurhlið og hólfið er opið til norðurs í hólf III. Veggirnir eru 0,7 m á hæð og tvö umför af steinum sjást. Jata liggur eftir hólfinu endilöngu. Hólf III er norðan við hólf I og II, er 14 x 9 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Líklega hefur hólfið verið hlaða. Innangengt er úr því til suðurs í hólf I og II en allur suðurveggurinn er grjóthlaðinn. Veggirnir hólf III eru 1,8 m á hæð og sex



Mynd 101 Tóftin horft til norðvesturs




umför af grjóti sjást í þeim. Gólfflöturinn er 0,5 m lægri en í hinum hólfunum og þetta líklega verið hlaða. Hólf IV er vestan við hólf III, það er 8 x 5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1 m á hæð og tvö umför sjást. Inngangur er í suðurhorni vesturhliðar. Innangengt er yfir í hólf V á miðri suðurhlið. Hólf V sunnan við hólf IV, er 13 x 10 m að innanmáli og snýr norður-suður. Inngangur er í austurhorni suðurhliðar og innangengt er í hólf IV á miðri norðurhlið. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og eitt umfar af steinum er greinilegt.
Hættumat: engin hætta

ÁR-054:023 tóft óþekkt 63°57.269N 20°54.034V



Mynd 102 Tóftin horft til norðvesturs



Tóft er rúmum 30 m norðan við tóft 022 og 1,1 km norðvestan við bæ 001. Tóftin er um 80 m sunnan við merki Langholts ÁR-068 (þar sem Smalaskálaskurður er nú).
Þýfður móa með mýrarflákum er umhverfis tóftina. Malarvellir standa víða upp úr grassverðinum.
Tóftin er gerð úr einfaldri röð af steinum og sést eitt umfar í veggjum hennar. Tóftin snýr norður-suður, er 12 x 2 m að stærð og um 0,3 m á hæð. Grjótið er mosavaxið og þýft. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en líklega er þetta annað hvort hey- eða móstæði. Í suðurhluta tóftarinnar hefur einfaldri steinaröð verið raðað nánast þvert á hleðslurnar.

Hættumat: engin hætta

ÁR-054:024 varða leið 63°57.199N 20°53.854V



Mynd 103 Leiðin horft til NNV

Vörðuð leið lá frá bæ 001 að beitarhúsum 022. Leiðin var í beina sjónlínu á milli þessara tveggja staða. Leiðin sést enn en af vörðunum eru aðeins tvær eftir. Þær eru rúmum 150 m suðaustan við tóft 022 og rúmum 850 m norðvestan við bæ 001.
Leiðin liggur í þýfðri og kjarrivaxinni mýri.
Tvær vörður hafa varðveist á þessari leið. Þeim voru gefnir bókstafir til aðgreiningar. Vörðurnar eru gerðar úr torfi eða hnausum og ekki sést mikið grjót í þeim. Stígurinn er víða orðin ógreinilegur en sést t.d. fast vestan við þúfurnar. Leiðin liggur norðvestur-suðaustur og hefur verið um 1 km að lengd. Varða A er 0,4 cm á hæð og 1 m í þvermál. Hún er mosavaxin, gróin og ekki sést í neitt grjót. Varða B er 35 m norðvestan við vörðu A. Hún er 0,3 m á hæð, 1 m í þvermál og mosavaxin. Ekki sést grjót í henni.
Hættumat: engin hætta

ÁR-054:025 náma mógrafir 63°56.905N 20°56.757V




Mynd 104 Mógrafirnar horft til suðvesturs

Mógrafir eru tæpa 300 m norðaustan við Krókskot 055:001 og rúmum 180 m ASA við bæ 001.
Þýfður, kjarrivaxinn móa með náttúrulegum, lágum hólum er umhverfis mógrafirnar.
Mógrafasvæðið er stórt, um 335 x 20 m og snýr norðaustur-suðvestur. Rimi gengur til norðurs frá Krókskoti og skiptir svæðinu í tvennt. Ekki er hægt að telja hversu margar mógrafirnar eru, þær renna saman og svo eru stakar grafir að finna inn á milli. Þær hafa a.m.k. verið 100 talsins. Stöku grafirnar eru flestar 4 x 5 m. Grafirnar eru þurrar og um 0,4 m á dýpt.
Hættumat: engin hætta

ÁR-054:026 þúst óþekkt 63°56.783N 20°53.395V
Þúst er tæpa 400 m ANA við bæ 001 en tæpa 200 m sunnan við Króksbrú 621:009.
Slétt, gróið tún með mýrarflákum er umhverfis þústina.

Ólafur Bjarnason mundi eftir hleðslum í þústinni. Þústin er á náttúrulegum hól og snýr austur-vestur. Þústin er 4 x 3 m stór og hefur líklega verið einföld en ekki sjást skýrar hleðslur eða hólf. Austurhluti þústarinnar er raskaður og hún fyllt af grjóti. Hóllinn er 1 m á hæð og grænn. Ekki er vitað hvaða hlutverki þústin hefur gegnt.
Hættumat: engin hætta





Mynd 105 Þústin horft til vesturs

ÁR-054:027 náma mógrafir 63°56.697N 20°53.134V

Mógrafir eru rúmum 400 m NNA við bæ 001 og tæpum 100 m sunnan við Móakot 017. Þær eru fast norðan við Króksbrú 621:009. Núverandi malarvegur að bæ 001 er um 120 m vestar.
Slétt og grasivaxið tún er til norðurs frá mógröfunum. Til suðurs er þýfður og kjarrivaxin móí.
Mógrafirnar snúa austur-vestur meðfram Króksbrú 621:009. Svæðið er um 100 x 25 m og mógrafirnar renna flestar saman. Á svæðinu eru 20-30 grafir. Þær eru 0,3 m á dýpt, þurrar og vaxnar mýrargróðri. Fáeinar stakar grafir er að finna, þær eru um 2 x 7 m. Dýpstu grafirnar á svæðinu eru um 1 m.
Hættumat: engin hætta



Mynd 106 Mógrafirnar horft til austurs

ÁR-054:028 heimild um útihús 63°56.794N 20°53.098V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 200 m suðvestan við bæ og tæpa 150 m VNV við Krókskot ÁR-055:001. Núverandi malarvegur að bæ 001 er um 20 m vestar.
Hér er nú (júlí 2008) slétt gróið tún með náttúrulegum hólum.
Engin ummerki útihússins eru sjáanleg á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1918.

ÁR-055 Krókskot

1708 og 1847, hjáleiga frá Króki. 1708: "Krókskot, eyðihjáleiga, bygð fyrir manna minni laust frá heimatúninu. Varaði bygðin inn til næstu 2 ára, síðan í auðn. ... Þessa grasnyt brúkar nú heimajörðin, og er henni áður talin. Aftur má hjer byggja, ef fólk til fengist, því hjáleigan lagðist í auðn, þegar bólan gjörði fólkfæðu." JÁM II, 130-1.
1981: "... Krókskot sem var lögð undir heimajörðina árið 1906." SB II, 449.
1708: "Fóðrast kunni iii kýr, vi ær, vi lömb, i hestur."


ÁR-055:001 *Krókskot* bæjarhóll bústaður 63°56.762N 20°52.940V
Þrjú hús eru merkt á bæjarhól Krókskots á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakorti frá 1918. Krókskot er sýnt innan heimatúns Króks 054:001 á túnakorti frá 1918. Ástæða þess er mögulega að Krókskot var lagt undir Krók 1906. Krókskot er tæpa 300 m sunnan við Krók og tæpa 200 m austan við Móakot 054:017. Mýrardæl er fast norðan við bæjarhólinn. Heimatúnið var um 200 x 175 m og snéri norður-suður. Bæjarhóllinn er í grasivöxnu túni með hólrimum og lægðum.



Mynd 107 Bæjarhóllinn horft til suðurs og norðurs

Bæjarhóllinn er 25 x 22 m og snýr austur-vestur. Hóllinn er um 0,4 m á hæð og eru tóftir bæjarins á honum. Bærinn er 25 x 20 m og snýr austur-vestur. Hluti þaksins hefur hrunið yfir bæjargöngin og nyrðri hluta bæjarins. Tóftin skiptist í fimm hólf. Hólf I er vestast í tóftinni og er 9 x 7 m að innanmáli. Hólfið snýr austur-vestur. Inngangur er á miðri austurhlið og ekki er innangengt úr því í önnur hólf. Veggirnir eru 1 m á hæð og fimm umför af grjóti með streng á milli sjást í þeim. Hólf II er austan við hólf 1. Það er 6 x 5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 2 m á hæð og sjö umför af steinum með streng á milli sjást í þeim. Inngangur er í suðvesturhorni. Tveir garðar liggja eftir hólfinu endilöngu. Þeir eru 0,3 m háir og grjóthlaðir. Norðurveggur hólfsins liggur undir skemmdum vegna ágangs sauðfjár sem flækist inn á jörðina. Hólf III er austan við hólf II og liggur eftir tóftinni endilangri. Þetta eru sjálf bæjargöngin og eru 7 m löng og 1 m á breidd. Þau snúa norður-suður og eru full af timbri, járni og öðru braki. Ekki er hægt að greina hvar gengið var inn í hólf/herbergi úr bæjargöngunum, þakið hefur hrunið yfir þau að mestu. Svæðið fyrir norðan hólf I-III er óskýrt og þakið liggur þar yfir. Ekki er útilokað að þar undir leynist fleiri hólf. Hólf IV er austast í tóftinni og er 8 x 7 m að innanmáli. Hólfið snýr norður-suður. Veggirnir eru 1,3 m á hæð og fjögur umför af steinum sjást í þeim. Inngangur er á miðri suðurhlið og hrunið hefur úr veggjum inn í hólfið. Ekki sjást aðrar dyr á hólfinu. Hólf V er nyrst í tóftinni og er 18 x 5 m að innanmáli. Það snýr austur-vestur en tengsl við hin hólfin eru óskýr. Hólfið er opið til norðurs og líklega verið rétt eða heygarður. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og ekki sjást skýrar hleðslur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-055:002 gerði kálgarður 63°56.755N 20°52.924V



Mynd 108 Kálgarðurinn horft til austurs


Kálgarður sem var sambyggður við suður- og austurhlið bæjar 001 er merktur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Kálgarðurinn er tæpa 200 m austan við Móakot 054:017.
Kálgarðurinn er í sléttu og grasivöxnu túni með hólrimum og lægðum. Í túninu er farinn að vaxa kjarrgróður og innan kálgarðsins vex hvönn.
Kálgarðurinn er 44 x 15 m stór og snýr

austur-vestur. Veggirnir eru 0,8 m á hæð og hlaðnir úr torfi og grjóti. Þrenn umför af grjóti sást í þeim. Inngangar eru á tveimur stöðum á kálgarðinum, annar í norðvesturhorni og hinn á miðri suðurhlið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-055:003 heimild um útihús 63°56.778N 20°52.962V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 30 m norðan við bæ 001. Á milli útihússins og bæjarins er blaut dæl, um 30 m í þvermál. Útihúsið hefur líklega verið staðsett of sunnarlega á bæjarteikningu dönsku landmælingamannanna og útihúsið var því tæpa 40 m norðan við bæ 001. Útihúsið er ekki merkt inn á túnakort frá 1918 og því líklega fallið úr notkun þá.
Útihúsið var á grasivöxnum hólrima sem er á svæðinu. Líklegt er að túnið hafi verið sléttað og útihúsið með.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-055:004 heimild um útihús 63°56.742N 20°53.027V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna var útihús um 70 m suðvestan við bæ 001 og rúma 30 m sunnan við mógrafir 054:025. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Útihúsið hefur verið á náttúrulegum hól sem er 2 m á hæð og 10 m í þvermál. Hóllinn er flatur að ofan en ekki sést móta fyrir hólfi eða hleðslum. Fast sunnan við hólinn er mýrarfláki sem er um 60 m í þvermál.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-055:005 *Litlakot* þúst óþekkt 63°56.733N 20°53.191V
Litlakot er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 um 210 m vestan við bæ 001, utan túns og rúmum 20 m vestan við Móakot 054:017. Malarvegur að Króki er um 30 m vestar. Nafnið Litlakot bendir til að þarna hafi verið smábýli þó ekki hafi heimildir um það varðveist. Litlakot gæti einnig verið eldra nafn á Móakoti og þetta einn og sami staðurinn, það er ekki hægt að staðfesta án frekari heimilda en mjög stutt er á milli þeirra.
Þústin er í ójöfnu og grónu túni. Hólrimar eru í túninu sem og mýrarflákar.

Mynd 109 Þústin horft til suðausturs

Ekki sjást neinar hleðslur né skýrir veggir í þústinni vegna mikils gróðurs. Útlínur þústarinnar voru þó greinilegar og hefur hún verið um 5 x 4 m að stærð og einföld. Hún virðist snúa austur-vestur. Mögulega hefur verið annað hólf fyrir suðvestan þústina en það er óskýrt vegna mikils gróðurs. Þó sést um 3 m langur og 0,4 m breiður bakki í gróðrinum þar. Greinlegt er að mannvist leynist undir sverði á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-055:006 heimild um útihús 63°56.774N 20°53.093V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna var útihús um 130 m vestan við bæ 001 og um 80 m norðvestan við tóft 004. Malarvegur að Króki er um 10 m suðaustar. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Þar sem útihúsið var er nú slétt og grasivaxið tún. Náttúrulegir hólrimar eru á svæðinu með mýrarflákum á milli.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-055:007 brunnur brunnur 63°56.750N 20°52.901V
Brunnur er tæpa 40 m suðaustan við bæ 001 og tæpa 20 m suðaustan við kálgarð 002.



Mynd 110 Brunnurinn

Brunnurinn er í sléttu og kjarrivöxnu túni. Mýrarflákar eru víða í túninu.
Brunnurinn er um 1 m á dýpt og 1 m löng sprunga gengur úr honum til suðurs. Brunnurinn hefur að öllum líkindum fallið saman eða fyllt upp í hann. Ekki sést hvort hlaðið var meðfram opinu en ofan í honum sjást skýrar hleðslur. Þar sjást tvenn umför af steinum og greinilegt að hleðslan nær lengra niður. Brunnurinn er þurr en mögulega er vatn enn í botni hans.
Hættumat: engin hætta

ÁR-055:008 garðlag túngarður 63°56.733N 20°53.044V



Mynd 111 Túngarðurinn horft til suðvesturs

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna var túngarður umhverfis túnið við Krókskot. Hluti þessa garðs sést enn fyrir vestan Krókskot.
Garðlagið liggur í sléttu, grasivöxnu túni með náttúrulegum hólrimum og mýrarflákum.
Fyrir sunnan bæ hefur mýri afmarkað túnið en túngarðurinn byrjar fast norðan við hana. Túngarðurinn afmarkaði svæði sem var um 200 x 175 m stórt. Túngarðurinn liggur norður-suður og sést á 13 m kafla. Túngarðurinn hefur verið grjóthlaðinn og sést eitt umfar í honum. Nokkuð af grjóti hefur hrunið úr túngarðinum og sést steinadreif í framhaldi af honum til norðurs. Túngarðurinn er um 0,5 m á breidd og 0,4 m á hæð. Aðrar hliðar túngarðsins eru horfnar, mögulega vegna sléttunar eða grjót borið úr honum.


Hættumat: engin hætta
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

ÁR-055:009 þúst útihús 63°56.744N 20°52.965V

Þúst er rúma 40 m suðvestan við bæ 001 og um 70 m austan við túngarð 008. Þústin er á náttúrulegum hól sem er um 1 m á hæð.



Mynd 112 Þústin horft til vesturs



Þústin er í grasivöxnu túni með náttúrulegum hólrimum og mýrarflákum.
Þústin er grasivaxin og 8 x 4 m að stærð. Hún snýr norður-suður og virðist skiptast í þrjú hólf. Ekki sést móta fyrir inngangi. Hleðsla sést í suðausturhorni þústarinnar. Hún er um 0,4 m á hæð, 2 m á lengd og tvö umför af steinum sjást. Þó að ummerki á yfirborði séu óljós leynast greinilega minjar hér undir sverði.
Hættumat: engin hætta


ÁR-055:010 þúst útihús 63°56.772N 20°52.482V



Mynd 113 Þústin horft til austurs

Þúst er tæpa 40 m NNV við bæ 001 og 100 m ANA við þúst 054:029.
Þústin er í sléttu og grónu túni með náttúrulegum hólrimum og mýrarflákum.
Hóllinn, eða þústin, er 16 x 10 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er um 2 m á hæð og flatur að ofan. Ekki sjást nein mannvirki á hólnum en mjög líklega er mannvist að finna undir sverði.
Hættumat: engin hætta

ÁR-056 Tún



Byggt á túnakortum frá 1906 og 1918

Árið 1466 selur Einar Erlendsson Brynjólfi Jónssyni jörðina Oddgeirshóla fyrir jörðina Tún og nokkurt lausafé, DI V, 467. 1708: Jarðardýrleiki óviss. Skálholtsstólseign. 1708: "Túnkot, hjáleiga af heimajörðunni, bygð fyrst hjer um 16 eður 17 árum skamt frá heimatúninu, þar sem ekki hafði áður bygð verið." JÁM II, 129
1847: 17 2/3 hdr. Bændaeign. 1981: "Tún II. Þjónustubýli er Guðmundur Stefánsson frá Túni stofnaði árið 1973 ... Býlið fékk 7-8 ha. úr landi Túns til umráða." SB II, 451.
1708: "Fóðrast kann viii kýr, iii úngneyti, xxx ær, xv lömb, iiii hestar. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga næg. Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast vera, brúkast ei. Landþröng er, og nýtur ábúandi góðvilja nábúa sinna, en geldur vissan toll fyrir. Hætt er kvikfje fyrir holgryfjulækjum, sem oft verður skaði að. Vatnsból bregst um vetur í frostum, og verður þá að þíða snjó fyrir menn og kvikfje, ella að sækja vatn til annars bæjar." JÁM II, 129.
1918: " Tún. 4.32 ha. Nátth. 0.52 ha. [samasem] 4.84 ha. girt grjótg. ca 90% sljett. Matjurtagarðar: 12.11 arar + nátthagarnir 10.50 arar [samasem] 22.61 arar" Túnakort 1918.

ÁR-056:001 *Tún* bæjarhóll bústaður 63°56.292N 20°55.570V

Fimm hús eru merkt á bæjarhól Túns á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Núverandi íbúðarhús á jörðinni var byggt 1930 og stendur á sama stað og gamli bærinn var áður. Húsið er með kjallara. Bæjarhólnum hefur verið raskað af byggingum, vegaframkvæmdum og flaggstöng komið fyrir í suðvesturenda hans. Íbúðarhúsið er eina húsið á bæjarhólnum.



Mynd 114 *Bæjarhóllin horft til norðurs*

Á bæjarhólnum er nú slétt, gróið tún til suðurs, norðurs og vesturs. Malarplan er fyrir austan núverandi íbúðarhús og vegur heim að bæ.

Bæjarhóllinn er 27 x 8 m að stærð og snýr austur-vestur. Honum hefur verið raskað mikið af ýmiskonar framkvæmdum. Vesturhluta hans hefur einna minnst verð raskað. Að norðan og austan er slétt malarplan á hólnum og slétt tún til suðurs. Mörk hólsins sjást ekki á þessum stöðum. Á vesturenda bæjarhólsins var fjós og hlaða að sögn Stefáns Guðmundssonar, heimildamanns, og sést glitta í eina hleðsluröð undir malarplaninu þar. Vesturhluti bæjarhólsins er grasivaxin og sléttur. Gamli bærinn var beint undir núverandi íbúðarhúsi en Stefán man ekki eftir að mikið af mannvistarlögum hafi verið raskað við byggingu þess.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-056:002 garðlag kálgarður 63°56.285N 20°55.553V

Kálgarður var um 20 m suðaustan við gamla bæinn 001. Hann er merktur inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Kálgarðurinn sést enn og er notaður sem garður sunnan við íbúðarhús sem var byggt árið 1930.

Kálgarðurinn er hluti af bakgarði með trjám, rabarbara og blómabeðum.

Kálgarðurinn snýr austur-vestur og er 34 x 18 m að stærð. Norður- og austurhlið kálgarðsins eru horfnar. Suður- og vesturhlið eru um 0,4 m á hæð og algrónar. Hvergi sést glitta í grjót. Trjám og runnum hefur verið plantað í allan úthring garðsins. Samkvæmt Stefáni Guðmundssyni var blómabeð næst gamla bænum í kálgarðinum.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-056:003 heimild um útihús 63°56.298N 20°55.536V

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 var útihús um 40 m austan við bæ 001 og rúmum 60 m sunnan við útihús 004.

Nú (2008) stendur fjós þar sem útihúsið var. Það hefur verið í suðvesturhorni fjóssins.

Engin ummerki útihússins sjást nú á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-056:004 heimild um lambhús 63°56.335N 20°55.562V

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 var útihús um 80 m NNA við bæ 001 og um 100 m norðan við kálgarð 002. Útihúsið er undir norðvesturhorni núverandi fjóss. Stefán Guðmundsson man eftir húsinu en ekki hversu stórt það var. Þetta var lambhús fyrir um 30 lömb.

Malarvegur sem liggur norðan og vestan við fjósið er nærri þeim stað sem lambhúsið var. Grasivaxið tún er tæpa 5 m vestan við þar sem húsið stóð.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.


ÁR-056:005 tóft útihús 63°56.242N 20°55.518V

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 var útihús um 100 m sunnan við bæ 001, utan túns. Tóftin sést enn rúma 80 m sunnan við kálgarð 002. Vegur að minkabúi liggur fast austan við tóftina.

Tóftin er í grónu túni en malarvegur er fast austan við hana. Þýft er vestan við tóftina og sagi (úrgangi frá minkabúi) hefur verið sturtað þar.

Tóftin snýr austur-vestur og eru veggir hennar mjög þýfðir. Hún er 5 x 3 m að stærð, er einföld og inngangur virðist vera á miðri vesturhlið. Hvergi sjást hleðslur en víða glittir í grjót. Veggirnir eru um 0,3 m á hæð og hrun er allt umhverfis þá. Tóftin er mjög sigin og ógreinileg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.





Mynd 115 Útihúsið horft til austurs

ÁR-056:006 heimild um traðir 63°56.295N 20°55.532V
Traðir eru merktar að bæ 001 úr vestri á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1918. Þar er nú vegslóði eftir vinnuvélar fast sunnan við malarveg að íbúðarhúsi á jörðinni.
Heimreiðin lá fast sunnan við núverandi veg heim að Túni I. Þar er nú gróin grasblettur og póstkassi í vesturhorni hans. Túngarður 009 liggur fast austan við þennan grasbala.
Engin ummerki heimreiðar sjást á svæðinu. Samkvæmt túnakortum frá 1906 og 1918 var hún 15 m löng og kom upp bæjarhólinn úr austri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-056:007 heimild um hrútakofa 63°56.327N 20°55.658V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 80 m norðvestan við bæ 001 og um 30 m norðvestan við Dalinn 008. Stefán Guðmundsson, heimildamaður taldi að þarna hefði verið hrútakofi. Hann taldi líklegt að tóftin hefði verið sléttuð um leið og heimatúnið um miðja 20. öld.
Þar sem útihúsið var er nú gróið og slétt tún. Tóftin var á grösugum rima norðvestan við Dalinn 008.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-056:008 *Dalurinn* heimild um útihús 63°56.318N 20°55.628V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 60 m norðvestan við bæ 001 og rúma 60 m vestan við útihús 004. Stefán Guðmundsson, heimildamaður, taldi að umrætt svæði hlyti að vera það sem kallað er Dalurinn. Það er náttúruleg tjörn eða dæl sem var notuð sem vatnsból, til þvotta og vinsælt leiksvæði barna. Engin tóft var á þessu svæði í hans minni. Nýr vegur að Uppsölum ÁR-063 er nú (júní 2008) um 40 m sunnar.
Dalurinn er í sléttu, grónu túni innan túngarðs 009. Hár bakki er norðan og vestan við dælina.
Dalurinn er í miðju heimatúninu og er náttúruleg dæl. Hún er um 23 x 12 m að stærð og nokkuð egglaga. Hún er um 1 m djúp og mýrlend í botninn. Brattur og grasivaxinn bakki er niður að botni dælunnar. Túnið hefur verið sléttað en enn mótar fyrir hólrimum í því. Dalurinn var á milli tveggja hólrima.



Mynd 116 Dalurinn horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-056:009 garðlag túngarður 63°56.299N 20°55.465V
"Fornir túngarðar hlaðnir úr grjóti standa enn og er haldið í horfi til vörslu fyrir búfé, " segir í Sunnlenskum byggðum II. Túngarðurinn liggur umhverfis heimatúnið að stórum hluta og sést vel á loftmynd. Hann er horfin að hluta fyrir suðvestan bæ 001 og núverandi vegur hefur einnig raskað honum. Gerði er merkt fast norðaustan við túngarðinn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, um 100 m norðaustan við bæ 001. Gerðið er skráð með túngarðinum. Líklegt er að gerðið sé merkt of austarlega á túnakortinu frá 1906, það er um 170 m norðan við bæ og rúma 90 m norðaustan við útihús 004. Að sögn Stefáns Guðmundssonar var þetta rétt, kölluð Tripparétt en hann man ekki eftir öðru gerði á þessum slóðum.

Fyrir innan túngarðinn er grasivaxið tún. Fyrir norðan og austan túngarðinn er þýfður mói en slétt tún til suðurs og vesturs.




Mynd 117 Túngarðurinn horft til austurs, norðurs og vesturs

Túngarðurinn er hlaðinn úr grjóti og gerður úr einfaldri steinaröð, um 0,2 m breiðri. Hann er um 800 m langur og afmarkar svæði sem er um 310 x 200 m stórt. Svæðið snýr norður-suður. Túngarðurinn er um 0,8 m á hæð og sjást níu umför af steinum í honum. Hann liggur umhverfis heimatúnið en í suðri hefur hann verið sléttaður. Þar sést þó móta fyrir honum í grasinu sem um 0,2 m háum bakka á stöku stað. Túngarðurinn sést greinilega fyrir norðan, austan og vestan bæ. Á túnakortunum frá 1906 og 1918 er sýndur þvergarður sem lá austur-vestur úr vesturvegg og að bæ 001. Að sögn Stefáns Guðmundssonar skipti hann túninu í norður- og suðurtún en er nú horfinn. Þvergarðurinn var fast sunnan við nýlegan veg sem lagður var að Uppsölum. Samkvæmt Stefáni þarf að halda túngarðinum við reglulega, yfirleitt einu sinni á hverju vori. Nýbúið var að gera við hann vorið 2008 þegar jarðskjálfi reið yfir þann 29. maí og skemmdist hann töluvert. Ábúendur voru ekki vissir um hvort að gert yrði við hann aftur. Réttin snýr norður-suður og grjóthlaðin. Hún er 9 x 5 m að stærð, er einföld og er innangengt í suðvesturhorni. Veggirnir eru signir, um 0,3 m háir og 0,7 m þykkir. Veggir hafa að einhverju leyti hrunið út fyrir réttina. Steinarnir eru mosavaxnir og farnir að sökkva í gróður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918; SB II,

ÁR-056:010 *Sauðhústún* þúst beitarhús 63°56.431N 20°54.775V
Útihús er merkt á túnakort frá 1918, innan stakstæðs, afmarkaðs túns en fjarlægð frá bæ 001 er að öllum líkindum ekki rétt. Stefán Guðmundsson, heimildamaður, taldi að húsið hlyti að vera svokallað Sauðhústún. Þar voru beitarhús og hlaða í afmörkuðum túnskika. Húsið var um 700 m austan við bæ 001 og 13 m austan við kálgarð 011. Á þessum stað er rústahóll um rúma 20 m sunnan við raflínu og um 200 m suðvestan við þjóðveg 1.
Hóllinn eru í stórþýfðum móa. Mýrarflákar eru víða umhverfis hólinn.
Hóllinn er 30 x 24 m að stærð og 5 m hár. Hann snýr austur-vestur og ekki sést til tófta á honum. Hann er grasivaxinn og með dældum að ofan. Til norðvestur gengur lægð inn í hólinn og skiptir honum nánast í tvennt. Það er greinilegt að miklar mannvistarleifar leynast undir sverði þó ekki sjáist skýr hólfaskipting eða hleðslur. Afi Stefáns Guðmundssonar byggði beitarhús á þessum stað og þegar hlaðan var gerð komu upp mannvistarleifar, m.a. aska. Afi Stefáns talaði um svæðið sem "gamla tún" og taldi líklegt að bærinn Tún hafi staðið þar áður. Einnig gæti verið um hjáleigu eða kot að ræða. Stefán sjálfur man eftir fjárhúsum á hólnum með óræktarbeði 011 fyrir suðvestan þau.





Mynd 118 Sauðhústún horft til suðausturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1918.

ÁR-056:011 garðlag kálgarður 63°56.427N 20°54.786V
Kálgarður er merktur á túnakort frá 1918 í suðvesturhorni stakstæðs, afmarkaðs túns en fjarlægð frá bæ 001 er líklega ekki raunfjarlægð á kortinu. Kálgarðurinn er í Sauðhústúni, tæpa 700 m vestan við bæ 001 og tæpa 50 m suðaustan við túngarð 022. Kálgarðurinn er um 20 m suðvestan við þjóðveg 1.
Fyrir austan kálgarðinn er rústahóll 010 en til vesturs aflíðandi slétt tún að túngarði 022. Svæðið sker sig úr, það er grasivaxið í stórþýfðum móa.

Kálgarðurinn sést enn að hluta. Hann er nú tæplega 40 m langur bakki í grassverðinum og snýr austur-
vestur. Bakkinn er 0,2 m hár og grasivaxinn. Einungis norðvesturhluti kálgarðsins sést og því ekki hægt að segja hversu stór hann hefur verið. Hvergi sést glitta í grjót í bakkanum eða í kringum hann. Telja má þó líklegt að kálgarðurinn hafi legið í átt að túngarði 022.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1918.


Mynd 119 Kálgarðurinn horft til suðurs

ÁR-056:012 *Túnskot* tóft+garðlag býli 63°56.208N 20°55.606V
"Túnskot, hjáleiga af heimajörðunni, bygð fyrst hjer um 16 eður 17 árum skamt frá heimatúninu, þar sem ekki hafði áður bygð verið," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703. Í Sunnlenskum byggðum II segir ennfremur: "Túnskot. Hjáleigukot skammt frá bænum í Túni og sér þar enn til tófta. Kot þetta var nefnt Túnskot og mun hafa verið byggt á síðasta hlua seytjándu aldar. Ekki hafa þar ábúendur verið á þessari öld." "Túnskot. Eyðibýli suður frá Túni," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Að sögn Stefáns Guðmundssonar,



Mynd 120 Túnskot horft til austus og norðvesturs

heimildamanns, var Túnskot endurbyggt á 19. öld og bjó fjölskylda þar á árunum 1892-1900 á vegum hreppsins. Faðir hans var bóndi í Túni þá. Túnskot er rúma 150 m suðvestan við bæ 001 og um 60 m sunnan við túngarð 009.
Tóftirnar eru í sléttu og grasivöxu túni, sunnan túngarðs.
Á þessum stað er tóft og garðlag og er rústasvæðið samtals 23 x 17 m stórt. Svæðið er gróið og snýr suðaustur-norðvestur. Tóftin er ógreinileg vegna gróðurs og hefur hluti hennar verið notaður til að brenna rusl. Tóftin er 8 x 6 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í fjögur hólf. Að auki liggur garðlag fyrir norðan og vestan hana. Hólf I er vestast í tóftinni, er 5 x 4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er ljóst hvar gengið var inn í hólfið en líklegt má telja að það hafi verið á vesturvegg. Sá veggur er ógreinilegur og líklega hefur honum verið raskað. Ekki virðist hafa verið innangengt í önnur hólf né verið þekja yfir því. Hólf II er austan við hólf I, er 6 x 4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Inngangur er á miðri suðurhlið og veggirnir eru 1,3 m háir. Fimm umför af grjóti sjást í þeim. Hér sést vel að tóftin er gerð úr torfi, grjóti og bárujárni. Hólfið hefur verið fyllt af spýtnabraki og því ekki hægt að fara þar inn. Hólf III er austan við hólf II. Það er mjög ógreinilegt og hefur einnig verið fyllt ösku og rusli eða að brenna hefur farið hér fram. Í hólfinu sjást engar hleðslur, aðeins mótar fyrir dæld í grassverðinum og þakið hefur hrunið niður í hólfið. Hólf IV er austan við hólf III, er 5 x 4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki er hægt að sjá hvort að hólfið var sambyggt hinum hólfunum enda þakið alveg hrunið inn og gróið. Hólfið er sigið og veggirnir eru um 0,6 m á hæð. Ekki sjást skýrar hleðslur, heldur glittir í einstaka stein. Suðurveggurinn er óljós. Hólfið hefur verið fyllt af steinum. Garðlag liggur norður úr hólfi IV og í vinkil vesturs og afmarkar svæði sem er 18 x 7 m stórt. Það er um 0,5 m á hæð og alveg gróið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM II, 129; SB II, 451; Ö-Hraungerðishreppur, 38.

ÁR-056:013 *Digravarða* varða samgöngubót 63°56.875N 20°54.359V
"Digravarða. Suðaustur frá Smalaskála [059:024]. Við gamla þjóðveginn [621:005]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Varðan er tæpa 500 m austur af beitarhúsi 025 og um 1,5 km norðaustan við bæ 001. Hún er um 15 m suðvestan við landamerki Króks ÁR-054.
Varðan er í sléttu og grónu túni. Fyrir austan hana er þýfður mói.


Mynd 121 Varðan horft til vesturs

Að sögn Stefáns Guðmundssonar, heimildamanns, var varðan grjóthlaðin. Hún er nú hrunin en leifar hennar sjást vel. Varðan er nú um 0,2 m á hæð og sjást undirstöður hennar enn. Hún hefur verið um 1 m í þvermál. Um 1 m fyrir sunnan vörðuna er hola. Hún er um 1,5 m djúp og fyllt með steinum að hluta. Hún er um 4 x 2 m að stærð og snýr austur-vestur. Hleðsla er á bökkum hennar og sjást þrjú umför af steinum í henni. Hún er um 0,3 m á hæð. Tilgangur holunnar er óljós og tæplega hefur verið um aðhald að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 38.

ÁR-056:014 *Markatóft* örnefni óþekkt 63°55.785N 20°55.035V


Mynd 122 Hólbarðið horft til austurs

"Markatóft. Suðaustur frá bænum, hólbarð," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Markatóft er um 1 km suðaustan við bæ 001 og um 30 m vestan við landamerki Arnarstaða ÁR-052 og Túns.
Markatóft er í þýfðum og sléttum móa. Mýrarflákar eru víða.
Örnefnið Markatóft á við um 0,3 m hátt rimabarð í þýfðum og jafnframt mýrlendum móa. Ekki var nein tóft sjáanleg á þessu svæði né túninu umhverfis rimann og ekki man Stefán Guðmundsson eftir tóft eða öðrum mannvirkjum á eða við Markatóft. Að hans sögn er nafnið aðeins á rimabarðinu en örnefnið bendir vissulega til þess að tóft hafi einhvern tíma verið á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 39.

ÁR-056:015 *Skjólrimar* hleðsla 63°56.693N 20°54.688V

"Skjólrimar. Í suðvestur frá Digruvörðu [013]. Þar var áður hlaðin rétt til skjóls búfénaði," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Hleðslan er rúmum 1 km ANA við bæ 001 og tæpum 450 m suðvestan við Digruvörðu 013.



Mynd 123 Tóftin horft til austurs og suðvesturs

Hún er um 100 m sunnan við raflínu.
Hleðslan liggur í grónu hrauni með malarspildum inn á milli.
Hleðslan var notuð til að skýla hrossum að sögn Stefáns Guðmundssonar heimildamanns. Hleðslan er S- laga svo að hross hefðu skjól úr öllum áttum að sögn Stefáns. Hún er rúmir 20 m á lengd og 0,5 m breið. Hleðslan liggur á tveimur stöðum upp að náttúrulegum klettum sem þannig verða hluti af henni. Hleðslan er gerð úr grjóti og sjást tvö umför í henni. Hleðslan hlykkjast frá austri til vesturs og hefur verið mun hærri. Hún er einungis um 0,3 m há núna og mjög sigin. Ekkert hrun sést á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 39.

ÁR-056:016 *Torfdæl* örnefni rista 63°55.935N 20°55.294V

"Torfdalur. Í Norður frá Gráhellu. Dregur nafn af torfskurði fyrri ára," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Torfdæl er rétt nafn að sögn Stefáns Guðmundssonar. Svæðið er um 450 m norðan við mógrafir 021 og um 700 m fyrir norðan bæ 001.
Þar sem ristan fór fram er nú slétt og þýfð mýri. Hún var þurr á vettvangi en verður eflaust blaut í vorviðrum. Miklir skurðir eru umhverfis svæðið en ristan fór fram í norðaustur hluta þess.
Engin ummerki ristunnar sjást á svæðinu.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 39.

ÁR-056:017 frásögn kvíar 63°56.399N 20°55.399V
Þar sem bærinn Tún II stendur nú voru áður færikvíar. Þær voru gerðar úr timbri og stóð grjóthlaðin rétt andspænis þeim. Réttin stóð í norðvesturhorni grasivaxins túns andspænis Túni II. Kvíarnar voru um 125 m norðaustan við túngarð 009 og rúma 240 m norðaustan við bæ 001. Réttardælin er norðan við hina meintu staðsetningu réttarinnar.
Á svæðinu er nú íbúðarhús, Tún II, malarvegur að því og grasivaxið tún til austurs. Vegur inn að Túni I liggur nú á milli kvía og réttar.
Engin ummerki minjanna sáust (júní 2008) á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-056:018 *Austurbrunnur* brunnur brunnur 63°56.296N 20°55.465V
Brunnur er tæpa 100 m austan við bæ 001 og um 30 m suðaustan við túngarð 009. Malarvegur heim að bæ er rúma 5 m fyrir norðan brunninn og vegur að minkabúi rúma 10 m til vesturs. Þetta var svokallaður Austurbrunnur og var eingöngu notaður til að brynna fyrir búpening að sögn Stefáns Guðmundssonar, heimildamanns.
Brunnurinn er í sléttu og grasivöxnu túni, um 10 m frá hliði á túngirðingunni.
Brunnurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti. Nýlegt trélok er yfir opinu og ekki sést ofan í brunninn. Undir lokinu sést í eitt umfar af steinum og torfhleðslu. Brunnurinn er nánast hringlaga og um 1 m í þvermál.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Mynd 124 Austurbrunnur

ÁR-056:019 brunnur brunnur 63°56.274N 20°55.559V
Brunnur er rúma 30 m sunnan við bæ 001, fast sunnan við kálgarð 002. Hann var í norðurtúni og var notaður fyrir heimilisfólk að sögn Stefáns Guðmundssonar, heimildamanns.
Nú er brunnurinn í sléttu og grasivöxnu túni. Umhverfis hann er óslegið gras, arfi og sóleyjar. Ekki er hægt að slá alveg að honum með sláttuvél.
Fjórum timburbrettum hefur verið hlaðið ofan á brunninn þannig að lítið sést til hans. Einnig er hátt gras umhverfis hann en opið hefur verið hlaðið úr torfi og grjóti. Hversu djúpur hann var er ekki vitað. Hann hefur verið um 1 m í þvermál.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Mynd 125 Brunnurinn

ÁR-056:020 náma mógrafir 63°55.963N 20°56.075V
Mógrafir eru um 750 m ANA við bæ 001 og rúma 600 m vestan við túngarð 009.



Mynd 126 Mógrafirnar horft til norðurs og suðurs

Mógrafirnar eru í þýfðum móa sem er að verða kjarrivaxinn.
Svæðið liggur í hálfhring frá austri til suðurs. Segja má að mógrafirnar liggi í kringum náttúrulegan hól. Svæðið er um 150 x 70 m stórt og mógrafirnar renna saman. Þær eru þurrar, um 0,4 m á dýpt og grónar. Þær grafir sem

eru stakar eru flestar um 2 x 1 m á stærð. Segja má að grafirnar verði dýpri og renni síður saman því lengra burtu frá hólnum er farið. Ekki er hægt að geta sér til um fjölda mógrafa á svæðinu en þær hafa verið fjölmargar.
Hættumat: engin hætta

ÁR-056:021 heimild um mógrafir 63°56.151N 20°55.452V
Mógrafir eru rúma 160 m suðaustan við Túnskot 012 og tæpa 280 m suðaustan við bæ 001. Fyllt hefur verið upp í mógrafirnar og þær sjást ekki á yfirborði.
Þar sem mógrafirnar voru er nú þýfður móa sem verður mýrlendur í votviðrum.
Engin ummerki mógrafanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-056:022 garðlag túngarður 63°56.404N 20°54.704V


Mynd 127 Túngarðurinn horft til norðurs

Garðlag liggur umhverfis Sauðhústún 010 og kálgarð 011. Það er tæpum 750 m austan við bæ 001 og þjóðvegur 1 er tæpum 150 m norðan við garðlagið. Raflína liggur um 30 m til norðurs.
Garðlagið liggur í þýfðum móa með dælum. Innan þess er grasivaxið tún með um 5 m háum hól.
Garðlagið hefur varðveist að hluta en greinilegt er að það lá umhverfis Sauðhústún 010. Svæðið er 93 x 70 m að stærð og sést til garðlagsins á fjórum stöðum. Það virðist hafa verið ferningslaga og hornin varðveist einna best. Víða glittir í steina á öðrum stöðum þó ekki séu það greinilegar hleðslur. Garðlagið er sigið, um 0,3 m á hæð og þýft. Eitt umfar af steinum sést í garðlaginu en að öðru leiti er það gróið. Það sést vel til nyrsta horns garðlagsins og um 20 m sjáanlegir. Í hinum hornunum er það um 10 m sem sjást.
Hættumat: engin hætta

ÁR-056:023 *Digralækjarvarða* varða landamerki 63°56.539N 20°53.921V


Mynd 128 Varðan horft til suðurs

Digralækjarvarða var merkjapunktur Túns, Króks ÁR-054, Arnarstaða ÁR-052 og Arnarstaðakots ÁR-053. Varðan var um 1,4 km austan við bæ 001 og tæpa 730 m austan við Sauðhústún 010. Varðan stóð fast vestan við vegamót þjóðvegar 1 og malarvegs að Arnarstöðum. Að sögn Stefáns Guðmundssonar var varðan grjóthlaðin. Með góðum vilja er hægt að greina útlínur vörðunnar á svæðinu, smá grjótdreif sést á svæðinu.
Þar sem varðan var liggur nú girðing á mörkum Arnarstaða og Túns. Sléttur malarvöllur er þar nú en þýfður móa til vesturs.
Engin ummerki vörðunnar sjást á svæðinu.
Hættumat: engin hætta


ÁR-056:024 *Rauðilækur* renna áveita 63°57.049N 20°54.947V


Mynd 129 Rennan horft til austurs

Farvegur Rauðilæks er manngerður að stórum hluta, a.m.k. í landi Túns. Lækurinn var grafinn fram á árunum 1845-1853 á vegum Framskurðafélags Hraungerðishrepps. Félagið var stofnað árið 1845 og "hafði það markmið að ræsa fram land allra jarða í hreppnum sem lágu undir vatnságagni og vinna að hliðstæðum umbótum á fimm jöðrum sem ekki þurftu framrækslu við" eins og segir í SB II. Rauðilækur er um 1,2 km fyrir norðan Sauðhústún 010 og um 1,5 km NNA við bæ 001.
Rauðilækur rennur í gegnum gróin tún og fer síðan undir veg 374 (Langholtsveg). Eftir það rennur lækurinn í gegnum land Laugardæla ÁR-059.
Rauðilækur rennur í Flóanum niður í Laugardælavatn. Upptök hans eru í landi Hraungerðis ÁR-039. Í landi Túns er hann um 1 m djúpur og 2 m á breidd. Hann rennur austur-vestur og skiptir á milli gróinna túna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:SB II, 422

ÁR-056:025 *Haugar eystri* tóftir beitarhús 63°56.931N 20°54.977V
Haugar eystri eru tæpum 1,3 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 200 m suðvestan við Rauðalæk 024. Haugar

eystri voru reistir árið 1912 og notaðir fram til ársins 1946. Beitarhúsin eru tekin í fornleifaskrá vegna forns byggingarlags.
Tóftirnar eru í sléttu, grasivöxnu túni fast austan Langholtsvegar. Slétt tún eru allt umhverfis tóftirnar en þýfður mói er til austurs. Svæðið hefur verið sléttað og ræst fram með skurðum.
Svæðið er 70 x 30 m stórt. Á því eru fjórar tóftir. Tóft A er á náttúrulegum hól sem er um 1 m á hæð. Tóftin snýr norður-suður og er 14 x 8 m löng. Hún er tvískipt. Hólf I er sunnar í tóftinni, er 7 x 8 m að innanmáli og snýr norður-suðurs. Hólfið er opið til suðurs og jötur við austur- og vesturvegg. Veggir eru um 1 m á hæð og sjást sex umför af steinum í þeim. Vesturveggurinn er betur varðveittur en sá eystri. Ekki virðist hafa verið hlaðinn veggur



Mynd 130 Tóftir A, B, C og D

á milli hólfa en hólf II var líklega hlaða. Líklega hefur verið innangengt á milli þeirra. Hólf II er norðan við hólf I, er 5 x 6 m að stærð og gólfið er um 0,5 m lægra en í hólfi I. Veggirnir eru um 1,5 m háir og sjást þrjú umför af steinum í þeim. Þeir eru grónir og töluvert hefur hrunið úr þeim inn í hólfið. Ekki sést skýr inngangur og því líklega farið inn um hólf I. Þó gæti hafa verið gluggi eða op á veggjunum sem nú er horfinn. Tóft B er um 15 m austan við tóft A. Hún er á náttúrulegum hól, um 1 m á hæð. Tóftin snýr austur-vestur, er einföld og er 5 x 5 m að stærð. Að sögn Stefáns Guðmundssonar var þetta hesthús. Inngangur er í suðurhorni á austurvegg. Veggirnir eru um 1 m á hæð og sjást fjögur umför í þeim. Garði er meðfram norðurvegg. Tóftin er gróin. Tóft C er að öllum líkindum móstæði. Hún er tæpum 35 m austan við tóft B og rúmum 50 m austan við tóft A. Tóftin snýr austur-vestur, er einföld, 5 x 2 m að stærð og grjóthlaðin. Veggirnir eru 0,3 m háir og einhlaðnir. Á svæðinu eru ekki neinar mógrafir sjáanlegar enda búið að gera slétt grasivaxið tún. Tóft D er 5 x 2 m að stærð, er einföld snýr norður-suður. Hún er 24 m suðvestan við tóft A og um 60 m vestan við tóft C. Þetta er að öllum líkindum móstæði. Tóftin er gerð úr einfaldri steinaröð og sést eitt umfar. Veggirnir eru um 0,2 m á hæð og mosavaxnir.
Hættumat: engin hætta

ÁR-056:026 náma mógrafir 63°56.322N 20°54.844V
Mógrafir eru rúmum 650 m ANA við bæ 001 og um 150 m sunnan við Sauðhústún 010.
Mógrafirnar eru í þýfðum móa með dælum og mýrlendi.
Mógrafir eru á svæði sem er um 230 x 170 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Mógrafirnar eru í þremur klösum. Á milli klasanna er þýft svæði á milli 20-50 m breitt. Mógrafirnar hlykkjast norðaustur-suðvestur. Þær voru skráðar eftir loftmynd og því vantar upplýsingar um hvesu margar þær eru, hversu djúpar og hvort þær hafa verið blautar. En af loftmyndinni má telja að þær séu yfir 50 talsins.
Hættumat: engin hætta

ÁR-056:027 frásögn legstaður 63°56.144N 20°55.467V
Um 20 m suðvestan við mógrafir 021 og tæpa 300 m sunnan við bæ 001 eru þrír hólar. Fyrir vestan hólana er minkabú. Ábúendur telja að hér sé um hauga að ræða vegna stærðar þeirra og legu. Fyrir austan hólana eru gróin tún en þýfður mói til suðurs. Tveir hólanna eru í þríhyrningslaga túni en sá þriðji rétt sunnan við það.
Á svæðinu eru þrír hólar sem liggja í nánast beinni stefnu hver aftan við annan. Hóll A er 8 x 6 m að stærð og um 1,5 m hár. Hóllinn snýr norður-suður. Engar hleðslur eru sjáanlegar en víða glittir í grjót. Hóllinn er þýfður og frekar brattur á alla kanta. Hóll B er 17 x 10 m og um 2,5 m á hæð. Hóllin snýr austur-vestur og er þýfður.


Hann er tæpum 50 m norðan við hól A. Hóllinn er flatur í toppinn og víða glittir í grjót. Girðing hefur á einhverjum tímapunkti legið eftir endilangri austurhlið hólsins. Hóllinn er brattur á alla kanta. Hóll C er um 35 m norðan við hól B og rúmum 100 m sunnan við tóft 005. Hóllinn snýr norður-suður, er 16 x 8 m breiður og 1,5 m á hæð. Hólnum hefur verið raskað nokkuð, m.a. með "álfabrennum", þ.e. notaður sem brennustæði. Það glittir víða í grjót og mögulega má greina hleðslu í suðausturhorni hans með góðum vilja. Þar eru nokkrir steinar í beinni röð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd 131 Hólar A horft til austurs, hólar B og C horft til vesturs

ÁR-056:028 varða óþekkt 63°56.710N 20°54.928V
Varða er tæpa 950 m norðaustan við bæ 001 og tæpa 200 m norðvestan við Skjólrima 015. Um 100 m fyrir norðan vörðuna er raflína.
Varðan er í þýfðum móa með malarþembum hér og þar.
Varðan er grjóthlaðin, er 0,5 m á hæð og 1 m í þvermál. Fjögur umför af grjóti sjást í henni og er hún gróin að miklu leyti. Varðan stendur enn og ekkert hrun sést umhverfis hana. Hlutverk hennar er óþekkt.
Hættumat: engin hætta

ÁR-057 Sölvholt



Jarðarinnar er getið í máldaga Laugardælakirkju frá 1397, DI IV, 53. 1686: 33 hdr. 80 al. Skálholtsstólsjörð. 1708: Jarðardýrleiki óviss. Skálholtsstólseign. 1708: "Sölvholltz hiáleiga, afbýli, býli bygt fyrir manna minni heima við bæinn. ... Rögnvalldskot, síðar kallað Glóra [ÁR-058], bygð í úthögum fyrir manna minni, og varaði bygðin til næstliðins árs, síðan í auðn." JÁM II, 118-19.
1847: 44 2/3 hdr. Bændaeign. 1981: "Hof. Iðnaðarbýli sem uppeldissonur hjónanna í Sölvholti stofnaði í Sölvholtslandi árið 1975. Er það 1 ha. lands á erfðaleigu." SB II, 453.
1708: "Fóðrast kann x kýr, iiii úngneyti, xxx ær, xx lömb, vi hestar. Afrjett brúkar þessi jörð so sem aprar í sveitinni fyirr geldnaut, geldfje og lömb á almenníngsafrjett ... Torfrista og stúnga næg. Móskurður til eldiviðar brúkast ei, þótti lakur meðan brúkaðist. Beit brúkar jörðin og hefur brúkað í margt ár um sumur jafnan í annað mál í Laugardæla land. ... Skógarhögg hefur þessi jörð so sem aðrar í sveitinni uppí afrjettum fyrir ofan Hreppa, tollfrí til kolgjörðar og hrístekju síðan Hekla brann seinast ... Landþröng er, so nábúar kvarta undan beit, og jafnlega heimta toll fyrir, sem ekki hefur enn verið goldinn það menn vita. Ekki er vatnsbóli óhætt fyrir þurð, og er þá ekki til ráðs nema bræða snjó á vetur, en vatn í önnur lönd á sumur að sækja, sem oftlega hefur borið á þerris sumri." JÁM II, 118.
1918: "Vesturbær I. Tún: 3.56 ha. ógirt. ca 50% sljett. Matjurtagarðar. 8.05 arar. [...] Austurbær II. Tún: 4.03 ha. ógirt. ca 90% sljett. Matjurtagarðar. 7.15" Túnakort 1918.

ÁR-057:001 *Sölvholt* bæjarhóll bústaður 63°55.732N 20°56.874V
Samtals eru tíu hús merkt á bæjarhól Sölvholts á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Árið 1918 var tvíbýli í Sölvholti en bæjarhúsin virðast hafa verið sambyggð og er líklegt að svo hafi einnig verið árið 1906. Gamli bærinn stóð að svipuðum slóðum og nú stendur skemma. Bærinn stóð um 30 m fyrir austan íbúðarhús Jóns Þórðarsonar og um 10 m norðan við íbúðarhús sem flutt var í Sölvholt árið 1933 en er ekki lengur í notkun.


Mynd 132 Bæjarhóllinn horft til austurs


Bæjarhóllinn er á grasivöxnu holti með ræktuðu túni og byggingum frá 20. öld til austurs.
Bærinn hefur upprunalega verið byggður á náttúrulegu holti en þar ofan á hefur bæst við einhver uppsöfnun mannvistarlaga. Svæðið er samtals um 60 x 20 m stórt og snýr suðvestur-norðaustur og er um 3 m á hæð. Bæjarhólnum hefur verið raskað af byggingum og standa nú þrjú hús á honum. Í suðurhluta bæjarhólsins stendur íbúðarhús sem var flutt úr Reykjavík á staðinn árið 1933. Húsið er með kjallara en Jón Þórðarson hafði ekki heyrt að nein mannvistarlög hefðu komið í ljós undir sverði þegar grafið var fyrir kjallara. Bæjarhóllinn fjarar út um 5 m sunnan við húsið. Líklega stóðu bæjarhúsin þar. Skemma er byggð inn í bæjarhólinn að austan. Skemman var byggð um 1950 og engin mannvistarlög komu í ljós við það að sögn Jóns Þórðarsonar. Hóllinn fjarar út til vesturs og er nánast horfinn þegar kemur að húsi Jóns sem var byggt 1966. Til norðurs virðist bæjarhóllinn hafa náð alveg að Hofinu 014 sem er klettarani á holtinu sem bæjarhóllinn er á.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-057:002 heimild um kálgarð 63°55.722N 20°56.855V
Kálgarður er merktur um 20 m sunnan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Kálgarðurinn var á suðurhluta bæjarhólsins, rúmum 120 m norðan við Lögréttu 020.
Þar sem kálgarðurinn var er nú grasivaxin og aflíðandi brekka til suðurs. Hann hefur líklega verið fast sunnan við bæjarhólinn.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-057:003 heimild um kálgarð 63°55.729N 20°56.888V
Kálgarður er merktur fast vestan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Kálgarðurinn var rúma 50 m norðvestan við kálgarð 007.
Þar sem kálgarðurinn var er nú slétt malarplan milli íbúðarhúss sem byggt var 1966 og skemmu sem byggð var um 1950.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-057:004 tóft útihús 63°55.814N 20°56.756V
Útihús var 170-180 m norðaustan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Tóft þess sést enn og er á norðurenda Hofsins 014, rúma 160 m norðaustan við Sölva 027.
Tóftin er um 10 m frá norðurenda Hofsins sem er klettarimi á holtinu sem bærinn stendur á. Umhverfis tóftina er grasbali en brattir klettar til norðurs og austurs.


Mynd 133 Tóftin horft til suðausturs




Tóftin er 7 x 4 m og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld og hlaðin úr torfi og grjóti. Veggirnir eru um 1 m á hæð og grónir. Þrjú umför af steinum sjást í þeim. Jata hefur mögulega legið eftir suðurhlið en það sést illa vegna þess hve tóftin er gróin og þakið hefur hrunið inn í hana. Inngangur var suðvesturhorni en fyllt hefur verið upp í hann með grjóti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-057:005 heimild um útihús 63°55.763N 20°56.610V
Útihús var um 210-220 m austan við bæ 001 og rúma 150 m suðaustan við útihús 004 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 .
Útihúsið var í sléttu, grónu túni. Óljósar dældir eru á svæðinu og mögulega eru þær ummerki útihússins.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-057:006 *Saltkjötskofi* tóft skemma 63°55.729N 20°56.824V
Útihús var um 40 m suðaustan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Jón Þórðarson, heimildamaður, taldi húsið hafa verið saltkjötskofa og gekk tóftin undir því nafni. Sölvi 027 er fast austan við tóftina og girðing fast vestan við hana.
Tóftin er í grónu túni, vestan við klettabelti. Túnið er grasivaxið og er á náttúrulegu holti með hæðum og lægðum.
Tóftin er 3 x 2 m og snýr austur-vestur. Hún er einföld. Klettur hefur verið notaður fyrir austurvegg en að öðru leyti er hún gerð úr torfi, grjóti og bárujárni. Veggirnir eru 1,5 m á hæð og sjást fjögur umför af steinum í þeim. Inngangur er á miðri vesturhlið.






Mynd 134 Tóftin horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-057:007 gerði kálgarður 63°55.722N 20°56.826V
Kálgarður var um 30-40 m suðaustan við bæ 001 og um 20 m austan við kálgarð 002 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 .
Kálgarðurinn er í gróinni, aflíðandi brekku. Hann er í grónu, mishæðóttu túni á holtinu sem bæjarhóllinn er á.
Kálgarðurinn er 12 x 10 m og snýr norður-suður. Veggirnir eru um 0,7 m á breidd, 0,5 m háir og grónir. Það glittir hér og þar í steina í veggjunum og líklega sést eitt umfar í þeim. Inngangur er í austurhorni á norðurhlið og inni honum vex nú rabarbari.





Mynd 135 Kálgarðurinn horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-057:008 heimild um útihús 63°55.693N 20°56.757V
Útihús var 120-130 m suðaustan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Útihúsið var um 130 m ANA við Þvottakletta 030.
Þar sem útihúsið var eru nú slétt tún.
Engin ummerki hússins sjást nú (2008) í sléttu túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-057:009 heimild um útihús 63°55.638N 20°56.765V
Útihús var um 210 m sunnan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Útihúsið var um 60 m austan við útihús 010.
Þar sem útihúsið var er nú gróinn klapparhóll í sléttu túninu sem það hefur að öllum líkindum verið byggt upp við.

Engin ummerki útihússins sjást á staðnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-057:010 heimild um útihús 63°55.616N 20°56.830V
Útihús var um 220 m SSV við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Útihúsið hefur verið norðaustan undir Skútuskarði 034 um 30 m norðan við núverandi hesthús.
Þar sem útihúsið var er lágt klapparholt í sléttu túninu sem útihúsið hefur líklega verið byggt upp við.
Þar sem útihúsið var er nú mosagróið spýtnabrak sem hugsanlega er ættað úr húsinu en engin skýr ummerki þess sjást nú (2008) á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-057:011 heimild um traðir 63°55.729N 20°56.876V
Traðir eru merktar að bæ 001 úr norðaustri á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Heimreiðin lá norðan við Hof [014], frá Uppsölum [ÁR-063], að sögn Jóns og upp að bæ úr vestri. Þegar kortin eru skoðuð sést að heimreiðin var þar sem núverandi malarvegur liggur yfir bæjarhólinn þveran.
Þar sem heimrieðin lá er nú malarvegur heim að bæ á Sölvholti.
Engin ummerki heimreiðar sjást á yfirborði en samkvæmt túnakorti lá hún norðaustur-suðvestur í gegnum allt túnið og verið samtals um 100 m löng.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-057:012 heimild um útihús 63°55.712N 20°56.745V
Útihús var um 100 m austan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Þar sem útihúsið var er nú slétt tún.
Engin ummerki hússins sjást í sléttu túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-057:013 *Lambhúshóll* heimild um lambhús 63°55.695N 20°56.948V
Útihús var um 40 m suðvestan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Húsið hefur verið á Lambhúshól og hefur líklega verið lambhús. Í örnefnalýsingu segir: "Lambhúshóll. Klettur í Lambhústúni þar sem það er hæst," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Lambhúshóll er stór hóll og hæsti hluti hans er um 80 m suðvestan við bæjarhól 001. Lambhúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.


Mynd 136 Hóllinn horft til suðvesturs

Hóllinn er ílangur klettahóll. Hann er fast sunnan við heimreið að Sölvholti. Suðaustan við hann eru slétt tún en að suðvestan er smáþýfður votlendur mói.
Hóllinn snýr suðvestur-norðaustur. Hann er algróinn og ójafn. Engar skýrar hleðslur eru þó á honum. Gunnur Gunnarsdóttir á Hofi (nýbýli í Sölvholti) sagði frá því að fólkið úr Sölvholti hafi tjaldað á Lambhúshóli og búið þar eftir að bærinn féll í jarðskjálftanum árið 1896. Ekki er ljóst hvort húsið hefur verið á hólnum þá eða hvort það var byggt þar síðar. Hún sagði einnig frá því að sögur færu af huldufólki í hólnum. Í bók Bjarna Harðar, Landið fólkið og þjóðtrúin, kemur fram að núverandi ábúendur hafi orðið varir við huldufólkið í hólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Ö-Hraungerðishreppur, 34; Bjarni Harðarson: Landið fólkið og þjóðtrúin, 131.

ÁR-057:014 *Hof Sölva* örnefni 63°55.769N 20°56.860V
"Fyrir nordann Túnid i Sölfholti i Laugardæla Sókn er lángur Klettur af hraungrióti med smá-eitlum híngad og þángad af blágríti, uppá hönum er sagt stadid hafi Hof Sölva, en éngin merki siást þar til," segir í skýrslu Benedikts Sveinssonar frá 1821. Í örnefnaskrá Hraungerðishrepps segir ennfremur: "Hof. Hæsta af túninu fyrir norðan bæinn. ... Hofbrunnur. Dálítil gjóta uppi á palli í Hofinu." Hofið er um 70 m norðaustan við bæ 001. Í bók

Bjarna Harðarsonar er talað um að bæði Hof og Hofstún séu þekktir álagablettir og bústaðir huldufólks. Í þeirri bók er einnig sagt frá bónda í Sölvholti á 19. öld sem tók grjót úr Hofinu og dreymdi hann næstu nótt þar á eftir huldukonuna sem bjó þar. Næstu ár þar á eftir missti hann marga stórgripi. Í fornleifaskýrslu prestsins í Hraungerði frá 1821 segir að hof Sölva hafi staðið og á steini einum megi sjá greinileg mannaverk. Steinn þessi sé norðan til á Hofinu. Hofstún átti t.d. Að slá síðast að sögn Jóns Þórðarsonar en hverjar afleiðingarnar urðu fylgdi ekki sögunni.
Hofið er klettabelti norðan við bæjarhólinn. Það er grasivaxið með klettum og steinum sem standa upp úr hér og þar.
Hofið er um 250 m langt og 10 - 15 m á hæð. Klettabeltið er frekar slétt að ofan og þar var svokallað Hofstún. Á Hofinu er útihús 004 en hvergi sést til Hofsbrunns, steins með greinilegum mannaverkum eða annarra mannaverka.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:FF, 203-5; Ö-Hraungerðishreppur, 33; Bjarni Harðarson: Landið, fólkið og þjóðtrúin 130-131


ÁR-057:015 *Sölvholtshjáleiga* heimild um býli
"Sölvholltz hiáleiga, afbýli, býli bygt fyrir manna minni heima við bæinn," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Jón Þórðarson sem er fæddur árið 1940 og uppalinn í Sölvholti man ekki eftir að hafa heyrt að hjáleiga hafi verið við bæinn. Tvö íbúðarhús hafa verið byggð við bæjarhólinn á 20. öld auk útihúsa og líklegt að tóft hjáleigunnar hafi horfið í þetta umrót eða enn fyrr.
Engin ummerki hjáleigunnar fundust á vettvangi.
Heimildir:JÁM II, 118.

ÁR-057:016 *Bárarborg* þúst fjárskýli 63°54.697N 20°54.662V
"Bárarborg. Hár rimi austur við Bárarmörk," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Bárarborg er um 2,6 km sunnan við bæ 001. Örnefnið bendir til að þar hafi verið fjárborg eða fjárskýli kennt við bæinn Bár ÁR-051.
Hún er þýfður hóll í þýfðum móa.
Hóllinn er um 13x10 m stór og snýr norður-suður. Hann er hæstur um 0,9 m. Tryggvi Bjarnason sem er fæddur árið 1932 og uppalinn í Bár, sem á landamerki að Sölvholti, man ekki eftir að nokkrar byggingar hafi verið á hólnum né að hafa heyrt að svo hafi einhvern tíma verið. Hann taldi líklegast að hóllinn væri alnáttúrulegur. Hóllinn er þó fremur reglulegur og því hugsanlegt að þar leynist mannvistarleifar undir sverði. Á stöku stað í honum sér í grjót en þar eru engar skýrar hleðslur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 33.


Mynd 137 Bárarborg horft til SSA

ÁR-057:017 *Halldórsvarða* heimild um óþekkt 63°55.113N 20°56.544V
"Halldórsvarða. Rimabarð suður við veg," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Halldórsvarða var tæpa 1,2 km sunnan við bæ og tæpa 400 m vestan við Sölvaholtsnátthaga 028. Um 20 m norðaustar er Gaulverjabæjarvegur en skurður á landamerkjum við Glóru ÁR-058 um 100 m til austurs.
Þar sem varðan var er nú þýfður mói.
Engin ummerki vörðunnar sjást á svæðinu og ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var byggð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 34.

ÁR-057:018 *Jókutóft* tóft+garðlag beitarhús 63°55.424N 20°55.097V
"Jókutóft. Tóftarbrot norðarlega í engjum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Jókutóft auk gerðis fast vestan við hana og hugsanlegs brunns enn vestar eru um 1,6 km suðaustan við bæ 001 og um 740 m suðaustan við Torfhólagrafir 029.
Tóftin er á þýfðum, grænum móabletti umkringdum sinuvaxinni mýri.



Mynd 138 Tóftin horft til austurs, norðurs og norðvesturs

Tóftin, gerðið og hinn meinti brunnur eru á svæði sem er alls um 14x18 m stórt og snýr austur-vestur. Tóftin er austast. Hún er um 12x6 m stór og snýr norður- suður. Tóftin er einföld með dyrum á miðjum vesturvegg hennar inn í gerðið. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 1 m og víða sér í grjót í þeim. Engar jötur né garðar eru í tóftinni. Gerðið er sambyggt tóftinni að vestan. Það er eingöngu hlaðið úr grjóti. Gerðið er um 5x12 m stórt og snýr eins og tóftin, hleðslur þess eru hæstar um 0,4 m. Engar dyr eru út úr gerðinu. Um 5 m vestan við gerðið er hola. Hún er um 1,5x1 m stór og snýr norður-suður. Holan er um 0,3 m djúp en hugsanlega er hún leifar brunns sem fyllt hefur verið upp í. Þó ekki sé hægt að útiloka að hún sé með öllu náttúruleg þykir hún helst til of regluleg til þess.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 34.

ÁR-057:019 *Strokkhóll* huldufólksbústaður huldufólksbústaður 63°55.714N 20°56.589V


Mynd 139 Strokkhóll horft til vesturs

Strokkhóll er um 235 m ASA við bæ 001 og um 300 m norðaustan við Skútuskarð 034.

Hóllinn er strýtulaga klettur sem stendur upp úr grónum mel.

Túngarður 036 liggur að hólnum úr norðaustri. Strokkhóll er merktur á kort sem hangir uppi inni í stofu hjá Jóni Þórðarsyni í Sölvholti. Kortið er eftir Kristinn Sigfússon og þar segir að úr hólnum hafi heyrst strokkhljóð.

Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 34.

ÁR-057:020 *Lögrétta* tóft óþekkt 63°55.654N 20°56.849V

"Lögrétta. Blettur á niðurskák fyrir norðan Veitu," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Lögrétta er um 145 m sunnan við bæ 001 og um 110 m suðaustan við Lambhúshól 013.


Mynd 140 Lögrétta horft til VNV

Hún er við mörk sléttaðs túns að norðan, austan og sunnan og þýfðs mýrarslakka að vestan.

Lögrétta er þýfð tóft. Hún er um 10x17 m stór og snýr norður-suður. Hleðslurnar eru hlaupnar í þýfi, þær eru um 1 m háar og hvergi sér í grjót í þeim. Samkvæmt Gunni Gunnarsdóttur á Hofi (nýbýli úr Sölvholti) er því trúað að ekki megi slá tóftina né hreyfa við henni á annan hátt. M.a. er fjallað um það í bók Bjarna Harðarsonar. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt og er erfitt að dæma um hvort það tengist örnefninu þó engar heimildir geti um þingstað á jörðinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 34; Bjarni Harðarson: Landið, fólkið og þjóðtrúin, 131.

ÁR-057:021 *Mógrafamýri* heimild um mógrafir 63°55.953N 20°57.108V

"Móholt. Vestasta holtið við mógrafirnar. Mógrafamýri. Mýrin vestur frá Móholti," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Mógrafamýri hefur verið framræst og er orðin að túni. Svæðið er norðvestan undir Móholti 038, um 450 m norðan við bæ 001.

Þar sem grafirnar voru er slétt tún.

Engin ummerki grafanna sjást í sléttu túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 34.

ÁR-057:022 *Skjátugröf* náma mógrafir 63°55.752N 20°56.408V
"Skjátugröf. Gröf skammt frá Fúl," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Skjátugröf er um 390 m ASA við bæ 001 og um 175 m norðaustan við mógrafir 023.
Gröfin er í þýfðri mýri sunnan undir litlu klapparholti.
Gröfin er um 20x6 m stór og snýr austur-vestur. Hún er um 0,15 m djúp og þurr enda hefur verið fyllt upp í hana. Mór hefur eflaust verið tekinn í Skjátugröf á sama tíma og úr mógröfum 023 en gröfin hlotið þetta sérnafn vegna kindar sem drepist hefur í henni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 34.


Mynd 141 Skjátugröf horft til VNV

ÁR-057:023 *Skútagrafir I* náma mógrafir 63°55.671N 20°56.522V
"Skútagrafir I. Grafir suður frá Hvamminum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Skútagrafir I eru um 290 m suðaustan við bæ 001.



Mynd 142 Mógrafirnar horft til austurs og norðurs

Grafirnar eru í þýfðri mýri sunnan við kletta sem eru syðst í túninu á Svarfhóli.
Búið er að fylla upp í grafirnar en enn sér vel móta fyrir þeim. Þær eru á svæði sem er um 100x50 m stórt og snýr austur-vestur. Grafirnar eru þurrar og nær samfelldar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 34.

ÁR-057:024 *Skútagrafir II* örnefni mógrafir 63°53.524N 20°57.029V
"Skútagrafir II. Grafir suður frá Skútanum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Skútagrafir II eru rúma 400 suðvestan við bæ 001 og um 70 m austan við Stakkkeldu 042. Vegur heim að bæ liggur vestan við túnið sem Skútagrafir II eru í. Fyllt hefur verið upp í mógrafirnar en þær voru líklega í mýrarfláka í austurhluta túnsins.
Þar sem mógrafirnar voru er nú gróin og þýfður mói. Mýrarfláki er í austurhluta túnsins en til vesturs eru malarflákar.
Engin ummerki mógrafanna sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 34.

ÁR-057:025 *Stekkjarholt* heimild um stekk 63°55.821N 20°57.221V
"Stekkjarholt. Norðvestur frá Skiphól," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Stekkjarholt er um 330 m norðvestan við bæ 001 og um 270 m suðvestan við tóft 038.
Holtið er hátt klettaholt, bratt að austan og suðaustan en aflíðandi til annarra átta. Að suðaustan og austan er sléttað tún á holtinu.
Engin ummerki stekkjar sáust á holtinu en hann hefur líklega verið sléttaður í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 34.

ÁR-057:026 *Stöðull* heimild um kvíar 63°55.693N 20°56.995V

"Stöðull. Vestan við mitt Hofið [014]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Kvíarnar voru rúma 100 m vestan við bæ 001 og rúma 170 m suðvestan við Hofið 014. Kvíarnar voru í aflíðandi brekku sem hallar til suðvesturs í svokölluðu Lambhústúni.
Þar sem kvíarnar voru er nú gróið og þýft tún.
Engin ummerki kvía sáust á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 34.

ÁR-057:027 *Sölvi* örnefni legstaður 63°55.729N 20°56.819V




Mynd 143 Sölvi horft til suðvesturs

"Sölvi. Smá hæð grasigróin í túninu austur frá bænum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Hér á að vera haugur landnámsmannsins Sölva sem fyrstur reisti bæ hér. Sölvi er tæpa 50 m austan við bæ 001 og um 15 m norðaustan við kálgarð 007.
Sölvi er í grasivöxnu túni suðaustan við náttúrulegan hólrima.
Sölvi er lítill, grasivaxinn hóll fast norðan við Saltkjötskofa 006. Sá kofi er byggður inn í hólinn (Sölva) að hluta. Það rétt mótar fyrir hólnum og er hann um 1 x 1 m að stærð og að öllum líkindum náttúrulegur. Hóllinn er um 1 m á hæð og hluti af náttúrulegu holti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 34.

ÁR-057:028 *Sölvaholtsnátthagi* tóft nátthagi 63°55.199N 20°56.126V

"Sölvaholtsnátthagi. Dælar vestur frá Glóru," segir í örnefnaskrá Hraungeðrishrepps. Tóftin er rúmum 500 m suðvestan við beitarhús 041 og tæpum 1,2 km sunnan við bæ 001. Tóftin er nánast beint austan við íbúðarhúsin í Glóru ÁR-058.





Mynd 144 Nátthaginn horft til norðausturs

Nátthaginn er í þýfðum móa með mýrarflákum á stöku stað.
Á þessum slóðum sést ekki eiginlegur nátthagi eða girðingar en þarna er tóft sem gæti hafa tilheyrt honum. Hún er 8 x 6 m og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld og veggirnir eru um 0,5 m á hæð og grjóthlaðnir. Tvö umför af steinum sjást í þeim og eru þeir lítið grónir. Inngangur er á miðri suðurhlið. Tóftin er alveg gróin að utan en hleðslur sjást að innan. Hún er nokkuð þýfð. Stór dæl er norðaustan við tóftina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 35.

ÁR-057:029 *Torfhólagrafir* náma rista 63°55.684N 20°55.778V

"Torfhólagrafir. Grafirnar sunnan við Torfhól," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Torfhólar er talsvert hár hólrani í mýrunum um 980 m norðvestan við bæ 001. Sunnan, austan og norðan við ranann eru mógrafir.
Grafirnar eru í grænni, þýfðri mýri umhverfis gróinn hólrana.
Grafirnar liggja í sveig um hólranann frá austri sunnan við hólranann til norðvesturs og þá aftur til austurs norðan hans. Þær eru í 50-70 m radíus út frá rananum á svæði sem er um 150x100 m stórt og snýr austur-vestur. Svæðið er grænna en sinuvaxin mýrin. Grafirnar eru að langmestu leyti þurrar og sums staðar hafa margar minni grafir runnið saman og myndað eina stóra gröf en víða má sjá stakar grafir sem eru um 3x1 m stórar og snúa sitt á hvað. Dýpstu grafirnar eru um 0,6 m djúpar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 35.







Mynd 145 Ristan horft til norðvesturs, suðurs og norðurs

ÁR-057:030 *Þvottaklettur* heimild um þvottastað 63°55.638N 20°56.765V
"Þvottaklettur. Langur og mjór klettur við Veituna," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Þvottaklettar eru langt og mjótt klettabelti á milli útihúsa 009 og 010. Það er um 210 m sunnan við bæ 001.
Þvottaklettar eru í sléttu túni.
Ull var þurrkuð á klettunum. Engar hleðslur eða önnur mannvirki eru við klettana.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 35.

ÁR-057:031 *Litlavarða* varða 63°55.850N 20°56.824V
Litlavarða er á lista yfir örnefni í Sölvaholtslandi. Litlavarða er merkt á örnefnakort sem Jón Þórðarson, heimildamaður, á. Kortið er eftir Kristinn Sigfússon. Varðan er merkt uppi á háu holti á kortið en engin varða er þar lengur (júní 2008). Holtið er um 225 m norðan við bæ 001.
Holtið er hátt og gróið klettaholt. Umhverfis það er slétt tún.
Ekki sér til vörðu á holtinu og ekki víst hvaða hlutverki hún hefur þjónað en holtið sést ekki frá bæ 001.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Sölvholt, 1.

ÁR-057:032 brunnur brunnur 63°55.671N 20°56.933V
Brunnur er um 110 m suðvestan við bæ 001 og um 40 m sunnan við Lambhúshól 013.
Brunnurinn er í sléttu túni.
Hann er hlaðinn, um 3x2 m stór og snýr norður-suður. Hleðslurnar sem sjást eru eingöngu úr torfi, um 0,8 m háar. Bárujárnsplata hefur verið lögð yfir op brunnsins svo ekki sést niður í hann. Jón Þórðarson sem er fæddur árið 1940 og uppalinn í Sölvholti man eftir því þegar vatn var jafnan sótt í brunninn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Mynd 146 Brunnurinn horft til suðurs

ÁR-057:033 *Skútuskarð* heimild um leið 63°55.597N 20°56.834V
Engjavegur lá um Skútuskarð þar sem núverandi hesthús stendur. Hesthúsið er um 260 m SSV við bæ 001.
Skútuskarð er skarð milli tveggja klettabelta sunnan undir sléttu túni.
Engin ummerki leiðarinnar sáust í skarðinu né annars staðar. Leiðin hefur líklega legið frá bæ, um skarðið og út á engjar sunnan túnsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


ÁR-057:034 þjóðsaga huldufólksbústaður 63°55.597N 20°56.834V
BH: " Á síðustu öld bar það til að ungur drengur á bænum Sölvholti í Flóa var sendur að Skúta sem er klettur í Sölvholtsholtunum, austarlega. Átti hann að sækja þar Pétursbelti, en svo eru kallaðar langar tágar sem vaxa út frá hrútaberjalyngi. Nái maður í Pétursbelti sem er nógu langt til að vefja því þrívegis um mittið læknast maður af gigtveiki en það var einmitt gömul gigtveik kona sem sem hafði sent strákinn. Þegar hann kom að klettinum heyrði hann söng í honum." Núverandi hesthús stendur nú á þessum slóðum. Húsið er um 260 m SSV við bæ 001.
Skútuskarð er skarð milli tveggja klettabelta, sunnan undir túni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Bjarni Harðarson: Landið, fólkið og þjóðtrúin, 130.


Mynd 147 Skúti horft til norðurs

ÁR-057:035 tóft fjárhús 63°55.663N 20°56.656V
Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 um 220 m suðaustan við bæ 001. Þar er nú tóft við suðausturmörk túns. Tóftin er um 100 m suðaustan við útihús 008. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líkega fallið úr notkun þá.



Mynd 148 Útihúsið horft til suðurs



Tóftin er á klettabrún við mörk sléttaðs túns.
Tóftin er einföld um 8x5 m stór og snýr norður-suður. Dyr eru á miðjum norðurvegg hennar. Vel sér í grjót í hleðslum tóftarinnar sem eru úr torfi og grjóti og standa hæstar um 1,2 m. Samkvæmt Jóni Þórðarsyni í Sölvholti er tóftin af fjárhúsi. Bárujárnsplötur eru inni í tóftinni sem benda til þess að bárujárnsþak hafi verið á fjárhúsinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-057:036 garðlag túngarður 63°55.765N 20°56.548V



Mynd 149 Túngarðurinn horft til suðurs

Túngarður er fyrir austan og suðaustan bæ 001. Þetta er sami túngarður og teiknaður er á bæjarteikningar danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1918. Það sést vel hvernig túnið innan túngarðsins hefur verið sléttað en ekki utan hans.
Garðlagið liggur í sléttu, grónu túni og þýfðum móa. Nokkuð af klöppum standa upp úr sverði á svæðinu.
Túngarðurinn hlykkjast austur-vestur fyrir austan bæ 001 og endar í Strokkhól 019. Þar fyrir suðvestan markar náttúrulegt hamrabelti túnið og sjást þessi skil vel á kortinu frá 1906. Túngarðurinn er grjóthlaðinn og sést eitt umfar í honum. Túngarðurinn er 0,4 m á hæð og um 0,3 m á breidd. Frá Stokkhól og að klettabeltinu mótar fyrir túngarðinum sem þúfnaröð í túninu og aðeins sést glitta í grjót á stöku stað. Túngarðurinn er rúmir 200 m að lengd að klettabeltinu frátöldu. Hann hefur markað að tún sem eru um 350 x 290 m stór og hafa snúið norðaustur-suðvestur. Vestur- og norðurhliðar eru alveg horfnar vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-057:037 *Dýjakrókur* frásögn þvottalaug 63°55.784N 20°57.023V
Í Dýjakrók var heit laug sem notuð var til þvotta að sögn Bergs Ketilssonar. Laugin var um 40°C heit. Dýjakrókur var rúma 150 m norðvestan við bæ 001.
Þar sem laugin var er nú slétt, grasivaxið tún. Svæðið hefur allt verið ræst fram og skurður liggur nú austur-vestur á þeim slóðum sem laugin var. Á veturna ríkur upp úr skurðinum og greinilegt að uppsprettan er enn til. Nú er svæðið grasivaxið með sóleyjum.
Engin ummerki laugarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta

ÁR-057:038 *Kerlingarsæti* frásögn legstaður 63°55.657N 20°57.344V




Mynd 150 Kerlingasæti horft til vesturs

Kona Sölva landnámsmanns á að vera heygð í Kerlingarsæti sem er hóll um 400 m vestan við bæ 001 og tæpum 200 norðvestan við mógrafir 043. Gaulverjabæjarvegur er um 20 m til vesturs og vegur að Sölvholti er um 100 m til suðurs frá Kerlingarsæti.
Kerlingarsæti er í þýfðu túni vestan við bæ.
Kerlingarsæti er hraunhóll, um 10 x 2 m stór. Hóllinn er um 1,5 m á hæð og lækkar til vesturs. Hundaþúfa er efst á hólnum. Kerlingarsæti er að öllum líkindum náttúrulegur hóll að öllu leyti.
Hættumat: engin hætta

ÁR-057:039 tóft mógrafir 63°55.945N 20°57.057V
Tóft er á Móholti (sjá 021) um 50 m norðvestan við það svæði þar sem mógrafirnar voru. Tóftin er um 420 m norðan við bæ 001.
Tóftin er á grónu holti sem að hluta hefur verið sléttað í tún að suðaustan.

Tóftin er stungin niður í holtið. Hún er um 3x3 m stór með dyrum á miðjum suðurvegg. Ekki hefur verið hlaðið upp með stunginni sem er um 0,3 m djúp. Hvergi sér í grjót í tóftinni. Tóftin hefur að öllum líkindum verið móstæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar





Mynd 151 Tóftin horft til norðausturs

ÁR-057:040 náma mógrafir 63°55.562N 20°57.273V

Mógrafir eru um 450 m VSV við bæ 001, fast vestan við reiðveg vestan Gaulverjabæjarvegar. Mógrafirnar eru á lítilli ræmu sem tilheyrir Sölvholti vestan vegar.
Grafirnar eru á sinuvöxnu svæði milli reiðvegar og skurðar.
Grafirnar eru um það bil 17 talsins á svæði sem er um 50 x 10 m stórt og snýr NV-SA. Grafirnar eru þurrar enda skurður fast vestan við þær. Þær eru dýpstar um 1,3 m. Háir þúfnabakkar eru á milli þeirra.
Hættumat: engin hætta




Mynd 152 Mógrafirnar horft til norðurs

ÁR-057:041 tóft beitarhús 63°55.386N 20°56.599V

Tóft er tæpa 700 m sunnan við bæ 001 og tæpa 800 suðaustan við Kerlingarsæti 038. Þetta er hugsanlega "Grænhóll" sem talað er um í örnefnalýsingu. Ekki sagt nánar þar hvað Grænhóll var. Tóftin er norðan við um 1 m háan hól og nýlegt hrossageröi.
Tóftin er í þýfðum og nokkuð sléttum móa.
Tóftin snýr norður-suður og er 5 x 3 m að stærð. Hún er einföld, veggirnir eru grónir og hvergi sjást skýrar hleðslur. Víða glittir í steina m.a. í suður-, austur- og vesturvegg. Tóftin hefur verið fyllt af grjóti og ekki er neinn inngangur sjáanlegur. Þó er hann hugsanlega í norðvesturhorni. Veggirnir eru um 0,3 m á hæð og austurhluti hennar ógreinilegur og þýfður.





Mynd 153 Beitarhúsið horft til vesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Sölvholt, 1.


ÁR-057:042 *Stakkkelda* renna áveita 63°55.516N 20°56.988V

Stakkkelda var grafin fram að hluta á árunum 1845-51. Framkvæmdin var hluti af verkefnum Framskurðafélags Hraungerðishrepps. Stakkkelda er rúmum 400 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 350 m sunnan við kvíar 026. Stakkkelda hlykkjast austur-vestur á svæðinu og undir Gaulverjabæjarveg. Keldan liggur um nokkrar jarðir í Hraungerðishrepp, gengur undir nokkrum nöfnum m.a. Krókskelda og talið að 18 manns hafi drukknað í henni.
Keldan er í þýfðum móa til austurs og suðurs. Gróið tún er til vesturs.
Stakkkelda er náttúrulegur lækur sem handgrafinn var fram á köflum á 19. öld. Í landi Sölvholts hlykkjast Stakkkelda austur-vestur og yfir í land Uppsala. Ekki sést hvar keldan var handgrafin eða veitt á túnin. Bergur Ketilsson man eftir höftum á læknum sem nú (júní 2008) eru öll horfin. Í landi Sölvholts er Stakkkelda um 1,6 km löng og um 1 m á breidd.
Hættumat: engin hætta




Mynd 154 Stakkelda horft til austurs

ÁR-058 Glóra



1708 og 1847, háleiga frá Sölvholti. 1708: "Rögnvalldskot, síðar kallað Glóra, bygð í úthögum fyrir manna minni, og varaði bygðin til næstliðins árs, síðan í auðn." JÁM II, 119.
1981: "Ólafur Stefán Þórarinsson frá Glóru ... og Erna Margrét Laugdal Ottósdóttir frá Reykjavík ... Þau fengu viðurkenningu á tvíbýlisaðstöðu í Glóru 25. okt. 1978." SB II, 454.
1708: "Fóðrast kunnu iiii kýr, ii hestar. Sauðfje hefur sjaldan haft verið á þessari hjáleigu. .. töðuvöllur er minni [en í Sölvholtshjáleigu] og engjar varla teljandi aðrar heldur en í hagbeit. Þessarar hjáleigu tún og úthaga brúkar nú heimajörðin til beitar ... Aftur má hjer byggja, ef fólk til fengist, og lagðist þetta býli mest í eyði fyrir mannfæðis sakir, sem skeði í bólusóttinni." JÁM II, 119.
1918: "Tún: 2.49 ha. girt norkkuð með grjótg. og nokkuð með gaddavír vestan við túnið er spilda afg. með túninu. Matjurtag. 8.82 arar" Túnakort 1918.

ÁR-058:001 *Glóra* bæjarhóll bústaður 63°55.209N 20°55.702V
Fimm hús eru merkt á bæjarhól Glóru á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Þar sem bærinn var er nú íbúðarhús sem byggt var 1945. Fyrir norðan húsið er malarplan. Fyrir vestan íbúðarhúsið sést um 18 m langur bakki sem afmarkar vesturhlið bæjarhólsins. Bakkinn er






Mynd 155 Bæjarhóllinn horft til austurs og tóftin horft til suðausturs

um 1 m á hæð. Í honum glittir víða í hleðslur en trjám hefur verið plantað í hann allan. Fast sunnan við bæjarhúsin var kálgarður 002 og er hann enn varðveittur.
Þar sem bæjarhóllinn var er nú húsagarður, vestan og sunnan við íbúðarhúsið. Þar hefur trjám verið plantað.
Tvö hús standa á bæjarhólum, íbúðarhúsið byggt 1945 og útihús suðaustan við það. Eina hlið bæjarhólsins sem sést er vesturhlið hans og hefur hún verið um 18 m löng. Austur- og norðurhliðum bæjarhólsins hefur verið raskað í framkvæmdum. Á túnakorti frá 1918 sést að tvö hús hafa þá verið Í Glóru og er hið syðra enn varðveitt. Það var kartöflukofi og hesthús að sögn Hrafnkels Guðnasonar, heimildamanns, og markast suðurhlið bæjarhólsins af tóftinni. Ekki er hægt að sjá nein uppsöfnuð mannvistarlög annar staðars á svæðinu. Tóftin er 10 x 8 m og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er tvískipt. Hólf 1 er 4 x 2 m að innanmáli og er hólfið opið til norðurs. Veggirnir eru um 0,6 m á hæð sjást þrenn umför í þeim. Hólf 2 er vestan við hólf 1 og er 6 x 2,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólfið er einnig opið til norðurs. Ekki hefur verið innangengt á milli hólfa. Í suðurenda hólfs 2 sjást enn tvær þakhellur ofan á veggjunum. Veggirnir er um 0,8 m og sjást þrenn umför af grjóthleðslum í þeim. Veggirnir eru þó að mestu grónir. Um 5 m hátt grenitré er í innganginum í hólf 2. Vesturveggur hólfs 2 er um 1,2 m á hæð.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-058:002 gerði kálgarður 63°56.196N 20°55.697V
Kálgarður er merktur inn á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918 fast sunnan og vestan við bæ 001. Kálgarðurinn er nú notaður sem húsagarður sunnan og vestan við íbúðarhúsið.
Kálgarðurinn er nú (2009) grasivaxinn og hefur trjám verið plantað í alla veggi hans.
Kálgarðurinn er 32 x 32 m og eru allir veggir hans varðveittir nema suðurveggur. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og grasivaxnir. Það glittir í grjót hér og þar. Að innan er kálgarðurinn grasivaxinn og sléttur.




Mynd 156 Kálgarðurinn horft til austurs

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-058:003 heimild um útihús 63°55.210N 20°55.678V
Útihús var um 20 m austan við bæ 001 og um 20 m vestan við útihús 004 samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918.
Þar sem útihúsið var er nú (2009) slétt og gróið svæði.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði og er líklegt að það hafi horfið við túnasléttun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-058:004 heimild um útihús 63°55.214N 20°55.660V
Útihús var um 40 m austan við bæ 001 samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Útihúsið var rifið um 1980.
Þar sem útihúsið var er nú moldarflag vaxið arfa, allt umhverfis er það er grasivaxið svæði.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði. Hrafnkell Guðnason, heimildamaður, mundi ekki hversu stórt húsið var og vissi ekkert um hlutverk þess.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-058:005 heimild um útihús 63°55.249N 20°55.574V
Útihús var um 130 m ANA við bæ 001 og tæpa 100 m ANA við útihús 004 samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Rafmagnsgirðing liggur þvert yfir svæðið þar sem útihúsið var.
Þar sem útihúsið var er nú (2009) slétt grasivaxið tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði. Útihúsið hefur líklega horfið við túnasléttun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-058:006 heimild um traðir 63°55.188N 20°55.754V
Heimreið er merkt að bæ 001 úr vestri á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakorti frá 1918. Þar sem heimreiðin lá heim að bæ 001 er nú malarvegur.
Heimreiðin liggur undir núverandi malarvegi að Glóru. Beggja vegna við veginn eru grasivaxin tún.
Engin ummerki heimreiðar sjást á yfirborði. Samkvæmt túnakorti var hún um 80 m löng.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-058:007 heimild um útihús 63°55.235N 20°55.673V
Útihús var um 40 m NNA við bæ 001 samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og því hefur það líklega fallið úr notkun þá. Nú er gámur um 5 m sunnan frá áætlaðri staðsetningu útihússins. Malarvegur sem liggur frá bæ 001 endar þar fast fyrir vestan.
Útihúsið var þar sem nú eru mörk grasivaxins túns og malarplans.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-058:008 heimild um útihús 63°55.193N 20°55.739V
Útihús var um 40 m vestan við bæ 001 samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Líklega var það fast sunnan við traðir 006. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og því líklega fallið úr notkun þá.
Þar sem útihúsið var er nú malarplan framan við íbúðarhúsið í Glóru 2 sem byggt var um 1980.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-058:009 *Þríhyrningur* heimild um leið
"Þríhyrningur. Grasigróinn varði við veginn þar sem farið er heim að Glóru," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Hér er líklega verið að tala um traðir 006 eða núverandi veg að Glóru sem er á sama stað. Ekki er neina vörðu þar að sjá, hvorki sunnan né norðan við heimreiðina. Ekki er vitað hvar aðrar götur lágu um land Glóru og né aðra vörðu að sjá. Nákvæm staðsetning vörðunnar er ekki þekkt.
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 7.

ÁR-058:010 heimild um óþekkt
"Bleikkollurimi. Smá rimi austur frá tóftarbroti sem er í Glórulandi," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Ekki er vitað hvar Bleikkollurimi er né hvaða tóft er verið að tala um í landi Glóru. Þó má telja líklegt að tóftin hafi verið norðan við bæ 001, nærri mörkum Sölvholts ÁR-057. Tóft 012 er fyrir norðan bæ 001 en ekki er hægt að staðfesta að hér sé um tóftarbrotið að ræða án frekari heimilda. Svæðið fyrir norðan bæ 001 er þýfður móí með blautum mýrarflákum en hvergi mótar fyrir hólum.

Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 33.


ÁR-058:011 heimild um túngarð

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var hluti suðurhluti gamla heimatúnsins girtur með grjótgarði. Að sögn Hrafnkels Guðnasonar, heimildamanns, var túngarðinum rutt út þegar gamla heimatúnið var sléttað eftir 1950. Þar var áður mikið um hóla og hæðir. Túngarðurinn hefur, samkvæmt túnakortinu, afmarkað svæði sem er um 270 x 100 m stórt.
Þar sem túngarðurinn var eru nú (2009) slétt og grasivaxin tún.
Engin ummerki túngarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918.

ÁR-058:012 tóft óþekkt 63°55.239N 20°54.812V

Tóft er um 730 m austan við bæ 001 og rúmum 950 m norðaustan við tóft 015. Skurður á merkjum Sölvholts ÁR-057 og Glóru er um 50 m norðar.
Tóftin er í þýfðum móa með mýrarflákum.
Tóftin er 11 x 6 m og snýr norður-suður. Hún er tvískipt. Hólf 1 er sunnar, er 6 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Inngangur er á miðri suðurhlið og er hann fullur af grjóti. Hrun er einnig inni í tóftinni. Veggirnir eru 0,8 m á hæð og sjást 4 umför að grjóthleðslum í þeim. Hólf 2 er 4 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,5 m að hæð og glittir í grjót hér og þar. Þeir eru mosavaxnir. Ekki sést hvar gengið var inn í hólfið en austurveggur hólfsins er lægstur og líklegast að þar hafi verið op. Tóftin hefur að öllum líkindum verið beitarhús vegna fjarlægðar frá bæ 001 og gerð hennar.





Mynd 157 Tóftin horft til NNA

Hættumat: engin hætta

ÁR-058:013 náma mógrafir 63°55.010N 20°55.933V

Mógrafir eru tæpum 350 m vestan við bæ 001 og tæpum 100 m norðvestan við tóftir 014.
Mógrafirnar eru í þýfðum móa með rökum dælum. Mógrafasvæðið er þýft og mun grasvaxnara en annar gróður í móanum. Mjög grunnt er niður á Þjórsárhraun og standa grónir hraunhólar víða upp úr sverði.
Mógrafirnar eru um 50 x 30 m að stærð og snýr svæðið austur-vestur. Erfitt er að geta sér til um fjölda mógrafa. Fyllt hefur verið upp í mógrafirnar en ein og ein er byrjuð aftur að koma í ljós vegna jarðsigs. Mógrafirnar eru flestar um 2 x1 m að stærð og um 0,5 m að dýpt. Um 10 grafir eru komnar í ljós en þær voru mun fleiri.
Hættumat: engin hætta




Mynd 158 Mógrafirnar horft til norðvesturs

ÁR-058:014 tóftir óþekkt 63°54.986N 20°55.836V

Tvær tóftir eru rúmum 400 m SSV við bæ 001 og rúmum 50 m norðan við tóft 015.
Tóftirnar eru í þýfðum móa með mýrarflákum. Mjög grunnt er niður á Þjórsárhraun á þessum slóðum.








Mynd 159 Tóftirnar horft til suðausturs og vesturs

Tóftirnar eru á svæði sem er um 11 x 8 m stórt og snýr norður-suður. Tóft A er sunnar. Hún er 8 x 5 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Tóftin er grjóthlaðin úr hraungrýti. Hún er sigin, veggirnir eru um 0,4 m á hæð og sjást þrenn umför af grjóthleðslum í þeim. Inngangur er í norðurhorni. Tóftin gæti hafa verið rétt fyrir búpening eða kvíar. Tóft B er um 5 m norðvestan við tóft A. Hún 4 x 2 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hún er grjóthlaðin og er opin til norðurs. Veggirnir eru um 0,2 m á hæð og sést eitt umfar af grjóthleðslum í þeim. Tóftin hefur líklega verið móstæði vegna nálægðar við mógrafir 013.
Hættumat: engin hætta

ÁR-058:015 tóft óþekkt 63°54.956N 20°55.832V





Mynd 160 Tóftin horft til norðurs

Tóft er tæpa 500 m SSV við bæ 001 og um 130 m suðaustan við mógrafir 013.
Tóftin er í þýfðum móa með blautum mýrarflákum. Stutt er niður á Þjórsárhraun á þessu svæði.
Tvískipt tóft og garðlag sambyggt henni er á svæði sem er 20 x 9 m stórt snýr austur-vestur. Hólf 1 er vestar. Það er 7 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Inngangur er á suðvesturhorni. Veggirnir eru um 0,6 m á hæð og hlaðnir úr hraungrýti. 3-4 umför af hleðslu sjást í þeim. Hólf 2 snýr norðvestur-suðaustur og er 3 x 1 m að innanmáli. Hólfið er opið til suðurs. Ekki er innangengt á milli hólfa. Veggirnir eru um 0,5 m á hæð og sjást þrjú umför af grjóthleðslum í þeim. Garðlag gengur til suðurs frá vesturenda hólfs 1. Það er um 18 m á lengd. Tóftin er líklega e.k. rétt og garðlagið hefur verið notað til hægðarauka við innrekstur.
Hættumat: engin hætta

ÁR-059 Laugardælir



Byggt á túnakortum frá 1906 og 1918

Getið í kirknaskrá Páls um 1200, DI XII, 8. Máldagi Laugardælukirkju frá 1397 er varðveittur, DI IV, 53 og frá 1570, DI XV, 654.

Jarðarinnar er getið í kaupbréfi Langholts frá 1488, DI VI, 620 og í jarðaskiptabréfi Langholts og Bjarkar í Flóa frá 1566, DI XIV, 534. Þá er hennar getið í skiptabréfi eftir Pál lögmann Vigfússon, DI XV, 408.1708: Jarðardýrleiki óviss. Kirkjustaður. 1847, 55 1/3 hdr. Bændaeign.

1981: "Þetta er stór jörð og henni fylgdu 6 hjáleigur sem nú hafa allar verið lagðar undir heimajörðina nema Uppsalir en sú jörð var seld ábúandanum þar. [...] Nokkurt landssvæði var af jörðinni tekið og lagt undir Selfosshrepp þegar hann var stofnaður árið 1947." SB II, 456

1709: "Fóðrast kann viii kýr, iiii úngneyti, xxx ær, ii hestar til eldis, v aðrir til bjargar ... Afrjett vide supra Sölvholt. Torfstúnga næg, rista laus og heldur ekki vatni. Móskurður til eldiviðar nægur. Eggversvon lítil og dúntekja þar af í einum hólma í Ölvessá, sjaldan með hlunnindum teljandi. Beit um tvo mánuði á staðurinn í Eystra Ármóts land ... Sex stóðhrossa beit eftir máldaga staðarins í Selshóla í Sölvholtslandi ... Túnsins nokkrum parti spillir hitavessi í jörðunni, sem orðsakast af laug þar allnærri, og af þessum hitaseyðingi jetst úr grasrótin og gjörir flög. Enginu grandar Ölvessá með grjóti og leir í vatnagángi, bæði því enginu, sem nálægt henni liggur, og so við Laugardælavatn, þegar svo vill til, að hún hleypur yfir Flóann í leysíngum á vetur ... Hætt er kvikfje fyrir holgryfjulækjum og pyttum, sem víða eru í landinu." JÁM II, 121 1841: "Laust fyrir framan ferjustaðinn eru 2 grashólmar í ánni, og er í þeim æðarvarp gott." SSÁ, 73

1918: Tún 9,34 ha, ca. 95% slétt. Garðar 25,53 arar [1 ari er 100 m2].

ÁR-059:001 *Laugardælir* bæjarhóll bústaður 63°56.796N 20°58.045V
Á bæjarhólnum sunnanverðum stendur timburhús (byggt 1894), sýnt á túnakorti frá 1918 og á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Torfbærinn stóð neðan, sunnan við húsið. Þar er nú hlað.
Malarhlað, timburhús og grasagarður framan við það.
Allstór og breiður náttúrulegur hóll, ekki auðvelt að greina hvar upphleðsla mannvirkjaleifa byrjar. Hóllinn er um 60x30 m stór. Bærinn hefur væntanlega snúið í suðaustur. Þar sem hólnum hallar til austurs er steypt útihúsalengja (byggð fyrir 1952) en í norðaustur jaðri er stór útihúsasamsteypa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-059:002 kirkjugarður kirkja 63°56.788N 20°58.018V
LAUGARDÆLIR Í FLÓA (Á) -Maríu, Agötu
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 8
1391: [jarðskjálfti um Flóa og Grímsnes] fiortaan bæi skok nidr at nockuru leiti. enn Mideingi Burfell ok Laugardælar braut at ollu nema kirkian stod i Laugardælum; Flateyjarannáll, IA 417
1397: ä heimaland allt med gognum oc giædum [+beit í nokkra staði]
portio Ecclesiæ vmm .ij. är oc .xx. Þrettan hundrud oc half mork. Reiknadist aptur firir kirkiu vppgiord oc Þa bot sem hann hefur aa hana lagtt framar enn skylldu .v. hundrad.
Jtem reiknadizt apttur fyrer Þa hluti sem hann hafde lagt kirkiunni innan sig .iiijc. Jtem reiknadizt aptur .iijc. fyrer .iij. hundradz hross er hann lagdi til kirkiunnar. Oluktar. iij. merkur.
portio Ecclesiæ vmm næstu .x. är .v. hundrad
Jtem eigur kirkiann Svartbol oc Vppsale.; Máld DI IV 53 [Þessi máldagi virðist vera mikið styttur]
26.5.1488: Jörðin Langholt í Flóa er í Laugardælakirkjusókn. DI VI, 620.
1575: Máld DI XV 654-655
1599: J laugardælasokn ero xiij logbyle og nockrar hialeigur. Tiundar adtekt j næstu x är er .xij aurar. stundum minna. stundum meira. J langhollte var til forna halfkirkia. þar med iiij kugilldi og golldner presti x. aurar J langhollte hefr ecke verid kirkia j næstu lx ar. og eckiert upphelldi þadan. AM 66a 8vo, bl. 35a-37b.
1752: var staður en er nú gerð að annexíu frá Hraungerði; (PP, 78)
1754: Sýslumaður Brynjólfur Sigurðsson lét gjöra kirkju í Hjálmholti í Flóa, en Oddgeirshólakirkja var lögð af, Hraungerði beneficium og prestssetur framvegis, en Laugardælir stólsjörð. Ölfusvatnsannáll IA IV, 372.
Núverandi kirkja var reist á árunum 1960-65. Hún stendur í kirkjugarði um 20 m austan við timburhúsið á bæjarhólnum
Sléttur kirkjugarður með steyptum kirkjugarðsvegg. Tré og runnar eru meðfram garðinum að utanverðu en sárafá innangarðs.
Kirkjan frá 1965 er með kjallara (skrúðhús) undir vestustu 2 metrunum. Veggir voru grafnir niður á fast og kom talsvert upp af mannabeinum, einkum austantil þar sem bærinn (001) er nú. Þórarinn Sigurjónsson segir að kirkjan hafi verið látin snúa nákvæmlega eins og forveri hennar en hún snýr skakkt á kirkjugarðsvegginn og gamla timburhúsið. Á túnakorti er kirkjan sýnd snúa eins og húsið. Steypt undirstaða undir kirkjugarðsvegg á vesturhlið er frá 2003 og komu þá hvorki í ljós mannabein né hleðslur. 1952 var grjótgarður um garðinn. Vesturhlið var lengd um 7 m til suðurs en suðurhlið látin ganga í sama SA- horn og fyrr.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906;Túnakort 1918; DI XII, 8; Flateyjarannáll, IA, 417; DI IV, 53; DI VI, 620; DI XV 654-55; PP, 78; IA IV, 372.

ÁR-059:003 heimild um kálgarð 63°56.816N 20°57.992V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 og bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var kálgarður tæpa 40 m suðaustan við kirkjugarð 002 og tæpa 50 m austan við bæ 001.
Þar sem kálgarðurinn var er steypt grunnur og braggi 2 m til norðurs.
Ekki sést til kálgarðsins á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918; bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-059:004 heimild um brunn 63°56.804N 20°57.982V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var mannvirki, líklega brunnur, skammt norðan við kirkjugarð 002. Brunnurinn var í slakka fast norðan við traðir 010. Brunnurinn er 10 m suðvestur frá steyptum grunni þar sem kálgarður 003 var.
Þar sem brunnurinn var er nú (2008) grasivaxið svæði með hvönn.
Engin ummerki brunnsins sáust á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-059:005 gryfja óþekkt 63°56.868N 20°57.823V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var mannvirki, hugsanlega brunnur eða súrheysgryfja, nyrst í túni og rúma 200 m norður af bæ 001. Leifar gryfjunnar eru um 220 m ANA við bæ 001 þar sem lítil dæld er í þýfðum móa.
Dældin er um 20 m austan við veg sem liggur frá bæ 001 til norðurs að Ölfusá.
Dældin er um 1,5x1,5 m stór og um 0,2 m djúp. Á tveimur stöðum sér í grjót í henni og einnig sér í grjót á stöku stað í móanum austan við hana sem hugsanlega er ættað úr henni. Hlutverk hennar er óþekkt en hún er líklega leifar þess mannvirkis sem merkt er á túnakortið frá 1918.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1918



Mynd 161 Gryfjan horft til norðvesturs

ÁR-059:006 heimild um útihús 63°56.858N 20°58.210V

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var úthús 180 m VNV við bæjarhólinn og 60 m frá útihúsi 007. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Útihúsið var þar sem nú er slétt tún sem liggur til vesturs að Svarfhóli ÁR-064.
Engin ummerki útihússins sáust á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-059:007 heimild um útihús 63°56.841N 20°58.149V


Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var úthús 120 m VNV við bæ 001. Þetta er nú vestan við byggð á Laugardælum. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Á svæðinu er nú slétt, gróið tún vestur af trjábeði á Laugardælum.
Ekki sést til útihússins á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-059:008 *Músakot* tóftir býli 63°56.754N 20°58.435V

"Musarhóll, þriðja hjáleiga, bygð á fjárhússstæði fyrir vel 50 árum; hún var áður heima við bæinn [030] og hafði þá ekki nafn, en töður af heimatúni og engjar sem nú," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708. Í sóknarlýsingu Hraungerðis- og Laugardælasókna 1841 segir: "Fyrrum vóru hjáleigur frá Laugardælum: Músakot, sem í eyði er lagt fyrir 20 árum...." Í örnefnaskrá segir ennfremur: "Moshóll. Eyðibýli í suðvesturhorni Laugardælatúns." Í Sunnlenskum byggðum segir: "Moshóll ... 1905. Í eyði síðan." Hjáleigan virðist hafa gengið undir þremur mismunandi nöfnum, Músakot, Músarhóll og Moshóll. Hjáleigan Músakot er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, tæpa 200 m suðvestan við bæ 001. Þar er hjáleigan merkt







Mynd 162 Músakot horft til norðausturs og séð inn í hólf 1

of austarlega, tóftirnar eru um 330 m VSV við bæ 001. Samkvæmt túnakorti frá 1918 var úthús með áföstum kálgarði á þessum slóðum, syðst í túni og er þar eflaust byggt á rústum hjáleigunnar. Útihúsið er um 25 m norðan við veg að golfvellinum á Svarfhóli.
Tóftin er í sléttuðu túni sem er fremur ójafnt og nokkuð dældótt.
Tóft hjáleigunnar og útihúsa í heimatúni hennar eru merkt á bæjarteikninguna frá 1906 eru á svæði sem er um 80 x 80 m stórt. Á þessum stað sést nú tóft og þústir sem hvoru tveggja verður hér gefinn bókstafur til aðgreiningar

en auk þess verður þeim mannvirkjum sem horfin eru, en sjást á teikningu frá 1906 einnig gefinn bókstafur (samtals A-F). Útihús A, þar sem bærinn stóð áður, er um 16 x 9,5 m stór og snýr norður-suður. Tóftin er þrískipt. Hleðslur hennar eru hæstar um 2 m. Hólf I er stærst og syðst í tóftinni. Það er um 8 x 5 m stórt að innanmáli og snýr norður-suður. Dyr eru á miðjum suðurvegg þess. Þak tóftarinnar hefur hrunið ofan í hólfið og sést í bárujárn úr henni í því. Fast norðan við hólf I er hólf II. Það er niðurgrafið um 0,5 m og er því um 2,5 m djúpt ef mælt er innan úr tóftinni. Hólfið er um 3 x 5 m stórt að innanmáli og snýr þvert á tóftina, austur-vestur. Enginn milliveggur er á milli hólfs I og II og líklega hefur verið opið þar á milli eða timburþil með dyrum og þrepi ofan í hólf II. Vel sér í grjót í hleðslum hólfsins, mest 10 umför. Hólf III er fast norðan við hólf II. Það er um 5 x 2 m stórt að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólfið er opið til austurs. Í hólfi I og III sér á stöku stað í grjót í hleðslum. Fast vestan við tóftina er hólbunga þar sem mannvistarleifar leynast á efa undir sverði, hugsanlega eldra byggingastig bæjarins. Samanlagt nær hólbungan og tóftin yfir svæði sem er um 29,5 x 16 m stórt og snýr norður-suður. Hólbungan er um 1,5 m há þar sem hún er hæst. Samkvæmt túnakorti frá 1918 og bæjarteikningu frá 1906 var kálgarður (B) sunnan við bæinn. Þar er nú slétt aflíðandi flöt og engin ummerki hans sjást. Samkvæmt bæjarteikningunni var einnig útihús (C) um 60 m SSA við bæinn A. Þar er nú slétt flöt fast sunnan vegar að golfskála. Engin ummerki hússins eru greinanleg. Annað útihús (D) er merkt um 30 m austar á bæjarteikninguna. Engin ummerki þess sjást heldur í sléttu túninu. Um 20 m austan við bæjartóftina A er lág þúst (E) í sléttu túninu þar sem mannvistarleifar gætu leynst undir sverði. Þústin er um 7 x 6 m stór og snýr austur-vestur. Hún er um 0,3 m há. Engar skýrar hleðslur sjást á henni enda hefur svæðið verið sléttað. Önnur þúst (F) er um 75 m suðaustan við bæjartóftina A. Hún er kringlótt um 7 m í þvermál. Vegna nálægðarinnar við Músakot verður að teljast líklegt að hér leynist mannvistarleifar undir sverði. Þústin er 0,4-0,5 m há en engar skýrar hleðslur sjást á henni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918; Ö-Hraungerðishreppur, 25; ÁM II, 122; SSÁ, 73; bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906. SB II, 458.

ÁR-059:009 heimild um traðir 63°56.867N 20°58.010V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 og bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 lágu traðir eða vegur til norðvesturs að bæ 001, yfir bæjarhólinn og til norðurs. Traðirnar hafa legið að bænum milli tveggja kálgarða (035 og 036) og svo í 40 m til SSA, því næst í 25 m til suðausturs áður en þær lágu út úr túninu. Þar sem traðirnar voru er nú malarborinn vegur sem liggur af bæjarhlaðinu norðan við bæjarhólinn 001 til vesturs, vestan útihúsasamstæðu og þaðan áfram til norðurs.
Engin ummerki eldri vegar eða traða sjást á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-059:010 heimild um traðir 63°56.800N 20°57.979V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 lágu traðir eða vegur til austurs frá bæ 001. Heimreiðin lá norðan við kirkjugarð 002, til austurs að Þorleifskoti 061:001. Þar er nú upphækkaður malarborinn vegur, líklega ekki sá sami og sýndur er á túnakorti frá 1918 þó þeir liggi á sama stað. Ljósastaurar eru fast norðan við veginn og hann mögulega raskast við uppsetningu þeirra.
Sunnan við veginn er slétt tún en vestan við hann er mýrlendur mói.
Engin ummerki heimreiðar sáust á yfirborði en samkvæmt túnakorti var hún um 50 m löng.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-059:011 þúst óþekkt 63°56.439N 20°58.109V
Tvær þústir, eða hólar eru rúma 650 m suðvestan við bæ 001 og rúma 350 m norðvestan við Laugardælavöll 032. Hólarnir eru í þýfðum móa sem ræstur hefur verið fram með skurðum og eru þeir einstæðir í umhverfinu.
Hólarnir eru í þýfðum og grónum móa. Kjarrgróður vex á túninu sem er notað undir hrossabeit.
Tveir hólar eru á svæði sem er 40 x 24 m stórt, var þeim gefin bókstafur til aðgreiningar. Hóll A er 25 x 20 m og snýr norðvestur-suðaustur. Hóllinn er um 2-3 m á hæð og er flatur í toppinn. Þó sést móta fyrir dældum þar og er afar líklegt að mannvistarlög leynist undir sverði. Ekki sást móta fyrir hleðslum né öðrum mannvirkjum á hólnum. Snjóþekja var á svæðinu þegar hóllinn var skráður og mögulegt að hleðslugrjót hafi því ekki sést. Hóll B er mun minni og um 10 m fyrir sunnan hól A. Hóllinn er 7 x 4 m og snýr austur-vestur. Útlit hans bendir til að í honum leynist mannvistarlög undir sverði. Hóllinn er um 1 m á hæð og nokkuð reglulegur.
Hættumat: engin hætta

ÁR-059:012 *Dælaskurður* renna áveita 63°58.086N 20°57.097V
"Dælaskurður. Skurður vestan við Haugadælar frá þjóðveginum og upp í Laugardælavatn," segir í örnefnaskrá. Skurðurinn var grafinn á árum Flóaáveitunnar 621:014 á fyrri hluta 20. aldar. Skurðurinn er um 2,5 km

norðvestan við bæ 001 og liggur úr Ölfusá til suðausturs í Laugardælavatn.
Skurðurinn er í þýfðum móa.
Talsvert hefur hrunið úr bökkum skurðarins sem nú er hlykkjóttur. Hann liggur nálega norður-suður. Skurðurinn er um 1,5 m breiður þar sem hann er breiðastur og sums staðar mjög djúpur. Hann er samtals um 850 m langur. Fleiri skurðir voru grafir á þessum slóðum oog liggja flestir eins og Dælskurðurinn norður-suður. Skurðirnir, sem eru um 5 talsins, eru á svæði sem er um 680 x 450 m stórt og snýr NNA-SSV og liggja úr Laugardælavatni í skurð á merkjum móti Halakoti. Skurðirnir eru ekki fornleifar í lagalegum skilningi þar sem miðað er við fornleifar 100 ára og eldri en þeir eru hluti af þeirri miklu framkvæmd sem ráðist var í í Flóanum á fyrri hluta 20. aldar og ber vott um þá búskaparhætti sem þá voru við lýði áður en stórvirkar vinnuvélar komu til sögunnar og er af þeim sökum skráðir.


Mynd 163 Skurðurinn horft til suðurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 24

ÁR-059:013 *Ferjuholt* heimild um ferju 63°57.060N 20°58.961V

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Hjer frá staðnum brúkast ferja yfir Ölvessá og hefur nú brúkast yfir þeirra minni, sem nú lifa. Tollur geldst eftir siðvenju, en staðarhaldarinn hirðir skip og flutníngsmenn vetur og sumar." Í sóknarlýsingu 1841 segir: "Frá Egilsstaðaferju [005:009] yfir Þjórsá liggur annar alfaravegur [621:001] yfir þveran Flóann vestur að Laugardælaferju á Hvítá." "Ferjuholt. Holt vestur við Ölfusá, vestur frá Svarfhóli [ÁR-064] [...] Ferjumýri. Mýri suður frá Svarfhóli og Ferjuholti," segir í örnefnaskrá. Í Sunnlenskum byggðum segir: "Áður en brúin á Ölfusá var byggð hjá Selfossi árið 1892 var ein fjölfarnasta lögferja landsins á Ölfusá hjá Laugardælum og varð staðarbóndinn að sjá um ferjuna. Síðasti ferjubóndi í Laugardælum var Guðmundur Guðmundsson héraðslæknir og lét hann smíða síðasta ferjuskipið sem þar var notað. Skip þetta tók reiðinga og klyfjar af 20 hestum og á því var hægt að flytja 35 sauði í einu en þá var sauðasalan til Englands í blóma." Í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1927 segir í umfjöllun um ferjur á Ölfusá: "Laugardælur (-ir), sem lengi voru efsta lögferjan á Ölfusá, eru rúma 2 km. austur frá brúnni, skammt frá árbakkanum, og að sunnanverðu, eins og hinir. Snemma á öldum hefur sjálfsagt verið byrjað að flytja þar. Þó verður nú ekki sannað, að þar haf verið lögferja viðurkend, fyr en 1693. Eftir þetta - og þó líka nokkru áður - fóru ferðalög og flutningar að dragast að þessum stað og eftir leiðinni, við Ingólfsfjall, frá miðleiðum og ferjustöðum. Ferjustaður var þar hreinn og öruggur og áin ekki mjög breið. Var og lögferjan um langt skeið tali réttarbót og talsverð tekjulind fyrir bóndann í Laugardælum. Fleiri vildu eiga hlut í þessari grautargerð. Hellir í Ölfusi er spölkorn frá ánni móts við Laugardælur. Bóndinn þar tók að flytja yfir ána, þá er þaðan komu að, um 1765. Óx af því kritur og kærur milli andbýlinga - Halldórs Jónssonar í Helli og Símonar Þorkelssonar í Laugardælum.....1800, gefur sýslumaður þann dómsúrskurð, að ferjan á þessum stað skuli vera öll og óskift á Laugardælum." Ferjað var yfir Ölfusá um 890 m norðvestan við bæ 001.



Mynd 164 Ferjuholt horft til suðvesturs

Ferjustaðurinn er undir klettabelti þar sem náttúrlegt vik er í bakkann. Áin er fremur straumhörð á þessum stað sem annars staðar. Engar skýrar götur sjást að ferjustaðnum enda sléttaður golfvöllur milli hans og bæjar 001. Hins vegar sér til gatna 621:001 sunnan við Laugardælavatn sem lágu að ferjunni.
Engin mannvirki eru í eða við Ferjuholtið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM II, 122; SSÁ, 28; Ö-Hraungerðishreppur, 25; SB II, 456; Vigfús Guðmundsson 1927, 56

ÁR-059:014 *Grænhóll* tóft óþekkt 63°57.665N 20°57.203V

"Grænhóll. Nokkuð stór ávalur hóll grasivaxinn vestan við Laugardælavatn, vestan við göturnar [015] upp í engjar," segir í örnefnaskrá. Grænhóll er þýfður hóll með tóft á um 1,75 km norðaustan við bæ 001. Hann er um 60 m austan við veg sem liggur frá Laugardælum norður að Ölfusá.
Hóllinn er í þýfðum móa.
Hóllinn er í raun hólrani sem snýr norður-suður. Uppi á honum miðjum er hringlaga tóft.


Mynd 165 Tóftin horft til norðvesturs



Hún er um 5 m í þvermál. Hleðslur tóftarinnar eru um 0,7 m háar. Þær eru úr torfi og grjóti en eru nokkuð tilgengnar svo ekki er hægt að greina eiginleg umför hleðslugrjóts. Tvennar dyr hafa líklega verið á suðurhlið tóftarinnar, vestarlega og austarlega. Talsvert af grjóti er í botni tóftarinnar. Hlutverk hennar er ekki þekkt en hugsanlega hefur hún verið lítil fjárborg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 25

ÁR-059:015 *Engjavegur* gata leið 63°57.360N 20°57.157V


Mynd 166 Leiðin horft til norðurs

"Grænhóll [014]. Nokkuð stór ávalur hóll grasivaxinn vestan við Laugardælavatn, vestan við göturnar upp í engjar," segir í örnefnaskrá. Hér er eflaust um sömu götur og nefndar eru við Ósgerði 062:001 að ræða: "Ósgerði. Eyðibýli við Laugardælaós vestan við engjagöturnar..." Leiðin kallast Engjavegur og er 1,3 km norðaustan við bæ 001. Leiðin liggur um 150 m vestan við Laugardælavatn og lá frá líklega frá bæ 001 út á engjar sem hafa verið norðar.
Til suðurs er ræktað tún en gatan liggur í þýfðum móa.
Gatan liggur norðvestur-suðaustur og nær eins langt og augað eygir til norðurs frá læk er rennur úr Ölfusá í Laugardælavatn. Til suðurs hverfur gatan undir ræktað tún. Gatan er 1,5 m á breidd en ekki sér móta fyrir einstökum rásum. Til norðurs sést gatan á um 300 m kafla uns hún hverfur í þýfi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 25

ÁR-059:016 *Haugar* örnefni legstaður 63°56.995N 20°55.153V
"Haugar. Tveir hólar grasivaxnir vestan við Túnsmörk upp undir Rauðalæk," segir í örnefnaskrá. Einn mosavaxinn hóll er vestan við Túnsmörk upp undir Rauðalæk. Hann er um 2,4 km austan við bæ 001 og 80-100 m vestan við veg að Ármótsbæjum. Í bókinni Landið, fólkið og þjóðtrúin er fjallað um Hauga. Þar segir:


Mynd 167 Haugar horft til SSV

"Skammt frá veginum sem liggur frá þjóðvegi 1 að Langholti í Hraungerðishreppi eru tjarnir tvær sem heita Haugadælur og bera nafn af hólunum við nyrðri dælurnar sem haugar heita. Altalað var að Haugarnir væru dysjar og sagði fólk að þar hefði oft orðið vart við reimleika. Á sjötta tug 19. aldar var vinnukona á bænum Uppsölum þunguð eftir bóndann. Þegar konunni hvarf þykktin án þess að nokkurt barn kæmi í dagsljósið spurðist úr meðal nágranna að því hefði verið komið fyrir í feni í Haugadælum. Á þessum árum lá vegur ferðamanna rétt norðan Haugadælurnar og urðu margir síðbúnir. Þeir sem fóru þarna í rökkri urðu jafnan varir við óhljóð á þessum slóðum og var ekki efast um að þau væru útburðarins. Hierónýmus Oddsson í Smjördölum var illilega var við útburð þennan þjóðhátíðarárið 1874 þegar hann var ríðandi að næturlagi á þessum slóðum. Hann var á leið frá Langholtshverfinu heim til sín þegar hann fann að eitthvað veitti sér eftirför of sá skömmu síðar óljósa gráa flyksu elta sig. Þegar hann kom að túninu á Uppsölum reyndi flyksa þessi að komast upp ístaðið hjá honum sló Hierónýmus þá í ófreskjuna af öllu afli með svipuskaftinu. Rekur hún þá upp ámátlegt hljóð og hverfur samstundis en bóndanum verður svo illt á eftir að hann kemst með naumindum heim á hlað á Uppsölum. Þar náði hann að vekja bónda og komst af baki með hans hjálp... Talið er að útburðurinn hafi orðið til 1858".
Hóllinn er í flatlendum mosavöxnum og smáþýfðum móa.
Hóllinn er einstæður í umhverfinu og vel greinilegur úr öllum áttum. Hann er að öllum líkindum alnáttúrulegur en Haraldur Þórarinsson í Laugardælum sagði að svona hólar væru víða í landareigninni og að þeir mynduðust við enda á sprungum í jarðskorpunni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 25; Bjarni Harðarson: Landið, fólkið og þjóðtrúin, 132

ÁR-059:017 *Laugardælastekkur* tóft stekkur 63°56.367N 20°57.619V
"Laugardælastekkur. Húsrústir sunnan við þjóðveginn, á móts við þar sem heimreiðin [010] liggur af þjóðveginum heim að Laugardælum," segir í örnefnaskrá. Tóftin er í miðjum skógarjaðri, rúma 850 m norðan við bæ 001. Um 30 m fyrir austan tóftina liggur þjóðvegur og tæpum 60 m til suðurs er tóft 054.
Tóftin er í skógarjaðri og er svæðið mjög þýft. Tóftin sést á milli trjánna úr öllum áttum. Engin tré eru í sjálfri tóftinni.

Tóftin er 8 x 14 m og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin skiptist í þrjú hólf en ógreinileg vegna mikil trjágróðurs umhverfis hana. Hólf I er í miðri tóftinni. Það er 6 x 4 m að innanmáli, snýr austur-vestur en norðurhluti þess er óljós. Vesturveggurinn er 1 m á hæð og sjást tvö umför af stóru grjóti. Annars eru veggir hólfsins um 0,3 m á hæð og ekki sést grjót í þeim. Ekki sést inngangur inn í hólfið en hann var að öllum líkindum á norðurhlið. Hólf



Mynd 168 Tóftin horft til suðurs og suðvesturs

II er austan við hólf I. Það er 5 x 1 m að innanmáli, snýr norður-suður og veggir eru 0,3 m á hæð. Eitt umfar af grjóti sést í veggjum. Hólfið hefur verið fyllt af grjóti. Inngangur er á miðjum suðurvegg. Hólf III er er vestan við hólf I. Það er 3 x 3 m að innanmáli og inngangur á miðjum suðurvegg. Veggirnir eru 0,3 m á hæð, grónir og ekki sést glitta í steina.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 25

ÁR-059:018 heimild um útihús 63°56.798N 20°58.314V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 30 m norðan við útihús/kálgarð 020 og um 220 m vestan við bæ 001.
Þar sem útihúsið var er nú slétt tún.
Engin ummerki hússins sjást í sléttu túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-059:019 *Mómýri* náma mógrafir 63°57.188N 20°57.962V
"Mómýri. Mýrarvik við Ölfusá norður frá Svarfhóli [ÁR-064]," segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Móskurður til eldiviðar nægur." Mógrafir eru í mýrarslakka um 655 m norðaustan við Svarhól 064:001 og um 700 m norðan við bæ 001.
Mógrafirnar eru í mýrarslakka sem er mjög þýfður.
Grafirnar eru fjölmargar á svæði sem er um 230x150 m stórt og snýr norður-suður. Grafirnar eru langflestar um 4x3 m stórar, blautar og djúpar. Þúfnabakkar eru á milli þeirra. Syðst á svæðinu hafa margar grafir runnið saman og myndað tvær mjög stórar grafir. Sú syðri er um 13x23 m stór og snýr austur-vestur en hin er enn stærri um 70x50 m stór og snýr VNV-ASA. Eftir því sem norðar dregur í mýrinni er lengra á milli grafanna. Augljóst er að mótekja hefur lengi verið á svæðinu og sunnan við mýrarslakkann eru tvö móstæði 049.


Mynd 170 Mógrafirnar horft til norðausturs og norðvesturs


Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 25; JÁM II, 120

ÁR-059:020 heimild um útihús 63°56.787N 20°58.320V
Útihús er merkt á túnakort frá 1918 um 120 m norðaustan við Músakot 008 og um 200 m suðvestan við bæ 001.
Þar sem útihúsið var er nú slétt tún.
Engin ummerki hússins sjást í sléttu túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-059:021 tóft óþekkt 63°56.723N 20°56.817V
Einföld tóft er m 170 m vestan við Reykjavelli 060:001 og um 1 km austan við bæ 001.
Tóftin er á hól í stórþýfðum, mosavöxnum móa.





Tóftin er um 7x5 m stór og snýr norður-suður. Hún er einföld, opin til suðurs. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,9 m og hvergi sér í grjót í þeim að utan en að innan sjást allt að þrjú umför. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hugsanlega hefur hún hafi verið kvíar frá Reykjavöllum en einnig má vel vera að hér hafi verið lítil beitarhús frá Laugardælum.
Hættumat: engin hætta

Mynd 171 Tóftin horft til norðurs

ÁR-059:022 heimild um ristu
Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Torfstúnga næg, rista laus og heldur ekki vatni." Heimildamaður Haraldur Þórarinsson, f. 1954 og uppalinn í Laugardælum kannaðist ekki við neina sérstaka torfstungustaði á jörðinni en taldi líklegt að torf hafi verið rist á svipuðum stöðum og mór var stunginn (sjá 019, 052 og 053). Engin merki torfristu sáust hjá mógröfunum enda gróa slík ör skjótt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM II, 120

ÁR-059:023 náma mógrafir 63°57.047N 20°58.279V



Mógrafir eru rúmum 350 m SSV við mógrafir 019. Þær eru um 500 m frá bæ 001.
Mógrafirnar eru í mýrlendum slakka í þýfðum móa.
Mógrafarsvæðið er um 100x20 m stórt og eru um 20 grafir þar að finna. Grafirnar snúa norður-suður og renna saman. Þær eru 0,3-0,4 m djúpar og þurrar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 25

Mynd 172 Mógrafirnar horft til suðurs

ÁR-059:024 *Smalaskáli* frásögn rétt 63°57.227N 20°54.790V
"Smalaskáli. Hóll í hornmarki milli: Laugardælatorfu, Túns [ÁR-056], Króks [ÁR-054], Langholts [ÁR-068], Halakots [ÁR-067] og Litla Ármóts [ÁR-066], í norðausturhorni Laugardælatorfu," segir í örnefnaskrá. Smalaskálinn var um 2,8 km austan við bæ 001 á strýtuhól. Skálanum var rutt út þegar vegurinn frá þjóðvegi 1 að Langholtshverfi og Ármótsbæjum var lagaður upp úr aldamótunum 2000.
Þar sem skálinn var er nú vegur sem liggur frá þjóðvegi 1 til norðurs. Vegurinn er malarborinn. Þýfður mói er beggja vegna vegarins.
Engin ummerki skálans sjást nú á þessum stað en hann hvarf alveg við vegagerðina. Haraldur Þórarinsson í Laugardælum sagði að skálinn hafi verið um það bil 5x4 m stór og hleðslurnar náð vel í læri á fullorðnum manni. Hann taldi að hann hafi verið hlaðinn sem einhvers konar aðhald fyrir fé en hann var áfangastaður reiðmanna í seinni tíð og var jafnan áð þar á ferðum um sveitina. Af nafninu að dæma er líklegt að einhvern tíma hafi verið setið yfir fé á þessum stað og hugsanlega hefur þar verið smalaskáli áður en réttin sem Haraldur mundi eftir var reist en af frásögn hans að dæma virðist það mannvirki hafa verið stærra en svo að það hafi verið reist til þess að skýla smala.
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 25


ÁR-059:025 gata leið 63°56.998N 20°56.526V
Haraldur Þórarinsson í Laugardælum sagði frá engjavegi sem lá frá bæ 001 norðan við Þorleifskot 061:001,

norðan beitarhúsa 029 en sunnan tóftanna í Rima 031 og út á engjarnar vestan Rima, austan ár.
Göturnar liggja að mestu um stórþýfðan mosavaxinn móa.
Göturnar eru ógreinilegar í þýfðum móanum. Þó sér fyrir grunnum kindaslóða sem liggur á milli þúfnanna. Hann sést vel um 5 m norðan við dæld 031B og þaðan má greina hann eins langt og augað eygir til austurs og vesturs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 26


Mynd 173 Leiðin horft til vesturs

ÁR-059:026 *Vatnskot* tóft býli 63°57.244N 20°57.037V
"Vatnskot. Rústir sunnan við Laugardælavatn," segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Völlur, öðru nafni Vatnskot, fjórða hjáleiga, nú í auðn hér um 14 ár, en bygð fyrst nær fyrir 40 árum." Vatnskot er um 1,16 km norðaustan við bæ 001 og um 20 m sunnan við Laugardælavatn.
Tóftin er á þýfðum, grónum bakka vatnsins. Fast sunnan við hana er slétt tún.
Tóft Vatnskots er um 19x7 m stór og snýr austur-vestur. Hún er þrískipt. Hólf I er austast, það er um 6x4 m stórt að innanmáli og snýr eins og tóftin. Dyr eru á miðjum suðurvegg þess. Hér og þar glittir í grjót í veggjum þess. Hólf II er fast vestan við hólf I. Það er um 7x4 m stórt að innanmáli og snýr austur-vestur. Hugsanlega hefur verið gengt á milli hólfa en hrunið er úr milliveggnum svo ekki er hægt að fullyrða um það að svo stöddu. Hér og þar sér í grjót í hleðslum hólfsins. Hólf III er vestast. Það er ógreinilegt en svo virðist sem grjót hafi verið tekið úr tóftinni og því safnað saman í hólf III. Það er um 3x2 m stórt og snýr austur-vestur. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 1,2 m. Tóftin er ekki á hól og ólíklegt að annað eldra byggingarstig sé undir tóftinni enda einungis búið í Vatnskoti í rúm 30 ár. Haraldur Þórarinsson í Laugardælum sagði að hestum hefði iðulega verið gefið í tóftina í seinni tíð.


Mynd 174 Vatnskot horft til VNV



Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 26; JÁM II, 122

ÁR-059:027 *Virkisvarða* varða landamerki 63°56.127N 20°58.069V
"Sneið sú, sem lögð var Selfosshreppi af Laugardælalandi, nær austur að Virkisvörðu og víkinni fyrir norðan Stekkjarnef [028], berg sem gengur út í Ölfusá móts við Efri-Laugardælaeyju. Fyrir neðan það er Varmilækur, kaldavermsl sem aldrei fraus," segir í bókinni Saga Selfoss. Virkisvarða var um 1,2 km SSV af bæ 001, fast austan við Gaulverjabæjarveg, á merkjum Laugardæla og Selfoss. Þar er náttúruleg klöpp sem líklegt er að varðan hafi staðið á en engin ummerki hennar sjást.
Klöppin er í vegkanti á grasivöxnu svæði, austar er þýfður mói.
Klöppin er að öllu leyti náttúruleg en efst á henni er steypuklumpur og járnrör, líklega leifar umferðarskiltis. Engin ummerki vörðunnar sjást en hún hefur sennilega verið rifin þegar umferðarskiltið var sett upp eða horfið við vegagerð. Varðan hefur hugsanlega verið rammgerð og hlotið nafn sitt af því en ekki er vitað um virki á þessum slóðum.


Mynd 175 Virkisvarða séð úr suðri

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Saga Selfoss I, 35-36

ÁR-059:028 *Stekkjarnef* örnefni stekkur 63°56.747N 20°59.052V
"Sneið sú, sem lögð var Selfosshreppi af Laugardælalandi, nær austur að Virkisvörðu [027] og víkinni fyrir norðan Stekkjarnef, berg sem gengur út í Ölfusá móts við Efri-Laugardælaeyju. Fyrir neðan það er Varmilækur,

kaldavermsl sem aldrei fraus," segir í Sögu Selfoss. Stekkjarnef er um 830 m suðvestan við bæ 001. Fast við Ölfusá til móts við efri Laugardælaeyju.
Golfvöllur. Á staðnum er flöt/græna og í hálfboga utan um hana austanverða er lágur klettarani.
Ekki sést til fornleifar. Skráð vegna deiliskipulags 2006, þá utan reits.
Hættumat: hætta
Heimildir: Saga Selfoss I, 35-36

ÁR-059:029 tóftir beitarhús 63°57.099N 20°56.533V
Tvær tóftir eru um 1,3 km austan við bæ 001 og um 170 m norðaustan við mógrafir 038.
Tóftirnar eru í þýfðum mosavöxnum móa sunnan við Laugardælavatn.
Tóftirnar eru tvær á svæði sem er um 25x15 m stórt og snýr VSV-ANA. Tóft A er austar. Hún er tvískipt um 13x6,5 m stór og snýr norður-suður. Hleðslur hennar eru hæstar um 1,2 m. Hólf I er sunnar, það er um 7x2 m stórt að innanmáli og snýr eins og tóftin. Dyr eru á miðjum suðurvegg þess. Veggir hólfsins eru breiðari neðst og líklegt er að þar hafi verið jötur. Hólf II er norðan við I. Það er niðurgrafið. Ekki er ljóst hvort gengt hefur verið á milli hólfa en líklegt að þar hafi verið timburþil með dyrum og þrepi niður í hólfið. Hólfið er um 4x3 m



Mynd 176 Tóft A og tóft B horft í norðvestur

stórt að innanmáli en veggir þess eru að miklu leyti hrundir ofan í hólfið. Mest sjást fimm umför grjóts í tóftinni í hólfi I. Tóft B er um 12 m vestan við tóft A. Hún er um 4x5 m stór og snýr austur-vestur. Hún er einföld, opin til austurs. Hleðslur hennar eru um 1,2 m háar og hér og þar glittir í grjót í þeim. Hér hafa að öllum líkindum verið beitarhús frá Laugardælum.
Hættumat: engin hætta

ÁR-059:030 *Musarhóll* heimild um býli
"Musarhóll [008], þriðja hjáleiga, bygð á fjárhússstæði fyrir vel 50 árum; hún var áður heima við bæinn og hafði þá ekki nafn, en töður af heimatúni og engjar sem nú," segir í Jarðabók Árna og Páls. Áður en Músarhóll var færður á fjárhússtæðið 008 stóð hjáleigan heima við bæ. Engar tóftir né þústir eru við bæinn sem gætu bent til að þar hafi verið hjáleiga enda hefur mikið raks átt sér stað umhverfis hann og mörg ný hús verið byggð. Haraldur Þórarinsson sem er fæddur árið 1954 og uppalinn í Laugardælum kannaðist ekki við neinar sögur af tóftum í nágrenni bæjarins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM II, 122

ÁR-059:031 *Rimi* tóft býli 63°56.963N 20°56.453V



Mynd 177 Rimi horft í vestur

"Rime, fimta hjáleiga, nú í auðn í 19 ár. Bygðist 5 eður 6 ár," segir í Jarðabók Árna og Páls. Í sóknarlýsingu Hraungerðis- og Laugardælasókna 1841 segir: "Fyrrum vóru hjáleigur frá Laugardælum: Músakot [008], sem í eyði er lagt fyrir 20 árum, og Rimakot, sem ei hefur verið byggt í manna minnum." Rimi er í þýfðum móa, 1,3 km suðaustur frá bæ 001 og tæpa 600 m austan

við Reykjavelli 060:001. Um 120 m sunnan við tóftina er línuvegur. Þær leifar sem sjást á yfirborði eru líklega af beitarhúsi enda hefur býlistóftin án efa verið endurnýtt sem slík. Hestum var lengi gefið í tóftina.
Tóftin stendur á grænum, fremur sléttum hól í stórþýfðum móa. Móinn er allt umhverfis hólinn.
Tóftin er 16 x 11,5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Um 0,8 m uppsöfnun er undir tóftinni sem skiptist í þrjú hólf. Hólf I syðst og erþað 8 x 2 m að innanmáli. Hólfið snýr NNV-SSA og veggirnir eru 1,5 - 2 m á hæð. Huganlegt er að tveir garðar hafi verið meðfram veggjum. Átta umför af grjóti sjást í veggjum og inngangur á miðri suðurhlið. Hólf II er norðan við hólf I og er 5 x 3 m að innanmáli. Hólfið snýr NNV-
SSA og niðurgrafið um 1 m. Bárujárn sést í hólfinu og er líklega úr þakinu. Veggirnir hafa hrunið ofan í hólfið og sjást fimm umför af steinum. Hólfið hefur mögulega verið hlaða. Hólf III er austan við hólf I en um tveggja metra grastorfa er á milli þeirra. Hólfið er 5 x 5 m að innanmáli og nánast ferhyrnt. Garðar hafa verið meðfram báðum veggjum en þeir eru 0,5 m á hæð. Ekki sjást hleðslur í veggjum en víða glittir í grjót. Hólfið er opið til suðurs. Um 50 m vestan við tóftina er dæld í þýfðum móanum. Hún er mjög regluleg, líkt og stungið hafi verið niður í móann. Dældin er um 9 x 3 m stór, snýr norður-suður og um 0,8 m djúp. Á einum stað í botni hennar sér í grjót. Hugsanlega tengist dældin notkun beitarhúsanna eða býlinu sem var þar áður. Önnur ummerki sjást ekki á þessu svæði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM II, 122; SSÁ, 73


ÁR-059:032 *Laugadælavöllur* heimild um áfangastað 63°56.342N 20°57.719V
"Sunnan við þjóðveginn (Austurveg) er landssvæði það sem Laugardælavöllur heitir. Þar var fyrr á tímum mikill áningarstaður ferðamanna. Þetta landssvæði var gert að skógræktarlandi fyrir frumkvæði og fjárstuðning frá Magnúsi Torfasyni sýslumanni. Vaxa þar nú birkihríslur og dafna allvel," segir í Sunnlenskum byggðum. Að Laugardælavelli lá leið 621:001 til og frá Laugardælaferju 013 til annarra bæja sunnar í Flóanum og þar var jafnan áð samkvæmt Haraldi Þórarinssyni, heimildamanni.
Trjám hefur verið plantað á vellinum og þar er nú talsvert skógarrjóður sunnan þjóðvegar. Norðan skógsins er þýfður mói svo langt sem augað eygir.
Engar skýrar götur sjást í skógarrjóðrinu né í nágrenni þess né mannvirki sem gætu tengst áningarstaðnum á beinan hátt. Tóftir 017 og 054 eru hins vegar í og við skógarrjóðrið og líklegt að einhvern tíma hafi verið áð í skjóli þeirra.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:SB II, 456

ÁR-059:033 náma mógrafir 63°56.914N 20°56.738V
Mógrafir eru um 240 m suðvestan við Rima 031 og rúma 180 m VSV við mógrafir 038. Raflína liggur skammt sunnan við mógrafirnar.
Grafirnar eru í stórþýfðum og sums staðar votlendum móa.
Mógrafir eru á svæði sem er um 40 x 40 m að stærð. Þar sem mógrafirnar voru skráðar eftir upplýsingum á loftmynd er ekki vitað hversu djúpar þær eru, hvort þær eru blautar eða nákvæman fjölda.
Hættumat: engin hætta

ÁR-059:034 heimild um túngarð 63°56.878N 20°57.860V
Í sóknarlýsingu Hraungerðis- og Laugardælasókna 1841 segir: "Í Laugardælatúni er heit laug norður við túngarðinn." Hvergi sést til túngarðs umhverfis túnið í Laugardælum. Um 220 m norðan við bæ er hitaveitukofi sem líklega er byggður á eða nálægt heitu lauginni og kemur það vel heim og saman við mörk túns samkvæmt túnakorti frá 1918 og fellur því vel að frásögninni í sóknarlýsingunni.
Þar er nú slétt tún.
Engin ummerki túngarðs sjást við hitaveituhúsið né annars staðar í túninu við bæinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SSÁ, 73

ÁR-059:035 gerði kálgarður 63°56.787N 20°58.061V
Kálgarður er merktur sunnan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Nú er gróinn garður fast sunnan við íbúðarhúsið sem var byggt árið 1894. Umhverfis hann er hlaðinn veggur sem kemur vel heim og


Mynd 178 Kálgarðurinn horft til norðurs



saman við kálgarðsmörkin sem merkt eru á túnakortið frá 1918.
Garðurinn er grasigróinn með trjábeðum og flaggstöng.
Garðurinn er upphækkaður og er 0,3-0,5 m hærri en malarplanið umhverfis hann. Garðveggurinn er hlaðinn úr grjóti og hann er um 0,7 m hár og afmarkar garðinn sem er um 12x16 m stór og snýr suðvestur-norðaustur. Garðurinn og veggurinn var stækkaður árið 1944 til að samsvara viðbyggingu við íbúðarhúsið. Þá hefur norðausturveggur hans líklega verið rifinn og grjótið nýtt í lengingu á suðurveggnum. Enginn veggur er nú (2008) við norðaustur hlið garðsins en þar hefur verið plantað grenitrjám. Greinilegt er að garðveggnum hefur verið haldið vel við í seinni tíð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-059:036 heimild um kálgarð 63°56.779N 20°58.030V
Kálgarður er merktur sunnan við kirkjugarð 002 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918.
Sunnan við kirkjugarðinn er grasflöt þar sem hefur verið plantað öspum og grenitrjám.
Engin ummerki kálgarð sjást á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-059:037 heimild um kálgarð 63°56.835N 20°57.920V
Kálgarður er merktur um 110 m norðaustan við bæ 001 á túnakort frá 1918.
Þar sem garðurinn var er nú þýft tún austan við vélaskemmu.
Engin ummerki kálgarðs sjást á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-059:038 náma mógrafir 63°57.009N 20°56.600V


Mynd 179 Mógrafirnar hoft úr norðaustri

Mógrafir eru um 1,2 km austan við bæ 001 og um 150 m norðvestan við tóftirnar í Rima 031.
Grafirnar eru í stórþýfðum og sums staðar votlendum móa.
Mógrafirnar eru á svæði sem er um 50x20 m stórt og snýr austur-vestur. Líklega hafa margar grafir runnið saman en nú sér til fjögurra polla í móanum sem eru mjög reglulegir. Þeir eru allir um 5x3 m stórir og snúa austur-vestur. Við norðvesturhorn svæðisins er lítill hóll þýfður og óreglulegur, hugsanlega uppkast úr gröfunum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-059:039 hleðsla útihús 63°56.809N 20°58.019V
Stórt útihús er merkt á túnakort frá 1918 um 5 m norðan við bæ 001.


Mynd 180 Hleðslan horft úr suðri


Þar sem útihúsið var er nú malarplan á norðanverðum bæjarhólnum 001 og útihúsasamstæða.
Vegur liggur frá planinu austan við útihúsið til norðurs og við vesturbrún hans sér til bogadreginnar grjóthleðslu sem líklega er leifar útihússins sem stóð á þessum slóðum. Hleðslan er í grasbakka sem hallar til norðurs niður frá útihúsasamstæðunni. Hún er um 14x3,5 m stór og snýr norður-suður. Grjótið er velgróið og ekki er hægt að greina nein umför í hleðslunni sem víðast rétt gægist upp úr jarðveginum en annars staðar er hún algróin. Hún er hæst um 0,5 m, nyrst. Austan við veginn, um 4 m austan við hleðsluna glittir í aðra hleðslu sem er um 2 umför og um 0,2 m há. Ekki er ljóst hvort sú hleðsla tilheyrir þeirri fyrri en líklegra er að hún hafi verið hlaðin undir veginn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-059:040 tóft óþekkt 63°56.957N 20°57.339V

Tóft er tæpum 250 m norðan við Þorleifskot 061:001 og tæpum 650 m austan við bæ 001. Hún er um 15 m frá raflínu og um 5 m vestan við vegarslóða sem liggur á þessum slóðum.
Tóftin er í þýfðum móa og sést greinilega. Norðan við tóftina er náttúrulegur slakki en mói er allt umhverfis hana.
Tóftin er 7 x 4 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Tóftin mjókkar í báða enda og má segja að hún sé skálalaga. Inngangur er á miðjum norðurvegg og þeir gerðir úr einfaldri grjótsröð. Veggirnir er 0,3 m á hæð. Tóftin er mögulega rétt eða aðhald en ekki er víst að hún sé mjög gömul.





Mynd 181 Tóftin horft til suðurs

Hættumat: engin hætta

ÁR-059:041 náma mógrafir 63°57.432N 22°57.803V

Um 1,2 km norðvestan við bæ 001 eru mógrafir. Þær eru tæplega 300 m frá Ósgerði 062:001.
Grafirnar eru í stórþýfðum og grónum móa.
Mógrafirnar eru á svæði sem er um 37 x 10 m stórt. Níu mógrafir eru greinilegar og þúfnabakkar á milli þeirra. Grafirnar eru um 0,3 m djúpar og alveg þurrar.




Mynd 182 Mógrafirnar horft til austurs

ÁR-059:042 tóft óþekkt 63°56.344N 20°57.633V

Um 900 m sunnan við bæ 001 og rúmum 50 m suðvestan við stekk 017 er tóft.
Tóftin er vestarlega í suðurjaðri skógræktarreits. Fast austan og norðan við hana vaxa birkitré en vestar eru há grenitré innan um lægri birkihríslur.
Tóftin er um 14x12 m stór og snýr norður-suður. Hún skiptist í fjögur hólf. Tóftin er mjög sigin og gróin, vaxin mosa og sinu. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,3 m og hvergi sér í grjót í þeim en mikið af stóru hraungrýti er þó ofan í tóftinni og umhverfis hana. Hólf I er nyrst. Það er um 5x3 m stórt að innanmáli og snýr austur-vestur. Hugsanlega hafa verið dyr á vesturvegg þess en þar er nú röð af stóru hraungrýti sem líkist hruni fremur en eiginlegri hleðslu. Hólf II er fast sunnan við hólf I. Það er um 4x2 m stórt að innanáli og snýr einnig austur-vestur. Það virðist vera að hluta niðurgrafið og ofan í því eru stór hraunbjörg. Engar dyr eru greinilegar á hólfinu. Hólf III er fast sunnan við hólf II. Það er um 4x2 m stórt að innanmáli og snýr austur-vestur. Dyr eru á því vestast á suðurvegg. Stórir steinar eru einnig inni í því líkt og í hólfi II. Hólf IV er fast austan við hólf II. Það er um 3x3 m stórt að innanmáli með dyr á miðjum suðurvegg. Birkihríslur vaxa ofan í hólfinu sem og víðar á veggjum tóftarinnar og er hún í stórhættu af þeim sökum. Haraldur Þórarinsson í Laugardælum sagði frá því að Páll Lýðsson hefði sagt honum frá meintum býlisrústum í skógarrjóðrinu er hann hafði skoðað og eru það líklega eru það þessar tóftir en ekki er hægt að fullyrða til um hlutverk þeirra að svo stöddu.





Mynd 183 Tóftin horft til austurs

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-059:043 brú brú 63°57.751N 20°56.783V

Brú var á Kirkjuvegi 621:011 yfir Dæluskurð 012. Hún er um 100 m fyrir norðan Laugardælavatn og 2 km




Mynd 184 Brúin horft til VSV

austan við bæ 001.
Brúin er í þýfðum móa en smá grasbali er fyrir framan hana til vesturs.
Brúin er 8 m löng og gerð úr grjóti og timbri. Hún er 3 m breið og hefur verið 0,5 m á hæð. Undirstöðurnar eru úr steinum en timburstöplar eru í austurenda hennar. Timbur hefur líka verið lagt meðfram hliðum hennar. Timbur hefur verið lagt ofan á steinana og fest í timburstöplana. Skurðbakkinn vestanmegin er hruninn og sá endi brúarinnar ekki skýr. Brúin snýr austur-vestur.
Hættumat: engin hætta

ÁR-059:044 *Strákur* tóftir mógrafir 63°58.087N 20°56.732V
Tóftir eru 300 m fyrir austan Dælaskurð 012 og 2,6 km fyrir NNA bæ 001. Þessar tóftir kölluðust Strákur að sögn Haraldar Þórarinssonar, heimildamanns.
Tóftirnar eru í þýfðum móa, umhverfis þær er grasbali.
Á þessum stað eru tvær tóftir á svæði sem er 12 x 10 m og snýr norður-suður. Til aðgreiningar er báðum tóftum hér gefinn bókstafur, A og B. Tóft A er 6 x 3 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Tóftin er gerð úr grjóti og eitt umfar sést. Grjótið er mosavaxið og fornlegt. Engar dyr eru sjáanlegar á tóftinni. Tóft B er 4,5 x 3 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Fjórir metrar eru á milli tóftanna. Veggirnir eru 0,3 m á hæð. Tóftin er úr grjóti og eitt umfar sést. Engin inngangur er sjáanlegur. Tóftirnar eru eins að gerð og lögun og bendir lag þeirra og staðsetning helst til að þær séu móstæði enda mógrafir 045 einungis um 10 m norðvestar.



Mynd 185 Tóftirnar horft til suðausturs



Hættumat: engin hætta

ÁR-059:045 náma mógrafir 63°58.102N 20°56.749V
Um 10 m norðan við tóftir 044 eru mógrafir. Þær eru um 2,6 km norðaustan við bæ 001.
Grafirnar eru í smáþýfðum móa.
Grafirnar eru á svæði sem er um 50 x 50 m stórt. Þær eru allmargar, blautar og djúpar. Grafirnar eru flestar um 5 x 4 m stórar og á milli þeirra eru þúfnabakkar. Tóftir 044 eru líklega af móstæðum þar sem mónum úr gröfunum hefur verið staflað upp.
Hættumat: engin hætta



Mynd 186 Mógrafirnar horft til norðurs

ÁR-059:046 frásögn brú 63°58.135N 20°56.866V
Samkvæmt Haraldi Þórarinssyni í Laugardælum var brú á skurði um 2,7 km NNA við bæ 001.
Skurðurinn sem er vélgrafinn liggur austur-vestur. Þýfður mói er beggja vegna við hann.
Skurðurinn er um 6 m djúpur og um 10 m breiður þar sem mjög mikið hefur hrunið úr bökkum hans. Ekki sér til brúarinnar við skurðinn.
Hættumat: engin hætta

ÁR-059:047 stífla óþekkt 63°58.043N 20°56.794V
Um 100 m norðaustan við tóftir 044 er hleðsla yfir náttúrulega lægð eða lækjarfarveg sem liggur suðaustan við Ölfusá. Hleðslan er 2,5 km austan við bæ 001.
Hleðslan er í náttúrulegri lægð í þýfðum móa.


Hleðslan er gerð úr náttúrulegri hraunhellu sem steinum hefur verið hlaðið undir. Hún er 3 x 0,5 m og snýr austur-vestur. Lægðin liggur frá norðri til suðurs. Tvö umför af steinum sjást og hleðslan er mosagróin. Gæti mögulega einnig hafa verið mannvirki til þess að stífla skurðinn í tengslum við áveitu.
Hættumat: engin hætta


Mynd 187 Stíflan horft til suðurs

ÁR-059:048 tóft beitarhús 63°57.781N 20°56.880V

Samkvæmt Haraldi Þórarinssyni eru beitarhús tæpa 100 m suðvestan við brú 043 og um 2 km fyrir norðan bæ 001.
Í kringum tóftina er þýfður mói en næst henni er grasivaxinn náttúrulegur hóll.
Tóftin er 15 x 8 m, snýr norðaustur-suðvestur og er tvískipt. Veggirnir eru um 1 m á hæð og inngangur er austarlega á suðurvegg. Veggirnir eru grónir og hafa fallið inn og utan með tóftinni. Bárujárn hefur verið í þaki. Hólf I er norðaustar í tóftinni, er 8 x 2 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur og þakið hefur fallið hér inn. Tvö umför af steinum sjást í veggjum. Hólf II er fyrir suðvestan hólf I, það er 4 x 1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggir eru 1 m á hæð og fimm umför af steinum sjást í þeim. Inngangur er á miðri vesturhlið. Ekki er innangengt á milli hólfa.



Mynd 188 Tóftin horft til vesturs



Hættumat: engin hætta

ÁR-059:049 tóftir mógrafir 63°57.127N 20°58.074V

Móstæði eru 630 m norðaustan við bæ 001 og 670 m frá Óskoti 062:001. Fast norðan við móstæðin er Mómýri 019 og móstæðin notuð undir mó þaðan.
Móstæðin eru í þýfðum móa og eru á náttúrulegum bakka. Til austurs er ræktað tún en Mómýri til suðurs.
Móstæðin eru tvö á svæði sem er 22 x 17 m stært og hafa þau fengið bókstafi til aðgreiningar, A og B. Móstæði A er 5 x 2 m að stærð, er einfalt og snýr austur-vestur. Móstæðið er gert úr einfaldri steinaröð og eitt umfar af hleðslu sést. Veggirnir eru 0,3 m á hæð. Grjót hefur hrunið inn í stæðið. Móstæði B er 20 m norðan við móstæði A. Það er 4 x 2 m að stærð, er einfalt og snýr austur-vestur. Það er gert úr einfaldri steinaröð og eitt umfar sést. Veggirnir eru 0,3 m háir.



Mynd 189 Tóftirnar horft til SSV



Hættumat: engin hætta

ÁR-059:050 tóft óþekkt 63°57.268N 20°57.867V

Tæpum 900 m norðaustan við bæ 001 er tóft. Hún er um 100 m norðan við mógrafir 019 og um 400 m vestan við Ósgerði 062:001.
Tóftin er á grashól í þýfðum móa.
Tóftin er um 12x5 m stór og snýr norður-suður. Hún er tvískipt. Hleðslur tóftarinnar eru fremur signar, hæstar um 0,4 m. Hér og þar glittir í grjót í þeim. Hólf I er sunnar. Það er um 5x2 m stórt að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er syðst á austurhlið þess. Hólf II er fast norðan við hólf I. Ekki virðist hafa



Mynd 190 Tóftin horft til vesturs



verið gengt á milli hólfa. Hólf II er um 2x1 m stórt að innanmáli með dyrum á miðjum norðurvegg þess. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en lag og staðsetning gæti bent til að tóftin væri stekkur frá Ósgerði 062:001.
Hættumat: engin hætta

ÁR-059:051 tóft mógrafir 63°57.256N 20°57.933V

Um 20 m norðan við mógrafir 019 og um 240 m norðan við tóftir 049 er tóft. Hún er um 60 m vestan við tóft 050.





Mynd 191 Tóftin horft til vesturs

Tóftin er á þýfðum móabakka norðan við mýrarslakkann þar sem mógrafir 019 eru.
Tóftin er um 6x3 m stór og snýr VNV-ASA. Hún er einföld, hlaðin úr grjóti. Hleðslur tóftarinnar eru lágar, hæstar um 0,4 m. Engar dyr eru greinilegar á tóftinni. Hún er mjög áþekk tóftum 049 og eflaust hafa þær allar verið notaðar sem móstæði fyrir móinn úr gröfum 019.
Hættumat: engin hætta


ÁR-059:052 náma mógrafir 63°57.447N 20°57.626V



Mynd 192 Mógrafirnar horft til ANA

Um 200 m vestan við Ósgerði 062:001 eru mógrafir. Þær eru um 1,25 km norðaustan við bæ 001.
Grafirnar eru í þýfðum móa milli Laugardælaóss og Ölfusár. Fast sunnan við þær er moldarslóði.
Grafirnar eru á svæði sem er um 55x65 m stórt og snýr norður-suður. Þær eru 30-40 talsins. Flestar grafanna er um 0,5 m djúpar og blautar en grafirnar sem eru nyrst á svæðinu eru enn dýpri og blautari. Grafirnar eru mjög misstórar og snúa sitt á hvað.
Hættumat: engin hætta

ÁR-060 Reykjavellir



Byggt á túnakortum frá 1906 og 1918

1708 og 1847, hjáleiga Laugardæla. 1708: "Reikiaveller, hjáleiga af heimastaðnum, bygð á fornri eyðihjáleigu hjer um fyrir 60 árum." JÁM II, 121.
"Reykjavellir: Þar var tvíbýli um aldamót og bjuggu þá þar annars vegar Stefán Þorsteinsson og Vilborg Gunnarsdóttir 1890-1902. Hins vegar Þorlákur Magnússon og Ragnheiður Guðmundsdóttir 1876-1912. Einbýli síðan ... 1939, en þá fór jörðin í eyði." SB II, 458.
1708: "Fóðrast kann v kýr, i úngneyti, ix ær, vi lömb, ii hestar. Kostir og ókostir sem segir á heimastaðnu [sjá ÁR-059] nema hjáleigan nýtur ekki þess litla eggvers ... En annarra gæða nýtur hjáleigumaðurinn óskiftra að fráteknu einasta túni og engjum." JÁM II, 121.

ÁR-060:001 *Reykjavellir* þúst býli 63°56.757N 20°57.016V
"Reykjavellir. Eyðibýli austur frá Þorleifskoti [061:001], fór í eyði 1939," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Bæjarhóllinn er um 430 m suðvestur af Þorleifskoti 061:001. Hóllinn er inni á miðju afgirtu túni sem notað er sem sóttkví frá Þorleifskoti í tengslum við kynbótastöðina á Þorleifskoti.


Mynd 193 Bæjarhóllinn horft til norðausturs

Túnið er vel gróið. Vestan við túnið er annað slétt, gróið tún en sunnan og austan við er afgirtur mói. Norðan við túnið er mói með hrossabeit.
Bæjarhóllinn snýr austur-vestur og er 25 x 30 m að stærð. Hann rís 5 - 6 m upp úr túninu og er vel greinilegur í umhverfinu. Sunnanmegin í hólnum er lítil dæld, 3 x 2 m og 0,3 m djúp. Hóllinn er grasivaxin og ekkert sést til hleðslugrjóts né tófta á honum. Hóllinn er frekar sléttur en ójafn á toppnum og norðurhlið. Annars eru hlíðar hans aflíðandi. Traðir 009 liggja að hólnum úr suðvestri. Hér er greinilega mannvistarlög undir sverði og fleiri minjar í kring þó flestar þeirra hafi vafalaust verið sléttaðar í tún, líklega á sama tíma og bæjarrústirnar á hólnum voru sléttaðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 25

ÁR-060:002 garðlag kálgarður 63°56.744N 20°57.022V
Kálgarður er merktur um 5 m sunnan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918.
Þar sem kálgarðurinn var hallar bæjarhólnum til suðurs. Sunnan við hann er grasivaxið, óslétt tún.
Við suðurmörk bæjarhólsins 001 er ógreinilegt garðlag um 25 m langt og snýr það austur-vestur. Garðlagið er um 0,5 m hár og um 0,3 m breitt. Það hefur hugsanlega markað suðurmörk kálgarðsins. Hvergi sér í grjót í garðlaginu og engin skýr beð eru í hlíð bæjarhólsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-060:003 garðlag kálgarður 63°56.754N 20°56.980V
Kálgarður er fast austan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 og var sambyggður bæjarhúsunum. Austan við bæjarhólinn er ójafnt grasivaxið svæði og rétt sér móta fyrir vesturhlið kálgarðsins.
Túnið er vel gróið. Vestan við túnið er annað slétt, gróið tún en sunnan og austan við er afgirtur mói. Norðan við túnið er mói með hrossabeit.
Aðeins sést nú eitt garðlag á þessum slóðum. Það er 23 m að lengd, um 0,3 m á breidd en ekki er hægt að áætla breidd kálgarðsins. Á túnakorti frá 1918 er hann um 20 x 18 m stór.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-060:004 þúst útihús 63°56.752N 20°56.938V


Mynd 194 Þústin horft til norðausturs

Útihús var um 50 m austan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Útihúsið var 15-20 m vestan við túnmörk og um 50 m austan við bæjarhólinn 001. Þar er nú þúst.
Þústin er í grasivöxnu, ójöfnu túni. Austar er þýfður mosavaxinn mói en tún í aðrar áttir.
Þústin er lág og óskýr, sérstaklega til suðurs. Hún er um 5x7 m stór og snýr norður suður. Hún er hæst um 0,15 m en engar skýrar hleðslur eru á henni og hvergi sér í grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-060:005 þúst útihús 63°56.822N 20°56.972V


Útihús var um 90 m norðan við bæ 001, fast við túnmörk, samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Þar sem útihúsið var er allstór hóll norðarlega í túni Reykjavalla.
Hóllinn er í grónu, ójöfnu túni.
Hóllinn er um 1,2 m hár frá suðri en lægri úr öðrum áttum. Hann er um 10x6 m stór og snýr austur-vestur. Engar skýrar hleðslur eru á hólnum en hann er án efa að mestu leyti uppsöfnuð mannvistarlög.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-060:006 þúst útihús 63°56.769N 20°56.926V
Útihús var sýnt tæpa 80 m norðaustan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið er um 10 m austan við girðingu að öðru túni. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Þústin er í grónu túni og sést greinilega. Náttúrulegur bakki er til austurs og þústin uppi á honum.
Þústin er 6 x 4 m og snýr norður-suður. Engar grjóthleðslur sjást í þústinni enda er hún sokkin og vart sjáanleg. Þústin er á náttúrulegum hól og er grasivaxin. Hún sést ekki greinilega á hólnum en þar er dæld, 3 x 2 m og 0,05 - 0,1 m að dýpt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-060:007 heimild um útihús 63°56.802N 20°56.974V
Útihús var um 70-80 m norðan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og 70 m sunnan við þúst 006. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Þar sem útihúsið stóð eru nú (2008) grasivaxin og ójöfn tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-060:008 tóft útihús 63°56.749N 20°57.078V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælinga frá 1906 var útihús um 60 m VSV við bæ 001 og sést tóft þess enn. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Tóftin er í grasivöxnu, ójöfnu túni Reykjavalla, um 20 m vestar er sléttað tún.
Tóftin er um 7 x 4 m stór og snýr norður-suður. Hleðslur tóftarinnar eru mjög ógreinilegar og ekki er hægt að greina hólfaskiptingu í henni. Þær eru um 0,8 m háar ef mælt er utanfrá en lægri að innan. Líklega hafa verið dyr á miðjum suðurvegg. Hvergi sér í grjót í tóftinni.





Mynd 195 Útihúsið horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-060:009 vegur traðir 63°56.746N 20°56.998V
Traðir liggja frá bæjarhól Reykjavalla til suðausturs út túnið þar sem þær hverfa í þýfðan móann.
Traðirnar eru í ójöfnu, grónu túni. Austar er þýfður mói.
Traðirnar eru upphlaðnar, um 0,2 m háar og um 2 m breiðar. Þær eru alls um 50 m langar. Hvergi sér í grjót í þeim.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd 196 Traðirnar horft til ASA

ÁR-060:010 brunnur brunnur 63°56.753N 20°56.994V



Mynd 197 Brunnurinn

Við suðvesturhorn kálgarðs 003, fast austan við bæjarhólinn 001 er brunnur.
Brunnurinn er í grónu túni.
Brunnurinn er kringlóttur um 1 m í þvermál. Hann er 0,2-0,3 m djúpur en hefur að öllum líkindum verið fylltur í seinni tíð. Enn sést fyrir einu umfari grjóts í honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-060:011 garðlag túngarður 63°56.726N 20°57.105V

Túngarður markar af suður- og austurhliðar túnsins á Reykjavöllum. Hann hefur að öllum líkindum umkringt túnið á Reykjavöllum en er nú horfinn í þýfðan móann norðan og vestan við túnið.





Mynd 198 Túngarðurinn, horft til austurs og NNA

Túngarðurinn er á mörkum túns og þýfðs móa.
Vesturendi suðurhluta túngarðsins hverfur í þýfðan móann. Þaðan liggur hann til austurs fyrir túnið og þar sem hann beygir til norðurs þar til hverfur aftur í móann. Hann er alls um 195 m langur og afmarkar svæðis sem er alls um 120x70 m stórt, austur-vestur. Garðlagsstubbur gengur út frá suðurhluta garðsins austarlega inn á túnið til norðurs. Hann er um 20 m langur. Túngarðurinn er fremur lágur, 0,4-0,6 m hár. Hann er hlaðinn úr torfi og grjóti sem nú er mosagróið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-060:012 brunnur brunnur 63°56.729N 20°56.962V



Mynd 199 Brunnurinn

Í suðausturhorni túns á Reykjavöllum, um 15 m sunnan við traðir 009 er brunnur. Hann er um 70 m suðaustan við bæjarhólinn 001.
Brunnurinn er í stórþýfðu horni túnsins.
Brunnurinn er ílangur um 1 x 0,6 m stór og snýr austur-vestur. Svo virðist sem hlaðið hafi verið upp með brúnum hans en ekki er hægt að fullyrða um það þar sem hann hefur verið fylltur af grjóti svo erfitt er að greina eiginlegar hleðslur. Svæðið umhverfis brunninn er mjög þýft og víða sér í grjót og hugsast getur að dældin sé að einhverju leyti náttúrleg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-060:013 þúst útihús 63°56.773N 20°57.072V




Mynd 200. Þústin, horft til NNV

Um 45 m NNV við útihústóft 008 og um 55 m norðvestan við bæjarhól 001 er þúst.
Þústin er í grónu, ójöfnu túni Reykjavalla. Um 20 m vestan við hana er slétt tún.
Þústin er um 10 x 7 m stór, einföld og snýr austur-vestur. Hún er um 0,8 m há en engar skýrar hleðslur eru á henni. Hvergi sér í grjót í þústinni en hún er án efa að mestu leyti uppsöfnuð mannvistarlög. Hún er í túni og hefur áreiðanlega verið útihús af einhverri tegund.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-060:014 brunnur brunnur 63°56.789N 20°57.018V




Mynd 201 Brunnurinn



Hlaðinn brunnur er um 40 m norðan við þúst 013 og um 60 m norðan við bæjarhól 001.
Brunnurinn er ofan í kvos í túninu þar sem vafalaust safnast vatn í rigningartíð.
Brunnurinn er kringlóttur, um 2 m í

þvermál. Hlaðið hefur verið upp með bökkum hans með torfi og grjóti og er hleðslan um 0,7 m há. Brunnurinn virðist vera um 1,2 m djúpur niður að vatnsyfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-061 Þorleifskot



Byggt á túnakorti frá 1906 og 1918

1708 og 1847, hjáleiga Laugardæla. 1708:"Þorleifskot, önnur hjáleiga, bygð í staðarins landi, þar sem ekki var áður bygð, fyrir 49 árum." JÁM II, 121
1981: "...sú sem lengst var í ábúð. Er Kaupfélag Árnesinga eignaðist Laugardæli var fljótlega komimð upp refabúi hér, 1938. Jörðin var síðan sameinuð Laugardælum og er landið nú óskipt með allri jörðinni....Frá 1978 hefur nautauppeldisstöð Búnaðarfélags Íslands verið í Þorleifskoti." SB II, 459
1708: "Fóðrast kann iiii kýr, i úngneyti, vi ær, vi lömb, ii hestar. Kostir og ókostir sem á Reykjavöllum [ÁR-060] segir supra."
1918: "Tún 2,00 ha. girt með gaddavír, ca 65% sljett. Matjurtagarðar 10,55 arar" Túnakort 1918.

ÁR-061:001 *Þorleifskot* bæjarhóll bústaður 63°56.848N 20°57.496V

"Þorleifskot. Eyðibýli austur frá Laugardælum, fór í eyði 1937," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Þrjú hús eru merkt á bæjarhól Þorleifskots á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Bæjarhóllinn er rúma 400 m austan við Laugardæli 059:001. Nautastöð Búnaðarsambands Íslands er 3-4 m austan við bæjarhólinn.

Bæjarhóllinn er grasivaxinn. Heimreiðin að nautastöð BÍ liggur fast vestan og sunnan við hólinn.

Bæjarhóllinn er nokkuð sléttur að ofan, er 20 x 18 m að stærð og snýr austur-vestur. Austurmörk hólsins eru óskýr og hefur eflaust verið raskað þegar nautastöð BÍ var byggð. Síðasta íbúðarhúsið var timburhús sem sjá má í Sunnlenskum byggðum II. Húsið var rifið um 1980 en bærinn fór í eyði um 1945. Engar greinilegar tóftir eru á hólnum en víða glittir í steina. Hóllinn er um 1 m á hæð og hefur vafalaust verið skafið ofan af honum.



Mynd 202 Bæjarhóllinn horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 26; bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918; SB II

ÁR-061:002 gerði kálgarður 63°56.840N 20°57.495V

Kálgarður er merktur fast sunnan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Fast framan, sunnan, við bæjarhólinn 001 er mjög gróskumikið svæði þar sem kálgarðurinn var og enn sér aðeins móta fyrir honum.

Svæðið milli bæjarhólsins 001 og heimreiðar að nautauppeldisstöðinni, sunnar, er algróið.

Aðeins sér móta fyrir hluta af garðinum sem girt hefur af kálgarðinn, fast sunnan við bæjarhólinn. Þar er lágur bakki sem er um 0,4 m hár og liggur samsíða hólnum, austur-vestur. Út frá austurenda hans liggur lágur hryggur til suðurs, líkt og stungið hafi verið niður í jarðveginn. Hann er um 0,2 m hár. garðurinn er því L-laga um 10x10 m stór. Næst bæjarhólnum, innan garðsins sést aðeins móta fyrir smá upphækkun, um 0,1 m hárri, þar sem líklega hefur verið eitt beð í garðinum. Hún er um 8x2 m stór og snýr austur-
vestur.



Mynd 203 Kálgarðurinn, horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-061:003 heimild um útihús 63°56.834N 20°57.442V

Útihús var um 50 m suðaustan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918.

Þar sem útihúsið var er nú slétt malarplan framan, sunnan við nautauppeldisstöðina í Þorleifskoti.

Engin ummerki hússins sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-061:004 heimild um útihús 63°56.842N 20°57.412V

Útihús var um 70 m ASA við bæ 001 samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Útihúsið var um 5 m austan við austurenda nautauppeldisstöðvarinnar í Þorleifskoti.

Útihúsið var þar sem nú eru mörk túns og slóða umhverfis natua uppeldisstöðina. Þar hefur verið grafið fyrir leiðslum og sést grjót í uppkastinu við skurðinn sem hugsanlega gæti verið ættað úr útihúsinu.

Engin ummerki þess sjást nú á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-061:005 heimild um 63°56.841N 20°57.435V
Mannvirki er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Það hefur hugsanlega verið brunnur eða súrheysgryfja. Þar sem brunnurinn eða gryfjan var er nú steinsteypt fjós nautauppeldisstöðvarinnar í Þorleifskoti.
Umhverfis húsið er malarslóði.
Engin ummerki mannvirkisins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-061:006 heimild um útihús 63°56.844N 20°57.389V
Útihús var um 90 m suðaustan við bæ 001 samkvæmt túnakorti frá 1918. Útihúsið var um 30 m austan við nautauppeldisstöðina í Þorleifskoti.
Þar sem útihúsið var er nú afgirt, ójafnt tún þar sem víða glittir í grjót og jarðvegur virðist vera grunnur niður á hraun.
Engin skýr ummerki hússins sjást á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918.

ÁR-061:007 heimild um útihús 63°56.795N 20°57.503V
Útihús var um 100 m sunnan við bæ 001 samkvæmt túnakorti frá 1918. Þar sem útihúsin voru er nú slétt tún sunnan við veg sem liggur austur-vestur fram hjá nautauppeldisstöðinni.
Þar sem útihúsið var er nú slétt, grasivaxið tún.
Engin ummerki hússins sjást á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918.

ÁR-062 Ósgerði


1708 og 1847, hjáleiga Laugardæla. 1708:"Völlur, öðru nafni Vatnskot, fjórða hjáleiga, nú í auðn hjer um 14 ár, en bygð fyrst nær fyrir 40 árum." JÁM II, 122
1981: "Þá var einnig hjáleigan Osgerði sem fór í eyði um 1880. Nokkuð var á reiki fyrr á tímum hvað býli þetta hét því stundum mun það hafa verið nefnt Völlur en stundum Vatnskot" SB II, 456
1708: "Fóðraðist eftir því sem staðarhaldarinn aflagði, og brúkar nú heimastaðurinn sjálfur þá grasnautn. Ekki má hjer aftur byggja nema til skaða heimastaðnum." JÁM II, 122.

ÁR-062:001 *Ósgerði* bæjarhóll bústaður 63°57.390N 20°57.457V

"Ósgerði. Eyðibýli við Laugardælaós vestan við engjagöturnar [059:015], fór í eyði?," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps.Tóft bæjarins er um 1,2 km norðaustan við Laugardæli 059:001, um 50 m vestan við malarveg sem liggur til norðurs og rúmum 250 m fyrir norðvestan Engjaveg 059:015.



Mynd 204 Bæjarhóllinn séð úr vestri




Bæjarhóllinn er í þýfðum móa.
Tóftin er á miðjum bæjarhólnum sem er 21 x 16 m stór og snýr austur-vestur. Hóllinn er um 1,8 m hár og ekkert verið skemmdur. Tóft bæjarins snýr austur-vestur, er 18 x 14 m að stærð og skiptist í fjögur hólf. Hólf 1 er suðvestast í tóftinni, snýr austur-vestur og inngangur er á miðjum austurvegg. Hólfið er 9 x 3 m að innanmáli og veggirnir eru 0,8 m á hæð. Greina má tvö umför af steinum í veggjum en annars eru þeir grónir. Ekki er innangengt í önnur hólf. Hólf II er norðan við hólf I. Það snýr austur-vestur og inngangur er á miðjum austurvegg. Hólfið er 8 x 3 m að innanmáli og veggirnir 1 m á hæð. Þrjú umför af grjóti sjást í þeim en að öðru leiti eru þeir grónir. Ekki hefur verið innangengt í önnur hólf. Hólf III er vestan við hólf I. Það snýr norður-suður og er 6 x 5 m að innanmáli. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og tvö umför af grjóti sjást. Inngangur hefur líklega verið vesturhorni á norðurvegg. Það er óskýrt vegna hruns úr veggjum. Austurveggurinn er hærri en hinir í hólfinu, hann er 1,5 m á hæð og alveg gróinn. Hólf 4 er norðvestan við hólf II og snýr austur-vestur. Hólfið er 5 x 3 m að innanmáli, veggirnir eru 0,3 m á hæð og ekki sést glitta í grjót né hleðslur. Hólfið virðist vera opið til austurs, annar inngangur sést ekki. Hólfið er sokkið og óskýrara en restin af tóftinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 25

ÁR-062:002 tóft útihús 63°57.437N 20°57.433V

Um 1,3 km norðaustan við Laugardæli ÁR-059:001 og um 90 m norðan við bæjartóft Ósgerðis 001 er tóft. Hún er að öllum líkindum innan gamla túnsins í Ósgerði og er líklega af útihúsi frá bænum.
Tóftin er á hól í þýfðum, votlendum móa.
Tóftin er um 12x5 m stór og snýr austur-vestur. Hún er tvískipt. Hólf I er austar og lægra á hólnum og hefur líklega verið stungið niður í hann að hluta. Hólfið er um 5x4 m stórt og snýr austur-vestur. Hvergi sér í grjót í hleðslum þess sem eru um 0,5 m háar. Dyr eru á miðjum austurvegg þess. Hólf II er fast vestan við hólf I. Það er



Mynd 205 Útihúsið séð úr vestri




hærra á hólnum og ógreinilegra. Það er um 5x4 m stórt og snýr einnig austur-
vestur. Hleðslur þess eru um 0,2 m háar og hér og þar sér í grjót í þeim. Hugsanlega er að gengt hafi verið á milli hólfa á miðjum milliveggnum en ekki er hægt að fullyrða um það en greinilegar dyr eru á miðjum vesturvegg hólfs II.
Hættumat: engin hætta

ÁR-062:003 tóft útihús 63°57.398N 20°57.398V



Mynd 206 Útihúsið séð úr VNV




Um 70 m sunnan við útihústóft 002 og um 40 m austan við bæjartóft Ósgerðis 001 er tóft á hól. Hún er að öllum líkindum innan gamla túnsins í Ósgerði og er líklega af útihúsi frá bænum.
Tóftin er á þýfðum hól í grónum móa.
Tóftin er um 4x4 m stór. Hún er einföld. Hleðslur tóftarinnar eru lágar, um 0,3 m háar og hvergi sér í grjót í þeim. Dyr eru á miðjum suðausturvegg tóftarinnar.
Hættumat: engin hætta

ÁR-062:004 tóft útihús 63°57.371N 20°57.454V



Mynd 207Útihúsið séð úr vestri



Um 40 m sunnan við bæjartóft Ósgerðis 001 er tóft. Hún er að öllum líkindum innan gamla túnsins í Ósgerði og sennilega leifar útihúss frá bænum.
Tóftin er á þýfðum hól í grónum móa. Um 20 m sunnar rennur lækur úr Laugadælavatni í Ölfusá.
Tóftin er um 5x4 m stór og snýr austur-vestur. Hún er einföld með dyrum á miðjum austurvegg. Hleðslur tóftarinnar eru um 0,5 m háar og víða sér í grjót í þeim.
Hættumat: engin hætta

ÁR-062:005 náma mógrafir 63°57.414N 20°57.398V

Mógrafir eru innan gamla túnsins í Ósgerði milli bæjartóftarinnar 001 og útihústóftar 002.






Mynd 208 Mógrafirnar séð úr norðri og vestri

Mógrafirnar eru í lægð á milli tóftahóla. Umhverfis er þýfður mói.
Grafirnar eru um það bil 10 á svæði sem er alls um 65x20 m stórt og snýr austur-vestur. Þær eru flestar blautar en sumar alveg þurrar. Grafirnar eru um 5x3 m stórar að meðaltali og snúa sitt á hvað.

Hættumat: engin hætta

ÁR-063 Uppsalir



Byggt á túnakortum frá 1906 og 1918

Jarðarinnar er getið í máldaga Laugardælakirkju frá 1397, DI IV, 53 og í máldaga sömu kirkju frá um 1570, DI XV, 654.
1708 og 1847, jarðardýrleiki óviss, Laugardælakirkjueign.
1708: "Fóðrast kann vii kýr, ii úngneyti, xviii ær, x lömb, iii hestar. Afrjett ut supra. Torfrista lök, stúnga næg. Móskurður til eldiviðar lakur, brúkast lítt. Skógarhögg til kolgjörðar brúkar jörðin frí í almenníngi ... Vatnsból erfitt fyrir fannlögum á vetur." JÁM II, 128.
1918: "Tún, 2,62 ha girt en alstaðar fjarri túninu. Ca 15% sljett. Matjurtaarðar 8.32 arar" Túnakort 1918.

ÁR-063:001 *Uppsalir* bæjarhóll bústaður 63°56.163N 20°56.150V
Þrjú hús eru merkt á bæjarhól Uppsala á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Bærinn stóð á náttúrulegu, bröttu holti sem sker sig úr umhverfinu og sést víða að. Núverandi íbúðarhús á Uppsölum stendur á suðurhlið bæjarhólsins. Þar fyrir vestan er skemma og malarborið bílaplan. Líklega hefur vesturhluti bæjarhólsins verið sléttaður við þær framkvæmdir.
Bærinn stóð á grasivöxnu holti með klettadröngum hér og þar.
Bæjarhóllinn afmarkast af kletti sem stendur upp úr norðausturhluta hans og kálgarði 002 til suðurs. Vestur- og norðurmörk bæjarhólsins eru óljós og renna saman við náttúrulegt holt. Svæðið er um 29 x 7 m stórt en erfitt er að ákvarða hversu stór hluti kann að vera uppsöfnuð mannvistarlög. Bæjarhóllinn er um 0,4 m á hæð í suðri sem eru einu skýru mörk hans. Núverandi íbúðarhús er byggt ofan í baðstofu gamla bæjarins. Gamli bærinn snéri norður-suður og traðir 004 komu upp vesturenda holtsins. Fast austan við núverandi íbúðarhús er hola, 1 x 2 m. Hún hefur líklega verið grafin til þess að gera við lagnir eða slíkt. Í henni sést glitta í grjót og hleðslur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-063:002 gerði kálgarður 63°56.163N 20°56.136V


Mynd 209 Kálgarðurinn, horft til suðurs

Kálgarður er merktur skammt sunnan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918 og eru aðeins traðirnar 004 á milli. Kálgarðurinn er rúmum 150 m vestan við rétt 007 og til austurs er brött brekka, um 8 m löng, sem nær niður á grasivaxið tún. Kálgarðurinn er notaður sem bakgarður og blómabeð í honum.
Kálgarðurinn er sléttur, grasivaxinn með trjá- og blómabeðum og rabarbara.
Kálgarðurinn er 30 x 12 m stór og snýr austur-vestur. Hann er afgirtur með gulri plastgirðingu og tvískiptur. Hólf 1 er sunnar, er 18 x 7 m að innanmáli og vesturmörkin afmarkast af bæjarhólnum 001. Þar er 0,4 m hár gróinn bakki, ekki mótar fyrir hleðslum né glittir í grjót. Í suðri afmarkast kálgarðurinn af fyrrnefndri girðingu en til norðurs sést eitt umfar af steinum. Til austurs eru mörk kálgarðsins gróinn bakki líkur þeim og til vesturs. Inngangur er í norðaustur horni á austurvegg vegg. Hólf 2 er norðan við hólf I, er 12 x17 m að stærð og hefur trjám verið plantað þar. Inngangur í er í austurhorni, rétt við inngang í hólf 1. Að öðru leyti eru veggir eins og í hólfi 1.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-063:003 heimild um kálgarð 63°56.160N 20°56.171V
Kálgarður er merktur fast vestan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918 og hefur verið sambyggður bæjarhúsunum. Kálgarðurinn var tæpa 180 m vestan við rétt 007 og um 10 m vestan við íbúðarhús frá 1943.
Þar sem kálgarðurinn var er nú malarplan vestan við íbúðarhúsið. Planið er slétt og um 20 x 12 m að stærð.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-063:004 gata traðir 63°56.118N 20°56.228V


Mynd 210 Horft til suðvesturs

Traðir eru merktar að bæ 001 úr suðvestri á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Traðirnar lágu skammt sunnan við Sigguhól 009, komu upp holtið sem bæjarhóllinn er á og enduðu fast sunnan við bæ 001.
Traðirnar liggja í grónu túni til norðurs og suðurs.
Traðirnar liggja til suðvesturs niður bæjarhólinn í átt að Sölvholti ÁR-057. Þær eru um 2 m breiðar og um 0,4 m á hæð. Hægt er að keyra á dráttarvél eftir þeim. Að sögn Guðjóns Sveinbjörnssonar, heimildamanns, voru traðirnar upphlaðnar að hluta yfir mýri sem er á milli bæjar 001 og Sigguhóls 009. Þar eru traðirnar um 0,4 m á hæð en ekki sjást skýrar hleðslur né glittir í grjót. Traðirnar liggja vestur frá Uppsölum, norður fyrir Hofið 057:014 á Sölvholti og enda þar við nýbýlið Hof. Þessi leið er enn notuð mikið af hestafólki.

Traðirnar eru um 50 m langar á túnakortunum en erfitt er að áætla nákvæma lengd þeirra í dag vegna þess að þar eru hjólför, þær mikið notaðar af hestafólki og sjást götur í framhaldi af tröðum heim að Sölvholti 057.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-063:005 þúst fjárhús 63°56.127N 20°56.300V

Útihús var um 140 m VNV við bæ 001 og rúma 50 m norðvestan við traðir 004 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Að sögn systkinanna Guðjóns og Jónu Sveinbjörnsbarna voru þetta fjárhús. Þau voru úr torfi og grjóti en systkinin mundu ekki hversu stór þau voru. Guðjón sléttaði fjárhúsin eftir að hann tók við búskap um 1954.
Þar sem fjárhúsin voru er nú grasivaxið tún með náttúrulegum hólrimum. Fjárhúsin hafa verið í aflíðandi brekku til austurs.
Á svæðinu sést móta fyrir bakka, 15 x 6 m að stærð og 0,3 m á hæð. Bakkinn snýr austur-vestur. Hann er mögulega hluti af fjárhúsunum en hvergi sést glitta í grjót né hleðslur. Fjárhúsin hafa greinilega verið í austurhlíð náttúrulegs hólrima.


Mynd 211 Þústin, horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.


ÁR-063:006 heimild um hesthús 63°56.150N 20°56.270V

Útihús var um 100 m vestan við bæ 001, um 50 m suðaustan við fjárhús 005 og tæpa 70 m norðan við traðir 004 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna. Jóna og Guðjón Sveinbjörnsbörn mundu eftir tóftinni sem var hesthús byggt úr torfi og grjóti. Tóftin er ekki merkt á túnakort frá 1918 sem bendir til þess að það hafi ekki verið í notkun á þeim tíma.
Tóftin var þar sem er nú aflíðandi brekka í grasivöxnu túni vestur frá bæ.
Engin ummerki hesthússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-063:007 tóft kvíar 63°56.185N 20°55.968V

Tóft er rúma 150 m austan við bæ 001, fast vestan við landamerki Túns ÁR-056 og Uppsala.
Tóftin er í þýfðum móa austan við holtið sem bær 001 var á.
Tóftin er 8 x 6 m stór, er einföld og snýr NNA-SSV. Hún er grjóthlaðin og sjást þrenn umför í veggjum. Inngangur er í norðvesturhorni og nokkuð af grjóti hefur hrunið inn í tóftina. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og sést torf í norðausturenda tóftarinnar. Að öðru leyti sést einungis grjót. Suðurhlið tóftarinnar er betur varðveitt en hinar. Þetta eru líklega kvíar eða rétt fyrir búpening.
Hættumat: engin hætta


Mynd 212 Kvíarnar, horft til suðurs



ÁR-063:008 lind brunnur 63°56.108N 20°56.253V

Brunnur er rúma 130 m suðvestan við bæ 001, um 4 m fyrir vestan traðir 004 og um 15 m norðaustan við Sigguhóll 009.
Brunnurinn er í votri mýri fyrir vestan bæ. Mýrin er slétt, gróin og liggur fyrir vestan bæ 001. Hólrimar eru fyrir norðan og norðvestan mýrina.
Að sögn Guðjóns Sveinbjörnssonar, heimildamanns, var brunnurinn náttúrulegur. Þetta var sprunga í mýrinni sem myndaði gjá og safnaðist vatn þar fyrir. Ekkert torf er hlaðið að brunninum. Guðjón setti lok yfir brunninn og ekki er hægt að sjá hversu djúpur hann var. Guðjón myndi það ekki nákvæmlega.


Mynd 213 Brunnurinn úr vestri

Brunnurinn hefur verið um 0,5 x 0,5 m að stærð á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-063:009 *Sigguhóll* huldufólksbústaður huldufólksbústaður 63°56.104N 20°65.284V


Mynd 214 Sigguhóll úr suðvestri

Í bók Guðna Jónssonar, Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur, eru tvær útgáfur af sögunni um álfkonuna á Uppsölum. Önnur er svohljóðandi: "Um 1867 bjuggu á Uppsölum í Flóa hjón [...] Meðal barna þeirra var telpa er Herdís hét og var 7 ára, þegar þetta gerðist. [...] Á réttardaginn voru börnin frá báðum heimilum að leika sér út á túni. En um kvöldið, er farið var að gæta að vantaði Herdísi [...] Var barnsins leitað allt kvöldið og fram í myrkur, en árangurslaust. Morguninn eftir var leitinni haldið áfram [...] Undir kvöld fannst telpan loks hjá hóli einum sunnarlega í túninu á Uppsölum, er Sigguhóll heitir [...] Herdís litla sagði svo frá [...] Hefði sér sýnzt móðir sín sitja undir heystakk á túninu og benda sér að koma. Síðan tók konan hana við hönd sér og leiddi hana suður túnið að hóli þeim, sem áður er nefndur. Voru þá opnar dyr á hólnum [...] Sá þá Herdís litla, að þetta var ekki móðir hennar, heldur ókunn kona, og fór þá telpan að gráta, en konan vildi reyna að hugga hana [...] Þar kom, að álfkonunni leiddist grárur barnsins og skaut telpunni út um glugga, sem var á hólnum, en þar sýndist reyndar hella, bláleit á rönd. Konan blakaði hendi við handlegg telpunnar að skilnaði, svo að þess sást merki". Í bók Bjarna Harðarsonar er þessi saga einnig tekin saman. Þar kemur einnig fram að Sigguhól mátti slá og þau ummæli fylgdu honum að þar hrektist ekki hey. Var talið að þurrkur héldist næstu daga eftir að hóllinn var sleginn. Sigguhóll er rúma 150 m suðvestan við bæ 001 og tæpa 100 m suðaustan við hesthús 006. Sigguhóll er skammt vestan við traðir 004.
Fyrir vestan hólinn er grasivaxið tún, mýri til norðausturs en þýfður mói til austurs.
Sigguhóll er náttúrulegur hraunhóll sem er grasivaxinn. Tjálundi hefur verið plantað í hólinn sunnanverðan. Efst í hólnum að sunnan- og suðaustanverðu er lítið klettabelti. Hóllinn er um 50 x 50 m að stærð og um 5 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðni Jónson: Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur, 64-69; Bjarni Harðarson: Landið, fólkið og þjóðtrúin, 131.

ÁR-063:010 frásögn brunnur 63°56.103N 20°56.241V
Brunnur var í mýrinni andspænis brunni 008 en traðir 004 lágu á milli þeirra. Brunnurinn var rúma 130 m til suðvesturs frá bæ 001og lind 008 er rúma 10 m til suðurs. Guðjón Sveinbjörnsson fyllti upp í brunninn.
Þar sem brunnurinn var er nú gróið og nokkuð þýft tún. Rétt austan við þar sem brunnurinn var er mýrarfláki.
Engin ummerki brunns sjást nú (júní 2008) á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-063:011 gata leið 63°56.266N 20°57.149V


Mynd 215 Leiðin, horft til suðausturs

Gata hefur að öllum líkindum legið frá Uppsölum að Laugardælavelli 059:032, mögulega einnig notuð af bæjum ofar í Flóanum. Gatan sést hlykkjast í þýfðum móa sem liggur sunnan við þjóðveg 1.
Gatan liggur í þýfðum móa. Hraunklettar standa víða upp úr sverði og stutt er niður á hraun.
Þar sem göturnar sjást hlykkjast þær austur-vestur frá Uppsölum að Laugardælavelli 059:032. Þær beygja til norðurs þar sem hnit A var tekið. Göturnar sjást á um 550 m löngum kafla, þær hefjast um 230 m norðvestan við gróin tún sem ræst hafa verið fram með skurðum og enda skammt austan við Laugardælavöll. Göturnar eru um 2 m breiðar og sjást þrjár rásir sem eru um 0,15 m á dýpt.
Hættumat: engin hætta


ÁR-063:012 náma mógrafir 63°56.051N 20°56.357V
Mógrafir eru skammt sunnan við Gráhól, en það er náttúrulegur hóll um 20 m suðvestan við Sigguhól 009. Traðir 004 liggja á milli Sigguhóls og Gráhóls. Mógrafirnar eru tæpa 280 m SSV við bæ 001 og tæpa 200 m suðvestan við hesthús 006.
Mógrafirnar eru í þýfðum og kjarrivöxnum móa.
Mógrafasvæðið er um 50 x 40 m stórt og er fast sunnan við Gráhól. Mógrafirnar eru um 30-50 talsins og renna mikið saman. Hægt er að greina nokkrar stakar grafir sem eru um 2 x 1 m að stærð. Mógrafirnar eru flestar rakar.

Mesta dýpt á þeim blautu er 1 m en annars eru hinar flestar um 0,3 m djúpar. Grafirnar verða blautari eftir því sem sunnar dregur. Svæðið er afmarkað af þúfnabarði og líklega hefur verið fyllt upp í þær að einhverju leyti. Í einni útgáfu sögunnar af huldukonunni í Sigguhól í bók Guðna Jónssonar koma þessar mógrafir við sögu. Þar er tekið fram að mikið hafi verið um djúpar mógrafir á svæðinu og talið að Herdís hafi orðið sér að bana í þeim.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðni Jónsson: Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur, 66-69.


Mynd 216 Mógrafirnar, horft til suðurs

ÁR-063:013 náma mógrafir 63°56.110N 20°56.820V
Guðjón Sveinbjörnsson, heimildamaður, man eftir mógröfum beint vestan við ræktuð tún og áveituskurð, tæpa 700 m vestan bæ 001. Það er búið að fylla upp í þær og lítið sem ekkert sést til þeirra að hans sögn. Mógrafirnar eru tæpa 350 m sunnan við tóft 014.
Mógrafirnar eru í þýfðum móa en hraunmelur rís víða upp úr sverði.
Á svæði sem er um 65 x 20 m stórt og snýr suðvestur-norðaustur eru mógrafir. Þær liggja norðan við skurð sem skilur á milli ræktaðs túns til suðurs og þýfðs móa til norðurs. Þar sem mógrafirnar sáust á loftmynd er ekki vitað um nákvæma dýpt þeirra, fjölda þeirra eða hvort þær eru blautar.
Hættumat: engin hætta


ÁR-063:014 tóft+garðlag stekkur 63°56.226N 20°56.865V
Að sögn Jónu Sveinbjörsdóttur, heimildamanns, var stekkur tæpa 600 m ASA við bæ 001 og tæpa 500 m suðaustan við fjárhús 005.
Þýfður valllendismói er umhverfis stekkinn. Móinn er gróinn en melur rís víða upp úr sverði á svæðinu.

Mynd 217 Stekkurinn, horft til suðurs

Á svæði sem er um 14 x 14 m stórt er tóft og garðlag. Tóftin snýr austur-vestur, er einföld og um 14 x 5 m að stærð. Tóftin er austarlega á náttúrulegum hól. Hún er þrískipt og grjóthlaðin. Hólf I er í miðri tóftinni, er 4 x 3 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Veggirnir eru 0,3 m háir og glittir víða í grjót. Ekki sjást skýr umför af hleðslu og veggirnir eru mikið grónir. Innangengt hefur verið í hin hólfin tvö, á austur- og vesturvegg úr hólfi I. Inngangur gæti einnig hafa verið á suðvesturhlið. Hólf II er vestan við hólf I, er 6 x 4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Eitt umfar af grjóti sést í veggjum og innangengt á tveimur stöðum. Annar inngangurinn er á austurhlið (úr hólfi I) en hinn á miðri vesturhlið. Svæðið er þýft og ógreinilegt. Hólf III er austan við hólf I, er 10 x 5 m að innanmáli og mun óljósara en hin tvö. Eitt umfar af steinum sést í norðurvegg en að öðru leyti eru þeir grónir og stórþýfðir. Þeir eru um 0,2 m á hæð. Stærð hólfsins var að mestu byggð á grasivaxinni dæld í annars stórþýfðu umhverfi. Inngagnur er á vesturvegg inn í hólf I. Garðlagið liggur til suðurs frá hólfi II. Það sveigir fljótlega til austurs og hverfur í stórþýfðan móann á svipuðum stað og hólf III. Það er 0,3 m á hæð og ekki sjást skýrar hleðslur. Það glittir víða í steina. Garðlagið er um 18 m langt.
Hættumat: engin hætta

ÁR-063:015 tóft óþekkt 63°56.335N 20°56.170V
Tóft er rúma 320 m norðan við bæ 001, um 15 m vestan við malarveg heim að bæ og um 110 m vestan við hesthús (byggt 1930-1940). Guðjón Sveinbjörnsson, heimildamaður, telur tóftina forna enda var hún orðið ógreinileg strax um 1915 þegar faðir hans tók við búskap á jörðinni.
Tóftin er í þýfðum móa með mýrarflákum hér og þar. Grasivaxinn blettur er vestur af tóftinni en annars er svæðið stórþýft.

Mynd 218 Tóftin, horft til norðausturs


Tóftin er 6 x 4 m, er einföld og snýr suðvestur-norðaustur. Ekki mótar fyrir hleðslum en víða glittir í grjót. Veggirnir eru um 0,3 m á hæð og mjög þýfðir sem gerir tóftina ógreinilega. Inngangur er á miðri suðurhlið. Ekki er hægt að sjá hvort að tóftinni var skipt í hólf né hvort að fleiri mannvirki séu á svæðinu. Svæðið er mjög þýft.
Hættumat: engin hætta

ÁR-063:016 brunnur brunnur 63°56.362N 20°56.236V
Brunnur er tæpa 400 m norðan við bæ og tæpa 80 m norðvestan við tóft 015.


Mynd 219 Brunnurinn, horft til suðurs

Brunnurinn er í stórþýfðum móa með mýrarflákum.
Brunnurinn er í miðjum mýrarfláka sem er grasivaxinn. Umhverfis brunninn er torfhleðsla og trélok yfir sjálfu opinu. Hleðslan er um 0,2 m á hæð. Brunnurinn virðist vera um 2 m í þvermál en ekki er hægt að sjá hversu djúpur hann var.
Hættumat: engin hætta

ÁR-064 Svarfhóll




Í máldaga Laugardælakirkju frá 1397 segir: "Jtem eigur kirkiann Svartbol oc Vppsale" Máld DI IV 53 og er jarðarinnar einnig getið í máldaga sömu krikju frá 1570, DI XV, 654.
1708 og 1847, jarðardýrleiki óviss. Laugardælakirkjueign.
Svarfhóll fór í eyði árið 1919, SB II, 458.
1708: "Fóðrast kann vii kýr, ii úngneyti, xii ær, xii ær, xii lömb, iiii hestar. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga í heimalandi staðarins sæmileg. Móskurður til eldiviðar nægur. Máldagi staðarins eignar jörðunni beit í Folaldahólma. Menn vita ekki, hvar það örnefni sje; en Folaldahóla þekkja menn nálægt Foss eður Votmúla landi, og gengur beitarpeningur þángað oft hjeðan. Annað beitarítak í Þórirshóla. Þeir eru í heimastaðarins landi. Sandfok grandar bæði túni og engjum. Landþröng er ærin sumar og vetur. Hreppamannaflutningur mjög torsóktur um vetur og stundum ófær." JÁM II, 123.
1918: "Tún 2,50 ha. ógirt ca 90% sljett. Matjurtagarðar 11.92 arar" Túnakort 1918.

ÁR-064:001 *Svarfhóll* bæjarhóll bústaður 63°57.006N 20°58.657V



Mynd 220 Bæjarhóllinn, horft í ANA



"Svarfhóll. Eyðibýli á holti vestur frá Laugardælum. Fór í eyði? [1919 samkvæmt Sunnlenskum Byggðum]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Sjö hús eru merkt á bæjarhól Svarfhóls á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Bæjarhóll Svarfhóls er vestur undan háholtinu [Svarfhól] í náttúrulegum slakka innan golfvallarins Svarfhólsvallar. Hann er um 630 m norðvestan við bæinn í Laugardælum 059:001 og um 515 m norðan við Moshól 059:008.

Bæjarhóllinn er norðvestan undir náttúrulegu klettaholti. Hann er vaxinn sinu, hvönn og elftingu en fast norðvestan, sunnan og austan við hann er rennisléttur golfvöllur.

Bæjarhóllinn er um 26x22 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Suður-, austur- og norðurmörk hans eru nokkuð ólljós þar sem hann rennur saman við náttúrulega holtið en hann er skýrari úr vestri, um 2 m hár. Engar skýrar tóftir eða hleðslur eru á hólnum og ekki er hægt að greina nákvæmlega hver bærinn stóð. Framan til, norðvestarlega, á honum er dæld sem ekið hefur verið inn í og liggja hjólför inn í hana úr norðaustri. Dældin er um 20x6 m stór og snýr eins og hóllinn. Hún er um 1 m djúp. Hjólförin liggja úr dældinni til norðausturs og þá til austurs fyrir holtið og líklega er dældin niðurgrafnar traðir að bænum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 26; bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-064:002 heimild um kálgarð 63°57.003N 20°58.656V

Kálgarður er merktur fast sunnan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918.

Sunnan við bæjarhólinn 001 er rennisléttur golfvöllur.

Engin ummerki kálgarðsins sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-064:003 heimild um útihús 63°57.006N 20°58.595V

Útihús var um 50 m austan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Útihúsið var uppi á háholtinu austan við bæjarhólinn 001.

Þar sem útihúsið var er nú sléttur golfvöllur.

Engin ummerki útihússins sjást á svæðinu.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-064:004 tóft útihús 63°57.035N 20°58.585V



Mynd 221 Útihúsið, horft til austurs



Um 80 m ANA við bæ 001 er tóft við norðvesturhorn Svarfhóls, líklega leifar útihúss frá bænum.


Tóftin er á mosavöxnu svæði við mörk holtsins, fast vestan við hana er rennislétt golfflöt.

Tóftin er um 9x3,5 m stór og snýr austur-vestur. Hún er einföld, opin til austurs. Svo virðist sem stungið hafi verið niður í jarðveginn á þessum stað og grunnt hólf myndað. Það er um 0,4 m djúpt. Hvergi sér í grjót í henni. Hugsanlega hafa hér verið kvíar eða útihús frá Svarfhóli.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-064:005 hús skemma 63°57.009N 20°58.488V

Um 140 m austan við bæ 001 og um 530 m norðan við bæinn í Laugardælum 059:001 er kartöflukofi byggður inn í norðausturhorn Svarfhóls sem bærinn er kenndur við.
Kofinn er grafinn inn í mosa- og grasivaxinn hólinn. Austan við hann er slétt tún en að vestan við hann er golfvöllur.
Kofinn er enn undir þaki en er að hrunum kominn. Hann er um 10x7 m stór og snýr austur-vestur. Við austurgaflinn er hann um 2 m hár en rennur inn í hólinn til vesturs. Dyr eru á honum syðst á austurgaflinum. Veggir kofans eru hlaðnir úr grjóti sem mikið er gengið til og þakið sem er úr torfi er að hluta hrunið ofan í hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar





Mynd 222 Húsið, horft til vesturs

ÁR-064:006 þúst brunnur 63°57.012N 20°58.614V

Haraldur Þórarinsson í Laugardælum sagði frá því að brunnur hafi verið skammt frá þar sem útihús 003 er merkt á túnakort frá 1918. Um 18 m norðvestan við þar sem útihús 003 var er þúfa þar sem brunnurinn var áður samkvæmt Haraldi.
Þúfan er við norðausturmörk rennislétts golfvallar.
Þúfan er um 1x1 m stór og um 0,1 m á, flöt í toppinn. Engin skýr ummerki brunns eru greinileg á henni en hún er nokkuð regluleg. Líklega hefur verið fyllt upp í hann og þúfan tilkomin vegna uppfyllingar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd 223 Brunnurinn, horft til suðvesturs


ÁR-064:007 þjóðsaga huldufólksbústaður 63°56.923N 20°58.586V

Haraldur Þórarinsson sagði frá því að kona úr Hafnafirði hafi sagt að álfar byggju í Svarfhóli og að þær væri álfakirkja. Þessi kona er að öllum líkindum Erla Stefánsdóttir og kallar hún sig álfasjáanda. Ekki virðast vera til ritheimildir um þessa álfabyggð.
Svarfhóll er langur gróinn klettarani. Ofan á honum er golfvöllurinn Svarfhólsvöllur.
Í þeirri hlið hólsins sem vísar til suðvesturs eru klettabelti og þar munu álfarnir hafast við.
Hættumat: engin hætta



Mynd 224 Svarfhóll, horft til norðurs

ÁR-065 Stóra Ármót (Ármót)



1708, jarðardýrleiki óviss, Skálholtstólseign.
1708: "Ármótshjáleiga, bygð í heimatúninu fyrir 50 árum eður lengur. ... Steckar, önnur hjáleiga, nú í auðn í næstu tvö ár. Bygð fyrst í úthögum vel fyrir 40 árum, þar sem ekki hafði áður bygð verið." JÁM II, 124.
1847, 42 2/3 hdr., bændaeign.
1708: "Fóðrast kann xiiii kýr, vi úngneyti, xl ær, xxx lömb, v hestar. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga lök. Móskurður til eldiviðar lakur, brúkast lítt. Skóg til kolgjörðar brúkar jörðin frí í almenníngi sem segir um Sölvholt [ÁR-057]. Túninu grandar grjót í jörðunni undir grasrót, so að í þerrum visnar grasið allvíða á helmíngi túnsins. Hætt er kvikfje fyrir holgryfjulækjum, hraungrjótum og pyttum. Vatnsból efritt á vetur fyrir fannlögum." JÁM II, 124.
1918: "Tún 9.24 ha. girt með grjót og sniddugarði og vírstr. ofan á. ca 85% sljett. Matjurtagarðar 12. arar" Túnakort 1918.

ÁR-065:001 *Stóra Ármót (Ármót)* bæjarhóll bústaður 63°59.137N 20°55.826V
Fimm hús eru merkt á bæjarhól Stóra-Ármóts á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Núverandi heimreið liggur beint upp að gamla bæjarhólnum sem hefur snúið austur-vestur. Steypt íbúðarhús, byggt 1950, stendur austan við stæði gamla bæjarins og er með kjallara. Núverandi ábúendur vissu ekki hvort að einhverjar minjar komu upp við byggingu þess. Annað íbúðarhús (sumarbústaður) var byggt vestan við gamla bæjarstæðið árið 1990. Gamli bærinn hefur því staðið á milli þessara tveggja húsa.
Bæjarhóllinn er að hluta náttúrulegt holt sem snýr austur-vestur.
Þar sem bærinn stóð er nú slétt malarplan og þar sunnar bakgarður sem tilheyrir núverandi íbúðarhúsi í Stóra-Ármóti.
Bænum hefur verið valin staður á náttúrulegu holti os sést á einum stað um 3 m há uppsöfnuð mannvistarlög. Bæjarhóllinn er 50 x 25 m stór og snýr austur-vestur. Syðri mörk hólsins eru greinileg og liggja meðfram túngirðingu. Til vesturs er hús sem byggt var 1990 en í austri hús með kjallara sem byggt var 1950. Á milli þessara húsa er garður og malarplan í norðri. Á mörkum þeirra sést í hleðslu sem liggur frá austri til vesturs. Hleðslan liggur frá núverandi íbúðarhúsi hálfa leið að húsinu frá 1990. Hleðslan hverfur þó fyrir miðju en kemur aftur. Til norðurs fjarar bæjarhóllinn út og hverfur undir malarplanið. Líklega hefur hluti hans verið sléttaður. Á austri sést móta fyrir hólnum og þar er hann um 3 m hár.


Mynd 225 Bæjarhóllinn, horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-065:002 heimild um kálgarð 63°59.133N 20°55.812V
Kálgarður er merktur um 2 m sunnan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918 og hefur sjálfsagt aðeins tröðin 006 verið á milli. Kálgarðurinn var fyrir sunnan hleðsluna sem sést undir malarplaninu á milli núverandi húsa. Þar er nú garður með trjágróðri, blómabeðum og leiktækjum. Fyrir sunnan kálgarðinn er gróið tún en ekki sjást nein ummerki um hans þar. Svæðið er í halla til suðurs. Á túnakortunum er kálgarðurinn um 54 x 8 m stór og snéri ausutr-vestur.
Kálgarðurinn var, þar sem nú er, bakgarður íbúðarhúss með blóma- og trjábeðum.
Engin ummerki kálgarðsins sáust á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-065:003 heimild um útihús 63°59.137N 20°55.811V
Útihús var um 10 m suðaustan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Um 5 m fyrir austan útihúsið er trjákofi og gróið tún er um 5 m til suðurs.
Þar sem útihúsið var er garður með trjám, blómabeðum og grasflötum.
Engin ummerki útihúss sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-065:004 heimild um útihús 63°59.139N 20°55.814V
Útihús var um 10 m austan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Útihúsið var þar sem nú er hellulögð stétt um 2 m suðvestan við íbúðarhús frá 1950 og um 5 m norðan frá útihúsi 003.
Þar sem útihúsið var er nú suðvestur endi á hellulagðri stétt, fast suðvestan við núverandi íbúðarhús.
Engin ummerki útihússins sáust á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-065:005 heimild um útihús 63°59.127N 20°55.820V
Útihús var um 20 m sunnan við bæ 001 og rúma 20 m norðvestan við traðir 006 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Um 5 m fyrir norðan þar sem útihúsið stóð er íbúðarhús sem byggt var 1990 og ræktað tún er fast til suðurs.
Þar sem útihúsið var er nú (2008) er gróin brekka sem hallar til vesturs. Trjám hefur verið plantað hér og þar um brekkuna.

Engin ummerki útihússins sáust á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-065:006 heimild um traðir 63°59.134N 20°55.851V
Heimreið er merkt að bæ 001 úr vestri og austri á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Heimreiðin lá á sama stað og núverandi vegur að bænum. Vegurinn liggur upp aflíðandi brekku að bænum til vesturs. Fyrir norðan er gróið tún, að sunnan er gróin brekka með nokkrum trjáplöntum en malarvegur að bæ er til austurs.
Gamla heimreiðin sést ekki og hefur raskast við gerð núverandi vegar. Hún kom upp bæjarhólinn úr vestri.
Engin ummerki heimreiðar sést lengur (2008) á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-065:007 heimild um útihús 63°59.213N 20°55.800V
Útihús var um 140 m norðaustan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Útihúsið var um 15 m norðan við íbúðarhús sem byggt var 1950, um 20 m til vesturs er gróið tún en til austurs er malarplan. Malarplanið er geymslustaður fyrir heyrúllur og vinnuvélar.
Þar sem útihúsið var er nú malarplan.
Engin ummerki útihússins sáust á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-065:008 heimild um útihús 63°59.056N 20°55.755V
Útihús var um 170 m suðaustan við bæ 001 og rúma 60 m frá útihúsi 009 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Á þessum slóðum er lágur, náttúrulegur hóll og telja má líklegt að útihúsið hafi staðið þar.
Þar sem útihúsið var er nú slétt tún með náttúrulegum hólrimum.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.


ÁR-065:009 heimild um útihús 63°59.044N 20°55.860V
Útihús var um 160 m sunnan við bæ 001 og rúma 10 m suðaustan við við útihús 008 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Þar er þetta teiknað upp sem skeifulaga mannvirki. Því má telja að þetta hafi verið aðhald eða rétt. Um 4 - 5 m vestan við meinta staðsetningu útihússins er náttúruleg dæl. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Útihúsið var í sléttu en mishæðóttu túni austan við bæ sem hefur verið sléttað. Tóftin hefur verið staðsett á náttúrulegum hólrima.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-065:010 heimild um útihús 63°59.211N 20°55.871V
Útihús var um 130 m norðaustan við bæ 001 og tæpa 60 m vestan við útihús 007 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið hefur verið um 70 m suðvestan við túngarð 012, innan túns, á náttúrulegum hólrima sem liggur frá austri og inn á túnið. Dæld er í norðurenda hólrimans og líklegt að þar hafi útihúsið verið. Útihúsið er ekki merkt á túnakort frá 1918 og líklegt að þar hafi verið fallið úr notkun þá.
Útihúsið var í grónu en mishæðóttu túni.
Engin ummerki útihússins sáust á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-065:011 heimild um útihús 63°59.129N 20°55.955V
Útihús var 100-110 m norðvestan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið var tæpa 30 m norðvestan við Fjóshól 018 og rúma 20 m sunnan við túngarð 012. Svæðið hefur verið sléttað og tóftin með. Fyrir norðan túnið þar sem útihúsið var er þýfður mói.
Útihúsið var í sléttu en mishæðóttu túni.
Engin ummerki útihússins sáust á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-065:012 garðlag túngarður 63°59.240N 20°55.761V




Mynd 226 Túngarðurinn séð til norðausturs, austurs, hólf B og hólf C.

"... girt með grjót og sniddugarði og vírstr. ofan á," segir á túnakorti frá 1918. Túngarðurinn hefur varðveist fyrir norðan, austan og vestan bæ 001 og nánast hálfhringlaga.
Túngarðurinn liggur í þýfðum móa til austurs og vesturs en ræktuð tún eru til suðurs.
Túngarðurinn liggur fyrir vestan og austan bæ ásamt þremur sambyggðum hólfum. Hann er tæplega 350 m langur og hálfhringlaga. Hannmarkar af svæði sem er um 250 x 220 m stórt og snúr norður-suður. Til aðgreiningar fékk túngarðurinn bókstafinn A en hólfin sem eru byggð við hann á þremur stöðum bókstafina B, C og D. Túngarður A liggur vestan, norðan og austan við bæ. Staðsetning hans ber vel við kortin frá 1906 og 1918 og stór hluti hans hefur varðveist. Suðurveggur túngarðsins er horfinn ásamt hluta þess eystri, líklega vegna túnasléttunar. Garðlagið er 0,3-0,7 m á hæð og sjást þrjú umför af grjóti í honum. Norður- og austurhluta túngarðsins hefur verið haldið við en sá vestari er sigin. Hólf B er náttúruleg klettasprunga sem hefur verið hlaðið fyrir til vesturs. Sprungan er um 3 x 1 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún hefur verið innan túns og notuð sem einhvers konar aðhald. Norður- og suðurveggur eru myndaðir af klettum, um 0,3 m háum en mikill jarðvegur er inni í sprungunni. Inngangur inn í hólfið hefur verið úr austri. Hólf C er 5 x 4 m að stærð og er fast suðvestan við túngarðinn og er einnig innan túns. Tóftin snýr norður-suður og veggirnir eru um 0,4 m á hæð. Hún er opin til suðurs. Hólfið er alveg gróið og hvergi sér glitta í grjót eða hleðslur. Hólfið er mjög sigið og óljóst. Hólf D er norðan við túngarðinn og utan túns. Hólfið er 12 x 6 m stórt og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og sjást þrjú umför af steinum í þeim. Helst er að giska á að hólfið hafi verið rétt eða kvíar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918.

ÁR-065:013 *Ármótskot* heimild um býli
"Ármótshjáleiga, bygð í heimatúninu fyrir 50 árum eður lengur," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Í örnefnaskrá Hraungerðishrepps segir: "Ármótskot. Eyðibýli suður í túninu (lambhús nú)." Engin ummerki hjáleigunnar né lambhússins eru nú í túninu suður af bæ sem hefur verið sléttað.
Þar sem hjáleigan og lambhúsið hafa verið er nú slétt tún sem nær mun sunnar en það gerði árið 1918 þegar túnakort var gert af jörðinni.
Hugsanlega er mannvirki 009 sem merkt er á bæjarteikningu danskra landmælingamanna leifar hjáleigunnar og eða lambhússins en ekki er hægt að fullyrða um það að svo stöddu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM II, 124; Ö-Hraungerðishreppur, 35.

ÁR-065:014 *Stekkar* tóftir+garðlag býli 63°59.100N 20°56.660V



"Steckar, önnur hjáleiga, nú í auðn í næstu tvö ár. Bygð fyrst í úthögum vel fyrir 40 árum, þar sem ekki hafði áður bygð verið," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Í örnefnaskrá Hraungerðishrepps segir: "Hólar. Gamlar húsatættur frá eyðibýlinu Stekkum." og síðar "Stekkar (Ármótsstekkur). Í vestur frá bænum (Eyðibýli)." Stekkar eru um 680 m vestan við bæ 001. Þar eru nú tóftir og garðlag og götur sem liggja suðvestur-norðaustur á milli tóftasvæðisins og garðlagsins.

Tóftirnar eru í þýfðum móa sem er víða blautur. Vestan við tóftirnar rennur mýrarlækur.

Tóftirnar, garðlagið og göturnar eru á svæði sem er alls um 340x90 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftirnar eru níu og eru merktar með bókstöfum A-I til aðgreiningar. Stærsta tóftin A er nyrst af tóftunum. Hún er líklega af bæjarhúsunum á Stekkum. Tóftin er um 30x28 m stór og snýr norður-suður. Hleðslur hennar eru hæstar um 1,3 m. Tóftin skiptist í níu hólf. Hólf I hefur líklega verið aðal íveruhúsið. Það er um 11x11 m stórt að innanmáli og er í miðri tóftinni. Engar greinilegar dyr eru á því og hvergi sér í grjót í hleðslum. Nyrst í hólfinu er stór bunga, nálega jafnhá hleðslunum um 1m. Bungan er um 5x3 n stór og snýr norður-suður. Þar hefur hugsanlega verið sérhólf sem þekjan hefur fyllt. Fast norðan við hólf I er hólf II. Það er um 5x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki er ljóst hvar dyr hafa verið á hólfinu. Aðeins glittir í grjót í botni þess en það sést ekki í hleðslunum. Hólf III er norðan við hólf II. Það er um 3x2 m stór og snýr austur-vestur. Dyr eru á miðjum austurvegg þess. Hvergi sér í grjót í hleðslum hólfsins. Hólf IV er norðan við hólf III. Það er um 4x2 m stór að innanmáli og snýr austur-vestur. Engar dyr eru greinilegar á því og hvergi sér í grjót í hleðslum þess. Hólf V er vestan við hólf I, II og III. Hleðslur þess eru lægri en hleðslur tóftarinnar, hæstar um 0.9 m. Hólfið er um 18x6 m stórt og snýr norður-suður. Dyr eru syðst á vesturvegg þess. Innan hólfins eru 3-4 bungur sem minna á beð og líklegt að hólfið hafi verið kálgarður, sambyggður bænum. Hólf VI er sunnan við hólf V. Það er um 7x3 m stórt að innanmáli og snýr austur-vestur. Dyr eru nyrst á vesturvegg þess. Hvergi sér í grjót í hleðslum hólfsins. Hólf VII er sunnan við hólf V. Það er óljósast allra hólfanna. Hleðslur þess eru lægri en annarra hólfa um 0,4 m háar. Hólfið er um 2x3 m stórt að innanmáli og snýr austur-vestur. Engar skýrar dyr eru á því. Hólf VIII er austan við hólf I. Það er áþekkt hólfi V með lægri hleðslum um 0,6 m og var einhvers konar gerði sambyggt bænum að austan, mögulega kálgarður. Hólfið er um 16x8 m stórt að innanmáli og snýr norður-suður. Engar skýrar dyr eru á því og hvergi sér í grjót í hleðslum þess. Hólf IX er norðan við hólf VIII. Það er um 7x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Dyr eru á miðri austur hlið þess. Tóft B er um 20 m sunnan við tóft A. Hún er tvískipt um 7x7 m stór. Hleðslur tóftarinnar eru um 0,8 m háar. Stærra hólfið I er austar. Það er um 4x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Dyr eru á því á miðjum austurvegg. Á einum stað sér í grjót í hleðslum hólfsins. Hólf II er fast vestan við hólf I. Engar dyr eru á því. Það er um 2,5x2 m stórt að innanmáli og snýr norður-suður. Hvergi sér í grjót í hleðslum þess. Tóft C er um 40 m sunnan við tóft B. Hún er um 6x7 m stór og snýr austur-vestur. Tóftin er tvískipt. Hólf I er stærra. Það er norðar í tóftinni um 3x5 m stórt að innanmáli. Dyr eru á miðjum austurvegg þess. Hólf II er fast sunnan við hólf I. Það er um 2x5 m stórt að innanmáli og snýr austur-vestur. Dyr eru á miðjum austurvegg þess. Ekki er gengt á milli hólfa. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,8 m og hvergi sér í grjót í þeim. Tóft D er um 15 m sunnan við tóft C. Hún skiptist í þrjú hólf, er um 18x9 m stór og snýr norður-suður. Nyrst er niðurgrafin dæld,

hólf I. Hún er um 8x3 m stór að innanmáli og um 0,7 m djúp. Svo virðist sem gengið hafi verið inn í hana frá austri og hugsanlega hefur einnig verið gengt í hana úr hólfi II að sunnan. Hólf II er einnig að hluta niðurgrafið en þar má greina hleðslur með vesturhlið dældarinnar. Dældin er um 1,2 m djúp og um 5x3 m stór að innanmáli. Hún snýr norður-suður. Hólf III er fast sunnan við hólf II. Það er um 5x3 m stórt að innanmáli og hleðslur þess eru hæstar um 1 m. Hugsanlega hefur verið jata með suðurvegg þess. Dyr eru á því á miðjum austurvegg. Hér og þar sér í grjót í hleðslum hólfsins. Tóft E er um 25 m sunnan við tóft D. Hún er einföld um 4x3 m stór og snýr ASA-VNV. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,4 m. Dyr eru á henni á miðjum ASA-vegg. Hvergi sér í grjót í



Mynd 227 Tóftir A-E og garðlagið

tóftinni. Tóft F er um 20 m sunnan við tóft E. Hún er einföld og sigin um 4x3 m stór og snýr austur-vestur. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,3 m. Hvergi sér í grjót í tóftinni en svo virðist sem dyr hafi verið á miðjum austur- og vesturvegg hennar. Tóft G er um 1,5 m sunnan við tóft F. Hún er tvískipt um 9x5 m stór og snýr VSV-ANA. Hólf I er austar, það er um 4x2 m stórt að innanmáli og snýr eins og tóftin. Dyr eru á miðjum austurvegg þess. Hólf II er fast vestan við hólf I. Það er að hluta niðurgrafið, um 0,5 m djúpt. Hólfið er um 4x2,5 m að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Ekki er ljóst hvort eða hvar dyr hafa verið á því. Hleðslur tóftarinnar eru um 0,5 m háar og hvergi sér í grjót í þeim. Tóft H er um 2 m vestan við tóft G. Tóftin er einföld, niðurgrafin um 1 m djúp. Tóftin er um 14x3 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er egglaga og svo virðist sem gengið hafi verið niður í hana frá miðjum vesturenda hennar. Ekkert grjót er í dældinni en líklega hefur verið hlaðið upp með austurenda hennar þar sem hún er dýpst. Tóft I er um 65 m SSV við tóft H. Hún er einnig niðurgrafin, um 0,5 m djúp. Tóftin er um 5,5x4 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hvergi sér í grjót í henni og óvíst hvar gengið hefur verið inn í hana en sennilega hefur það verið í norðausturhorni hennar þar sem hún er ívið grynnri. Götur liggja suðvestan við tóftirnar til norðausturs. Þær hverfa í báða enda nokkuð skyndilega í þýfðan móann. Göturnar eru á um 5 m breiðu bili, 3-5 skorningar sem eru um 0,3 m djúpir. Vestan við göturnar er mýrarspilda og vestan hennar er garðlagsbútur. Garðlagið sem líklega hefur markað tún býlisins liggur frá suðvestri til norðausturs við suðaustur mörk tóftasvæðisins. Það hverfur skyndilega í suðvestur endann í þýfðan móann en að norðaustan í ræktuð tún. Það er hlaðið úr torfi, um 0,5 m hátt og um 0,6 m breitt. Garðlagið er alls um 165 m langt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:JÁM II, 124; Ö-Hraungerðishreppur, 36, 37.

ÁR-065:015 *Ármótsborg* tóftir beitarhús 63°59.249N 20°55.057V

"Ármótsborg. Borgartóft austan við Borgarvík," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Borgartóft er um 660 m austan við bæ 001.

Tóftin og dæld vestan við hana eru í þýfðum mosavöxnum móa. Hér og þar eru flög þar sem skín í beran jarðveginn. Sunnar eru ræktuð tún.

Tóftin er af beitarhúsi. Hún og dældin eru á



Mynd 228 Beitarhúsið, horft til norðurs

svæði sem er alls um 40x20 m stórt og snýr norður-suður. Tóftin er um 23x7 m stór og snýr norður-suður. Hún er tvískipt. Hleðslur hennar eru úr torfi og grjóti, hæstar um 1,5 m. Hólf I er sunnar, það er um 10x5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Dyr eru á miðjum suðurvegg þess og vestarlega á norðurvegg. Um 0,5 m há hlaðin jata er meðfram austurvegg þess. Líklega hefur einnig verið jata með vesturveggnum en hann er talsvert hruninn inn í tóftina svo erfitt er að segja til um það með vissu. Hólf II er að hluta niðurgrafið um 0,6 m og hefur líklega verið hlaða. Hólfið er um 5x4 m stórt að innanmáli og snýr norður-suður . Hleðslur hólfsins er um 2 m háar að innan og þar má sjá allt að 12 umför grjóts í hleðslum. Í hólfinu er lítil hlaðin kró upp við austurvegginn. Hleðslur hennar eru eingöngu úr grjóti um 1-2 umför um 0,3 m há. Króin er um 1x4 m stór og snýr norður-suður. Bárujárn er ofan í hólfi II sem bendir til að bárujárnsþak hafi verið á tóftinni. Um 20 m sunnan við hana er sem stungið hafi verið niður í þýfðan móann og djúp, regluleg dæld mynduð. Hún er um 10x5 m stór og snýr NNA-SSV. Dældin er um 1,2 m djúp. Engar skýrar hleðslur eru við hana en líklega hefur hún verið nýtt sem einhverskonar aðhald við beitarhúsin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 35.

ÁR-065:016 *Borgarvík* tóftir fjárskýli 63°58.958N 20°57.120V
"Borgarvík. Mýri sem skerst í norðaustur úr Austurmýri," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Tóft og þýfður hóll er um 1 km vestur frá bæ 001 og rúma 450 m vestur frá bæjartóft Stekka 014a.
Hóllinn og tóftin eru á sléttu grasivöxnu svæði austan og sunnan árinnar þar sem hún sveigir til norðaustur. Austar er þýfður mói.




Mynd 229 Vegurinn, horft til austurs og tóftin séð úr norðri

Hóllinn, tóftin og traðirnar eru á svæði sem er um 50x60 m stórt og snýr norður-suður. Hóllinn er um 13x26 m stór og snýr NNA-SSV. Hann er 1,5 m hár og dældóttur í toppinn. Engar skýrar hleðslur eru á honum og ekki unnt að greina hólfaskiptingu en ugglaust leynast mannvistarlög undir sverði. Upphlaðnar traðir liggja að suðausturhorni hans úr austri. Þær eru um 0,5 m háar og um 1,5 m breiðar. Sést til þeirra á um 50 m löngum kafla þar til þær hverfa skyndilega í þýfðan móa. Tóft B er um 4 m norðan við hólinn. Hún er 20x16 m stór, tvískipt og snýr norður-suður. Veggirnir eru mjög þykkir og hólfin fremur óljós en líklega hefur þekjan hrunið ofan í þau en tóftin er nú algróin og hvergi sér í grjót í henni. Hólf I er um 7x3 m stórt að innanmáli og virðist hafa verið opið til suðurs. Hólf II er um 7x12 m stórt og opið til suðurs. Hæð hólfanna, eða hólsins, öllu heldur, er um 1 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 35.

ÁR-065:017 *Ferjustaður* heimild um ferju 63°59.913N 20°54.474V
"Ferjustaður. Austan við Kallholt (var lögferja frá Öndverðanesi. Tanginn ber sama nafn)," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Ferjustaðurinn er um 1,8 km norðaustan við bæ 001.
Þar sem ferjað var yfir ána er hún mjó og fremur lygn. Klettasnös gengur fram í ána á þessum stað og fast vestan við hana er dálítil sandvík þar sem hægt hefur verið að draga bát að landi. Norðan árinnar gengur urðarholt fram í hana en vestar er bakkinn lægri og þar hefur verið hægt að koma að landi.
Engin mannvirki eru sjáanleg á ferjustaðnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 35.


Mynd 230 Ferjustaðurinn, horft til norðausturs

ÁR-065:018 *Fjóshóll* heimild um fjós 63°59.132N 20°55.920V
"Fjóshóll. Í túninu vestur frá bænum [001]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Fjóshóll er um 70 m norðvestur frá bæ 001, um 30 m vestan við núverandi heimreið og um 20 m sunnan við steypt hesthús.
Fjóshóll er í sléttu túni með náttúrulegum hólrimum.
Engin ummerki fjóss sáust á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 35.

ÁR-065:019 *Gildruklettar* örnefni refagildra 63°59.899N 20°54.285V
"Gildruklettar. Tveir háir klettar milli Ferjustaðs og Gjáar," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Milli Ferjustaðarins 017 og Gjáar eru nokkrir klettadrangar þar sem hraunið mætir Hvítá. Tveir þeirra eru mest áberandi og eflaust þeir sem nefndir eru Gildruklettar. Vestari kletturinn er um 160 m ASA við ferjustaðinn 017 en sá eystri er um 70 m austar.
Klettarnir eru mosavaxin hraunbjörg við ána.
Engin ummerki um gildur fundust á vettvangi á eða við klettana og ekki víst af hverju örnefnið er dregið. Erfitt er að sjá vel yfir svæðið vegna bjarganna og má ímynda sér að það hafi hlotið nafn sitt af því að erfitt var að sitja yfir fé á þessum stað og hversu erfitt það er yfirferðar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 35.

ÁR-065:020 *Grafarmýri* heimild um mógrafir 63°59.837N 20°55.338V
"Grafarmýri. Mýri með Hvítá vestan við Kallholt," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Grafarmýri er fast sunnan við Hvítá vestan við Ferjustað 017. Hún er um 1,4 km norðan við bæ 001 og tæplega 400 m vestan við vörðu 023.
Mýrin er blaut sefmýri. Umhverfis hana að vestan og sunnan er mosavaxinn melur en að austan er ræktað tún á Kallholti.
Mýrin liggur í sveig frá ánni til suðurs og suðausturs fyrir holtið sem varða 023 er á. Mógrafasvæðið er um 300 x 250 m stórt og snýr suðvestur-norðaustur. Svæðið er nánast U-laga umhverfis sefmýri og eru í mosavöxnum móa. Mógrafirnar voru ekki skráðar á vettvangi heldur sáust þær á loftmynd. Því vantar upplýsingar um dýpt þeirra, hvort þær séu blautar og nákvæman fjölda. Á loftmyndinni sést þó að þær stórt svæði og mógrafirnar yfir 100 talsins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 35.


Mynd 231 Grafarmýri, horft til norðurs

ÁR-065:021 *Narradæl* brunnur brunnur 63°59.121N 20°55.861V
"Narradæl. Dæla suðvestur í túninu við samnefndan brunn," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Brunnurinn er neðarlega í aflíðandi brekku tæpum 50 m vestan við bæ 001 og núverandi heimreið er um 10 m vestan við brunninn.
Brunnurinn er í gróinni brekku og umhverfis brunninn er búið að planta sex röðum af öspum.
Brunnurinn er undir þaki, umhverfis hann er búið að gera kofa úr steypu, grjóti og torfi. Ofan á tóftinni er flaggstöng og borhola hefur verið gerð í brunninn. Kofinn er 3 x 3,5 m og grafin inn í brekkuna til norðurs. Hann er 1,3 m á hæð og snýr norður-suður. Inngangur er á suðurhlið og er hann steyptur. Sex umför af grjóti sjást í tóftinni.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 36.


Mynd 232 Brunnurinn, horft til norðurs

ÁR-065:022 *Torfvik* náma rista 63°59.445N 20°55.268V
"Torfvik. Mýrarsund norður frá Austurmýri, milli Hraunsnefs og Ness," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Torfvik er mýrarsund á milli móaholts að austan og ræktaðs túns að vestan, þar sem áður hét Austurmýri. Sundið er um 730 m norðaustan við bæ 001 og um 380 m norðan við beitarhúsatóft 015.
Mýrarsundið er þýft, vaxið mosa og kjarri.
Norðar og vestarlega í sundinu er stórt moldarflag með graseyrum í. Það er sumstaðar blautt. Flagið er

hugsanlega ör eftir ristu. Það er um 90x60 m stórt og snýr norður-suður. Vatn safnast greinilega í flagið í vætutíð og hefur eflaust ýkt það, það er nú um 0,6 m djúpt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 37.

ÁR-065:023 varða óþekkt 63°59.784N 20°55.328V



Mynd 233 Varðan horft til austurs

Um 1,3 km norðaustan við bæ 001 og um 380 m ANA við Þrívörðuholt 026 er varða.
Varðan er á mosavöxnu holti fast sunnan og vestan Grafarmýrar 020. Í aðrar áttir er þýfðir melar.
Varðan virðist eingöngu vera hlaðin úr torfi en ekki er hægt að útiloka að grjót sé í henni sem nú er algróið. Hún er um 1 m há og um 1x0,5 m stór og snýr norður-suður. Hlutverk hennar er ekki þekkt en hugsanlega hefur hún markað leið sem hefur legið um holtin að ferjustaðnum við Hvítá 017 sem er um 740 m ANA við hana.
Hættumat: engin hætta

ÁR-065:024 náma mógrafir 63°59.258N 20°54.460V

Um 30 m norðvestur af beitarhúsatóft 030 og um 1,3 km austan við bæ 001 eru mógrafir.



Mynd 234 Mógrafirnar horft til vesturs

Grafirnar eru í þýfðum móa.
Mógrafirnar eru fjórar á svæði sem er um 150x150 m stórt. Þær eru misstórar. Tvær vestustu grafirnar eru minni um 5x3 m stórar og snúa austur-vestur. Þær eru einnig grynnri um 0,15 m djúpar. Þær eru þurrar og grónar. Eystri grafirnar og þær sem eru nær beitarhúsatóftinni eru stærri. Sú vestari af þeim er um 10x3 m stór og snýr austur-vestur. Hún er einnig þurr. Austasta gröfin er stærst. Hún er um 25x10 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Gröfin er blautari og dýpri en hinar grafirnar, alls um 0,3 m djúp.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 37.

ÁR-065:025 *Þvottadæl* heimild um þvottastað 63°59.142N 20°56.142V



Mynd 235 Þvottadæl, horft til austurs

"Þvottadæl. Stór dæla vestan við túnið, " segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Þvottadæl er um 260 m vestan við bæ 001.
Dælan er í mýrlendum móa um 130 m VNV við túngarð Stóra-Ármóts 012. Vestar er þýfður mói.
Engin mannvirki sjást við dæluna. Hún er um 0,.5 m djúp og um 50x30 m stór, snýr norður-suður. Hún er að mestu þurr (júní 2008) og vatnið sem er í henni gruggugt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 37.

ÁR-065:026 *Þrívörðuholt* örnefni 63°59.656N 20°55,692V



Mynd 236 Þrívörðuholt, horft til vesturs


"Þrívörðuholt. Í nesinu suðvestur frá Grafarmýri [020]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Þrívörðuholt er um 970 m NNA við bæ 001 og um 915 m norðan við beitarhúsatóft 015.
Holtið er mosavaxið. Vestan og sunnan við það er túnrækt en annars þýfður mói.
Engar vörður eru nú á holtinu en á því eru þrír klapparhnausar sem hugsanlega hafa verið undirstöður varðanna sem holtið er kennt við. Hlutverk varðanna er ekki þekkt en hugsanlega hafa þær verið leiðarvísar að mógröfunum í Grafarmýri 020.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 37.

ÁR-065:027 heimild um býli

"Hjáleiga var áður heim við bæinn, sem ekki hafði neitt sjerlegt nafn, en var kend við ábúandann hvörn sem á bjó, og urðu því nöfnin ýmisleg. Þessi hjáleiga hefur í auðn verið í 19 ár, en bygð fyrir manna minni. ... Ekki má hjer aftur byggja nema til rýrðar heimajörðunni," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Nákvæm staðsetning hjáleigunnar er ekki þekkt né sýnilegar tóftir heima við bæ. Engin staður er líklegri en annar og því ómögulegt að staðsetja hana. Líkleg má telja að hjáleigan hafi verið sléttuð út eða horfið undir byggingar.
Engin ummerki hjáleigunnar var að sjá heima við bæ 001.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM II, 125.

ÁR-065:028 tóft beitarhús 63°59.772N 20°54.785V





Mynd 237 Beitarhúsið horft til norðvesturs

Beitarhús er um 1,4 km norðaustan við bæ 001 og rúma 450 m suðaustan við Gildrukletta 019 að sögn Hildu Pálmadóttur, heimldamanns. Malarvegur sem liggur norður frá malarplani við núverandi fjós er fast fyrir austan tóftina. Hún er í þýfðum slakka til austurs niður úr holti er kallast Kallholt.
Tóftin er í aflíðandi brekku til austurs. Ræktað tún er til vesturs en annars er þýfður mói allt umhverfis tóftina. Mýrlendi er um 10 m norðaustan við tóftina.
Tóftin er 9 x 4 m, er einföld og snýr suðaustur-norðvestur. Inngangur er á miðri norðvestur hlið. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og sjást tvö umför af grjóti í þeim. Jötur hafa verið eftir beitarhúsunum endilöngu. Tóftin er gróin en víða glittir í grjót.Tóftin er í töluverðum halla.
Hættumat: engin hætta

ÁR-065:029 þúst útihús 63°58.993N 20°55,801V




Mynd 238 Útihúsið horft til norðurs

Um 270 m sunnan við bæ 001 er lágur moldarhóll. Hann er um 30 m austan við heimreið að Stóra-Ármóti.
Hóllinn er í suðvesturhorni sléttaðs túns.
Hóllinn er um 7x4 m stór og snýr austur-vestur. Hann er um 1 m hár. Hóllinn er gróinn en í norðurhlið hans skín í beran jarðveginn þar sem stórgripir hafa nuddað af gróðurþekju. Ekkert grjót sést í eða á hólnum en líklegt þykir að hann kunni að vera gerður úr uppsöfnuðum mannvistarlögum þar sem hann stingur mjög í stúf í annars sléttu túninu. Hóllinn er flatur í toppinn líklegt að á honum hafi staðið útihús frá bænum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-065:030 tóft óþekkt 63°59.303N 20°54.294V






Mynd 239 Tóftin horft til norðurs

Tóft er um 1,3 km austan við bæ 001, rúma 950 m sunnan við beitarhús 028 og um 30 m suðvestan við mógrafir 024. Malarvegur að nýbýlinu Hallandi II er um 60 m norðaustar.
Tóftin er í þýfðum og grónum móa. Vestan og norðan við hana eru uppblásnir hraunvellir.
Tóftin er 10 x 5 m, er einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru 1 m á hæð og sjást fjögur umför af steinum í þeim. Að utan eru veggirnir grónir. Inngangur

er á miðjum suðurvegg og jata er meðfram austurvegg. Ekki var hægt að sjá hvort að jata var á vesturvegg vegna hruns inn í tóftina. Tóftin er á lágum náttúrulegum hól. Líklegt er að þetta hafi verið beitarhús.
Hættumat: engin hætta

ÁR-065:031 þúst 63°59.430N 20°56.223V
Við yfirferð loftmynda komu í ljós þústir tæpum 650 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 750 m vestan við Torfvik 022.
Svæðið umhverfis þústirnar er mosavaxið og þýft.
Á svæði sem er um 45 x 15 m stórt eru tvær þústir sem var gefin bókstafur til aðgreiningar. Þúst A er 10 x 4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þúst B er um 25 m suðaustan við þúst A. Hún er 10 x 6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þar sem ekki var farið á vettvang vantar allar nánari upplýsingar um aðstæður og ástand þústanna. En að öllum líkindum eru þetta tóftir. Rúmum 90 m suðaustan við þúst B er mögulega þriðja þústin. Hún er 8 x 5 m að stærð og snýr norður-suður.
Hættumat: engin hætta

ÁR-066 Litla Ármót (Minna Ármót)



Byggt á túnakortum frá 1906 og 1918

1708, jarðardýrleiki óviss, Skálholtsstólseign.
1708: "Eistra Ámót, Minna Ámót og Litla Ámót, sama er jörðin. ... Tóftarústir sjást hjer tvennar í heimatúninu, sem áður hafa hjáleigur verið, ekki bygðar í 70 ár eður lengur" JÁM II, 125, 126.
1847, 30 1/3 hdr., bændaeign.
1708: "Fóðrast kann á allri jörðunni xii kýr, ii úngneyti, xxx ær, xx lömb, vi hestar. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga lök. Móskurður til eldiviðar nógur. ... Engjar spillast af átroðningi ferðafólks að austan og ofan úr sveitum, sem ferðast til fiskikaupa að sjáfarsíðunni, og so spillist engið af yfirgángi búsmalans, því. Landþröng er mikil, og njóta ábúendur þolinmæði nábúa sinna, en gjalda ei vissan toll fyrir. Hætt er kvikfje fyrir holgryfjulækjum og hraungjótum, sem oft verður skaði að. Vatnsból bregst á etur, og verður þá að þíða snjó og klaka fyrir menn og kvikfje" JÁM II, 126.
1918: "Tún 3,38 ha. ca 75% sljett og girt. Matjurtagarðar 15.55 arar" Túnakort 1918.

ÁR-066:001 *Litla Ármót (Minna Ármót)* bæjarhóll bústaður 63°58.556N 20°55.049V



Mynd 240 Bæjarhóllinn horft til norðurs

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 eru merkt fjögur hús á bæjarhól Litla-Ármóts. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Gamli bærinn í Litla Ármóti stóð um 50 m austan við núverandi íbúðarhús á bænum sem byggt var árið 1968. Hann stóð nær fast austan við núverandi fjós en vestan við þar sem nú stendur braggi. Bærinn sneri austur-vestur. Vestast var fjós og þá sambyggð hlaða og þá bæjarhúsin og sneru gaflar til suðurs. Búið var í gamla bænum til 1969 en hann var rifinn um 1980. Fjósið sem var sambyggt honum var rifið fyrr um 1970 en hlaðan mun síðar um 1997. Hlaðan var um 2 m djúp með hlöðnum veggjum.
Þar sem bærinn var er nú malarplan á milli útihúsanna, núverandi fjóss og bragga. Hluti núverandi fjóss er þar sem hlaðan var en eftir að hún var rifin var byggt við það og bæjarhlaðið stækkað til suðurs.
Núverandi íbúðarhús og útihús í Litla Ármóti eru á stórum náttúrulegum hól sem er um 6-10 m hár. Þar sem gamli bærinn stóð má greina litla hæð úr austri sem er um 1 m há og liggur norður-suður. Hún er á að giska 32 m löng en ekki er hægt að ákvarða breidd hennar né nákvæma lengd enda hefur mikið rask átt sér stað á og umhverfis gamla bæjarstæðið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-066:002 heimild um kálgarð 63°58.544N 20°55.084V
Kálgarður er merktur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 fast vestan við bæ 001. Sami kálgarður er merktur á túnakort frá 1918. Kálgarðurinn var fast sunnan við vesturenda fjóssins sem er vestan við gamla bæjarstæðið 001.
Umhverfis fjósið er malarplan.
Engin ummerki kálgarðsins sjást nú við fjósið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-066:003 heimild um kálgarð 63°58.545N 20°55.054V
Kálgarður er merktur fast sunnan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Kálgarðurinn var í brekku niður, suður, undan bænum 001.
Þar er nú slétt malarplan hluti af uppfyllingu sem rutt var út þegar bæjarhlaðið var stækkað árið 1997.
Engin ummerki kálgarðsins sjás á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-066:004 heimild um traðir 63°58.538N 20°55.093V
Traðir eru merktar að bæ 001 úr vestri á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Traðirnar hafa legið á svipuðum stað og núverandi heimreið að bænum.
Heimreiðin liggur upp á hólinn úr vestri, norðan við núverandi íbúðarhús og sunnan við útihúsin sem eru austar á hólnum.
Engin ummerki eldri traða sjást en núverandi heimreið hefur verið hefluð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-066:005 heimild um útihús 63°58.57N °20°55.074V
Útihús var um 30 m norðan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið hefur staðið undir norðurenda bragga sem nú stendur austast á þeim hól sem bæjarhúsin eru á. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og því líklega fallið úr notkun þá.
Vestan og sunnan við braggann er moldarplan en að norðan og austan eru slétt tún.
Engin ummerki hússins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-066:006 *Lambhúshóll* heimild um útihús 63°58.602N 20°54.819V
"Lambhúshóll. Í túninu norður frá bænum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Útihús var um 160 m ANA við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Úthús 006 og 007 voru uppi á hól austast í túninu sem heitir Lambhúshóll.
Hóllinn er í sléttu túni.
Engin ummerki hússins sjást. Betzy Marie Davíðsson sem flutti að Litla Ármóti árið 1984 man eftir spýtnabraki á þessum slóðum sem hugsanlega hefur verið úr öðru hvoru útihúsanna. Annað hvort þeirra eða bæði hafa sennilega verið það lambhús sem hóllinn er kenndur við.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 24, bæjarteikningar danskra landmælingamanna

ÁR-066:007 heimild um útihús 63°58.588N 20°54.878V
"Lambhúshóll. Í túninu norður frá bænum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Útihús var um 130 m VNV við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihús 006 og 007 voru á hól austast í túninu sem heitir Lambhúshóll.
Þar er nú slétt tún.
Engin ummerki hússins sjást. Betzy Marie Davíðsson sem flutti að Litla Ármóti árið 1984 man eftir spýtnabraki á þessum slóðum sem hugsanlega hefur verið úr öðru hvoru útihúsanna. Annað hvort þeirra eða bæði hafa sennilega verið það lambhús sem hóllinn er kenndur við.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 24, bæjarteikningar danskra landmælingamanna

ÁR-066:008 heimild um býli
"Tóftarúster sjást hjer tvennar í heimatúninu, sem áður hafa hjáleigur verið, ekki bygðar í 70 ár eður lengur ... Má hjer ekki aftur byggja nema heimajörðunni til rýrðar og skaða," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Bærinn í Litla Ármóti stendur á háum náttúrulegum hól þar sem vafalaust hefur verið rúm fyrir hjáleigu(r) auk bæjarhúsa Litla-Ármóts en láglendið umhverfis hólinn hefur verið blautt áður en það var ræst fram. Mikið er búið að byggja á hólnum með tilheyrandi raski. Heimildamaður, Betzy Marie Davíðsson í Litla Ármóti kannaðist ekki við neina hóla eða tóftir sem gætu hafa verið af hjáleigunni í heimatúninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM II, 126.

ÁR-066:009 heimild um býli
"Tóftarúster sjást hjer tvennar í heimatúninu, sem áður hafa hjáleigur verið, ekki bygðar í 70 ár eður lengur ... Má hjer ekki aftur byggja nema heimajörðunni til rýrðar og skaða," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Bærinn í Litla Ármóti stendur á háum náttúrulegum hól þar sem vafalaust hefur verið rúm fyrir hjáleigu(r) auk bæjarhúsa Litla-Ármóts en láglendið umhverfis hólinn hefur verið blautt áður en það var ræst fram. Mikið er búið að byggja á hólnum með tilheyrandi raski. Heimildamaður, Betzy Marie Davíðsson í Litla Ármóti kannaðist ekki við neina hóla eða tóftir sem gætu hafa verið af hjáleigunni í heimatúninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM II, 126.


ÁR-066:010 *Brunnbrekka* brunnur brunnur 63°58.531N 20°55.140V
"Brunnbrekka. Brekkan í túninu vestan við bæinn," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Brunnurinn sem brekkan er kennd við er um 90 m suðvestan við bæ 001 og um 30 m vestan við núverandi íbúðarhús, í slakka vestan við heimreiðina.
Brunnurinn er á grónu, smáþýfðu svæði. Fast vestan við hann er lækjarspræna og þá slétt tún. Norðar og austar hækkar land upp á hólinn að núverandi íbúðarhúsi.
Brunnurinn er upphlaðinn. Hann er um 2x2 m stór og um 0,6 m hár. Járnplata er nú yfir opi hans.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 24.


Mynd 241 Brunnurinn horft til ANA

ÁR-066:011 *Loftsstekkur* tóft stekkur 63°58.820N 20°54.804V
"Loftsstekkur. Grjóthóll í norður frá bænum við Efstaskurð," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Loftsstekkur er um 530 m NNV við bæ 001.



Mynd 242 Stekkurinn horft til vesturs



Stekkjartóftin er norðvestan undir klapparholti í þýfðum móa.
Tóftin er um 9 x 5 m stór og snýr austur-vestur. Hún er tvískipt. Stærra hólfið II er austar. Það er um 6x3 m stórt og snýr eins og tóftin. Dyr eru syðst á austurvegg þess. Hólf I er fast vestan við hólf II. Það er um 3x1 m stórt að innanmáli og snýr norður-suður. Dyr eru á miðjum suður- og norðurvegg þess. Hleðslur tóftarinnar eru nokkuð tilgengnar, hæstar um 0,6 m. Víða glittir í grjót í tóftinni en engar skýrar grjóthleðslur eru greinilegar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 24.

ÁR-066:012 *Móvað* heimild um vað 63°58.025N 20°56.044V



Mynd 243 Vaðið, horft til suðvesturs


Móvað lá yfir Engjalæk sem hlykkjast í gegnum land Litla-Ármóts og fleiri bæja á svæðinu. Engjalækur er djúpur í landi Litla-Ármóts, er yfirleitt um 1 m djúpur og um 2 m á breidd. Móvað er tæpa 360 m vestan við fjárhús 011, rúma 250 m sunnan við Surtishólavað 016 og um 1,3 km vestan við bæ 001.
Þýfður mói er allt umhverfis vaðið. Þar sem vaðið var gengur náttúruleg hraunhella út í lækinn. Á þessum slóðum rennur Engjalækurinn austur-vestur og er tæpir 2 m á breidd en einungis um 0,4 m djúpur. Til norðurs er 10-15 m breitt moldarflag að vaðinu. Ekki sést eiginleg gata á svæðinu.
Engin ummerki vaðsins sáust á vettvangi.
Hættumat: engin hætta

ÁR-066:013 tóft beitarhús 63°58.038N 20°55.612V

Beitarhús er um 1,1 km vestan við bæ 001 og rúma 520 m austan við mógrafir 015 að sögn Betzy Marie Davíðsson, heimildamanns. Nýlegur vegslóði sem liggur til vesturs er tæpum 10 m fyrir norðan tóftina. Tóftin er í grónu, sléttu og afgirtu túni.




Mynd 244 Beitarhúsið horft til austurs



Til suðurs og austurs er þýfður mói en gróin tún til norðurs og vesturs. Tóftin er í grasivöxnu og sléttu túni sem hefur verið sléttað.
Á svæðinu sem er 22 x 20 m stórt er tóft og brunnur. Svæðið snýr austur-vestur. Tóft A er 19 x 6 m stór, snýr NNA-SSV og bárujárnsþak er yfir henni allri. Tóftin er tvískipt. Hólf I er sunnar í tóftinni, er 13 x 6 m að innanmáli og snýr norður-suður. Þakið hefur hrunið inn í hólfið ásamt veggjum og því er það hálffullt af braki. Veggirnir eru um 1 m á þykkt og inngangur er á miðri norðurhlið. Veggirnir eru um 1-
1,5 m á hæð og sjást þrjú umför af grjóti í þeim með streng á milli. Í austurvegg sjást fjögur umför af grjóti. Þakið hefur verið gert úr torfi, grjóti, timbri og bárujárni. Tæpa 2 m sunnan við hólfið er óregluleg grjóthrúga. Hún hefur líklega verið sett þarna þegar túnið var hreinsað og sléttað. Hólf II er norðan við hólf II, er 6 x 6 m að innanmáli og og snýr ANA-VSV. Hólfið er niðurgrafið um 1,5 m og mjög líklega hefur hér verið hlaða. Veggirnir eru á bilinu 0,4- 2,5 m á hæð og sjást níu umför af grjóti með streng á milli. Austur-og vesturveggur eru nokkuð raskaðir og mun lægri en hinir tveir veggirnir. Ekki er ljóst hvat innangegnt hefur verið á milli hólfa. Suðurhlið hólfsins er nánast horfin en inngangur gæti einnig hafa verið þar. Brunnur B er um 10 m fyrir austan tóftina. Hann er um 1 m í þvermál og torfi hefur verið hlaðið meðfram honum. Brunnurinn hefur

verið fylltur með steinum en það glittir í trélok í grasinu sem er yfir honum.
Hættumat: engin hætta

ÁR-066:014 tóftir mógrafir 63°58.017N °20°56.124V
Sex móstæði eru vestan Engjalækjar, sunnan og vestan mógrafa 015. Þau eru um 1,4 km suðvestan við bæ 001.






Mynd 245 Tóftir A og B, D og F úr suðaustri

Móstæðin eru á grónum mel. Austar og norðar er mýri með mógröfum 015.
Móstæðin eru sex og er hér gefinn bókstafur til aðgreiningar A-F. Þau eru á svæði sem er um 100x70 m stórt og snýr austur-vestur. Stæðin eru mjög áþekk að stærð og gerð. Þau eru öll einföld og um 5x2,5 m stór og án dyra. Þau eru hlaðin úr tveimur eða þremur umförum hraungrýtis og eru hleðslur þeirra 0,4-0,6 m háar. Móstæði A-F snúa NNA-SSV en stæði E og F snúa austur-vestur. Um 20-30 m eru á milli þeirra flestra. Móstæði F er þó lengra í burtu, um 55 m austan við A, austast allra móstæðanna.
Hættumat: engin hætta

ÁR-066:015 náma mógrafir 63°58.095N 20°56.244V
Í mýrinni vestan Engjalækjar um 1,3 km VSV við bæ 001 eru margar mógrafir.
Mógrafirnar eru í þýfðri mýri vestan Engjalækjar. Austan lækjarins og vestan mýrarsvæðisins er þýfður mói.
Mógrafirnar eru á svæði sem er um 90 x 110 m stórt og snýr austur-vestur. Þær eru fleiri en tölu verður á komið, flestar 0,4-0,7 m djúpar og blautar. Inn á milli grafanna eru þurrir þúfnabakkar. Ljóst er að mór hefur lengi verið tekinn á svæðinu og bera móbyrgin 014 einnig vott um það. Um 90 m norðvestar er annað mógrafasvæði sem er um 43 x 55 m stórt og snýr norður-suður. Þar eru einnig fjölmargar mógrafir sem flestar eru blautar.
Hættumat: engin hætta


Mynd 246 Mógrafirnar úr NNA


ÁR-066:016 *Surtishólavað* heimild um vað 63°58.139N 20°56.220V
Surtishólavað er yfir Engjalæk sem rennur í gegnum nokkur lögbýli á svæðinu. Vaðið er um 250 m fyrir norðan vað 012, 1,2 km vestan við bæ 001 og tæpa 550 m suðaustan við beitarhús 013. Vaðið lá norðvestur-suðaustur yfir Engjalæk.
Þýfður mói er allt umhverfis vaðið. Berghellur standa upp úr læknum og lítil moldarflög eru á báðum lækjarbökkunum. Vaðið er grunnt, innan við 0,2 m djúpt en um 5 m breitt.


Mynd 247Vaðið úr norðvestri

Engin ummerki gatna sáust á vettvangi.
Hættumat: engin hætta

ÁR-066:017 *Kálfafjós* frásögn fjós 63°58.564N 20°55.065V
Betzy Marie Davíðsson sem flutti að Litla Ármóti árið 1984 man eftir litlu útihúsi úr torfi og grjóti 10- 15 m norðan við gamla bæinn 001. Það var jafnan kallað Kálfafjós.
Þar sem fjósið var er nú slétt moldarplan.
Engin ummerki hússin sjást nú en húsið sem var rifið á 9. áratug síðustu aldar. Fjósið var lítið, mest um 5x4 m stórt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-067 Halakot



1847, hjáleiga frá Litla-Ármóti.
1918: "Tún 3.55 ha. ca 65% sljett og girt. Matjurtagarðar 9.30 arar" Túnakort 1918.

ÁR-067:001 *Halakot* bæjarhóll bústaður 63°58.454N 20°54.870V



Mynd 248 Bæjarhóllinn, horft til norðurs

Fimm hús eru merkt á bæjarhól Halakots á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Að sögn Svans Kristinssonar, heimildarmanns, var bærinn rifinn fyrir árið 1947. Hann stóð um 10 m suðaustan við núverandi íbúðarhús í Halakoti sem var byggt 1947. Nú er hesthús norðan við bæjarstæðið og til suðurs heimreiðin að núverandi íbúðarhúsi. Ekki sést móta fyrir bæjarhól né útlínum hans.
Bærinn stóð á náttúrulegum hól. Þar er nú sléttur grasbali með öspum og birki. Bærinn stóð í suðaustur horni grasbalans. Svæðið er notað sem beitarland fyrir hross.
Engin ummerki bæjarhólsins eru sjáanleg.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-067:002 heimild um kálgarð 63°58.451N 20°54.875V
Kálgarður er merktur sunnan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918 og var sambyggður bæjarhúsunum. Nú er vegur heim að hesthúsi til norðvesturs og heimkeyrsla til austurs þar sem kálgarðurinn var.
Þar sem kálgarðurinn var er nú um 8 m breitt, malarborið, plan sem snýr austur-vestur.
Ekki sést til kálgarðsins á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-067:003 heimild um útihús 63°58.450N 20°54.894V
Útihús var um 20 m vestan við bæ 001 samkvæmt túnakorti frá 1918 og hefur staðið um 14 m vestan við kálgarð 002. Vegur heim að núverandi hesthúsi liggur 10 m austar. Þar sem útihúsið var er nú 0,7 m löng, aflíðandi brekka til vesturs.
Gróin brekka. Hún er vaxin grasi, fíflum og öðrum svipuðum gróðri.
Engin ummerki útihússins eru nú (2008) á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918.

ÁR-067:004 heimild um traðir 63°58.447N 20°54.880V
Heimreið lá að bæ 001 úr suðvestri samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Þar sem heimreiðin lá er nú hlið inn á tún sunnan við heimkeyrsluna að núverandi íbúðarhúsi. Þar er nú um 40 m aflíðandi brekka til suðvesturs. Heimreiðin er ekki sýnd á túnakorti frá 1918.
Gróin tún heim að Halakoti og Litla Ármóti eru til vesturs. Til austurs og norðurs er bæjarstæðið sjálft og núverandi byggingar.
Engin ummerki heimreiðar sjást á yfirborði en samkvæmt túnakorti var hún um 40 m löng.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-067:005 *Gerði* heimild um óþekkt 63°58.446N 20°54.919V
"Gerði. Slétta vestast í túninu," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Gerðið var um 45 m vestan við bæjarstæði 001 og 17 m vestan við brunn 006. Nú er blautur pyttur 8 m vestar.
Vestan við veg að hesthúsi er nú slétt og gróið tún. Gerðið var í túninu, fast vestan við aflíðandi brekku til suðvesturs.
Engin ummerki gerðisins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 17.


ÁR-067:006 frásögn brunnur 63°58.450N 20°54.903V
Brunnur var um 265 m vestan við bæ 001, um 7 m vestan við útihús 003 og 20 m suðaustan við traðir 004. Hann hefur verið við endann á gróinni, aflíðandi brekku sem nær til vesturs frá bæjarstæði 001.
Grasivaxið, slétt tún með náttúrulegum hæðum er þar sem brunnurinn var.
Engin ummerki brunnsins sjást lengur (2008) á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-067:007 tóft fjárhús 63°58.123N 20°54.836V




Mynd 249 Fjárhúsin horft til suðurs



Tóft er rúmum 600 m sunnan við bæ 001. Fjárhúsin voru í notkun til ársins 1974 en þá fuku þau.
Tóftin er í þýfðum, grónum móa. Hraunklappir standa víða upp úr móanum. Umhverfis tóftina er sléttur grasbali.
Tóftin er 9 x 17 m stór, er tvískipt og snýr austur-vestur. Hún er gerð út torfi, grjóti og steypu. Alla suðurhliðina virðist vanta og má vera að hún hafi verið úr timbri og hafi alveg fokið árið 1974. Nú virðist tóftin tvískipt en hólfin hafa mögulega verið fleiri. Hólf 1 er vestar í tóftinni, er 9 x 16 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 2 m á hæð og átta umför af grjóti sjást í þeim. Suðaustur hluti hólfsins er með steyptu gólfi. Innangengt er á tveimur stöðum, hólfið er opið til suðurs og annar inngangur er norðurhorni á austurvegg. Ekki mótar fyrir jötum né görðum. Hólf 2 er er austan við hólf I, 1 x 2 m að innanmáli og úr steypu. Hólfið er opið til austurs og nokkuð hrun er inni í því. Veggirnir eru um 1 m á hæð. Ekki hefur verið innangengt á milli hólfa. Svanur Kristinsson, heimildamaður, vissi ekki hvenær fjárhúsin voru byggð eða hvort eldri tóftir hafi verið á svæðinu. Ákveðið var að skrá fjárhúsin vegna þess að þau eru gerð úr torfi og grjóti að mestu. Um 30 m fyrir norðaustan tóftina er náttúrulegum hóll með steinahrúgu. Þar gæti mögulega leynst mannvist undir sverði. Ekki sáust hleðslur né mótaði fyrir hólfum í hólnum.
Hættumat: engin hætta

ÁR-068 Langholt



Jarðarinnar er getiði í Sturlunugu, Sturl. GJ, II, 465 og í Árna sögu byskups, Bysk. GJ, I, 339. Árið 1484 kvittar Cicilla Andrésdóttur Árna prest Snæbjarnarson um andvirði fyrir 15 hundraða partinn í Langholti í Flóa, DI VI, 515. Árið 1488 selur Eiríkur Þorsteinsson Árna Snæbjarnarsyni sjö hundruð í jörðunni Langholti í Flóa, DI VI, 620. Árið 1502 seldi Stefán biskup í Skálholti Þorvarði lögmanni Erlendssyni jarðirnar Árbæ, Fossnes og Þórisstaði í Ölfusi fyirr jarðirnar Trarðarholt og hálft Langholt í Flóa, DI VII, 622. Jarðarinnar er getið í reikningum Skálholtsstóls frá 1559, DI XIII, 458. Jarðaskiptabréf á 5 hdr. í Langholti og Björk í Flóa frá 1566 er varðveitt, DI XIV, 534.
1708: Jarðardýrleiki óviss, Skálholtsstólseign. 1708: "Þessari jörðu er skift í 2 bæi og standa báðir innan garða, er minni bæirnn talinn ... fjórðungur allrar jarðarinnar. ... Langholtspartur [ÁR-070], öðru nafni Lángholltskot, bygt fyrir manna minni, talinn fjórðungur allrar jarðarinnar." JÁM II, 126-7.
1847: 42 2/3 hdr. Bændaeign.
1981: "Langholt III. Smábýli úr Langholti I sem Hreggviður Hermannsson frá Langholti stofnaði árið 1973. Býlinu fylgir 1 ha. eignarlands." SB II, 470.
1708: " Fóðrast kann xii kýr, iiii geldnaut, xl ær, xx lömb, i hestur alinn, vi á björg og haga. Hinu er í fóður komið eður einúngis vogað á útigáng. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga næg. Eldiviður brúkast af töðum alleina og annarsstaðar að tilfengnu hrísi. Eggversvon lítil af æðarfugli í einum hólma, sem liggur í Hvítá, og dúntekja þar af heppnast sjaldan til gagnsmuna. Skóg til kolgjörðar hefur jörðin brúkað í almenníngi ut supra; en nú um nokkur ár hefur ábúandi keypt skóg á Þingvöllum." JÁM II, 127.
1918: "Langholt (vesturbær). Tún 6.40 ha. girt í samsk. við haugholtshverfistúninu. 100% sljett. Matjurtagarðar 15.50 arar" Túnakort 1918. "Langholt (austurbær). Tún 2.9 ha. girt í samb. við fleiri tún. ca 100% sljett. Matjurtagarðar 8.43 arar" Túnakort 1918.

ÁR-068:001 *Lángholt* bæjarhóll bústaður 63°58.630N 20°53.600V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 voru bæirnir í Langholti, eystri og vestri, sambyggðir. Átta hús eru merkt á bæjarhól Langholts á bæjarteikningunni. Bæjarstæði Langholts er norðan við þjóðveginn. Steinhúsið sem er syðst og næst veginum stendur á bæjarhólnum. Traðir (endurhlaðnar) 005 liggja upp á hólinn að sunnan.
Steinhús stendur fremst á hólnum og ofar (aftan) við það er hlað og greinilegt að talsvert rask hefur verið á hólnum. Neðan og framan við er hinsvegar minna breytt.
Bæjarstæðið er utan í holti. Það er um 60 m breitt en erfiðara er að ákveða lengd vegna holtanna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-068:002 mannabein bænhús 63°58.631N 20°53.586V
1599: J laugardælasokn ero xiij logbyle og nockrar hialeigur. Tiundar adtekt j næstu x är er .xij aurar. stundum minna. stundum meira. J langhollte var til forna halfkirkia. þar med iiij kugilldi og golldner presti x. aurar J langhollte hefr ecke verid kirkia j næstu lx ar. og eckiert upphelldi þadan. AM 66a 8vo, bl. 35a-37b. Mannabein komu í ljós við jarðrask fyrir um 25-30 árum (2003) í austurenda bæjarhóls í Langholti. Þar stóð hús sem nú er horfið, austan við steinhúsið sem nú er á bæjarhólnum (sbr. 001). Þessi staður er austan við traðirnar 005 sem liggja upp á hóllinn. Er líklegast að beinafundurinn bendi til þess að þar hafi bænhúsið staðið.
Óræktarblettur - grjót og byggingarleifar. Þar sem beinin komu í ljósfast norðan og vestan við malarhlað.
Ekkert sést á yfirborði en greinilegt er að mikið hefur verið raskað við svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:AM 66a 8vo, bl. 35a-37b;

ÁR-068:003 gerði hesthús 63°58.614N 20°53.612V
Útihús og kálgarður umhverfis eru merkt fast sunnan við vestari bæinn 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Enn sér fyrir kálgarðinum fast austan við íbúðarhús í Langholti sem nú stendur þar sem gamli bærinn 001 stóð.
Kálgarðurinn er nú upphækkuð grasigróin flöt. Heimreið að bænum er fast norðan við hana en að sunnan er moldarflag. Austan við kálgarðinn er viðarpallur með leiktækjum.
Kálgarðurinn er um 20x13 m stór og snýr norður-suður. Hleðslur hans eru hæstar um 1 m frá suðri, austri og vestri en lægri úr norðri, 0,1-0,2 m. Kálgarðsveggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti en nú er nær alveg gróið yfir grjótið. Hreggviður Hermannsson bætti við austurvegginn til norðurs alveg að íbúðarhúsinu. Engin ummerki útihússins sem stóð innan garðsins samkvæmt túnakorti og bæjarteikningu sjást nú en samkvæmt Hreggviði var þar hesthús. Hann sagði einnig frá því að brunnur hafi verið innan garðsins vestan við hesthúsið. Ekki sér til hans heldur. Samkvæmt bæjarteikningunni náði garðurinn lengra til vesturs árið 1906 en hann gerir nú og hefur hann hugsanlega verið minnkaður í seinni tíð.


Mynd 250 Gerðið horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-068:004 gerði kálgarður 63°58.622N 20°53.590V
Kálgarður er merktur fast sunnan við eystri bæinn í Langholti 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Enn sér fyrir kálgarðinum um 4 m austan við íbúðarhúsið í Langholti sem stendur þar sem gamli bærinn 001 stóð og um 3 m norðan við kálgarð 003.
Vestan við kálgarðinn er malarstígur á milli kálgarðanna tveggja (005), sunnan við hann er slétt flöt en malarplan að norðan og austan.
Gerðið er um 23x17 m stórt og snýr norður-suður. Kálgarðshleðslurnar eru greinanlegar að vestan og sunnan en ógreinilegar úr öðrum áttum, þær eru grónar, um 1 m á hæð. Garðurinn er að hluta gróinn grasi en hluti af honum er enn nýttur til ræktunar m.a. á rabarbara.


Mynd 251 Gerðið horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-068:005 leið traðir 63°58.606N 20°53.605V




Mynd 252 Traðirnar horft til norðurs

Traðir lágu að bænum 001 úr austri samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Traðirnar hafa verið endurhlaðnar en eru nú á sama stað. Þær liggja á milli kálgarða 003 og 004 frá bæ 001 til suðurs líkt og merkt er á kortin en samkvæmt túnakortinu lá vegurinn þaðan til austurs fyrir sunnan kálgarð 004 og svo til norðausturs. Hreggviður Hermannsson kannaðist ekki við að vegurinn hafi legið sunnan við garðinn til norðausturs en taldi það ekki ósennilegt að hann hafi verið þar á merkjum milli Langholts og Hallanda.
Traðirnar sem enn sjást á milli kálgarðanna 003 og 004 eru malarbornar, grónir garðarnir eru hvor sinn megin við þær.
Traðirnar eru myndaðar af kálgarðsveggjunum sem eru um 1 m háir. Þær eru um 40 m langar og um 3 m breiðar. Austan við garðinn þar sem vegurinn lá áfram er verið að leggja nýja heimreið (júní 2008) en engin ummerki eldri traða sjást á framkvæmdasvæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-068:006 hús fjárhús 63°58.550N 20°53.588V







Mynd 253 Fjárhúsið horft úr norðvestri

Útihús var um 110 m sunnan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Útihúsið sem var fjárhús er enn í notkun og undir þaki. Það stendur á Krosshól um 130 m sunnan við bæ 001.
Fjárhúsin eru norðarlega á hólnum, umhverfis þau er slétt tún.
Fjárhúsin eru um 20x16 m stór og snúa austur-vestur. Þau eru undir þaki og skiptast í fimm hólf. Útveggir þess eru hlaðnir úr torfi og grjóti, þeir eru hæstir um 1,5 m og um 1 m breiðir. Milliveggirnir eru úr timbri og bárujárni og sumir standa á steyptum grunni. Þak hússins er úr bárujárni sem og suðurgafl þess og útveggir hólfs 6 sem líklega er síðar tíma viðbygging. Hólf I er í suðvestur horni hússins. Það er um 3x4 m stórt að innanmáli og snýr norður-suður. Dyr eru vestast á suðurvegg þess og hlaðin jata er upp við austurvegginn. Hólf II er fast austan við hólf I. Það er um 6x7 m stórt að innanmáli og snýr norður-
suður. Í hólfinu eru pallar og garðar úr timbri og á norður veggnum eru þrennar dyr inn í hólf IV auk þess sem tvennar dyr eru á suðurvegg hólfsins út úr því. Hólf III er fast austan við hólf II. Það er um 7x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Dyr eru austast á suðurvegg þess út úr húsinu og á miðjum norðurvegg þess inn í hólf IV. Hólf IV er hlaða. Hún er um 14x6 m stór að innanmáli og snýr austur-vestur. Breiðar dyr eru á austurvegg hlöðunnar auk áðurnefndra dyra inn í önnur hólf, I, II og III á suðurvegg hennar og dyra inn í hólf V syðst á vesturgafli hennar. Hólf V er fast norðan við hólf I. það er um 3x3 m stór að innanmáli. Útveggir þess eru úr bárujárni, líkt og áður sagði og líklegt að það sé seinni tíma viðbót við fjárhúsin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-068:007 heimild um hesthús 63°58.645N 20°53.505V
Útihús var um 80 m austan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Samkvæmt Hreggviði Hermannssyni var hesthús og sambyggður hænsnakofi á þessum stað sem var rifinn árið 1974.
Þar sem húsið var er nú malarvegur að hesthúsi, norðan við hann er bárujárnsklædd skemma en að sunnan er

grasflöt með öspum.
Engin ummerki hússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-068:008 heimild um fjárhús 63°58.655N 20°53.478V
Útihús var um 100 m austan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Samkvæmt Hreggviði Hermannssyni voru fjárhús á þessum stað sem voru rifin árið 1974.
Þar sem fjárhúsin voru er nú steinsteypt hesthús. Framan, vestan við það er malarplan.
Engin ummerki fjárhússins sjást en samkvæmt Hreggviði Hermannssyni tóku þau um 80 kindur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-068:009 garðlag landamerki 63°59.968N 20°52.511V
Að sögn Hreggviðs Hermannsonar, heimildamanns, var slægjuland í Langholtseyjum í Hvítá. Deilur voru um eignarhald á þessum eyjum við Snæfoksstaði ÁR-438 og því sett garðlag í stærstu eyjuna af ábúendum í Langholti.
Langholtseyjar eru þrjár talsins auk fjölda sandeyra. Þar breyðir Hvíta úr sér og er nokkuð breið. Skammt fyrir vestan eyjarnar eru flúðir í Hvítá og farvegur hennar þrengist til muna.
Túngarðurinn sést enn í eyjunni en ekki komust skrásetjarar út í hólmann sumarið 2008. Hreggviður Hermannsson, heimildamaður, merkti staðsetningu og legu garðlagsins inn á loftmynd. Aðalskráning fór fram á Snæfoksstöðum ÁR-438 árið 2000 og þar er umfjöllun um eyjuna (sjá fornleif ÁR-438:016). Samkvæmt Oddi Sveinbjörnssyni, heimildamanni, á Snæfoksstöðum, nytjuðu Snæfoksstaðir Langholtseyjuna en hann mundi ekki eftir garðlagi þar. Skrásetjari taldi sig þó skjá móta fyrir garðlagi í eyjunni. Túngarðurinn liggur norður-suður og er í austurhluta eyjunnar. Hann afmarkar austasta hluta eyjunnar, svæði sem er um 180 x 170 m stórt. Eyjan er gróin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hallandi, 1

ÁR-068:010 *Guðnatættur* þúst fjárskýli 63°59.320N 20°52.619V
"Í vesturbrún þeirrar heiðar [Eyjadalaheiðar] eru tættur, er Guðnatættur nefnast, líta út fyrir að vera gamlar húsatættur, en þá hafa ekki verið þar hús í þeirra manna minnum, er nú lifa," segir í örnefnalýsingu. Í annarri örnefnaskrá segir ennfremur: "Þrír grasi grónir hólar allstórir ... Eru þessir hólar á mörkum Fossmýrar og Borgarviks." Guðnatættur eru þrír grasivaxnir og stórþýfðir hólar um 1,5 km norðaustan við bæ 001 og um 600 m norðan við beitarhúsatóft 027.
Hólarnir eru á mörkum þýfðs og mosavaxins móa (Borgarviks) og þýfðar sinuvaxinnar mýri (Fossmýri).
Hólarnir þrír, A, B og C auk fjórða hólsins D eru á svæði sem er alls um 230x75 m stórt og snýr norður-suður. Hóll A er stærstur. Hann er um 30x18 m stór og snýr norður-suður. Hóllinn er um 1,5 m hár. Hóll B er um 40 m sunnan við hól A. Hann er um 28x8 m stór og um 1,2 m hár og snýr norðaustur-suðvestur. Hóll C er um 20 m norðaustan við hól A. Hann er um 37x20 m stór, 1,2 m hár og snýr norðaustur-suðvestur. Engar skýrar hleðslur eru á hólunum sem eru mjög þýfðir. Hér og þar glittir í grjót í þeim sem gæti verið aðflutt. Suðvestast á hól C er mjög græn dæld í þýfinu. Hún er um 4x4 m stór og gæti mögulega verið leifar einhverskonar mannvirkis þó líklegra sé að hún hafi myndast af því að þar hafi fé leitað skjóls. Um 130 m norðan við hól C er fjórði hóllinn D. Hann er um 20x12 m stór, snýr nær norður-suður. Hann er um 1,5 m hár. Samkvæmt örnefnaskrá eru Guðnatættur einungis þrír hólar en hóll D er mjög áþekkur hinum þremur og því er hann skráður með þeim. Þó engar skýrar hleðsluleifar séu á hólunum er líklegt að mannvistarleifar leynist í þeim undir sverði samanber örnefnið Guðnatættur. Örnefnið Borgarvik, austan hólanna gæti ennfremur bent til að fjárborgir hafi verið á þeim.


Mynd 254 Guðnatættur horft til norðurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Langholtslandareignir, 1; Ö-Langholt I, 1.

ÁR-068:011 *Krosshóll* frásögn huldufólksbústaður 63°58.535N 20°53.578V
"Krosshóll. Dálítil klettstrýta í túninu, rétt suður frá fjárhúsum, sem eru í syðri hluta túnsins," segir í örnefnaskrá. Krosshóll er um 130 m SSA við bæ 001. Á honum eru gömul fjárhús 006. Sunnan við þau eru klettadrangar þar




Mynd 255 Krosshóll horft til norðvesturs

sem þjóðsagan segir að búi huldufólk og að þar sé álfakirkja. Hóllinn er alveg aðskilinn Langholtinu og þjóðvegur liggur í dældinni á milli holltanna.
Heimildir:Ö-Langholt I, 1.

ÁR-068:012 hellir fjárhús 63°58.749N 20°53.458V
"Í túninu norðast eru brekkur, og undir þeim hellir ónefndur, en brekkurnar eru nefndar Hellirabrekkur," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum segir ennfremur: "Móbergshellir forn í túninu, fyrrum notaður fyrir fjárhús." Í Manngerðum hellum á Íslandi segir: "Langholtshellir er í túninu norðan við bæinn. Hellirinn er sjálfur afgamall en við vesturenda hans er hlaða sem Hermann Þorsteinsson bóndi í Langholti I byggði. Fyrir framan hellinn er langur forskáli. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti og torfi og í gólfinu eru hlaðin steinþrep. Þakið er úr bárujárni en torf ofan á. Traustir og þykkir raftar halda því uppi. Þrír fremstu raftarnir eru bönd úr skipi. Neðsti hluti forskálans og framveggur hellisins eru steyptir og hefur mótið verið klætt með bárujárni. Hellishvelfingin er bogalaga og regluleg. Á nokkrum stöðum hefur þó hrunið úr henni ... Meðfram báðum veggjum hellisins, enda á milli, eru timburjötur á hlöðnum stalli. Hægra megin er jötubotninn, að hluta til steyptur, en þar undir sést í harðan jökulruðning sem er undir standsteininum. Áður fyrr var útskot úr hellinum hægra megin en þegar hlaðan var byggð var því lokað með hleðslu. Fyrir enda var hlaðinn veggur áður en hlaðan var byggð. Fyrir aftan hann var sandsteinsblandin mold. Síðast var hellirinn notaður fyrir fjárhús árið 1968." Hellirinn er um 250 m norðaustan við bæ 001.







Mynd 256 Horft til ANA eftir hellinum og mynd tekin til vesturs


Hellirinn er í sléttu túni.
Hellirinn er um 18x10 m stór, mældur utanfrá, og snýr nær norðvestur-suðaustur. Vestast í honum var hlaða með hlöðnum veggjum sem nú er að mestu hrunin en þak hennar tók af í óviðri. Nú (júní 2008) er þar op niður í hellinn og aflíðandi moldarbrekka þar sem hleðslurnar eru hrundar að suðvestan en þær standa enn að hluta norðan til. Hlaðan er 2-2,5 m djúp frá yfirborði. Úr henni eru þrep niður í sjálf fjárhúsið. Það er um 5x8 m stórt að innanmáli og snýr eins og hellirinn. Meðfram langveggjum þess eru hlaðnar jötur. Þær eru um 0,5 m háar og um 0,8 m breiðar, 3-4 umför grjóts. Steypt hefur verið í jöturnar norðanmegin. Við suðausturenda fjárhússins eru tvö hlaðin þrep inn í forskálann og beggja vegna við innganginn í hann eru steyptar stoðir sem hafa verið steyptar í bárujárnsmót. Forskálinn er um 2x4 m stór að innanmáli og snýr eins og hellirinn. Þekja hans er nú hrunin. Samkvæmt Hreggviði Hermannssyni í Langholti I stendur til að gera hellirinn upp að einhverju leyti á næstu misserum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Langholtslandareignir, 1; SB II, 468; Manngerðir hellar, 111.

ÁR-068:013 *Héðinsgerði* heimild um 63°57.862N 20°53.451V
"Þaðan í norður [frá Stórhól] eru svonefnd Héðinsgerði, umgirt stykki með lækjum," segir í örnefnalýsingu. Héðinsgerði var um 1,4 km sunnan við bæ 001, norðan Engjalækjar.
Þar sem gerðið var eru margir skurðir samsíða sem liggja norður-suður og mynda mjóar spildur í þýfðum móanum.

Mikið rask hefur átt sér stað á svæðinu og engin ummerki gerðisins sjást. Það hefur líklega horfið við framræslu mýrarinnar og lækirnir komnir í skurði. Svæðið sem gerðið var á var að sögn Hreggviðs Hermannssonar slægjulönd Langholtsbænda og hefur gerðið líklega verið einhverskonar aðhald.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Langholtslandareignir, 2.

ÁR-068:014 brunnur brunnur 63°58.597N 20°53.745V
Brunnur er um 140 m vestan við bæ 001.
Brunnurinn er í sléttu túni.
Hlaðið hefur verið í kringum brunninn og er hleðslan um 3x3 m stór og um 0,2 m há. Hreggviður Hermannsson sagði að brunnurinn væri mjög djúpur og að hann væri vel hlaðinn. Nú hefur verið girt í kringum brunnin til að varna skepnum frá því að falla ofan í hann og plata lögð yfir opið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Langholt I, 1.

ÁR-068:015 *Gamlabyrgi* þúst óþekkt 63°59.611N 2052.219V
"Gamlabyrgi. Gömul uppgróin kofatóft við austurenda Bryggju," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Hreggviði Hermannssyni var Gamlabyrgi fast sunnan við Hvítá um 865 m suðaustan við Hallsker 016 og um 2,13 km norðaustan við bæ 001. Þar sem byrgið var er nú gróin dæld í árbakkann sem líklega er leifar þess.
Dældin er á grónum bakka Hvítár, þurr lækjarfarvegur er um 6 m austan við hana. Allsstaðar umhverfis er þýfður melur.
Dokkin er um 10x6 m stór og snýr norður-suður. Hún er skorin af kindagötum sem þvera hana. Dældin er um 0,7 m djúp. Engar skýrar hleðslur eru við hann og hvergi sér í grjót. Byrgið hefur hugsanlega verið veiðiskýli fyrir veiðimenn í Hvítá.




Mynd 257 Gamlabyrgi horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Langholt I, 1.


ÁR-068:016 *Hallsker* heimild um lögn 63°59.868N 20°53.102V
"Hallsker. Dálítill foss, sem kvísl úr Hvítá fellur í ofan í dæld í bergið, og myndar þá dálítið ker eða bás með klettum á 3 hliðar. Ker þetta er við norðausturenda Fossholts. Í þessu keri er laxalátur, en lax gengur ekki í kerið, nema þegar Hvítá er í talsverðum vexti," segir í örnefnaskrá. Á skerinu á maður að nafni Hallur að hafa drekkt sér eftir að hafa kveikt sinu sem brenndi allan Flóann á 17. eða 18. öld. Hallsker er tæpa 150 m norðvestan við veiðihús við Hvítá og um 2,3 km norðaustan við bæ 001.
Hallsker er náttúruleg skál í farvegi Hvítár. Foss úr ánni liggur ofan í kerið og rennur kvíslin úr skálinni beint í Hvíta aftur.


Mynd 258 Hallsker horft til austurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Langholt I, 1.


ÁR-068:017 tóft fjárhús 63°58.939N 20°51.658V
Um 150 m norðan við sumarbústað sem Langholtsmegin við merkin móti Oddgeirshólum og 50-60 m vestan við heita laug sem er Oddgeirshólamegin er tóft og gerði. Tóftin var reist yfir fé sem var baðað upp úr heitu laugarvatninu, hún er um 1,7 km austan við bæ 001.
Tóftin og gerðið eru í


Mynd 259 Fjárhúsið horft til suðurs



smáþýfðum grasivöxnum móa.
Tóftin og gerði sem er fast norðan við hana eru á svæði sem er alls um 12x10 m stórt og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld, um 8x8 m stór með dyrum á miðjum austur- og vesturvegg. Víða sér í grjót í hleðslum hennar sem eru hæstar um 1,3 m. Tóftin er einföld og þekjan hefur hrunið ofan í hana. Í gegnum hrunið mótar fyrir steinsteyptu fjárbaði. Gerðið vestan við tóftina er hlaðið úr hraungrýti. Hleðslur þess eru hæstar um 0,7 m. Það er um 10x7 m stórt og snýr austur-vestur. Gerðið er opið til austurs. Við suðausturhorn tóftarinnar er lág torfhleðsla sem myndar lítið hólf sem er um 2x2 m stórt út frá henni. Hleðslur þess eru um 0,4 m háar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-068:018 *Stekkur* tóft stekkur 63°58.211N 20°53.804V
"Stekkur. Gamalt grjótbyrgi sunnan við Langholtsheiði," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 70 m vestan við götu 028 og tæpa 800 m NNA við bæ 001. Vegur frá nýlegu hesthúsi liggur um 100 m vestar.




Mynd 260 Stekkurinn horft til austurs

Stekkurinn er í þýfðum móa með hraunhólum sem standa upp úr sverði.
Tóftin er 8 x 5 m og snýr austur-vestur. Hún er tvískipt, mjög ógreinileg og snýr austur-vestur. Hólf I er vestar í tóftinni og er 2 x 5 m að innanmáli . Ekki sést til inngangs né hafa verið dyr á milli hólfa. Öll norðurhliðin tóftarinnar er ógreinileg og nánast horfin. Telja verður líklegt að þar hafi verið inngangur. Austurhlið hólfsins er mun signari en sú vestari. Veggirnir eru 0,15 - 0,3 m á hæð. Hólf II er austan við hólf I er 5 x 4 m að innanmáli. Hólfið snýr norður-suður og ekki mótar fyrir inngangi. Grjót úr veggjum hefur hrunið inn í hólfið og það er frekar ógreinilegt. Veggirnir eru 0,4 m á hæð. Tóftin er grjóthlaðin og sjást tvenn umför í henni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Langholt I, 2.

ÁR-068:019 *Gerði* heimild um rétt 63°58.702N 20°53.370V
"Gerði. Austasti hluti gamla túnsins," segir í örnefnaskrá. Mannvirki er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 austast í túni og er það líklega rétt eða gerði sem túnið er nefnt eftir. Gerðið var um 120 m ANA við útihús 008 og um 110 m SSA við hellinn 012.
Þar er nú slétt tún.
Engin ummerki gerðis eða réttar sjást á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Langholt II, 1; bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-068:020 *Móhóll* heimild um mógrafir 63°58.713N 20°52.959V
"Móhóll. Hóll austast í Langholtsheiði. Þar var þurrkaður mór áður fyrr," segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar voru tæpa 550 m austan við bæ 001 og tæpa 450 m norðaustan við Hallanda ÁR-070:001. Vegur að Langholti II er um 30 m til suðurs. Svæðið hefur verið sléttað og fyllt upp í mógrafirnar.
Þar sem mógrafirnar voru er slétt og grasivaxið tún. Þær voru suðaustan til í túninu.
Engin ummerki mógrafa sjást á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Langholt II, 1.

ÁR-068:021 *Möngutóft* þúst óþekkt 63°58.500N 20°53.437V


Mynd 261 Möngutóft horft til SSV

"Möngutóft. Flatur hóll syðst í túninu. Gæti hafa verið húsarústir," segir í örnefnaskrá. Möngutóft er um 270 m sunnan við bæ 001 og um 80 m suðvestan við Gullhól 070:008. Hún er um 50 m suðaustan við íbúðarhúsið í Langholti III. Tóftin er merkt með punktalínum á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, syðst í túni.
Hóllinn er í sléttu túni.
Hann er ílangur um 30x15 n stór og snýr austur-vestur. Hóllinn hefur líklega verið sléttaður en hann er vafalaust að einhverju

leyti uppsöfnuð mannvistarlög. Hvergi sér í hleðslur á honum né í grjót en hann er einstakur í sléttu túninu. Hóllinn er um 1,3 m hár. Hugsanlega hefur hér verið útihús frá Langholti eða Langholtsparti en vera má að hér hafi verið býli Möngu sem hóllinn er kenndur við.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Langholt II, 1.

ÁR-068:022 garðlag túngarður 63°58.681N 20°53.453V
Túngarður liggur um suður- og austurmörk heimatúns í Langholti I. Syðsti hluti garðsins er um 150 m norðaustan við bæ 001.
Túngarðurinn liggur í sléttu túni.
Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 130x160 m stórt og snýr suðvestur-norðaustur. Hann er alls um 300 m langur. Syðst við suðausturmörkin er garðurinn lágur og siginn, 0,3-0,4 m hár og víða einungis eitt umfar. Við austurmörkinn verður hann greinilegri, um 0,7 m hár og þar má greina 3-4 umför grjóts. Norðar hækkar hann enn og er hæstur um 1 m áður en hann hverfur í malarnámu sem er norðan við túnið. Garðurinn er hlaðinn úr hraungrýti og þar sem hann er breiðastur er hann um 1 m á breidd. Túngarðurinn hefur án efa umlukt allt heimatúnið í Langholti og kemur ágætlega heim og saman við túnakort frá 1918.



Mynd 262 Túngarðurinn horft til austurs og suðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

ÁR-068:023 frásögn leið 63°58.623N 20°53.659V
Hreggviður Hermannsson í Langholti I man eftir reiðleið frá bæ 001 að Hallanda 069:001, sem er um 90 m norðan við þar sem gamli bærinn í Langholti stóð 001.
Vestan við bæjarhólinn 001 er grasivaxin hlíð niður að sléttu túni til vesturs.
Engin ummerki gatnanna sjást í sléttu túninu sem er á milli bæjanna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-068:024 brunnur brunnur 63°58.528N 20°53.531V
Um 4 m sunnan við íbúðarhúsið á Krosshól og um 60 m ASA við fjárhús 006 er brunnur. Hann er um 200 m suður frá bæ 001.
Brunnurinn er inni í sléttum og grasivöxnum húsagarði við íbúðarhúsið Krosshól.
Brunnurinn er kringlóttur um 1,3 m í þvermál. Hann er upphlaðinn og eru hleðslurnar um 0,5 m háar, mest 3 umför grjóts. Brunnurinn hefur verið fylltur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Mynd 263 Brunnurinn horft til NNA

ÁR-068:025 garðlag landamerki 63°59.247N 20°58.835V
Garðlag liggur fast austan við nýlegan malarveg milli Hallanda og Hallanda II. Áður var vegur að fjárhúsum sem standa við Hallanda II á svipuðum slóðum. Garðurinn liggur á mörkum Langholts og Hallanda 069.
Gróin tún eru austan og vestan við garðinn.
Garðurinn snýr norður-suður og hefur girðing verið sett ofan á hann. Garðurinn er tæplega 800 m langur, 0,3 m breiður og 0,4 m á hæð. Tvö umför af grjóti sjást í honum en hann er að mestu leyti gróinn. Garðurinn hverfur til norðurs frá Hallandi II en til suðurs gæti honum hafa verið raskað þegar vegurinn var lagður fyrir nokkrum árum. Garðlagið hverfur norðan við holtið sem Langholtshverfi stendur á. Garðlagið er að öllum líkindum


Mynd 264 Garðlagið horft til austurs

gamall landamerkjagarður.
Hættumat: engin hætta

ÁR-068:026 garðlag beitarhús 63°59.166N 20°53.375V



Mynd 265 Garðlagið horft til austurs


Garðlag er fyrir SSV bæ 001 og fyrir suðaustan garðlag 069:013. Á þessum slóðum var beitarhús en engin ummerki þess sjást lengur. Garðlagið liggur eftir þýfðum hrygg í grasivöxnu túni sem hefur verið sléttað.
Garðlagið liggur eftir ýfðum hrygg í grónu túni. Túnið er slétt með litlum hæðum og lægðum.
Garðlagið er rúmir 40 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Það er 0,7 m á hæð og um 0,5 m á breidd. Það er alveg gróið og hvergi sér glitta í grjót. Garðlagið hefur líklega verið lengra en horfið vegna sléttunar túnsins. Þetta hefur að öllum líkindum verið vörslugarður.
Hættumat: engin hætta

ÁR-068:027 tóft beitarhús 63°59.016N 20°52.456V

Um 750 m norðaustan við tóft 070:007 og um 1,7 km ANA af bæ 001 er beitarhúsatóft að sögn Hreggviðs Hermannsonar, heimildamanns.



Mynd 266 Beitarhúsið horft til austurs




Tóftin er í þýfðum móa um 10 m austan við moldarslóða sem liggur um móana.
Tóftin er um 20x7 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er tvískipt. Hólf I er vestar, það er um 9x4 m stórt að innanmáli með dyrum á miðjum suðvesturvegg sem nú er nær alveg hrunið fyrir. Jötur eru með báðum langveggjum hólfsins. Þær eru um 0,5 m háar og um 0,4 m breiðar. Hólf II er fast norðvestan við hól I. Það er niðurgrafið hlöðuhólf, um 0,4 m djúpt. Hólfið er um 5x4 m stórt að innanmáli. Bæði hólfin snúa eins og tóftin. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 1,4 m að utan en allt að 2 m að innan ef mælt er úr hlöðuhólfinu. Vel sér í grjót í öllum hleðslum. Um 3 m norðaustan við tóftina er mikil dæld. Hún er um 9x10 m stór og snýr eins og tóftin, norðvestur-suðaustur. Hún er um 1,5 m djúp og hefur án efa verið nýtt sem aðhald við húsið. Dældin er hugsanlega náttúruleg en vel getur verið að stungið hafi verið niður í jarðveginn og hún mótuð frekar. Samkvæmt Hreggviði Hermannssyni byggði afi hans húsið.
Hættumat: engin hætta

ÁR-068:028 tóft heystæði 63°57.477N 20°54.001V



Mynd 267 Heystæðið horft til suðvesturs




Um 2,16 km SSV við bæ 001 og um 340 m suðvestan frá heystæði 032 er tóft.
Tóftin er í flatlendri smáþýfðri mýri.
Tóftin er um 6,5x3,5 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og hleðslur hennar eru um 0,8 m háar. Tóftin er að nokkru leyti hlaupin í þúfur og ekki auðvelt að ákvarða hvar eða hvort dyr voru á henni. Samkvæmt Hreggviði Hermannssyni var svæðið slægjulönd Langholtsbænda og því líklegt að tóftin sé heystæði.
Hættumat: engin hætta

ÁR-068:029 frásögn beitarhús 65°59.218N 20°53.531V

Hreggviður Hermannsson í Langholti I man eftir beitarhúsum sem lengi voru þar sem nú stendur steinsteypt fjárhús um 80 m norðan við íbúðarhúsið í Hallanda II. Fjárhúsið er um 1,1 km norðan við bæinn í Langholti 001 og um 1 km norðan við bæinn í Hallanda 069:001.
Malarplan er umhverfis steinsteypta fjárhúsið sem stendur á beitarhúsastæðinu.
Ekki sér til eldri bygginga við fjárhúsið sem líklega hefur verið byggt á fyrri hluta 20. aldar. Beitarhúsin og fjárhúsið voru nýtt frá Langholti og Hallanda.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-068:030 garðlag óþekkt 63°58.468N 20°53.674V
Garðlag liggur norðan við afleggjara að Langholtshverfi, suðvestan við bæ 001. Girðing er um 7 m sunnan garðlagið.
Garðlagið er í þýfðum móa með moldarflögum á stöku stað.
Garðlagið liggur norðaustur-suðvestur. Það er gert úr einfaldri steinaröð og er um 0,3 m á hæð og 0,3 m á breidd. Það er rúmir 300 m á lengd og er gróið að mestu og nokkuð þýft á köflum. Garðlagið hverfur undir veginn og kemur ekki upp sunnan megin við hann. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi garðlagið var hlaðið. Þetta gæti verið hluti af garðlagi 069:015 en bein tengsl eru ekki á milli þeirra.
Hættumat: engin hætta

ÁR-068:031 tóft mógrafir 63°58.023N 20°53.448V
Um 1,4 km sunnan við bæ 001 og um 450 m sunnan við stekk 018 er tóft. Tóftin er um 20 m norðan við mógrafir 033.
Tóftin er í þýfðum móa.
Tóftin er um 2,5x5,5 m stór og snýr norður-suður. Tóftin er einföld, hlaðin úr einfaldri röð hraungrýtis. Ekkert op er á henni en hleðslur hennar eru um 0,4 m háar. Hér hefur án efa verið hlaðið upp mó úr gröfunum 033.
Hættumat: engin hætta




Mynd 268 Tóftin horft til norðurs

ÁR-068:032 þúst heystæði 63°57.617N 20°53.731V
Um 2 km sunnan við bæ 001 er þúst.
Þústin er í þýfðum móa.
Þústin er um 12x10 m stór og snýr austur-vestur. Hún er um 0,7 m há. Engar skýrar hleðslur eru á henni en hún er mjög regluleg. Svæðið var samkvæmt heimildamanni, Hreggviði Hermannssyni, slægjulönd Langholtsbænda og því er líklegt að þústin sé heystæði.
Hættumat: engin hætta


Mynd 269 Heystæðið horft til vesturs

ÁR-068:033 náma mógrafir 63°58.005N 20°53.467V
Mógrafir eru tæpa 500 m sunnan við stekk 018 og um 1,2 km sunnan við bæ 001. Skurður er um 30 m austar. Mógrafirnar eru í þýfðum valllendismóa.
Á svæðinu sést nú ein mógröf, 13 x 7 m að stærð. Mógröfin er um 0,4 m á dýpt og þurr. Á svæðinu hafa líklega verið fleiri mógrafir en þær horfið þegar mýrin var ræst fram. Mógröfin snýr austur-vestur.
Hættumat: engin hætta

ÁR-069 Hallandi




1847, hjáleiga frá Langholti.
Túnakort 1918: "Tún 3,17 ha. girt að nokkru leiti. ca. 80% sljett. Matjurtagarðar 9.20 arar" Túnakort 1918.

ÁR-069:001 *Hallandi* bæjarhóll bústaður 63°58.673N 20°53.639V

Fjögur hús eru merkt á bæjarstæði Hallanda á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Gamli bærinn í Hallanda stóð þar sem núverandi íbúðarhús á Hallanda I stendur og sunnan við það. Íbúðarhúsið var byggð árið 1930 auk þess sem byggt var við það á árunum 1960-61. Húsið er með kjallara.



Mynd 270 Bæjarhóllinn horft til norðurs



Núverandi íbúðarhús stendur nyrst á bæjarhólnum. Sunnan við það er gróinn garður og þá slétt tún að íbúðarhúsi Hreggviðs Hermannssonar í Langholti I.
Gamli bærinn snéri norður-suður. Hann stóð á náttúrulegri brekkubrún. Nú (2008) má greina smá hæðarrana í brekkubrúninni þar sem hefur verið sléttað. Norðar þar sem núverandi íbúðarhús stendur, nyrst á bæjarhólnum, hefur svæðinu mikið verið raskað og eiginlegur bæjarhóll ekki greinilegur. Hóllinn er um 20x10 m stór og snýr norður-suður í túninu. Hann er einungis um 0,5 m hár úr vestri en lægri úr öðrum áttum. Núverandi íbúðarhús stendur á reglulegum stalli sem er allt að 3 m hár þar sem hann er hæstur úr suðri og suðvestri. Í suðurhlið hans, við suðvesturhorn íbúðarhússins má greina hleðslur í stallinum, um 2 m háar og um 10 m langar en þær munu vera úr hlöðugrunni af hlöðu sem stóð framan, vestan, við gömlu bæjarhúsin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918.

ÁR-069:002 heimild um útihús 63°58.685N 20°53.611V

Útihús var um 50 m norðaustan við bæ 001 og um 30 m suðaustan við traðir 005 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918.
Útihúsið var í norðvesturhluta gróins garðs við íbúðarhúsið í Hallanda. Garðurinn er með blómabeðum og trjám. Telja verður líklegt að útihúsið hafi verið sléttað út.
Engin ummerki útihússins sáust á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-069:003 heimild um útihús 63°58.736N 20°53.553V


Útihús var um 130 m norðaustan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Húsið var 20-30 m SSA við fjárhústóft 004.
Þar sem útihúsið var er nú slétt tún, aflíðandi til vesturs.
Engin ummerki hússins sjást í sléttu túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-069:004 tóft fjárhús 63°58.759N 20°53.546V

Útihús var um 160 m norðaustan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 og 20-30 m NNA við útihús 003. Um 20 m fyrir vestan tóftina er nýlegur vegur sem liggur að Hallanda II.
Tóftin er í grónu túni og er í



Mynd 271 Fjárhúsið horft til vesturs



slakka sem hallar til vesturs. Þessi slakki er niður af holtinu sem Langholtshverfið er á. Túnið er með hæðum og grasivaxið.
Tóftin er 16 x 10 m og snýr norður-suður. Hún skiptist í fjögur hólf og gerð úr torfi, grjóti, bárujárni og steypu. Veggjarhæð í öllum hólfum er um 1,5 m. Hólf I er vestast í tóftinni. Það er 9 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Fjögur umför af steinum sjást í veggjum en að öðru leyti eru þeir grónir. Hólfið er opið til austurs og nokkuð hefur hrunið úr veggjum í hólfinu. Ekki voru dyr á hólfinu en inngangur hefur verið á austurvegg þar sem líklega hefur verið timburþil. Hólf II er austan við hólf I. Það er 10 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Gólfflöturinn er lægri en í hinum hólfunum. Þarna hefur líklega verið hlaða. Innangengt hefur verið í hólf II og IV á austurvegg . Hluti af vesturvegg hefur hrunið inn í hólfið og er það hálffullt af steinum. Hólf III er austan við hólf II. Það er 8 x 5 m að innanmáli og snýr austur-
vestur. Dyr eru á tveimur stöðum inn í hólfið. Aðrar þeirra eru á miðjum austurvegg en hinar úr yfir í hólf II. Jata, um 0,5 m breið, liggur eftir hólfinu endilöngu. Í veggjum sjást tvenn umför af grjóti en að öðru leyti eru þeir grónir. Hólf IV er norðan við hólf III. Það snýr austur-vestur og er 8 x 4 m að innanmáli. Fimm umför af steinum sjást í veggjum en steypt hefur verið yfir þá að mestu leyti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-069:005 heimild um traðir 63°58.697N 20°53.634V
Heimreið er merkt að bæ 001 úr suðri og áfram til norðurs, framhjá útihúsum 003 og 004, út túnið á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1918. Samkvæmt túnakorti var hún um 260 m löng.
Þar sem heimreiðin kom að bæ er nú slétt malarplan fyrir norðan núverandi íbúðarhús en grasivaxið og slétt tún til norðurs.
Heimreiðin er alveg horfin til suðurs vegna framkvæmda sem hafa verið á bæjarhólnum en til norðurs er hún komin undir ræktað tún. Ekki sáust skýr ummerki heimreiðar þar en hún líklega verið á svipuðum slóðum hlið er á girðingu inn á gróið tún til norðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-069:006 heimild um kálgarð 63°58.679N 20°53.672V
Kálgarður er merktur fast vestan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918 og var sambyggður bæjarhúsunum. Kálgarðurinn var rúma 100 m fyrir norðan bæ 068:001.
Þar sem kálgarðurinn var er nú slétt og grasivaxin brekka sem hallar til vesturs. Hleðsla undir fjósi er fast austan við kálgarðinn.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-069:007 tóft+garðlag óþekkt 63°58.704N 20°53.681V
Torfkofi og garðlag eru rúma 40 m norðvestur frá tröðum 005 og tæpa 70 m norðan við bæ 001. Til austurs er þýfður mói en malarplan við Hallanda er um 40 m norðar.
Torfkofinn og garðlagið eru við austurmörk sléttaðs túns fyrir neðan bæjarhól Hallanda. Torfkofinn er neðst í brekku sem hallar til vesturs.
Svæðið er 20 x 4 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur og er rétt norðan við heimatúnið. Á svæðinu er torfkofinn og garðlag. Tóftin er 4 x 3 m og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er úr torfi, grjóti, timbri og bárujárni. Tóftin er ennþá undir þaki og er 1 m á hæð. Dyr eru á suðvesturgafli en þríhyrningslaga gluggi á norðausturhlið. Þakið er gróið og farið að síga niður. Tvö umför af grjóti sjást á suðvesturgafli en að öðru leyti er húsið gróið. Stærð hússins bendir til að það sé einhverskonar geymsla eða hænsnakofi. Ekki sást inn í húsið, dyrunum hefur verið lokað með einangrunarplasti. Garðlagið liggur upp að húsinu til vesturs en hefur raskast vegna ágangs hrossa. Það er 16 m langt, 0,3 m á hæð



Mynd 272 Kofinn og garðlagið, horft til suðurs

og um 0,5 m á breidd. Það er gert úr torfi og gjóti. Garðlagið liggur austur-vestur upp brekkuna í átt að bæ 001.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-069:008 *Kláfholt* heimild um lögn 63°59.895N 20°53.600V

"Kláfholt. Lítið holt norður af Langhólnum, og eiginlega áframhald af þeim, og nær norður að Hvítá. Hefur nafn sitt af því, að út af norðurenda holtsins var frá fornu fari laxalátur í Hvítá. Þar voru hafðir 5 trjákláfar fylltir af grjóti, og mynduðu þeir dálitla bryggju, og var netið lagt út af utasta kláfnum. Þegar veiðitíma var lokið voru kláfarnir teknir upp og bunkað, nyrzt á þessu holti," segir í örnefnaskrá. Kláfholt er um 500 m austan við Gildruholt 065:019 og um 2,27 km norðan við bæ 001.
Holtið er gróið klapparholt sem gengur út í Hvítá. Vestan við það er smá dæld eða vik í árbakkann. Flúðir eru í ánni beint norðan við holtið. Sunnan við það er hálfgróinn melur.
Fast við árbakkann eru tveir stórir steinar í ánni sem hugsanlega hafa verið undirstöður syðsta kláfsins en engin mannvirki eða hleðslur sjást á staðnum.



Mynd 273 Kláfholt horft til norðurs


Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hallandi, 2

ÁR-069:009 *Sigurðartóft* tóft býli 63°57.489N 20°54.388V

"Sigurðartóft. Gömul hústóft syðst á Engjum," segir í örnefnaskrá. Tóftin er rúma 950 m sunnan við Grímsskjól 012 og tæpa 2,3 km SSV við bæ 001. Tóftin er um 50-100 suðaustan við fjóra sumarbústaði og innan girðingar utan um þá. Þýfður móí er til suðurs, austurs og norðurs. Að sögn Hreggviðs Hermannsonar bjó þarna maður að nafni Sigurður en ekki er vitað hvenær.



Mynd 274 Sigurðartóft horft til norðvesturs



Sigurðartóft er í þýfðum móa þar sem nokkuð af trjám hefur verið plantað. Móinn er grasivaxinn og sokkinn í sinu.
Tóftin snýr norðaustur-suðvestur, er einföld og er 7 x 5 m að stærð. Veggirnir eru 1 m á hæð og sjást tvö umför af hleðslu sjást í þeim. Tóftin er mjög gróin en víða glittir í steina. Inngangur er á suðvesturhlið en grjót hefur hrunið í hann og fyllt svæðið. Gera má ráð fyrir að þekjan hafi hrunið ofan í tóftina þar sem veggirnir eru mun lægri að innan en að utan. Út frá suðurhlið tóftarinnar virðist móta fyrir garðlagi. Það sést móta fyrir hleðslu á tveimur stöðum en hún er sokkin í gróður og um 0,2 m á hæð. Önnur hleðslan er 3 m en hin 4 m. Inngangur virðist hafa verið á suðurhlið en það er óljóst. Hleðslurnar eru alveg grónar og hvergi sést glitta í grjót.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Hallandi, 2

ÁR-069:010 náma mógrafir 63°58.797N 20°53.665V

Mógrafir voru um 120 m norðvestan við tóft 007 og tæplega 250 m norðan við bæ 001. Svæðið sem mógrafirnar eru á kallast Veita en það var greiðfær mýri vestan við túnið samkvæmt örnefnaskrá. Mýrin hefur verið ræst fram og svæðið mun þurrara en það var.
Mógrafirnar eru í smáþýfðu og grónu túni.
Svæðið er um 50 x 50 m að stærð. Mógrafirnar eru blautar í vesturenda svæðisins en þurrar til austurs og um 0,20-0,3 m djúpar. Þær renna flestar saman en inn á milli sjást stakar grafir um 1 x 1 m að stærð. Ekki er hægt að geta sér til um fjölda grafanna þær hafa að lágmarki verið um 20.



Mynd 275 Mógrafirnar horft til norðvesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hallandi, 2

ÁR-069:011 brunnur brunnur 63°08.714N 20°53.700V



Mynd 276 Brunnurinn horft til vesturs

Brunnur er tæpa 100 m fyrir norðan bæ 001 og rúmum 20 m suðaustan við tóft 007. Um 20 m fyrir norðaustan brunninn er moldarflag í hliði milli tveggja túna. Austan við brunninn er grasivaxin brekka sem hallar til vesturs niður frá bæ 001.
Brunnurinn er í þýfðum móa suðaustan við Veituna (mýri). Umhverfis brunninn er þó slétt og grasivaxið svæði.
Brunnurinn er 1,5 m í þvermál og torfi hefur verið hlaðið umhverfis hann. Sú hleðsla er um 0,2 m á hæð og 0,3 m á breidd. Ekki hefur verið fyllt upp í brunninn en honum hálflokað með stóru grjóti og timbri. Ekki var hægt að sjá hversu djúpur hann var. Til austurs mótar hugsanlega fyrir göngustíg að brunninum á um tveggja metra löngum kafla.
Hættumat: engin hætta

ÁR-069:012 *Grímsskjól* tóft+garðlag býli 63°58.002N 20°54.352V

"Grímsskjól. Grænn hóll, gæti verið gömul kofarúst, er skammt ofan við Engjalæk og vestast í Hallandalandi (vestast í Bótinni)," segir í örnefnaskrá. Grímaskjól er tæpa 1,4 km suðvestan við bæ 001 en garðlag 015 er tæplega 100 m norðvestar. Um 10 m fyrir vestan Grímsskjól er hjólhýsi og um 10 m norðar er rauður timburskúr.



Mynd 277 Grímsskjól horft til suðausturs og suðvesturs

Grímsskjól er í þýfðum og grónum móa. Mýrarflákar eru hér og þar í móanum.
Á svæði, sem er um 160 x 120 m stórt og snýr norður-suður, er að finna þrenn mannvirki. Hverju þeirra var gefin bókstafur til aðgreiningar. Hóll A er þar sem Grímsskjól voru. Hóllinn er um 3 m á hæð, 20 m í þvermál og nánast hringlaga. Ekki sést til hleðslna né annarra mannvirkja þar. Hóllinn er dældóttur að ofan og greinilegt mannvistarlög leynast undir sverði. Glitta sést í steina á stöku stað. Hér er talið að maður að nafi Grímur hafi búið einhvern tíma í fyrndinni að sögn Hreggviðs Hermannsonar , heimildamans. Fyrir norðvestan hólinn er gryfja eða dæl. Hún snýr austur-vestur og er 7 x 5 m að stærð. Önnur gryfja er um 30 m fyrir austan hólinn. Hún er 4 x 4 m að stærð. Hlutverk þeirra er óþekkt. Það mótar einnig fyrir tveimur garðlögum fyrir austan og vestan þústina. Garðlag B er um 15 m fyrir vestan hól A. Það er um 30 m að lengd, 0,2 m á hæð og hlykkjast austur-vestur. Það er grasivaxið en hlutverk þess er óþekkt. Garðlag C er um 40 m fyrir austan hól A. Það er um 50 m langt og liggur norður-suður. Það er 0,3 m á hæð og alveg gróið. Hlutverk þess er óþekkt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hallandi, 1

ÁR-069:013 garðlag óþekkt 63°59.227N 20°53.589V




Mynd 278 Garðlagið horft til suðurs

Garðlag er NNA við bæ 001 og vestan við fjárhús við Hallanda II. Rafmagnsgirðing hefur verið sett ofan á garðlagið endilangt.
Allt umhverfis garðlagið eru slétt og grasivaxin tún.
Garðlagið liggur NNA-SSV og er um 500 m að lengd. Garðlagið er gróið og eitt umfar af hleðslu sést. Það er 0,4 m á hæð og 0,2 m á breidd. Garðlaginu hefur verið raskað á þremur stöðum og vegur liggur yfir það á einum stað. Garðlagið hefur mögulega verið lengra upphaflega en horfið í túnasléttun. Hlutverk garðlagsins er óþekkt.
Hættumat: engin hætta

ÁR-069:014 tóft rétt 63°59.878N 20°53.612V
Um 20 m SSV við Kláfholt 008 er grjóthlaðin tóft upp við hraunbrún. Hún er um 2,2 km norðan við bæ 001 og um 30 m sunnan við Hvítá þar sem er skilti við ána með örnefninu Lækjarvik. Tóftin er á mosavöxnum mel við Hvítá.





Mynd 279 Réttin horft til norðurs

Tóftin er um 10x4 m stór og snýr austur-vestur. Hún er einföld, hlaðin úr tveimur umförum grjóts. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,5 m. Tóftin er hlaðin upp við hraunbrún sem myndar suðurvegg hennar. Hraunbrúnin er um 1,1 m há. Dyr hafa líklega verið syðst á vesturvegg en þar er hleðslan að hluta hrunin svo ekki er hægt að fullyrða um það. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en af stærð hennar og lögun er líklegt að hér sé um einhvers konar aðhald eða litla rétt að ræða.
Hættumat: engin hætta

ÁR-069:015 garðlag óþekkt 63°58.025N 20°54.451V
Garðlag liggur suðvestan við bæ 001, beygir til suðurs og endar skammt vestan við Grímsskjól 012.
Garðlagið liggur í stórþýfðum móa en klettar stinga upp nefinu hér og þar.




Mynd 280 Garðlagið horft til vesturs

Garðlagið liggur vestan við Langholtsveg og beygir til austurs hjá afleggjaranum heim að Langholtshverfi. Svæðið er um 1100 x 350 m og snýr norður-suður. Garðlagið er um 0,3 m á hæð, 0,15 m á breidd og gróið. Það sést eitt umfar af hleðslu í garðlaginu. Garðlagið liggur norður-suður meðfram Langholtsvegi og beygir síðan til austurs að Langholtshverfi. Minni þvergarðar eru sjáanlegir innan þessa garðlags en þeir eru óskýrir vegna þess hversu þýft svæðið er. Garðlagið er um 1,1 km að lengd og óskýrt. Girðing hefur verið sett ofan á garðlagið meðfram Langholtsvegi. Þetta hefur líklegast verið vörslugarður eða landamerkjagarður. Það liggur á merkjum Hallanda og Halakots 067 með fram Langholtsvegi og á merkjum Hallanda og Langholts heim að Langholtshverfinu. Garðlagið heldur síðan áfram inn í land Langholts og endar þar í þýfðum móa.
Hættumat: engin hætta

ÁR-069:016 *Fagurhóll* huldufólksbústaður huldufólksbústaður
"Fagurhóll. Lítill klapparhóll, neðst í túninu vestur frá bænum," segir í örnefnalýsingu. Í bók Bjarna Harðarsonar er sagt frá því að í Fagurhól sé álfabyggð. Einhvern tíma þegar hellt var skolvatni út úr bænum og fór yfir hólinn vitraðist álfkonan húsfreyjunni Margréti Þorsteinsdóttur og bað hana að gera ekki slíkt oftar. Heimildir um álfabyggð í Fagurhóli komu í leitirnar eftir að vettvangsskráningu lauk og því var hann ekki hnittsettur.
Heimildir:Ö-Hallandi, 1; Bjarni Harðarson: Landið, fólkið og þjóðtrúin, 134

ÁR-069:017 garðlag landamerki 63°59.375N 20°54.047V
Garðlag er norðan við bæ 001 og vestan við garðlag 013. Garðlagið er um 10 m austan við landamerkjagirðingu Hallanda og Litla-Ármóts og hefur hann verið á merkjum.
Garðlagið liggur í þýfðum móa.
Garðlagið var fyrst skráð árið 2005 af Margréti Hallmundsdóttur þegar svæðið var deiliskráð. Það liggur norður-suður og er um 110 m langt. Garðlagið er alveg gróið og hvergi glittir í grjót. Það er 0,4 m á hæð og um 1 m á breidd.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:MH: Fornleifaskráning vegna deiliskipulag í landi Hallanda

ÁR-070 Lángholts-Partur



1708, 10 hdr., bændaeign. 1847, 10 hdr., bændaeign.
1708: "Fóðrast kann viii kýr, ii úngneyti, xx ær, x lömb, v hestar. Allir kostir og ókostir sem segir á Lángholti [ÁR-068]" JÁM II, 128.
1918: "Tún 4.03 ha. girt með gaddavír. ca 75% sljett. Matjurtagarðar 12,16 [arar]" Túnakort 1918.

ÁR-070:001 *Lángholts-Partur* bæjarhóll bústaður 63°58.537N 20°53.310V
Sex hús eru merkt á bæjarhól Langholtsparts á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Jörðin er nú (2008) í eyði en hún nýtt til hrossabeitar. Nú eru þrjú steinsteypt hús á bæjarhólnum og var íbúðarhúsið byggt 1920. Gömlu bæjarhúsin stóðu fast austan við það. Jörðin fór í eyði eftir 1980.
Bæjarhóllinn er grasivaxinn og sléttur. Uppistandandi hús eru á hólnum, rólur og vélabrak.
Bæjarhóllinn er 50 x 40 m stór og snýr norður-suður. Hóllinn er um 1 m á hæð en hluti hans er náttúrulegur hóll og erfitt er að greina hvar uppsöfnuð mannvistarlög taka við. Suður- og vesturmörk bæjarhólsins afmarkast af kálgarði 002. Bæjarhólnum hefur verið raskað af byggingum til norðurs og austurs. Þó virðist íbúðarhúsið sem byggt var 1920 standa framar (sunnar) á bæjarhólnum en gamli bærinn. Útihúsin sem enn standa uppi voru byggð inn í bæjarhólinn til norðurs en eru nú hálfhrunin og full af steypu. Þau standa líklega þar sem gamli bærinn var. Rúmum 1 m sunnan við íbúðarhúsið eru tveir brunnar, tæpir 2 m eru á milli þeirra. Tvær tóftir sjást á bæjarhólnum. Tóft A er í norðurhluta bæjarhólsins. Hún er 5 x 4 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er opin til suðurs, er einföld og alveg gróin. Veggirnir eru um 0,2 m á hæð og hvergi glittir í grjót. Tóft B er í skoti til vesturs á milli útihúsanna. Þar sjást hleðslur, um 0,5 m á hæð og grónar. Ekki sjást skýr umför en víða glittir í grjót. Ekki var hætt að stika tóftina nákvæmlega vegna braks sem hefur verið staflað ofan í hana. Hún virðist þó vera 3 x 4 m stór og snúa austur-vestur.



Mynd 281 Bæjarhóllinn horft til norðurs og tóft A

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-070:002 hleðsla kálgarður 63°58.534N 20°53.333V
Kálgarður er merktur sunnan og vestan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918 og var sambyggður bænum. Kálgarðurinn er rúma 60 m suðaustan við Gullhól 008.
Kálgarðurinn er í sléttu og grasivöxnu túni, á holti sem Langholtshverfið er á.
Kálgarðinum hefur verið raskað með byggingu íbúðarhússins árið 1920 en hlutar hans hafa varðveist. Í allt sést rúmlega 40 m löng hleðsla sem liggur í vinkil. Vesturhliðin sést öll og er um 30 m löng. Tvenn umför af hleðslugrjóti sjást þar, hleðslan er þó mikið gróin og sést að mestu sem grænn bakki. Hleðslan liggur norður-suður. Suðurmörk kálgarðsins sjást einnig sem grænn bakki, um 14 m langur, og hvergi glittir í grjót. Bakkinn er um 0,4 m á hæð og liggur austur-vestur.


Mynd 282 Hleðslan horft til austurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-070:003 vegur traðir 63°58.539N 20°53.289V
Traðir eru merktar að bæ 001 úr austri á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Enn sér fyrir tröðunum þar sem þær liggja af bæjarhlaðinu þar sem gamli bærinn 001 stóð og til austurs þar sem þær greinast og liggja annarsvegar til norðurs í átt að Langholti II og hins vegar til suðurs að Setbergi 009.
Traðirnar liggja ofan af grónum bæjarhólnum um slétt tún.
Traðarinnar eru nú (júní 2008) malarbornar. Þær eru um 4 m


Mynd 283 Traðirnar horft til vesturs

breiðar. Á þeim hluta þeirra sem liggur til austurs ofan af bæjarhólnum eru hleðslur beggja vegna við þær. Hleðslurnar eru 3-4 umför grjóts, um 0,5 m háar og um 10 m langar, A-V.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-070:004 heimild um útihús 63°58.567N 20°53.299V
Útihús var um 50 m norðan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið var um 20 m austan við núverandi heimreið að Langholtsparti og um 30 m sunnan við þúst 005. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Þar sem útihúsið var er nú slétt tún.
Engin ummerki hússins sjást í túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.


ÁR-070:005 þúst útihús 63°58.589N 20°53.299V


Mynd 284 Þústin horft til ASA

Útihús var um 80 m norðan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Um 80 m norðan við bæ 001 er hóll í sléttu túni þar sem útihúsið sem merkt er á bæjarteikninguna hefur staðið. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega verið fallið úr notkun þá.
Hóllinn er í sléttu túni.
Hóllinn er um 20x20 m stór og snýr norður-suður. Hann er nokkuð óreglulegur og dældóttur í toppinn. Hann er hæstur um 1 m úr norðri, suðri og vestri en hærri úr austri þar sem hann er á náttúrulegri brekkubrún. Þar er hann um 3 m hár. Engar hleðslur eru á hólnum en á einum stað glittir í grjót í honum og hann er líklega að miklu leyti úr uppsöfnuðum mannvistarlögum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-070:006 þúst útihús 63°58.617N 20°53.264V


Mynd 285 Þústin horft til norðurs




Útihús var um 100 m norðaustan við bæ 001, fast utan túns samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Um 130 m norðaustan við bæ 001 er þúst í sléttu túninu þar sem útihúsið hefur eflaust staðið þó það sé sýnt ívið nær á bæjarteikningunni frá 1906. Þústin er um 60 m norðaustan við þúst 005. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega verið fallið úr notkun þá.

Þústin er í sléttu túni.
Þústin er um 10x17 m stór og snýr austur-vestur. Hún er um 0,7 m há. Engar skýrar hleðslur eru á þústinni en þó er sem móti fyrir tveimur dældum líkt og útihúsið hafi verið tvískipt en þær eru alls ekki skýrar og ómögulegt að slá nánara máli á þær.
Heimildir:bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-070:007 tóft+garðlag beitarhús 63°58.620N 20°52.710V
Um 520 m austan við bæ 001 og um 650 m suðaustan við hellinn 068:012 er beitarhúsatóft og garðlag.
Tóftin er grafin inn í lágan hól til norðurs. Norðar er hálfgróinn melur en að sunnan er slétt tún.
Tóftin og garðlag sunnan við hana eru á svæði sem er alls um 125x35 m stórt og snýr austur-vestur. Tóftin er um 24x22 m stór og snýr norður-suður. Hleðslur hennar eru hæstar um 1,3 m. Tóftin skiptist í tvö hólf en hólfi I, sem er sunnar, hefur eflaust verið skipt frekar niður með viðarþiljum sem hafa verið rifin eða eru hrunin. Það er um 12x14 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Vestast í því er hlaðinn garði með steyptri plötu ofan á. Hann er um 0,4 m hár. Um 3 m austan við hann eru tvær lágar samsíða grjótraðir sem hugsanlega eru undirstöður viðarþils. Um 2 m austan við þær er svo um 0,8 m há hleðsla sem hugsanlega er annar garði en gæti hafa verið milliveggur. Suðurgafl hússins (suðurhlið hólfsins) hefur að hluta verið steinsteyptur og sjást leifar hans enn.

Fernar dyr eru á hólfi I, hver sín megin við hina meintu garða. Hólf II er fast norðan við hólf I og milliveggurinn hefur að hluta verið steinsteyptur líkt og suðurgafl hússins. Hólf II er um 18x3,5 m stórt að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er að hluta niðurgrafið um 0,5 m og hefur líklega verið hlaða. Hleðslur þess eru hæstar að innan um 2 m háar. Í framhaldi af norðurvegg tóftarinnar má greina grjótröð í brún hólsins sem húsið er grafið inn í á um 5 m löngum kafla. Grjótið er hugsanlega leifar eldri byggingar sem staðið hefur á sama stað eða leifar einhvers konar aðhalds við beitarhúsin. Um 8 m sunnan við tóftina er garðlag. Það liggur frá austri til vesturs. Garðlagið er hlaðið úr torfi og grjóti. Það er um einungis um 0,3 m hátt og um 0,5 m breitt. Hugsanlega hefur þar verið hlaðið undir gaddavírsgirðingu. Garðlagið er rúmlega 120 m langt og hverfur í skyndilega í báða enda.





Mynd 286 Tóftin horft til norðurs og garðlagið horft til vesturs

Ljóst er að húsin eru ekki mjög gömul enda talsvert af steinsteypu í þeim og ekki víst að þau teljist til fornleifa í lagalegum skilningi, þar sem miðað er við minjar 100 ára og eldri. Umhverfi þeirra bendir þó til að hús hafi staðið á þessum stað í lengri tíma og því líkur til að eldri mannvistarleifar leynist undir sverði auk þess eru hlöðnu veggir hússins bera vott um gamla byggingarhefð.
Hættumat: engin hætta

ÁR-070:008 *Gullhóll* álagablettur 63°58.540N 20°53.395V


Mynd 287 Gullhóll horft til norðurs

"Gullhóll. Ávalur grasi gróinn hóll í túninu vestur frá bænum. Þetta er álagahóll og ekkert má hreyfa við honum," segir í örnefnaskrá. Í bók eftir Bjarna Harðarson kemur fram að við bæjarhús Langholtsparts sé nafnlaus hóll sem ekki mátti slá né börn leika sér á. Mynd er af hólnum í bókinni og er þar átt við Gullhól en bæjarhús Langholtsparts hafa aldrei verið þarna. Hreggviður Hermannson telur að þarna væri haugur. Hann man eftir að hafa farið sem lítill drengur með steypujárn og stungið því á kaf í hólinn. Hvergi rakst járnið í grjót. Gullhóll er tæpa 70 m vestan við bæ 001 og um 120 m vestan við þúst 005.
Gullhóll er í sléttu og grasivöxnu túni með náttúrulegum hólum. Hóllinn er sunnan við aflíðandi brekku til suðurs frá bæjarhól 001.
Gullhóll er hringlaga, um 5 m í þvermál. Hóllinn er 3 m hár og manngerður. Hvergi glittir í grjót og að öllum líkindum er hann torfhlaðinn. Hóllinn sker sig úr umhverfinu vegna hæðar sinnar og vegna þess hversu brattur hann er. Hliðar hólsins eru rennisléttar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Langholtspartur, 1; Bjarni Harðarson: Landið, fólkið og þjóðtrúin, 133-

ÁR-070:009 *Setberg* huldufólksbústaður huldufólksbústaður 63°58.452N 20°53.217V



Mynd 288 Setberg horft til NNV

"Setberg. Klettaholt sunnan við túnið. Þar taldi gamla fólkið að væri huldufólk," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Hreggviði Hermannsyni, heimildamanni, voru góðir álfar í Setbergi. Setberg er rúma 150 m sunnan við bæ 001 og um 20 m sunnan við steypta, gamla brú.
Setberg rís upp úr þýfðum, grónum og sléttum móa.
Setberg er klettaholt með tveimur tindum í sitthvorum endanum. Það er gróið en klettabelti eru efst á holtinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Langholtspartur, 1.

ÁR-070:010 *Stakkgarðar* heimild um heystæði 63°58.270N 20°52.045V
"Stakkgarðar. Þrír hólrimar, u.þ.b. í miðjum Sorta. Talið er, að áður fyrr hafi þar verið hlaðið upp hey, sem síðan var flutt heim að vetrinum," segir í örnefnaskrá. Stakkgarðar eru þýfðir, náttúrulegir rimar í flatlendri mýri um 850 m suðaustan við beitarhús 007 og um 880 m sunnan við Litluborg 014. Stakkgarðar eru um 1,15 km suðaustan við bæ 001.
Rimarnir eru í flatlendri mýri sem hefur að hluta verið framræst og er nú fremur þurr.
Engar hleðslur sjást á rimunum en þeir eru kargaþýfðir. Mýrin hefur eflaust verið gott slægjuland og auðveldast hefur verið að flytja heyið heim á ís á vetrum. Stakkgarðarnir bera hæst í umhverfinu og því líklegt að heyið hafi verið hlaðið upp á þeim þó engin ummerki sérstakra heystæða sjáist nú. Rimarnir liggja norðaustur-suðvestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Langholtspartur, 1.

ÁR-070:011 tóft útihús 63°58.545N 20°53.258V
Um 50 m austan við bæ 001, í beinu framhaldi af tröðum 003 er tóft. Hún er um 80 m sunnan við þúst 005.
Tóftin er í aflíðandi halla til austurs. Heimreiðin að Langholtsparti er fast vestan við hana en í aðrar áttir er slétt tún.




Mynd 289 Útihúsið horft til vesturs

Tóftin er um 30x14 m stór og snýr austur-vestur. Hún skiptist í 3 hólf. Norðurveggur tóftarinnar er mjög langur, um 30 m og hann myndar aðrekstargarð að austan og vestan inn í hólf I. Hólf I er nyrst í tóftinni. Það er um 6x6 m að innanmáli með dyrum nyrst á austur- og vesturvegg, upp við aðrekstrargarðinn. Hólfið er stungið inn í brekkuna sem það er í og hlaðið hefur verið upp með stungunni, mest 7 umför. Hólf I er því um 1,2 m djúpt ef mælt er innan frá en hleðslur þess eru um 0,3 m háar ef mælt er að utan og sama gildir um allan aðrekstrargarðinn. Hólf II er einnig grafið inn í brekkuna. Það er fast við suðausturhorn hólfs I. Veggir þess eru að hluta steinsteyptir og að hluta hlaðnir úr grjóti. Hólfið hefur verið fyllt með spýtnabraki svo að ekki er hægt að ákvarða nákvæma dýpt þess. Það er um 5x4 m stórt að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf III er norðan við hólf II og austan við hólf I. Það er mjög óskýrt og virðist hafa verið fyllt með grjóti en enn sést fyrir veggjahleðslum við vesturvegg þess. Hólfið er um 3x3 m stórt að innanmáli. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hér hefur líklega verið útihús, hugsanlega fjárhús og geymsluhús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-070:012 hús óþekkt 63°58.534N 20°53.267V
Torfkofi er tæpa 50 m suðaustan við bæ 001 og rúma 100 m suðaustan við Gullhól 008. Kofinn er í brekku niður af holtinu sem bærinn 001 er á.
Torfkofinn er í gróinni brekku sem hallar til austurs. Trjám hefur verið plantað allt umhverfis hann.
Torfkofinn er 3 x 3 m og um 1,3 m á hæð. Hann er ennþá undir þaki og gerður úr torfi, grjóti, steypu og bárujárni. Kofinn snýr norður-suður og dyr eru á miðjum suðurvegg. Þríhyrningslaga gluggi er á miðjum norðurvegg. Kofinn er byggður í í brekkuna til vesturs. Ekki var hægt að fara inn í kofann en steypa var í veggjum að innan. Torfkofinn er gróin og trjám hefur verið plantað í þak hennar. Kofinn er lítill og mögulega verið geymsla fyrir kartöflur eða hænsnakofi.


Mynd 290 Húsið horft til norðurs

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-070:013 gata leið 63°58.567N 20°53.030V

Götur liggja frá bæ 001 til austurs að beitarhúsi 007.
Göturnar eru greinilegar við útihús 011 og liggja í sléttu túni næst því og svo um gróna móa eftir því sem austar dregur að beitarhúsunum.
Göturnar eru á svæði sem er um 5 m breitt, þar eru 3-4 skorningar sem eru um 0,2 m djúpir. Göturnar sjást mun betur í móanum austast en verr nær bæ þar sem nú eru sléttuð tún, en þar má þó enn sjá móta fyrir þeim.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Mynd 291 Leiðin horft til austurs

ÁR-070:014 *Litlaborg* tóft fjárskýli 63°58.745N 20°52.058V

"Litlaborg. Grashóll austan við Sundin, sennilega gömul fjárborg," segir í örnefnaskrá. Litlaborg er um 1 km austan við bæ 001 og um 40 m sunnan við veg milli Langholtshverfis og Oddgeirshóla ÁR-071. Þar er tóft á þýfðum hól.
Hóllinn er á þýfðum og fremur blautum mel. Mógrafir 015 eru umhverfis hann.
Tóftin er á hól sem er um 17x12 m stór og snýr norður-suður. Hann er um 2 m hár. Tóftin er um 4x4 m stór, einföld með dyrum á miðjum suðurvegg. Hleðslur hennar eru hlaupnar í þúfur. Þær eru um 0,5 m háar og hér og þar glittir í grjót í þeim.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Langholt II, 1.



Mynd 292 Tóftin horft til norðurs



ÁR-070:015 náma mógrafir 63°58.725N 20°52.062V

Mógrafir eru rúman 1 km austan við bæ 001 og tæplega 50 m sunnan við fjárskýli 014. Vegur að sumarbústað er um 40 m austar.
Mógrafirnar eru í þýfðum og sléttum móa. Mýrarflákar eru víða í móanum.
Mógrafirnar liggur í sveig umhverfis fjárskýli 014. Svæðið snýr norðaustur-suðvestur og um 90 x 40 m að stærð. Mógrafirnar eru um 10 talsins og eru þær flestar um 10 x 7 m að stærð. Þær eru þurrar og sumar þeirra renna saman. Þýft er á milli grafanna en mógrafirnar eru sléttar og því auðsjáanlegar.
Hættumat: engin hætta



Mynd 293 Mógrafirnar horft til austurs


ÁR-070:016 þúst óþekkt 63°58.291N 20°52.816V

Þúst er um 900 m suðaustan frá bæ 001 og um 620 m sunnan við beitarhúsatóft 070:007.
Þústin er í þýfðum flatlendum móa.
Þústin er um 20x15 m stór og snýr austur-vestur. Suðvestast á henni er græn dæld og víða glittir í grjót í hliðum hennar. Dældin er um 3x4 m stór og snýr nær norður-suður. Engar greinilegar dyr eru á henni. Hugsanlega hefur hér verið fjárborg eða heystæði en samkvæmt Hreggviði Hermannsyni var svæðið umhverfis tóftina frekar nýtt til slægna en beitar.
Hættumat: engin hætta



Mynd 294 Þústin horft til norðurs

ÁR-071 Oddgeirshólar



1686: 40 hdr. Bændaeign. 1709: 50 hdr.Bændaeign. 1847: 50 hdr. Bændaeign.
Oddgeirshóla er getið í Landnámu: "Bræðr tveir bjöggu í landnámi þeira Finns ok Orms, Hróðgeirr enn spaki í Saurbæ, en Oddgeirr at Leirá ... Þeir Hróðgeirr bræðr námu síðan lönd í Flóa, Hraungerðingahrepp; bjó Hróðgeirr í Hraungerði, en Oddgeir í Oddgeirshólum; hann átti dóttur Ketils gufu." ÍF I, 68. Einnig: "Hróðgeirr enn spaki ok Oddgeirr bróðir hans, er þeir Fiðr enn auðgi ok Hafnar-Ormr keyptu brutt ór landnámi sínu, námu Hraungerðingahrepp, ok bjó Oddgeirr í Oddgeirshólum" ÍF I, 374. Jarðarinnar er einnig getið í Harðarsögu ok Hólmverja, ÍS XII, 220. Varðveitt eru sölubréf fyrir jörðina frá 1463, DI V, 387-88 og frá 1466, DI V 467-8. Þá eru varðveitt próventubréf frá 1474 um Oddgeirshólareið, DI V, 731-5 og sáttargjörðarbréf vegna reiðarinnar frá 1492, DI VII, 88-89. Kirkjustaður: ODDGEIRSHÓLAR Í FLÓA (Á) -Maríu - KIRKJA c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 8. [um 1220]: Þesse er maldagi mariu circiu þeirar er stendr j oddgeirs holum. at þar scal syngia hvern loghelgan dag oc annan hvarn ottu song

þar scal prestr hafa .iiij. mercr caups Þar liggr til kirkiu hafnar fiara half oc land at [Litlu] reycium oc tiund þaðan oc lysi tollr allr oc tiund or ollum heima husum iij. kugilldi bu fiar fylgia circiu. clucur .ij. kerti sticur .ij. alltara clæði .iij. elldberi. tiolld of songhus. xvj. mercr vax; Máld DI I 410
1397: a land ad Reykium. halfa Hafnarferiu til reka. Þar tekst heima oll tiund oc lysitollar og fra Reykiumm. portio Ecclesiæ vmm .xx. är arliga xiiij. aurar. enn mork arliga medan Einar bio. huad reiknadizt in summa. ccc. oc .xx. oc half mork. enn firir halld aa kirkiu oc firir Þa hluti sem hann hafdi til lagt ... fiell aptur. xiijc. oc half mork. oreiknad .xc. sem kirkian aa j hans gardi. Hun a j sijna portionem vmm næstu fyrerfarandi. x. är vij. hundrud oc .x. aurar. Jtem jordina a Laugumm sette Snorre Jonsson j portionem; Máld DI IV 51-52
[1491-1512]:Byskups stephans maldage. Kirkia j oddgeirsholvm a fimm kyr og fimm asavdar kvgilldi. Máld DI VII, 45 [AM 263 fol, bl. 55]
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. b. 50}
1553: Máld DI XII, 659.
1570: Máld DI XV, 654.
3.3.1752 og 13.4.1754: Kirkja í Oddgeirshólum flutt að Hjálmholti; (PP, 78) [konungsbréf]
1754: Sýslumaður Brynjólfur Sigurðsson lét gjöra kirkju í Hjálmholti í Flóa, en Oddgeirshólakirkja var lögð af, Hraungerði beneficium og preststsetur framvegis, en Laugardælir stólsjörð. Ölfusvatnsannáll IA IV, 372.
"Austurkot [ÁR-073], hjáleiga, bygð skamt frá heimatúninu fyrir manna minni. ... Oddgeirshólahöfði, önnur hjáleiga, bygð fyrir manna minni við heimatúnið, [ÁR-072] ... Litlu Reiker [ÁR-082], þriðja hjáleiga, bygð í úthögum fyrir manna minni ... Hóll, [ÁR-071:019] fjórða hjáleiga, nú í eyði, bygð við heimatúnið hjer um fyrir 30 árum" JÁM II, 142-3.
1981: "Þetta er landnámsjörð og fylgdu henni lengi margar hjáleigur ... Þær hjáleigur er sameinast heimajörðinni eru: Oddgeirshólahöfði en það býli hefur ekki verið í sérábúð síðan 1927 ... Í munnmælum er að þar hafi tvær aðrar hjáleigur verið og önnur heitið Hóll en hin Lambhagi, en báðar fyrir löngu komnar í eyði ... Frá 1936 hafa þrír bræður búið félagsbúi á jörðinni ... Þeir skiptu jörðinni í 3 býli [Oddgeirshóla I, II og III] ... Magnús Guðmundsson ... hefur nú stofnað nýbýlið Oddgeirshóla IV. Fékk Magnús 100 ha. Lands á erfðaleigu" SB II, 473, 475.
1708: "Fóðrast kann vii kýr, iii úngneyti, xl ær, xx lömb, iv hestar. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga bjargleg. Móskurður til eldiviðar meinast vera, brúkast ei. Eggversvon í tveimur hólmum í Hvítá ... Reka á kirkjan í Einarshöfn á móts við Skálholtsstað ... Skóg á kirkjan norður á afrjett fyrir ofan Eystri-Hrepp þar sem heitir Dímon. Þar hefur jörðin brúkað kolgjörð oflega, stundum í almenníngi ut supra. Þetta skógarítak er nú mjög eytt og komið í fornviði. Engið spillist af vatni, sem jetur úr rótina til stórskaða og eyðileggingar. Vatnsból erfitt fyrir fannlögum á vetur." JÁM II, 141-2.
1918: "Tún: 6.32 ha. afgrit í sambandi við stóran bithaga, ca 80% sljett. Matjurtagarðar 19.23 arar" Túnakort 1918.

ÁR-071:001 *Oddgeirshólar* bæjarhóll bústaður 63°59.081N 20°48.786V
Samtals eru merkt 11 hús inn merkt á bæjarhól Oddgeirshóla á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Bærinn stóð framan við eldra íbúðarhúsið á Oddgeirshólum (byggt 1952 eða þar um bil) í sömu röð og yngra íbúðarhúsið austan við og útihús vestan við.
Malarhlað og byggingar í kringum nema að sunnan en þar er brött brekka niður af bæjarstæðinu og heimreið upp hana.
Ekki er hægt að greina bæjarhólsmyndun en bæjarstæðið er undir allháum kletti og mjög bratt niður af til austurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-071:002 mannabein kirkja 63°59.066N 20°48.754V
ODDGEIRSHÓLAR Í FLÓA (Á) -Maríu - KIRKJA
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 8
[um 1220]: Þesse er maldagi mariu circiu þeirar er stendr j oddgeirs holum. at þar scal syngia hvern loghelgan dag oc annan hvarn ottu song
þar scal prestr hafa .iiij. mercr caups
Þar liggr til kirkiu hafnar fiara half oc land at [Litlu] reycium oc tiund þaðan oc lysi tollr allr oc tiund or ollum heima husum
iij. kugilldi bu fiar fylgia circiu. clucur .ij. kerti sticur .ij. alltara clæði .iij. elldberi. tiolld of songhus. xvj. mercr vax; Máld DI I 410
1397: a land ad Reykium. halfa Hafnarferiu til reka.
Þar tekst heima oll tiund oc lysitollar og fra Reykiumm.
portio Ecclesiæ vmm .xx. är arliga xiiij. aurar. enn mork arliga medan Einar bio. huad reiknadizt in summa. ccc. oc .xx. oc half mork. enn firir halld aa kirkiu oc firir Þa hluti sem hann hafdi til lagt ... fiell aptur. xiijc. oc half mork. oreiknad .xc. sem kirkian aa j hans gardi.

Hun a j sijna portionem vmm næstu fyrerfarandi. x. är vij. hundrud oc .x. aurar.
Jtem jordina a Laugumm sette Snorre Jonsson j portionem; Máld DI IV 51-52
[1491-1512]:Byskups stephans maldage.
Kirkia j oddgeirsholvm a fimm kyr og fimm asavdar kvgilldi. Máld DI VII, 45 [AM 263 fol, bl. 55]
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. b. 50}
3.3.1752 og 13.4.1754: Kirkja í Oddgeirshólum flutt að Hjálmholti; (PP, 78) [konungsbréf]
1754: Sýslumaður Brynjólfur Sigurðsson lét gjöra kirkju í Hjálmholti í Flóa, en Oddgeirshólakirkja var lögð af, Hraungerði beneficium og prestssetur framvegis, en Laugardælir stólsjörð. Ölfusvatnsannáll IA IV, 372. Kirkja hefur sennilega staðið þar sem nú er garður SSV við yngra íbúðarhúsið um 30 m suðaustan við gamla bæinn. Mannabein hafa komið upp oftar en tvisvar utan í hólnum sem yngra íbúðarhúsið stendur á , suðaustan til á bæjarstæðinu. Bein komu upp þegar íbúðarhúsið frá 1929 var byggt inn í hólinn að sunnanverðu (2-3 m austan við heimreið) og eins þegar verið var að laga dæld suðaustantil í hólnum (í miklum halla) - dældin sést enn. Ekki var tekið eftir beinum þegar grafið var fyrir nýja húsinu.
Engin ummerki sjást á yfirborði. Kirkjubrunnur 028 er neðan við brekkuna sem er um 5-6 m há. Steypt er yfir hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:DI XII, 8; DI I, 410; DI IV, 51-2; DI VII, 45; IA IV, 372.

ÁR-071:003 heimild um kálgarð 63°59.069N 20°48.746V
Kálgarður var um 10 m sunnan við bæ 001 og um 10 m norðvestan við kálgarð 008 samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Elsta íbúðarhúsið er um 10 m til norðurs og snarbrött brekka til suðurs og líklegt að kálgarðurinn hafi legið í henni.
Þar sem kálgarðurinn var er nú bakgarður sunnan við elsta íbúðarhúsið á Oddgeirshólum sem byggt var 1929. Þar hefur trjám verið plantað og gerð blómabeð.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-071:004 heimild um útihús 63°59.141N 20°48.769V
Útihús var um 130 m norðan við bæ 001 samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918.
Þar sem útihúsið var er nú grasivaxið tún umkringt klettum á alla kanta. Slakki er til suðurs niður túnið, heim að bæ 001.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-071:005 heimild um útihús 63°59.153N 20°48.781V
Útihús var um 150 m norðan við bæ 001 og um 10 m norðvestan við útihús 004 samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Útihúsið var þar sem nú eru mörk sléttaðs túns og brattrar brekku sem liggur til norðurs. Brekkan er um 4 m á hæð.
Þar sem útihúsið var er nú slétt grasivaxið tún með klettum á alla kanta. Túnið liggur í slakka til suðurs heim að bæ 001.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-071:006 heimild um traðir 63°59.074N 20°48.787V
Heimreið er merkt að bæ 001 úr vestri á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Þar sem heimreiðin lá er nú (2009) malarplan vestan við íbúðarhúsið á Oddgeirshólum II sem byggt var 1953 og vegur til austurs á milli fjárhúsa og hesthúss. Fyrir sunnan er grasivaxið tún.
Þar sem heimreiðin lá er nú malarplan og -vegur.
Engin ummerki heimreiðarinnar sjást á yfirborði. Samkvæmt túnakorti frá 918 var hún um 130 m löng.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-071:007 heimild um útihús 63°58.965N 20°48.748V
Útihús var um 200 m sunnan við bæ 001 samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið var um 10 m vestan við núverandi veg að bæ 001. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og því

líklega fallið úr notkun þá.
Þar sem útihúsið var er nú þýfður mói með mýrardælum. Á þessum slóðum er stutt niður á hraun.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906

ÁR-071:008 heimild um kálgarð 63°59.064N 20°48.757V
Kálgarður er merktur um 10 m sunnan við bæ 001 og um 10 m vestan við kálgarð 003 á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1918.
Þar sem kálgarðurinn var er nú grasivaxinn bakagarður sunnan við íbúðarhúsið á Oddgeirshólum 1. Á þessum slóðum hefur trjám verið plantað og blómabeð gerð.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-071:009 heimild um legstað
"Fyrir ofann Bæarhúsinn i Oddgeirshólum i Hraúngerdis Sókn undir heima Kletti, er sagt leídi Oddgeírs sé, en mikid sínist su saga ótrúleg, þar þetta er laúng ávöl þúfa hér um 5 fadmar á léngd," segir í skýrslu séra Benedikts Sveinssonar frá 1821. Bræðurnir Magnús og Steinþór Guðmundssynir könnuðust ekki við þessa lýsingu né vissu hvar þúfuna gæti verið að finna.
Svæðið fyrir norðan bæ 001 er grasivaxið og þúfur víða. Hver þeirra á að vera leiði Oddgeirs er ómögulegt að vita og hún gæti jafnvel verið horfin undir mannvirki. Ekki reyndist því unnt að staðsetja Oddgeirsþúfu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:FF, 203-5

ÁR-071:010 *Stöðull* örnefni kvíar 63°59.175N 20°48.842V
"Stöðull. Grasi gróin klauf sem næst í hánorður frá Oddgeirshólabæ [001], vestan Harðhauss," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Kvíarnar voru um 200 m norðan við bæ 001 og tæpum 60 m norðvestan við útihús 004.
Þar sem kvíarnar voru er grasivaxið tún í halla til suðurs. Klettar eru á vestari og austari hlið túnsins.
Engin ummerki kvíanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Oddgeirshólar, aths., 1.


ÁR-071:011 garðlag óþekkt 63°56.060N 20°53.319V
Tvö garðlög eru í þýfðum móa um 750 m vestan við bæ 001. Garðlögin eru samsíða en annað þeirra er mun styttra. Bæði garðlögin eru rofin á nokkrum stöðum og hlutar þess horfnir í mosa.
Garðlögin eru í þýfðum, grónum móa með blautum dælum og hraunklettum.
Garðlögin tvö eru svæði sem er 400 x 75 m stórt og snýr norður-suður. Þau eru bæði um 0,3 m á hæð, sigin og grjóthlaðin. Það rétt glittir í efstu steinna sem eru vaxnir skófum og mosa. Var garðlögunum gefin bókstafur til aðgreiningar. Garðlag A er austar og er um 200 m langt. Það liggur norður-suður frá fjárhúsi 012 en beygir síðan til suðausturs. Garðlag B liggur um 40 m vestan við garðlag A. Það er rúmlega 400 m langt og liggur norður-suður. Það beygir síðan til suðausturs í suðurhluta. Tilgangur garðlaganna er óþekktur en þetta hafa mögulega verið vörslugarðar.
Hættumat: engin hætta


Mynd 295 Garðlag A horft til norðausturs

ÁR-071:012 *Ærhúsdælar* tóft fjárhús 63°59.333N 20°49.493V
"Ærhúsdælar. Dælar norður af Löngulaut," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Ærhúsdælar eru rúmum 750 m norðvestan við bæ 001 og rúma 250 m norðan við Lambhúsdæl 021. Dæl er um 20 m fyrir sunnan tóftina og skurður um 20 m til austurs. Fjarlægð frá bæ 001 og lag tóftarinnar gefur til kynna að hér séu um beitarhús að ræða.
Beitarhúsið er í þýfðum móa með hraunklettum og mýrardælum inn á milli.
Beitarhúsið er 20 x 9 m að stærð, snýr norður-suður og er tvískipt. Hólf 1 er sunnar í tóftinni. Það er 7 x 3 m að



Mynd 296 Fjárhúsið horft til norðurs



innanmáli og snýr norður-suður. Jata liggur eftir hólfinu endilöngu. Veggirnir eru um 1 m á hæð og grónir. Það glittir víða í grjót og sjást tvö umför af grjóthleðslu í veggjunum. Inngangur er á miðri suðurhlið. Austurhlið hólfsins er röskuð að hluta og grjót hrunið utan við tóftina. Hólf 2 er 6 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Gólfflötur þess er lægri en í hólfi 1 og og það því líklega verið hlaða. Veggirnir eru um 1,5 m á hæð og grónir. Það sjást tvö umför af grjóthleðslum í þeim. Ekki sést skýr inngangur í hólfið. Norðurveggur tóftarinnar er grafinn inn í lágan hól aftan við tóftina.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Oddgeirshólar, aths., 1.

ÁR-071:013 náma mógrafir 63°59.760N 20°48.506V




Mynd 297 Mógrafirnar horft til norðurs

"Grafir. Mógrafir sem næst Arnarbælisferjustaðnum [ÁR-441:033], sunnan við Mónef," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Mógrafirnar eru m 1,3 km NNA við bæ 001 og rúma 900 m norðaustan við beitarhús 012. Hvítá er norðan við mógrafirnar en ræktað tún til suðurs.
Mógrafirnar eru í þýfðum móa sunnan við Hvítá.
Fyllt hefur verið upp í mógrafirnar og því er erfitt að áætla stærð svæðisins. Það er þó byrjað að móta fyrir stöku gröf aftur þar sem jarðvegur hefur sigið ofan í þær. Þær mógrafir sem sjást eru um 3 x 2 m að stærð, 0,3 m djúpar og rakar. Telja má líklegt að svæðið hafi snúið austur-vestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Oddgeirshólar, aths., 1.

ÁR-071:014 *Geldingaborg* þúst fjárskýli 63°58.464N 20°50.590V



Mynd 298 Geldingaborg horft til norðausturs



"Geldingaborg. Hár upphlaðinn borgarhóll," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Geldinagaborg er tæpa 1,9 km ANA við bæ 001 og rúma 950 m sunnan við Stóruborg 018. Skurður gengur til vesturs að Geldingaborg og vírgirðing er fast vestan við hana. Kofi fyrir refaskyttur er efst á Geldingaborg en hefur fokið á hliðina. Líklegt er að fjárborg hafi áður verið á þessum slóðum eins og nafnið gefur til kynna.
Hóllinn er í stórþýfðum móa með mosaþembum og hrauntoppum. Stutt er niður á hraun umhverfis borgarhólinn.
Geldingaborg, sem er nú er hóll er um 23 x 20 m í þvermál, 4 m á hæð og í miðju hans er moldarflag um 7 m í þvermál. Hóllinn snýr norður-suður. Í moldarflaginu má sjá glitta í eitt umfar af hleðslugrjóti en ekki er hægt að áætla stærð fjárskýlisins. Telja má líklegt að Geldingaborg hafi verið hringhlaðin vegna legu steina. Geldingaborg er nú horfin, að öllum líkindum hefur hún verið rifin.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Oddgeirshólar, aths., 1.

ÁR-071:015 *Stekkjarhvammur* tóft stekkur 63°59.449N 20°49.061V


"Stekkjarhvammur, þar var stekkur frá Oddgeirshólum til forna," segir í örnefnalýsingu.

Stekkjarhvammur er tæpum 750 m norðan við bæ 001 og um 400 m austan við fjárhús 012.

Stekkjarhvammur er vestan við holt með náttúrulegum klettabeltum. Stekkurinn er neðan við grasivaxna brekku sem hallar til vesturs. Svæðið er grasivaxið og þýft.



Mynd 299 Stekkurinn horft til norðvesturs



Stekkurinn er 14 x 6 m, snýr austur-vestur og er tvískiptur. Hólf 1 er austar í tóftinni og er 4 x 4 m að innanmáli. Inngangur er í norðurhorni. Veggirnir eru einungis um 0,3 m á hæð og alveg grónir. Til norðurs er tóftin byggð inn í hólrana sem gengur til vesturs niður holtið. Hólf 2 er 5 x 5 m að stærð og inngangur er í suðvesturhorni. Veggirnir eru um 0,4 m að hæð og alveg grónir. Ekki virðist vera innangengt á milli hólfa en grjóthlaðin veggur skilur þar á milli. Hann er um 0,1 m hár en hleðslan er óregluleg

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Oddgeirshólar, 1.

ÁR-071:016 *Reiðingsrimar* örnefni rista 63°57.821N 20°51.312V

"Reiðingsrimar eru norðaustan við Álftadæl," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Reiðingsrimar eru í svokölluðum Sorta sem er heiti yfir blauta mýri sem tilheyrir mörgum lögbýlum á þessu svæði. Að sögn Steinþórs Guðmundssonar eru engin ummerki ristunar sjáanleg nú né vitað hvar hún fór nákvæmlega fram. Ristan er um 3 km suðvestan við bæ 001 og um 1,3 km SSV við Geldingaborg 014.

Þar sem torfið var rist er þýfður mói með blautum mýrarflákum.

Engin ummerki ristunnar sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Oddgeirshólar, aths., 1.

ÁR-071:017 *Kerlingarvarða* varða óþekkt 63°58.965N 20°50.127V

"Kerlingarvarða. Skammt vestur frá Brennudæl," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Varðan var nýlega endurhlaðin og hefur það verið gert reglulega í gegnum tíðina. Um 10 m fyrir sunnan vörðuna er malarvegur að Langholti ÁR-068. Varðan er um 950 m austan við Stóruborg 018 og 1,1 km vestan við bæ 001.

Varðan er í þýfðum móa.

Varðan er efst á um 2 m háum náttúrulegum hól. Sex umför af grjóthleðslu sjást í vörðunni og er hún um 0,5 m há. Varðan er um 1 m í þvermál. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 27.




Mynd 300 Varðan horft til norðurs

ÁR-071:018 *Stóraborg* þúst fjárskýli 63°58.891N 20°51.264V

"Stóraborg. Hóll í Oddgeirshólahögum miðjum nálægt mörkum milli Langholts ÁR-068] og Oddgeirshóla," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Stóraborg er um 2,1 km vestan við bæ 001 og rúma 950 m




Mynd 301 Stóraborg horft til norðurs



norðvestan við Geldingaborg 014 . Malarvegur að Langholti ÁR-068 er um 20 m til sunnar.
Stóraborg er í þýfðum og mosavöxnum móa.
Stóraborg var að öllum líkindum topphlaðin fjárborg. Hún var á um 2,5 m háum hól sem er 20 m í þvermál. Ofan á hólnum er slétt dæld, um 8 x 6 m að stærð, og sést í bökkum hennar glitta í hleðslur. Ekki sést eiginleg tóft á hólnum en greinilegt er að í honum leynast mannvistarlög undir sverði og líklegt að hóllinn sé að stórum hluta uppsöfnuð mannvistarlög. Hlíðar hans eru frekar brattar og grasivaxnar. Dældin ofan á hólnum snýr austur-vestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 28.

ÁR-071:019 *Hóll* tóft fjárhús 63°58.944N 20°48.924V





Mynd 302 Tóftin horft til NNV

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Hóll, fjórða hjáleiga, nú í eyði, bygð við heimatúnið fyrir 30 árum og varaði bygðin hjer undir 20 ár." "Miðmundi, þar var kot til forna, er hét Hóll," segir í örnefnalýsingu. Hóll er um 270 m suðvestan við bæ 001 og um 230 m suðvestan við brunn 032. Þar sem býlið stóð er nú yngri tóft, að öllum líkindum fjárhús.

Tóftin er efst á hól í suðurhluta grasivaxins túns sunnan og suðvestan við bæ 001.
Þar sem Hóll stóð er nú tóft sem líklega hefur verið byggð í tóftum býlisins. Tóftin er 12 x 6 m og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er einföld og grjóti hefur verið hrúgað í norðurenda hennar. Veggir tóftarinnar eru um 0,6 m háir og grasivaxnir. Hvergi glittir í grjót. Inngangur hefur verið á miðri norðurhlið en hann er óljós vegna grjótsins sem þar hefur verið sett. Ekki sjást aðrar tóftir umhverfis fjárhúsið né túngarður og líklegt að þær hafi horfið við túnasléttun. Ekki sést uppsöfnun mannvistarlaga undir tóftinni enda einungis búið í 20 ár á býlinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Oddgeirshólar, 1; JÁM II, 143.

ÁR-071:020 *Lambahagi* heimild um býli 63°59.171N 20°49.138V
"Lambahagi eða Lambhagi?, þar var bær samnefndur," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum Byggðum II segir: "Í munnmælum er að þar hafi tvær aðrar hjáleigur verið og önnur heitir Hóll [019] en hin Lambhagi, en báðar fyrir löngu komnar í eyði og verksummerki þeirra að mestu horfin,". Lambahagi var um 200 m norðan við Höfða 072:001 og rúmum 350 m norðvestan við bæ 001. Lambhagi var vestan holtið sem bær 001 var sunnan undir. Lækur rennur til vesturs skammt norðan við áætlaða staðsetningu býlisins.
Þar sem býlið stóð er nú grasivaxin tunga sem gengur til vesturs úr holtinu fyrir norðan bæ 001. Tungan hallar til vesturs en hvergi mótar fyrir mannvistarleifum.
Engin ummerki býlisins sjást á yfirborði. Svæðið sem umræðir hefur ekki verið sléttað en þar er nú þýfður mói með blautum dælum. Lambhaga er ekki getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín en líklega byggð á 18. öld eða fyrri hluta 19. aldar. Öll ummerki bæjarins eru horfin og virðist svo hafa verið lengi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Oddgeirshólar, 1; SB II, 473

ÁR-071:021 *Lambhúsdælar* örnefni lambhús 63°59.206N 20°49.330V
Örnefnið Lambhúsdælar er á skrá yfir örnefni í Oddgeirshólalandi. Lambhúsdæl er rúmum 100 m norðvestan við mógrafir 029 og tæpum 500 m norðvestan við útihús 004. Lambhúsdæl er rök og um 0,3 m djúp. Allt umhverfis hana er þýfður og gróinn mói.
Engin ummerki lambhúss sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Oddgeirshólar, 1.

ÁR-071:022 *Þorbjarnartóft* heimild um bústað
"Þorbjarnartóft, sagt er, að þar hafi verið einsetukarl," segir í örnefnalýsingu. Hvorki Magnús né Steinþór

Guðmundssynir, heimildamenn, könnuðust við örnefnið Þorbjarnartóft eða höfðu grun um hvar hana væri að finna. Þetta gæti einnig verið ein þeirra tófta sem skráðar voru á Oddgeirshólum og voru óþekktar í heimildum en örnefnið týnt.
Heimildir:Ö-Oddgeirshólar, 1.

ÁR-071:023 *Miðvarða* varða
Örnefnið Miðvarða er á lista yfir örnefni í Oddgeirshólalandi. Hvorki Steinþór né Magnús Guðmundssynir, heimildamenn, könnuðust ekki við þetta örnefni né vissu hvar það væri að finna. Ekki voru aðrar vörður en Kerlingavarða 017 skráðar á Oddgeirshólum og líklegt að Miðvarða sé nú horfin.
Ekki reyndist unnt að staðsetja Miðvörðu.
Heimildir:Ö-Oddgeirshólar, 1.

ÁR-071:024 *Efri-Smalaskáli* heimild um smalakofa
Efri-Smalaskáli er á lista yfir örnefni í landi Oddgeirshóla. Magnús og Steinþór Guðmundsynir, heimildamenn, könnuðust ekki við þetta örnefni né höfðu grun um hvar það væri að finna. Telja verður líklegt að Smalaskálinn hafi verið í svokölluðum Oddgeirshólahögum en ekki niður í Sorta, þar eru blautar mýrar.
Ekki reyndist unnt að staðsetja Efri-Smalaskála.
Heimildir:Ö-Oddgeirshólar, 1.

ÁR-071:025 *Syðri-Smalaskáli* heimild um smalakofa
Syðri-Smalaskáli er á lista yfir örnefni í landi Oddgeirshóla. Magnús og Steinþór Guðmundsynir, heimildamenn, könnuðust ekki við þetta örnefni né höfðu grun um hvar það væri að finna. Telja verður þó líklegt að Smalaskálinn hafi verið í svokölluðum Oddgeirshólahögum, sunnan við Efri-Smalaskála 024.
Ekki reyndist unnt að staðsetja Neðri-Smalaskála.
Heimildir:Ö-Oddgeirshólar, 1.

ÁR-071:026 *Borgir* örnefni fjárskýli
"Borgir, þar er nú hús," segir í örnefnalýsingu. Hvorki Magnús né Steinþór Guðmundsynir, heimildamenn, könnuðust við þetta örnefni eða höfðu grun um hvar það væri að finna. Telja verður þó líklegt að einhver þeirra tófta, t.d. Geldingaborg 014 og Stóraborg 018, sem skráðar voru á jörðinni séu umræddar Borgir en örnefnið hafi týnst.
Ekki reyndist unnt að staðsetja Borgir.
Heimildir:Ö-Oddgeirshólar, 1.

ÁR-071:027 gripir
"Oddgeirshólar, Hraungerðishr.: Kola, ljósgrá, meiri hluti skaftsins brotinn af, blaðið því sem mest kringlótt, mjög grunn skál, 105-111 í þvm., 14 að d. Í miðju, brotið úr barmi. Þjms. 10556. Skaft af grýtu, grágrænt, 84 að l., sexstrent og mjókkar aftur, brotið aftan af. Grýtan hefur verið 15 að þykkt. Þjms. 10558. Báðir þessir gripir fundust 1,5 m í jörðu undir gólfskán, sem virtist hafa verið af búri. Fundust við húsgröft," segir í grein Kristjáns Eldjárns í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1949-50. Heimildamennirnir, Magnús og Steinþór Guðmundssynir, heimildamenn, höfðu ekki heyrt um þennan fund áður og vissu ekki hvaða hús umræðir. Telja verður þó líklegt að kolan hafi fundist þegar íbúðarhús var byggt árið 1929 á gamla bæjarstæðinu.
Heimildir:KE, Árbók 1949-50, 46.

ÁR-071:028 *Kirkjubrunnur* brunnur brunnur 63°59.066N 20°48.726V
Örnefnið Kirkjubrunnur er á lista yfir örnefni í Oddgeirshólalandi. Brunnurinn er tæpa 30 m fyrir suðaustan bæ 001 og um 60 m norðvestan frá vegi 031. Hús var steypt yfir brunninn milli 1950-1960 og sett dæla í hann. Nú liggur malarvegur yfir brunnhúsið sem gert er úr grjóti, bárujárni og steypu. Hægt er að kíkja inn í brunnhúsið frá vegöxlinni.
Brunnurinn er undir malarvegi en hægt er að kíkja inn í hann frá grasivaxinni mýri þar sunnan við. Vegkanturinn er um 1,3 m hár og brunnhúsið er um 1 m á hæð.
Brunnurinn sést fast sunnan við fyrrnefndan vegarkant. Húsið sem byggt var yfir brunninn er hrunið og erfitt að áætla nákvæma stærð hans. Það sést glitta í dæluna sem sett var þar undir brakinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Oddgeirshólar, 1.


Mynd 303 Kirkjubrunnur horft til norðurs

ÁR-071:029 náma mógrafir 63°59.188N 20°49.193V



Mynd 304 Mógrafirnar horft til NNV

Mógrafir eru rúmum 50 m norðvestan við Lambhaga 020 og 400 m norðvestan við bæ 001.
Mógrafirnar eru í þýfðum og grónum móa.
Mógrafirnar eru 50 x 30 m stórar og snúa norður-suður. Yfir 20 grafir eru á svæðinu. Þær eru flestar stakar og um 10 x 3 m að stærð en einnig finnast bæði minni og stærri grafir. Mógrafirnar eru blautar, grónar og um 0,3 m djúpar.
Hættumat: engin hætta

ÁR-071:030 garðlag vörslugarður 63°58.988N 20°49.320V



Mynd 305 Garðlagið horft til suðurs

Innan afgirts túns sunnan og suðvestan við bæ 001 er garðlag. Garðlagið liggur frá vegi að Langholti ÁR-
068 í norðri og endar til suðurs við merki Stóru-Reykja ÁR-081.
Garðlagið liggur í þýfðum móa. Um 20 m fyrir vestan garðlagið er grasivaxið tún.
Garðlagið liggur norður-suður. Það er grjóthlaðið úr fremur stóru hraungrýti og sést á um 350 m löngum kafla. Það er um 1 m á breidd og um 0,4 m á hæð. Garðlagið hefur hrunið niður á köflum og er sigið. Þar sem það stendur best sjást tvö umför af grjóthleðslu. Þetta hefur að öllum líkindum verið einhvers konar konar vörslugarður vegna fjarlægðar frá bæ og legu þess.
Hættumat: engin hætta

ÁR-071:031 vegur leið 63°59.035N 20°48.736V



Mynd 306 Vegurinn horft til suðurs

Gömul heimreið að bæ 001 sést í mýrinni fyrir sunnan bæjarholtið. Vegurinn liggur frá malarvegi að Austurkoti ÁR-072 í suðri og norður að bæ 001. Traðir 006 liggja til vestur frá bæ 001 og ekki er hér um sömu leið að ræða. Þessi vegur er að öllum líkindum yngri miðað við legu hans og gerð.
Vegurinn liggur í grasivaxinni og blautri mýri.
Grasivaxinn vegurinn hlykkjast frá suðri að bæ 001. Hann virðist vera upphlaðinn og er um 0,3 m hár. Vegurinn sést á um 100 m löngum kafla. Í suðri sést vegurinn á milli tveggja hóla og er þar um 1,5 m breiður og ekki upphlaðinn. Þar sem hann er upphlaðinn er hann um 3,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Þetta er mögulega sami vegur og 621:010.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-071:032 frásögn brunnur 63°59.051N 20°48.789V


Brunnur var þar sem nú er grasivaxið tún um 20 m suðvestan við bæ 001 og austan við núverandi hesthús. Magnús Guðmundsson, heimildamaður, mundi ekki nákvæmlega hvar brunnurinn var en fyllt hefur verið upp í hann. Brunnurinn var um 40 m suðvestan við bæ 001 og rúma 40 m sunnan við traðir 006.
Þar sem brunnurinn var er grasivaxið tún í halla til suðurs.
Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta, vegna ábúðar

ÁR-071:033 gerði kálgarður 63°59.086N 20°48.707V

Tóft er rúma 50 m norðaustan við bæ 001 og tæpa 115 m SSA við útihús 004. Tóftin er í suðurhlíðum holts sem

er norðan við bæ 001.
Tóftin er í grasivaxinni hlíð sem er snarbrött til austurs. Klettabelti eru í hlíðinni fyrir ofan tóftina.
Tóftin er 7 x 3 m að stærð, snýr austur-vestur og er tvískipt. Tóftin er stungin ofan í holtið til norðurs og austurs. Suðurveggurinn virðist vera torfhlaðinn. Hólf 1 er vestar og er 3 x 3 m að innanmáli. Hólfið er opið til vesturs. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og alveg grónir. Hólf 2 er 3 x 3 m að innanmáli og hvergi sést móta fyrir inngangi. Veggirnir eru um 0,3 m háir og alveg grónir. Þetta hefur líklega verið kálgarður og að öllum líkindum ekki mjög gamall. Hann er hins vegar tekin með á fornleifaskrá vegna forns byggingarlags.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar





Mynd 307 Gerðið horft til austurs

ÁR-071:034 garðlag vörslugarður 63°58.933N 20°48.776V
Garðlag liggur til suðurs eftir þýfðum móa, um 120 m austan við Hól 019. Garðlagið hefst skammt norðan við útihús 007 og endar í þýfðum móa.
Garðlagið liggur í þýfðum og grónum móa með blautum mýrardælum. Það er mjög stutt niður á hraun á þessu svæði.
Garðlagið hefst rétt suðvestan við malarveg að bæ 001 og liggur til suðurs. Garðlagið er grjóthlaðið, um 250 m að lengd og sést eitt umfar af grjóthleðslu í því. Í norðurenda er garðlagið um 1 m á breidd og 0,4 m á hæð og gróið. Meirihluti garðlagsins er þó ógróinn, um 0,2 m á hæð og er nánast útflatt. Þetta hefur líklega vörslugarður eða jafnvel túngarður Hóls 019. Það er þó ekki hægt að stafesta án frekari heimilda.
Hættumat: engin hætta



Mynd 308 Garðlagið horft til suðurs

ÁR-071:035 *Köllunarbakki* örnefni ferja 63°59.864N 20°48.344V
"Köllunarbakki, þar er kölluð ferja [ÁR-441:033] frá Arnarbæli," segir í örnefnalýsingu. Köllunarbakki er 1,5 km norðaustan við bæ 001 og um 250 m norðaustan við mógrafir 013.
Köllunarbakki er klettanef sem skagar út Í Hvítá. Það er blásið og melur ofan á því.
Engin ummerki um ferjustaðinn sjást nú (2009).
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Oddgeirshólar, 1.




Mynd 309 Köllunarbakki horft til norðurs

ÁR-071:036 tóft rétt 63°59.861N 20°47.930V
Tóft er um 1,6 km norðaustan við bæ 001 og rúma 500 m austan við mógrafir 013. Tóftin er í brekku sem hallar til norðurs, í átt að Hvítá. Hún er á sléttum stalli í aflíðandi brekkunni.
Tóftin er á mosa- og grasivöxnu stalli og er í brekku til norðurs.
Tóftin er nánast hringlaga og er um 8 m í þvermál. Tóftin er einföld og hlaðin úr hraungrýti. Hluti af austurvegg tóftarinnar er náttúrulegt bjarg en að öðru leyti er hún hlaðin. Veggir tóftarinnar eru um 0,5 m



Mynd 310 Réttin horft til norðurs




háir og sjást þrenn umför af grjóti í þeim. Tóftin er hlaðin úr stóru grjóti. Inngangur er úr norðvesturhorni. Hleðsla gengur inn til austurs inn í tóftina og myndar um 2 m langan inngang inn í tóftina. Tóftin er líklega lítil rétt eða fjárskýli.
Hættumat: engin hætta

ÁR-071:037 frásögn beitarhús 63°58.821N 20°50.830V
Að sögn Steinþórs Guðmundssonar, heimildamanns, voru beitarhús og brunnur miðja vegu milli Stóruborgar 018 og Kerlingavörðu 017, sunnan við malarveg að Langholtshverfi. Það svæði var skoðað á þess að nokkuð sæist til tófta. Beitarhúsið var rúma 1,7 km vestan við bæ 001 og rúma 350 m suðaustan við Stóruborg 018.
Á svæðinu sem beitarhúsið var á eru blautar dælar, mýrarflákar og grónir hraunhólar. Grunnt er niður á hraun.
Engin ummerki tóftanna sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta

ÁR-071:038 tóft beitarhús 63°59.372N 20°49.857V






Mynd 311 Tóftin horft til norðvesturs

Tóft er um 1 km norðvestan við bæ 001 og um 300 m norðvestan við beitarhús 012.
Tóftin er í þýfðum móa með mýrarflákum og grunnt er niður á hraun.
Tóftin er á 0,5 m háum hól. Hún er 13 x 8 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er tvískipt. Hólf 1 er austar í tóftinni. Það er 4 x 3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Inngangur hefur verið á miðri austurhlið en hrunið er inn í hann og mótar vart fyrir honum. Veggirnir í hólfinu eru um 1 m á hæð og sjást tvenn umför af grjóthleðslum í þeim. Veggirnir eru mosavaxnir og sést rétt glitta í hleðslugrjótið. Hólf 2 er 5 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hvergi mótar fyrir skýrum inngangi en líklega hefur hann verið úr hólfi 1. Veggirnir eru um 1 m á hæð. Þetta hefur líklega verið beitarhús með hlöðu, fjarlægð frá bæ 001 og gerð tóftarinnar gefur það til kynna.
Hættumat: engin hætta

ÁR-072 Höfði



Byggt á túnakorti frá 1906 og 1918

1708 og 1847, hjáleiga frá Oddgeirshólum. 1708: "Oddgerishólahöfði, önnur hjáleiga, bygð fyrir manna minni við heimatúnið , og er alt hið sama um hana og Austurkot [ÁR-073], að hún er tíunduð í næstu 10 ár, so sem hún væri partur úr jörðunni, en Dýrleikinn er áður talinn í heimajörðunni, og gjaldast hjer vi álnir í allar fjórar tíundir." JÁM II, 142-3.
1708: "Fóðrast kann iii kýr, i úngneyti, xii ær, x lömb, ii hestar. Kostir og ókostir sem áður segir um Austurkot [ÁR-073], nema engjar eru hjer þær einar, sem menn henda úr hagmýri, og vatnsból bregst oftlega um vetur." JÁM II, 143.
1918: "Tún 1.84 ha. girt í samb. við bithaga, ca 95% sljett. Matjurtagarðar 8.20 arar" Túnakort 1918.

ÁR-072:001 *Höfði* bæjarhóll bústaður 63°59.056N 20°49.144V



Mynd 312 Bæjarhóllinn horft til norðurs


"Höfði. Eyðibýli vestast í Oddgeirshólatúni. Þar eru fénaðarhús nú," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Fimm hús eru merkt á bæjarstæði Oddgeirshólahöfða á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Fjárhús er nú á þar sem bærinn var áður og hvergi sést móta fyrir uppsöfnuðum mannvistarlögum. Bæjarhóllinn hefur verið á náttúrulegu holti en ekki er hægt að geta sér til um stærð hans. Á bæjarteikningunni og túnakortinu sést að bærinn hefur snúið austur-vestur og framhlið snúið til suðurs. Bærinn fór í eyði árið 1927.
Bárujárnsklætt fjárhús er nú þar sem bærinn var.
Engin ummerki bæjarhólsins sjást lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 27; Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-072:002 heimild um kálgarð 63°59.051N 20°49.145V
Kálgarður er merktur fast sunnan við bæ 001 á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Kálgarðurinn var sunnan við bæ 001 og náði fram á syðri brún holtsins sem bær 001 stóð á.
Þar sem kálgarðurinn var er nú malarplan og gróin tún sunnan við fjárhúsin.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-072:003 heimild um útihús 63°59.077N 20°49.137V
Útihús var um 30 m norðan við bæ 001 samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið var á hólrana á holtinu fyrir norðan bæ 001. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Þar sem útihúsið var er nú slétt, grasivaxið tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906

ÁR-072:004 heimild um traðir 63°59.063N 20°49.168V
Heimreið er merkt að bæ 001 úr norðvestri á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Hún lá til vesturs niður af holti sem bær 001 stóð á. Holtið hækkar til norðurs og er um 15 m hátt.
Þar sem heimreiðin lá er nú malarflag niður holtið.
Engin ummerki heimreiðar sést á yfirborði. Samkvæmt túnakorti var hún um 40 m löng.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-073 Austurkot



Byggt á túnakortum frá 1906 og 1918

1708 og 1847, hjáleiga frá Oddgeirshólum. 1708:"Austurkot, hjáleiga, bygð skamt frá heimatúninu fyrir manna minni. En í 10 ár hefur þessi hjáleiga verið tíunduð með vissum dýrleika, en þó hefur heimajörðin alt fyrirsvar annað en tíundagreiðsluna af hjáleigunni. Dýrleikinn er áður talinn í heimajörðunni, en hjáleigan tíundast vi álnum í allar fjórar tíundir." JÁM II, 142.
1708: "Fóðrast kann iii kýr, i úngneyti, x ær, x lömb, ii hestar. Kostir og ókostir sem segir um heimajörðina nema grjóthrun er hjer ekkert á túnið og vatnsból óerfiðara." JÁM II, 142.
1918: "Tún: 3.77 ha. girt í sambandi við bithaga, ca. 75% sljett. Matjurtagarðar 7.41 arar" Túnakort 1918.

ÁR-073:001 *Austurkot* bæjarhóll bústaður 63°59.021N 20°48.408V
Fimm hús eru merkt á bæjarhól Austurkots á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Lítil ummerki bæjarhólsins sjást nú (2009). Þar sem bæjarhúsin voru er nú slétt malarplan fyrir norðan íbúðarhús sem byggt var 1954. Að sögn Ólafs Einarssonar, heimildamanns, var hægt að keyra á bíl á milli gamla bæjarins og íbúðarhússins. Stétt var sunnan við gamla bæinn og slóði þar við. Steinsteypt útihús er fast vestan við þar sem bærinn var. Ólafur mundi ekki hvenær gamli bærinn var rifin en það hefur verið eftir 1954. Ekkert núverandi húsa í Austurkoti stendur á bæjarhólnum.
Þar sem bæjarhúsin voru er nú slétt malarplan þar sem vélar og áburður eru m.a. geymd.
Þar sem bæjarhóllinn var er nú (2009) slétt malarplan þar sem mótar fyrir upphækkun til suðurs. Þar hefur verið suðurhlið bæjarhólsins. Bakkinn er um 0,3 m á hæð, 10 m að lengd og liggur austur-vestur. Ekki sést hversu breiður bæjarhóllinn var, þar er nú slétt malarplan. Bæjarhóllinn hefur að öllum líkindum snúið austur-vestur og bærinn snúið mót suðri. Það er greinilegt að bæjarhóllinn hefur verið sléttaður. Ekki mótar fyrir austur, vestur og norðurhlið hólsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-073:002 heimild um kálgarð 63°59.020N 20°48.408V
Kálgarður er merktur fast sunnan við bæ 001 á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Íbúðarhúsið í Austurkoti stendur þar sem kálgarðurinn var. Honum hefur verið raskað við byggingu þess og er hann alveg horfinn af yfirborði.
Þar sem kálgarðurinn var er nú malarplan norðan við íbúðarhúsið. Malarplanið liggur yfir norðurhluta kálgarðsins.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-073:003 heimild um traðir 63°59.020N 20°48.372V
Heimreið eru merkt að bæ 001 frá austri á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Fyrir austan bæ 001 er malarplan sem nær heim að steinsteyptu útihúsi. Heimreiðin lá fast sunnan við það.
Þar sem heimreiðin lá er slétt malarplan til vesturs og grasivaxið svæði og tún til austurs.
Engin ummerki heimreiðar sjást á yfirborði. Samkvæmt túnakorti frá 1918 var hún um 60 m löng.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-073:004 heimild um útihús 63°59.014N 20°48.377V
Útihús var um 30 m suðaustan við bæ 001 og um 12 m sunnan við traðir 003 samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Vegarslóði liggur um 3 m austan við þar sem útihúsið var.
Þar sem útihúsið var er grasivaxið svæði fast vestan túns sem liggur fyrir suðaustan íbúðarhúsið.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

ÁR-073:005 heimild um útihús 63 58.995N 20 48.399V
Útihús var um 50 m sunnan við bæ 001 og um 40 m suðvestan við útihús 004 samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Moldarhóll, um 1 m á hæð og 5 m í þvermál er um 10 m vestan við áætlaða staðsetningu útihússins. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og því líklega fallið úr notkun þá.
Þar sem útihúsið var er nú slétt og grasivaxið tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-073:006 *Austurkotslátur* heimild um lögn 63°59.370N 20°17.617V
"Austurkotslátur. Laxalátur út af norðurhorni Austurkotseyju," segir í örnefnaskrá Oddgeirshóla- Austurkots. Látrið var rúma 900 m NNV við bæ 001 og tæpa 300 m ANA við tóft 012. Austurkotseyja er grasivaxin og snýr austur-vestur. Þar sem látrið var er Hvítá fremur lygn en stórar flúðir eru norðan við þar sem látrið var.
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 29.


Mynd 313 Horft til NNA yfir norðurhorn Austurkotseyju

ÁR-073:007 *Brunndæl* örnefni brunnur 63°59.040N 20°48.392V
"Brunndæl. Í túninu norðan við bæinn," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Brunndæl er um 40 m fyrir norðan bæ 001 og rúmum 80 m fyrir norðan útihús 005. Vegarslóði sem liggur norður að bragga, er um 10 m fyrir austan Brunndæl.
Þar sem brunnurinn var er grasivaxið tún fyrir norðan bæ 001. Þar er um 0,5 m djúpur slakki og mótar þar mögulega fyrir suðurbakka dælarinnar.
Engin ummerki brunns sjást á yfirborði enda búið að fylla upp í brunninn að sögn Ólafs Einarssonar, heimildamanns.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 29.

ÁR-073:008 garðlag vörslugarður 63°59.034N 20°48.081V
Garðlag er í þýfðum móa rúmum 220 m austan við bæ 001. Það liggur til austurs í átt til Brúnastaða ÁR-074.
Garðlagið liggur í þýfðum og grónum móa. Hraunklettar koma víða upp úr sverði þar.
Garðlagið liggur austur-vestur og sést á um 220 m löngum kafla. Það er um 0,4 m á hæð og 1 m á breidd. Garðlagið er alveg gróið og hvergi sést glitta í grjóthleðslur. Þetta hefur að öllum líkindum verið vörslugarður sem afmarkaði engi og beitiland. Lega og gerð garðlagsins gefur það til kynna.
Hættumat: engin hætta


Mynd 314 Garðlagið horft til suðurs

ÁR-073:009 *Lambhagalátur* heimild um lögn 63°59.458N 20°47.915V
"Lambhagalátur. Út af malarrifi frá miðjum Lambhaga," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Látrið var um 900 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 250 m norðaustan við tóft 012.
Látrið var á malarrifi í Hvítá. Það er nú horfið en það mótar fyrir grynningum á þessum slóðum.
Engin ummerki Lambhagaláturs sjást á yfirborði. Á þessum slóðum á að vera sandrif en við skráningu sást ekki til þess vegna mikils vatnsmagns í Hvítá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 29.

ÁR-073:010 *Lambhúsdælur* örnefni lambhús 63°59.039N 20°48.179V
"Lambhúsdælur. Norðaustan við túnið," segir í örnefnaskrá. Lambhúsdælur er tæpum 200 m austan við bæ 001 og um 170 m austan við Brunndæl 007. Ólafur Einarsson, heimildamaður, man ekki eftir tóftum á þessum slóðum.
Þar sem lambhúsið var er nú slétt grasivaxið tún með dæl sem er um 20 x 10 m að stærð.
Engin ummerki lambhúss sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur 29.

ÁR-073:011 *Fjárhúsdælur* tóft fjárhús 63°59.245N 20°48.021V
"Fjárhúsdælur. Í norðaustur frá bænum og norður frá Lambhúsdælum [010] " segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Fjárhús eru í brekkunni norðaustan við bragga sem nýttur var undir kindur að sögn Ólafs Einarssonar, heimildamanns. Fjárhúsið var endurbyggt af föður Ólafs í kringum 1960 og byggt á eldri tóftum. Fjárhúsin eru um 400 m norðaustan við Lambhúsdæl 010 og rúmum 500 m norðaustan




Mynd 315 Tóftin horft til suðvesturs

---

við bæ 001.
Fjárhúsið er ofarlega í brekku sem hallar til vesturs, niður að holti sem liggur að Hvítá. Fyrir austan fjárhúsin eru klettar.
Fjárhúsin eru 16 x 8 m að stærð, snúa norður-suður og eru tvískipt. Hólf 1 er sunnar, er 10 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólfið er opið til suðurs. Jata liggur eftir hólfinu endilöngu og er hún grjóthlaðin. Veggirnir eru 0,8 m á hæð og sjást þrenn umför af grjóti í þeim. Austurveggurinn virðist vera grafinn inn í hlíðina. Hólf 2 snýr austur-vestur. Það er 5 x 4 m að innanmáli og er það niðurgrafið. Veggirnir eru um 1,2 m á hæð og alveg grónir. Norður- og austurveggur eru grafnir inn í hlíðina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 29.

ÁR-073:012 tóft óþekkt 63°59.335N 20°47.948V
Tóftir eru fyrir norðan fjárhús 011 að sögn Ólafs Einarssonar, heimildamanns. Tóftin er í brekku, fyrir norðan hlið á vírgirðingu sem liggur austur-vestur, um 180 m fyrir norðan fjárhúsin. Tóftin er um 700 m norðaustan við bæ 001 og tæpa 200 m norðan við fjárhús 011.


Mynd 316 Tóftin horft til norðurs



Tóftin er í þýfðum móa og er í halla til suðurs niður af holti sem liggur að Hvítá.
Tóftin er 11 x 10 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin skiptist í þrjú hólf. Hólf 1 er nyrst í tóftinni. Það er 7 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og alveg grónir. Inngangur er í suðvesturhorni inn í hólf 2. Hólf 2 er suðvestan við hólf 1. Það er 4 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru alveg grónir og eru um 0,8 m á hæð. Tvennar dyr eru hólfinu, annar á norðurvegg úr hólfi 1 en hinn á miðri suðurhlið. Hólf 3 er austan við hólf 2. Grunnflötur hólfsins er dýpri en í hinum hólfunum eða um 0,4 m. Veggirnir eru 1,2 m á hæð og sjást þrenn umför af grjóthleðslum í þeim. Inngangur er á miðri suðurhlið. Ekki er innangengt í hin hólfin. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en telja má líklegt að hér hafi verið beitarhús. Fjarlægð og eðli tóftanna gefa það til kynna.
Hættumat: engin hætta

ÁR-073:013 heimild um leið 63°59.028N 20°47.899V
"Klofhóll. Í Lynghólaheiði við engjagöturnar," segir í örnefnaskrá. Traktorsslóði á milli Austurkots og Brúnastaða ÁR-074 liggur nú þar sem engjagöturnar lágu áður og ekkert sést til þeirra. Engjarnar voru fyrir austan bæ 001.
Þar sem göturnar lágu er nú þýfður mói með mýrlendisflákum og hraunklettum á stöku stað.
Engin ummerki gatna sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur 29.

ÁR-621 fornleifar á fleiri en einni jörð

ÁR-621:001 *Vegurinn um Vola* gata leið 63°56.351N 20°50.491V
" Frá Egilsstaðaferju [005:009] yfir Þjórsá liggur annar alfaravegur yfir þveran Flóann vestur að Laugardælaferju [059:013] á Hvítá. Er þessi vegur ógreiður og víða blautur, þegar votviðri ganga, en þó torfærulaus, nema máske stundum í svonefndu Vælugerðissundi í Villingaholtshrepp. [...] Alfaravegur liggur milli Egilsstaðaferju og Laugardælna [ÁR-059], hjá Hurðarbaki [ÁR-034] í Hróarsholtssókn og yfirlækinn hjá Vola (ÁR-047], fyrir norðan bæinn á Langsstöðum [ÁR-046], Arnarstöðum [ÁR-052] og Túni [ÁR-056]," segir í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu. Í örnefnaskrá sem ber heitið Umferðarleiðir um Villingaholtshrepp segir: "Þjóðvegur, frá honum að Hróarsholtslæk, ekki Volalæk, eins og nú heyrist oft nefndur lækurinn þarna. En vegurinn á þessum kafla heitir Volabraut. Heiðarlandið, sem Volabrautin liggur yfir frá þjóðvegi niður á mýrina, er jaðarinn á Hraungerðisheiði. Hóllinn niður við mýrina til hægri, þegar maður fer niður að læknum, heitir Sauðahúshóll [039:049]. Þar litlu vestar er Sauðahústóft [039:049] (frá Skeggjastöðum [ÁR-044]). Volabrú heitir brúin á Hróarsholtslæk. Brynjólfsvað [039:032] var þarna alveg við, en framan við Volabrúna. Utan við lækinn, nokkrum metrum framan við Volabrú, var Volabúið [047:004]. Í Jarðabók Skeiðahrepps er þessari leið lýst nánar: " Veguinn lá sunnan við Hurðarbak, rétt sunnan við bæinn Dalsmynni og yfir smalaholtið sem nú er tún. [...] Enn lá leiðin eftir Volatanga að Brynjólfsvaði á Hróarsholtslæk hjá Vola. Þá var farið norðan við bæinn á Langstöðum, Arnarstöðum og Túni. [...] engar götur sjást lengur vestan lækjarins,". Haraldur Þórarinsson í Laugardælum sagði að leiðin hafi legið frá áfangastaðnum á Laugardælavelli 059:032 til norðurs að Laugardælavatni og fyrir vatnið austan við að ferjunni 013 annars vegar og hins vegar sunnan við það einnig í átt að ferjustaðnum. Leiðin er merkt inn á kort í Jarðabók Skeiðahrepps og virðist hafa sameinast Gamla þjóðveginum 005 skammt sunnan við Hraungerði ÁR-039.
Leiðin hefur legið um þýfða móa og mýrar.
Lítil ummerki gatna sjást á yfirborði í gamla Hraungerðishrepp. Telja verður afar líklegt að vegurinn hafi horfið að mestu vegna vegagerðar en bæði Villingaholtsvegur og Þjóðvegur 1 fara yfir gamla vegstæðið. Ekki er vitað hvort að til gatnanna sést í gamla Villingaholtshrepp. Við suðausturhorn Laugardælavatns er moldarslóði í þýfðum móanum sem liggur nær austur-vestur sunnan vatnsins. Slóðinn er um 3 m breiður og um 0,2 m djúpur. Vera má að hann sé á sama stað og leiðin lá en ekki er hægt að fullyrða um það. Ekki sást til leiðarinnar við ferjustaðinn 059:013 né við áfangastaði 059:032.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SSÁ, 28, 75; Jón Eiríksson: Jarðabók Skeiðahrepps, 567-568; Ö-Umferðaleiðir, 2

ÁR-621:002 *Hvítárgötur fremri* vegur leið 63°58.330N 20°53.041V
"Annar alfaravegur ofan úr Hreppum og Skeiðum liggur úr áfangastað á Brúnastaðaflötum, fram hjá Litlureykjum [ÁR-082], út Sortann fyrir norðan Krók [ÁR-054]; en í minna lagi er hér gjört að vegabótum." segir í sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu. Í bókinni Jarðabók Skeiðahrepps er fjallað um fornar leiðir um Flóann. Þar segir: " Hvítárgötur fremri fram á ferjuna í Laugardælum [059:013] [...] Nánar lýst lágu göturnar á árbakkanum og er þar nú akfær braut. Göturnar víkja svo frá ánni þar sem Brúnastaðaflatir byrja. Þær lágu síðan neðan við Austurkot [ÁR-073] og yfir lönd Oddgeirshóla [ÁR-071] og Langholts [ÁR-068] ofan við veginn á milli bæjanna en sjást varla lengur. Þá muna núlifandi bændur eftir götunum vestan við bæinn Litla Ármót [ÁR-066] (um 200 metra) en þær eru komnar í tún. Göturnar sjást þó enn í engjum sunnar, og hafa síðan legið vestan við Laugardælavatn og ofan við bæinn í Laugardælum að ferjunni,". Hreggviður Hermannsson, ábúandi í Langholti, man eftir leið frá Langholtsbænum og efstu bæjunum í Hraungerðishreppi til suðurs að ferjunni yfir Ölfusá á Laugardælum 059:013 og áfram til Eyrarbakka. Það sést til leiðarinnar á nokkrum stöðum í þýfðum móa í landi Langholts.


Mynd 317 Leiðin horft til suðurs í landi Langholts

Leiðin sést víða í þýfðum móa.
Þetta voru hestagötur og er leiðin sýnd á korti í bók Jóns Eiríkssonar. Vel sést til leiðarinnar um 715 m suðaustan við Langholt 068:001 þar sem hún liggur VSV-ANA í átt að Oddgeirshólum ÁR-071. Þar eru göturnar 5-10 skorningar á um 10 m breiðu svæði. Skorningarnir eru um 0,2 m djúpir. Einnig sést til gatnanna tæpum 600 m sunnar. Þar sjást til þriggja skorninga og eru þeir um 0,2 m djúpir. Þar liggja göturnar norður-suður í átt að Laugardælum ÁR-059 og sjást þær á um 50 m kafla og hverfa síðan. Hreggviður Hermannsson sagði að göturnar hefðu verið hlaðnar upp á köflum og sést það á stöku stað. Göturnar sjást á köflum í þýfðum móanum allt að

Grímsskjóli 069:012. Mögulega sést til leiðarinnar á loftmynd. Leiðin liggur til vesturs úr landi Langholtsparts ÁR-070, hlykkjast yfir land Langholts og kemur til suðvesturs yfir land Hallanda ÁR-069.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SSÁ, 75; Jón Eiríksson: Jarðabók Skeiðahrepps, 560

ÁR-621:003 gata leið 63°57.045N 20°48.583V



Mynd 318 Leiðin horft til suðvesturs í landi Hraungerðis

"Hvíldarhóll [ÁR-039:044]. Á gönguleið frá Laugum [ÁR-080] að Hraungerði [ÁR-039]" segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Leiðin liggur til NNA frá Hraungerði 039:001 og suður til Lauga.
Göturnar liggja í þýfðum, kjarrivöxnum móa með mýrarflákum í landi Hraungerðis. Náttúrulegir hólar eru víða.
Gatan liggur norður-suður frá Skurði 039:052. Gatan hefur þó náð lengra norður og byrjað við Smalaskálaskurð þar sem hún lá frá Laugum. Það sjást á milli 1-5 rásir og eru þær 0,15 m á dýpt. Gatan er um 3 m á breidd og sést á tæplega 600 m löngum kafla. Hún hlykkjast áfram á milli hóla og sneiðir framhjá mýrarflákum. Gatan er nánast í beinni sjónlínu á milli Brúnastaða og Hraungerðis en Laugar voru á milli þessara tveggja bæja. Gatan hverfur áður en hún kemur að Hraungerði 001 og ekki er ljóst hvar hún kom heim að bæ.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 15.

ÁR-621:004 gata leið 63°57.549N 20°50.218V



Mynd 319 Gatan horft til vesturs í landi Hraungerðis

Að sögn feðganna Stefáns Guðmundssonar og Guðmundar Stefánssonar, heimildamanna, lá gata meðfram Rauðalæk og að Laugardælavelli ÁR-059:032. Í landi Túns ÁR-056 lá gatan frá Digruvörðu 056:013, meðfram Rauðalæk 024 og til Laugardælaferju 059:013. Við Digruvörðu sveigði fólk ofan úr sveitum í átt til Rauðalækjar. Svæðið fyrir sunnan Rauðalæk var blautt og illfært. Í landi Hraungerðis ÁR-039 sést til götunnar tæpum 1,4 km norðan við bæ 039:001 og tæpum 750 m austan við Suðhúsatættur 039:043. Smalaskálaskurður er um 50 m til norðurs.
Gatan liggur í þýfðum móa með náttúrulegum hraunhólum hér og þar.
Gatan liggur fast sunnan við Tittlingsholt sem er á svæði er kallast Sorti í landi Hraungerðis. Þar var mýrlent slægjuland sem nú hefur verið ræst fram með skurðum. Gatan liggur austur-vestur og sést á um 200 m kafla og hverfur við skurð sunnan við Tittlingsholt. Mögulegt er að gatan sjáist á köflum annars staðar í Sorta í átt að Bollastaðakoti ÁR-045:006. Gatan er 2 m breið og þrjár rákir sjást sem eru 0,15 m djúpar. Gatan er mjög gróin.
Hættumat: engin hætta

ÁR-621:005 *Gamli þjóðvegurinn* vegur leið 63°56.677N 20°52.708V



Mynd 320 Vegurinn horft til austurs

Upphlaðinn vegur er rúma 150 m vestan við mógrafir 039:054 og rúman 1,1 km vestan við Hraungerði 039:001. Þetta er gamli þjóðvegurinn sem var gerður á seinni hluta 19. aldar og lá beina leið á milli Ölfusár- og Þjórsárbrúar. Raflína liggur á svipuðum slóðum og vegurinn í landi Hraungerðis. Þessi vegur sést ennþá m.a. í landi Króks ÁR-054, Hraungerðis ÁR-039 og Bitru ÁR-080. Mögulegt er að þessi vegur og Póstleið 009 hafi legið á sipuðum slóðum frá ferjunni í Laugardælum 059:012 og að svokölluðu Mylluvaði 039:023 í landi Hraungerðis. Þjóðvegurinn gengur undir nafninu Króksbrú í landi Króks. Þar var hann upphlaðinn til að sneiða hjá þeim ófærum sem Krókskelda olli. Framkvæmdir við brúnna/veginn hófust árið 1878 en ekki er vitað hvenær þeim lauk. Króksbrúin sést enn.
Vegurinn liggur í þýfðri og kjarrivaxinni mýri. Malarþembur standa upp úr grassverðinum hér og þar.
Króksbrú liggur þvert frá austri til vesturs í gegnum Króksland og er um 1150 m löng. Hún nær um 30 m inn í land Bollastaða ÁR-045 til austurs en til vesturs hverfur hún um 180 m austan við landamerki Túns ÁR-056. Vegurinn er um 3 m breiður og liggur austur-vestur. Fjórar rásir sjást í veginum og eru þær 0,2 m djúpar. Vegurinn er gróninn og mosavaxinn.

Hann er um 3 m á breidd, 0,5 m á hæð og grasivaxinn.
Hættumat: engin hætta

ÁR-621:006 gata leið 63°59.009N 20°47.937V

Gtata lá til austurs frá Austurkoti 073:001, yfir engjarnar og að ferju í Kiðjabergi ÁR-443:017 að sögn Ólafs Einarssonar, heimildamanns. Gatan sést vel austan við tún sem liggur austan við Austurkot. Hún er ógreinileg á köflum og fer síðan yfir í land Brúnastaða ÁR-074, austan við Austurkotseyju í Hvítá.
Gatan liggur í þýfðum móa með blautum dælum. Hraunklettar standa upp úr móanum og stutt er niður á hraun.
Göturnar eru um 20 m breiðar og sjást um 20 skorningar. Þeir eru 0,15 m á dýpt og mosavaxnir. Gatan nær frá túni austan við Austurkot og liggur til norðausturs, yfir í land Brúnastaða. Gatan verður ógreinileg og ekki sést greinilega hvar hún fer yfir í land Brúnastaða í móanum.
Hættumat: engin hætta


Mynd 321 Gatan horft til norðausturs í landi Austurkots

ÁR-621:009 *Póstleiðin* heimild um leið

Í Jarðabók Skeiðahrepps er póstleiðinni sem lá frá Laugardælaferju 059:013, meðfram Rauðalæk að sunnan, þvert yfir land túns 056 og að Krókskeldu gerð góð skil. Póstleiðin lá áfram upp flóann og var einnig sýsluvegur. Leiðin lá fyrir norðan Svarfhól ÁR-064, fór sunnan við Laugardælavatn, skammt norðar en núverandi þjóðvegur 1 og beygði til suðurs við Skeggjastaði ÁR-044. Þar fór leiðin yfir Mylluvað 039:023 og til austurs að Neistastaðavaði 039:024 og yfir í Villingaholtshrepp. Engin ummerki leiðarinnar sjást á því svæði sem skráð var 2009. Stór hluti hennar liggur samsíða þjóðvegi 1 og slétt tún eru fyrir sunnan Skeggjastaði. Í landi Kjartansstaða, áður Hraungerðis, fór hluti hennar yfir þýfðan móa en ekki sást til gatna þar. Fyrir norðan Neistastaðavað eru grasivaxin tún. Ekki er vitað hvort að leiðin sést í gamla Villingaholtshrepp.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Jón Eiríksson: Jarðabók Skeiðahrepps, 562-563.

ÁR-621:010 *Langholtsbraut* gata leið 63°58.135N 20°54.390V

Í landi Hallanda ÁR-069 er vegur suðvestan við bæ 069:001 og norðan við Grímsskjól 069:012. Vegurinn sést á köflum í þýfðum móa til suðurs frá afleggjara að Langholtshverfi og að Grímsskjóli. Einnig sést til vegsins í landi Túns ÁR-056. Langholtsbraut var notuð áður en núverandi vegur að Langholti var gerður. Fast austan við leiðina er skurður.
Göturnar eru í stórþýfðum móa með mýrarflákum.
Göturnar liggja norður-suður. Fjórar rásir sjást, um 3 m á breidd og eru um 0,3 m djúpar. Þær sjást vel um 20 m sunnan við afleggjara að Langholtshverfi og sjást á um 300 m kafla suður í átt að Grímsskjóli 012. Eftir það breytast göturnar í upphlaðinn veg sem sést á köflum og er upphlaðinn yfir verstu mýrarflákana. Hann kemur síðan greinilega í ljós fast sunnan við Grímsskjól 012 og þar um 80 m langur. Vegurinn er gróinn, 3 m breiður og 0,7 m á hæð. Leiðin liggur norðaustur-suðvestur frá þjóðvegi 1 og hverfur undir ræktað tún um 100 m til norðvesturs í landi Túns ÁR-056. Ekki sjást rásir heldur för eftir bíla og leiðin hefur ekki verið upphlaðin. Gatan er um 3 m á breidd og greinilega í notkun fyrir vinnuvélar.
Hættumat: engin hætta


Mynd 322 Leiðin horft til suðvesturs í landi Hallanda

ÁR-621:011 *Kirkjuvegur* gata leið 63°57.852N 20°56.754V

Götur liggja NNA-SSV frá Stóra-Ármóti 065:001 til Laugadælakirkju 002. Að sögn Haraldar Þórarinssonar var þetta svokallaður Kirkjuvegur og notaður af fólki á bæjum fyrir ofan (austan) á leið sinni að kirkju. Krikjuvegur lá yfir Dælaskurð 059:012 um brú 059:043 en ekki sást til gatnanna þar (maí 2008).
Göturnar liggja í stórþýfðum móa með áveitugörðum 621:014.



Mynd 323 Kirkjuvegur horft til suðurs í landi Laugardæla

Göturnar eru grónar og sjást níu skorningar sem eru 0,3 m á dýpt. Samtals eru göturnar allt að 10 m að breidd. Til gatnanna sést vel 2,2 km norðaustan við bæ 001 en þær hverfa í móanum um 100 m til norðausturs og um 100 m til suðausturs. Þær virðast hverfa í þýfðan móann og líklegt að þær hafi raskast þegar áveitugarðar og skurðir voru grafnir á svæðinu.
Hættumat: engin hætta

ÁR-621:012 frásögn leið 63°56.472N 20°56.476V



Mynd 324 Leiðin horft til suðausturs í landi Uppsala

"Gata lá við Einstök í beinni sjónlínu frá Reykjavöllum að Uppsölum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Jóna M. Sveinbjörnsdóttir og Guðjón bróðir hennar könnuðust ekki við örnefnið Einstök en fannst líklegt að átt væri við þúfu nærri þjóðvegi 1. Þar hefðu verið götur sem nú væru horfnar. Leiðin lá að öllum líkindum frá Reykjavöllum ÁR-060 heim að Uppsölum ÁR-063.
Svæðið sunnan við þjóðveg 1 er stórþýft, gróið og mýrarflákar á stöku stað.
Á þessu svæði er mikið um þúfur og erfitt að geta sér til hver þeirra er Einstök. Mögulega mótar fyrir leið á svæðinu. Mold er á milli þúfnanna og gæti hafa verið hluti af götu. Ekki sáust neinar rásir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur .

ÁR-621:013 vegur leið 63°56.595N 20°49.694V



Mynd 325 Vegurinn horft til norðurs í landi Hraungerðis

Vegur lá úr Villingaholtshrepp og bæjum ofar í Hraungerðishreppi að kirkju 039:002 í Hraungerði að sögn Guðmundar Stefánssonar, heimildamanns. Vegurinn liggur í túni á norðan við þjóðveg 1 og fyrir suðvestan gamla heimatúnið í landi Hraungerðis. Vegurinn hefur líklega legið til norðurs frá þjóðvegi 1.
Vegurinn liggur í þýfðum og mosavöxnum móa. Náttúrulegir hólar og mýrarflákar eru í túninu.
Vegurinn liggur norður-suður, eftir náttúrulegu rimabarði. Blaut mýri er fast austan við veginn og mýrlent hefur verið umhverfis rimann allan. Vegurinn er rúmir 2 m á breidd og þrjár rásir sjást í honum. Vegurinn er upphlaðinn á köflum og sjást grjóthleðslur í honum. Vegurinn er um 0,2 m á hæð þar sem hann er hæstur en annars sést hann sem 0,15 m djúpt far í móanum. Hann er mosavaxinn og endar við girðingu sunnan við bæ 001. Vegurinn sést á rúmlega 350 m löngum kafla í landi Hraungerðis.
Hættumat: engin hætta

4. Fornleifar og byggð

Byggð í gamla Hraungerðishrepp

Hraungerðishreppur er einn hinna sjö hreppa sem áður var að finna á svæði sem gengur undir nafninu Flóinn. Víðast hvar er hraun, Þjórsárhraun, undir sverði og ekki mikill jarðvegur. Hraunið er gróið en víða glittir í steina í moldarflögun og efst í grashólum. Land gamla Hraungerðishrepps er flatt. Holt á svæðinu mynda nokkurs konar eyjar og standa bæir á þeim flestum og er mikið votlendi á milli þeirra. Sléttar mýrar skiptast víða á við þýfða og gróna rima, á þeim stærri er einnig að finna bæi.[3] Innan hreppsins er eitt stöðuvatn, Laugardælavatn. Nokkra læki er þar einnig að finna og voru þeir oft farartálmar sbr. Rauðalæk og Krókskeldu. Mýrarnar hafa nú flestar verið ræstar fram með skurðum og lækirnir þornað upp. Þannig hefur orðið til gott beitiland og gróin tún.

Hér verður reynt að skoða upphaf byggðar og byggðaþróun á því svæði sem var skráð árin 2008-2009. Jarðirnar tilheyrðu allar hinum gamla Hraungerðishrepp og liggja vestarlega í hinum nýja Flóahreppi. Ekki hefur verið lokið við skráningu á öllum jörðum sem áður tilheyrðu hreppnum og hér verður aðeins fjallað um þær jarðir þar sem skráningu er lokið. Ítarlegri byggðasögu gamla Hraungerðishrepps verður að finna í áfangaskýrslu II sem kemur út árið 2012.

Til að setja niðurstöður fornleifaskráningar í fræðilegt samhengi er nauðsynlegt að hafa hugmynd um sögu byggðar á því svæði sem er til rannsóknar. Byggðasaga er einn sá grunnur sem áætlanir um frekari rannsóknir, t.d. uppgrefti, ættu að byggja á. Vitneskja um sögu byggðar eykur líkur á að rannsóknarefni fornleifafræðinga séu mótuð og þar af leiðandi fáist markvissari niðurstöður. Þær aðferðir sem hér er beitt er til þess að skoða þróun byggðar á svæðinu eru þær að fyrst er litið á landnám í Hraungerðishrepp eins og sagt er frá því í Landnámabók og á grunni þess og staðsetningum kumla og kirkna er reynt að geta sér til um hvaða jarðir hafi fyrst byggst á svæðinu. Kuml eru sjálfstæð heimild um byggð fyrir árið 1000 en staðsetning kirkna og bænhúsa gefur einnig vísbendingu forna byggð þar sem hvort tveggja er yfirleitt talið reist mjög skömmu eftir kristnitöku. Nærtækasta skýringin á miklum fjölda guðshúsa á fyrri öldum er að þau hafi upphaflega verið byggð í heimagrafreitum sem hafa verið við flesta bæi eins og kumlateigar í heiðni. Sé svo má nota bænhús eða kirkju sem vísbendingu um að viðkomandi bær hafi verið komin í byggð á fyrri hluta 11. aldar. Jarðir þar sem kirkjur og bænhús hafa verið, eru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús og er því oft

[3] Gísli Gestsson: 1956, 45

freistandi að álykta að minniháttar jarðir þar sem ekki hafa verið bænhús kunni að vera seinna til komnar, eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar. Landamerki og landamerkjagarðar sem skilja á milli jarða geta einnig verið fornir og gefið til kynna aldur býlanna og með hvaða hætti yngri jarðir byggðust frá eldri. Einnig koma bæjarnöfn að góðu gagni þegar á að reyna að ákvarða í hvaða röð jarðir hafa byggst.

Í stuttu máli má segja að byggðin í Hraungerðishreppi hafi lengst af einkennst af nokkrum höfuðbýlum sem umkringd voru hjáleigum. Þetta hverfa- eða torfuskipulag er ráðandi á svæðinu og t.d. eru þekktar 11 hjáleigur umhverfis Hraungerði og 6 umhverfis Laugardæli.[4] Samkvæmt tiltækum vísbendingum mætti ætla að elstu bæirnir í hreppnum séu Hraungerði og Oddgeirshólar og er þeirra beggja getið í Landnámu:

> "Bræðr tveir bjöggu í landnámi þeira Finns ok Orms, Hróðgeirr enn spaki í Saurbæ, en Oddgeirr at Leirá ... Þeir Hróðgeirr bræðr námu sían lönd í Flóa, Hraungerðingahrepp: bjó Hróðgeirr í Hraungerði, en Oddgeirr í Oddgeirshólum"[5]

Sú staðreynd að talað er um Hraungerðishrepp í Landnámu bendir til að hreppurinn sé meðal hinna elstu á Íslandi og þegar orðinn til þegar bókin var rituð á fyrri hluta 12. Aldar.[6] Ekki er annarra jarða í hreppnum getið í Landnámu.

Tvenn kuml hafa fundist á skráningarsvæðinu, í landi jarðanna Lækjar og Miklaholtshellis. Talið hefur verið að hvorugt kumlanna hafi þó upphaflega verið frá þessum bæjum.[7] Kumlið á Læk hefur verið sett í samhengi við meintan skála sem fannst þar við túnasléttun um miðja síðustu öld. Jarðarinnar Lækjar er fyrst getið á 16. öld í rituðum heimildum en það þarf ekki endilega að þýða að jörðin hafi ekki getað verið komin í ábúð fyrir kristnitöku. Í frásögn af kumlinu í landi Miklaholtshellis er talað um að það sé við læk. Enginn lækur rennur nú í landareigninni og er líklega verið að tala um Hróarsholtslæk. Miklaholtshellir var hjáleiga frá Hraungerði og líklegt að kumlið hafi tilheyrt þeim bæ. Sagnir um forna legstaði eru þrjár, tvær í landi Sölvholts og ein í Oddgeirshólum. Þessir staðir hafa þó yfir sér þjóðsagnakenndan blæ svo óvíst er að um raunverulega legstaði að ræða.

Sóknarkirkjur á skráningarsvæðinu voru í Hraungerði, Oddgeirshólum og Laugardælum. Einungis eru til heimildir um eitt bænhús eða hálfkirkju, í Langholti.

Því má gera ráð fyrir að bæirnir Hraungerði, Oddgeirshólar, Laugardælir og Langholt hafi verið komnir í byggð snemma á 11. öld eða fyrr jafnvel þótt þeirra sé ekki getið í heimildum fyrr en seinna. Hvort að jörðin Lækur hafi verið komin í byggð á sama skeiði skal látið liggja á milli hluta en þar fannst skáli og því greinilega verið einhver byggð á 10. öld,

[4] SB II, 1981, bls. 421
[5] ÍF I, 68

sama hvaða nafni hún hét. Byggðin á þessum slóðum hefur greinilega ekki verið stöðug, fyrstu heimildir sem geta búsetu á Læk eru frá fyrri hluta 16. aldar.

Tafla 1: Elstu heimildir um þau lögbýli sem hafa verið skráð

Heiti jarðar	**Fyrst getið**		
Hraungerði 039:001	Landnáma	Sölvholt 057:001	Máldagi Laugardælakirkju frá 1397
Móakot 040:001	JÁM, 1708	Glóra 058:001	JÁM, 1708
Heimaland 041:001	JÁM, 1708	Laugardælir 059:001	Kirknaskrá Páls biskups frá 1200
Starkarhús 042:001	JÁM, 1708	Reykjavellir 060:001	JÁM, 1708
Lambastaðir 043:001	JÁM, 1708	Þorleifskot 061:001	JÁM, 1708
Skeggjastaðir 044:001	JÁM, 1708	Ósgerði 062:001	JÁM, 1708
Bollastaðir 045:001	JÁM, 1708	Uppsalir 063:001	Máldagi Laugardælakirkju frá 1397
Langstaðir 046:001	JÁM, 1708	Svarfhóll 064:001	Máldagi Laugardælakirkju frá 1397
Voli 047:001	JÁM, 1708	Stóra Ármót 065:001	JÁM, 1708
Miklaholt 048:002	JÁM, 1708	Litla Ármót 066:001	JÁM, 1708
Imbutópt 049:001	JJ, 1847	Halakot 067:001	JJ, 1847
Lækur 050:001	Dómsmál frá 1528	Lángholt 068:001	Sturlunga
Bár 051:001	Máldagi Öndverðarneskirkju frá 1570	Hallandi 069:001	JJ, 1847
Arnarstaðir 052:001	JÁM, 1708	Lángholts-Partur 070:001	JÁM, 1708
Arnarstaðakot 053:001	JÁM, 1708	Oddgeirshólar 071:001	Landnáma
Krókur 054:001	JÁM, 1708	Höfði 072:001	JÁM, 1708
Krókskot 055:001	JÁM, 1708	Austurkot 073:001	JÁM, 1708
Tún 056:001	Sölubréf jarðarinnar frá 1466		

Í rituðum heimildum er að finna fróðleik sem varpar ljósi á þróun byggðar á svæðinu. Í kirknaskrá Páls biskups frá árinu 1200[8] er fyrst minnst á Laugardæli. Í Sturlungu, sem talin er rituð á 13. öld, er Langholts fyrst getið.[9] Í máldaga Laugardælakirkju frá 1397[10] er talað um Sölvholt, Uppsali og Svarfhól. Lækjar er fyrst getið í handriti sem greinir frá dómsmálum árið 1528.[11] Jarðarinnar Bárs er fyrst getið í máldaga Öndverðarneskirkju frá 1570. Aðrar jarðir sem skráðar voru virðast hafa byggst síðar en flestra er hvergi getið fyrr en í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem rituð var 1708, eða alls 22. Þrjú af lögbýlunum virðast

[6] SB II: 1981, 416
[7] KEKH 2000, 79;
[8] DI XII 8
[9] Sturl. GJ, II, 465
[10] DI IV, 53
[11] DI IX, 474

einungis hafa byggst upp á 18.-19. öld og er fyrst getið í Jarðatali Johnsen sem ritað var árið 1847 en það eru Halakot, Hallandi og Imbutópt.

Í stuttu máli virðist byggð á svæðinu sem skráð var í Flóa sumurin 2008-2009 einkennast af höfuðbýlunum Hraungerði, Laugardælum, Sölvholti, Oddgeirshólum og Langholti sem greinilega höfðu undirtökin á svæðinu lengi. Umhverfis þau voru síðan smærri býli og hjáleigur. Svo virðist sem byggð hafi verið nokkuð stöðug á svæðinu og engin ummerki um mikla eyðibyggð nema helst þá sem fór í eyði á fyrri hluta 20. aldar.

Bæjarhólar, bæjarstæði og býli

Á skráningarsvæðinu voru samtals skráðir 35 bæjarhólar í mjög misjöfnu ástandi. Algengt var að þeir hefðu eitthvað verið skemmdir á síðustu áratugum þótt hluti hólanna væri gjarnan eftir óskaddaður. Ný íbúðarhús standa á mörgum þeirra, sumum hefur verið raskað við túnasléttun og útihús hafa verið byggð á enn öðrum.

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Almenna reglan er sú að oftast standa bæir á svipuðum stað öldum saman, jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar, og myndast þá bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum. Hólarnir verða til úr gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og mikilla og fjölbreytilegra fornminja að vænta. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld en brýnt að koma í veg fyrir að bæjarhólar verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steypuhús með djúpum kjöllurum verið byggð á þeim og skemmt þá að talsverðu leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætanlegt eða raunhæft sé að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á þeim. Mikilverðastir eru þó bæjarhólar þar sem ekki hefur byggt á síðustu áratugum eða þeir orðið fyrir raski.

Á níu stöðum á skráningarsvæðinu voru bæjarhólar algjörlega horfnir. Slík var raunin með bæjarhóla Móakots 040:001, Starkarhúsa 042:001, Lambastaða 043:001, Bollastaða 045:001, Miklaholtshellis 048:002, eystri bæjarins á Arnarstöðum 052:002, Halakots 067:001, Oddgeirshóla 071:001 og Höfða 072:001. Á öðrum bæjum á skráningarsvæðinu var ástand bæjarhóla betra, þó að víðast hafi einhverjar framkvæmdir átt sér stað á þeim, ýmist bygging

nýrri íbúðarhúsa eða sléttun. Hluti bæjarhóls er enn greinilegur á 19 stöðum, þ.e. í Hraungerði 039:001, Skeggjastöðum 044:001, Langstöðum 046:001, Vola 047:001, Bár 051:001, vestari bæ Arnarstaða 052:001, Króki 054:001, Túni 056:001, Sölvholti 057:001, Glóru 058:001, Laugardælum 059:001, Þorleifskoti 061:001, Uppsölum 063:001, Stóra Ármóti 065:001, Litla Ármóti 066:001, Hallanda 069:001, Langholti 068:001, Langholtsparti 070:001 og Austurkoti 073:001. Á öllum þessum stöðum hefur bæjarhólum verið raskað með byggingu yngri húsa eða þeir sléttaðir út að mestu þó enn megi greina hólleifar. Flest af yngri íbúðarhúsunum á þessum jörðum hafa verið byggð á gömlu bæjarhólunum og mörg þeirra eru með kjallara sem grafinn er djúpt í hólinn og hefur oft talsvert raskað mannvistarlögum. Í flestum tilvikum sést þó móta fyrir hólnum og víða mætti án efa finna talsverðar mannvistar undir sverði enda sjaldnast nokkrar vísbendingar um að bæirnir hafi staðið annars staðar.

Átta bæjarhólar hafa varðveist að mestu eða öllu leyti. Bæjarhóll Heimalands 041:001 sker sig vel úr nánasta umhverfi sínu. Hann er um 17 m í þvermál, 4 m á hæð og nánast hringlaga. Líklega var rutt úr leifum síðasta bæjarins á þessum slóðum enda er hóllinn sléttur og grasivaxinn. Gera má ráð fyrir að mikið af uppsöfnuðum mannvistarlögum leynist undir sverði og greinileg hleðsla sést í einni hlið hólsins. Bæjarhóll Heimalands er nú innan túns sem nýtt er frá Hraungerði ÁR-039, rétt eins og bæjarhóll Imutóptar 049:001 sem allur er minni umfangs. Hann er um 11 m í þvermál, 1 m á hæð og grasivaxinn. Sléttað hefur verið úr öllum húsum á hólnum og ekki ólíklegt að eitthvað af mannvistarlögum undir sverði hafi skemmst við þær framkvæmdir. Á Læk er að finna fremur stæðilegan bæjarhól 050:001. Hóllinn er um 30 x 25 m að stærð og rúmur 1 m á hæð. Engar tóftir eru á hólnum og hefur þeim líklega verið rutt út við túnasléttun. Bæjarhóll Reykjavalla 060:001 er óraskaður en þeim húsum sem á honum stóðu hefur verið rutt út. Hóllinn er um 25 x 30 m að stærð og rúmlega 5 m hár. Bæjarhóllinn er nú innan þess reits sem tilheyrir sóttvarnarstöðinni á Þorleifsstöðum. Þar er greinilega mikið af uppsöfnuðum mannvistarlögum enda svæðinu lítið raskað og öll umferð um svæðið bönnuð. Á Svarfhóli 064:001 má enn greina leifar þokkalega stæðilegs bæjarhóls þó að líklega hafi hluta af uppsöfnuðum mannvistarleifum verið rutt út þegar Svarfhólsgolfvöllur var gerður. Bæjarhóllinn virðist hafa verið 26 x 22 m að stærð og er um 2 m hár. Engar tóftir eru nú sjáanlegar en hólinn og nánasta umhverfi hans er innan golfvallar.

Leifar hruninna torfbæja var að finna á þremur lögbýlum sem skráð voru. Arnarstaðakot 053:001 sést enn að hluta en sumarbústaður hefur verið byggður ofan í miðja bæjartóftina. Við það hefur bæjarhólnum verið raskað en hluti bæjarhúsanna sjást enn. Bæjarhóllinn er 23 x 20 m að stærð og er rúmlega 2 m hár þar sem raskið er minnst. Gamla heimatún bæjarins er óraskað að stórum hluta en tóftum allra útihúsa hefur verið rutt út. Bæjarhóll Krókskots

055:001 er ennþá heill og óraskaður og tóftir bæjarhúsanna sjást þar enn. Bæjarhóllinn er um 25 x 22 m að stærð og er tæplega 0,5 m hár. Gamla heimatúnið er óraskað, m.a. sjást þar útihús og brunnur. Hið sama má segja um Ósgerði 062:001 en þar eru tóftir bæjarhúsa varðveittar. Bæjarhóllinn er um 21 x 16 m að stærð og tæplega 2 m hár. Bæjartóft Ósgerðis er mun signari en hinar bæjarrústirnar tvær sem varðveist hafa. Nánasta umhverfi bæjarhólsins er einnig lítið raskað og mannvistarleifar líklega víða að finna undir sverði. Allir þessir fimm bæjarhólar eru svipaðir að stærð og ýmsar aðrar fornleifar að finna í nágrenni þeirra, bæði ofan svarðar og neðan. Þó má halda því fram að bæjarhólar Reykjavalla, Krókskots og Ósgerði séu álitlegastir og líklegt að stórmerkilegar minjar leynist þar undir sverði.

Heimildir eru um að búið hafi verið í tveimur hellum á skráningarsvæðinu, báðum á jörðinni Miklaholtshelli 048:001 og 005. Ekki er vitað hvenær búseta hófst á þessari jörð en nafnið Miklaholtshellir bendir til þess að hellirinn hafi verið notaður til búsetu allt frá upphafi. Þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er skrifuð árið 1708 er búið í helli 048:001 en hvenær búseta lagðist þar af er ekki vitað. Búið var í Fjárhelli/Króahelli 048:005 undir lok 19. aldar og í upphafi 20. aldar.

Tafla 2 Skráðir bæjarhólar

Sérheiti (númer)	**Búseta og ástand**
Hraungerði 039:001	Nýtt íbúðarhús byggt annars staðar um 1980. Bæjarhól hefur verið rutt út að hluta.
Móakot 040:001	Í eyði um 1870. Vegur liggur yfir bæjarhólinn sem hefur verið rutt út
Heimaland 041:001	Í eyði 1902. Bæjarhóll óraskaður
Starkarhús 042:001	Í eyði 1902. Íbúðarhúsið í Hraungerði sem byggt var skömmu eftir 1980, stendur fast vestan við hólinn, sem hefur verið rutt út.
Lambastaðir 043:001	Íbúðarhús byggt 1944 í hólinn. Það hefur verið rifið og hóllinn sléttaður. Nýtt íbúðarhús byggt annars staðar um 1980.
Skeggjastaðir 044:001	Íbúðarhús, með kjallara, byggt 1967 stendur á hólnum
Bollastaðir 045:001	Nýtt íbúðarhús, með kjallara, byggt annars staðar um 1945. Rutt hefur verið úr hólnum.
Langstaðir 046:001	Íbúðarhús, með kjallara, byggt ofan í hólinn 1934. Húsið hefur verið rifið. Nýtt íbúðarhús byggt annars staðar eftir 1975.
Voli 047:001	Í eyði 1919. Bæjarhóllinn sléttaður að hluta
Miklaholt 048:002	Nýtt íbúðarhús byggt annars staðar 1941. Rutt hefur verið úr hólnum
Miklaholt 048:003	Ekki vitað hvenær flutt var úr bænum. Rutt hefur verið úr hólnum
Imbutópt 049:001	Ekki vitað hvenær flutt var úr bænum. Bæjarhóllinn sléttaður að hluta
Lækur 050:001	Nýtt íbúðarhús byggt annars staðar 1959. Bæjarhóllinn sléttaður að hluta
Bár 051:001	Íbúðarhús, með kjallara, byggt 1930 stendur á hólnum
Arnarstaðir 052:001	Nýtt íbúðarhús byggt annars staðar 1953. Rutt hefur verið úr hólnum
Arnarstaðir 052:002	Ekki vitað hvenær flutt var úr bænum. Skemma byggð í hólinn
Arnarstaðakot 053:001	Í eyði 1917. Tóftir
Krókur 054:001	Í eyði eftir 1980. Rutt hefur verið úr hólnum
Krókskot 055:001	Í eyði 1906. Tóftir
Tún 056:001	Íbúðarhús, með kjallara, byggt ofan í hólinn 1930.

Sölvholt 057:001	Nýtt íbúðarhús byggt annars staðar 1933. Skemma byggð í hólinn.
Glóra 058:001	Íbúðarhús, með kjallara, byggt 1945 í hólinn.
Laugardælir 059:001	Íbúðarhús, byggt 1984, fast norðan við hólinn.
Reykjavellir 060:001	Í eyði 1939. Bæjarhóll óraskaður
Þorleifskot 061:001	Í eyði 1937. Rutt hefur verið úr hólum
Ósgerði 062:001	Ekki vitað hvenær flutt var úr bænum. Tóftir
Uppsalir 063:001	Íbúðarhús, með kjallara, byggt á hólnum.
Svarfhóll 064:001	Í eyði 1919. Rutt hefur verið úr hólnum
Stóra Ármót 065:001	Nýtt íbúðarhús, byggt annars staðar 1950. Rutt hefur verið úr hólnum.
Litla Ármót 066:001	Nýtt íbúðarhús byggt annars staðar 1968. Rutt hefur verið úr hólnum
Halakot 067:001	Nýtt íbúðarhús byggt annars staðar 1947. Rutt hefur verið úr hólnum
Lángholt 068:001	Íbúðarhús, með kjallara stendur á hólnum.
Hallandi 069:001	Íbúðarhús með kjallara, byggt 1930 stendur á hólnum.
Lángholts-Partur 070:001	Íbúðarhús, byggt 1920 stendur á hólnum. Í eyði eftir 1980.
Oddgeirshólar 071:001	Nýtt íbúðarhús byggt annars staðar um 1952. Rutt hefur verið úr hólnum.
Höfði 072:001	Í eyði 1927. Fjárhús standa nú á hólnum
Austurkot 073:001	Nýtt íbúðarhús byggt annars staðar 1954. Bílaplan er nú á hólnum.

Á skráningarsvæðinu eru þekkt 29 býli og hjáleigur á 14 jörðum. Flest býli voru skráð á Laugardælum ÁR-059, alls fimm. Fjögur voru skráð á Stóra Ármóti ÁR-065 en færri annars staðar. Átta af býlunum eru einungis þekkt úr heimildum og ekkert lengur vitað um staðsetningu þeirra eða aldur ókunn. Þetta eru býlin Ráðleysa 053:012, Sölvholtshjáleiga 057:015, Músarhóll 059:030, Ármótskot 065:013, Þorbjarnartóft 071:022 og þrjú nafnlaus býli 065:027, 066:008 og 066:009. Staðsetning hinna býlanna (21) er þekkt.

Aðeins sáust leifar af býlum á sex stöðum. Bollastaðakot 039:078 var í ábúð 1880-1930. Þar sést enn bæjarhóll, tvær tóftir og leifar garðs. Túnskot 056:012 var byggt á síðasta hluta 17. aldar en ekki er vitað hvenær það fór í eyði. Bærinn var endurbyggður á síðasta hluta 19. aldar en þar bjó fjölskylda á vegum hreppsins á árunum 1892-1900. Tóft síðasta bæjarins sést enn og er 8 x 6 m að stærð. Sambyggt garðlag liggur fyrir norðvestan bæinn og var mögulega aðhald fyrir búpening. Á Stekkum 065:014 sjást tóftir, garðlag og götur. Býlið Stekkar byggðist um miðja 17. öld og fór í eyði í byrjun 18. aldar. Á svæðinu eru níu tóftir en ekki er vitað með vissu hver þeirra er bæjarhúsin. Götur liggja suðvestan við tóftirnar og einnig sjást leifar garðlags sem líklega afmarkaði tún býlisins. Í Koti/Gamla Hraungerði 039:065 var sléttað yfir tóftir, líklega á 19. öld, en þar sjást þó enn þrír rústahólar, tóft og leifar af garðlagi. Hér er talið að Hraungerði hafi staðið fyrr á öldum. Í Borgarvík 065:016 eru vísbendingar um að hafi verið býli, bæði upphlaðnar traðir og hóll sem er 26 x 13 m að stærð. Engar heimildir eru þó um býli á þessu svæði. Grunur leikur einnig á að í Grímsskjólum 069:012 hafi verið býli en tóftir þess eru nú horfnar. Eftir stendur hins vegar hóll sem er um 20 m í þvermál og

þriggja metra hár og virðist hann að talsverðu leyti uppsafnaðar mannvistarleifar. Upphlaðinn vegur liggur vestan við hólinn og einnig sést til garðlags á tveimur stöðum umhverfis hann. Að síðustu hefur býli einnig verið í Sigurðartóft 069:009 ef marka má frásagnir staðkunnugra. Þar sést nú einföld tóft og tvö sigin garðlög.

Tafla 3 Skráð býli

Heiti	**Í eyði**	**Ástand**
Ármótskot 065:013	Ekki vitað	Staðsetning óþekkt
Bollastaðakot 039:078	1930	Tóft
Borgarvík 065:016	Ekki vitað	Tóft
Grímsskjól 069:012	Ekki vitað	Tóft
Hóll 071:019	Um 1700	Tóft
Kot 039:065	Ekki vitað	Þústir
Lambahagi 071:020	Ekki vitað	Ekki sér til fornleifa
Litlakot 055:005	Ekki vitað	Tóft
Móakot 054:017	Ekki vitað	Tóft
Musarhóll 059:030	Ekki vitað	Staðsetning óþekkt
Músakot 059:008	Í eyði um 1820	Tóft
Möngutóft 068:021	Ekki vitað	Þúst
Ráðleysa 053:012	Ekki vitað	Staðsetning óþekkt
Ráðleysa 039:071	Ekki vitað	Tóft
Rimi 059:031	Í eyði um 1690	Tóft
Sauðhústún 056:010	Ekki vitað	Þústir
Sigurðartóft 069:009	Ekki vitað	Tóft
Stekkar 065:014	í eyði 1706	Tóftir
Sölvholtshjáleiga 057:015	Ekki vitað	Staðsetning óþekkt
Túnskot 056:012	Eyddist um 1700; byggð aftur 1892-1900	Tóft
Vatnskot 059:026	Í eyði 1694	Tóft
Þorbjarnartóft 071:022	Ekki vitað	Staðsetning óþekkt
050:010	Ekki vitað	Ekki sér til fornleifa
050:008	Ekki vitað	Staðsetning ókunn
065:027	Í eyði 1689	Staðsetning ókunn
066:008	Um 1640	Staðsetning ókunn
066:009	Um 1640	Staðsetning ókunn
059:042	Ekki vitað	Tóft

Á níu stöðum eru dæmi um að tóftir býla hafi verið endurnýttar eftir að býlið féll úr byggð og oftast hefur túnstæðið og tóftin þá verið nýtt sem beitarhús. Þar sem býlið Ráðleysa 039:071 á að hafa staðið er nú yngra beitarhús og hið sama má segja um Móakot 054:017. Í

Sauðhústúni 056:010 voru byggð beitarhús og hlaða innan afmarkaðs túnskika á 19. öld og síðar var gerður kálgarður á svipuðum slóðum. Við þessar framkvæmdir kom m.a. upp aska og aðrar mannvistarleifar sem benda til ábúðar á svæðinu. Í túninu er hóll sem er 30 x 24 m að stærð og um 5 m hár. Ekki sér til tófta á honum en greinilegt að mannvist er þar undir sverði. Enn mótar fyrir einni hlið kálgarðsins fyrir vestan hólinn og túngarðs umhverfis hann. Músakot 059:008 var byggt um miðja 17. öld og fór í eyði á fyrri hluta 19. aldar. Á svæðinu eru tóftir útihúss sem byggt var ofan í bæjartóftina og tvær þústir þar sem útihús býlisins stóðu að öllum líkindum. Hólbunga er vestan við tóftina og er þar hugsanlega eldra byggingarstig bæjarins. Í Vatnskoti 059:026 var skráð tóft sem var 19 x 7 m stór og skiptist í þrjú hólf. Vatnskot var byggt á seinni hluta 17. aldar og fór í eyði um 30 árum síðar. Ekki mótar fyrir eiginlegum bæjarhól en bæjarhúsin hafa greinilega verið endurbyggð og notuð sem beitarhús á seinni tímum. Rimi 059:031 var einungis í ábúð í rúm fimm ár undir lok 17. aldar. Sú tóft sem nú sést er líklega leifar yngri beitahúsa. Tóftin er 16 x 12 m að stærð. Beitarhús er einnig að finna þar sem býlið Hóll/Miðmundi 071:020 stóð. Hið sama má segja um tóft 059:042, þar yngri tóft hefur líklega verið byggð ofan í býli en ekkert er vitað um nafn þess eða aldur.

Öll ummerki um Miklaholtshelli 048:003, skála 050:010, tóft 050:008 og Lambhaga 071:020 eru nú horfin. Einungis sést óljós þúst þar sem Litlakot 055:005 var og svipaða sögu er að segja um Möngutóft 068:021 þar er nú hóll.

Kirkjur, bænhús, kuml og legstaðir

Þrjár kirkjujarðir eru meðal þeirra jarða sem skráðar voru sumrin 2008 og 2009. Þetta eru jarðirnar Hraungerði, Laugardælir og Oddgeirshólar. Laugardælakirkju 059:002 og kirkjunnar á Oddgeirshólum 071:002 er fyrst getið í kirknaskrá Páls biskups frá um 1200.[12] Laugardælakirkja er enn notuð en kirkjan á Oddgeirshólum var aflögð árið 1754.[13] Engin ummerki kirkjugarðs sjást nú. Hraungerðiskirkju 039:002 er fyrst getið í Vilkinsmáldaga frá 1397 og er hún ennþá í notkun.[14]

Ritaðar heimildir eru til um eitt bænhús á því svæði sem skráð var.[15] Það var í Langholti. Þar fundust síðar mannabein í austuenda bæjarhólsins á 8. áratug síðustu aldar við jarðrask. Greftrun svo nærri bæ bendir til þess að þar hafi verið bænhús eða kirkja fremur en að um

[12] DI XII, 8
[13] IA IV, 372.
[14] DI IV, 52-53
[15] Stofnun Árna Magnússonar; AM 66a 8vo, bl. 35a-37b

heiðinn legstað sé að ræða. Eitt bænhús á móti þremur kirkjum telst nokkuð lágt hlutfall og gera má ráð fyrir að bænhús hafi verið á fleiri jörðum en þar sem engar heimildir hafa varðveist um þau og engin ummerki þeirra eru greinileg á yfirborði er ekki unnt að fullyrða neitt um staðsetningu þeirra eða fjölda.

Tvö kuml eru þekkt á svæðinu, á jörðunum Miklaholtshelli og Læk. Staðsetning kumlsins í Miklaholtshelli er ekki þekkt en í bókinni Kuml og haugfé er frásögn af fundinum[16]. Þar er kumlið sagt við læk og þar sem engin lækur rennur í landi Miklaholtshellis er líklegt að kumlið hafi í raun verið á landi Hraungerðis. Á Læk var tilkynnt um beinafund í ágúst árið 1969[17]. Þór Magnússon þáverandi Þjóðminjavörður rannsakaði staðinn og fann þar bæði manna- og hrossabein.

Heimildir voru um þrjá fornmannahauga á því svæði sem skráð var sumurin 2008-2009. Tveir þeirra voru í Sölvholti en hvorugur staðanna telst þó sérstaklega líklegt kuml og eru þeir að öllum líkindum náttúrulegir hólar sem þjóðsögur hafa skapast um. Þriðji staðurinn var á Oddgeirshólum. Þar var samkvæmt munnmælum ávöl þúfa norðan við bæ þar sem Oddgeir, sem bærinn er talinn kenndur við, átti að vera heygður. Engin ummerki þúfunnar sjást á þessum slóðum.

Á lögbýlunum Túni og Laugardælum voru skráðar dysjar (056:027 og 059:016) sem svipaða sögu er að segja um, þ.e. samkvæmt munnmælum eiga þar að vera fornir legstaðir en ekkert í útliti þessara staða bendir til nokkurra mannaverka.

Útihús

Árin 2008 og 2009 voru skráð 125 útihús. Fjöldi útihúsanna ræðst að stórum hluta af tveimur túnakortum sem varðveitt eru af svæðinu. Danskir landmælingamenn teiknuðu upp marga þéttbýlisstaði og húsaskipan á sveitabæjum á landinu við upphaf 20. aldar[18]. Kort þeirra voru gerð árið 1906 í Hraungerðishrepp og eru ómetanleg heimild um búsetu á þeim tíma. Árið 1918 var síðan gert túnakort í hreppnum. Þó að einungis 12 ár séu á milli kortanna hafa töluverðar breytingar átt sér stað á sumum jarðanna, m.a. hafa hús fallið úr notkun og önnur komin í staðinn.

Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús helstu byggingar á hverri jörð. Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Útihús eru stærsti minjaflokkurinn á skráningarsvæðinu en þau eru jafnframt sá flokkur fornra

[16] KEKH 2000, 77.
[17] KEKH 2000, 79
[18] Landmælingar Íslands, http://www.lmi.is/kortathjonustur/baejarteikningar/

mannvirkja sem einna verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld. Flest slík hús voru fyrir sauðfé, en lítið af fjósum og hesthúsum. Fjós hafa sennilega verið hluti af bæjarhúsunum á flestum bæjum eins og meginþorri smiðja og skemma á skráningarsvæðinu. Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun 20. aldar og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhús þótt ekki séu glöggar heimildir um þetta.

Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum gjarnan myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en síðan þá hefur þeim fækkað meira en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu víða verið byggð ofan í eldri útihúsarústir og stórar byggingar oft tekið

við hlutverki margra minni húsa.

Ástand útihúsa á skráningarsvæðinu var æði misjafnt. Samtals voru skráð 103 útihús þar sem ekkert var vitað um nákvæmt hlutverk. Þetta háa hlutfall af óþekktum útihúsum stafar eflaust af því að mörg þeirra hafa verið sléttuð út og erfitt er að ná í heimildamenn sem muna eftir fyrri hluta 20. aldar eða átta sig á túnakortum. Útihús með óþekkt hlutverk voru skráð á 27 lögbýlum. Flest voru þau skráð í landi Stóra-Ármóts en þar voru þau níu talsins. Af öllum þessum útihúsum voru aðeins varðveittar 12 tóftir og 11 þústir. Flestar tóftirnar voru einfaldar og minna en 10 x 10 m að stærð. Minnsta útihúsið 062:003 var 4 x 4 m að stærð en hið stærsta 070:011 var 30 x 14 m stórt.

Tafla 4 Útihús með óþekkt hlutverk

Samtala	**Tegund**	**Ástand**	**Stærð**
ÁR-039:005	tóft	hleðslur standa grónar	12 x 9
ÁR-039:007	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-039:008	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-039:009	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-039:010	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-043:002	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-043:003	þúst	hleðslur útflattar	
ÁR-043:006	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-043:007	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-043:009	heimild	sést til	
ÁR-044:004	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-044:006	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-044:008	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-044:009	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-045:003	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-045:004	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-046:003	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-046:004	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-046:008	frásögn	ekki sést til fornleifar	
ÁR-047:003	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-051:004	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-051:006	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-051:015	tóft	sést til	10 x 8
ÁR-052:006	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-052:007	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-052:008	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-052:009	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-052:020	frásögn	ekki sést til fornleifar	
ÁR-052:023	tóft	hleðslur útflattar	14 x 5
ÁR-053:003	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-053:004	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-054:003	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-054:004	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-054:005	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-054:006	heimild	ekki sést til fornleifar	

ÁR-054:028	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-055:003	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-055:004	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-055:006	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-055:009	þúst	sést til	8 x 6
ÁR-055:010	þúst	sést til	16 x 10
ÁR-056:003	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-056:005	tóft	hleðslur útflattar	5 x 3
ÁR-056:008	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-057:004	tóft	hleðslur standa grónar	7 x 4
ÁR-057:005	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-057:008	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-057:009	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-057:010	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-057:012	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-058:003	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-058:004	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-058:005	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-058:007	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-058:008	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-059:005	gryfja	sést til	
ÁR-059:006	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-059:007	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-059:018	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-059:020	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-059:039	hleðsla	hleðslur útflattar	14 x 3,5
ÁR-060:004	þúst	hleðslur útflattar	7 x 5
ÁR-060:005	þúst	hleðslur útflattar	10 x 6
ÁR-060:006	þúst	hleðslur útflattar	6 x 4
ÁR-060:007	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-060:008	tóft	hleðslur signar	7 x 4
ÁR-060:013	þúst	hleðslur útflattar	10 x 7
ÁR-061:003	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-061:004	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-061:005	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-061:006	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-061:007	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-062:002	tóft	hleðslur signar	12 x 5
ÁR-062:003	tóft	hleðslur signar	4 x 4
ÁR-062:004	tóft	hleðslur standa grónar	5 x 4
ÁR-064:003	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-064:004	tóft	hleðslur standa grónar	9 x 3,5
ÁR-065:003	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-065:004	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-065:005	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-065:007	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-065:008	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-065:009	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-065:010	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-065:011	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-065:029	þúst	sést til	7 x 4
ÁR-066:005	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-066:006	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-066:007	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-067:003	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-069:002	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-069:003	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-070:004	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-070:005	þúst	sést til	20 x 20
ÁR-070:006	þúst	sést til	10 x 17
ÁR-070:011	tóft	hleðslur standa grónar	30 x 14
ÁR-071:004	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-071:005	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-071:007	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-072:003	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-073:004	heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-073:005	heimild	ekki sést til fornleifar	

Samtals voru skráð 22 útihús þar sem nákvæmt hlutverk var þekkt.[19] Flest útihúsanna með þekkt hlutverk voru fjárhús eða sjö. Flest þeirra sjást enn og aðeins tveimur þeirra hefur verið rutt út. Stærsta húsið var 23 x 15 m að stærð en hið minnsta 8 x 5 m. Þrjú lambhús voru skráð á þremur jörðum. Þau eru öll horfin, líklega af völdum túnasléttunar. Einn hrútakofi var skráður í landi Túns en hann er einnig horfinn.

[19] Það ber að ítreka að auðvitað voru fjárhús, hesthús og önnur skepnuhús mun fleiri enda 103 útihús með óþekkt hlutverk skráð.

Tafla 5 Útihús með þekkt hlutverk

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Stærð	Ástand
ÁR-044:007		fjárhús		ekki sést til fornleifar
ÁR-048:001	Hellir/ Miklaholtshellir	bústaður/hlaða	15 x 5	sést til
ÁR-048:008		fjós		ekki sést til fornleifar
ÁR-048:009		eldhús		ekki sést til fornleifar
ÁR-054:017	Móakot	fjárhús/býli	23 x 15	hleðslur standa grónar
ÁR-056:004		lambhús		ekki sést til fornleifar
ÁR-056:007		hrútakofi		ekki sést til fornleifar
ÁR-057:006	Saltkjötskofi	skemma	3 x 2	hleðslur standa grónar
ÁR-057:013	Lambhúshóll	lambhús		Ekki sést til fornleifar
ÁR-057:035		fjárhús	8 x 5	hleðslur standa grónar
ÁR-063:005		fjárhús	15 x 6	hleðslur útflattar
ÁR-063:006		hesthús		ekki sést til fornleifar
ÁR-064:005		skemma	10 x 7	undir þaki
ÁR-065:013	Ármótskot/ Ármótshjáleiga	býli/lambhús		ekki sést til fornleifar
ÁR-065:018	Fjóshóll	fjós		ekki sést til fornleifar
ÁR-066:001	Litla Ármót (Minna Ármót)	bústaður/fjós	32	sést til
ÁR-066:017	Kálfafjós	fjós		ekki sést til fornleifar
ÁR-068:003		hesthús/kálgarður	20 x 13	hleðslur standa grónar
ÁR-068:006		fjárhús	20 x 16	undir þaki
ÁR-068:007		hesthús/hænsnakofi		Ekki sést til fornleifar
ÁR-068:008		fjárhús		ekki sést til fornleifar
ÁR-069:004		fjárhús	16 x 10	hleðslur standa grónar

Lítið er nú vitað um staðsetningu fjósa á skráningarsvæðinu en líklegt er að fjós hafi víða verið sambyggð bæ eins og vísbendingar eru um frá öðrum stöðum á landinu. Þar voru fjós víða inni í bæ eða fast við hann og hlöður áfastar eða í námunda við fjósin. Einungis fjögur fjós voru skráð sumurin 2008-2009 og hafði leifum þeirra allra verið rutt út. Þau voru í landi Stóra- og Litla-Ármóts og Miklaholtshellis. Ein hlaða var skráð, hellir í landi Miklaholtshellis sem var á tímabili nýttur sem hlaða.

Heimildir eru fyrir þremur hesthúsum á skráningarsvæðinu en ummerki þeirra allra eru horfin. Tvö þeirra hafa verið sléttuð en kálgarður er nú þar sem það þriðja stóð. Hesthús 068:007 var einnig nýtt sem hænsnakofi. Tvær skemmur voru skráðar og stendur önnur þeirra enn.

Tún- og kálgarðar

Menn hafa hlaðið túngarða um tún sín frá örófi alda. Mikill kippur kom í túngarðshleðslu á 19. öld og var hún hluti af túnabótum sem áttu sér stað á þessum tíma. Hartnær engin gömul

tún lögbýlanna eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu nema ef vera skyldi í Túni. Túnbleðlar í kringum aðra bæi og býli á skráningarsvæðinu hafa verið sléttaðir, ýmist á meðan búið var á bæjunum eða eftir að þeir fóru í eyði. Leifar túngarða sjást enn umhverfis 11 heimatún og heimildir eru um tvo til viðbótar, á Laugardælum og Glóru. Túngarðarnir eru allir í hættu, fyrir utan garð í Krókskoti.

Tafla 6 Túngarðar

Samtala	Afmörkun (m)	Hæð (m)	Ástand
ÁR-039:061	260	0,5	hleðslur signar
ÁR-043:008	40	0,2	hleðslur signar
ÁR-046:005	200 x 150	0,3	hleðslur signar
ÁR-052:018	40	0,5	hleðslur signar
ÁR-053:007	130 x 150	0,3	hleðslur signar
ÁR-055:008	200 x 175	0,4	hleðslur signar
ÁR-056:009	310 x 200	0,8	hleðslur standa
ÁR-057:036	350 x 290	0,4	hleðslur signar
ÁR-058:011			ekki sést til fornleifar
ÁR-059:034			ekki sést til fornleifar
ÁR-060:011	120 x 70		hleðslur signar
ÁR-065:012	250 x 220	0,7	hleðslur signar
ÁR-068:022	130 x 160	1	hleðslur standa grónar

Túngarðurinn umhverfis gamla heimatúnið á Túni er einna best varðveittur. Hann er grjóthlaðinn og afmarkar enn stóra hluta túnsins.

Hvorki fleiri né færri en 50 kálgarðar og einn kartöflugarður voru skráðir á 33 lögbýlum. Leifar 17 kálgarða sjást enn og í nokkrum tilvikum eru þeir enn nýttir sem hluti af bakgarði núverandi íbúðarhúsa. Flestir kálgarðanna sem ennþá sjást eru einföld, torfhlaðin og ferhyrnd gerði, gjarnan á eða í námunda við bæjarhólana. Öll ummerki kálgarðanna voru horfin á 16 stöðum. Á 13 bæjum voru tveir eða fleiri kálgarðar þekktir og í sumum tilvikum voru þeir sambyggðir bæjarhúsunum.

Tafla 7 Kálgarðar

Samtala	Stærð (m)	Hæð (m)	Ástand
ÁR-039:003			ekki sést til fornleifar
ÁR-041:002			ekki sést til fornleifar
ÁR-042:002			ekki sést til fornleifar
ÁR-043:004			ekki sést til fornleifar
ÁR-043:005			ekki sést til fornleifar
ÁR-044:002	52 x 23	1,5	hleðslur standa

ÁR-044:003			ekki sést til fornleifar
ÁR-045:002	15 x 9		hleðslur útflattar
ÁR-046:002			ekki sést til fornleifar
ÁR-047:002	14 x 12	8	hleðslur signar
ÁR-048:006			ekki sést til fornleifar
ÁR-048:007			ekki sést til fornleifar
ÁR-050:002			ekki sést til fornleifar
ÁR-051:002	21 x 18	0,6	hleðslur signar
ÁR-051:003			ekki sést til fornleifar
ÁR-051:010	3 x 2	1	sést til
ÁR-052:003			ekki sést til fornleifar
ÁR-052:004			ekki sést til fornleifar
ÁR-053:002			ekki sést til fornleifar
ÁR-054:002			ekki sést til fornleifar
ÁR-055:002	44 x 15		hleðslur standa grónar
ÁR-056:002	34 x 18	0,4	hleðslur signar
ÁR-056:011	38	0,2	hleðslur útflattar
ÁR-057:002			ekki sést til fornleifar
ÁR-057:003			ekki sést til fornleifar
ÁR-057:007	12 x 10	0,5	hleðslur signar
ÁR-058:002	32 x 32	5	hleðslur signar
ÁR-059:003			ekki sést til fornleifar
ÁR-059:035	16 x 12	0,7	hleðslur standa
ÁR-059:036			ekki sést til fornleifar
ÁR-059:037			ekki sést til fornleifar
ÁR-060:002	25	0,5	hleðslur signar
ÁR-060:003	23	0,2	hleðslur signar
ÁR-061:002	10 x 10	0,2	sést til
ÁR-063:002	30 x 12	0,4	hleðslur signar
ÁR-063:003			ekki sést til fornleifar
ÁR-064:002			ekki sést til fornleifar
ÁR-065:002			ekki sést til fornleifar
ÁR-066:002			ekki sést til fornleifar
ÁR-066:003			ekki sést til fornleifar
ÁR-067:002			ekki sést til fornleifar
ÁR-068:003	20 x 13	1	hleðslur standa grónar
ÁR-068:004	23 x 17	1	hleðslur standa grónar
ÁR-069:006			ekki sést til fornleifar
ÁR-070:002	30 x 14	0,4	hleðslur signar
ÁR-071:003			ekki sést til fornleifar
ÁR-071:008			ekki sést til fornleifar
ÁR-071:033	7 x 3,5	0,3	hleðslur signar
ÁR-072:002			ekki sést til fornleifar
ÁR-073:002			ekki sést til fornleifar

Í flestum tilfellum er ekki vitað nákvæmlega hvað var ræktað í kálgörðunum þó líklegast sé að það hafi oftast verið kartöflur. Heimild var þó þekkt um kartöflugarð á einum stað, í landi Arnarstaða. Því miður er ekki vitað nákvæmlega hvar hann var staðsettur og því ekkert hægt að geta sér til um stærð hans.

Annar minjaflokkur innan gömlu heimatúnanna, sem hvorki er sýndur á bæjateikningum dönsku landmælingamannanna frá 1906 né túnakortum frá 1918 eru brunnar.

Tafla 8 Brunnar

Samtala	Sérheiti	Stærð	Ástand
ÁR-039:050			ekki sést til fornleifar
ÁR-039:051		2 x 2	hleðslur útflattar
ÁR-044:010			sést til
ÁR-044:011			ekki sést til fornleifar
ÁR-045:007			ekki sést til fornleifar
ÁR-045:008			ekki sést til fornleifar
ÁR-054:018		2 x 1	sést til
ÁR-054:019			ekki sést til fornleifar
ÁR-055:007		3 x 1	sést til
ÁR-056:018	Austurbrunnur	1 x 1	sést til
ÁR-056:019		1 x 1	sést til
ÁR-057:032		3 x 2	hleðslur standa
ÁR-059:004			ekki sést til fornleifar
ÁR-060:010		1 x 1	sést til
ÁR-060:012		1x 0,6	sést til
ÁR-060:014		2 x 2	hleðslur standa
ÁR-063:008		0,5 x 0,5	sést til
ÁR-063:010			ekki sést til fornleifar
ÁR-063:016		2 x 2	sést til
ÁR-064:006		2 x 2	sést til
ÁR-065:021	Narradæl	3,5 x 3	undir þaki
ÁR-066:010	Brunnbrekka	2 x 2	hleðslur standa
ÁR-066:013			hleðslur standa grónar
ÁR-067:006			ekki sést til fornleifar
ÁR-068:014		3 x 3	sést til
ÁR-068:024		1,3 x 1,3	hleðslur standa
ÁR-069:011		1,5 x 1,5	sést til
ÁR-071:028	Kirkjubrunnur		sést til
ÁR-071:032			ekki sést til fornleifar
ÁR-071:037			ekki sést til fornleifar
ÁR-073:007	Brunndæl		ekki sést til fornleifar

Samtals voru skráðir 30 brunnar á 18 lögbýlum sem er óvenjuhátt hlutfall. Ástæða þessa gæti mögulega verið verra aðgengi að góðu lækjarvatni í Flóanum. Á Reykjavöllum og Uppsölum

voru skráðir þrír brunnar en á öðrum jörðum voru þeir færri. Ummerki þessara brunna voru í mörgum tilvikum horfin, búið að loka og fyllt upp í þá. Í Krókskoti og á Reykjavöllum var þó að finna brunna. Þeir eru enn óraskaðir og greinilegar grjóthleðslur sjást ennþá ofarlega í þeim.

Mannvirki í úthögum tengd sauðfjárrækt

Alls voru skráð 89 mannvirki í úthögum á skráningarsvæðinu. Flest þeirra tengjast líklega sauðfjárrækt s.s. beitarhús, stekkir, réttir, vörslugarðar, fjárborgir og smalakofar.

Beitarhús eru fjárhús í úthögum fjarri bæ, sem nýtt voru til útbeitar á vetrum. Sel eru bústaðir í úthögum eða inn til fjalla sem voru notaðir um sumar til að nýta beit og jafnvel slægjur. Oft er erfitt að skera úr um hvort um sel eða beitarhús eru að ræða en selbyggingar voru oft notaðar sem beitarhús á vetrum. Ekkert sel er þekkt á skráningarsvæðinu en vel getur verið að seljabúskapur hafi verið stundaður á sumrin í stærri beitarhúsatóftunum. Seljafæðin skýrist að hluta af því margar af jörðunum sem skráðar voru eru litlar svo seljabúskapur hefur ekki verið mögulegur á þeim. Einnig má nefna að flestar jarðanna liggja ekki að fjalllendi og líklegt er að landrými og landkostir hafi einfaldlega ekki verið með þeim hætti að hentugt væri að hafa í seli. Þetta er afar áhugaverð staðreynd og gæti m.a. bent til þess að áherslur í landbúnaði Hraungerðishrepps hafi verið á sauði.

Beitarhús/fjárhús voru þekkt á 19 af þeim jörðum sem skráðar voru 2008-2009, samtals 57 hús. Þetta er afar hátt hlutfall sem kemur á óvart í ljósi þess að beitarhús voru ekki algeng í Hraungerðishreppi ef marka má orð Brynjúlfs Jónssonar í *Árbók hins íslenska fornleifafélags* frá 1905. Þar segir hann að sjaldgæft sé að sjá beitarhús á þessum slóðum, þau hafi lítið tíðkast.[20] Engar tóftir beitarhúsanna virðast sérstaklega fornlegar enda líklegt að byggð á 19.-20. öld ef marka má orð Brynjólfs. Þetta er afar áhugavert er tekið er tillit hins mikla fjölda útihúsa sem skráð voru. Búpeningur, líklega sauðfé, virðist hafa verið haft í minni húsum nærri bæ allt fram á 20. öld. Mögulegt er að miklar leifar geti í einhverjum tilfellum leynst undir sverði beitarhúsanna og þau væru forn að stofni. Þetta bendir einnig til þess að stór beitarhús hafi tekið við að nokkrum minni húsumn/skýlum og búskaparhættir hafi tekið breytingum á fyrri hluta 20. aldar.

Beitarhúsin sem fundust á skráningarsvæðinu voru margskonar. Á sumum stöðum voru margar tóftir saman en annars staðar var um stakar tóftir að ræða. Þar sem tóftirnar voru margar

[20] Brynjúlfur Jónsson, 1906, bls. 21

saman má oft túlka það sem vísbendingu um langa notkun beitarhúsanna en tóftirnar eru oft af húsum sem ekki voru í notkun samtímis.

Flest húsanna, 10 talsins, voru skráð í Hraungerði en hluti þeirra tilheyrði hjáleigum í landi jarðarninnar. Fimm hús voru skráð á Laugardælum og færri hús á öðrum jörðum. Ástand beitarhúsanna var yfirleitt mjög gott en aðeins 11 þeirra eru nú horfin. Nokkur húsanna, t.d. 052:026, 054:022, 056:025, 057:018, 059:048, 066:013, 068:027 og 070:007, voru í notkun fram á seinni hluta 20. aldar og tóftir þeirra áberandi í flatlendinu. Flest beitarhúsanna virðast vera tví- og þrískipt og standa nærri landamerkjum lögbýlanna. Oftast virðast þetta hafa verið fjárhús með garða og hlöðu að baki, og eru beitarhús 052:026 og 056:025 eru góð dæmi um slík hús.

Tafla 9 Beitarhús

Samtala	Sérheiti	Tegund	Stærð	Hæð	Ástand
ÁR-039:018	Bjarnatóft	tóftir	6 x 5	0,4	hleðslur standa grónar
ÁR-039:019	Grænatóft	tóft			hleðslur signar
ÁR-039:020	Sauðatæftur/ Sauðahústættur	tóftir	14 x 9	0,4	hleðslur signar
ÁR-039:039	Marktóft	heimild			Ekki sést til fornleifar
ÁR-039:043	Sauðhúsatættur	tóftir	50 x 25	1	hleðslur standa grónar
ÁR-039:049	Sauðahúshóll/ Sauðahústóft	heimild	30 x 20	1,3	ekki sést til fornleifar
ÁR-039:055		tóftir	24 x 11	1,5	hleðslur standa grónar
ÁR-039:060		tóft	6 x 5	0,5	hleðslur standa grónar
ÁR-039:068	Sauðatóft	tóft	17 x 6	1,5	hleðslur standa grónar
ÁR-039:071	Ráðleysa	tóft	20 x 11	1,2	hleðslur standa grónar
ÁR-048:005	Fjárhellir/ Króahellir	hellir			ekki sést til fornleifar
ÁR-050:005	Eyvindatóft	tóft	18 x 6	1,1	hleðslur standa grónar
ÁR-050:007	Lambhúshóll	tóft	15 x 12	1,2	hleðslur standa grónar
ÁR-050:009		tóft	21 x 21	1,2	hleðslur standa grónar
ÁR-051:009	Gerði	heimild			Ekki sést til fornleifar
ÁR-052:016	Tóftarrimi	heimild			Ekki sést til fornleifar
ÁR-052:025		tóft	6 x 3		Hleðslur signar
ÁR-052:026		tóft+garðlag	15 x 15	1,5	hleðslur standa grónar
ÁR-053:005	Grænatóft	tóft	13 x 6	1	hleðslur standa grónar
ÁR-053:010		tóft	8 x 5	0,2	hleðslur standa grónar
ÁR-054:011	Lambhúsrimi	örnefni			ekki sést til fornleifar
ÁR-054:020		þúst	7 x 4	1	Sést til
ÁR-054:022		tóft	23 x 18	1,8	hleðslur standa grónar
ÁR-056:010	Sauðhústún	þúst	30 x 24	5	sést til
ÁR-056:014	Markatóft	örnefni			Ekki sést til fornleifar
ÁR-056:025	Haugar eystri	tóftir	70 x 30	1,5	hleðslur standa grónar
ÁR-057:018	Jókutóft	tóft+garðlag	18 x 14	1	hleðslur standa grónar
ÁR-057:041		tóft	5 x 3	0,3	hleðslur signar
ÁR-058:010		heimild			Ekki sést til fornleifar

ÁR-058:012		tóft	11 x 6	0,8	Hleðslur standa grónar
ÁR-059:011		þúst	7 x 5	0,9	Hleðslur standa grónar
ÁR-059:021		tóft	6 x 4	0,3	Hleðslur signar
ÁR-059:029		tóftir	25 x 15	1,2	hleðslur standa grónar
ÁR-059:031	Rimi	tóft	16 x 11,5	2	hleðslur standa grónar
ÁR-059:048		tóft	15 x 8	1	hleðslur standa grónar
ÁR-063:015		tóft	11 x 10	1,1	Hleðslur signar
ÁR-065:015	Ármótsborg	tóftir	40 x 20	1,5	hleðslur standa grónar
ÁR-065:028		tóft	9 x 4	0,4	hleðslur signar
ÁR-065:030		tóft	10 x 5	1	hleðslur standa grónar
ÁR-065:031		þúst	45 x 15		sést til
ÁR-066:013		tóft	22 x 20	2,5	hleðslur standa grónar
ÁR-067:007		tóft	17 x 9		Hleðslur standa grónar
ÁR-068:012		hellir	18 x 10		Sést til
ÁR-068:017		tóft	12 x 10	1,3	hleðslur standa grónar
ÁR-068:026		garðlag	44 x 0,5	0,7	hleðslur standa grónar
ÁR-068:027		tóft	20 x 7	1,4	hleðslur standa
ÁR-068:029		frásögn			ekki sést til fornleifar
ÁR-070:007		tóft+garðlag	125 x 35	1,3	hleðslur standa grónar
ÁR-071:012	Ærhúsdælar	tóft	20 x 9	15	hleðslur standa grónar
ÁR-071:012	Ærhúsdælar	tóft	20 x 9	1,5	hleðslur standa grónar
ÁR-071:019		tóft	12 x 6	0,6	hleðslur signar
ÁR-071:021		örnefni			ekki sést til fornleifar
ÁR-071:037		frásögn			ekki sést til fornleifar
ÁR-071:038		tóft	13 x 8	1	hleðslur standa grónar
ÁR-073:010	Lambhúsdælur	örnefni			Ekki sést til fornleifar
ÁR-073:011	Fjárhúsdælur	tóft	16 x 8	1,2	Hleðslur standa grónar
ÁR-073:012		tóft			Hleðslur standa grónar

Nokkur fjárskýli voru skráð í Flóa sumurin 2008-2009, eða alls 16 talsins. Leifar skýlanna sjást á 12 stöðum og af örnefnunum í nágrenni þeirra að dæma virðast flest þeirra hafa verið fjárborgir. Flestar tóftirnar eru útflattar og signar svo erfitt er að greina nákvæmt lag þeirra.

Tafla 10 Fjárskýli

Samtala	**Sérheiti**	**Stærð**	**Hæð**	**Ástand**
ÁR-039:017	Borgarvik			ekki sést til fornleifar
ÁR-039:045	Sauðaborg			ekki sést til fornleifar
ÁR-039:063		5 x 3	0,2	hleðslur útflattar
ÁR-039:070		40 x 30	0,4	hleðslur signar
ÁR-039:074		4 x 3	0,2	hleðslur útflattar
ÁR-039:086	Byrgisholt			ekki sést til fornleifar
ÁR-056:015	Skjólrimar	21 x 0,5	0,3	hleðslur signar
ÁR-057:016	Bárarborg	13 x 10	0,9	sést til

ÁR-059:014	Grænhóll	5 x 5	0,7	hleðslur standa grónar
ÁR-065:016	Borgarvík	60 x 50	1	hleðslur signar
ÁR-068:010	Guðnatættur	230 x 75		sést til
ÁR-068:015	Gamlabyrgi	10 x 6		sést til
ÁR-070:014	Litlaborg	4 x 4	0,5	hleðslur signar
ÁR-071:014	Geldingaborg	23 x 20	4	hleðslur útflattar
ÁR-071:018	Stóraborg	20 x 20	2,5	hleðslur útflattar
ÁR-071:026	Borgir			

Stekkir eru oft einföld gerði með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið/við annan enda þar sem fært var frá. Sumstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki sem voru slegnir. Samanlagt voru skráðir 22 stekkir á svæðinu og af þeim voru sex horfnir. Staðsetning þriggja þeirra, 039:035, 052:010, 053:006, var óþekkt og aðrir þrír verið sléttaðir, 039:080, 057:025, 059:028. Tóftir þeirra 16 stekkja sem enn sést til eru flestar signar og ógreinilegar. Allar tóftirnar eru aflangar og skiptast í 1 - 3 hólf. Þeir stekkir sem hægt var að staðsetja voru flestir fremur nærri bæ eða í 250-900 m fjarlægð. Gunnustekkur sker sig þó úr og er í 1,2 km fjarlægð frá bæ.

Tafla 11 Stekkir

Samtala	Sérheiti	Tegund	Stærð	Hæð	Ástand	Fjarlægð frá bæ
ÁR-039:033	Volastekkur	tóft	11 x 8	0,5	hleðslur signar	700 m
ÁR-039:034	Gunnustekkur	tóft	5 x 4	0,7	hleðslur signar	1,2 km
ÁR-039:035	Skeggjastaðastekkur	heimild			ekki sést til fornleifar	
ÁR-039:036	Þórðarstekkur	tóftir			ekki sést til fornleifar	600 m
ÁR-039:042	Heimalandsstekkur	tóft	7 x 4	0,4	hleðslur signar	400 m
ÁR-039:073		tóft			ekki sést til fornleifar	2,6 km
ÁR-039:080	Stekkjartúnshóll	heimild	7 x 6	0,4	hleðslur signar	900 m
ÁR-039:083	Stekkatún	tóft	14 x 6	0,4	hleðslur signar	900 m
ÁR-039:084	Stekkjarholt	tóft	5 x 4	0,7	hleðslur standa grónar	700 m
ÁR-052:010	Erlendartóft	heimild	40 x 34	0,6	hleðslur signar	
ÁR-053:006	Stekkatúnshóll	heimild			ekki sést til fornleifar	
ÁR-053:011		tóft	5 x 4	0,7	hleðslur standa grónar	250 m
ÁR-054:014	Stekkar	tóftir	6 x 5	0,6	hleðslur signar	650 m
ÁR-057:025	Stekkjarholt	teimild				330 m
ÁR-059:017	Laugardælastekkur	tóft	14 x 14	0,3	hleðslur signar	850 m
ÁR-059:028	Stekkjarnef	örnefni	6 x 5	0,4	hleðslur signar	825 m
ÁR-059:050		tóft	9 x 5	0,6	hleðslur signar	
ÁR-063:014		tóft+garðlag	8 x 4	0,8	hleðslur standa grónar	600 m
ÁR-065:014	Stekkar/Ármótsstekkur	tóftir+garðlag	15	1	hleðslur signar	
ÁR-066:011	Loftsstekkur	tóft			ekki sést til fornleifar	530 m
ÁR-068:018	Stekkur	tóft				800 m
ÁR-071:015	Stekkjarhvammur	tóft	12 x 5	0,4	hleðslur standa grónar	750 m

Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkir og oft beinlínis í túnjaðri. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur var stundum aðeins um ákveðinn stað að ræða þar sem ær voru mjaltaðar og sumstaðar voru færikvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á 20. öld. Hugtakið „stöðull“ var oft notað um kvíar sem ær voru mjólkaðar í en oftast var það þó notað um stað eða réttir þar sem kýr voru mjólkaðar á sumrum.

Aðeins voru þekktar örfáar kvíar á því svæði sem skráð var 2008-2009. Samtals voru skráðar 8 kvíar og hafa tvær þeirra varðveist. Á Arnarstöðum er kvíatóft sunnarlega í gamla heimatúninu og á Uppsölum er tóft rétt austan við gamla heimatúnið. Hlutverk hennar er ekki þekkt en lag hennar og staðsetning bendir til að um kvíar sé að ræða. Heimildir eru um þrjár kvíar í landi Bárar. Bárargerði hvarf við túnasléttun en þar voru kýr mjólkaðar, skammt norðar voru aðrar kvíar og færikvíar voru heima við bæ. Ekki sést til þekktra kvía í Sölvholti og Oddgeirshólum en í Túni voru færikvíar úr timbri notaðar og því ekki að vænta eiginlegra leifa. Ætla má að mun fleiri kvíar hafi verið á svæðinu en þær eru dæmi um minjaflokk sem víða hefur orðið mjög illa úti í túnasléttunum og –stækkun á 20. öld enda oft byggðar í túnjaðri gömlu túnanna og því oft vikið um leið og tún voru stækkuð.

Tafla 12 Kvíar

Samtala	Sérheiti	Stærð	Hæð	Ástand
ÁR-051:007	Bárargerði	9 x 4	0,5	hleðslur signar
ÁR-051:013				ekki sést til fornleifar
ÁR-051:014				ekki sést til fornleifar
ÁR-052:012	Kvíatóft			ekki sést til fornleifar
ÁR-056:017		8 x 6	0,5	hleðslur standa grónar
ÁR-057:026	Stöðull			
ÁR-063:007				ekki sést til fornleifar
ÁR-071:010	Stöðull			ekki sést til fornleifar

Aðhöld til að hemja skepnur, önnur en fjárskýli, gæsaréttir, hrossaborgir, kvíar og stekkir eru einfaldlega flokkuð sem *réttir* í fornleifaskráningu. Réttir eru aðallega notaðar til að: geyma skepnur tímabundið (t.d. í rekstri), draga sundur og/eða til að fást við þær t.d rýja, mjalta eða gelda. Meirihluti réttartófta eru litlar og innan við 250 m frá bæ. Þessar réttir mætti nefna heimilisréttir frá bæjunum. Á skráningarsvæðinu voru skráðar 11 réttir á jafnmörgum lögbýlum. Átta þeirra eru enn varðveittar. Svokölluð „Skilarétt hreppsins“ er stærst þessara rétta og var vinsæll áningarstaður ferðamanna m.a. þeirra sem ferðuðust eftir gamla þjóðveginum 621:005. Réttinn er gerð skömmu eftir 1930 og því ekki fornleif í lagalegum skilningi. Hún er höfð hér með vegna forns byggingarlags. Þetta er eina skilaréttin sem þekkt á svæðinu sem skráð var sumrin 2008-2009 en nálægð við þjóðleiðir 621:005 og 009 hefur að

öllum líkindum ráðið staðsetningu hennar. Sölvholtsnátthagi er eini nátthaginn sem skráður var sem verður að teljast afar lágt hlutfall. Mannvirkið er þó líklega ekki eiginlegur nátthagi enda nafnið notað á fremur litla tóft. Örnefnið bendir hins vegar á nátthaga og má vera að umfangsmeiri garðlög hafi áður verið í kringum tóftina.

Sex heimilisréttir voru skráðar. Tvær af þeim voru sambyggðar túngörðum í Túni og Stóra Ármóti. Hinar fjórar voru 45-500 m frá bæ líkt og sést í töflunni hér fyrir neðan. Tvær aðrar réttir voru skráðar. Þær voru mun fjærri bæ eða í 1600-2200 m fjarlægð og stakstæðar. Ekki er ólíklegt að fleiri slíkar réttir hafi verið á lögbýlum en heimildir um þær eru þá týndar og/eða þeim verið rutt út. Þessar réttir eru flestar um 10 x 6 m að stærð.

Tafla 13 Réttir

Samtala	Heiti	Ástand	Stærð (m)	Fjarlægð frá bæ (m)
ÁR-039:058	Skilarétt hreppsins	tóftir	80 x 30	
ÁR-050:006	Kúarétt/Veðraborg	tóft	10 x 6	300
ÁR-054:015	Stórarétt	heimild		
ÁR-056:009R		tóft	9 x 5	170
ÁR-057:028	Sölvaholtsnátthagi	tóft	8 x 6	1200
ÁR-058:015		tóft	20 x 9	500
ÁR-065:012B		tóft	12 x 6	185
ÁR-067:005	Gerði	heimild		45
ÁR-068:019	Gerði	heimild		120
ÁR-069:014		tóft	10 x 4	2200
ÁR-071:036		tóft	8 x 8	1600

Þau garðlög sem skráð voru, utan landamerkja- og túngarða, afmörkuðu oftast minni tún býla, beitarhúsa og stekkja eða voru vörslugarðar. Garðlögin eru 9 talsins og sjást leifar þeirra alla. Umfangsmestu minjarnar eru í Hallandi þar sem garðlag afmarkar svæði sem er 1100 x 350 m stórt.

Tafla 14 Garðlög

Samtala	Sérheiti	Tegund	Stærð		Ástand
ÁR-056:022		garðlag	93 x 70	0,3	hleðslur signar
ÁR-068:013	Héðinsgerði	heimild			ekki sést til fornleifar
ÁR-068:030		garðlag	300	0,3	Hleðslur signar
ÁR-069:013		garðlag	500	0,2	hleðslur signar
ÁR-069:015		garðlag	1100	0,3	hleðslur signar
ÁR-071:011		garðlag	400 x 75	0,3	hleðslur útflattar
ÁR-071:030		garðlag	350	0,4	hleðslur signar
ÁR-071:034		garðlag	246	0,4	hleðslur signar
ÁR-073:008		garðlag	220	0,4	hleðslur signar

Aðrar minjar sem skráðar voru í úthögum á svæðinu voru heystæði en alls voru skráð fimm slík; 054:023, 068:028 og 032, 070:010 og 016. Fjögur af heystæðunum voru enn greinileg, allt einfaldar tóftir. Það kemur á óvart hversu fáar minjar falla í þennan flokk og fastlega má gera ráð fyrir að fleiri heystæði hafi verið á svæðinu vegna þess hversu mikið af votum og grasgefnum mýrum er þar að finna. Hafi sú verið raunin er vitneskja um þau nú horfin og byggingarefni þeirra sjálfsagt víða endurnýtt.

Minjar sem einnig tengjast mjaltaám eru smalakofar. Þrír slíkir voru skráðir á svæðinu, 059:024, 071:024 og 25, en þeir voru alls staðar horfnir. Líklegt er að smalakofar og –skýli hafi verið á fleiri stöðum.

Landamerki

Einungis voru skráðir fjórir landamerkjagarðar á þremur lögbýlum. Þrír af görðunum sjást enn, tveir í Langholti og einn í landi Hallanda. Heimild er um fjórða garðinn, í Hraungerði en hann er nú horfinn. Öllum þessum garðlögum er illa viðhaldið og þau hæstu einungis um 0,3 m á hæð. Ekki er hægt að geta sér til um byggingargerð þeirra, lengd eða hæð. Fjórir landamerkjagarðar á 35 lögbýlum hlýtur að teljast nokkuð lágt hlutfall, sér í lagi í landslagi þar sem lítið er um náttúrulegar afmarkanir svo sem ár, læki, klettabelti og hæðir. Vísbendingar er hins vegar þekktar um að mun fleiri landamerkjagarðar hafi verið á svæðinu á fyrri öldum. Í Sýslu- og sóknalýsingu Árnessýslu segir um svæðið: „Víða sjást hér miklar menjar fornmannagirðinga milli jarða auk tún- og engigarða.“[21] Nú eru víðast hvar skurðir á landamerkjum eða slétt tún og því ljóst að þessi minjaflokkur hefur orðið afar illa úti í jarðbótum.

Aðrar minjar um landamerki eru vörður þó að þær geti reyndar gengt ýmsum öðrum hlutverkum og verið hlaðnar til að marka leiðir, vera kennileyti, eyktarmörk o.fl.. Átta vörður sem skráðar voru í Flóa sumurin 2008-2009 voru byggðar á landamerkjum og eru horfnar líkt og sést í töflunni hér neðar.

Tafla 15 Landamerkjagarðar- og vörður

Samtala	Sérheiti	Tegund	Lengd	Ástand
ÁR-039:011	Faxavarða	heimild		ekki sést til fornleifar
ÁR-039:012		heimild		ekki sést til fornleifar
ÁR-039:013	Garðlagsvarða	heimild		ekki sést til fornleifar
ÁR-039:015		heimild		ekki sést til fornleifar

[21] SSÁ, 1979, 75

ÁR-039:016	Krossvarða	heimild		ekki sést til fornleifar
ÁR-039:040		heimild		ekki sést til fornleifar
ÁR-054:010	Hornvarða	heimild		ekki sést til fornleifar
ÁR-056:023	Digralækjarvarða	varða		ekki sést til fornleifar
ÁR-059:027	Virkisvarða	varða		ekki sést til fornleifar
ÁR-068:009		garðlag	250	sést til
ÁR-068:025		garðlag	771	hleðslur signar
ÁR-069:017		garðlag	110	hleðslur signar

Mógrafir og torfrista

Einn stærsti minjaflokkurinn sem skráður var í Flóa sumurin 2008-2009 eru mógrafir. Samtals voru skráð 62 mógrafasvæði á alls 18 lögbýlum. Þetta hlutfall er mjög hátt og mun hærra en víðast hvar annars staðar af landinu þar sem skráning hefur verið gerð og slíkum upplýsingum verið safnað.

Mór hefur verið notaður hérlendis til eldneytis frá því snemma á öldum. Það talað er um mótekju í Landnámu, sögum líkt og Sturlungu og Njálu og máldögum kirkna.[22] Greinilegt er að mótekja á skráningarsvæðinu var með besta móti enda Flóinn víðfrægt mýrarsvæði. Þessi mikli fjöldi mógrafa á skráningarsvæðinu vekur upp margar spurningar. Áhugavert væri að skoða nánar heimildir um mótekju í Hraungerðishrepp, hvenær hennar er fyrst getið, hvort að heimildir finnist um aðra eldneytisgjafa eða hvort að mórinn hafi verið seldur svo dæmi séu tekin.

Búið er að fylla upp í flest þessara svæða (enda stafar búpeningi hætta af mógröfum) en víða mátti þó enn greina ummerki grafanna. Þær mógrafir sem búið er að fylla upp í voru flestar grasivaxnar, um 0,4 m djúpar og þurrar. Aðeins átta af mógrafasvæðunum voru alveg horfin. Á nokkrum stöðum fundust mógrafir sem ekkert hafði verið raskað, t.d. í Mómýri í Laugardælum þar sem greinilegar mógrafir eru djúpar og fullar af vatni.

Tafla 16 Mógrafir

Samtala	**Sérheiti**	**Tegund**	**Stærð**	**Ástand**
ÁR-039:006		náma	45 x 40	sést til
ÁR-039:026	Grafarteigur	náma	40 x 16	sést til
ÁR-039:038	Kerlingagrafir	örnefni		ekki sést til fornleifar
ÁR-039:041		náma	105 x 35	sést til
ÁR-039:048		tóftir	80 x 20	hleðslur signar
ÁR-039:053		tóftir	25 x 5	hleðslur signar
ÁR-039:054		náma	50 x 30	sést til

[22] Óskar B. Bjarnason, 1970, bls. 231-232.

ÁR-039:056		heimild		ekki sést til fornleifar
ÁR-039:057	Mótangi/Grafirnar	náma	300 x 40	sést til
ÁR-039:062		náma	20 x 18	sést til
ÁR-039:064	Grafirnar	náma	180 x 20	sést til
ÁR-039:067		náma	50 x 35	sést til
ÁR-039:069		náma	200 x 60	sést til
ÁR-039:075		náma	60 x 40	sést til
ÁR-039:076		náma	50 x 45	sést til
ÁR-039:085	Mómýri	heimild		ekki sést til fornleifar
ÁR-050:011		náma	40 x 30	sést til
ÁR-051:012		frásögn		ekki sést til fornleifar
ÁR-052:011	Grafhólar	náma	50 x 20	sést til
ÁR-052:014	Móhólar	náma	40 x 20	sést til
ÁR-052:019		tóftir	40 x 20	hleðslur signar
ÁR-053:008		náma	200 x 30	sést til
ÁR-053:009		náma	30 x 30	sést til
ÁR-054:008	Grafir	náma	175 x 80	sést til
ÁR-054:025		náma	335 x 50	sést til
ÁR-054:027		náma	100 x 25	sést til
ÁR-056:020		náma	150 x 70	sést til
ÁR-056:021		heimild		ekki sést til fornleifar
ÁR-056:025	Haugar eystri	tóftir	70 x 30	hleðslur standa grónar
ÁR-056:026		náma	230 x 170	sést til
ÁR-057:021	Mógrafamýri	heimild		ekki sést til fornleifar
ÁR-057:022	Skjátugröf	náma	20 x 6	sést til
ÁR-057:023	Skútagrafir I	náma	100 x 50	sést til
ÁR-057:024	Skútagrafir II	örnefni		ekki sést til fornleifar
ÁR-057:039		tóft	3 x 3	sést til fornleifar
ÁR-057:040		náma	50 x 10	sést til
ÁR-058:013		náma	50 x 30	sést til
ÁR-058:014		tóftir	11 x 8	hleðslur signar
ÁR-059:019	Mómýri	náma	230 x 150	sést til
ÁR-059:023		náma	100 x 200	sést til
ÁR-059:033		náma	40 x 40	sést til
ÁR-059:038		náma	50 x 20	sést til
ÁR-059:041		náma	37 x 10	sést til
ÁR-059:044	Strákur	tóftir	10 x 10	hleðslur signar
ÁR-059:045		náma	50 x 50	sést til
ÁR-059:049		tóftir	22 x 17	hleðslur signar
ÁR-059:051		tóft	6 x 3	hleðslur standa grónar
ÁR-059:052		náma	65 x 55	sést til
ÁR-062:005		náma	65 x 20	sést til
ÁR-063:012		náma	50 x 40	sést til
ÁR-063:013		náma	65 x 20	sést til
ÁR-065:020	Grafarmýri	heimild	300 x 250	sést til
ÁR-065:024		náma	150 x 150	sést til

ÁR-066:014		tóftir	100 x 69	hleðslur standa
ÁR-066:015		náma	110 x 90	sést til
ÁR-068:020	Móhóll	heimild		ekki sést til fornleifar
ÁR-068:031		Tóft	2,5x 5,5	hleðslur standa
ÁR-068:033		náma	13 x 7	sést til
ÁR-069:010		náma	50 x 50	sést til
ÁR-070:015		náma	90 x 40	sést til
ÁR-071:013		náma		sést til
ÁR-071:029		náma	50 x 30	sést til

Á 10 stöðum fundust svokölluð móstæði í námunda við mógrafirnar. Móstæðin voru í öllum tilfellum grjóthlaðnar, einfaldar og ílangar tóftir, gjarnan nokkrar saman í hnappi.

Tafla 17 Torfrista

Samtala	Sérheiti	Stærð	Ástand
ÁR-039:082	Torfvík		ekki sést til fornleifar
ÁR-051:008	Torfrimi		ekki sést til fornleifar
ÁR-051:011			ekki sést til fornleifar
ÁR-054:016	Torfdælar		ekki sést til fornleifar
ÁR-056:016	Torfdæl/ Torfdalur		ekki sést til fornleifar
ÁR-057:029	Torfhólagrafir	150 x 100	sést til
ÁR-059:022			ekki sést til fornleifar
ÁR-065:022	Torfvik	90 x 60	sést til
ÁR-071:016	Reiðingsrimar		ekki sést til fornleifar

Torfrista var einungis skráð á 9 stöðum og af þeim sáust ummerki hennar á tveimur. Torfhólagrafir eru vel varðveittar. Þar sjást risturnar sem sléttir, grasivaxnir blettir í annars stórþýfðum móa. Heildarstærð námunnar þar er 90 x 60 m og liggja þær í sveig umhverfis náttúrulegan hól. Torfvik er á jörðinni Stóra-Ármóti. Þar eru risturnar ekki eins skýrar en moldarflag með graseyrum gefur staðsetninguna til kynna.

Samgönguminjar

Flóahreppur hefur lengi verið í alfararleið og því kom ekki á óvart að fjölmargar samgönguminjar leyndust á svæðinu sem skráð var sumurin 2008-2009. Samtals voru skráðir 82 minjastaðir tengdir samgöngum, m.a. götur, vegir, ferjustaðir, vörður, vöð og brýr.

Heimreiðar sem merktar höfðu verið inn á túnakort frá 1906 og 1918 voru skráðar á 24 lögbýlum. Heimreiðarnar voru í flestum tilvikum horfnar vegna sléttunar, vegagerðar eða annars rasks en þó mátti enn sjá móta fyrir þeim á fimm stöðum. Á Uppsölum má greina upphlaðnar traðir sem liggja til vesturs niður bæjarhólinn í átt að Sölvholti á um 150 m kafla.

Tafla 18 Traðir

Samtala	Tegund	Ástand
ÁR-039:004	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-043:008	hleðsla	hleðslur signar
ÁR-044:005	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-045:005	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-050:003	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-051:005	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-052:005	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-054:007	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-056:006	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-057:011	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-058:006	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-059:009	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-059:010	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-060:009	vegur	hleðslur standa grónar
ÁR-063:004	gata	sést til
ÁR-065:006	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-066:004	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-067:004	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-068:005	Leið	sést til
ÁR-069:005	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-070:003	vegur	sést til
ÁR-071:006	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-072:004	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-073:003	heimild	ekki sést til fornleifar

Skráðar voru 22 leiðir og sáust leifar 16 þeirra. Af leiðunum teljast fjórar e.k. þjóðleiðir sem tengdu svæðið við nágrannasveitir. Vegurinn um Vola lá frá Laugardælum að Vola og þar yfir Hróarsholtslæk. Hvítárgötur fremri lágu ofan frá Skeiðum og að Laugardælaferju. Báðar þessar leiðir voru hestagötur en stór hluti þeirra er nú horfinn ýmist vegna túnasléttunar eða einfaldlega að ummerki þeirra eru orðin ógreinileg í þýfðum móum. Gamli þjóðvegurinn um Flóa sést víða vel, t.d. í landi Króks. Vegurinn lá beint í gegnum Flóann og var gerður skömmu eftir að Ölfusá (1891) og Þjórsá (1895) voru brúaðar undir lok 19. aldar.[23] Vegurinn var upphlaðinn yfir verstu ófærurnar. Annar vegur á svipuðum slóðum, allt að Skeggjastöðum, er Póstleiðin en ummerki hennar eru nú horfin.

Tafla 19 Leiðir

Samtala	Sérheiti	Tegund	Ástand
ÁR-052:021		vegur	sést til
ÁR-054:024		varða	sést til
ÁR-057:033	Skútuskarð	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-058:009	Þríhyrningur	heimild	
ÁR-059:015	Engjavegur	gata	sést til
ÁR-059:025		gata	sést til
ÁR-063:011		gata	sést til
ÁR-068:023		frásögn	ekki sést til fornleifar
ÁR-070:013		gata	sést til
ÁR-071:031		vegur	sést til
ÁR-073:013		heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-621:001	Vegurinn um Vola	gata	sést til

[23] Gísli Gestsson: 1956, 19

ÁR-621:002	Hvítárgötur fremri	vegur	sést til
ÁR-621:003		gata	sést til
ÁR-621:004		gata	sést til
ÁR-621:005	Gamli þjóðvegurinn	vegur	sést til
ÁR-621:006		gata	sést til
ÁR-621:009	Póstleiðin	heimild	ekki sést til fornleifar
ÁR-621:010	Langholtsbraut	gata	sést til
ÁR-621:011	Kirkjuvegur	gata	sést til
ÁR-621:012		frásögn	ekki sést til fornleifar
ÁR-621:013		vegur	sést til

Sjö af leiðunum voru innan Hraungerðishrepps og ekki hægt að flokka sem þjóðleiðir. Þær lágu meðal annars til kirkna innan svæðis, á milli bæja eða að ferjustöðum. Þetta eru leiðir 621:003, 004, 006, 010, 011, 012 og 013.

Alls voru skráðar 11 leiðir innan lögbýlanna, á átta jörðum. Þetta eru leiðir út á engjar, milli húsa eða götur sem sjást á stuttum kafla og ekki er hægt að rekja lengra. Það liggur í augum uppi að þetta gefur ekki raunsanna mynd af samgöngum innan lögbýlanna og heimildir um leiðir hafa glatast í tímans rás. Engjavegi er að finna á fjórum stöðum á þremur jörðum, 057:033, 059:015 og 025 og 073:013 og ummerki um götur frá bæ að beitarhúsum hafa varðveist á tveimur stöðum, 054:024 og 070:013. Hinar leiðirnar fjórar, 058:009, 063:011 og 022 og 071:031, eru of stuttar til að hægt sé að vita hvert þær lágu með fullri vissu.

Líkt og gefur að skilja voru nokkrar brýr og vöð skráð á svæðinu. Flest voru á Hróarsholts- og Rauðalæk. Vöðin voru 14 talsins á þremur lögbýlum og brýrnar tvær á einni jörðu. Yfirleitt sáust lítil sem engin ummerki um vöðin og víða var ekki vitað á hvaða leiðum þau voru.

Tafla 20 Vöð og brýr

Samtala	Sérheiti	Tegund	Ástand	M.a. notað á leiðum
ÁR-039:014	Vaðhella	örnefni	ekki sést til fornleifar	621:005
ÁR-039:023	Myllnuvað	gata	sést til	621:009
ÁR-039:024	Neistastaðavað	heimild	ekki sést til fornleifar	621:009
ÁR-039:025	Stífluvað	heimild		ekki vitað
ÁR-039:028	Bolakrókur	heimild	ekki sést til fornleifar	ekki vitað
ÁR-039:029	Skeggjastaðavað	heimild	ekki sést til fornleifar	ekki vitað
ÁR-039:030	Holtshalavað	heimild	ekki sést til fornleifar	ekki vitað
ÁR-039:031	Volavað	heimild		ekki vitað
ÁR-039:032	Brynjólfsvað	heimild	ekki sést til fornleifar	621:001
ÁR-039:046	Kúfhólavað	heimild	ekki sést til fornleifar	621:004
ÁR-039:079	Hurðarbakshlöð	heimild	ekki sést til fornleifar	ekki vitað

ÁR-052:017	Vaðhóll	örnefni	ekki sést til fornleifar	621:005, 009
ÁR-059:043		brú	sést til	621:011
ÁR-059:046		frásögn	ekki sést til fornleifar	ekki vitað
ÁR-066:012	Móvað	heimild	ekki sést til fornleifar	621:004
ÁR-066:016	Surtishólavað	heimild	ekki sést til fornleifar	621:004

Örfáar vörður sem ekki voru á landamerkjum var að finna á skráningarsvæðinu og flestar þeirra eflaust notaðar sem vegvísar á leiðum. Alls voru skráðar 10 vörður á sjö bæjum og eru fimm þeirra nú horfnar.

Tafla 21 Vörður

Samtala	**Sérheiti**	**Tegund**	**Ástand**	**M.a. notað á leiðum**
ÁR-039:081	Stóravarða	heimild	ekki sést til fornleifar	621:009
ÁR-052:015	Stóravarða	varða	Sést til	
ÁR-054:012		heimild	ekki sést til fornleifar	
ÁR-056:013	Digravarða	varða	sést til	621:004, 005
ÁR-056:028		varða	Hleðslur standa	
ÁR-057:031	Litlavarða	varða	ekki sést til fornleifar	
ÁR-065:023		varða	Hleðslur standa	
ÁR-065:026	Þrívörðuholt	örnefni	ekki sést til fornleifar	
ÁR-071:017	Kerlingavarða	Varða	Hleðslur standa	
ÁR-071:023	Miðvarða	varða	ekki sést til fornleifar	

Þrír ferjustaðir eru þekktir á skráningarsvæðinu, á Laugardælum 059:013, Stóra Ármóti 065:017 og Oddgeirshólum 071:035. Ferjan á Laugardælum var yfir Ölfusá og lágu leiðir 621:001, 002, 005, 009 allar þar yfir. Hinar ferjurnar tvær voru yfir Hvítá.

Þjóðsögur, álagablettir og huldufólksbústaðir

Ekki voru skráðir margir staðir sumurin 2008-2009 sem tengjast þjóðtrú. Á öllu svæðinu voru skráðir 14 minjastaðir sem er fremur lágt hlutfall sem má e.t.v. rekja til flatlendisins í Flóanum. Landslag á skráningarsvæðinu skortir það náttúrufar sem oft er viðfangsefnið í þjóðsögum s.s. klettar, hæðir og hólar. Þessir staðir dreifðast á 9 jarðir en flesta þeirra var að finna í landi Sölvholts, alls fimm. Það rennir stoðum undir að flatneskjunni sé um að kenna, í Sölvholti er eitt stærsta holtið á skráningarsvæðinu.

Af minjastöðum um þjóðtrú voru flestir tengdir átrúnaði á huldufólki eða 10 staðir. Í Hulduhól 043:009, á Lambastöðum, heyrðust strokkhljóð og sást til ljósa. Í landi Sölvhóls voru fjórir staðir þar sem álitið var að huldufólk byggi. Í Lambhúshól 057:013 og Hofinu 057:014 gengu sögur um huldufólksbyggð, í Strokkhól 057:019 átti að heyrast strokkhljóð og söngur úr klettinum Skúta 057:034. Á Uppsölum er Sigguhól 063:009 þar sem álfkona átti að

búa og segir sagan að hún hafi eitt sinn numið á brott telpu. Í klettinum Svarfhóli 064:007 í landi Svarfhóls á að vera álfakirkja sem og í Krosshól 068:011 í landi Langholts. Á Hallanda er að finna Fagurhól 069:016. Þar heyrðist í álfkonu sem kvartaði þegar vatni var hellt þar yfir. Í Setbergi 070:009 á jörðinni Langholtsparti bjuggu samkvæmt þjóðtrúnni góðir álfar.

Þrír álagablettir eru þekktir á skráningarsvæðinu. Álfahól 052:022, sem má ætla að einnig hafi tengst átrúnaði á huldufólk, mátti ekki slá án þess að óhapp myndi henda þann hinn sem það gerði, Lögréttu 057:020 mátti ekki hreyfa við á neinn hátt né slá og Gullhól 070:008 var álagahóll sem ekki mátti hreyfa við.

Ein frásögn af draug var þekkt á skráningarsvæðinu. Á Bollastöðum 045:006 fannst beinagrind um miðja 20. öld. Sú beinagrind var í klæðnaði frá upphafi 20. aldar og því hvorki um heiðin né kristin grafreit að ræða.[24] Sögur gengu um reimleika á Bollastöðum í tengslum við þennan fund.

Aðrar minjar

Hér hefur nú verið fjallað um alla stærstu minjaflokkana á skráningarsvæðinu. Fjöldinn allur af öðrum minjum er þar að finna og sýnir taflan hér fyrir neðan sýnir hlutverk og fjölda þeirra helstu:

Tafla 22 aðrar minjar

Hlutverk	**Fjöldi**
Refagildra	1
Tjaldstæði	1
Gripir	1
Mylla	1
Smiðja	1
Stífla	2
Hús	2
Þvottastaður	4
Áningarstaður	4
Áveita	5
Lögn	5
Óþekkt hlutverk	8

[24] Bjarni Harðarson, Landið, fólkið og þjóðtrúin, 133; SB II, 443

5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Um dreifingu minjastaða gildir sú meginregla að flestar fornleifar eru í heimatúnum, í og við bæi. Því fækkar fornleifum eftir því sem fjær dregur frá bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar; ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að hartnær ekkert lifi eftir af þeim fornleifum voru sýnilegar heim við bæi í upphafi 20. aldar. Af þessum sökum er algengt að um eða meira en helmingur fornminja á hverri jörð (að meðaltali) sé horfinn af yfirborði og er svo raunin í Hraungerðishrepp. Brýnt er að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu fornleifa nærri byggð á svæðinu.

Ástand fornleifa var metið á vettvangi og skiptist það í sex flokka:

a) Ekki sést til fornleifar. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt.

b) Hleðslur signar. Hleðslur hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og gjarnan hlaupnar í þúfur. Hleðsluhæð 20-80 cm en getur verið hærri þar sem rústir eru afmyndaðar af stórþýfi.

c) Hleðslur standa grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróið yfir grjót í veggjum og gólfi. Hleðsluhæð 80-150 cm.


d) Hleðslur standa. Þök hrunin en hleðslur standa enn þannig að greina má einstök umför af torfi/grjóti. Hleðsluhæð 150 cm +

e) Undir þaki. Húsið er enn undir þaki. Miðað er við að þakið sé allt uppistandandi.

f) Sést til fornleifar. Þar sem ekki er um eiginlega tóft að ræða en leifarnar sjást hinsvegar, t.d. mógrafir, áletranir og lendingar.


Skífurit 1 sýnir ástand þeirra minja sem skráðar voru sumrin 2008-2009.

Skífurit 1




Ekki sést til um 47% skráðra fornleifa á svæðinu. Þar sem ekki sást til fornleifa var metið hvaða ástæður lágu að baki því að minjarnar voru horfnar af yfirborði. Ekki reyndist alltaf unnt að segja til um það með vissu en lang flestar minjarnar virðast hafa horfið við túnasléttun eða um 36% af þeim stöðum þar sem minjaspjöll voru þekkt. Skífurit 2 sýnir flokkun minjaspjalla á þeim minjastöðum þar sem ekki sást til fornleifa á yfirborði.

Skífurit 2



Hættumat var einnig unnið á vettvangi. Hættustigin eru þrjú eins og greint var frá í kafla II, engin hætta, hætta og stórhætta. Skífurit 3 sýnir hættumat á þeim fornleifum sem skráðar voru sumrin 2008 og 2009. Rétt tæpur meirihluti fornleifanna er í hættu, eða um 47 skráðra minja. Sama hlutfall minja, eða 47%, eru ekki í hættu. Um 2% skráðra staða fornleifar eru í stórhættu.

Skífurit 3



Af fornleifunum 618 sem skráðar voru sumurin 2008-2009 voru aðeins tvær friðlýstar, báðar í landi Miklaholtshellis. Hellir 048:001 var friðlýstur árið 1927 af Matthíasi Þórðarsyni,

þáverandi þjóðminjaverði.[25] Þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var gerð 1708 var búið í hellinum en ekki er vitað hvernær búseta lagðist þar af. Heimildir geta um hlaðinn forskála, þrep þar niður og stromp inni í hellinum. Hellirinn er enn varðveittur, er um 15 x 5 m að stærð og 3 m lofthæð þar inni. Hellirinn varð fyrir miklum skemmdum vegna framkvæmda á seinni hluta síðustu aldar. Hitaveituskúr var byggður yfir strompinn, brunnur grafinn í annan endann, hitaveiturör boruð í gegnum þakið og fyllt upp í forskálann. Mikilvægt er að varðveita það sem eftir er af hellinum og jafnvel að ráðast í viðhald hans, þá í samvinnu við Fornleifavernd ríkisins. Fjárhellir 048:005 er skammt sunnan við helli 048:001 og friðlýstur ásamt honum. Þar voru í raun tveir sambyggðir hellar sem notaðir voru sem fjárhús og hlaða. Annar þessara hella er nú hruninn, fyllt hefur verið upp í þá báða og engin ummerki þeirra sjást á yfirborði. Miklar líkur eru á því að annar hellirinn sé enn varðveittur og mikilvægt að ráðast í frekari rannsóknir til að finna hann í samvinnu við Fornleifavernd ríkisins.

Kynning fornleifa fyrir almenningi er skammt á veg komin á Íslandi og liggja þar ónýttirmiklir möguleikar. Hraungerðishreppur er þar ekki undanskilinn. Íslendingar eru tengdari sögu lands síns en margar aðrar þjóðir og mjög margir hafa áhuga á sögu og fornleifafræði. Kynning á fornleifum og sögu getur aukið mjög á gildi útivistar og oft má flétta saman kynningu á gönguleiðum og fornleifafræðslu. Það þarf ekki að vera flókin né dýr framkvæmd, t.d. geta skilti með merkingum og upplýsingum um tóftir og aðra minjastaði skilað miklum fróðleik á einfaldan hátt.

Erfitt er að gera upp á milli minjastaða þegar kemur að því að gera tillögur um hvaða minjastaðir gætu hentað til kynningar og/eða rannsóknar og hvaða staðir hafa óvenjugott minjagildi. Það skal því ítrekað að allar minjar eru jafnar fyrir þjóðminjalögum, þær eru friðhelgar og þeim má ekki raska án leyfis Fornleifaverndar ríkisins. Af fornleifum á skráningarsvæðinu sem taldar voru hafa sérlega gott verndunar-, rannsóknar- og eða kynningargildi má nefna:

1. Bæjarhóla **Reykjavalla 060:001**, **Ósgerðis 062:001, Bollastaðakots 039:078** og **Krókskots 055:001.** Umræddir bæjarhólar eru þeir einu sem eru eftir óraskaðir á skráningarsvæðinu og eru þeir sem slíkir ómetanleg heimild um búsetusögu svæðisins sem og lífsviðurværi íbúanna. Svæðið umhverfis þessa bæi er einnig lítið raskað og því hafa allir þessir staðir

[25] ÁG, Friðlýsingarskrá, 63

sérlega gott rannsóknar- og varðveislugildi.

2. Í Langholti var **bænhús 068:002**, hið eina sem þekkt er á svæðinu. Þar fundust mannabein við jarðrask fyrir um 30 árum sem gefa staðsetningu þess til kynna. Aftur var grafið yfir beinin og núverandi heimreið að Langholti liggur þar yfir. Staðurinn hefur mikið rannsóknar- og varðveislugildi.

3. **Sauðhústún 056:010** og **Gamla Hraungerði/Kot 039:065,** ásamt nánasta umhverfi eru áhugaverð rannsóknarefni. Á báðum þessum stöðum hefur greinilega verið ábúð fyrr á öldum en afar lítið er vitað um býlin að öðru leyti. Staðirnir hafa mikið rannsóknar- og kynningargildi, ekki síst fyrir byggðasögu Hraungerðishrepps sem fram að þessu hefur lítið verið rannsökuð.

4. Mörg skemmtileg mógrafasvæði er að finna á skráningarsvæðinu. Sem dæmi má nefna **Grafarmýri 065:020**, **Mómýri 059:019**, og **mógrafir 057:043** sem liggja fast upp að Gaulverjabæjarvegi. Mótekja hefur ekki mikið verið rannsökuð hérlendis en var engu að síður mikilvægur þáttur daglegs lífs, sérstaklega á deiglendissvæðum eins og í Flóa. Þar eru leifar mógrafa sérstaklega umfangsmiklar og áberandi og í raun stórmerkar minjar. Auðvelt væri t.d. að kynna mógrafir 057:043 fyrir almenningi þar sem aðgengi að þeim er gott. Hægt væri að gera kort sem sýnir dreifingu mótekju í Flóahrepp, gera upplýsingaskilti um þar sem mótekja er útskýrð og hversu mikilvæg hún hefur verið á svæðinu. Ofangreindar mógrafir hafa því gott varðveislu-, rannsóknar- og kynningargildi.

5. **Lögrétta 057:020** er tóft í gamla heimatúni Sölvholts. Tóftin er hringlaga, gróin og hleðslur hennar nokkuð signar. Nafn tóftarinnar er sérstakt og gæti mögulega vísað til þinghalds á þessu svæði þó ekkert sé hægt að fullyrða um það án frekari fornleifarannsókna. Minjastaðurinn er engu að síður sérstakur og hefur gott varðveislu-, kynningar- og rannsóknargildi.

6. **Gamli þjóðvegurinn 621:005 og Póstleið 621:009** lágu í gegnum Hraungerðishrepp. Króksbrú sem hlaðin var á þessum leiðum er merkilegur minnisvarði tilraunir heimamanna til að bæta samgöngur um svæðið og hversu mikill farartálmi mýrlendið hefur verið. Í raun má segja að þær leiðir sem skráðar voru hafi margar hverjar mikið kynningar- og varðveislugildi. Víða sést vel hvernig leiðirnar lágu eftir þurrum svæðum og hefur eflaust

verið svo um aldir. Hið þéttofna net gamalla leiða um svæðið mætti t.d. merkja á göngukort og stika. Leiðirnar hafa mikið varðveislu- og kynningargildi.

7. **Hellir 068:012** er sá eini sinnar tegundar varðveittur á skráningarsvæðinu en hann var nýttur sem fjárhús. Í honum má vel sjá hvernig menn nýttu sér skjól frá náttúrunnar hendi og byggðu við þau. Hellirinn var notaður sem fjárhús fram til ársins 1968. Gerður var forskáli fyrir framan hellinn, hlaðin steinþrep og hann styrktur með steinsteypu. Hellirinn hefur mikið kynningar- og varðveislugildi.

8. Í landi Hraungerðis er að finna **þinghús 039:047** sem notað var fram undir lok 19. aldar. Tóftin af húsinu er sú eina sinnar tegundar á skráningarsvæðinu og er merkilegur minnisvarði um sögu hreppsins. Tóftin hefur mikið kynningar- og varðveislugildi.

9. **Túnskot 056:012, Músakot 059:008, Vatnskot 059:026, Rimi 059:031 og Stekkar 065:014** eru allt býli sem fyrst voru reist á seinni hluta 17. aldar og komin í eyði á 20. öld. Tóftir allra þessara býla hafa varðveist að einhverju leyti en þær hafa einnig verið endurnýttar undir búpening. Á þessum bæjarstæðum er að finna ómetanlegan fróðleik um líf og búsetu á minni bæjum. Umhverfi allra þessara býla er lítið raskað og staðirnir hafa því ótvírætt rannsóknar- , varðveislu og kynningargildi.

10. Hlutar gamalla túngarða hafa varðveist á nokkrum lögbýlum en hvergi jafn vel og í **Túni 056:009** og á **Stóra Ármóti 065:012**. Í Túni afmarkar grjóthlaðinn túngarður gamla heimatúnið að stórum hluta. Túngarðurinn sést vel frá þjóðvegi 1 og sker sig frá grænum túnum. Túngarðurinn í Stóra Ármóti hefur einnig varðveist að stórum hluta, ásamt sambyggðum hólfum. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og eru tvöfaldir með torfi á milli Báðir garðanna hafa mikið kynningar- og varðveislugildi.

11. Varðveitt útihús í gömlum heimatúnum, líkt og **tóft 039:005**, eru sjaldgæfar minjar í Hraungerðishreppi. Slíkar minjar geta gefið miklar upplýsingar um búskap, landnotkun og byggingartækni svæðisins. Þær hafa því talsvert rannsóknar-, og varðveislugildi.

12. **Rjómabúið í Vola 047:004** var starfrækt á árunum 1903-1929. Þótt ekki sjáist nein ummerki þess nú hefur þessi staður kynningar- og varðveislugildi enda rjómabúið þáttur í sögu Hraungerðishrepps. Þó að ummerki séu horfin

er ekki loku fyrir það skotið að kynna mætti rjómabúið sem hluta af sögu sveitar, t.d. með því að setja upplýsingaskilti við Villingaholtsveg og kynna starfsemina sem þar fór fram.

13. Í landi Oddgeirshóla eru tveir stórir rústahólar, **Geldingaborg 071:014** og **Stóraborg 071:018.** Á hvorugum hólnum sjást skýr mannvirki en greinilegt er að miklar minjar eru þar undir sverði. Hólarnir eru báðir um 20 m í þvermál og milli 2,5-4 m á hæð. Fjárborgir virðast hafa verið helstu fjárskýlin í úthögum ef marka má örnefni en rústarhólarnir tveir voru einu ummerkin sem eftir voru af fjárborgum á skráningarsvæðinu. Ekki er ólíklegt að þeir geymi miklar upplýsingar um fjárbúskap á fyrri öldum og hafa því talsvert rannsóknar- og varðveislugildi.

Heimildir

Ágúst Ó. Georgsson (ritstjóri) (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík: Fornleifanefnd og Þjóðminjasafn Íslands.

Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður Gísladóttir (1991). *Manngerðir Hellar á Íslandi*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Bjarni Harðarson (2001). *Landið, fólkið og þjóðtrúin: kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Selfoss: Sunnlenska Bókaútgáfan.

Brynjúlfur Jónsson, (1906). „Rannsókn í Árnesþingi sumarið 1904.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 1-51.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* I, IV, VI, VII, XII, XV (1853-1976). Kaupmannahöfn/Reykjavík.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* (1983). Sveinbjörn Rafnsson gaf út. Reykjavík.

Gísli Gestsson (1956). *Árbók Ferðafélags Íslands. Árnessýsla milli Hvítár og Þjórsár*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Guðmundur Kristinsson (1991). *Saga Selfoss I: frá landnámi til 1930*. Selfoss: Prentsmiðja Suðurlands.

Guðni Jónsson (1944). *Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur V*. „Álfkonan á Uppsölum I-II.“ Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 64-69.

IA: Íslenskir annálar IV: *Islandske Annaler indtil 1578*, G. Storm gaf út, Christiania 1888.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* (1918-1921). Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. (1847). Kaupmannahöfn.

Jón Eiríksson (2008). *Jarðabók Skeiðahrepps*. Reykjavík: Ungmennafélag Skeiðahrepps.

Kristján Eldjárn (1951). „Kléberg á Íslandi“ *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1949-50*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 41-62.

KEKH: Kristján Eldjárn (2000). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi, 2. útg.* Adolf Friðriksson (ritstj.). Reykjavík

Landmælingar Íslands (2010). Bæjarteikningar danskra landmælingamanna. Slóðin er: http://www.lmi.is/kortathjonustur/baejarteikningar/. Skoðað 03.03.2010.

Margrét H. Hallmundsdóttir og Kristín Erla Þráinsdóttir (2005). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Hallanda 2005/7*. Eyrarbakki: Byggðasafn Árnesinga.

Margrét H. Hallmundsdóttir og Kristín Erla Þráinsdóttir (2005). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Hraungerðis 2005/8*. Eyrarbakki: Byggðasafn Árnesinga.

Matthías Þórðarson (1931). „Manngerðir hellar í Árnessýslu og Rangárvallasýslu“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1930-31*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 1-76.

Mjöll Snæsdóttir (1992). *Skýrslur Fornleifadeildar 2: Athugun á kirkjugarði Hraungerðiskirkju í Hraungerðishreppi, í Árnessýslu.* Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Óskar B. Bjarnason (1970). „Rannsóknir á mó“. *Náttúrufræðingurinn*. 39. árg., 3-4 hefti. Reykjavík: Hið íslenska náttúrufræðifélag, bls. 221-235.

PP: *Prestatal og prófasta á Íslandi* (1950). Eftir Hannes Þorsteinsson. 2. útgáfa. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

SB II*:* Sunnlenskar byggðir II: Flóinn (1981). Páll Lýðsson (ritstjóri). Reykjavík: Búnaðarsamband Suðurlands

SSÁ: *Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfdán Jónsson* (1979). Svavar Sigmundsson (ritstjóri). Reykjavík: Sögufélag.

Vigfús Guðmundsson (1927). „Ölfusá.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 35-56.

Óprentaðar heimildir:

Áveitukort Flóaáveitunnar; Krókur: Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Bæjateikningar danskra landmælingamanna frá 1906: Landmælingar Íslands.

Stofnun Árna Magnússonar. Handrit AM 66a 8vo.

Túnakort í Hraungerðishreppi frá 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Bár: Brynjólfur Jónsson ritaði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hallandi: Ókunnur skrásetjari. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hellir: Bjarni Bjarnason ritaði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hraungerði: Ólafur Sigurðsson ritaði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hraungerði: Ókunnur skrásetjari. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Hraungerðishreppur: Jón Árnason, Ólafur Ögmundsson, Guðmundur Guðleifsson, Ágúst Þorvaldsson, Ingólfur Þorsteinsson, Anna J. Illugadóttir og Guðfinna Guðmundsdóttir stóðu fyrir söfnuninni. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Langholt I: Ókunnur skrásetjari. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Langholt II: Ókunnur skrásetjari. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Langholtslandareignir: Ingólfur Þorsteinsson ritaði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Langholtspartur: Ókunnur skrásetjari. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Oddgeirshólar: Ókunnur skrásetjari. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Oddgeirshólar, aths: Ólafur Árnason ritaði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Sölvholt: Ókunnur skrásetjari. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Umferðaleiðir, 2. Árni Magnússon ritaði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Umferðaleiðir, viðb. Árni Magnússon ritaði. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamenn	**Veitti upplýsingar um**	**Fædd/ur**
Baldur Sveinsson	Litla-Ármót	23.01.1954
Bergur Ketilsson	Sölvholt	27.10.1951
Betzy Marie Davíðsson	Litla-Ármót	02.10.1956
Bjarni Eiríksson	Miklaholtshellir	14.02.1922
Bjarni Stefánsson	Tún	03.12.1963
Gauti Gunnarsson	Lækur	01.12.1969
Guðjón Sveinbjörnsson	Uppsalir	11.10.1921
Guðmundur Árnason	Oddgeirshólar	27.08.1916
Guðmundur Stefánsson	Hraungerði, Móakot, Heimaland, Starkarhús	19.12.1948
Guðríður Valgeirsdóttir	Arnarstaðir	24.08.1946
Gunnar B. Gunnarsson	Arnarstaðir	09.11.1943
Gunnur Gunnarsdóttir	Sölvholt	04.05.1954
Haraldur Þórarinsson	Laugardælir, Reykjavellir, Þorleifskot, Ósgerði, Svarfhóll	22.12.1954
Hilda Pálmadóttir	Stóra-Ármót	20.05.1970
Hjálmar Ágústsson	Langstaðir	15.02.1948
Hrafnkell Guðnason	Glóra	25.06.1967
Hreggviður Hermannsson	Langholt, Langholtspartur , Hallandi	18.07.1950
Ingibjörg Einarsdóttir	Langstaðir	18.05.1955
Jón Þórðarson	Sölvholt	01.10.1940
Jóna Marín Sveinbjörnsdóttir	Uppsalir	14.06.1927
Magnús Guðmundsson	Oddgeirshólar	17.11.1951
Ólafur Bjarnason	Krókur	09.06.1946
Ólafur Einarsson	Austurkot	
Ólafur Guðjónsson	Bollastaðir, Krókur	16.09.1938
Skeggi Gunnarsson	Skeggjastaðir	
Stefán Guðmundsson	Tún	14.06.1919
Steinþór Guðmundsson	Oddgeirshólar	12.08.1953
Svanur Kristinsson	Halakot	04.05.1963
Tryggvi Bjarnason	Bár, Sölvholt, Lambastaðir	10.01.1932

Þorvaldur Sveinsson	Hraungerði	19.05.1950
Þórarinn Sigurjónsson	Laugardælir	27.07.1923

Viðauki 1: Hnitaská í ISN93

Samtala	Longitude	Latitude
ÁR-039:001	410659.35	384085.72
ÁR-039:002	410675.13	384061.26
ÁR-039:003	410656.19	384075.46
ÁR-039:004	410625.62	384072.11
ÁR-039:005	410632.33	384175.46
ÁR-039:006	407870.25	383058.52
ÁR-039:007	410532.13	383773.69
ÁR-039:008	410463.3	383782.76
ÁR-039:009	410416.16	383963.63
ÁR-039:010	410480.06	384058.89
ÁR-039:011	411995.03	384819.04
ÁR-039:012	413750.03	384032.86
ÁR-039:013	413726.95	384080.98
ÁR-039:014	413752.39	383668.17
ÁR-039:015	408044.6	384172.7
ÁR-039:016	408495.29	385298.91
ÁR-039:017	410449.89	384849.41
ÁR-039:018A	411198.79	384162.84
ÁR-039:018B	411191.69	384154.35
ÁR-039:018C	411202.73	384147.45
ÁR-039:018D	411207.27	384148.24
ÁR-039:018E	411206.68	384153.37
ÁR-039:019	411489.12	383638.58
ÁR-039:020A	412057.35	384045.48
ÁR-039:020B	412047.49	384038.38
ÁR-039:021	411557.95	383423.4
ÁR-039:022	411355.59	383158.91
ÁR-039:023	411347.31	383156.15
ÁR-039:024	412608.43	383110.98
ÁR-039:026	412224.81	383315.51
ÁR-039:027	411230.54	382859.11
ÁR-039:028	411168.02	382651.42
ÁR-039:030	410696.82	382733.27
ÁR-039:032	409611.04	382547.48
ÁR-039:033	409100.4	382516.71
ÁR-039:034	410127.6	382986.92
ÁR-039:036A	410072.58	383904.06
ÁR-039:036B	410081.25	383927.93
ÁR-039:037	409729.98	384115.89
ÁR-039:040	413448.06	384278.42
ÁR-039:041	411007.86	384291.83
ÁR-039:042	410408.47	383767.38
ÁR-039:043A	409998.61	384523.58
ÁR-039:043B	409965.87	384516.68
ÁR-039:046	408571.42	384915.09
ÁR-039:047	410362.12	384294.19
ÁR-039:048A	411026.6	384323.38
ÁR-039:048B	411015.36	384336.99
ÁR-039:048C	410993.86	384317.07
ÁR-039:048D	410958.95	384286.3
ÁR-039:050	410626.02	384054.55
ÁR-039:051	410701.56	384094
ÁR-039:052	411516.93	384925.15
ÁR-039:053A	409696.45	384146.07
ÁR-039:053B	409680.67	384146.27
ÁR-039:053C	409674.16	384141.53
ÁR-039:054	40966:9.23	384110.96
ÁR-039:055A	409595.66	383115.71
ÁR-039:055B	409587.97	383114.53
ÁR-039:057A	413561.07	383584.15
ÁR-039:057B	413682.18	383698.94
ÁR-039:058A	410877.49	383312.16
ÁR-039:058B	410893.67	383364.82
ÁR-039:059	412491.47	383362.45
ÁR-039:060	412262.48	383352.59
ÁR-039:061A	410681.64	384199.72
ÁR-039:061B	410699.19	384206.42
ÁR-039:061C	410756.19	384192.81
ÁR-039:061D	410759.15	384193.6
ÁR-039:061E	410841	384171.71
ÁR-039:062	409834.91	383598.35
ÁR-039:063	411054.81	384850.2
ÁR-039:064	410707.48	383055.95
ÁR-039:065A	409211.64	384352.58
ÁR-039:065B	409330.77	384408
ÁR-039:065C	409121.9	384366.38
ÁR-039:066	408795.48	383579.61
ÁR-039:067	408835.12	384164.61
ÁR-039:068	409132.36	383094.81
ÁR-039:069	408245.39	384223.58
ÁR-039:070A	408480.69	384479.59
ÁR-039:070B	408475.56	384439.95
ÁR-039:071	409000.6	384242.91
ÁR-039:072	407980.7	383803.87
ÁR-039:073	408561.16	382594.82
ÁR-039:074	410053.44	382599.94
ÁR-039:075	409824.65	383259.3
ÁR-039:076	410784.2	383251.41
ÁR-039:078A	408398.25	384084.73
ÁR-039:078B	408390.95	384103.86
ÁR-039:078C	408381.48	384077.63
ÁR-039:078D	408402.39	384107.81
ÁR-039:078E	408411.46	384100.71
ÁR-039:078F	408416.79	384081.18
ÁR-039:078G	408410.87	384072.11
ÁR-039:079	411483.79	382472.13
ÁR-039:080	411086.36	383294.01

ÁR-039:082	411515.94	384062.05
ÁR-039:083	409970.21	383513.54
ÁR-039:084	413020.06	383601.5
ÁR-039:085	413471.33	384007.61
ÁR-039:087	413110.98	383893.41
ÁR-040:001	410691.1	384084.93
ÁR-041:001	410565.86	383816.29
ÁR-041:002	410562.7	383804.06
ÁR-042:001	410623.65	384059.29
ÁR-042:002	410624.05	384054.16
ÁR-043:001	410783.41	383732.27
ÁR-043:002	410784	383742.92
ÁR-043:003	410827.99	383818.86
ÁR-043:004	410786.37	383725.37
ÁR-043:005	410780.26	383717.48
ÁR-043:006	410772.37	383707.22
ÁR-043:007	410780.45	383702.69
ÁR-043:008	410853.63	383857.52
ÁR-043:009A	410833.9	383764.62
ÁR-043:009B	410821.08	383749.43
ÁR-044:001	411084.79	383487.11
ÁR-044:002	411104.71	383481.19
ÁR-044:003	411061.91	383496.38
ÁR-044:004	411130.94	383532.08
ÁR-044:005	411059.34	383472.71
ÁR-044:006	410999.98	383440.36
ÁR-044:007	411263.88	383481.78
ÁR-044:008	411295.24	383483.36
ÁR-044:009	411003.92	383478.43
ÁR-044:010	411036.86	383442.14
ÁR-044:011	411249.08	383501.9
ÁR-045:001	408645.38	384098.73
ÁR-045:002	408655.05	384086.31
ÁR-045:003	408682.66	384148.83
ÁR-045:004	408690.94	384066.39
ÁR-045:005	408646.56	384107.41
ÁR-045:006	408658.6	384115.5
ÁR-045:007	408669.8	384072.3
ÁR-045:008	408697.25	384122.99
ÁR-046:001	408548.34	383192.83
ÁR-046:002	408537.89	383177.25
ÁR-046:003	408595.09	383230.11
ÁR-046:004	408656.62	383067
ÁR-046:006	408418.36	383087.31
ÁR-046:007	408554.46	383190.07
ÁR-046:008	408561.95	383126.96
ÁR-047:001	409785.4	382598.56
ÁR-047:002	409786.98	382583.97
ÁR-047:003	409758.18	382641.95
ÁR-047:004	409553.45	382535.64
ÁR-047:005	409580.87	382543.53
ÁR-048:001	412955.17	384301.1

ÁR-048:002	412942.54	384295.97
ÁR-048:003	412938.6	384307.01
ÁR-048:005	412795.8	384066.78
ÁR-048:006	412935.25	384296.17
ÁR-048:007	412980.41	384328.32
ÁR-049:001	410812.01	383988.48
ÁR-050:001	408449.13	380974.92
ÁR-050:002	408466.09	380969.01
ÁR-050:003	408425.46	380995.83
ÁR-050:004	408594.1	381475.9
ÁR-050:005	408239.08	381280.24
ÁR-050:006	408341.05	381240.6
ÁR-050:007	408330.2	381263.08
ÁR-050:009	408545.19	381605.48
ÁR-050:010	408663.92	381265.06
ÁR-050:011	407374	382581.99
ÁR-051:001	406104.4	379169.43
ÁR-051:002	406089.61	379166.87
ÁR-051:003	406118.21	379161.74
ÁR-051:004	406124.12	379189.15
ÁR-051:005	406046.81	379133.73
ÁR-051:006	406107.95	379137.28
ÁR-051:007	405841.49	379040.24
ÁR-051:008	405998.09	379386.98
ÁR-051:010	406203.02	379327.42
ÁR-051:011	406519.97	379364.89
ÁR-051:012	405824.72	378951.09
ÁR-051:013	406076.98	379158.98
ÁR-051:014	405871.47	379001.58
ÁR-051:015	406061.99	379256.02
ÁR-052:001	407088.6	382782.58
ÁR-052:002	407116.61	382801.52
ÁR-052:003	407100.64	382769.37
ÁR-052:004	407119.96	382794.02
ÁR-052:005	407088.6	382797.57
ÁR-052:006	407002.21	382701.12
ÁR-052:007	406973.22	382659.31
ÁR-052:008	407051.52	382668.58
ÁR-052:009	406985.65	382674.5
ÁR-052:011	407279.53	382512.17
ÁR-052:012	407152.71	382673.51
ÁR-052:014	406827.86	382421.45
ÁR-052:015	406686.44	381351.05
ÁR-052:017	406934.56	383471.72
ÁR-052:018A	406962.57	382659.11
ÁR-052:018B	406929.04	382637.22
ÁR-052:019A	407267.3	382588.5
ÁR-052:019B	407236.33	382578.05
ÁR-052:020	406793.74	382413.56
ÁR-052:021	407292.94	382651.62
ÁR-052:022	407223.51	382852.8
ÁR-052:023	406930.62	382630.32

ÁR-052:024	406918	382671.15
ÁR-052:025	406849.16	382465.63
ÁR-052:026A	407361.77	381853.01
ÁR-052:026B	407350.93	381859.92
ÁR-053:001A	407298.26	382945.5
ÁR-053:001B	407283.67	382961.48
ÁR-053:002	407298.86	382933.47
ÁR-053:003	407335.35	382961.28
ÁR-053:004	407316.61	382968.77
ÁR-053:005	407669.26	382823.81
ÁR-053:007A	407253.3	383021.83
ÁR-053:007B	407284.26	383028.54
ÁR-053:007C	407351.52	383020.25
ÁR-053:007D	407365.92	382993.82
ÁR-053:007E	407358.62	382884.16
ÁR-053:007F	407359.41	382891.26
ÁR-053:007G	407376.76	382943.72
ÁR-053:007H	407341.66	382855.36
ÁR-053:007I	407257.04	382785.74
ÁR-053:008	407638.1	383227.94
ÁR-053:009	407497.08	382644.52
ÁR-053:010	407373.41	382887.71
ÁR-053:011	407525.48	382885.74
ÁR-054:001	407655.66	384150.21
ÁR-054:002	407657.23	384143.51
ÁR-054:003	407638.5	384137.39
ÁR-054:004	407593.92	384072.5
ÁR-054:005	407693.52	384024.38
ÁR-054:006	407756.24	384092.22
ÁR-054:007	407662.56	384126.94
ÁR-054:008	407732.97	384293.01
ÁR-054:009	407673.01	384143.31
ÁR-054:010	408098.45	385216.86
ÁR-054:010C	407553.49	384566.58
ÁR-054:014A	407800.23	384784.92
ÁR-054:014B	407735.14	384794.19
ÁR-054:016	407606.54	384864.2
ÁR-054:017	407538.69	383838.38
ÁR-054:018	407658.02	384128.91
ÁR-054:020	407610.49	383833.85
ÁR-054:021	408175.76	384585.9
ÁR-054:022	406872.43	384816.28
ÁR-054:023	406857.44	384845.27
ÁR-054:024A	407000.44	384709.77
ÁR-054:024B	406970.46	384729.49
ÁR-054:025A	407838.89	384138.18
ÁR-054:025B	407633.37	383870.53
ÁR-054:026	407351.91	383925.76
ÁR-054:027	407560.39	383759.69
ÁR-054:028	407595.7	383939.56
ÁR-055:001	407722.52	383876.65
ÁR-055:002	407735.54	383863.63

ÁR-055:003	407705.56	383907.22
ÁR-055:004	407650.72	383840.75
ÁR-055:005	407516.01	383828.52
ÁR-055:006	407598.65	383902.48
ÁR-055:007	407753.48	383853.57
ÁR-055:008A	407636.33	383824.77
ÁR-055:008B	407627.84	383834.83
ÁR-055:009	407701.02	383843.31
ÁR-055:010	407688.79	383895.58
ÁR-056:001	405548	383067.98
ÁR-056:002	405561.21	383053.78
ÁR-056:003	405575.61	383078.83
ÁR-056:004	405556.48	383147.67
ÁR-056:005	405587.64	382973.31
ÁR-056:006	405578.97	383072.91
ÁR-056:007	405477.98	383136.23
ÁR-056:008	405501.85	383117.88
ÁR-056:009A	405609.14	383080.01
ÁR-056:009B	405608.16	383067.79
ÁR-056:009C	405619.2	383058.91
ÁR-056:009D	405605.79	383010.39
ÁR-056:009E	405536.17	382964.83
ÁR-056:009F	405445.63	383037.81
ÁR-056:009G	405442.87	383067.39
ÁR-056:009H	405443.46	383076.27
ÁR-056:009I	405424.73	383167.59
ÁR-056:009J	405478.97	383267.78
ÁR-056:009K	405573.84	383232.67
ÁR-056:009L	405610.72	383172.91
ÁR-056:009M	405608.35	383170.35
ÁR-056:009N	405670.48	383156.15
ÁR-056:009O	405661.61	383183.17
ÁR-056:009P	405525.91	383073.11
ÁR-056:009R	405570.48	383238.59
ÁR-056:010	406205.19	383305.65
ÁR-056:011	406195.92	383299.14
ÁR-056:012	405513.88	382912.96
ÁR-056:013	406569.68	384121.22
ÁR-056:014	405956.47	382113.36
ÁR-056:015	406291.18	383791.05
ÁR-056:016	405753.52	382398.57
ÁR-056:017	405693.76	383263.05
ÁR-056:018	405633.8	383072.32
ÁR-056:019	405556.09	383035.24
ÁR-056:020	405116.84	382469.77
ÁR-056:021	405635.77	382803.29
ÁR-056:022A	406261.4	383255.55
ÁR-056:022B	406195.92	383229.72
ÁR-056:022C	406163.77	383317.49
ÁR-056:022D	406229.05	383340.17
ÁR-056:023	406908.73	383486.52
ÁR-056:024	406099.47	384458.69

ÁR-056:025A	406068.11	384240.35
ÁR-056:025B	406085.86	384241.73
ÁR-056:025C	406116.83	384247.65
ÁR-056:025D	406061.4	384216.88
ÁR-056:026	406142.86	383105.26
ÁR-056:027A	405623.54	382790.47
ÁR-056:027B	405619.6	382838.01
ÁR-056:027C	405611.31	382871.34
ÁR-056:028	406095.72	383828.13
ÁR-057:001	404450.39	382060.7
ÁR-057:002	404465.38	382040.78
ÁR-057:003	404438.95	382056.36
ÁR-057:004	404551.17	382209.22
ÁR-057:005	404667.74	382112.18
ÁR-057:006	404491.21	382053.6
ÁR-057:007	404488.85	382041.57
ÁR-057:008	404543.48	381985.95
ÁR-057:009	404534.01	381882.8
ÁR-057:010	404479.97	381844.53
ÁR-057:011	404448.41	382055.57
ÁR-057:012	404554.92	382021.26
ÁR-057:013	404387.66	381994.23
ÁR-057:014	404463.99	382129.93
ÁR-057:016	406200.45	380083.62
ÁR-057:017	404685.1	380901.95
ÁR-057:018A	405885.27	381443.75
ÁR-057:018B	405874.03	381437.64
ÁR-057:019A	404681.94	382019.09
ÁR-057:019A	404681.94	382019.09
ÁR-057:020	404466.56	381914.75
ÁR-057:021	404271.89	382477.07
ÁR-057:022	404832.23	382085.36
ÁR-057:023	404734.6	381938.02
ÁR-057:024	404311.53	381678.26
ÁR-057:025	404171.69	382235.06
ÁR-057:026	404349.01	381990.49
ÁR-057:027	404495.16	382053.8
ÁR-057:028	405031.05	381052.83
ÁR-057:029	405343.07	381943.54
ÁR-057:030	404517.25	381859.52
ÁR-057:031	404497.92	382279.44
ÁR-057:032	404398.91	381948.87
ÁR-057:033	404475.04	381808.83
ÁR-057:034	404467.15	381806.27
ÁR-057:035	404624.94	381927.77
ÁR-057:036A	404718.63	382113.96
ÁR-057:036B	404699.89	382099.36
ÁR-057:036C	404684.31	382071.16
ÁR-057:036D	404681.15	382023.42
ÁR-057:036E	404676.61	382001.33
ÁR-057:036F	404655.31	381942.36
ÁR-057:036G	404646.04	381934.08

ÁR-057:037	404331.26	382160.31
ÁR-057:038	404062.03	381933.09
ÁR-057:039	404317.84	382460.3
ÁR-057:040	404114.1	381754.59
ÁR-057:041	404655.51	381411.21
ÁR-057:042	404344.47	381662.68
ÁR-058:001	405378.38	381059.54
ÁR-058:001B	405385.48	381041.59
ÁR-058:002	405382.12	381036.46
ÁR-058:003	405397.9	381060.92
ÁR-058:004	405412.89	381068.02
ÁR-058:005	405485.67	381131.53
ÁR-058:006	405334.99	381022.06
ÁR-058:007	405403.43	381107.86
ÁR-058:008	405347.41	381031.13
ÁR-058:012	406107.75	381094.05
ÁR-058:013	405178.18	380695.64
ÁR-058:014A	405256.29	380649.68
ÁR-058:014B	405251.75	380652.64
ÁR-058:015	405257.87	380592.68
ÁR-059:001	403554.74	384066.39
ÁR-059:002	403576.44	384051
ÁR-059:003	403599.12	384101.89
ÁR-059:004	403607.01	384080.39
ÁR-059:005	403740.54	384193.8
ÁR-059:006	403423.78	384185.91
ÁR-059:007	403472.49	384151.79
ÁR-059:008A	403233.05	383981.18
ÁR-059:008B	403217.07	383963.63
ÁR-059:008C	403221.81	383902.09
ÁR-059:008D	403191.63	383900.91
ÁR-059:008E	403263.03	383962.05
ÁR-059:008F	403264.61	383912.35
ÁR-059:009A	403587.48	384196.76
ÁR-059:009B	403558.09	384017.47
ÁR-059:010	403609.18	384071.71
ÁR-059:011	403481.96	383405.06
ÁR-059:012	404403.44	386437.35
ÁR-059:013	402822.21	384580.18
ÁR-059:014	404292.2	385659.06
ÁR-059:015	404312.12	385091.62
ÁR-059:016	405927.87	384362.83
ÁR-059:017	403878.01	383258.71
ÁR-059:018	403334.82	384077.63
ÁR-059:019	403645.47	384793
ÁR-059:020	403329.89	384056.33
ÁR-059:021	404554.53	383919.25
ÁR-059:023	403377.82	384538.77
ÁR-059:024	406237.53	384785.31
ÁR-059:025	404806.4	384384.33
ÁR-059:026	404403.84	384873.08
ÁR-059:027	403496.75	382824.4

ÁR-059:028	402729.71	384001.89
ÁR-059:029A	404790.42	384591.03
ÁR-059:029B	404769.91	384585.9
ÁR-059:031A	404864.78	384335.61
ÁR-059:031B	404806.79	384371.31
ÁR-059:032	403794.78	383214.33
ÁR-059:033	404628.88	384252.77
ÁR-059:034	403710.16	384213.72
ÁR-059:035	403541.33	384050.81
ÁR-059:036	403565.79	384034.63
ÁR-059:037	403659.28	384136.01
ÁR-059:038	404746.83	384425.55
ÁR-059:039	403577.03	384090.25
ÁR-059:040	404140.73	384348.04
ÁR-059:041	403789.25	385242.3
ÁR-059:042	403841.13	383216.9
ÁR-059:043	404640.13	385807.78
ÁR-059:044A	404700.68	386431.24
ÁR-059:044B	404704.82	386429.66
ÁR-059:045	404687.66	386458.65
ÁR-059:046	404594.56	386522.75
ÁR-059:047	404647.62	386350.37
ÁR-059:048	404562.81	385865.37
ÁR-059:049A	403550.6	384681.56
ÁR-059:049B	403568.55	384689.65
ÁR-059:050	403727.72	384937.58
ÁR-059:051	403673.08	384918.25
ÁR-059:052	403935.01	385265.18
ÁR-060:001	404393.19	383967.77
ÁR-060:002	404387.47	383943.51
ÁR-060:003	404422.18	383960.87
ÁR-060:004	404456.5	383956.92
ÁR-060:005	404432.83	384087.1
ÁR-060:006	404467.35	383987.1
ÁR-060:007	404430.27	384050.61
ÁR-060:008	404341.91	383954.55
ÁR-060:010	404410.54	383959.09
ÁR-060:011A	404318.44	383913.33
ÁR-060:011B	404426.52	383908.99
ÁR-060:011C	404442.3	383907.02
ÁR-060:011D	404481.15	383965.99
ÁR-060:012	404435.59	383914.52
ÁR-060:013	404348.61	383999.33
ÁR-060:014	404393.19	384026.55
ÁR-060:09A	404406.8	383947.26
ÁR-060:09B	404449.99	383921.62
ÁR-061:001	404005.82	384148.24
ÁR-061:002	404006.8	384134.24
ÁR-061:003	404049.21	384120.82
ÁR-061:004	404074.06	384135.03
ÁR-061:005	404055.92	384135.22
ÁR-061:006	404093.39	384138.77

ÁR-061:007	403997.73	384050.81
ÁR-062:001	404069.33	385154.73
ÁR-062:002	404091.42	385240.92
ÁR-062:003	404118.24	385167.55
ÁR-062:004	404070.71	385119.03
ÁR-063:001	405066.15	382843.33
ÁR-063:002	405078.38	382843.33
ÁR-063:003	405049.39	382838.6
ÁR-063:004	405000.28	382761.08
ÁR-063:005	404941.7	382779.23
ÁR-063:006	404967.93	382822.82
ÁR-063:007	405216.84	382879.43
ÁR-063:008	404979.57	382744.12
ÁR-063:009	404953.73	382736.43
ÁR-063:010	404988.64	382734.46
ÁR-063:011A	404256.31	383058.91
ÁR-063:011B	404450.78	383144.51
ÁR-063:012	404891.01	382639.59
ÁR-063:013	404516.06	382761.87
ÁR-063:014	404486.09	382978.24
ÁR-063:015	405060.04	383163.64
ÁR-063:016	405007.38	383213.74
ÁR-064:001	403066.98	384471.11
ÁR-064:002	403068.16	384466.58
ÁR-064:003	403117.86	384469.93
ÁR-064:004	403127.73	384524.96
ÁR-064:005	403205.24	384472.49
ÁR-064:006	403102.87	384481.57
ÁR-064:007	403120.43	384316.68
ÁR-065:001	405500.07	388358.42
ÁR-065:002	405511.71	388350.53
ÁR-065:003	405511.91	388357.83
ÁR-065:004	405509.74	388361.97
ÁR-065:005	405496.92	388339.09
ÁR-065:006	405479.36	388353.49
ÁR-065:007	405525.71	388498.66:
ÁR-065:008	405553.13	388205.17
ÁR-065:009	405467.33	388186.83
ÁR-065:010	405467.72	388497.67
ÁR-065:011	405394.16	388346.79
ÁR-065:012A	405559.04	388548.36
ÁR-065:012B	405427.29	388528.24
ÁR-065:012C	405420.19	388498.85
ÁR-065:012D	405404.61	388484.26
ÁR-065:012E	405415.65	388490.37
ÁR-065:012F	405354.91	388430.02
ÁR-065:012G	405374.04	388344.22
ÁR-065:012H	405360.82	388296.89
ÁR-065:012I	405372.66	388325.09
ÁR-065:012J	405403.23	388478.34
ÁR-065:012K	405400.07	388475.78
ÁR-065:014	404817.83	388311.09

ÁR-065:014B	404784.5	388285.05
ÁR-065:014C	404745.25	388257.83
ÁR-065:014D	404727.7	388232.59
ÁR-065:014E	404709.95	388200.63
ÁR-065:014F	404694.37	388181.7
ÁR-065:014G	404692.2	388176.18
ÁR-065:014H	404679.38	388183.48
ÁR-065:014I	404642.1	388119.97
ÁR-065:014J	404628.88	388056.26
ÁR-065:014K	404815.67	388273.02
ÁR-065:014L	404831.44	388246.39
ÁR-065:014M	404859.25	388277.16
ÁR-065:014N	404865.57	388355.86
ÁR-065:014P	404835.39	388384.65
ÁR-065:015	406133.59	388546.98
ÁR-065:015B	406136.35	388503.98
ÁR-065:016A	404434.41	388059.02
ÁR-065:016B	404440.13	388046.79
ÁR-065:016C	404488.65	388027.07
ÁR-065:016D	404447.03	388092.75
ÁR-065:018	405422.95	388351.32
ÁR-065:019A	406799.06	389715.99
ÁR-065:019B	406863.76	389674.97
ÁR-065:020	405937.34	389645.97
ÁR-065:021	405470.49	388330.02
ÁR-065:022	405972.25	388915.61
ÁR-065:023	405942.47	389546.96
ÁR-065:024	406620.96	388548.75
ÁR-065:024B	406726.28	388656.64
ÁR-065:025	405242.68	388375.98
ÁR-065:026	405639.12	389318.37
ÁR-065:026B	405632.81	389299.83
ÁR-065:026C	405610.72	389307.91
ÁR-065:028	406384.47	389512.64
ÁR-065:029	405511.91	388089.99
ÁR-065:030	406758.63	388628.63
ÁR-065:031A	405192.78	388911.47
ÁR-065:031B	405221.77	388888.99
ÁR-065:031C	405304.81	388842.83
ÁR-066:001	406100.85	387260.81
ÁR-066:002	406071.86	387237.93
ÁR-066:003	406096.71	387240.3
ÁR-066:004	406064.16	387227.48
ÁR-066:005	406081.32	387288.62
ÁR-066:006	406291.58	387340.29
ÁR-066:007	406242.66	387315.25
ÁR-066:010	406025.31	387215.25
ÁR-066:011	406315.44	387744.82
ÁR-066:012	405258.85	386299.09
ÁR-066:013A	405612.3	386312.7
ÁR-066:013B	405625.71	386319.01
ÁR-066:014A	405193.57	386285.28

ÁR-066:014B	405179.37	386289.82
ÁR-066:014C	405161.02	386292.19
ÁR-066:014D	405152.15	386261.62
ÁR-066:014E	405150.77	386234.79
ÁR-066:014F	405247.61	386280.35
ÁR-066:015	405100.08	386434.2
ÁR-066:016	405122.17	386514.87
ÁR-066:017	406088.62	387274.62
ÁR-067:001	406241.08	387065.94
ÁR-067:002	406236.74	387060.81
ÁR-067:003	406221.56	387059.43
ÁR-067:004	406233	387053.51
ÁR-067:005	406201.05	387051.74
ÁR-067:006	406214.26	387060.02
ÁR-067:007	406250.75	386450.17
ÁR-068:001	407287.42	387361.79
ÁR-068:002	407298.86	387363.17
ÁR-068:003	407276.57	387333
ÁR-068:004	407295.31	387347.59
ÁR-068:005	407282.09	387317.42
ÁR-068:006	407292.74	387212.88
ÁR-068:007	407365.72	387387.43
ÁR-068:008	407388.01	387404.59
ÁR-068:009	408249.73	389820.72
ÁR-068:010A	408126.26	388619.56
ÁR-068:010B	408115.41	388548.56
ÁR-068:010C	408180.89	388638.1
ÁR-068:010D	408147.76	388776.17
ÁR-068:011	407300.24	387184.87
ÁR-068:012	407410.1	387578.55
ÁR-068:013	407366.31	385931.84
ÁR-068:014	407167.1	387304.2
ÁR-068:015	408467.87	389150.12
ÁR-068:016	407762.36	389649.72
ÁR-068:017	408888.97	387888.21
ÁR-068:018	407097.87	386588.83
ÁR-068:019	407479.33	387489.21
ÁR-068:020	407815.02	387499.86
ÁR-068:021	407413.45	387116.24
ÁR-068:022A	407410.1	387451.93
ÁR-068:022B	407449.54	387480.92
ÁR-068:022C	407522.52	387508.34
ÁR-068:022D	407560.98	387617.21
ÁR-068:022E	407555.26	387628.46
ÁR-068:022F	407513.25	387644.83
ÁR-068:023	407238.9	387349.96
ÁR-068:024	407338.11	387170.47
ÁR-068:025A	407453.69	388504.57
ÁR-068:025B	407341.85	387741.67
ÁR-068:026A	407501.02	388351.91
ÁR-068:026B	407543.03	388317
ÁR-068:027A	408238.88	388033.58

ÁR-068:027B	408241.84	388050.54
ÁR-068:028	406896.3	385230.07
ÁR-068:029	407376.17	388453.1
ÁR-068:030A	407217.99	387062
ÁR-068:030B	407042.45	386813.28
ÁR-068:031	407377.55	386230.65
ÁR-068:032	407123.71	385482.93
ÁR-068:033	407361.38	386197.71
ÁR-069:001	407257.63	387442.07
ÁR-069:002	407281.5	387463.37
ÁR-069:003	407331.6	387556.46
ÁR-069:004	407338.3	387599.46
ÁR-069:005	407263.75	387487.83
ÁR-069:006	407231.4	387455.09
ÁR-069:007	407225.88	387502.03
ÁR-069:008	407357.83	389711.06
ÁR-069:009	406580.92	385261.83
ÁR-069:010	407243.83	387673.82
ÁR-069:011	407210.5	387520.57
ÁR-069:012	406638.51	386213.69
ÁR-069:013A	407329.43	388471.04
ÁR-069:013B	407323.51	388446.19
ÁR-069:013C	407321.54	388437.91
ÁR-069:013D	407301.22	388372.62
ÁR-069:013E	407300.24	388368.28
ÁR-069:013F	407254.87	388211.68
ÁR-069:013G	407251.32	388208.13
ÁR-069:013H	407181.7	387970.46
ÁR-069:014	407347.18	389680.1
ÁR-069:015A	406559.42	386258.26
ÁR-069:015B	406602.22	386481.14
ÁR-069:015C	406686.84	386500.27
ÁR-069:015D	406690.78	386552.34
ÁR-069:015E	406997.68	386486.86
ÁR-069:015F	4006674.41	386611.9
ÁR-069:015G	406878.55	386717.62
ÁR-069:015H	406610.11	386575.22
ÁR-069:017A	406963.95	388756.05
ÁR-069:017B	406963.95	388865.91
ÁR-070:001	407518.77	387181.72
ÁR-070:002	407499.64	387177.18
ÁR-070:003	407536.33	387184.28
ÁR-070:004	407529.42	387237.14
ÁR-070:005	407530.81	387277.97
ÁR-070:006	407560.78	387328.46
ÁR-070:007A	408013.05	387321.56
ÁR-070:007B	408048.55	387307.95
ÁR-070:007C	407925.47	387294.73
ÁR-070:008	407449.35	387190.2
ÁR-070:009	407589.78	387022.35
ÁR-070:010	408536.11	386655.3
ÁR-070:011	407561.97	387201.24

ÁR-070:012	407553.88	387174.81
ÁR-070:013	407748.95	387230.04
ÁR-070:014	408552.09	387538.52
ÁR-070:015	408547.55	387500.65
ÁR-070:016	407908.71	386713.28
ÁR-071:001	411259.54	388065.13
ÁR-071:002	411262.89	388065.33
ÁR-071:003	411270.98	388060.79
ÁR-071:004	411256.58	388196.1
ÁR-071:005	411246.91	388217.99
ÁR-071:006	411237.84	388071.45
ÁR-071:007	411263.88	387866.91
ÁR-071:008	411261.71	388052.51
ÁR-071:010	411198.39	388260.4
ÁR-071:011A	410648.5	388542.25
ÁR-071:011B	410600.97	388471.04
ÁR-071:012	410676.12	388568.48
ÁR-071:013	411503.91	389337.89
ÁR-071:014	409733.92	386980.93
ÁR-071:015	411034.69	388774.19
ÁR-071:016	409919.92	385827.89
ÁR-071:017	410139.04	387899.85
ÁR-071:018	409207.7	387790.78
ÁR-071:019	411118.91	387833.78
ÁR-071:020	410956.58	388259.21
ÁR-071:021	410801.95	388328.84
ÁR-071:028	411287.54	388054.88
ÁR-071:029	410912.99	388293.53
ÁR-071:030	410798.99	387924.51
ÁR-071:031A	411277.49	387997.48
ÁR-071:031B	411310.62	387902.61
ÁR-071:032	411235.47	388029.43
ÁR-071:033	411303.91	388092.16
ÁR-071:034A	411239.42	387808.33
ÁR-071:034B	411123.84	387614.65
ÁR-071:035	411641.38	389528.03
ÁR-071:036	411978.46	389513.23
ÁR-071:037	409557.99	387649.95
ÁR-071:038	410381.05	388649.94
ÁR-072:001	410945.93	388046.99
ÁR-072:002	410944.36	388037.13
ÁR-072:003	410953.03	388084.66
ÁR-072:004	410926.41	388059.41
ÁR-073:001	411544.34	387964.74
ÁR-073:002	411544.34	387962.18
ÁR-073:003	411574.13	387961.98
ÁR-073:004	411569.2	387949.16
ÁR-073:005	411550.46	387915.83
ÁR-073:006	412208.04	388604.97
ÁR-073:007	411558.74	387999.06
ÁR-073:008	411811.8	387981.11
ÁR-073:009	411969.58	388764.14

ÁR-073:010	411732.11	387991.37
ÁR-073:011	411872.35	388371.64
ÁR-073:012	411936.05	388536.53
ÁR-073:013	411959.92	387964.35
ÁR-621:001	409700.98	383053.98
ÁR-621:002A	407726.66	386791.39
ÁR-621:002B	407164.74	386603.03
ÁR-621:003	411099.97	384526.54
ÁR-621:004A	406572.04	384104.65
ÁR-621:004B	409941.61	385272.68
ÁR-621:004C	409988.16	385272.28

ÁR-621:005A	407906.93	383712.94
ÁR-621:006	411927.77	387930.42
ÁR-621:009	407436.13	383761.46
ÁR-621:010A	406244.44	383776.06
ÁR-621:010B	406615.24	386461.61
ÁR-621:011	404669.91	385994.95
ÁR-621:011B	410395.25	383552
ÁR-621:011C	410384.8	383852.98
ÁR-621:011D	410364.88	383489.28
ÁR-621:012	404817.83	383424.98
ÁR-621:013	404916.45	384771.7

Viðauki II: Minjakort

Breytingar hafa orðið á nokkrum minjakortum. Er í öllum tilvikum um að ræða númerabreytingar tilkomnar vegna yfirfærslu minjastaða í flokkinn fornleifar á fleiri en einni jörð. Fjallað verður um Flóaáveituna 621:014 í næstu áfangaskýrslu sem áætlað er að komi út árið 2012 en áveitugarðarnir eru sýndir hér með bláum línum. Einnig var númerum á leiðum sem lágu í gegnum land nokkurra lögbýla breytt. Breytingarnar eru sýndar hér fyrir neðan:

Arnarstaðir og Arnarstaðakot:
052:027 er nú 052:020
053:013 er nú 053:009

Krókur og Krókskot:
054:019 er nú 621:009
054:029 er nú 054:028

Tún:
056:026 er nú 621:004
056:030 er nú 056:027
056:031 er nú 056:026

Sölvholt:
057:043 er nú 057:040


Laugardælir:
059:033 er nú 621:011
059:041 er nú 621:001
059:053 er nú 059:041
059:054 er nú 059:042
059:055 er nú 059:033


Uppsalir:
063:017 er nú 621:012
063:018 er nú 621:011


Langholt:
068:034 er nú 068:032
068:035 er nú 068:028


Hallandi:
069:016 er nú 621:010
069:018 er nú 069:019


Yfirlitskort: Landamerki og minjastaðir í Flóahreppi






Minjakort: Fornleifar í Hraungerði, Móakoti, Heimalandi,Imbutópt, Starkarhúsi, Lambastöðum og Skeggjastöðum
N
039052
039017
039063
039043B
039043A
039065B
039048C
039048B
039048D
039048A
039041
039047
039018A
039018E
039018B
039018D
039018C
039053C
039053B
039053A
039037
039054
039061E
Starkarhús
Móakot
040001
042001
042002
039082
049001
Imbutópt
039036B
039036A
Hraungerði
043008
041001
041002
Heimaland
039042
Lambastaðir
039019
039062
Skeggjastaðir
039083
044011
039021
039058B
039058A
039080
039076
039075
0
300
600
metrar



Minjakort: Fornleifar í Hraungerði og á Bollastöðum
N
039016
039046
039070A
039070B
039065B
039065C
039065A
039071
039069
Bollastaðir
039015
039067
039078D
039078B
039078E
039078A
039078F
039078C
039078G
039072
039066
0
150
300
metrar



Minjakort: Fornleifar í Hraungerði og á Langastöðum
N
039066
Langastaðir
046006
039006
039068
039055A
039055B
039073
039033
047005
039032
047004
0
250
500
metrar



Minjakort: Fornleifar í Hraungerði og á Vola
N
039062
039083
039021
039058B
039058A
039080
039075
039076
039022
039023
039055A
039055B
039064
039034
039027
039030
Voli
039028
047005
039074
039032
047004
039079
0
250
500
metrar



Minjakort: Fornleifar í Hraungerði og á Miklakotshelli
N
039011
Miklakotshellir
039040
039020A
039020B
048005
039013
039012
039085
039087
039057B
039014
039084
039057A
039060
039026
039059
039024
0
300
600
metrar



Minjakort: Fornleifar í Bár
N
057016
051008
051011
051010
051015
Bárar
051007
051014
051012
0
100
200
metrar



Minjakort: Fornleifar á Arnarstöðum og Arnarstaðarkoti
N
052017
053008
053009D
Arnarstaðarkot
053007D
053009B
053009A
053009C
053010
053011
053005
053007I
052020A
053009E
053009F
052012
052021
053013
Arnarstaðir
052019A
052019B
052011
052025
052014
052027
052020C
052026B
052026A
052020G
052020F
052020E
052015
052020D
0
250
500
metrar



Minjakort: Fornleifar á Króki og Krókskoti
N
054010
054023
054022
054016
054014B
054014A
054024B
054024A
054021
054008
054025A
Krókur
054026
054028
055006
054017
055005
054029
054019
054027
0
250
500
metrar



Minjakort: Fornleifar á Túni
N
056024
056025A
056025B
056025C
056025D
056013
056026
056028
056015
056027
056023
056017I
056029A
056017
Tún
056009O
056018
056009F
056009D
056005
056012
056030C
056030B
056021
056029B
056017J
056010
056011
056022A
056031
056017G
056017H
056017F
056017B
056017E
056020
056017A
056016
056017C
056017D
056014
0
250
500
metrar



Minjakort: Fornleifar í Sölvholti
N
057021
057039
057031
057025
057037
Sölvholt
057022
057036E
057038
057023
057029
057040E
057033
057034
057040B
057043
057024
057042
057040A
057040C
057040F
057018A
057018B
057040G
057041
057040H
057040D
057028
057017
057040I
057016
0
450
900
metrar



Minjakort: Fornleifar í Glóru
N
Glóra
058012
058013
058014A
058014B
058015
0
150
300
metrar



Minjakort: Fornleifar á Laugardælum, Ósgarði, Reykjavöllum, Þorleifskoti og Svarfhóli
N
059042K
059042M
059042P
059042N
059026
059019
059033
059024
059049B
059049A
059013
059023
064005
059029A
059029B
059042R
059042U
059038
059025
059031B
059031A
059040
059016
059042S
059055
Svarfhóll
059042Q
059042V
059028
059008B
Þorleifskot
059042T
059042X
059008D
059008C
Laugardælir
060011A
059021
Reykjavellir
059042Y
059042Z
059055
059017
059054
059032
059027
0
400
800
metrar



Minjakort: Fornleifar á Laugardælum, Ósgarði, Reykjavöllum, Þorleifskoti og Svarfhóli, frmh.
N
059046
059045
059044B
059044A
059012
059047
059042F
059042D
059042B
059041
059042A
059048
059042E
059042C
059043
059042G
059014
059042H
059042L
059042I
059053
059052
062002
059042J
062001
062003
062004
059015
059042K
059050
059042M
059051
059042P
059042N
059026
059019
059033
059024
059049B
059049A
059013
059023
059029A
059029B
059042R
0
400
800
metrar



Minjakort: Fornleifar á Uppsölum
N
063017
063016
063015
063018B
063018A
063014
063011C
063011E
063011F
063011B
063011D
Uppsalir
063007
063011G
063011A
063004
063008
063010
063009
063013
063012
0
150
300
metrar


Minjakort: Fornleifar í Stóra-Ármóti
N
065020
065019A
065019B
065023
065028
065026C
065026
065026B
065031A
065031B
065031C
065022
065024B
065030
065012A
065015
065015B
065024
Stóra-Ármót
065025
065014P
065014N
065014B
065014
065014C
065014K
065014D
065014E
065014H
065014F
065014I
065014G
065016D
065016A
065016B
065014J
065016C
0
300
600
metrar


Minjakort: Fornleifar í Litla-Ármóti og Halakoti
N
066011
066006
066007
Litla-Ármót
Halakot
066018P
066008A
066016
066015
067007
066014B
066014A
066014C
066012
066014F
066014D
066014E
066013B
066013A
067008B
067008C
067008D
066018N
066018O
066018J
066018A
066018B
066018F
066018E
066018C
066018G
067008I
067008H
066018H
066018K
067008F
067008G
066018D
066018I
067008E
066018L
066018M


Minjakort: Fornleifar í Langholti, Langholtsparti og Hallanda
N
068009
069008
069014
068016
068015
069017B
068010D
068010C
068010A
068010B
068029
068026A
069013G
068027B
068027
068037
068025B
069010
Hallandi
068022D
068019
068020
070014
070015
068014
070007A
070007B
070013
Langholt
Langholtspartur
068030A
070009
068028A
070017B
070016
069015G
069015F
069015H
068028B
068018
069015E
069016
070010
070017A
070017C
070017E
069019A
069012B
069012A
069012C
068031
068033
068032B
070017D
069019B
068032D
069019D
069019C
068013
070017J
070017F
068032G
068032A
070017G
069019F
068032H
068032K
068032E
070017H
068032C
069019E
068035
068032F
068032I
070017I
068032M
068032L
068032J
069009
068034
068032N
068032O
068032P
0
450
900
metrar


Minjakort: Fornleifar á Oddgeirshólum, Höfða og í Austurkoti
N
071035
071036
071013
071015
073009
071038
073006
071012
071011A
073012
071011B
073011
071021
071029
071010
071020
Oddgeirshólar
073010
073008
Austurkot
Höfði
073013
071030
071017
071031B
071018
071034A
071037
071034B
071014
071016
0
350
700
metrar


Minjakort: Fornleifar á fleiri en einni jörð
N
621006
621004B
621004C
621003
621011C
621005A
621011B
621011D
621001
0
0,5
1
kílómetrar